Hæstaréttardómar 1939

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Meiriháttar gallar á bls. LX-LXI, LXIV-LXV, LXVIII, LXX, LXXII, LXXXI-LXXXII, LXXXVIII, XC, XCIX, CXIII, CXX, CXXV, CXXIX, CXXXIII, CXXXVI-CXXXVII, CXXXIX, CXLV, CXLIX, CLII, CLXI, CLXV, CLXVIII, CLXXIV, CLXXVII, CLXXXI, CLXXXIV, CXCIII, CC, 21, 37, 101, 108, 142, 204, 268, 293, 309, og 316.
Minniháttar gallar á bls. LXXIX-LXXX, 12, 14, 178, 183, 186, 190, 222, 259, 364, 465, 471, 526, 534, 552, 581-582, og 593.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

X. BINDI
1939

REYKJAVÍK
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG
MCMXL

Reglulegir dómarar hæstaréttar 1939.

Einar Arnórsson. Forseti dómsins frá 1. janúar 1939 til 31. ágúst s. á.

Þórður Eyjólfsson. Forseti dómsins frá 1. september 1939 til 31. desember s. á.

Gizur Bergsteinsson.

Registur.

I. Málaskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Réttvísin gegn Lárusi Guðmundi Gunnarssyni. Brot gegn 186. gr. hegningarlaganna	1¼	1
2.	Veiðarfæraverzlunin Verðandi s/f gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Krafa um vátryggingarbætur vegna skipsstrands	1¾	5
3.	Jón Kjartansson, Valtýr Stefánsson, Páll Steingrímsson, Ragnhildur Pétursdóttir og Guðrún Jónasson gegn Sveinbirni Högnasyni f. h. Mjólkursamsölunnar og gagnsök. Fébætur dæmdar vegna ólögmætra kauphamla (boycott)	1⅚	10
4.	Gunnlaugur Einarsson, Stefán Jónsson, Benjamín Ólafsson og Ólafur Ólafsson gegn Guðmundi Þ. Gíslasyni og gagnsök. Um mörk veiðiréttinda í á	2⅛	28
5.	Sigurjón Einarsson gegn Hildi Pálsdóttur. Barnsfaðernismál	2¾	38
6.	Ungmennafélag Langnesinga gegn Skólanefnd Sauðanesskólahéraðs. Kærumál. Um staðfesting vitnaskýrslna	2⅝	42
7.	Jóhann Þorsteinsson gegn bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. bæjarsjóðs. Fébótamál. Aðgerðaleysisverkanir	2⅝	45
8.	Ólafur Bjarnason gegn Mjólkursölunefndinni f. h. mjólkursamsölunnar í Reykjavík og gagnsök. Um fjárfar milli mjólkurframleiðenda og mjólkursamsölu	½	53
9.	Valdstjórnin gegn Stanley Edwin Tate.		

		Dómur	Bls.
	Ólöglegar fiskveiðar togaraskipstjóra í landhelgi	½	63
10.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Arnold Petersen. Manndráp af gáleysi	½	65
11.	Árni Þorsteinsson gegn Þorleifi Kristóferssyni. Hafning máls	½	73
12.	Guðmundur Jónsson gegn Þórarni Snorrasyni. Landamerkjamál	½	73
13.	Vibekka Jónsdóttir gegn Björgvini Jónssyni, Guðmundi Ögmundssyni og vátryggingarfélaginu „Baltica". Bætur vegna bifreiðarslyss	1½	79
14.	H/f Nafta gegn Sigurði Þ. Skjaldberg. Um greiðslu farmgjalds	1½	88
15.	Guðmundur Stefánsson gegn Pétri Thoroddsen. Krafa um greiðslu fyrir læknisvitjun	2½	93
16.	Þorleifur Benedikt Þorgrímsson gegn Sigurði Þ. Skjaldberg. Húsaleigukrafa. Kyrrsetningargerð felld úr gildi	2½	103
17.	Sigurður Þorsteinsson f. h. Rauðarárbúsins gegn Mjólkursamlagi Kjalarnesþings. Krafa á hendur mjólkursamlagi um mjólkurandvirði og fébætur	2½	109
18.	Ólafur A. Guðmundsson og Gunnhildur Árnadóttir gegn Önnu Þorgrímsdóttur. Útivistardómur	2½	119
19.	Andersen og Lauth h/f gegn L. Fjeldsted f. h. Petersen & Haas. Útivistardómur	2½	119
20.	Magnús Jónsson gegn Bifreiðaeinkasölu ríkisins. Útivistardómur	2½	120
21.	Valdstjórnin gegn Halldóri Einarssyni. Ölvun við bifreiðarakstur	⅔	120
22.	Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn Guðjóni Samúelssyni. Bæjarsjóður sýknaður af að efna greiðsluloforð borgarstjóra, með því að borgarstjórinn átti ekki vald slíks loforðs	⅔	124
23.	Réttvísin gegn Þórarni Vigfússyni, Magnúsi Jónssyni og Birni Gíslasyni. Synjað kröfu sökunauts, að hæstaréttardómari viki sæti	⅔	129

		Dómur	Bls.
24.	Réttvísin gegn Þórarni Vigfússyni, Magnúsi Jónssyni og Birni Gíslasyni. Úrskurður um framhaldsrannsókn	⅔	130
25.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Jóhanni S. Lárussyni og Guðmundi Lárussyni. Ákæra fyrir brot gegn 26. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 47/1932. Sératkvæði	1⅔	133
26.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Helga Benediktssyni og valdstjórnin gegn Sigurði Ólasyni og Ara Þorgilssyni. Ákæra um þjófnað, svik, skjalafals, brot á bókhaldslögum, lögum um hlutafélög, lögum um gjaldþrotaskipti og lögum um verðtoll	1⅔	146
27.	Valdstjórnin gegn Haraldi Guðbrandssyni, Magnúsi Skaftasyni Guðjónssyni, Halldóri Guðjónssyni og Kristni Jónassyni. Brot gegn ákvæðum 78. gr. sbr. 77. gr. sjómannalaga nr. 41 frá 1930	1⅔	207
28.	Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps gegn Sigurði Þorvarðssyni. Útsvarsmál	2⅔	213
29.	Sigurður Berndsen gegn lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Fébótakrafa vegna ólögmæts uppboðs	2⅔	218
30.	Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn Kristínu Egilsdóttur. Um endurgjald erfðafestulands, sem erfðafestuhafi var sviptur	2⅔	222
31.	Lárus Fjeldsted f. h. The Consolidated Fisheries Ltd. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Skaðabótakrafa vegna togaratöku	3⅓	231
32.	Hallgrímur Helgason gegn Helgu Sigurðardóttur. Barnsfaðernismál	1¾	237
33.	Garðar Þorsteinsson f. h. Jaan Karu gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Fébótakrafa útaf höfðun refsimáls, ólögmætu lögtaki og drætti á því að skila báti, er lögtaki hafði verið tekinn	2¼	242
34.	Samband íslenzkra samvinnufélaga gegn Pétri Magnússyni f. h. eigenda e/s „Fager-		

		Dómur	Bls.
	strand". Kröfur útaf vanefndum farmsamnings	2¼	252
35.	Eigendur og skipshöfn m/b „Leo" gegn eigendum og vátryggjanda m/b „Már". Um bjarglaun	2⅔	263
36.	Sigurbjörg Jóhannsdóttir gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f vegna vátryggingarfélagsins Danske Lloyd. Krafa til dánarbóta vegna bifreiðarslyss	2⅘	271
37.	Páll Þorbjörnsson gegn Síldarverksmiðjum ríkisins. Útivistardómur	2⅘	277
38.	Jón Eiríksson gegn Sigurgísla Guðnasyni. Útivistardómur	2⅘	277
39.	Gunnlaugur Bárðarson gegn Bergi Einarssyni. Útivistardómur	2⅘	277
40.	Valdstjórnin gegn Herði Gestssyni. Áfengis- og bifreiðalagabrot	⅗	278
41.	Þórarinn Þórarinsson gegn Adolfi Karlssyni. Meiðyrðamál	⅗	285
42.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Oddi Ólafssyni. Manndráp af gáleysi	⅖	289
43.	Samábyrgð Íslands á fiskiskipum f. h. Einars G. Sigurðssonar gegn Lárusi Fjeldsted f. h. eigenda og skipshafnar b/v Berkshire, Grimsby, og gagnsök. Þóknun fyrir dráttaraðstoð skips	⅘	293
44.	Jónas Sveinsson gegn Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu f. h. sýslusjóðs. Skuldamál. Kröfum vísað frá héraðsdómi vegna ófullnægjandi greinargerðar	1⅗	300
45.	Sigurjón Waage gegn Guðlaugi Oddssyni. Um bjarglaun	1⅖	306
46.	Erlendur Erlendsson gegn Jóhönnu Guðjónsdóttur. Lögtak fyrir fúlgu óskilgetins barns	1⅕	311
47.	Jón Sigurðsson gegn Hreppsnefnd Blönduósshrepps f. h. hreppsins. Frávísun frá hæstarétti vegna rangrar áfrýjunar máls, sem sæta átti kærumeðferð	1⅕	314
48.	Valdstjórnin gegn Guðmundi Hannessyni		

		Dómur	Bls.
	sem héraðsdómara í málinu: Réttvísin gegn Ingibjörgu Jósepsdóttur, Leó Maronssyni og Sölva Valdimarssyni. Endurupptaka opinbers máls til leiðréttingar á ummælum í forsendum hæstaréttardóms	2⅔	316
49.	Firmað Bjarni Ólafsson & Co. gegn H/f Alliance. Fébætur vegna tjóns af árekstri skipa	2⅔	319
50.	Skiptaráðandinn í Suður-Múlasýslu f. h. þrotabús útgerðarsamvinnufélagsins „Kakali" gegn Sigurði Jóhannssyni. Ómerking vegna gallaðrar málshöfðunar	2⅓	327
51.	Ísleifur Jónsson gegn Tómasi Sigurþórssyni. Um skyldu til útgáfu skuldabréfs. Eiðsdómur	2⅔	331
52.	Guðrún Guðbjörnsdóttir gegn Hallgrími Péturssyni. Úrskurður um framhaldsrannsókn í barnsfaðernismáli	2⅔	337
53.	Ástþór Matthíasson og Gísli Fr. Johnsen gegn Jóhannesi Sigfússyni. Útivistardómur	3⅓	338
54.	Jóhann Bjarnasen sem lögráðamaður Ísleifs og Oddgeirs Pálssona gegn Bjarna Bjarnasyni. Útivistardómur	3⅓	339
55.	Lárus Marisson gegn Garðari Þorsteinssyni. Útivistardómur	3⅓	339
56.	Réttvísin gegn Gísla Guðjóni Þórðarsyni og Margréti Ketilbjarnardóttur. Þjófnaður og hilming	⅚	340
57.	Jón Gunnarsson f. h. Síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði gegn Bæjarstjóra Siglufjarðar f. h. bæjarsjóðs. Lögtak fyrir fasteignaskatti til bæjarsjóðs	⅞	349
58.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Halldóri Sveinssyni. Brot bifreiðarstjóra gegn 200. gr. hegningarlaganna og 15. sbr. 14. gr. laga nr. 70 frá 1931	⅞	352
59.	Kristján Helgason gegn Jóhannesi Ólafssyni. Meiðyrðamál. Frávísun frá hæstarétti	⅞	358
60.	Svínvetningabrautarfélagið í Húnavatnssýslu gegn Karli Helgasyni. Úrskurður um öflun aðiljaskýrslu	1⅚	364

		Dómur	Bls.
61.	Jóhanna Goldstein-Ottósson gegn Helgu Sigurðsson og gagnsök. Fébótamál útaf vinnusambandi. Samningsbundin takmörkun atvinnufrelsisins	1⅛	365
62.	Christian Fr. Nielsen gegn Hallgrími Benediktssyni. Fébótamál útaf verzlunarfélagsskap. Aðgerðaleysisverkanir	1⅛	375
63.	Jón Sveinsson gegn Vigfúsi Vigfússyni. Skuldamál. Krafa ekki talin hafa sneyðzt (præcluderast)	1⅛	382
64.	Kristín Björnsdóttir gegn Hólmfríði Baldvinsson. Dánarbótakrafa vegna bifreiðarslyss	1⅛	385
65.	Lárus Jóhannesson gegn Áfengisverzlun ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Skilyrði endurheimtu nokkurs hluta vöruálagningar ekki talin hafa verið fyrir hendi	2⅛	391
66.	Benedikt Benediktsson, Jóhannes Benediktsson, Sigtryggur Jónsson og ríkissjóður Íslands gegn Theódóri Johnson. Yfirmat veiðiréttinda ekki talið vegna annmarka löglegur grundvöllur innlausnar téðra réttinda	2⅜	400
67.	Hjalti Benónýsson gegn Þóru Guðmundsdóttur. Úrskurður um framhaldsrannsókn í barnsfaðernismáli	2⅜	405
68.	Anna Friðriksson gegn Guðmundi Bergssyni. Bætur dæmdar vegna ólögmætra slita húsaleigusamnings	2⅜	407
69.	Sigurður Berndsen gegn H/f Ísaga. Útivistardómur	2⅜	411
70.	Páll Hallbjörns gegn Sveinbirni Kristjánssyni. Fébótamál	2⅜	412
71.	Valdstjórnin gegn Sigurði Jónssyni. Áfengis- og bifreiðalagabrot	2⅞	416
72.	Ingibjörg Tómasdóttir gegn Grími Gíslasyni. Ónýting útburðargerðar	2⅞	421
73.	Guðjón Símonarson gegn Stefáni Einarssyni. Hafning	2⅞	426
74.	Helga M. Níelsdóttir gegn Verzl. Málning og járnvörur. Útivistardómur	2⅞	427

		Dómur	Bls.
75.	Verzl. Málning og járnvörur gegn Helgu M. Níelsdóttur. Útivistardómur	2⁹⁄₉	427
76.	Sveinn Gunnarsson gegn Trolle & Rothe h/f f. h. Forsikringsaktieselskabet National. Um skyldu vátryggingarfélags til greiðslu slysabóta	⁴⁄₁₀	428
77.	Sveinn Pálsson, Benedikt Pétursson, Andrés Pétursson og Margrét Helgadóttir gegn Sigurjóni J. Waage. Um eignarhlutföll manna í jarðartorfu	⁶⁄₁₀	431
78.	Réttvísin gegn Einari Sveinssyni og Jakobi Snorrasyni. Árás á lögreglumann	⁹⁄₁₀	438
79.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Steingrimi Magnúsi Guðmundssyni. Úrskurður um öflun frekari skýrslna í máli útaf líkamsárás	1¹⁄₁₀	441
80.	Finnur Jónsson, Eiríkur Einarsson, Hannibal Valdimarsson, Ólafur Júliusson og Jón Kristjánsson gegn Indriða Jónssyni. Innheimta skuldabréfs. Ábyrgð fyrrverandi félaga á skuldum samvinnufélags. Skuldajöfnuður	1⁶⁄₁₀	443
81.	Davíð Kristjánsson gegn Mjólkurfélagi Reykjavíkur og gagnsök. Ágreiningur um ábyrgð á leigugreiðslum fyrir húsnæði. Aðgerðaleysisverkanir	1⁶⁄₁₀	451
82.	Réttvísin gegn Þórarni Vigfússyni, Magnúsi Jónssyni og Birni Gíslasyni. Skjalafals, fjársvik	2⁵⁄₁₀	456
83.	Réttvísin gegn Carl Christian Sinius Christensen, Þórarni Vigfússyni, Magnúsi Jónssyni og Ragnari Kristni Pálssyni. Ólögmæt meðferð á fundnu fé. Skjalafals	2⁷⁄₁₀	474
84.	Bjarney Einarsdóttir og Halldóra Hafliðadóttir f. h. ófjárráða barna sinna, Sigurgeirs og Bjarneyjar Ingibjargar, gegn dánarbúi Elíasar Kristjáns Sigurgeirssonar. Ágreiningur milli erfingja látins manns og lánardrottna dánarbús hans um líftryggingarfé hans	3⁰⁄₁₀	486

		Dómur	Bls.
85.	Frímann Einarsson gegn Bæjarstjórn Reykjavíkur. Útivistardómur	30/10	493
86.	Gunnlaugur Stefánsson gegn Sveini Pálssyni. Útivistardómur	30/10	493
87.	Sigurður Berndsen gegn h/f Ísaga. Útivistardómur	30/10	494
88.	Halldór Ólafsson gegn Valgerði Haraldsdóttur. Barnsfaðernismál	3/11	494
89.	Hjalti Benónýsson gegn Þóru Guðmundsdóttur. Úrskurður um framhaldsrannsókn í barnsfaðernismáli	3/11	497
90.	Jóhannes Guðmundsson gegn Skiptaráðandanum í dánarbúi Guðrúnar Eiríksdóttur, Hermundi Valdimar Guðmundssyni og Vilhelmínu B. Guðmundsdóttur og gagnsök. Framfærslusamningur. Arfskipti	6/11	500
91.	Skipaútgerð ríkisins gegn Geir H. Zoëga f. h. eigenda og vátryggjenda b/v Lincolnshire G. Y. 251 og gagnsök. Ákvörðun bjarglauna	8/11	509
92.	Aage Schiöth gegn Sjúkrasamlagi Akureyrar. Um skyldu sjúkrasamlags til greiðslu lyfja, sem samlagsmenn fengu í lyfjabúð utan samlagsumdæmis	10/11	516
93.	Ásgeir Ásgeirsson og Óli J. Ólason gegn Mjólkurfélagi Reykjavíkur. Um það, hvort stofnazt hefði skylda til greiðslu framlengingarvíxils	13/11	520
94.	Magnús Ísleifsson gegn Veiðarfæraverzluninni „Geysi“ h/f. Fébótamál	15/11	524
95.	Jens Pálsson gegn H/f Kveldúlfi. Um kaupeftirstöðvar og uppsagnarfrest aðstoðarmanns í vél á togara	17/11	528
96.	Réttvísin gegn Alfred Hólm Björnssyni. Sviksamlegt atferli	17/11	532
97.	Ísafjarðarkaupstaður gegn Elliheimilinu Grund. Um ábyrgð sveitarfélags á vistgjaldi gamalmenna á elliheimili	24/11	536
98.	Björn Þórðarson lögmaður gegn Lárusi Marissyni og Lárus Marisson gegn Birni		

		Dómur	Bls.
	Þórðarson f. h. ríkissjóðs eða persónulega og Guðmundi Jónssyni. Fébóta krafizt útaf fógetagerð. Ákvæði héraðsdóms um bótaskyldu fógeta ómerkt og málinu vísað að því leyti frá héraðsdómi	27/11	541
99.	Sturla Jónsson og dánarbú Friðriks Jónssonar gegn Helga Helgasyni. Ágreiningur um, hvort kaupsamningur um hús hafi náð til tilgreinds eldhúsbúnaðar	29/11	553
100.	Brandur Bjarnason gegn Hildi Hjálmarsdóttur. Útivistardómur	29/11	557
101.	Gunnlaugur Stefánsson gegn Vélsmiðju Hafnarfjarðar. Útivistardómur	29/11	558
102.	Búðahreppur gegn H/f Shell, „umboðið á Fáskrúðsfirði". Útivistardómur	29/11	559
103.	Réttvísin gegn Tómasi Jónssyni og Sigríði Jónsdóttur. Þjófnaður og ólögmæt meðferð á annarra fé	6/12	559
104.	Pétur Guðmundsson gegn Skipaútgerð ríkisins. Um hlutdeild skipverja varðskips í launum fyrir bjargaðgerðir varðskipsins	8/12	581
105.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Aðalsteini Hólm Þorsteinssyni. Ofbeldi og líkamsárás	11/12	589
106.	Sigfús Þorsteinsson f. h. dánarbús Þorsteins Sigfússonar gegn Jóhönnu Jóhannsdóttur. Tilkall til kaups og fémuna úr dánarbúi	11/12	595
107.	Réttvísin gegn Ólafi Magnúsi Einarssyni. Innbrotsþjófnaður	13/12	601
108.	H/f Ásgarður gegn Guðmundi Guðmundssyni. Lánardrottinn ekki talinn hafa tekið við innstæðulausum ávísunum sem fullnaðargreiðslu skuldar	15/12	604
109.	Réttvísin gegn Einari Pálma Einarssyni. Brot samkv. 10. gr. laga nr. 51 frá 1928	20/12	608
110.	Gústav Adolf Valdimarsson gegn Þórhildi Sigurðardóttur. Úrskurður um framhaldsrannsókn í barnsfaðernismáli	20/12	611
111.	Ólafur Kjartan Ólafsson gegn Klöru Árnadóttur. Útivistardómur	20/12	612

II. Nafnaskrá.

A. Einkamál.

Bls.

Adolf Karlsson 285
Áfengisverzlun ríkisins 391
Alliance, h/f 319
Andersen & Lauth, h/f 119
Andrés Pétursson 431
Anna Friðriksson 407
Anna Þorgrímsdóttir 119
Árni Þorsteinsson 73
Ásgarður, h/f 604
Ásgeir Ásgeirsson 520
Ástþór Matthíasson 338
Austur-Húnavatnssýsla 300
Baldvinsson, Hólmfríður 385
Baltica, vátryggingarfélag 79
Benedikt Benediktsson 400
Benedikt Pétursson 431
Benjamín Ólafsson 28
Bergur Einarsson 277
Berkshire, b/v, eigendur og skipshöfn 293
Berndsen, Sigurður 218, 411, 494
Bifreiðaeinkasala ríkisins 120
Bjarney Einarsdóttir 486
Bjarni Bjarnason 339
Bjarni Ólafsson & Co. 319
Björgvin Jónsson 79
Blönduóshreppur 314
Brandur Bjarnason 557
Búðahreppur 559
Danske Lloyd, vátryggingarfélag 271
Davíð Kristjánsson 451
Einar G. Sigurðsson 293

Bls.
Eiríkur Einarsson 443
Elías Kristján Sigurgeirsson, dánarbú 486
Erlendur Erlendsson 311
Fagerstrand, e/s, eigendur 252
Finnur Jónsson 443
Friðrik Jónsson, dánarbú 553
Friðriksson, Anna 407
Frímann Einarsson 493
Garðar Þorsteinsson 339
Geysir, veiðarfæraverzlun 524
Goldstein-Ottósson, Johanna 365
Grímur Gíslason 421
Grund, elliheimili 536
Guðjón Samúelsson 124
Guðjón Símonarson 426
Guðlaugur Oddsson 306
Guðmundur Bergsson 407
Guðmundur Þ. Gíslason 28
Guðmundur Guðmundsson 604
Guðmundur Jónsson, bóndi 73
Guðmundur Jónsson, kaupmaður 541
Guðmundur Stefánsson 93
Guðmundur Ögmundsson 79
Guðrún Eiríksdóttir, dánarbú 500
Guðrún Guðbjörnsdóttir 337
Guðrún Jónasson 10
Gunnhildur Árnadóttir 119
Gunnlaugur Bárðarson 277
Gunnlaugur Einarsson 28
Gunnlaugur Stefánsson 493, 558
Gústav Adolf Valdimarsson 611
Hallbjörns, Páll 412
Halldór Ólafsson 494
Halldóra Hafliðadóttir f. h. ófjárráða barna sinna .. 486
Hallgrímur Benediktsson 375
Hallgrímur Helgason 237
Hallgrímur Pétursson 337
Hannibal Valdimarsson 443
Helga M. Níelsdóttir 427
Helga Sigurðardóttir 237
Helga Sigurðsson 365

Bls.
Helgi Helgason 553
Hermundur Valdimar Guðmundsson 500
Hildur Hjálmarsdóttir 557
Hildur Pálsdóttir 38
Hjalti Benónýsson 405, 497
Hólmfríður Baldvinsson 385
Indriði Jónsson 443
Ingibjörg Tómasdóttir 421
Ísafjarðarkaupstaður 45, 536
Ísaga, h/f 411, 494
Ísleifur Jónsson 331
Ísleifur Pálsson 339
Jens Pálsson 528
Jóhann Þorsteinsson 45
Jóhanna Guðjónsdóttir 311
Jóhanna Jóhannsdóttir 595
Jóhannes Benediktsson 400
Johannes Guðmundsson 500
Johannes Ólafsson 358
Jóhannes Sigfússon 338
Johnsen, Gísli Fr. 338
Johnson, Theodór 400
Jón Eiríksson 277
Jón Kjartansson 10
Jón Kristjánsson 443
Jón Sigurðsson 314
Jón Sveinsson 382
Jónas Sveinsson 300
Jónasson, Guðrún 10
Kakali, útgerðarfélag, þrotabú 327
Karl Helgason 364
Karu, Jaan 242
Klara Árnadóttir 612
Kristín Björnsdóttir 385
Kristín Egilsdóttir 222
Kristján Helgason 358
Kveldúlfur, h/f 528
Lárus Jóhannesson 391
Lárus Marísson 339, 541
Leo, v/b, eigendur og skipshöfn 263
Lincolnshire, b/v, eig, og vátryggjendur 509

Bls.
Magnús Ísleifsson 524
Magnús Jónsson 120
Málning og Járnvörur, verzlun 427
Már, v/b, eigendur og vátryggjandi 263
Margrét Helgadóttir 431
Mjólkurfélag Reykjavíkur 451, 520
Mjólkursamlag Kjalarnesþings 109
Mjólkursamsalan 10, 53
Nafta, h/f 38
National, Forsikringsaktieselskab 428
Nielsen, Christian Fr. 375
Oddgeir Pálsson 339
Ólafur Bjarnason 53
Ólafur A. Guðmundsson 119
Ólafur Júlíusson 443
Ólafur Ólafsson 28
Ólafur Kjartan Ólafsson 612
Óli J. Ólason 520
Páll Steingrímsson 10
Páll Þorbjörnsson 277
Petersen & Haas 119
Pétur Guðmundsson 581
Ragnhildur Pétursdóttir 10
Rauðarárbúið 109
Reykjavíkurkaupstaður 124, 222, 493
Ríkissjóður Íslands 218, 231, 242, 391, 400, 541
Samband íslenzkra samvinnufélaga 252
Schiöth, Aage 516
Shell, h/f, umboðið á Fáskrúðsfirði 559
Siglufjarðarkaupstaður 349
Sigtryggur Jónsson 400
Sigurbjörg Jóhannsdóttir 271
Sigurðsson, Helga 365
Sigurður Jóhannsson 327
Sigurður Þorvarðsson 213
Sigurgísli Guðnason 277
Sigurjón Einarsson 38
Síldarverksmiðjur ríkisins 277, 349
Sjóvátryggingarfélag Íslands 5
Sjúkrasamlag Akureyrar 516
Skipaútgerð ríkisins 509, 581

Bls.
Skjaldberg, Sigurður Þ. 88, 103
Skólanefnd Sauðanesskólahéraðs 42
Stefán Einarsson 426
Stefán Jónsson 28
Sturla Jónsson 553
Súðavíkurhreppur 213
Sveinbjörn Kristjánsson 412
Sveinn Gunnarsson 428
Sveinn Pálsson 431, 493
Svínvetningabrautarfélagið 364
The Consolidated Fisheries Ltd. 231
Thoroddsen, Pétur 93
Tómas Sigurþórsson 331
Ungmennafélag Langnesinga 42
Valgerður Haraldsdóttir 494
Valtýr Stefánsson 10
Vélsmiðja Hafnarfjarðar 558
Verðandi, s/f, veiðarfæraverzlun 5
Vibekka Jónsdóttir 79
Vigfús Vigfússon 382
Vilhelmína B. Guðmundsdóttir 500
Waage, Sigurjón 306, 431
Þóra Guðmundsdóttir 405, 497
Þórarinn Snorrason 73
Þórarinn Þórarinsson 285
Þórðarson, Björn 541
Þórhildur Sigurðardóttir 611
Þorleifur Kristófersson 73
Þorleifur Benedikt Þorgrímsson 103
Þorsteinn Sigfússon, dánarbú 595

B. Opinber mál.

Aðalsteinn Holm Þorsteinsson 589
Alfred Holm Björnsson 532
Ari Þorgilsson 146
Björn Gíslason 129, 130, 456
Christensen, Carl Christian Sinius 474
Einar Pálmi Einarsson 608
Einar Sveinsson 438
Gísli Guðjón Þórðarson 340

Bls.
Guðmundur Hannesson 316
Guðmundur Lárusson 133
Halldór Einarsson 120
Halldór Guðjónsson 207
Halldór Sveinsson 352
Haraldur Guðbrandsson 207
Helgi Benediktsson 146
Hörður Gestsson 278
Jakob Snorrason 438
Jóhann S. Lárusson 133
Kristinn Jónasson 207
Lárus Guðmundur Gunnarsson 1
Magnús Skaftason Guðjónsson 207
Magnús Jónsson 129, 130, 456, 474
Margrét Ketilbjarnardóttir 340
Oddur Ólafsson 289
Ólafur Magnús Einarsson 601
Pedersen, Arnold 65
Ragnar Kristinn Pálsson 474
Sigríður Jónsdóttir 559
Sigurður Jónsson 416
Sigurður Ólason 146
Steingrímur Magnús Guðjónsson 441
Tate, Stanley Edwin 63
Tómas Jónsson 559
Þórarinn Vigfússon 129, 130, 456, 474

III. Skrá

um lög, reglugerðir, samþykktir o. fl., sem vitnað er til í X. bindi hæstaréttardóma.

1786 17. nóv. Tilskipun um friheit kaupstaðanna á Íslandi, 225.

1796 3. júní. Tilskipun um tilhlýðilega og greiða dómgæzlu. 35. gr., 318.

1850 25. sept. Tilskipun um nokkrar breytingar á erfðalögunum á Íslandi.
25. gr., 487, 491.

1855 9. maí. Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 3. janúar 1851, um prentfrelsi. 11. gr., 288.

1859 26. febr. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiftamtmannsins yfir Íslandi viðvíkjandi skilyrðum fyrir sölu á jarðeignum Reykjavíkurbæjar, 225.

1861 1. apríl. Tilskipun um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, 431.

1861 1. apríl. Ný jarðabók fyrir Ísland, 431, 434.

1869 25. júní Almenn hegningarlög handa Íslandi.
12. kap., 439, 465.
17. kap., 67, 290, 353.
18. kap., 590.
22. kap., 465, 477.
23. kap., 156, 342, 474, 476, 560, 602.
25. kap., 560.
26. kap., 133, 134, 137, 138, 144, 156, 464, 534.
27. kap., 156, 464, 473, 474, 476.
38. gr., 602.
46. gr., 460, 465.
48. gr., 460, 465, 473, 477.
55. gr., 483.

56. gr., 483.
63. gr., 4, 155, 206, 348, 463, 473, 477, 483, 579, 602.
65. gr., 147, 148, 149, 150, 152, 153, 155, 579.
67. gr., 137, 150, 153, 155, 206.
99. gr., 440.
101. gr., 206, 279, 440.
102. gr., 279.
186. gr., 1, 4.
200. gr., 72, 121, 289, 293, 352.
205. gr., 589, 594.
217. gr., 288, 363.
218. gr., 288.
231. gr., 559, 579, 603.
235. gr., 465.
238. gr., 344.
240. gr., 347, 348, 602.
250. gr., 474, 560, 561, 579.
253. gr., 148, 169, 195, 197, 206, 465.
254. gr., 465.
255. gr., 147, 206, 458, 460, 473, 535.
259. gr., 147, 206, 465, 532.
262. gr., 176, 206, 465.
263. gr., 150, 176, 203, 206.
264. gr., 153, 174, 185, 194, 196, 206, 465.
271. gr., 462, 473, 477, 482.
272. gr., 205, 561.
273. gr., 561.
275. gr., 473, 477.
276. gr., 147, 205, 206.
277. gr., 457.
1875 nr. 20 15. okt. Lög um brunamál í Reykjavík.
1. gr., 477.
20. gr., 477.
1878 nr. 3 12. apríl. Lög um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. III. kap., 487.
33. gr., 327.
85. gr., 487.
90. gr., 327.
1885 nr. 29 16. des. Lög um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.
11. gr., 244, 245.

12. gr., 244, 245.
13. gr., 244, 245, 251.
1887 nr. 19. 4. nóv. Lög um aðför.
32. gr., 487.
1893 nr. 28 26. okt. Lög um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl., 236.
1. gr., 243.
4. gr., 243.
1901 24. júní. Milliríkjasamningur. Sjá hér á eftir 1903 nr. 3.
1903 nr. 3 28. marz. Auglýsing um samning milli Hans hátignar konungsins í Danmörku og Hans hátignar konungsins í hinu sameinaða konungsríki Bretaveldi hinu mikla og Írlandi um tilhögun á fiskiveiðum þegna hvors þeirra um sig fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland, 235.
II. gr., 233.
— nr. 23 3. okt. Lög um heimild til lóðarsölu fyrir Reykjavíkurkaupstað, 226, 229.
1905 nr. 46 10. nóv. Lög um hefð.
2. gr., 30.
1907 nr. 39 16. nóv. Lög um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga, 293, 341, 348, 440, 483, 485.
1. gr., 440.
1911 nr. 53 11. júlí. Lög um verzlunarbækur, 149.
7. gr., 149.
1913 nr. 44 10. nóv. Lög um forðagæzlu.
11. gr., 561.
12. gr., 561.
1914 nr. 52 30. nóv. Lög um sjódóma og réttarfar í sjómálum.
1. gr., 327, 328.
— nr. 56 30. nóv. Siglingalög.
10. kap., 585.
229. gr., 268, 298.
233. gr., 585.
236. gr., 265, 294, 330.
1915 nr. 34 3. nóv. Lög um dýraverndun, 465, 477.
— nr. 68 26. maí. Samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík.
3. gr., 126.

1919 nr. 41 28. nóv. Lög um landamerki o. fl.
15. gr., 74.
1919 nr.48 19. apríl. Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík.
49. gr., 121.
51. gr., 121.
1920 nr. 5 18. maí. Lög um bann gegn botnvörpuveiðum 64.
1. gr., 64, 233.
3. gr., 64.
— nr. 9 18. maí. Stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.
62. gr., 403.
1921 nr. 36 27. júní. Lög um samvinnufélög.
3. gr., 448.
5. gr., 448.
8. gr., 446.
— nr. 46 27. júní. Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.
8. gr., 405.
— nr. 62 27. júní. Lög um einkasölu á áfengi.
7. gr., 394, 396, 397.
11. gr., 396, 397.
— nr. 77 27. júní. Lög um hlutafélög, 157, 205.
53. gr., 149, 152, 153.
1922 nr. 9 31. maí. Lög um heimild til undanþágu frá lögum nr. 91 14. nóv. 1917 um aðflutningsbann á áfengi, 396.
— nr. 34 19. júní. Hafnarlög fyrir Ísafjörð, 48.
— nr. 65 18. júlí. Reglugerð um sölu og veitingar vína, sem flytja má til landsins samkvæmt tilskipun nr. 10 frá 31. maí 1922.
1. gr., 396.
4. gr., 396.
1923 nr. 3 4. apríl. Lög um undanþágu frá lögum nr. 91 14. nóv. 1917 um aðflutningsbann á áfengi, 396.
3. gr., 392.
— nr. 15 20. júní. Vatnalög, 34.
5. gr., 34.
1924 nr. 4 11. apríl. Lög um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, 64.
— nr. 19 4. júní. Lög um nauðasamninga.
37. gr., 383.
43. gr., 383.

1925 nr. 13 8. júní. Lög um sektir.
2. gr., 544.
1926 nr. 46 15. júní. Lög um útsvör.
1. gr., 213.
8. gr., 213, 216, 217.
— nr. 47 15. júní Lög um verðtoll á nokkrum vörum, 156, 205.
— nr. 56 15. júní. Lög um notkun bifreiða, 121.
6. gr., 121.
7. gr., 121.
8. gr., 121.
1927 nr.40 31. maí. Lög um breyting á lögum nr. 41 28. nóv. 1919 um landamerki o. fl., 74.
— nr. 57 31. maí. Landskiptalög, 433.
2. gr., 434.
1928 nr. 32 7. maí. Lög um sundhöll í Reykjavík, 125, 127.
— nr. 51 7. maí. Lög um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, 156, 342, 439, 474, 476, 560, 602, 609.
6. gr., 169, 340, 347, 348, 483, 602.
7. gr., 559, 579, 603.
8. gr., 483, 559, 579, 603.
10. gr., 608, 609, 610.
— nr. 63. Lög um varðskip landsins og skipverja á þeim, 585.
— nr. 67 24. ágúst. Reglugerð um sölu og veitingar vina þeirra, er ræðir um í lögum nr. 3 frá 1923, 397.
5. gr., 392, 395, 397.
— nr. 69 7. maí. Lög um einkasölu á áfengi, 392, 394.
2. gr., 396, 397.
7. gr., 391, 392, 394, 396, 397.
11. gr., 391, 392, 394, 396, 397.
1929 nr. 25 14. júní. Lög um gjaldþrotaskipti, 157, 205.
1. gr., 150, 155.
26. gr., 487.
31. gr., 487.
39. gr., 150, 155.
1930 nr. 2 7. jan. Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, 121, 279, 590.
3. gr., 594.
7. gr., 594, 609.

9. gr., 609.
10. gr., 390.
31. gr., 284.
43. gr., 123, 124.
46. gr., 284.
96. gr., 124, 284, 594.
1930 nr. 41 19. maí. Sjómannalög, 530.
13. gr., 531.
77. gr., 207, 209, 210, 211.
78. gr., 207, 209, 210, 211.
— nr. 64 19. maí. Áfengislög.
6. gr., 477.
11. gr., 417.
13. gr., 417.
20. gr., 417.
27. gr., 417.
30. gr., 477.
32. gr., 417.
1931 nr. 70 8. sept. Lög um notkun bifreiða, 67, 121, 279, 290, 353, 417, 534.
5. gr., 72, 123, 284, 417, 420.
7. gr., 284.
14. gr., 72, 124, 284, 352, 417, 420.
15. gr., 72, 80, 86, 87, 275, 284, 352, 389.
16. gr., 80, 272, 275, 276, 389.
17. gr., 272, 273, 274, 275.
18. gr., 275, 276.
— nr. 82 4. nóv. Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 69 frá 1928, 395.
— nr. 108 6. nóv. Reglugerð um sölu og veitingar vína þeirra, er ræðir um í lögum nr. 3 frá 1923, 395, 397.
1932 nr. 38 23. júní. Lög um breyting á lögum nr. 63 7. maí 1928 um varðskip landsins og skipverja á þeim, 587.
3. gr., 584, 585.
4. gr., 584, 585, 586, 587.
— nr. 47 23. júní. Lög um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar, 133, 138, 145.
1. gr., 136, 137.

16. gr., 137.
18. gr., 137.
1932 nr. 61 23. júní. Lög um lax- og silungsveiði.
3. gr., 402, 403.
10. gr., 404.
85. gr., 404.
1933 nr. 78 19. júní. Lög um Kreppulánasjóð.
3. gr., 502.
— nr. 84 19. júní. Lög um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.
12. gr., 365, 369.
16. gr., 369.
— nr. 93 19. júní. Víxillög, 524.
1934 nr. 49 10. sept. Bráðabirgðalög um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., 56, 57.
1935 nr. 1 7. jan. Lög um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., 14, 57, 59, 109, 113, 114, 115.
2. gr., 54.
5. gr., 14.
7. gr., 109, 113, 116.
8. gr., 14.
— nr. 22 15. marz. Reglugerð um framleiðslu, meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.
I. kafli, 115.
3. gr., 116.
— nr. 32 9. jan. Lög um varðskip landsins og skipverja á þeim, 587,
8. gr., 586, 587.
— nr. 33 9. jan. Áfengislög, 121, 279, 417, 590.
17. gr., 610.
18. gr., 594, 609, 610.
21. gr., 123, 284, 420.
38. gr., 594, 609, 610.
39. gr., 123, 284, 420.
— nr. 99 3. maí. Lög um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, 443, 447.
14. gr., 382.
17. gr., 447.
21. gr., 448.
24. gr., 443, 450.

1935 nr. 112 18. maí. Lög um hæstarétt.
25. gr., 516.
30. gr., 317.
38. gr., 237, 382, 412, 443, 494, 595.
— nr. 135 31. des. Framfærslulög, 539.
59. gr., 312.
1936 nr. 7 1. febr. Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.
18. gr., 89.
37. gr., 367.
— nr. 26 1. febr. Lög um alþýðutryggingar.
30. gr., 518.
38. gr., 517, 518.
87. gr., 519.
— nr. 85 23. júní. Lög um meðferð einkamála i héraði, 399.
34. gr., 542.
111. gr., 425.
113. gr., 425.
114, gr., 499.
116. gr., 369.
120. gr., 364.
124. gr., 499.
125. gr., 43.
127. gr., 43, 44, 45.
137. gr., 223.
166. gr., 239, 332, 333.
177. gr., 516.
185. gr.,217, 488.
197. gr., 79, 359.
198. gr., 314.
199. gr., 43, 314.
211. gr., 405.
212. gr., 238.
214. gr., 338, 499.
222. gr., 223, 358, 359, 488.
223. gr., 364.
— nr. 104 23. júní. Lög um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, 531.
29. gr., 530.
51. gr., 530, 531.

1936 nr. 106 23. júní. Lög um útsvör.
8. gr., 216, 217.
1937 nr. 41 16. febr. Bráðabirgðareglugerð um greiðslu útsvara af kaupi útsvarsgreiðenda.
3. gr., 312.
5. gr., 312.
— 69 31. des. Lög um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna, 350, 351.
1. gr., 350.
2. gr., 350.
4. gr., 351.
1938 nr. 27 20. apríl. Reglugerð um fasteignaskatt til Siglufjarðarkaupstaðar, 350, 351.
2. gr., 350.
4. gr., 350.
— nr. 35 17. marz. Lög um að ágreiningur milli útgerðarmanna botnvörpuskipa og sjómanna um kaupkjör skuli lagður í gerð, 208.
— nr. 62 11. júní. Lög um bókhald.
20. gr., 149.
— nr. 65 11. júní. Lög um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl.
3. gr., 312.
4. gr., 312.

IV. Efnisskrá.

A. Atriðisorð efnisskrár.

Ábyrgð. Sbr. víxlar.
Aðför. Sbr. fógetagerðir, lögtak.
Aðgerðaleysisverkanir.
Aðild.
Aðildareiður. Sjá barnsfaðernismál, eiður.
Aðiljaskýrslur.
Áfengislagabrot. Sbr. bifreiðar, blóðrannsókn, ítrekun, líkur, mat og skoðun, refsingar, sönnun, vitni.
Áfrýjun. Sbr. aðild, áfrýjunarleyfi, kærumál.
Áfrýjunarleyfi.
Ágreiningsatkvæði.
Ákæruvald.
Álitsgerðir. Sjá blóðrannsókn, læknar, mat og skoðun.
Alþjóðalög. Sjá þjóðaréttur.
Alþjóðlegar einkaréttarreglur.
Alþýðutryggingar. Sjá sjúkrasamlög.
Analogía. Sjá lög, lögskýringar.
Árekstur skipa.
Arfur, arfleiðsla.
Ásetningur. Sbr. saknæmi, sönnun.
Atvinnufrelsi.
Atvinnuréttindi.
Áverki. Sjá líkamsáverkar.
Ávísanir.

Barnsfaðernismál.
Betrunarhúsvinna. Sjá refsingar.
Bifreiðaeftirlitsmenn. Sjá mat og skoðun.
Bifreiðar, bifreiðalöggjöf.
Björgun.
Blóðrannsókn.
Blöð. Sjá dagblöð.
Bókhald.
Botnvörpuveiðabrot.
Boycott. Sjá kauphömlur.

Dagblöð.
Dánarbætur.
Dómar. Sbr. dómarar, endurupptaka, frávísun, heimvísun, úrskurðir.
Dómarar.
Dómsgerðir.
Dómstólar.
Dráttaraðstoð skips. Sjá björgun.

Eftirgrennslan brota. Sbr. blóðrannsókn, mat og skoðun, sönnun, vitni.
Eiður.
Eignarnám. Sjá eignarréttur.
Eignaupptaka. Sjá upptaka, refsingar.
Einkasölur.
Embættismenn og sýslunar. Sbr. dómarar, málflutningsmenn, mat og skoðun.
Embættistakmörk yfirvalda.
Embættisvottorð.
Endurgreiðsla.
Endurskoðun.
Endurupptaka.
Erfðafesta.

Fals. Sjá skjalafals.
Fangelsi. Sjá refsingar.
Farmsamningar.
Farmskírteini. Sjá farmsamningar.
Fasteignagjald. Sjá skattar.
Fasteignir.
Félög, félagsskapur. Sbr. hlutafélög, samvinnufélög.
Firmu. Sjá félög, félagsskapur.
Fiskveiðalög. Sjá botnvörpuveiðabrot.
Fjársvik. Sjá svik.
Flutningssamningar. Sjá farmsamningar.
Fógetagerðir. Sbr. kyrrsetning, lögtak, útburðargerðir.
Foreldrar og börn. Sjá barnsfaðernismál, dánarbætur, framfærslusamningar, meðlag.
Framfæri. Sbr. meðlag.
Framfærslusamningar.
Frávísun.
Frestir.
Fyrning refsikröfu.

Gagnsakir. Sjá málasamsteypa.
Gáleysi.
Gjafir.
Gjafsókn, gjafvörn.
Gjalddagi.
Gjaldþrotaskipti.
Greiðsla.
Gæzluvarðhald.

Hafning máls.
Hefð.
Hegningarauki.
Heilbrigðismál. Sjá læknar, lækningar.
Heimvísun. Sjá ómerking.
Hilming.
Hlutafélög.
Hlutdeild.
Húsaleiga.
Húsleit. Sjá eftirgrennslan brota.

Iðgjöld.
Innsetningargerðir. Sjá fógetagerðir.
Ítrekun.

Jarðir. Sjá fasteignir.
Játning. Sjá aðiljaskýrsla.

Kaup og sala. Sbr. ábyrgð, bifreiðar.
Kauphömlur.
Kreppuskil.

Kvittun. Sjá greiðsla.
Kynferðisbrot.
Kyrrsetning.
Kærumál.

Landamerkjamál.
Landskipti.
Leiðbeiningaskylda dómara.
Leiga. Sjá húsaleiga.
Leit. Sjá eftirgrennslan brota.
Líftrygging.
Líkamsáverkar.
Líkur.
Lyfsalar.
Læknar, lækningar.
Lög, lögskýring. Sbr. venja.
Löghald. Sjá kyrrsetning.
Lögnám. Sjá eignarnám, upptaka.
Lögregla.
Lögreglusamþykktir.
Lögtak.

Málasamsteypa.
Málflutningsmenn.
Málflutningur. Sbr. málflutningsmenn, málshöfðun, opinber mál, ósæmileg ummæli, réttarfarssektir.
Málsbætur.
Málshöfðun. Sbr. ákæruvald.
Málskostnaður. Sbr. gjafsókn.
Manndráp.
Mat og skoðun. Sbr. blóðrannsókn, líkur, sönnun, vitni.
Meðlag.
Meinyrði. Sjá ósæmilegur ritháttur, ærumeiðingar.
Mjólkurlöggjöf.

Neyðarréttur.
Nytjastuldur.

Ofbeldi. Sjá líkamsáverkar, valdstjórn og allsherjarregla.
Ólögmæt meðferð á annarra fé.
Ólögmætir framfærsluhættir.
Ómaksbætur.
Ómerking.
Ómöguleiki.
Opinber mál. Sbr. aðiljaskýrsla, ákæruvald, eftirgrennslan brota, frestir, líkur, málasamsteypa, málflutningur, málshöfðun, málskostnaður, mat og skoðun, refsingar, sönnun, vitni.
Ósæmileg ummæli.

Præclusion. Sjá útrýming kröfu.

Refsingar.
Reklamation. Sjá aðgerðaleysisverkanir.
Réttarfar. Sjá aðild, aðiljaskýrsla, áfrýjun, ákæruvald, dómar, dómarar, eiður, frávísun, frestir, heimvísun, líkur, málasamsteypa, málflutningsmenn, málflutningur, málshöfðun, málskostnaður, mat og skoðun, ómerking, opinber mál, ósæmileg ummæli, réttarfarssektir, sáttir, sjódómsmál, sjó- og verzlunardómsmál, stefnur, sönn-

un, útivist aðilja, varnarþing, vitni.
Réttarfarssektir.

Sakamál. Sjá aðiljaskýrsla, dómar, eftirgrennslan brota, líkur, málskostnaður, opinber mál, refsingar, sakhæfi, saknæmi, sönnun, vitni.
Sakhæfi.
Saknæmi. Sbr. ásetningur, gáleysi.
Sameign.
Samningar. Sbr. ábyrgð, farmsamningar, framfærslusamningar, húsaleiga, kaup og sala, ómögulegiki, skuldir, skuldamál, vinnusamningar.
Samsölur. Sjá mjólkurlöggjöf.
Samvinnufélög.
Sáttir.
Sektir. Sjá refsingar.
Sératkvæði. Sjá ágreiningsatkvæði.
Siðferðisbrot. Sjá kynferðisbrot.
Siglingar. Sbr. árekstur, björgun, botnvörpuveiðabrot, farmsamningar, sjódómur, sjó- og verzlunardómur, sjóveð.
Sjódómsmál.
Sjó- og verzlunardómur.
Sjómannalög. Sjá siglingar.
Sjóveð.
Sjúkrasamlög.
Skaðabætur.
Skattar og gjöld.
Skilorðsbundnir dómar. Sjá dómar.
Skip. Sbr. árekstur, björgun, sjóveð.
Skipti, skiptamál. Sbr. gjaldþrotaskipti.
Skírlífisbrot. Sjá kynferðisbrot.
Skjalafals.
Skjöl. Sjá embættisvottorð, sönnun.
Skottulækningar. Sjá læknar, lækningar.
Skuldabréf.
Skuldajöfnuður.
Skuldir, skuldamál, Sbr. ábyrgð, bjarglaun, endurgreiðsla, gjalddagi, greiðsla, kaup og sala, skaðabætur, víxlar.
Slysatrygging. Sjá vátrygging.
Sóttvarnir.
Stefnur. Sjá kærumál, málshöfðun.
Stjórnarfarsréttur. Sjá sveitarstjórn.
Sveitarstjórn.
Svik, sviksamlegt athæfi. Sbr. bókhald, gjaldþrotaskipti, hlutafélög.
Sönnun, sönnunarbyrði. Sbr. aðiljaskýrsla, líkur, mat og skoðun, vitni.

Tékkar. Sjá skjalafals.
Tilraun.
Tolllög.
Tryggingar. Sjá líftryggingar, sjúkrasamlög, vátryggingar.

Umboð.
Uppboð.
Upplýsingastofnanir.
Upptaka. Sbr. refsingar.
Úrskurðir.
Útburðargerðir.
Útivist aðilja.
Útrýming kröfu.
Útsvör. Sjá skattar og gjöld.

Valdstjórn og allsherjarregla.
Varðskip.
Varnarþing.
Vátrygging. Sbr. líftrygging, sjúkrasamlög.
Vatnsréttindi. Sjá veiðiréttindi.
Veiðiréttindi.
Venja.
Verðjöfnunargjald. Sjá mjólkurlöggjöf.
Verzlun, verzlunarhættir.
Vettvangsmál.
Vextir.
Vinnusamningar. Sbr. atvinnufrelsi, samningar.
Vitni. Sbr. líkur, mat og skoðun, sönnun.
Víxlar.

Þjóðaréttur.
Þjófnaður. Sbr. hilming, hlutdeild, ólögmæt meðferð á annarra fé.

Ærumeiðingar.

B. Efnisskrá.

Ábyrgð. Sbr. víxlar.

a) Sjálfskuldarábyrgð.

A, B og C tóku í félagi skip á leigu til farmflutnings frá Danzig til Reykjavíkur. Skyldi hver þeirra ráðstafa ⅓ hluta af farmrými skipsins og með þeim hætti, að hagnaður og tap, ef því yrði að skipta, skiptist milli þeirra á sama hátt. A fyllti sinn hluta farmrýmis, m. a. með því að heita D flutningi á vörum, og kom hagnaður af þeirri ráðstöfun í hlut hvers þeirra A, B og C samkvæmt framansögðu. Skipið skyldi nokkuð af vörum D eftir í Danzig, og kvað skipstjóri ekki hafa verið rúm í skipinu fyrir alla vöru hans. D höfðaði þá mál gegn B og krafðist fébóta vegna vanefnda á flutningssamningi þeim, er hann hafði gert við A. Sagt, að í samningi þeirra A, B og C hafi falizt umboð til handa A frá B og C til

samningsgerðarinnar við D, og hafi þeir allir þrír því orðið bundnir gagnvart D. Þess vegna hafi D mátt krefja þá þrjá saman alla fyrir einn og einn fyrir alla bóta vegna vanefndanna, en auk þess hafi honum verið rétt að krefja hvern einstakan þeirra allra bótanna 88

Eftir að samvinnuútgerðarfélag hafði fengið niðurfærslu skulda sinna við skuldaskil samkvæmt lögum nr. 99 frá 1935, var mál höfðað gegn fimm félagsmönnum þess til greiðslu á skuld félagsins, er stofnuð var fyrir skuldaskil. Samkvæmt samþykktum félagsins voru stefndu taldir ábyrgir in solidum fyrir greiðslu skuldarinnar og ábyrgðin sögð hafa haldizt, þrátt fyrir skuldaskilin 443

A leigði B verzlunarbúð árið 1931, en B framleigði C hana samtímis með samþykki A. Varð framkvæmdin sú, að C galt A húsaleiguna og kom yfirleitt fram gagnvart honum sem leigutaki. Árið 1935 tók C að vanefna greiðslu leigunnar, og jukust vanskilin smám saman fram á síðara hluta árs 1937. Höfðaði A þá mál gegn B og krafði hann um greiðslu vangoldinnar leigu. Sagt, að A hefði átt að gera B viðvart um vanskilin þegar á árinu 1935, ef hann vildi gera hann ábyrgan fyrir greiðslu leigunnar, og hafi hann með aðgerðarleysi um svo langan tíma firrt sig rétti til kröfugerðar á hendur B 451

b) Ábyrgð á athöfnum starfsmanna.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hafði látið selja á nauðungaruppboði dómkröfu, er fjárnámi var tekin hjá A til lúkningar sektargreiðslu. Uppboðið var síðar ómerkt vegna galla á auglýsingu þess. Í skaðabótamáli, er réttartaki A höfðaði gegn lögreglustjóranum f. h. ríkissjóðs út af sölu dómkröfunnar á ólögmætu uppboði, var ríkissjóður sýknaður, með því að tjón þótti ekki sannað .. 218

Ríkissjóður krafinn um skaðabætur vegna ólöglegrar togaratöku. Sagt, að þar sem skipherra varðskipsins hafi ekki farið út fyrir valdsvið sitt né

sýnt af sér gáleysi, þá geti bótaskylda ekki byggzt á almennum skaðabótareglum, en sérreglur um greiðslu bóta fyrir töku vegna refsiverðs verknaðar, sem síðan er sýknað af, séu ekki til í íslenzkum rétti. Ríkissjóður því sýknaður 231

Erlendur skipstjóri, A, var sóttur til sakar fyrir meint brot gegn sóttvarnarlögum og honum meinuð brottför úr landi, meðan á saksókn stóð. Í hæstarétti var A sýknaður af kæru þessari. Eigandi skipsins höfðaði þá mál gegn ríkissjóði og krafðist fébóta m. a. fyrir tjón, er höfðun refsimálsins gegn A hefði haft í för með sér. Sagt, að ríkissjóður hefði ekki orðið bótaskyldur eins og hér stóð á, nema skilyrði fyrir lögjöfnun frá 1. gr. laga nr. 28 frá 1893 væru fyrir hendi. Ekki kæmi þó til álita, hvort svo hefði verið, þar sem slík skaðabótakrafa hefði verið niður fallin samkvæmt lögjöfnun frá 4. gr. sömu laga, með því að meira en ár var liðið frá því að sýknudómur í opinbera málinu gekk í hæstarétti, þegar skaðabótamálið var höfðað. Ríkissjóður því þegar af þessari ástæðu sýknaður af þessum kröfulið 242

Lögtak var gert í erlendu skipi til tryggingar greiðslu ýmissa skipagjalda. Lögtaksgerð þessa dæmdi hæstiréttur ólögmæta og felldi hana úr gildi. Eigandi skipsins höfðaði þá í héraði mál gegn ríkissjóði og krafðist bóta fyrir tjón það, er lögtaksgerðin hefði bakað honum. Sagt, að þótt réttur til skaðabóta samkvæmt 13. gr. lögtakslaga nr. 29 frá 1885 hefði verið fyrir hendi, þá væri sú krafa niður fallin, með því að hún hafi ekki verið borin fram í sambandi við áfrýjun lögtaksgerðarinnar, sbr. 11.—13. gr. lögtakslaganna. Var ríkissjóður því þegar af þessi ástæðu sýknaður af skaðabótakröfu þessari 242

Bæjarfógeti einn gerði lögtak í erlendu skipi til tryggingar greiðslu ýmissa skipagjalda. Tók hann síðan skipið í vörzlur sínar og lét setja það á land upp. Lögtaksgerðinni var áfrýjað, og hún ómerkt í hæstarétti. Krafðist skipeigandinn þess

þá af bæjarfógetanum, að hann skilaði skipinu á flotı á tilteknum tíma, er annað skip kæmi til að sækja það. Bæjarfógetinn taldi sér ekki skylt að setja skipið fram, en vísaði aðeins á það, þar sem það stóð á landi uppi. Í skaðabótamáli, er skipseigandinn höfðaði síðar gegn ríkissjóði, var sagt, að bæjarfógetinn hafi ekki fullnægt þeirri skilaskyldu, er á honum hvíldi vegna töku bátsins, og verði ríkissjóður að bera ábyrgð á því tjóni, er vanefnd skilaskyldunnar hafi bakað skipseigandanum 242

Skipstjóri hafði orðið að láta farm af hendi við hervald Francos á Spáni og flytja farminn síðan að boði heryfirvalda Francos til hlutlausrar hafnar og skilja hann þar eftir. Í máli farmeiganda gegn eiganda skipsins til greiðslu fébóta vegna missis farmsins var sagt, að ekki yrði talið, að skipstjórinn hafi gerzt sekur um vanrækslu, og yrði skaðabótakrafa á hendur skipseigandanum því ekki á þeim stofni byggð 252

Mál var höfðað í héraði gegn héraðsdómara f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta út af meintri ólögmætri framkvæmd fógetagerðar. Sagt, að í því máli sé hinn stefndi héraðsdómari ekki bær að binda ríkissjóð. Úrlausn málsins hljóti auk þess að byggjast á mati á dómaraverki og verði því ekki fengin eins og hér stóð á með málssókn í héraði 541

Eigandi skips dæmdur til að greiða bætur fyrir tjón, er skip hans hafði valdið með árekstri á annað skip 319

c) Ábyrgð á tækjum.

Eigandi bifreiðar dæmdur til að greiða skaðabætur vegna bifreiðarslyss samkvæmt 16. sbr. 15. gr. bifreiðalaga nr. 70 frá 1931 79

A, sem selt hafði B bifreið og afhent hana, talinn bera áfram eigandaábyrgð á henni samkvæmt 16. sbr. 15. gr. bifreiðalaga nr. 70 frá 1931, með því að eigandaskipti höfðu ekki verið skráð hjá lögreglustjóra 385

d) Ábyrgð á seldum hlut.

Verzlunin A, er selt hafði B yfirbreiðslu, ekki talin bera ábyrgð á tjóni, er af því stafaði, að litur losnaði úr yfirbreiðslunni og spillti fiski, er hún var breidd yfir. Sagt, að A hafi haft ástæðu til að ætla, að yfirbreiðslan væri hentug til þeirrar notkunar, sem hún var ætluð til, og að hvorki hafi A ýkt kosti né dulið ókost vörunnar, áður en kaup gerðust .. 524

Aðför. Sbr. fógetagerðir, lögtak.

Manni talið heimilt að ákveða, er hann keypti sér líftryggingu, að tryggingarféð skyldi að honum látnum ganga til framfærslu fjölskyldu hans og þar með vera undan aðför og öðrum aðgerðum til hagsmuna lánardrottnum hans dregið, sbr. 32. gr. aðfararlaga nr. 19 frá 1887 og 26. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 25 frá 1929. Var þess vegna fjölskyldu mannsins dæmdur réttur til fjárins í máli hennar við skuldheimtumenn í dánarbúi hans, enda höfðu skuldheimtumennirnir ekki krafizt riftingar samkvæmt gjaldþrotaskiptalögunum .. 486

Aðgerðaleysisverkanir.

A var afgreiðslumaður skipafélaga í kaupstað og hafði með höndum upp- og útskipun varnings um ákveðna bryggju. Árið 1923 keypti bæjarfélagið bryggju þessa og ákvað jafnframt að taka í sínar hendur alla upp- og útskipun um hana. Hætti A þá að nota bryggjuna við starfsemi sína. Árið 1934 höfðaði A mál gegn bæjarfélaginu og krafðist skaðabóta fyrir tjón það, er hann taldi sig hafa beðið til ársloka 1933 vegna þess að honum voru meinuð afnot bryggjunnar árið 1923. Sagt, að með því að A hafi ekki hafizt fyrr handa um að fá úr því skorið, hvort nefndar ráðstafanir bæjarfélagsins um bryggjuna væru lögmætar gagnvart honum, þá verði að telja, að hann með svo langvarandi aðgerðaleysi hafi undirgengizt að hlíta þessum aðgerðum þess og eigi hann þegar af þeirri ástæðu ekki skaðabótarétt á hendur því af þessu efni 45

Mjólkurframleiðandinn A taldi mjólkurbúið B hafa tekið of hátt gjald fyrir gerilsneyðingu mjólkur hans frá byrjun apríl til júníloka árið 1936. Höfðaði hann mál gegn B og krafðist greiðslu þeirrar fjárhæðar, er hann taldi B hafa þannig ranglega eftir haldið af andvirði mjólkur hans. Gegn andmælum B tókst A ekki að sanna, að hann hafi slegið við B varnagla um frekari greiðslu, þegar hann tók við borgun fyrir mjólk þá, er hann lagði inn til B á tímabilinu apríl—júní 1936. Var B þegar af þeirri ástæðu sýknað af kröfu A 109

A átti skaðabótakröfu á hendur B og hafði fengið nokkurn hluta hennar greiddan, þegar hann stefndi B til greiðslu verzlunarskuldar, er var óháð skaðabótakröfunni. Er málið féll í rétt, varð sú sætt með aðiljum, að B greiddi A tiltekna fjárhæð, og skyldi „með þessari sætt lokið öllum öðrum kröfum af beggja hendi". Með þessari fyrirvaralausu yfirlýsingu þótti A hafa firrt sig rétti til að krefja B síðar um eftirstöðvar skaðabótakröfunnar 146

Skip átti samkvæmt farmsamningi að taka saltfarm í Trapani á Sikiley fyrir A og flytja til Íslands. Farmsamningnum var síðar samkvæmt beiðni farmflytjanda, að því er A hélt fram, breytt á þá leið, að farmurinn skyldi tekinn í Santa Pola á Spáni. Eftir að skipið kom til Íslands, kvaðst A hafa orðið að inna af höndum fjárgreiðslu til þess að fá sig leystan undan samningi um saltkaup í Trapani. Höfðaði hann þá mál gegn skipseigandanum til þess að fá þetta tjón sitt bætt af honum. Þessari kröfu A hrundið þegar af þeirri ástæðu, að hann hefði engan fyrirvara gert um að fá þessa fjárhæð greidda, er það réðst, að farmurinn skyldi tekinn í Santa Pola 252

A hafði verið verzlunarfélagi B á árunum 1911—1913, en eftir þann tíma hafði hann engin afskipti af fyrirtækinu. Árið 1937 höfðaði hann mál gegn B og krafðist reikningsskila og ágóða af fyrirtækinu svo og launa frá því til ársins 1937. Með því að A hafði ekki hafizt handa um að fá skiptin við

B uppgerð fyrr en með máli þessu, var hann talinn með svo langvinnu aðgerðaleysi hafa fyrirgert kröfum sínum á hendur B, þótt þær kynnu að hafa haft við rök að styðjast í öndverðu 375

A leigði B verzlunarbúð árið 1931, en B framleigði C hana samtímis með samþykki A. Varð framkvæmdin sú, að C galt A húsaleiguna og kom að öllu leyti fram sem leigutaki gagnvart honum. Árið 1935 tók C að vanefna húsaleigugreiðslu, og ukust vanskilin smám saman fram á síðara hluta árs 1937. A höfðaði þá mál gegn B og krafðist vangoldinnar húsaleigu af honum. Kröfunni hrundið, með því að A hefði átt að gera B viðvart um vanefndirnar þegar árið 1935, ef hann vildi gera hann ábyrgan fyrir greiðslu leigunnar, en með aðgerðaleysi sínu fram á síðara hluta árs 1937 hafi A firrt sig rétti til að krefjast leigunnar af B 451

Aðild.

a) Einkamál.

Þegar mál kom fyrir hæstarétt, var einn af fleiri aðaláfrýjendum, er dæmdir höfðu verið til fjárgreiðslu í héraði, látinn. Gagnáfrýjandi féll þá frá kröfum á hendur dánarbúi hans 10

A, sem áleit lönd sín og B liggja saman að Borgarfirði, stefndi B til þess að fá úr því skorið, hver væru mörk veiðiréttinda í firðinum fyrir löndum þeirra. C, sem einnig var stefnt, sannaði, að hann ætti landspildu við fjörðinn milli landa A og B. Var A því ekki talinn hafa aðild til að deila við B um mörk veiðiréttindanna, og B sýknaður af kröfum hans 28

A, er meiðzt hafði í bifreiðarslysi, höfðaði í héraði skaðabótamál gegn bifreiðarstjóranum, eiganda bifreiðarinnar og vátryggingarfélagi því, er bifreiðin var tryggð hjá. Krafðist hann þess aðallega, að bifreiðarstjórinn og vátryggingarfélagið væru in solidum dæmd til greiðslu bótanna, til vara, að bifreiðarstjórinn einn væri dæmdur, og

til þrautavara, að bifreiðareigandanum einum væri dæmt skylt að greiða bætur. Fyrir hæstarétti hélt A aðeins upp þrautavarakröfu sinni í héraði 79

A hafði leigt B skip sitt til þriggja mánaða. Á þeim tíma samdi skipamiðlarafirmað C fyrir hönd A um flutning farms fyrir D. Greiddi D þá hálft farmgjald fyrirfram skipamiðlarafirmanu E fyrir hönd farmflytjanda. Farmurinn komst aldrei til ákvörðunarstaðar, og höfðaði D þá mál gegn A og krafðist m. a. bóta fyrir missi fyrirframgreidds farmgjalds. Í málinu kom það fram, að C hafði haft umboð frá B, en ekki A, til þess að semja við D um farmflutninginn, og þeirri skýrslu A var ekki hnekkt, að E hefði tekið við fyrirframgreiddu farmgjaldi fyrir hönd B, en ekki A. Skylda A til þess að bæta D missi farmgjaldsins því ekki talin verða á þeim stofni byggð, að A hafi verið aðili að farmsamningnum og fengið farmgjaldið í sínar hendur 252

Eigendur skips og skipshöfn sækja sameiginlega mál til greiðslu björgunarlauna á hendur eigendum og vátryggjanda annars skips 263

Þrír vélbátar, A, B og C, veittust að björgun vélbátsins D. Af hálfu vátryggjanda D voru bjarglaun greidd A og B saman, en C neitað um þóknun fyrir sinn atbeina. C höfðaði þá mál gegn eiganda D til greiðslu bjarglauna, en D krafðist sýknu á þeim stofni, að þóknun fyrir björgunina væri þegar að fullu goldin með fjárhæð þeirri, sem A og B höfðu fengið. Þessari mótbáru hrundið, og C talinn eiga beinan aðgang að D um greiðslu síns hluta bjarglaunanna þegar af þeirri ástæðu, að formaður D hafði beðið C um að veita að björguninni 306

Í máli til endurgreiðslu ofgoldins áfengiskaupverðs frá áfengisverzlun ríkisins var verzluninni stefnt og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs 391

A hafði ákveðið, er hann keypti sér líftryggingu, að tryggingarféð skyldi ganga til framfærslu fjölskyldu hans, ef hann félli frá. Börn og móður A,

er sóttu saman mál á hendur lánardrottnum dánarbús hans til viðurkenningar á rétti þeirra til tryggingarfjárins, ekki talin bresta aðild til þess, án þess að nokkuð yrði annars dæmt um skipti þeirra sín á milli í því sambandi 486
Í máli til greiðslu bjarglauna var stefnt eigendum og vátryggjendum skips þess, er bjargað var 509
A bifreiðarstjóri, er keypt hafði bílábreiðu af verzluninni B, taldi ábreiðuna hafa litað frá sér og spillt fiski, sem hann hafði tekið að sér að flytja fyrir C. Höfðaði A mál gegn B og krafðist bóta fyrir fiskspjöllin. B rengdi aðild A, með því að hann hafi ekki átt fiskinn. Var B sýknaður í héraði af þessum sökum. Fyrir hæstarétti kom fram vottorð C um það, að A væri eigandi skaðabótakröfunnar. Voru andmæli B um aðild A því ekki tekin til greina 524
Með því að sveitarfélagið Í hafði vistað tvö gamalmenni á elliheimilinu G, var G talið rétt að beina kröfu sinni um greiðslu vistgjaldsins á hendur Í, enda þótt úrskurður atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins hefði síðar gengið um það, að gamalmennin væru sveitlæg í sveitarfélaginu R .. 536
Sagt, að í máli, er höfðað var gegn A héraðsdómara f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta út af dómaraverki fulltrúa A, sé A ekki bær að binda ríkissjóð 541

b) Opinber mál.

Í refsimáli, er dæmt var í hæstarétti árið 1937, var héraðsdómarinn víttur fyrir meðferð sína á málinu. Síðar var málið endurupptekið samkvæmt 30. gr. laga nr. 112 frá 1935 að því er héraðsdómarann og valdstjórnina varðaði til leiðréttingar á ummælum í forsendum hæstaréttardómsins. Var héraðsdómaranum í því skyni stefnt fyrir hæstarétt af hálfu valdstjórnarinnar 316

Aðildareiður. Sjá barnsfaðernismál, eiður.

Aðiljaskýrslur.

a) Einkamál.

Stjórnendur félags, er að því höfðu staðið að leggja kauphömlur á mjólkursamsölu, og ritstjórar blaða, er styrkt höfðu kauphömlurnar, voru af samsölunni krafðir fébóta vegna minnkaðrar mjólkursölu. Vefengdu stefndu ekki, að mjólkursalan hefði gengið saman, meðan á kauphömlunum stóð 10

Í barnsfaðernismáli voru aðiljar sammála um það, að fundum þeirra til samfara hefði aldrei borið saman fyrir þann tíma, er þau vorið 1935 dvöldust um stund í sama herbergi. Í prófum málsins, áður en héraðsdómur gekk, hélt K því fram, að þessi samfundur hennar og M hefði gerzt um mánaðamótin apríl—maí það ár. Í framhaldsprófi eftir uppsögu héraðsdóms staðhæfði hún hinsvegar fortakslaust, enda þótt það væri henni mjög í óhag, að þessi fundur þeirra til samfara hefði ekki orðið fyrr en eftir 11. maí nefnt ár. Í hæstarétti var þessi síðari framburður hennar lagður til grundvallar, enda ekkert fram komið því til styrktar, að fundum aðilja hafi fyrr borið saman 38

Mjólkurframleiðandi stefndi mjólkursamsölu og krafðist af henni síns hluta af rekstrarágóða hennar tiltekið ár. Mótmælti stefnda því ekki í málinu, að rekstrarágóðinn ætti að renna til framleiðenda 53

Í landamerkjamáli deildu aðiljar um eitt örnefni, en að öðru leyti voru landamerki jarðanna ágreiningslaus 73

Ýmsir kröfuliðir í skaðabótamáli teknir til greina, með því að upphæðir þeirra höfðu engum sérstökum andmælum sætt 79, 88, 319

Í máli til innheimtu húsaleiguskuldar voru aðiljar sammála um það, að ekki hefði orðið að samningum með þeim, að leigan skyldi goldin fyrirfram. Var því talið, að hún hefði fallið í gjalddaga eftir á fyrir mánuð hvern 103

Í barnsfaðernismáli voru aðiljar sammála um það, að

þau hefðu haft samfarir, en voru ósammála um samfaratímann. Var þó framburður þeirra beggja um hann nokkuð á reiki 237
Þóknunar var krafizt fyrir dráttaraðstoð skips. Stefndi hélt því fram, að aðstoðinni hefði verið heitið ókeypis, en því var andmælt af stefnanda 293
Í skuldamáli var krafa aðalstefnanda í héraði viðurkennd rétt, en gagnstefnt til skuldajafnaðar .. 300
Úrskurðað ex officio í fógetaréttarmáli samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85 frá 1936, að fógeta bæri að veita aðiljum kost á að koma fram með frekari greinargerð í málinu 364
Með því að stefndi skarst undan að gera fulla grein fyrir tilteknu atriði, er hann gaf aðiljaskýrslu í héraði, enda þótt svo virtist sem honum hefði verið það unnt, þá var staðhæfing stefnanda um atriðið lögð til grundvallar í málinu 365
Úrskurðað, að aðiljar barnsfaðernismáls séu krafin nánari skýrslna um ýms atriði 405, 497
Vátryggingarfélag játar skyldu sína til greiðslu vátryggingarfjár 428
Skuldajafnaðarkrafa stefndu í máli ekki tekin til greina, með því að þeir höfðu ekki gert næga grein fyrir upphæð hennar 443
Stefndi lýsti málsatvikum með öðrum hætti í hæstarétti en hann hafði gert í héraði. Gegn mótmælum áfrýjenda var hin breytta frásögn ekki talin verða lögð til grundvallar í málinu 520
A, sem lýsti kröfu um 5 ára ráðskonukaup í dánarbú B, kannaðist við, að ekki hefði verið samið um kaup, er hún réðst til B, og að hún hefði engum kaupkröfum hreyft, fyrr en eftir lát hans 595

b) Opinber mál.

Maður, sem ákærður var fyrir að hafa framið kynferðisbrot í ölæði, kvaðst ekki muna til þess, að hann hafi drýgt verknaðinn, en ekki heldur vilja þræta fyrir hann, því að hann muni fátt af því, er hann aðhafist drukkinn 1
Togaraskipstjóri játar að hafa verið að ólöglegum veiðum í landhelgi 63

Bifreiðarstjóri, er mörg vitni kváðust hafa talið undir áhrifum áfengis, kannaðist við að hafa drukkið tvo sopa af brennivíni, en neitaði að hafa fundið á sér áfengisáhrif 120
Úrskurðað, að sakborningur skuli nánar prófaður í tilefni af því, að verjandi hans fyrir hæstarétti lagði þar fram skjal frá honum, þar sem hann tekur aftur fyrri játningu sína um að hafa falsað skjal eitt 130
Maður, sem ákærður var fyrir að hafa fengið með sviksamlegum hætti greiddan arð út á arðmiða, er hann átti ekki, játaði að hafa vitað, er hann fékk arðinn greiddan, að hann hafi ekki verið heimildarmaður að öllum arðmiðunum 146
Með því að ekki lá fyrir skýlaus játning ákærða um það, að hann hafi falsað eða látið falsa vörureikninga, og það var ekki upplýst á annan hátt, en möguleiki talinn á því, að aðrir hefðu framkvæmt fölsunina, þá var hann sýknaður af ákæru um skjalafals 146
Bifreiðarstjóri var kærður fyrir að hafa ekið ölvaður á gangandi vegfaranda og valdið meiðslum. Hann játaði ölvunina, en neitaði því að hafa ekið á vegfarandann. Með skýrslum vitna þótti þó sannað, að hann hafi valdið slysinu, en talið ósannað, að hann hafi orðið þess var 278
Bifreiðarstjóri, sem ók á mann á götu, kvaðst ekki hafa veitt honum athygli og ekki geta gert sér grein fyrir, hvort gerðist fyrr, að hann sá manninn eða fann áreksturinn 289
Maður játar að hafa stolið kjöttunnu og að hafa nokkru áður tekið brúsa í heimildarleysi, en með þeim ásetningi að skila honum aftur, og þótti ekki sannað, að hann hefði ætlað að slá eign sinni á brúsann 340
Kona játar að hafa stolið silfurrefaskinnum og að hafa hagnýtt sér kjöt, er hún vissi, að annar maður hafði tekið ófrjálsri hendi 340
Bifreiðarstjóri játar að hafa drukkið tvo smásopa af sherry, er hann var að akstri, en neitar því, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa. Með blóðrann-

sókn og skýrslum vitna þótti þó sannað, að hann hafi verið ölvaður 416
Tveir menn játa sig seka um líkamsárás á lögregluþjón 438
Úrskurðað, að ákærði skuli prófaður ýtarlegar um sakaratriði 441
Maður játar á sig fölsun margra tékka og víxla. Þegar málið kom til hæstaréttar, gaf hann út yfirlýsingu, þar sem hann tók aftur játningu sína um fölsun eins tékkans. Er framhaldspróf voru síðar yfir honum haldin samkvæmt úrskurði hæstaréttar, kannaðist hann þó að nýju við fölsun tékkans 456
Tveir menn játa á sig skjalafölsun og notkun falsaðra skjala. Þriðji maður, sem aðstoðaði við notkun sumra skjalanna, talinn hljóta að hafa vitað um fölsunina, þrátt fyrir neitun hans um það 456
Þrír menn játa á sig fölsun tékka og notkun þeirra. Fjórði maðurinn er tekið hafði við nokkru af andvirði tékkanna, enda þótt hann vissi, hvernig það var fengið, kvaðst aðeins hafa ætlað að geyma peningana og hugsa sig um, hvort hann ætti að taka við þeim til eignar. Hann kannaðist þó við að hafa þegar eytt 50 kr. af peningum þessum. Var hann dæmdur fyrir eftirfarandi hlutdeild í skjalafalsinu 474
Maður játar á sig stórþjófnað og ólögmæta eignartöku á sauðfé, er komið hafði saman við fé hans í heimrekstri. Kona, er maður þessi bjó með, synjaði fyrir þátttöku í brotum hans og vitund um þau. Var hún sýknuð af ákæru um samverknað eða hlutdeild í brotum þessum 559
Maður gengst við því að hafa veitzt ölvaður að tveimur mönnum og barið þá 589
Maður, er margsinnis hafði verið dæmdur fyrir þjófnað, fór inn um opinn þakglugga í herbergi, stal þar ýmsum munum og fór síðan aftur sömu leið. Hann hélt því fram, að hann hafi farið inn í herbergið til þess að bíða þar komu húsráðanda, ásetningur um þjófnað hafi þá fyrst vaknað, er hann var inn kominn. Þessi skýrsla hans var þó ekki tekin trúanleg 601

Maður, er ákærður var fyrir brot á 10. gr. laga nr. 51 frá 1928, neitar að skýra frá, af hverju hann hafi haft framfærslu sína 608

Áfengislagabrot. Sbr. bifreiðar, blóðrannsókn, ítrekun, líkur, mat og skoðun, refsingar, sönnun, vitni.

Bifreiðarstjóri dæmdur til refsingar og sviptur ökuleyfi fyrir að aka bifreið ölvaður 120, 278, 416

Ölvaður maður gekk allsnakinn um á almannafæri. Hann var ákærður og dæmdur eingöngu fyrir brot á 186. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869 1

Ölvaður maður réðst með ofbeldi á tvo menn inni í húsagarði og barði þá til meiðsla. Hann var dæmdur til refsingar eftir 205. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869, 18. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935 og 3. og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930 589

Áfrýjun. Sbr. aðild, áfrýjunarleyfi, kærumál.

Ný skjöl lögð fram í hæstarétti 10, 73, 306, 349, 451, 524

Framlagningu skjals fyrir hæstarétti mótmælt sökum skorts á novaleyfi 520

Í héraði voru sex menn dæmdir in solidum til að greiða A skaðabætur. Þeir skutu málinu til hæstaréttar, og A áfrýjaði einnig af sinni hálfu. Er málið kom fyrir hæstarétt, var einn gagnaðilja A látinn. A féll þá frá öllum kröfum á hendur dánarbúi hins látna 10

Nýjar skýrslur fengnar eftir uppkvaðningu héraðsdóms og lagðar fram fyrir hæstarétti 38, 494

Úrskurði héraðsdómara um staðfestingu vitnaskýrslna í einkamáli var skotið til hæstaréttar eftir reglum laga nr. 85 frá 1936 um kærur. Kröfur eða greinargerð fylgdu ekki málinu til hæstaréttar, en af skjölum málsins þótti mega ráða, að kærandi vildi fá úrskurðinn felldan úr gildi, og var málið dæmt að efni til. Var héraðsdómarinn m. a. víttur fyrir það, að hann hafi vanrækt að leiðbeina kæranda, sem var ólöglærður, um kröfur og greinargerð með kærunni, svo að hæsti-

réttur hefði orðið að leita að því og ályktа eftir líkum, í hvaða skyni kært hafði verið 42
Fébótamáli var áfrýjað, og málflutningi fyrir hæstarétti skipt þannig, að fyrst yrði aðeins skorið úr um skaðabótaskylduna 45
A, sem hlotið hafði meiðsl í bifreiðarslysi, höfðaði í héraði skaðabótamál gegn bifreiðarstjóranum (B), eiganda bifreiðarinnar (C) og vátryggjanda bifreiðarinnar (D). Í héraði var málinu vísað frá dómi að því er D varðaði, en B og C sýknaðir. A áfrýjaði og stefndi öllum gagnaðiljum sínum. Fyrir hæstarétti krafðist hann aðeins dóms yfir C, en gerði engar kröfur á hendur B eða D 79
A krafðist í héraði tiltekins endurgjalds af B fyrir erfðafestuland. Féll héraðsdómur á þá leið, að A skyldi fá endurgjald eftir mati dómkvaddra manna, en í forsendum dómsins er sagt, að stefnukrafa A sé of há, og ýmis atriði nefnd, er matsmenn skuli hafa til hliðsjónar við ákvörðun endurgjaldsins. B skaut málinu til hæstaréttar, en A, sem ekki áfrýjaði af sinni hálfu, krafðist staðfestingar héraðsdómsins. Hæstiréttur staðfesti héraðsdóminn með þeirri athugasemd, að þar sem A vilji una dóminum, megi endurgjald fyrir landið ekki nema stefnukröfu í héraði, og réttmæti ákvarðana héraðsdómsins um þau atriði, er matsmenn eigi að hafa til hliðsjónar við matið, verði ekki tekin til athugunar í hæstarétti 222
Hlutur hafði verið tekinn lögtaki hjá A til tryggingar greiðslu opinberra gjalda. Lögtaksgerðin var ómerkt í hæstarétti. A höfðaði þá mál á hendur ríkissjóði og krafðist skaðabóta vegna hins ólögmæta lögtaks. Sagt, að þótt svo væri, að A hefði átt rétt til skaðabóta vegna lögtaksins, þá væri sú krafa fallin niður, þar sem hún hafi ekki verið borin fram í sambandi við áfrýjun lögtaksgerðarinnar, sbr. 11.—13 gr. lögtakslaganna nr. 29 frá 1885 242
Ákvörðun í héraðsdómi ekki breytt stefnda í vil, með því að hann áfrýjaði ekki 263, 431, 541
Dómkvaðningu matsmanna í aukarétti var áfrýjað

til hæstaréttar með stefnu 16. nóv. 1937 til þingfestingar í maí 1938. Með því að slík mál eiga að sæta kæru samkvæmt 199. gr. laga nr. 85 frá 1936, sbr. 2. tölulið 198. gr. sömu laga, var málinu vísað ex officio frá hæstarétti 314
Sá tveggja ára tími, er veita má áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 197. gr. laga nr. 85 frá 1936, sagður hefjast á sama tíma sem hinn venjulegi áfrýjunarfrestur samkvæmt 1. mgr. sömu greinar. Áfrýjunarleyfi hafði verið gefið út eftir að nefndur 2 ára tími var liðinn, og var málinu því vísað ex officio frá hæstarétti 358
Sagt, að ekki verði í hæstarétti lagður dómur á kröfulið, er vísað hafði verið frá héraðsdómi 331
Lögtaksmáli frestað ex officio fyrir hæstarétti og lagt fyrir fógeta samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85 frá 1936 að veita aðiljum kost á að afla framhaldsgreinargerðar fyrir fógetaréttinum 364
A, forstöðukona saumastofu B, hafði skuldbundið sig gagnvart B að stofna ekki til samkeppni við hana í Reykjavík. A braut samningsákvæði þetta með því að hefja sjálf rekstur samskonar saumastofu í Reykjavík. B höfðaði þá mál gegn A og krafðist þess, að henni yrði dæmt óheimilt að reka saumastofuna. Með héraðsdómi var A dæmt óheimilt að reka saumastofuna í tvö ár eftir að hún fór úr þjónustu B. Báðir aðiljar áfrýjuðu málinu. A krafðist aðallega sýknu, en til vara hafði hún þá kröfu uppi, er hún hafði ekki hreyft í héraði, að henni yrði heimilað að leysa sig með fégjaldi undan atvinnubanninu í samningi aðilja. Sýknukröfu A hrundið, en metið hæfilegt, að atvinnubann samningsins standi í eitt ár. En með tilliti til þess, að A hafði, þegar dómur gekk í hæstarétti, rekið saumastofu sína í 8—9 mánuði og því væntanlega bundin við samninga um húsnæði og við starfsstúlkur m. fl., þá var varakrafa A fyrir hæstarétti að því leyti tekin til greina, að henni var dæmt að greiða B fébætur. Ef hún greiddi bæturnar innan tiltekins frests, skyldi hún að öllu leyti vera laus undan atvinnubann-

inu, en greiddi hún þær ekki, skyldi henni vera óheimilt að reka saumastofu sína í eitt ár frá lokum frestsins 365
Þegar K krafðist höfðunar barnsfaðernismáls, voru liðin meira en 4 ár frá fæðingu barns hennar, og hafði hún ekki fengið málshöfðunarfrest lengdan samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 46 frá 1921, er þá voru í gildi, sbr. nú 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85 frá 1936. Í hæstarétti var af hálfu M krafizt ómerkingar málsins af þessum sökum. En með því að þetta atriði kom eigi fram í meðferð málsins fyrir héraðsdómi og engin krafa í þessa átt var gerð í áfrýjunarstefnu, var ómerkingarkrafan þegar af þeirri ástæðu eigi tekin til greina 405
A, sem unnið hafði mál í héraði, áfrýjaði því til hæstaréttar og krafðist staðfestingar héraðsdómsins. Af hálfu stefnda var ekki mætt fyrir hæstarétti. Sagt, að með því að engir þeir gallar séu á héraðsdóminum, er staðið geti í vegi fyrir kröfu A um staðfestingu hans, þá beri að taka hana til greina. En með því að stefndi hefði ekki, svo séð yrði, gefið efni til áfrýjunarinnar, þá verði málskostnaðarkrafa A fyrir hæstarétti ekki tekin til greina 412
Stefndi lýsti málsatvikum á annan hátt fyrir hæstarétti en hann hafði gert í héraði. Gegn andmælum áfrýjanda þótti ekki unnt að leggja neitt upp úr hinni breyttu frásögn 520
A var í skuldamáli dæmdur í héraði til að greiða B tiltekna fjárhæð og málskostnað. Eftir uppsögu héraðsdómsins greiddi hann B nokkurn hluta kröfunnar og málskostnaðinn, en áfrýjaði málinu að því er varðaði eftirstöðvar dómkröfunnar 536
Í héraði voru tiltekin ummæli málflutningsmanns stefnda ómerkt og hann sektaður fyrir þau, en engin vararefsing ákveðin. Sagt, að með því að málflutningsmaðurinn hafi ekki áfrýjað sektar- og ómerkingarákvæði héraðsdómsins, þá verði við það að sitja, en þó með þeirri lagfæringu, að ákveðin vararefsing komi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki 541

Opinbert mál endurupptekið samkvæmt 30. gr. laga nr. 112 frá 1935 316

Áfrýjunarleyfi.

Áfrýjunarfrestur liðinn 5, 10, 28, 45, 79, 93, 263, 271, 293, 306, 327, 375, 400, 486, 509, 536, 541, 595, 604
Áfrýjunarupphæð 516
Málum var áfrýjað eftir að áfrýjunarfrestur var liðinn, án þess að áfrýjunarleyfa væri aflað. Málin voru síðan hafin, en áfrýjað að nýju, eftir að áfrýjunarleyfi samkvæmt síðari málslið 2. mgr. 197. gr. laga nr. 85 frá 1936 höfðu verið fengin. Málflutningsmenn áfrýjenda vittir fyrir að hafa stofnað hagsmunum umbjóðenda sinna í hættu með því að afla ekki áfrýjunarleyfa í öndverðu, með því að þeir hafi tæplega getað vænzt þess, að áfrýjunarleyfi yrðu veitt, er svo langt var liðið frá uppkvaðningu héraðsdóms 79, 293
Héraðsdómur í máli var kveðinn upp 9. des. 1936. Áfrýjunarfrestur samkvæmt e-lið 222. gr. laga nr. 85 frá 1936 hófst því 1. jan. 1937, sbr. 1. mgr. sömu gr. Sá tveggja ára tími, er veita má áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 197. gr. téðra laga, talinn hefjast á sama tíma sem hinn venjulegi áfrýjunarfrestur samkvæmt 1. mgr. 197. gr., sbr. e-lið 222. gr., að því er þetta mál varðaði. Áfrýjunarleyfi var gefið út 14. febr. 1939, og því meira en 2 árum eftir upphaf áfrýjunarfrests þess, er samkvæmt framansögðu hófst 1. jan. 1937. Var málinu vísað ex officio frá hæstarétti, með því að óheimilt var að veita áfrýjunarleyfi, er svo langt var um liðið 358

Ágreiningsatkvæði.

Í máli ákæruvaldsins gegn tveimur sakborningum fyrir brot gegn 26. kap. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum um lækningaleyfi o. fl. nr. 47 frá 1932 133

Ákæruvald.

Fjórir kyndarar á botnvörpuskipum sóttir til refsingar fyrir brot á ákvæðum 78. sbr. 77. gr. sjómannalaga nr. 41 frá 1930, samkvæmt kröfu útgerðarmanna skipanna, sbr. 88. gr. nefndra laga 207

Í forsendum hæstaréttardóms var héraðsdómarinn víttur fyrir meðferð sína á málinu. Eftir beiðni héraðsdómarans var málið endurupptekið samkvæmt 30. gr. laga nr. 112 frá 1935 að því er héraðsdómarann og valdstjórnina varðaði til leiðréttingar á ummælum í forsendum hæstaréttardómsins. Var héraðsdómaranum í því skyni stefnt fyrir hæstarétt af hálfu valdstjórnarinnar 316

A hafði stolið hlut, sem ekki var 30 króna virði. Enda þótt eigandi hlutarins hefði ekki krafizt málshöfðunar, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51 frá 1928, var A samt dæmd refsing fyrir töku hlutarins, með því að hann hafði við tökuna stofnað annarri og verðmeiri eign í brýna hættu 340

A hafði tekið hlut annars manns í heimildarleysi og notað hann. Ekki þótti sannað, að hann hafi haft í hyggju að kasta eign sinni á hlutinn. Með því að eigandi hlutarins hafði ekki krafizt saksóknar, var A ekki dæmd refsing fyrir nytjastuld 340

Álitsgerðir. Sjá blóðrannsókn, læknar, mat og skoðun.

Alþjóðalög. Sjá þjóðaréttur.

Alþjóðlegar einkaréttarreglur.

Skip átti að flytja farm frá Spáni til Íslands. Á leiðinni var það hertekið af liðsmönnum Francos, sem þá átti í borgarastyrjöld við stjórn Spánar. Lýstu yfirvöld Francos farminn upptækan og létu skipstjórann með undirskrift nýs farmskírteinis skuldbinda sig til að flytja farminn til Casablanca í frakknesku Marokko, sem var hlutlaus í borgarastyrjöldinni, og afhenda hann þar tilteknum manni. Sigldi skipstjórinn síðan til Casa-

blanca undir eftirliti herskipa Francos og skildi farminn þar eftir, eins og yfirvöld Francos höfðu fyrir hann lagt. Í máli, er eigandi farmsins (A) höfðaði gegn skipseigandanum til greiðslu bóta vegna missis farmsins, var talið, að eins og á stóð hafi skipstjórinn ekki átt annars úrkosta en að skilja farminn eftir í Casablanca, og verði honum ekki metið það til vanrækslu. Hins vegar sé athugandi, hvort A eigi rétt til bóta eftir reglum neyðarréttarins, með því að farmurinn hafi verið skilinn eftir í hlutlausri höfn til þess að firra skip og áhöfn viðurlögum af hálfu liðsmanna Francos. Úrlausn þess atriðis talin velta á því, hvort A hafi að lögum þeim, er í Casablanca giltu, talizt eigandi farmsins, þrátt fyrir upptökuna og síðari ráðstafanir yfirvalda Francos á honum. Í málinu var ekkert upplýst um lög þau, sem í Casablanca hefðu gilt um þetta efni. Þótti þá að svo vöxnu máli ekki verða úr því skorið, hvort A ætti rétt til bóta. Var þessari kröfu hans því vísað frá héraðsdómi 252

Alþýðutryggingar. Sjá sjúkrasamlög.

Analogía. Sjá lög, lögskýring.

Árekstur skipa.

Togarinn A sigldi í áttina til síldartorfu, er sást framundan. Línuveiðarinn B, er var 4 strik á bakborða við A, sigldi í áttina til sömu torfu, og skar stefna hans stefnu A. A gaf þá til kynna með hljóðmerki, að hann héldi óbreyttri stefnu, enda átti hann samkvæmt siglingareglum rétt á því, að B viki eða drægi úr ferð sinni. B gerði þó hvorugt, og varð það til þess, að hann rakst á A og olli spjöllum á honum. Í máli milli A og B út af árekstrinum barði B því við, að hann hafi í upphafi verið nær síldartorfunni, en samkvæmt venju meðal síldveiðimanna hafi A þá átt að víkja. Sagt, að hvorki sé það sannað,

að B hafi í fyrstu verið nær síldartorfunni en A, né heldur að skapazt hafi sú venja, er B byggi rétt sinn á. Var B talinn eiga alla sök á árekstrinum 319

Arfur, arfleiðsla.

Þegar A keypti sér líftryggingu, skýrði hann líftryggingarfélaginu svo frá, að tryggingarféð ætti að ganga til framfærslu fjölskyldu hans að honum látnum. Af þessu talið leiða, að A hafi viljað láta féð vera undan aðför og öðrum aðgerðum til hagsmuna lánardrottnum hans dregið. Slík ráðstöfun sögð heimil, sbr. 32. gr. laga nr. 19 frá 1887 og 26. gr. laga nr. 25 frá 1929, enda var ekki um riftingu á ráðstöfun þessari samkvæmt síðarnefndum lögum að tefla. Í máli milli fjölskyldu A og lánardrottna í dánarbúi hans var fjölskyldunni dæmdur réttur til fjárins. Sagt, að nefndri ráðstöfun A verði ekki hnekkt vegna ákvæða 25. gr. erfðatilsk. frá 25. sept. 1850, með því að þau varði ekki skipti erfingja og lánardrottna. Ekki geti 2. málsl. 85. gr. skiptalaga nr. 3 frá 1878 heldur komið lánardrottnunum að haldi, með því að þau ákvæði taki aðeins til óefndra gjafaloforða, en hér hafi allt það verið innt af hendi fyrir lát A, sem nauðsynlegt var til að fá tryggingarféð greitt .. 486

Hjónin M og K áttu fjögur börn, A, B, C og D. Árið 1920 seldu þau og afhentu sonum sínum A og B allar eignir sínar fyrir 18000 kr. Skyldu A og B ala önn fyrir foreldrunum, meðan þau lifðu, og kaupverðið í notum þess standa vaxtalaust inni í búi kaupenda. Við lát þess foreldris, er fyrr dæi, skyldi helmingur kaupverðsins, kr. 9000.00, koma til skipta meðal lögerfingja, en síðari helmingurinn er það dæi, sem lengur lifði. M lézt árið 1922, og var þá hans hluta skipt með erfingjum, eins og samningurinn sagði til. A dó árið 1927, og eftir það stóð hluti K inni hjá B, er ól önn fyrir henni. Árið 1933, er K var um 85 ára að aldri og komin í kör, samdist svo með henni og B, að auk vaxtanna af eignarhluta K skyldi B árlega frá

árinu 1927 að telja, eignast 500 kr. af eignarhlutanum sjálfum fyrir framfærslu K. Árið 1936 andaðist K. Við skipti á dánarbúi hennar mótmæltu C og D gildi samningsins frá 1933. Þessum andmælum þeirra hrundið, með því að K hafi ekki með samningnum frá 1920 afsalað sér rétti til að gera nýja ráðstöfun á eignarhluta sínum að M látnum og ákvarðanir M standi því ekki í vegi, þar sem skipti á hans eignarhluta hafi farið eftir fyrirmælum hans. Þótti og upplýst, að K hafi verið hraust á sál, er hún gerði samninginn við B árið 1933. Þá var og B talið heimilt að greiða C og D arfahluta þeirra með skuldabréfum kreppulánasjóðs með nafnverði, þar sem skuld hans við dánarbú K hafði stofnazt með gerningnum frá 1920 500

Ásetningur. Sbr. saknæmi, sönnun.

A tók í heimildarleysi arðmiða á skrifstofu hlutafélags, er hann var hluthafi í, og hafði á brott með sér. Gegn neitun hans þótti ekki sannað, að hann hafi tekið miðana í því skyni að misnota þá síðar. Var taka miðanna því ekki talin honum til refsiábyrgðar 146

Maður hafði tekið hlut annars manns í heimildarleysi og notað hann. Ekki þótti sannað gegn neitun hans, að hann hafi ætlað að kasta eign sinni á hlutinn 340

Maður, er margsinnis hafði verið dæmdur fyrir þjófnað, fór að degi til inn í hús, út um þakglugga á loftgangi þess og síðan inn um annan þakglugga í lokað herbergi. Stal hann þar nokkrum munum og hvarf því næst aftur sömu leið. Hann kvaðst hafa farið inn í herbergið til að bíða þar komu húsráðanda, en ekki ásett sér að stela neinu, fyrr en eftir að hann var kominn þangað inn. Þessi frásögn hans var þó ekki tekin trúanleg, og var hann dæmdur eftir 7. sbr. 8. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 4. tölulið 231. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869 601

Atvinnufrelsi.

A rak saumastofu í Reykjavík. Hún réð þýzka konu (B) til að veita saumastofunni forstöðu. Skuldbatt B sig til þess að ráðast ekki til annarra né vinna fyrir utan fyrirtæki A í Reykjavík, nágrenni Reykjavíkur eða Hafnarfirði, en utan þessara staða mátti hún vinna að liðnum 3 árum frá upphafi ráðningartímans. Að þessum 3 árum liðnum, er B var gift íslenzkum manni, sagði hún upp samningnum við A og hóf sjálf rekstur saumastofu í Reykjavík. Höfðaði A þá mál gegn henni og krafðist þess, að henni yrði dæmt óheimilt að reka saumastofu í Reykjavík, nágrenni Reykjavíkur og í Hafnarfirði eða að vinna með nokkrum hætti á þessum stöðum við slíka stofnun. B krafðist aðallega sýknu, en til vara, að henni væri heimilað að leysa sig með fégjaldi undan atvinnubanninu í samningi aðilja. Sýknukröfunni var hrundið, en hinsvegar sagt, að hið ótímabundna og víðtæka atvinnubann samningsins skerði svo óhæfilega atvinnufrelsi B, að hún eigi ekki að vera bundin við það að fullu. Og þegar meta skuli, hve lengi það megi standa, sbr. 37. gr. laga nr. 7 frá 1936, þá megi eitt ár teljast hæfilegt. En með tilliti til þess, að B hafði, þegar dómur gekk í hæstarétti, rekið saumastofu sína í 8—9 mánuði og því væntanlega bundin við samninga um húsnæði og við starfsstúlkur m. fl., þá var talið rétt að heimila henni að leysa sig undan atvinnubanninu með því að greiða A bætur fyrir tjón, er ætla mátti, að A hafi beðið vegna brots B á atvinnubanninu. Voru bæturnar ákveðnar 3000 kr. og skyldu greiðast innan 3 mánaða frá birtingu hæstaréttardómsins. En væru þær ekki greiddar innan þess tíma, skyldi atvinnubannið koma til framkvæmdar um eitt ár frá lokum greiðslufrests nefndra 3000 kr. 365

Atvinnuréttindi.

Bifreiðarstjórar sviptir ökuréttindum .. 65, 120, 278, 416

Félagið A hafði fengið mjólkurbú sitt löggilt sam-

kvæmt lögum nr. 1 frá 1935. Var löggildingin bundin því skilyrði samkvæmt heimild í 7. gr. laganna, að A tæki mjólk utanfélagsmanna til gerilsneyðingar fyrir gjald, er ráðherra ákvæði. A seldi síðan mjólkursamlaginu B mjólkurbúið, og hélt B rekstri þess áfram, án þess að afla sér sérstakrar löggildingar. Sagt, að þar sem B hafi rekið búið á grundvelli þeirrar löggildingar, sem A hafði fengið, og neytt réttinda þeirra, er löggildingunni fylgdu, þá hafi B jafnframt bundizt skyldu til að gerilsneyða mjólk utansamlagsmanna 109

Áverki. Sjá líkamsáverkar.

Ávísanir.

Kaupmaður (K), sem krafinn var um greiðslu viðskiptareiknings af smjörlíkisgerð (S), fékk reikninginn kvittaðan gegn afhendingu 3 ávísana, er A hafði gefið út á hendur B. Þegar S krafðist greiðslu ávísananna af B, fékk hún afsvar, með því að A ætti ekki innstæðu fyrir til greiðslu þeirra. S höfðaði þá mál gegn K og krafðist greiðslu skuldarinnar. Sagt, að ekki séu komnar fram sannanir um það, að S hafi tekið við ávísununum til fullnaðargreiðslu á skuldinni, enda verði að telja kvittun viðskiptareikningsins gefna með þeim fyrirvara, að ávísanirnar greiddust. Það kom og fram, að K hafði sjálfur krafizt greiðslu ávísananna af B, áður en hann afhenti S þær, en þá fengið afsvar sökum þess að engin innstæða hafi verið fyrir hendi. Af þessu talið mega ráða, að K hafi afhent S ávísanirnar í því skyni, að S reyndi að fá þær greiddar, ef A kynni síðar að eignast innstæðu til greiðslu þeirra. S var því ekki talinn hafa fyrirgert kröfu sinni á hendur K, þótt alllangur tími liði frá því að hann tók við ávísununum og þangað til að hann tilkynnti K, að hann myndi krefja hann um skuldina 604

Barnsfaðernismál.

K kenndi M barn sitt, er fæddist fullburða þann 23. des. 1935. Voru aðiljar sammála um það, að fundum þeirra til samfara hafi aldrei borið saman fyrr en vorið 1935, er þau dvöldust um stund í sama herbergi. K hélt því fyrst fram, að þessir samfundir þeirra hefðu gerzt um mánaðamótin apríl—maí það ár. Í framhaldsprófum eftir uppsögn héraðsdóms lýsti hún hinsvegar yfir því og hélt fast við það, að fundur þeirra til samfara hefði ekki orðið fyrr en eftir 11. maí 1935. Sú frásögn hennar lögð til grundvallar, enda ekkert fram komið því til styrktar, að nefnt atvik hafi fyrr gerzt. Með því að barn K virtist ekki geta verið komið undir eftir 11. maí 1935, þar sem meðgöngutími þess hefði þá í lengsta lagi getað numið 226 dögum, var M sýknaður af kröfum K í málinu 38

K kenndi M barn, er fæddist fullburða þann 12. sept. 1938. Samkvæmt því talið, að barnið geti verið komið undir á tímabilinu frá 6. nóv. 1937 og til 17. jan. 1938. M játaði sig hafa haft samfarir við K í okt. 1937 og í marz 1938, en aldrei þar á milli. K hélt því hinsvegar fram, að þau hafi haft samfarir öðru hvoru allt þetta tímabil. Hún kannaðist þó við að hafa haft samfarir við aðra menn í okt. 1937, og líkur komu fram fyrir því, að hún hafi verið með öðrum mönnum í des. sama ár. Með hliðsjón af þessu þótti ekki verða skorið úr um faðerni barnsins í þessu máli, heldur talið rétt að láta skyldu M til meðlagsgreiðslu velta á synjunareiði hans. M hafði krafizt ómerkingar héraðsdóms í því skyni, að rækilegri rannsókn færi fram um kynni K af öðrum mönnum á getnaðartíma barnsins. Þessari kröfu hrundið, með því að það gæti ekki orkað M skilyrðislausri sýknu, þótt sannaðar yrðu samfarir K við aðra menn á þeim tíma, enda væri þess áfram kostur, ef slíkt sannaðist, að höfða mál gegn þeim eftir kröfu M, ef hann ynni ekki eiðinn 237

Framhaldsrannsókn úrskurðuð í barnsfaðernismáli 337, 405, 497, 611

Þegar K krafðist höfðunar barnsfaðernismáls, voru liðin meira en 4 ár frá fæðingu barns hennar, og hafði hún ekki fengið málshöfðunarfrest lengdan samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 46 frá 1921, er þá var í gildi, sbr. nú 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85 frá 1936. Í hæstarétti var af hálfu M krafizt ómerkingar málsins af þessum sökum. Kröfunni hrundið, með því að slík andmæli höfðu ekki komið fram fyrir héraðsdómi og engin krafa í þessa átt verið gerð í áfrýjunarstefnu 405

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms í barnsfaðernismáli fór fram blóðrannsókn á aðiljum og barni K. Reyndist M vera af O og MN flokki, K af B og MN flokki og barnið af AB og MN flokki. Samkvæmt þessu talið sannað, að M geti ekki verið faðir barnsins, heldur hljóti það að vera maður af A eða AB flokki. Var M því sýknaður 491

Betrunarhúsvinna. Sjá refsingar.

Bifreiðaeftirlitsmenn. Sjá mat og skoðun.

Bifreiðar. Bifreiðalöggjöf.

A ók bifreið í halla niður að á, en á árbakkanum sveigðist vegurinn krappt inn með ánni. A tókst ekki að ná beygjunni, heldur ók fram af árbakkanum út í ána. Í bifreiðinni voru 4 farþegar. Drukknuðu 3 þeirra, en A tókst að bjarga sér og einum farþeganum. A kvaðst hafa ekið hægt og í 1. gíri. Hafi hann ætlað að hægja ferðina í hallanum með því að neyta hemlanna, en þeir hafi þá ekki hrifið við og þess vegna hafi honum ekki tekizt að sveigja bifreiðina nógu snemma eftir vegbugðunni. Talið, að A, sem ekið hafði yfir nokkuð djúpan poll, skömmu áður en hann kom að ánni, hefði mátt gera ráð fyrir því, að hemlaborðar bifreiðarinnar hefðu vöknað og myndu því ekki þá þegar gera sitt gagn. Honum hefði og átt að vera auðvelt, miðað við hraða

þann, sem hann sjálfur kvað hafa verið á bifreiðinni, að taka vegbeygjuna í einni atrennu, ef hann hefði gætt þess í tæka tíð. Var A talinn hafa gerzt sekur við 200. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869 og 15. sbr. 14. gr. bifreiðalaga nr. 70. frá 1931. Ökuleyfi var hann sviptur æfilangt. Við ákvörðun refsingar var honum talið til málsbóta, að hann hafði lagt sjálfan sig í verulega hættu við björgun eins farþegans 65

Bifreið, sem A var farþegi í, valt á hliðina, og hlaut A meiðsl af. Í skaðabótamáli A gegn eiganda bifreiðarinnar (B) þótti sannað, þrátt fyrir neitun B, að A hafi verið farþegi í bifreiðinni gegn borgun. Með því að ekki var upplýst, að slysið hefði hlotið að vilja til, þrátt fyrir aðgæzlu þá og varkárni, sem ökumanni var skylt að gæta, var B dæmdur til að greiða A bætur fyrir fjártjón, þjáningar og líkamslýti. Hinsvegar þótti A ekki eiga rétt til þess að fá fargjaldið endurgreitt, þótt slys þetta yrði í förinni 79

Bifreiðarstjóri dæmdur í sekt eftir áfengis- og bifreiðalögum fyrir að hafa ekið bifreið ölvaður. Hann hafði áður verið dæmdur fyrir samskonar brot, og var því sviptur ökuleyfi æfilangt 120, 416

A keypti bifreið af heildsala og greiddi mestan hluta kaupverðsins, en heildsalinn áskildi sér eignarrétt að bifreiðinni, unz hún væri að fullu greidd. A fékk bifreiðina þegar í sínar hendur, lét skrá sig eiganda hennar og keypti tryggingu fyrir hana í sínu nafni af tryggingarfélaginu B. Áður en verð bifreiðarinnar var að fullu goldið, var A á ferðalagi í henni ásamt C, er í það sinn ók bifreiðinni fyrir A. Vegna ógætilegs aksturs C valt bifreiðin, og hlaut A meiðsl af. Í máli, er A hafði höfðað gegn C, og ekkja A hafði haldið áfram eftir lát hans, voru ekkjunni dæmdar bætur úr hendi C, en þó ekki fullar, með því að A var talinn meðvaldur að slysinu. Ekkjan höfðaði nú mál gegn tryggingarfélaginu B og krafði það samkvæmt 17. gr. laga nr. 70 frá 1931 um fjárhæð þá, er C hafði verið dæmt að greiða. Sagt, að í

því sambandi, er hér skipti máli, verði að telja A hafa verið eiganda bifreiðarinnar, þegar slysið varð. En skyldutrygging samkvæmt 17. gr. laga nr. 70 frá 1931 verði ekki talin ná til tjóns á eiganda bifreiðar sjálfum, sbr. 16. gr. sömu laga. Var B því sýknað 271

Bifreiðarstjóri var ölvaður að akstri. Ók hann á gangandi vegfaranda, er féll í götuna og meiddist. Skeyfti bifreiðarstjórinn því engu og ók burtu. Þótti ekki sannað gegn neitun hans, að hann hafi orðið árekstursins var. Hlaut hann sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaganna, 5., 7. og 15. gr. bifreiðalaganna og 31. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Ennfremur var hann sviptur ökuleyfi 8 mánuði 278

Bifreiðarstjóri, er í gáleysi hafði ekið á gangandi mann og valdið dauða hans, dæmdur sekur við 200. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869. Refsingin skilorðsbundin samkvæmt lögum nr. 39 frá 1907 289

Bifreiðin A, sem var á austurleið með bát á tengivagni í eftirdragi, hafði staðnæmzt á réttri vegarbrún. Er bifreiðinni B var ekið þar fram hjá á vesturleið, gekk maður frá afturenda bátsins í veg fyrir hana, rakst á hana og hlaut af því meiðsl, er drógu hann samdægurs til dauða. Sagt, að maður þessi hafi sjálfur átt mesta sök á slysinu með ógætni sinni. En þar sem einnig var litið svo á, að nokkuð hefði skort á fulla aðgæzlu af hálfu bifreiðarstjóra B, var hann dæmdur til refsingar eftir 200. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869 og 15. sbr. 14. gr. bifreiðalaga nr. 70 frá 1931 352

A hafði keypt bifreið af B, fengið hana afhenta og tekið í notkun. B samt talinn hafa borið hina almennu eigandaábyrgð á bifreiðinni, er slys hlauzt af akstri hennar eftir afhendinguna, með því að eigandaskiptin voru þá enn eigi skráð hjá lögreglustjóra 385

Bifreiðastöðvarstjóri sendi bifreið eftir lögregluþjónum til þess að kveða niður óeirðir á bifreiða-

stöðinni. Lögregluþjónar, er við þessu urðu, létu þó bifreiðina fyrst aka sér á annan stað, þar sem þeir ætluðu að gegna skyldustörfum. Áður en þeir komust þangað, hlauzt slys af akstri bifreiðarinnar. Sagt, að bifreiðin hafi að vísu verið á ferð í þágu lögreglunnar, er slysið vildi til, en henni hafi ekki í þeirri ferð verið stofnað í neina óvenjulega hættu af hálfu lögreglunnar. Og með því að telja verði bifreiðina hafa þá verið í almennri notkun fyrir borgun, hafi eigandi hennar borið almenna ábyrgð á akstri hennar samkvæmt 16. sbr. 15. gr. laga nr. 70 frá 1931 .. 385

Björgun.

V/b Már, er metinn var til vátryggingar kr. 45000.00, var staddur á Herdísarvík, er net festust í skrúfu hans. Reyndu bátsverjar árangurslaust í 2—3 klst. að ná netunum úr skrúfunni. Báturinn var um 200 faðma undan bergi á landi uppi, og fór alda og vindur, er stóð skáhallt á land upp, vaxandi. V/b Leo kom þá þar að og dró v/b Má á öruggan stað. Þessi aðstoð metin björgun, og bjarglaun ákveðin 2000 kr. Ennfremur voru v/b Leo dæmdar kr. 3700.00 vegna veiðarfæra- og aflatjóns, en hann hafði orðið að hverfa frá netum sínum vegna björgunarstarfsins, og fundust þau ekki aftur 263

V/b Arnbjörn Ólafsson, 20 smálestir að stærð og um 30000 kr. virði, var í róðri. Um 16 sjómílur NV af Garðskaga varð vél hans ónothæf. Veður var hvasst, og sjór mikill, en fór batnandi. Náðist samband við enskan togara, sem eftir beiðni formanns vélbátsins tók bátinn í tog og dró hann til Reykjavíkur. Með tilliti til þess, að stýris-og seglaútbúnaður bátsins var í góðu lagi, var verk togarans talin aðstoð, en eigi björgun. Fékk togarinn 4500 kr. þóknun fyrir aðstoðina, tryggða með sjóveði í bátnum samkvæmt 4. tölulið 236. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914 293

V/b Jón Dan strandaði á skeri undan Gerðum í Garði síðla dags þann 7. febr. 1937. Var á SSV kaldi,

snjóél og dimmviðri. Brimsúgur var nokkur við skerið, og fór veður versnandi. Komu á vettvang tveir stórir vélbátar, A og B, og 7 smálesta „trillu"-bátur, C. Með því að stærri bátarnir gátu ekki siglt svo nærri v/b Jóni Dan, að þeir kæmu í hann dráttartaugum, var C beðinn að koma taugunum á milli. Tókst C það, en talið var, að hann hafi þá lagt sig í nokkra hættu. Bátarnir A og B drógu v/b Jón Dan síðan af skerinu, og var hann þá nokkuð brotinn og leki kominn að honum. Var verðmæti hans eftir björgunina talið 19500 kr. Samábyrgð Íslands greiddi A og B saman 3000 kr. fyrir verk þeirra, en C var neitað um laun fyrir sitt starf. Í máli eiganda C gegn eiganda v/b Jóns Dan var verk C talinn þáttur í björgunarstarfi. Sýknukrafa stefnda, sem á því var reist, að full bjarglaun hefðu þegar verið innt af hendi til bátanna A og B, ekki tekin til greina þegar af þeirri ástæðu, að formaður v/b Jóns Dan hafði beðizt aðstoðar C við björgunina. Bjarglaun til handa C ákveðin 1200 kr. 306

Brezkur togari, Lincolnshire, strandaði við Hafnarnes í Dýrafirði. Varðskipið Ægir, er þá var statt á Seyðisfirði eystra, var beðið aðstoðar. Tókst því að draga togarann á flot og koma honum til Reykjavíkur. Urðu frátafir varðskipsins vegna björgunarinnar um 8 sólarhringar. Verðmæti hins bjargaða talið 480800 kr. Bjarglaun dæmd 100000 kr. 509

E/s Súðin strandaði við Grundarfjörð, en losnaði daginn eftir sjálf af skerinu. Var þá mikill leki kominn að henni, stýri og afturstefni laskað og aðeins eitt blað eftir á skrúfunni, og þó ekki heilt. Varðskip var sent til hjálpar, og dró það Súðina til Reykjavíkur. Þetta talin björgun. Útgerð varðskipsins, er fengið hafði greiðslu fyrir hjálpina, dæmd til að greiða skipverja á varðskipinu hlutdeild hans í bjarglaunununum 581

Sagt, að skipverjar varðskips eigi ekki rétt til hlutdeildar í launum fyrir bjargaðgerðir varðskipsins, nema björgun í merkingu siglingalaganna

hafi tekizt og þóknun varðskipsins fyrir hana nemi meiru en beinum útlögðum kostnaði þess við björgunina 581

Blóðrannsókn.

Rannsakað áfengismagn í blóði bifreiðarstjóra, sem kærður var fyrir akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis 120, 278, 416

Í barnsfaðernismáli var lagt fyrir héraðsdómarann að gefa barnsmóður kost á því að leggja sig og barn sitt undir blóðrannsókn, og ef hún samþykkist það, þá að hlutast til um, að slík rannsókn fari fram á móður, barni og lýstum barnsföður 337

Við rannsókn á blóði aðilja barnsfaðernismáls og barni K reyndist M vera af O og MN flokki, K af B og MN flokki og barnið af AB og MN flokki. Samkvæmt þessu vottaði forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans, að M gæti ekki verið faðir barnsins, heldur hlyti það að vera maður af A eða AB flokki. Með skírskotun til þessarar niðurstöðu blóðrannsóknarinnar var M sýknaður af kröfu K 494

Í barnsfaðernismáli þóttu líkur benda til, að K hefði á getnaðartíma barnsins haft samfarir við nafngreindan þriðja mann. Var lagt fyrir héraðsdómarann að hlutast til um, að blóðrannsókn yrði gerð á manni þessum, sbr. 2. mgr. 214. gr. laga nr. 85 frá 1936 497

Blöð. Sjá dagblöð.

Bókhald.

Framkvæmdarstjóri hlutafélags hafði ofmetið til verðs vörur, er hann lét ganga til félagsins sem hlutafjárgreiðslu og notaði sem grundvöll undir útgáfu hlutabréfa. Hafði hann síðan tilkynnt til hlutafélagaskrár og upplýsingastofnana, að hlutafé væri að fullu greitt, og einnig skráð það í bækur og reikninga félagsins. Með því að greina þannig rangt frá inngreiddu hlutafé, var hann talinn hafa gerzt sekur við 1. tölul. 53. gr. hluta-

félagalaga nr. 77 frá 1921. Síðar hafði hann gerzt sekur um vísvitandi ranga tilgreiningu í bókum annars hlutafélags, er hann stjórnaði einnig, um aukningu hlutafjárins. Þetta brot hans talið varða við 1. tölulið 53. gr. áðurnefndra hlutafélagalaga og 7. gr. laga um verzlunarbækur nr. 53 frá 1911, sbr. 20. gr. laga nr. 62 frá 1938 146

Eftir að hlutafélag hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta árið 1932, var höfðað sakamál gegn framkvæmdastjóra þess árið 1936, m. a. fyrir að hafa gerzt sekur við 26. kap. hegningarlaganna frá 25. júní 1869 í sambandi við rekstur félagsins. Ekki talið, að hann yrði dæmdur til refsingar fyrir bókhaldsóreiðu samkvæmt 2. mgr. 264. gr. hegningarlaganna, þar sem sök myndi fyrnd eftir 67. gr. sömu laga, þótt til refsingar hefði verið unnið 146

Hlutafélag hætti störfum í ágúst 1928, en hinn 15. jan. 1932 var það tekið til gjaldþrotaskipta. Ekki talið, að það ætti að varða framkvæmdarstjóra félagsins refsiábyrgð, þótt hann gæti ekki gert grein fyrir því, hvað orðið hafi af sumum verzlunarbókum og skjölum félagsins, eftir að það hætti störfum 146

Botnvörpuveiðabrot.

Varðskip stóð brezkan togara að veiðum innan landhelgi í Garðsjó. Skipstjórinn játaði brot sitt. Var hann sektaður, og afli og veiðarfæri togarans dæmt upptækt 63

Ríkissjóður sýknaður af skaðabótakröfu vegna togaratöku utan landhelgi. Sagt, að skipherra varðskipsins, sem togarann tók, hafi haft fulla ástæðu til að stöðva hann og láta rannsaka mál skipstjóra hans, með því að miklar líkur hefðu bent til, að togarinn hefði verið að veiðum innan landhelgi. Leiði engar reglur íslenzks réttar til skaðabótaskyldu vegna töku togarans, eins og hér stóð á .. 231

Boycott. Sjá kauphömlur.

Dagblöð.

Félagið H fékk birtar í tveimur dagblöðum áskoranir til almennings um að verzla ekki við verzlunarfyrirtækið M. Tóku ritstjórar blaðanna undir áskoranir þessar og veittu þeim gengi, m. a. með óheimilum harðyrðum um M og forráðamenn þess. Með því að þessar aðgerðir þóttu ólögmætar gagnvart M, voru ritstjórar beggja blaðanna og stjórnendur H dæmdir in solidum samkvæmt kröfu M til að greiða því bætur fyrir tjón það, er talið var að M hefði orðið fyrir vegna áskorana þessara og ummæla 10

A, sem taldi ummæli í nafnlausri grein í dagblaði meiðandi fyrir sig, höfðaði mál gegn ritstjóra þess og krafðist þess að honum yrði refsað og ummælin ómerkt. Var ómerkingarkrafan tekin til greina, en sýknað af refsikröfunni 285

Dánarbætur.

A lögregluþjónn fórst af völdum bifreiðarslyss. Ekkja hans (B) krafðist dánarbóta af C, er bar eigandaábyrgð á bifreiðinni, til handa sjálfri sér, eins árs gömlu barni hennar og A og 65 ára gamalli móður A. Með því að B hafði þegar fengið sjálfrar sín vegna 3000 kr. frá tryggingarstofnun ríkisins svo og loforð um 1670 kr. árlegan lífeyri úr bæjarsjóði Reykjavíkur, sem jafngilti því, að hún fengi greitt í eitt skipti fyrir öll 31972 kr., þá var talið, að hún hafi með þessu hvorutveggja fengið jafngildi hærri fjárhæðar en unnt væri að dæma C til að greiða henni í þessu máli. Var C því sýknaður af þessum lið kröfu B. Þá hafði og barn þeirra A og B þegar fengið frá sömu stofnunum bætur og loforð um framfærslufé, sem svaraði til 3700 kr. greiðslu. Með hliðsjón af því var C dæmdur til að greiða B 1500 kr. vegna barnsins. Loks hafði móðir A fengið 1500 kr. frá tryggingarstofnun ríkisins, og þótti með hliðsjón af því hæfilegt að dæma C til að greiða B hennar vegna 2000 kr. 385

Dómar. Sbr. dómarar, endurupptaka, frávísun, heimvísun, úrskurðir, útivist aðilja.
Skilorðsbundnir refsidómar 289, 340, 474
Einn dómari hæstaréttar gerir ágreiningsatkvæði í máli ákæruvaldsins gegn tveimur mönnum út af meintu broti gegn 26. kap. hegningarlaganna frá 25. júní 1869 og lögum nr. 47 frá 1932 133
A sýknaður af skaðabótakröfu B, með því að kröfunni hafði áður verið ráðið til lykta með réttarsætt sömu aðilja í öðru máli 146
A dæmdur með hæstaréttardómi til að greiða B endurgjald fyrir erfðafestuland eftir mati 2 dómkvaddra, óvilhallra manna. Í forsendum dómsins er tekið fram, að endurgjald þetta megi ekki nema þar tiltekinni fjárhæð 222
Sagt, að sýknudómur í refsimáli gegn togaraskipstjóra, er sök sannaðist ekki á, segi ekkert um skaðabótaskyldu vegna töku togarans 231
Í opinberu máli, er dæmt var í hæstarétti árið 1937, var héraðsdómarinn vítur fyrir tiltekna ákvörðun, er gerð hafði verið í sambandi við málið. Að fengnum nýjum upplýsingum var málið endurupptekið samkvæmt 30. gr. laga nr. 112 frá 1935 að því er héraðsdómarann og valdstjórnina varðaði og forsendur hæstaréttardómsins leiðréttar 316
A dæmdur til þess að gefa út skuldabréf til handa B, nema hann synji þess með eiði, að hann hafi játazt undir að gefa bréfið út 331
A, sem hafði skuldbundið sig gagnvart B til þess að reka ekki ákveðna starfsemi, var dæmd til að greiða B 3000 kr. bætur fyrir rof á atvinnubanninu. En ef hún greiddi ekki bæturnar innan 3 mánaða frá birtingu hæstaréttardómsins, skyldi henni vera óheimilt að reka eða stunda nefnda starfsemi eitt ár, talið frá lokum greinds 3 mánaða frests 365
Viðurkenningardómur um eignarhlutföll manna í jarðartorfu 431
Fundið að því, *að* héraðsdómari hafði í niðurlagi dóms síns dæmt lögmanninn í Reykjavík persónu-

lega, án þess að nefna nafn, *að* það var tvírætt í niðurlagi dómsins, hverjum lögmaðurinn skyldi greiða, *að* dómsorð vantaði um kröfu, er í málinu hafði verið gerð á hendur ríkissjóði, og *að* láðst hafði að tiltaka vararefsingu í stað sektar, er málflutningsmanni hafði verið gert að greiða 541
Viðurkenningardómar um sjóveð 263, 293, 306, 319, 528

Dómarar.

Um meðferð héraðsdómara á kærumáli samkvæmt 199. gr. laga nr. 85 frá 1936 var að því fundið, *að* dómarinn hafði tekið eftirrit af málinu öllu, einnig því, sem í málinu gerðist eftir bókun kærukröfunnar, í stað þess að taka aðeins eftirrit af því, sem skjöl málsins og þingbækur greina um kæruefnið, eins og mælt er í 1. mgr. nefndrar 199. gr., *að* dómarinn sendi eftirrit á lausum blöðum, í stað venjulegrar afgreiðslu slíkra skjala, *að* dómarinn hafði vanrækt að leiðbeina kæranda, sem var ólöglærður maður, um kröfu og greinargerð með kærunni, og loks *að* dómarinn hafði vanrækt að afgreiða málið frá sér í 2 mánuði og 10 daga eftir bókun kærubeiðninnar. Þessi langi dráttur talinn sérstaklega vítaverður 42
Einn hinna ákærðu í sakamáli mætti sjálfur fyrir hæstarétti og krafðist þess, að einn dómendanna viki sæti í málinu. Virtist hann byggja kröfuna á því, að dómarinn hefði áður tekið þátt í uppsögn refsidóms á hendur honum og í því máli sýnt óvildarhug til hans. Með því að ekkert lá fyrir, er réttlætti kröfu þessa, var hún ekki tekin til greina 129
Árið 1937 var héraðsdómarinn A víttur í forsendum hæstaréttardóms fyrir að hafa á eindæmi sitt hlutazt til um fullnustu refsidóms áður en dómsgerðir málsins höfðu verið sendar dómsmálaráðuneytinu og þvert ofan í bann þar að lútandi í 15. gr. tilsk. frá 24. jan. 1938. Eftir uppkvaðningu hæstaréttardómsins upplýstist það, að ákvörðunin um fullnustu refsidómsins hafði ekki verið tekin af A persónulega, heldur í samtali

skrifstofumanns hans við fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík, en A var þá sökum veikinda fjarverandi embætti sínu. Eftir ósk A var málið nú endurupptekið samkvæmt 30. gr. laga nr. 112 frá 1935 að því er varðaði A og valdstjórnina. Í dómi hæstaréttar í upptökumálinu er sagt, að enda þótt A hafi ekki látið neina greinargerð fylgja opinbera málinu til hæstaréttar á sínum tíma, til afsökunar mistökum þeim, er á höfðu orðið, og að hann hafi þess vegna mátt vita, að hann sem héraðsdómari yrði látinn sæta vítum fyrir galla á meðferð málsins, eins og boðið er í 35. gr. tilsk. frá 3. júní 1796, þá eigi hann þó rétt á því að það komi í ljós, að hann hafi ekki sjálfur tekið ákvörðun þá, er að var fundið, og eigi hann ekki að sæta vítum fyrir hana. Voru forsendur hæstaréttardómsins frá 1937 leiðréttar að þessu leyti 316

Mál var höfðað fyrir sjódómi gegn skiptaráðanda f. h. þrotabús til viðurkenningar á kaupkröfu háseta og sjóveðrétti. Fundið að því, að hinn reglulegi héraðsdómari, er og var skiptaráðandi þrotabúsins, hafði vikið sæti í málinu án nægilegrar ástæðu 327

Hæstiréttur fyrirskipaði framhaldsrannsókn í barnsfaðernismáli. Jafnframt var lagt fyrir héraðsdómarann að senda hæstarétti greinargerð sína um það, á hvaða stigi vitsmunaþroska hann telji barnsmóður 337

Fundið að drætti á meðferð skiptamáls fyrir skiptarétti 486

Mál var höfðað í héraði gegn lögmanninum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs eða persónulega til greiðslu skaðabóta útaf meintri ólögmætri innsetningargerð, er fulltrúi lögmanns hafði framkvæmt. Málinu lauk í héraði með því, að lögmaðurinn var dæmdur persónulega til þess að greiða skaðabætur. Báðir aðiljar áfrýjuðu málinu. Í dómi hæstaréttar sagt, að ábyrgð á hendur héraðsdómara, en í þeirra tölu sé fógeti, verði ekki komið fram með málssókn í héraði, þegar svo sé farið, sem hér var, sbr. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Í máli þessu sé lögmaðurinn ekki bær að binda ríkissjóð. Úrlausn um bótaskyldu ríkissjóðs vegna dómaraverka hljóti auk þess að byggjast á mati á þeim verkum, og verði slík úrlausn því ekki fengin í þessu máli með málssókn í héraði. Af þessum sökum var málsmeðferð í héraði og héraðsdómur ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi að því er varðaði kröfur á hendur lögmanninum f. h. ríkissjóðs eða persónulega 541
Fundið að því, að héraðsdómari hafði í niðurlagi dóms dæmt lögmanninn í Reykjavík persónulega til skaðabótagreiðslu, án þess að nefna nafn, að það var tvírætt í niðurlagi dómsins, hverjum lögmaðurinn skyldi greiða, að dómsorð vantaði um kröfu, er gerð hafði verið í málinu á hendur ríkissjóði, og að láðst hafði að tiltaka vararefsingu í stað sektar, er málflutningsmanni var gert að greiða 541

Dómsgerðir.

Um meðferð héraðsdómara á kærumáli samkvæmt 199. gr. laga nr. 85 frá 1936 var m. a. að því fundið, að héraðsdómarinn hafði tekið eftirrit af málinu öllu, einnig því, sem í málinu gerðist eftir bókun kærukröfunnar, í stað þess að taka aðeins eftirrit af því, sem skjöl málsins og þingbækur greina um kæruefnið, og að dómarinn hafði sent eftirrit á lausum blöðum í stað venjulegrar afgreiðslu slíkra skjala 42

Dómstólar.

Tveir dómkvaddir menn höfðu metið strandað skip, er A átti, óbætandi. B, sem A hafði framselt rétt sinn til vátryggingarfjár skipsins, höfðaði mál gegn vátryggingarfélaginu og krafðist vátryggingarfjárins úr hendi þess. Með því að skoðunargerðinni var að ýmsu leyti ábótavant, þótti hún ekki verða lögð til grundvallar í málinu 5
Réttur A til skaðabóta úr hendi B talinn velta á því, hvaða lög hafi gilt um ákvæðið atriði í bænum Casablanca í frakknesku Marokko á þeim tíma, er tiltekin atvik málsins gerðust. Með því að

ekkert var upplýst í málinu um lög þessi, þótti ekki unnt að dæma um bótaskylduna að svo vöxnu máli. Var kröfu A vísað frá héraðsdómi 252
Háseti stefndi skiptaráðanda f. h. þrotabús til greiðslu kaupkröfu og viðurkenningar sjóveðréttar. Með því að ekki var sannað, að kröfunni hefði verið lýst í þrotabúið eða að skiptaráðandi hafi vísað henni til sjódóms samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga nr. 52 frá 1914, þá var málinu vísað frá héraðsdómi 327
Dómstólar telja yfirmat, er fram hafði farið samkvæmt 83. gr. sbr. 85. gr. laga nr. 61 frá 1932, framkvæmt með röngum hætti. Var það því ekki lagt til grundvallar í málinu 400
Talið rétt, að skiptaréttur úrskurðaði um upphæð kröfu dánarbús á hendur einum erfingjanna, svo og hvort honum væri heimilt að inna skuldina af hendi í skuldabréfum kreppulánasjóðs með nafnverði, með því að aðiljar urðu ásáttir um að leggja þessi ágreiningsatriði undir úrlausn skiptaréttarins 500
A krafðist þess að vera settur með beinni fógetagerð inn í umráð bátsvélar, sem var í vörzlum B. Fógeti fór í því skyni á heimili B og setti þar rétt, en með því að B var þar ekki, var gerðinni frestað og rétti slitið. Að því loknu fór fógeti þangað, sem bátinn var að finna, og lét taka tvo hluti úr vélinni til þess að fyrirgirða færslu bátsins úr stað, þar til séð yrði fyrir lok fógetagerðarinnar. Sagt, að sá þáttur, er fógetinn átti í þessum aðgerðum, hafi verið atriði í þeirri fógetagerð, er framkvæma átti samkvæmt beiðni A .. 541
Mál var höfðað í héraði gegn héraðsdómara f. h. ríkissjóðs eða persónulega til greiðslu skaðabóta út af meintri ólögmætri framkvæmd fógetagerðar. Sagt, að samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr.85 frá 1936 verði ábyrgð á hendur héraðsdómara, en í þeirra tölu sé fógeti, ekki komið fram með málssókn í héraði, þegar svo sé farið, sem hér var. Í málinu sé héraðsdómarinn ekki bær að binda ríkissjóð, og úrlausn um bótaskyldu ríkissjóðs vegna dómaraverka hljóti auk þess að byggj-

ast á mati á þeim verkum, og verði slík úrlausn ekki fengin í þessu máli með málssókn í héraði. Var málinu því vísað ex officio frá héraðsdómi að því er kröfur þessar varðaði 541

Dráttaraðstoð skips. Sjá björgun.

Eftirgrennslan brota. Sbr. blóðrannsókn, mat og skoðun, sönnun, vitni.

Kafari gefur skýrslu um ástand og legu bifreiðar, sem ekið hafði verið út í djúpa á 65
Lögreglumenn rannsaka vegsummerki á stað, þar sem bílslys hafði orðið 65, 289
Endurskoðendur rannsaka bókhald gjaldþrota fyrirtækis samkvæmt 7. gr. laga nr. 25 frá 1929 146
Húsleit gerð á heimili bónda í sveit og heimaland hans smalað sökum grunar um óheimila töku hans á sauðfé og hrossum 559

Eiður.

Í máli ungmennafélagsins A gegn B til greiðslu bóta vegna ólögmætrar uppsagnar húsnæðis leiddi A tvö vitni málsstað sínum til styrktar. B andmælti eiðfestingu vitnanna, með því að bæði væru þau félagsmenn í ungmennafélaginu og annað auk þess venzlamaður formanns félagsins, en hitt starfsmaður þess. Þessum andmælum hrundið, þar sem vitnin verði ekki talin svo við mál eða málsaðilja riðin, að úrslit þess valdi þeim eða honum því fjárhagstjóni, óhagræði eða siðferðilegum hnekki, sbr. 1. mgr. 2. tölul. 125. gr. laga nr. 85 frá 1936 sbr. við 1. tölul. 2. mgr. 127. gr. sömu laga, að ekki megi veita þeim kost á að staðfesta skýrslur sínar fyrir dómi. Þá hafði A mótmælt því, að tvö vitni, er B hafði leitt í málinu, fengju að eiðfesta skýrslur sínar, með því að þær fari í bág við skýrslur annarra vitna, sem fús séu að staðfesta sínar skýrslur. Þessa ástæðu þótti ekki unnt að taka til greina, og var vitnunum heimilað að staðfesta skýrslur sínar með eiði 42
Í barnsfaðernismáli þótti líklegt, að M hafi haft sam-

farir við K á getnaðartíma barnsins, en jafnframt voru líkur fram komnar um samfarir K við aðra menn á sama tíma. Var skylda M til greiðslu meðlags með barninu látin velta á synjunareiði hans 237

A hélt því fram, að B hefði tekið að sér að greiða kröfu, er A átti á hendur C, en B neitaði því. A studdi mál sitt einu vitni, auk þess sem eiðfest skýrsla C gekk honum í vil. Þetta ekki talin næg sönnun fyrir staðhæfingu A, en hins vegar það veigamiklar líkur taldar fram komnar til styrktar málstað hans, að úrslit málsins voru látin velta á synjunareiði B 331

Að því fundið í opinberu máli út af sviksamlegu atferli, að vitni var ekki látið staðfesta skýrslu sína með eiði 532

Eignarnám. Sjá eignarréttur.

Eignarréttur.

A átti landspilduna X við Borgarfjörð og veiðirétt í firðinum fyrir henni. B og C töldu sig báðir eiga landspilduna Y, er lá að firðinum næst fyrir vestan X. B höfðaði mál gegn A og C og gerði þá kröfu gagnvart A, að ákveðið væri með dómi, hver væru veiðimörk í firðinum milli þeirra, en gagnvart C gerði hann þá kröfu, að C væri dæmd óheimil veiði í firðinum fram undan landspildunni Y. Í málinu þótti sannað, að C væri eigandi Y. Sagt, að hafi annmarki verið á eignarheimild C í upphafi, þá hafi hann horfið við óslitið eignarhald hans á landspildunni um a. m. k. 20 ára skeið. Var C því sýknaður af kröfum B. A var einnig sýknaður, með því að B skorti aðild til að deila við hann um mörk veiðiréttindanna .. 28

Reykjavíkurbæ talið óheimilt að svipta erfðafestuhafa án endurgjalds landi hans, er verið hafði í erfðafestu frá því árið 1867. Sagt, að samþykkt bæjarstjórnar frá 17. nóv. 1904, er fylgt hafði verið óslitið til 1934, er umrætt land var tekið, hafi skapað réttmætt traust erfðafestuhafa á því, að þeir mættu halda 80% af söluverði erfðafestu-

landa, þegar þeim væri breytt í byggingarlóðir, og ákvörðun bæjarstjórnar frá 18. nóv. 1919 um það, að tiltekið gjald skuli greitt af erfðafestulöndum og eignarlöndum til götugerðar um landið, hafi ekki getað raskað því trausti 222
A keypti bifreið af heildsala og greiddi nokkurn hluta kaupverðs, en heildsalinn áskildi sér eignarrétt að bifreiðinni, unz verð hennar væri að fullu goldið. A fékk bifreiðina þegar afhenta, lét skrá sig eiganda hennar hjá lögreglustjóra og keypti tryggingu fyrir hana í sínu nafni samkvæmt 17. gr. laga nr. 70 frá 1931. Í máli út af bifreiðarslysi var A talinn bera eigandaábyrgð á bifreiðinni samkvæmt 16. gr. nefndra bifreiðalaga 271
A hafði keypt bifreið af B, fengið hana afhenta og tekið í notkun. B samt talinn hafa borið hina almennu eigandaábyrgð á bifreiðinni, er slys hlauzt af akstri hennar, með því að eigandaskiptin voru þá enn eigi skráð hjá lögreglustjóra 385
Sameigendur að jarðartorfu deila um eignarhlutföll sín í henni 431
A átti veiðirétt í á fyrir landi 4 jarða. Eigendur jarðanna töldu sig eiga rétt til innlausnar veiðiréttarins hver fyrir sinni jörð samkvæmt 3. gr. laga nr. 61 frá 1932. Eftir að veiðiréttindin höfðu verið metin yfirmati samkvæmt 3. tölul. 83. gr. sbr. 85. gr. nefndra laga og öðrum skilyrðum fyrir innlausn fullnægt, höfðuðu eigendur jarðanna mál gegn A og kröfðust þess, að hann yrði dæmdur til þess að gefa þeim afsal fyrir veiðiréttindunum gegn greiðslu frá þeim samkvæmt yfirmati. En með því að yfirmatsmenn höfðu einungis miðað mat sitt við söluverð áætlaðrar veiði að frádregnum kostnaði við að afla hennar, en ekki gert sér grein fyrir gangverði veiðiréttindanna í frjálsum kaupum, þá var mat þeirra talið byggt á röngum grundvelli, og því eigi unnt að dæma A til þess að gefa afsal samkvæmt matinu. Var A því sýknaður af kröfum gagnaðilja hans í málinu 400

Ættingjar A og lánardrottnar hans deildu að honum látnum um eignarrétt að lífsábyrgðarfé hans. Með því að A hafði skýrt lífsábyrgðarfélaginu svo frá, er hann festi kaup á tryggingunni, að féð ætti að ganga til framfærslu fjölskyldu hans, ef hann félli frá, og þessi ráðstöfun talin útiloka rétt lánardrottnanna til fjárins, sbr. 32. gr. laga nr. 19 frá 1887 og 26. gr. laga nr. 25 frá 1929, þá var fjölskyldu A dæmt féð 486

Eignaupptaka. Sjá upptaka eigna, refsingar.

Einfalt fangelsi. Sjá refsingar.

Einkasölur.

Endurgreiðslukrafa viðskiptamanna Áfengisverzlunar ríkisins á hendur henni og ríkissjóði, vegna meintrar ólöglegrar vöruálagningar, eigi tekin til greina, með því að ekki var talið, að álagningarákvæði laga hefðu verið brotin. Auk þess sagt, að ákvæði laga um hámarksálagningu á áfengisvörur hafi í öndverðu verið sett vegna viðskipta landsins við annað ríki, en ekki til verndar kaupendum hér eða neytendum 391

Embættismenn og sýslunar. Sbr. dómarar, málflutningsmenn, mat og skoðun.

Héraðslæknir ekki talinn eiga kröfu til gjalds fyrir læknisaðgerð, enda þótt hún hafi verið framkvæmd á réttan hátt, með því að framkoma læknisins gagnvart sjúklingnum og aðstandendum hans þótti hafa verið ótilhlýðileg 93

Ríkisstjórnin hafði lýst því yfir við Reykjavíkurbæ, að störf húsameistara ríkisins við byggingu sundhallar í Reykjavík skyldu látin í té án kostnaðar fyrir bæjarsjóð. Borgarstjóri Reykjavíkur hét síðar húsameistaranum sérstakri þóknun úr bæjarsjóði fyrir nefnd störf, án þess að afla sér samþykkis bæjarstjórnar til fjárveitingar þessarar. Talið að borgarstjóri hafi ekki verið bær um á eindæmi sitt að binda bæjarsjóð með sliku lof-

orði um skyldu fram, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktar nr. 68 frá 1915 124

Eftir beiðni lögreglustjórans í Reykjavík var seld á nauðungaruppboði dómskuld, er fjárnámi hafði verið tekin til tryggingar sektargreiðslu A. Uppboð þetta var síðar ómerkt í hæstarétti sökum galla á auglýsingu þess. B, sem A hafði framselt rétt sinn til dómskuldarinnar, höfðaði þá skaðabótamál á hendur lögreglustjóranum f. h. ríkissjóðs vegna hins ólögmæta uppboðs. Var stefndi sýknaður, með því að ekki þótti sannað, að sala dómskuldarinnar á hinu ólögmæta uppboði hafi valdið A eða réttartaka hans B neinu tjóni 218

Sagt, að skipherra varðskips hafi ekki farið út fyrir valdsvið sitt eða með öðrum hætti gert sig sekan um gáleysi í athöfnum sínum við töku togara, er síðar var sýknaður af kæru um ólöglegar veiðar í landhelgi. Tekið fram, að af þessu leiði, að skaðabótakrafa á hendur ríkissjóði út af togaratökunni verði ekki byggð á almennum skaðabótareglum 231

Bæjarfógeti gerði lögtak í skipi, er A átti, fyrir ýmsum skipagjöldum og lét síðan setja skipið á land upp. Lögtaksgerðinni var áfrýjað, og var hún ómerkt í hæstarétti. Lagði dómsmálaráðuneytið þá fyrir bæjarfógetann að afhenda A skipið. Krafðist A þess að fá skipið afhent á floti, en bæjarfógetinn taldi sér ekki skylt að láta setja það fram, heldur vísaði á það, þar sem það stóð uppi á landi. Í skaðabótamáli, er A höfðaði gegn ríkissjóði, var bæjarfógetinn ekki talinn hafa fullnægt þeirri skilaskyldu, er á honum hvíldi vegna töku skipsins og fyrirmæla dómsmálaráðuneytisins um afhendingu þess. Var ríkissjóður dæmdur til þess að greiða A bætur fyrir tjón það, er vanrækslan á afhendingu skipsins hafði bakað honum 242

Tveir menn veittust á opinberri samkomu að lögregluþjóni, er þar gætti reglu. Börðu þeir á lögregluþjóninum og hrundu honum út úr samkomuhús-

inu. Voru árásarmennirnir dæmdir eftir 101. sbr. 99. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869 438
Mál var höfðað í héraði gegn héraðsdómara f. h. ríkissjóðs eða persónulega til greiðslu skaðabóta vegna fógetaverks, er fulltrúi héraðsdómarans hafði framkvæmt. Málinu lauk svo í héraði, að héraðsdómarinn var dæmdur persónulega til greiðslu skaðabóta, en dómsorð skorti um kröfuna á hendur ríkissjóði. Málinu var skotið til hæstaréttar af hálfu beggja aðilja. Sagt, að samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85 frá 1936 verði ábyrgð á hendur héraðsdómara, en í þeirra tölu sé fógeti, ekki komið fram með málssókn í héraði, þegar svo sé farið, sem hér var. Héraðsdómarinn sé ekki bær að binda ríkissjóð í máli þessu, auk þess sem úrlausn um bótaskyldu ríkissjóðs vegna dómaraverka hljóti að byggjast á mati á þeim verkum, og verði því ekki fengin með málssókn í héraði í þessu máli. Var héraðsdómur og málsmeðferð í héraði því ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi að því er nefndar kröfur varðaði 541

Embættistakmörk yfirvalda.

Eftir að ríkisstjórnin hafði heitið Reykjavíkurbæ því, að störf húsameistara ríkisins við byggingu sundhallar í Reykjavík skyldu látin í té ókeypis, hét borgarstjóri Reykjavíkur húsameistaranum sérstakri þóknun úr bæjarsjóði fyrir nefnd störf, án þess að afla sér samþykkis bæjarstjórnar til fjárveitingarinnar. Talið, að borgarstjórinn hafi ekki verið bær um á eindæmi sitt að binda bæjarsjóð með slíku loforði um skyldu fram, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktar nr. 68 frá 1915 124
Sagt, að 11. gr. laga nr. 69 frá 1928 heimili smásöluálagningu á áfengi, auk heildsöluálagningar samkvæmt 7. gr. sömu laga. Ef skilja eigi 5. gr. reglugerðar nr. 67 frá 1928 svo, sem ekki þyki þó fullyrðandi, að álagningarákvæði hennar eigi einnig við smásöluálagningu, þá bryti það í bága við 11. gr. laganna og væri því ekki löglegt, þar sem

heimild laganna til smásöluálagningar verði ekki brott fellt með reglugerðarákvæði 391
Yfirmatsmenn höfðu metið endurgjald fyrir veiðiréttindi í á samkvæmt 83. sbr. 85. gr. laga nr. 61 frá 1932, vegna kröfu um innlausn veiðiréttindanna samkvæmt 3. gr. sömu laga. Með því að matsmennirnir höfðu byggt mat sitt á röngum grundvelli og ekki gert sér grein fyrir gangverði veiðiréttindanna í frjálsum kaupum, var mat þeirra að engu haft og synjað um innlausnina á þeim grundvelli 400

Embættisvottorð.

Geðveikralæknir gefur vottorð um andlega heilbrigði manns 1
Vottorð ljósmóður um að barn hafi fæðzt fullburða lagt fram í barnsfaðernismáli 38
Yfirlæknir landsspítalans og héraðslæknir gefa vottorð um meiðsli manns, er orðið hafði fyrir bifreiðarslysi 278
Læknir lætur upp álit sitt um dánarorsök manns, er orðið hafði fyrir bifreiðarárekstri 289

Endurgreiðsla.

A var farþegi í bifreið frá Reykjavík til Akureyrar. Er bifreiðin var á norðurleið í Eyjafirðinum, valt hún, og hlaut A meiðsli af, svo að förin norður varð ekki að tilætluðum notum. Eigandi bifreiðarinnar var dæmdur til þess að greiða A bætur vegna meiðslanna, en honum var ekki talið skylt að endurgreiða A fargjaldið norður 79
A krafðist endurgreiðslu frá Áfengisverzlun ríkisins á þeirri fjárhæð, er verzlunin hafði um ákveðið tímabil lagt fram yfir 75% á vín þau, er hún seldi nokkrum viðskiptamönnum sínum í smásölu, en A hafði fengið kröfur þessar framseldar sér. Taldi A hærri álagningu en 75% óheimila samkvæmt 7. gr. laga nr. 69 frá 1928 og 5. gr. reglug. nr. 67 frá 1928. Sagt, að 11. gr. laga nr. 69 frá 1928 heimili smásöluálagningu á áfengi auk heildsöluálagningar samkvæmt 7. gr. sömu laga. Ekki

sé fullyrðandi, að 5. gr. reglug. nr. 67 frá 1928 eigi einnig við smásöluálagningu, en hafi henni verið ætlað að taka einnig til smásöluálagningar og binda hámark hennar við 75%, þá hefði það brotið í bága við 11. gr. nefndra laga og því eigi verið löglegt. Ennfremur tekið fram, að ákvæðin um hámarksálagningu á áfengi, sem talið hafi verið óeftirsóknarverð munaðarvara, en ekki skattstofn, hafi í öndverðu verið sett vegna viðskipta landsins við annað ríki, en ekki í því skyni að vernda kaupendur hér né neytendur. Brot á álagningarreglunum mundi því eigi hafa skapað þeim nokkurn rétt til þess að fá endurgreitt andvirði áfengis, er þeir teldu sig hafa ofgoldið. Var kröfu A hrundið af greindum ástæðum 391

Endurskoðun.

Endurskoðendur rannsaka bókhald gjaldþrota fyrirtækis samkvæmt 7. gr. laga nr. 25 frá 1929 146

Endurupptaka.

Í refsimáli á hendur 3 mönnum, er dæmt var í hæstarétti árið 1937, var héraðsdómarinn (A) víttur fyrir það að hafa á eindæmi sitt, eftir uppsögu héraðsdómsins, hlutazt til um fullnustu refsidóms eins hinna ákærðu, áður en dómsgerðir málsins höfðu verið sendar dómsmálaráðuneytinu og þvert ofan í bann þar að lútandi í 15. gr. tilsk. frá 24. jan. 1838. Eftir uppkvaðningu hæstaréttardómsins upplýstist það, að ákvörðunin um fullnustu refsingarinnar hafði ekki verið tekin af A persónulega, heldur í samtali skrifstofumanns hans við fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík, en A var þá sökum veikinda fjarverandi embætti sínu. Eftir ósk A og tillögum hæstaréttar var leyfð endurupptaka málsins samkvæmt 30. gr. laga nr. 112 frá 1935 að því er varðaði tiltekin ummæli í forsendum hæstaréttardómsins frá 1937. Með því að endurupptökumálið varðaði skipti valdstjórnarinnar og A, var A stefnt fyrir hæstarétt af valdstjórnarinnar hálfu. Í dómi hæstaréttar í

endurupptökumálinu er sagt, að enda þótt A hafi ekki látið neina greinargerð fylgja opinbera málinu á sínum tíma til hæstaréttar til afsökunar mistökum þeim, er á höfðu orðið, og að hann hafi þess vegna mátt vita, að hann sem héraðsdómari yrði látinn sæta vítum fyrir galla á meðferð málsins, eins og boðið er í 35. gr. tilsk. 3. júní 1796, þá eigi hann þó rétt á því, að það komi í ljós, að hann hafi ekki tekið sjálfur ákvörðun þá, er að var fundið, og eigi hann ekki að sæta vítum fyrir hana. Voru forsendur hæstaréttardómsins frá 1937 leiðréttar að þessu leyti 316

Erfðafesta.

Árið 1934 ákvað Reykjavíkurbær að taka án endurgjalds erfðafestuland A, er verið hafði í erfðafestu frá því árið 1867. A höfðaði mál gegn bænum og krafðist endurgjalds fyrir landið eftir mati dómkvaddra manna. Í málinu upplýstist, að fylgt hafi verið óslitið frá 1905 til 1934 samþykkt bæjarstjórnar frá 17. nóv. 1904 um það, að erfðafestuhafar á landi bæjarins greiddu bæjarsjóði 20% af söluverði erfðafestulanda sinna, er þeim væri breytt í byggingarlóðir. Var því talið, að skapazt hafi réttmætt traust erfðafestuhafa á því, að þeir mættu sjálfir halda 80% söluverðsins, og ákvörðun bæjarstjórnar frá 18. nóv. 1919 um að leggja 2 króna gjald á hvern fermetra erfðafestulanda og eignarlanda til götugerðar um landið, hafi ekki getað raskað því trausti. Var krafa A því til greina tekin 222

Fals. Sjá skjalafals.

Fangelsi. Sjá refsingar.

Farmsamningar.

A, B og C tóku í félagi skip á leigu til farmflutnings frá Danzig til Reykjavíkur. Skyldi hver þeirra ráðstafa ⅓ af farmrými skipsins og með þeim hætti, að hagnaður eða tap skiptist milli þeirra

á sama hátt. A fyllti sinn hluta farmrýmisins, m. a. með því að heita D flutningi á 100 smálestum af vörum frá Danzig til Reykjavíkur fyrir nokkru hærra farmgjald af smálest en tekið var fyrir flutning á öðrum vörum í skipinu, og kom hagnaður af þessari ráðstöfun í hlut hvers þeirra A, B og C samkvæmt framansögðu. Skipið skildi eftir 40 smálestir af vörum D í Danzig, og kvað skipstjóri ekki hafa verið rúm í skipinu fyrir meira af vörum hans. D höfðaði þá mál gegn B og krafðist fébóta vegna vanefnda á flutningssamningi þeim, er hann hafði gert við A. Talið, að í samningi þeirra A, B og C hafi falizt umboð til handa A frá B og C til flutningssamnings þess, er A gerði við D, og hafi því sá samningur bundið þá félaga alla, enda hafi B og C samþykkt samninginn við D skilorðslaust. Og með því að ábyrgð þremenninganna á efndum samningsins við D sé solidarisk, þá hafi D getað krafið þá alla þrjá saman einn fyrir alla og alla fyrir einn, en einnig hafi honum verið heimilt að krefja hvern einstakan þeirra allra bótanna. Var B því dæmdur til að greiða D bætur fyrir það, að hann hafði orðið að greiða hærra farmgjald fyrir vörur þær, er eftir urðu, en orðið hefði eftir samningnum, svo og símskeytakostnað, er vanefndirnar höfðu bakað D. Hins vegar var bótakrafa D vegna sölutaps og vörurýrnunar ekki tekin til greina 88

Skipseigandinn A í Noregi hafði leigt skip sitt firmanu B í Noregi til 3 mánaða þann 20. jan. 1937. Þann 1. marz s. á. undirritaði skipamiðlarafirmað C í Hull f. h. A farmsamning við íslenzka firmað D um flutning saltfarms á greindu skipi frá Trapani á Sikiley til Íslands. Þann 3. apríl s. á. var sú breyting gerð á farmsamningnum, að saltið skyldi tekið í Santa Pola á Spáni í stað Trapani. Samkvæmt ákvæðum farmsamningsins galt D helming farmgjaldsins, er fermingu var lokið í Santa Pola, til skipamiðlarafirmans E í Noregi f. h. farmflytjanda. Er skipið var í Gí-

braltarsundi á leið til Íslands, var það hertekið af vopnuðu skipi Francos, er þá átti í borgarastyrjöld við stjórn Spánar. Var farið með skipið til Ceuta í spönsku Marokko, er Franco hafði á valdi sínu. Yfirvöld Francos lýstu farminn upptækan og létu skipstjórann skrifa undir skuldbindingu um að flytja hann til Casablanca í frakkneska Marokko, er var hlutlaus höfn, og afhenda hann þar tilteknum manni. Varð skipstjórinn að skrifa undir nýtt farmskírteini á nafn þessa manns og afhenda yfirvöldum Francos það. Sigldi skipið síðan til Casablanca undir eftirliti herskipa Francos, og var farminum skipað þar á land, þrátt fyrir mótmæli D. Skipið tók því næst annan saltfarm fyrir D í Cadiz á Spáni og sigldi með hann til Íslands. Er þangað kom, höfðaði D mál gegn A og krafðist fébóta, sem hér segir: 1. Vegna fjárgreiðslu, er D kvaðst hafa orðið að inna af hendi til þess að fá sig leystan frá samningi um saltkaup í Trapani. Þessi kröfuliður var ekki tekinn til greina, þegar af því, að D hafði engan fyrirvara gert um að fá þessa fjárhæð greidda, er það réðst, að saltið skyldi tekið í Santa Pola í stað Trapani. 2. Bætur vegna missis fyrirframgreidds farmgjalds fyrir saltfarm þann, er upptækur var gerður. Í málinu upplýstist, að enska miðlarafirmað C hafði aðeins haft umboð frá leigutaka skipsins B, en ekki A, til þess að semja um flutning með skipinu, og þeirri staðhæfingu A var ekki hnekkt, að norska firmað E hefði veitt farmgjaldinu móttöku fyrir hönd B. Varð skylda A til þess að bæta D missi farmgjaldsins því ekki á þeim stofni reist, að A hefði fengið farmgjaldið í sínar hendur. Ekki þótti A heldur hafa orðið ábyrgur fyrir greiðslu bóta samkvæmt þessum lið af þeim sökum, að skipstjóranum hafi orðið á nokkur handvömm, er hann skildi farminn eftir í Casablanca, með því að hann hafði þá ekki átt annars úrkosta. Var A því einnig sýknaður af þessum kröfulið. 3. Loks krafðist D bóta fyrir missi saltfarmsins svo og greiðslu ýmislegs

útlagðs kostnaðar í því sambandi. Þessi kröfuliður þótti ekki verða á því byggður fremur en 2. kröfuliðurinn, að skipstjórinn hefði gerzt sekur um vanrækslu. Hins vegar var það talið athugandi, hvort D ætti kröfu til bóta eftir reglum neyðarréttarins, með því að farmurinn hefði verið skilinn eftir í Casablanca til þess að firra skip og áhöfn viðurlögum, er þeim hefði ella verið búin að hervaldi Francos. Úrlausn þessa atriðis talin velta á því, hvort D hafi að lögum þeim, er í Casablanca giltu, þegar farmurinn var afhentur þar, talizt eigandi farmsins, þrátt fyrir upptöku hans í Ceuta og síðari ráðstafanir á honum. Í málinu var ekki upplýst, hvaða lög hefðu gilt í Casablanca í því efni, og þótti þá ekki unnt að svo vöxnu máli að leggja dóm á það, hvort A bæri að greiða D þenna kröfulið. Var honum því vísað frá héraðsdómi 252

Farmskírteini. Sjá farmsamningar.

Fasteignagjald. Sjá skattar.

Fasteignir.

Sameigendur að jarðartorfu deila um eignarhlutföll sín í henni 431

A, er selt hafði B hús sitt, talið óheimilt að flytja eftir það burt úr húsinu skáp og þvottaskál úr eldhúsi, með því að venja sé, að slíkur búnaður fylgi húsum við sölu þeirra, enda var ekki sannað, að eldhúsbúnaði þessum hafi verið svo sérstaklega háttað, að ofangreind regla hafi ekki tekið til hans, né heldur, að munir þessir hafi verið sérstaklega undan skildir við sölu hússins 553

Félög, félagsskapur. Sbr. hlutafélög, samvinnufélög.

Félagið H samþykkti að leggja kauphömlur á verzlunarfyrirtækið M. Var H talið hafa gengið lengra í framkvæmd kauphamlanna en heimilt var. Í skaðabótamáli, er M höfðaði gegn stjórnendum

H, voru þeir sökum forgöngu sinnar um hinar ólögmætu aðgerðir taldir persónulega og solidariskt ábyrgir fyrir tjóni því, er kauphömlurnar höfðu bakað M 10

Þrír aðiljar tóku í félagi skip á leigu til farmflutnings frá Danzig til Reykjavíkur. Átti hver þeirra að ráðstafa ⅓ af farmrýminu og með þeim hætti, að hagnaður og tap, ef því yrði að skipta, skiptist milli þeirra á sama hátt. Talið, að samningur, sem einn þessara aðilja gerði við A um flutning á vöru með skipinu frá Danzig til Reykjavíkur hafi bundið alla þrjá félagana in solidum. Hafi A því getað krafið þá alla þrjá saman alla fyrir einn og einn fyrir alla bóta vegna vanefnda á samningnum, en auk þess hafi hann mátt krefja hvern einstakan þeirra allra bótanna 88

A og B ráku heildverzlun í félagi á árunum 1911—1913, en eftir þann tíma rak A einn verzlunina, og virðist B þá hafa hætt öllum afskiptum af henni. Árið 1937 höfðaði B mál gegn A og krafðist reikningsskila, launa frá fyrirtækinu og arðs af því til 1937 o. fl. A var sýknaður af kröfum þessum, með því að B hefði með aðgerðaleysi sínu um allt að því aldarfjórðung fyrirgert kröfum sínum á hendur A, jafnvel þótt þær kynnu að hafa haft við rök að styðjast í öndverðu 375

Firmu. Sjá félög, félagsskapur.

Fiskveiðalög. Sjá botnvörpuveiðabrot.

Fjársvik. Sjá svik.

Flutningssamningar. Sjá farmsamningar.

Fógetagerðir. Sbr. kyrrsetning, lögtak, útburðargerðir.

Fógetaréttarmáli frestað ex officio fyrir hæstarétti og lagt fyrir fógeta samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85 frá 1936 að veita aðiljum kost á að afla framhaldsgreinargerðar fyrir fógetaréttinum 364

A seldi f. h. finnsks firma B bátsvél að áskildum eignarrétti firmans, unz andvirðið væri að fullu greitt, en A var ábyrgur gagnvart firmanu fyrir greiðslu þess. Í greiðaskyni við B tók A eigin víxil hans fyrir nokkrum hluta þeirrar upphæðar af andvirðinu, sem samkvæmt samningum átti að greiðast þegar við afhendingu vélarinnar. Vegna vanskila B bæði á greiðslu víxils þessa og öðrum eftirstöðvum vélarandvirðisins krafðist A þess, að hann væri settur inn í umráð vélarinnar með beinni fógetagerð. Var fógetaréttur settur í því skyni á heimili B af fulltrúa héraðsdómarans, en með því að B var ekki sjálfur heima, var gerðinni frestað. Fór fógeti þá þangað, sem bátinn var að finna, og lét taka tvo hluti úr bátsvélinni til þess að fyrirgirða færslu bátsins úr stað, unz séð yrði fyrir lok fógetagerðarinnar. Síðar sama dag var fógetaréttur settur á ný. Var B þá viðstaddur og upplýsti, að hann hafi fengið gjaldfrest hjá finnska firmanu fyrir milligöngu finnska ræðismannsins í Reykjavík, en þó náði sá gjaldfrestur ekki til víxilskuldarinnar. A fékk þá gerðinni frestað til næsta dags, en er henni skyldi þá fram haldið, mætti A ekki, og féll gerðin þar með niður. Lét fógetinn samdægurs setja vélarhlutina tvo aftur í vélina. B höfðaði síðan mál í héraði gegn A og héraðsdómaranum (C), er hann taldi bera ábyrgð á framkvæmd fógetagerðarinnar, og krafðist þess að A og C f. h. ríkissjóðs eða persónulega yrðu dæmdir in solidum til þess að greiða honum skaðabætur vegna nefndra fógetaaðgerða. Í héraði var A sýknaður, dómsorð skorti um kröfuna á hendur ríkissjóði, en C dæmdur persónulega til að greiða B skaðabætur. Málinu var skotið til hæstaréttar af hálfu C og B. Í dómi hæstaréttar er tekið fram, að taka hlutanna úr vélinni hafi verið atriði í þeirri fógetagerð, er framkvæma átti samkvæmt beiðni A. Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85 frá 1936 verði ábyrgð á hendur héraðsdómara, en í þeirra tölu sé fógeti, ekki komið fram með málssókn í

héraði, þegar svo sé farið, sem hér var. Í máli þessu sé C ekki bær að binda ríkissjóð. Úrlausn um bótaskyldu ríkissjóðs vegna dómaraverka hljóti auk þess að byggjast á mati á þeim verkum og verði því ekki fengin í þessu máli með málsókn í héraði. Af þessum sökum var héraðsdómur og málsmeðferð í héraði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi ex officio að því leyti sem kröfur voru gerðar á hendur C f. h. ríkissjóðs eða persónulega. Að því er varðaði skaðabótakröfu B á hendur A, þá var talið, að A hafi verið heimilt að krefjast innsetningargerðar bæði vegna vanskila á greiðslu víxilskuldarinnar og þess, að hann var ábyrgur gagnvart finnska firmanu fyrir greiðslu annarra eftirstöðva vélarandvirðisins og hafði því eigin hagsmuna að gæta, enda hafði hvorki B né firmað látið hann vita um gjaldfrest þann, sem firmað veitti fyrir milligöngu ræðismannsins. Og með því að vélinni hafði verið komið í samt lag þegar eftir að A ákvað að láta gerðina niður falla, þá var A ekki talinn hafa orðið skaðabótaskyldur gagnvart B og því sýknaður af kröfum hans 541

Foreldrar og börn. Sjá barnsfaðernismál, dánarbætur, framfærslusamningar,meðlag.

Framfæri. Sbr. meðlag.

Manni dæmd refsing eftir 10. gr. laga nr. 51 frá 1928, með því að hann neitaði að skýra frá því, af hverju hann hefði framfæri sitt 608

Framfærslusamningar.

Hjón, M og K, sem áttu 4 börn, afsöluðu tveimur sonum sínum öllum eignum sínum gegn því að andvirðið stæði inni í búi kaupenda, en vextirnir gengju til framfærslu hjónunum, meðan þau lifðu. Skyldi skipta helming andvirðisins með lögerfingjum eftir lát þess, er fyrr dæi, en hinum helmingnum eftir lát hins. M dó fyrr, og var þá hans hluta skipt meðal lögerfingja, eins og samningur

sagði til. Eftir lát annars bróðurins, er samningurinn hafði verið gerður við, samdist svo með K og þeim bróðurnum, er eftir lifði og ól önn fyrir henni, að hann skyldi auk vaxtanna af eignarhluta K eignast árlega 500 kr. af höfuðstólnum fyrir framfærslu hennar. Þegar K var látin, kom dánarbú hennar til skipta, og var þess þá krafizt af lögerfingjum, að þessi síðari samningur væri dæmdur ógildur. Þeirri kröfu hrundið, með því að K hafi ekki með upphaflega samningnum afsalað sér rétti til þess að gera að M látnum nýja ráðstöfun á eignarhluta sínum, enda gætu ákvarðanir M ekki staðið slíkum ráðstöfunum í vegi, þar sem skipti á hans eignarhluta höfðu farið eftir fyrirmælum hans. Þótti og upplýst, að K hafi verið heil á sálu, er hún gerði greinda breytingu á framfærslusamningnum 500

Frávísun.

a) Frá héraðsdómi.

Réttur A til skaðabóta úr hendi B talinn velta á því, hvort A hefði að lögum þeim, er giltu í Casablanca í frakknesku Marokko talizt eigandi farms, er þar var eftir skilinn. Með því að ekkert var upplýst í málinu um lög þessi, var kröfu A vísað frá héraðsdómi 252

Í skuldamáli var gagnstefnt í héraði út af gagnkröfu, er höfð var uppi, og krafizt skuldajafnaðar við kröfu aðalstefnanda í aðalmálinu og sjálfstæðs dóms um afgang gagnkröfunnar. Í hæstarétti var krafa aðalstefnanda í héraði tekin til greina, en gagnsök í héraði vísað frá héraðsdómi sökum ófullnægjandi málsútlistunar 300

Mál, er höfðað var fyrir sjódómi gegn þrotabúi til greiðslu hásetakaups og viðurkenningar sjóveðréttar, ómerkt ex officio og því vísað frá héraðsdómi, með því að ekki var sannað, að kröfu þeirri, er málið varðaði, hafi verið lýst í þrotabúið samkvæmt 33. sbr. 90. gr. skiptalaga nr. 3 frá 1878 og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 52 frá 1914, eða að skipta-

ráðandi hafi vísað henni til sjódóms samkvæmt nefndu ákvæði laga nr. 52 frá 1914 327
Þegar K krafðist höfðunar barnsfaðernismáls, voru liðin meira en 4 ár frá fæðingu barns hennar, og hafði hún ekki fengið málshöfðunarfrest lengdan samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 46 frá 1921, er þá var í gildi, sbr. nú 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85 frá 1936. Í hæstarétti var af hálfu M krafizt ómerkingar málsins af þessum sökum. Kröfunni hrundið, með því að slík andmæli höfðu ekki komið fram fyrir héraðsdómi og engin krafa í þessa átt verið gerð í áfrýjunarstefnu 405
Mál var höfðað í héraði gegn lögmanninum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs eða persónulega til greiðslu skaðabóta út af meintri ólögmætri framkvæmd innsetningargerðar. Málinu lauk í héraði með því, að lögmaðurinn var dæmdur persónulega til að greiða skaðabætur. Báðir aðiljar áfrýjuðu málinu. Í dómi hæstaréttar sagt, að ábyrgð á hendur héraðsdómara verði ekki komið fram með málssókn í héraði, þegar svo sé farið sem hér var. Í máli þessu sé lögmaðurinn ekki bær að binda ríkissjóð. Úrlausn um bótaskyldu ríkissjóðs vegna dómaraverka hljóti auk þess að byggjast á mati á þeim verkum, og verði slík úrlausn því ekki fengin í þessu máli með málssókn í héraði. Var af þessum sökum héraðsdómur og meðferð máls í héraði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi að því er varðaði kröfur á hendur lögmanninum f. h. ríkissjóðs eða persónulega 541

b) Frá hæstarétti.

Úrskurði héraðsdómara um staðfestingu vitnaskýrslu í einkamáli var skotið til hæstaréttar eftir reglum laga nr. 85 frá 1936 um kærur. Enda þótt engar kröfur eða greinargerð fylgdu málinu til hæstaréttar, var málinu samt ekki frávísað, með því að ráða þótti mega af líkum, í hvaða skyni úrskurðurinn var kærður 42
Dómkvaðningu matsmanna í aukarétti var áfrýjað til hæstaréttar með stefnu 16. nóv. 1937 til þing-

festingar í maí 1938. Með því að slík mál eiga að sæta kæru samkvæmt 199. gr. laga nr. 85 frá 1936, var málinu vísað ex officio frá hæstarétti sökum rangs áfrýjunarháttar 314
Fyrir hæstarétti var þess krafizt, að viðurkenndur yrði veðréttur til tryggingar skuldakröfu. Með því að kröfu þessari hafði í héraði verið vísað frá dómi, varð dómur ekki á hana lagður í hæstarétti 331
Máli vísað ex officio frá hæstarétti sökum þess að áfrýjunarleyfi var gefið út meira en 2 árum eftir upphaf áfrýjunarfrests 358

Frestir.

Opinberu máli frestað til öflunar upplýsinga .. 130, 441
Barnsfaðernismáli frestað til rækilegri rannsóknar 337, 405, 497, 611
Fógetaréttarmáli frestað ex officio fyrir hæstarétti og lagt fyrir fógeta samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85 frá 1936 að veita aðiljum kost á að afla framhaldsgreinargerðar fyrir fógetaréttinum ... 364

Fyrning refsikröfu.

Tvö hlutafélög voru tekin til gjaldþrotaskipta 15. jan. 1932. Með stefnu birtri 27. ágúst 1936 var refsimál höfðað gegn framkvæmdarstjóra og tveimur stjórnarmönnum félaganna fyrir brot gegn ákvæðum l. sbr. 39. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 25 frá 1929 og gegn einum þeirra ennfremur fyrir brot á löggjöf um verðtoll í sambandi við rekstur félaganna. Sök allra talin fyrnd samkvæmt analogíu 67. gr. hegningarlaga frá 25. júní 1869. Einn hinna ákærðu einnig sakaður um brot á 2. mgr. 264. gr. hegningarlaganna vegna óreiðu á bókhaldi annars félagsins. Sagt, að sú sök myndi einnig vera fyrnd samkvæmt 67. gr. hegningarlaganna, ef til hegningar hefði verið unnið. Sami ákærði hafði skýrt rangt og villandi frá greiddu hlutafé til hlutafélagaskrár og upplýsingastofnana og einnig hermt rangt um það í bókum og

reikningum félagsins. Brot hans talið varða við 1. tölul. 53. gr. laga nr. 77 frá 1921, og sökin ekki talin fyrnd, þar sem hún varðaði ákærða þyngri refsingu en sektum eða einföldu fangelsi 146

Gagnsakir. Sjá málasamsteypa.

Gáleysi.

Talið gáleysi af bifreiðarstjóra að treysta um of á hemla bifreiðar sinnar, skömmu eftir að hann hafði ekið yfir djúpan poll, með því að hann hafi mátt gera ráð fyrir því, að hemluborðarnir hefðu blotnað. Einnig talið, að honum hafi mjög missýnzt um það, hvernig hann átti að haga akstri sínum, er hann ætlaði að taka beygju á vegamótum á árbakka. Ók hann út af árbakkanum í ána, og drukknuðu 3 af fjórum farþegum hans. Var honum refsað eftir 200. gr. hegningarlaga frá 25. júní 1869 og 15. sbr. 14. gr. laga um bifreiðar o. fl. nr. 70 frá 1931 65

Ekki talið, að skipherra varðskips hafi gerzt sekur um gáleysi í athöfnum sínum við töku togara, er grunaður var um veiðar í landhelgi. Af því talið leiða, að skaðabótaskylda út af töku togarans verði ekki byggð á almennum skaðabótareglum 231

Skipstjóri hafði orðið að láta farm af höndum við hervald Francos á Spáni og flytja farminn síðan eftir skipun yfirvalda Francos og undir eftirliti herskipa hans til hlutlausrar hafnar og skilja hann þar eftir. Í máli farmeiganda gegn eiganda skipsins til greiðslu skaðabóta vegna missis farmsins var talið, að skipstjórinn hafi ekki gerzt sekur um vanrækslu, er hann skildi farminn eftir, með því að hann hafi ekki átt annars úrkosta, og geti því skaðabótakrafan ekki orðið á þeim stofni byggð 252

Bifreið var ekið á gangandi mann, og beið hann bana af. Aðgæzluleysi bifreiðarstjórans talið um slysið að kenna. Var hann dæmdur til refsingar eftir 200. gr. hegningarlaganna 289

Árekstur varð milli skipanna A og B. Skipstjóri A tal-

inn hafa sýnt af sér óvarkárni og eiga sök á árekstrinum 319
Bifreið rakst á mann, er gekk í veg fyrir hana, og beið hann bana af. Talið, að sá, sem fyrir slysinu varð, hafi með ógætni sinni átt mesta sök á því, en bifreiðarstjórinn hafi og sýnt nokkra óvarkárni. Var hann því dæmdur sekur við 200. gr. hegningarlaganna 352

Gjafir.

A hafði ánafnað fjölskyldu sinni líftryggingarfé sitt eftir sinn dag, en að honum látnum vildu lánardrottnar hans draga féð undir skipti á dánarbúi hans. Sagt, að ákvæði 2. málsliðs 85. gr. skiptalaga nr. 3 frá 1878 geti ekki komið lánardrottnunum að haldi í deilu þeirra við fjölskyldu A, með því að ákvæðin taki aðeins til óefndra gjafaloforða, en hér hafi allt það verið innt af hendi fyrir lát A, sem nauðsynlegt var til þess að tryggingarféð yrði greitt 486

Gjafsókn. Gjafvörn.

Gjafsóknarmál eða gjafvarnar 38, 93, 213, 271, 494
Gjafsóknarhafi eða gjafvarnarhafi dæmdur til þess að greiða gagnaðiljanum málskostnað, en þóknun skipaðs talsmanns gjafsóknarhafa eða gjafvarnarhafa dæmd úr ríkissjóði 38, 213

Gjalddagi.

Maður hafði tekið verzlunarbúð á leigu í Reykjavík, án þess að nokkuð væri samið um gjalddaga húsaleigunnar. Leigusali hélt því fram, að samkvæmt venju ætti leigan að greiðast fyrirfram. Með því að ekki þótti sannað, að venja hafi skapazt í þá átt, var talið að leigan ætti að greiðast mánaðarlega eftirá 103
Leigutaki húsnæðis undirgekkst í fógetarétti 16. febr., enda þótt honum væri það óskylt, að fara úr húsnæði sínu fyrir 20. sama mán. Þótt leigan fyrir febrúarmán. ætti samkvæmt áðurgerðum samningi aðilja að greiðast eftirá fyrir mánuð hvern,

var samt litið svo á, að leigutakinn hafi með yfirlýsingu sinni fyrir fógetaréttinum skuldbundið sig til að ljúka skiptunum og þar með greiða leigu fyrir þann hluta febrúar, sem hann hafði afnot húsnæðisins, eigi síðar en 19. febr. 103
Skuldabréf allt fallið í gjalddaga vegna vanefnda á einstökum greiðslum 443

Gjaldþrotaskipti.

Tvö hlutafélög voru tekin til gjaldþrotaskipta þann 15. jan. 1932. Í máli ákæruvaldsins, er höfðað var í ágúst 1936 gegn framkvæmdarstjóra félaganna og 2 meðstjórnendum hans, var ekki talið þurfa athugunar við, hvort þeir hefðu gerzt sekir við 1. sbr. 39. gr. laga nr. 25 frá 1929 með því að framselja ekki bú félaganna til gjaldþrotaskipta í tæka tíð, með því að sök myndi vera fyrnd eftir analogíu 67. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869 146
Eftir að hlutafélag, er fékkst við verzlunarrekstur, hafði hætt allri starfsemi í ágúst 1928, fékk framkvæmdarstjóri þess greiddar nokkrar fjárhæðir, er heyrðu félaginu til. Varði hann því til þess að greiða sumum lánardrottnum þess kröfur þeirra að fullu. Þegar bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta í jan. 1932, voru engar eignir lengur fyrir hendi. Í opinberu máli gegn framkvæmdarstjóranum, er höfðað var í ágúst 1936, var hann dæmdur sekur um refsiverða ívilnun eftir 263. gr. hegningarlaganna 146
Verzlunarhlutafélag hætti að fullu starfsemi sinni í ágúst 1928, en í jan. 1932 var bú þess tekið til gjaldþrotaskipta. Ekki talið eiga að varða framkvæmdarstjóra félagsins refsiábyrgð, þótt hann gæti ekki gert grein fyrir, hvað orðið hafi af sumum bókum og skjölum félagsins, eftir að það hætti störfum 146
Stjórnarmanni gjaldþrota félags var gefið að sök, að hann hafi með greiðslu fjögra krafna ívilnað lánardrottnum og með því gerzt sekur við 263. gr. hegningarlaganna. Einn lánardrottnanna hafði

haft tryggt skipsveð fyrir kröfu sinni, og var greiðsla til hans af þeim sökum ekki talin refsiverð. Ekki var sannað, að greiðsla hefði fram farið á tveimur ofangreindra krafna, og um fjórðu greiðsluna var þeirri staðhæfingu ákærða ekki hnekkt, að keypt hafi verið ný vél í bát félagsins, og fjárhæðin innt samtímis af hendi upp í andvirði vélarinnar. Var því sýknað af ákæru þessari 146

Eftir að rannsókn hafði fram farið út af gjaldþrotum tveggja hlutafélaga, var höfðað sakamál gegn framkvæmdarstjóra félaganna fyrir ýmislegt misferli á stjórn þeirra. Í því máli var hann dæmdur til refsingar fyrir að hafa gerzt sekur við 1. tölul. 53. gr. laga nr. 77 frá 1921 um hlutafélög og 7. gr. laga um verzlunarbækur nr. 53 frá 1911 með röngum tilkynningum til hlutafélagaskrár og upplýsingastofnana og röngum bókunum um innborgað hlutafé. Hins vegar var hann sýknaður af ákæru um bókhaldsóreiðu samkvæmt 2. mgr. 264. gr. hegningarlaganna, með því að sök myndi fyrnd eftir 67. gr. sömu laga, ef til hennar hefði verið unnið 146

A var framkvæmdarstjóri hlutafélags. Í árslok 1930, er það átti ekki lengur fyrir skuldum, lét hann það afsala sér flestum eignum þess, en tók jafnframt að sér að greiða veðskuldir þær, er á eignunum hvíldu, með samþykki veðhafa. Árið 1932 var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta, og eftir það var höfðað sakamál á hendur A, m. a. fyrir eignayfirfærslu þessa. Þar sem upplýst var, að veðskuldir þær, er á eignunum hvíldu og A tók að sér að greiða, námu hærri fjárhæð en ætla mátti, að eignirnar seldust fyrir, var litið svo á, að yfirfærslan hefði ekki valdið neinum lánardrottni tjóni og að veðhafanum hafi heldur ekki verið ívilnað með henni. Var A því sýknaður af ákærulið þessum 146

Enda þótt framkvæmdarstjóri hlutafélags, er tekið hafði verið til gjaldþrotaskipta, væri í sakamáli gegn honum út af ýmsu misferli í sambandi við stjórn hans á félaginu dæmdur til refsingar m. a.

fyrir að hafa gerzt sekur við 263. gr. hegningarlaga frá 25. júní 1869, var hann samt ekki sviptur leyfi til þess að stjórna atvinnufyrirtæki eftir 8. gr. laga nr. 25 frá 1929 146

Manni talið heimilt að ákveða, er hann keypti sér líftryggingu, að tryggingarféð skyldi að honum látnum ganga til framfærslu fjölskyldu hans og þar með vera undan aðför og öðrum aðgerðum til hagsmuna lánardrottnum hans dregið, sbr. 32. gr. aðfararlaga nr. 19 frá 1887 og 26. gr. laga nr. 25 frá 1929, enda höfðu lánardrottnar í umræddu tilfelli ekki krafizt riftingar samkvæmt gjaldþrotaskiptalögunum 486

Greiðsla.

Skuld A við dánarbú B talin hafa stofnazt árið 1920. Honum því heimilað að inna af hendi greiðslu skuldarinnar í skuldabréfum kreppulánasjóðs með nafnverði 500

Kaupmaður (K) var krafinn greiðslu viðskiptareikningsins af smjörlíkisgerð (S). Fékk K reikninginn kvittaðan gegn afhendingu þriggja ávísana, er A hafði gefið út á hendur B. Þegar S krafði B um greiðslu ávísananna, fékk hún afsvar, með því að A ætti ekki innstæðu til greiðslu þeirra. Höfðaði S þá mál gegn K og krafðist greiðslu af honum. Ekki talið sannað, að S hafi tekið við ávísununum til fullnaðargreiðslu á skuldinni, enda verði að telja kvittun viðskiptareikningsins gefna með þeim fyrirvara, að ávísanirnar greiddust. Var krafa S því til greina tekin 604

Gæzluvarðhald.

Erlendum manni (A) var bönnuð brottför úr landi, meðan refsimál, er höfðað hafði verið gegn honum, var ekki á enda kljáð. Eftir að A hafði verið sýknaður í hæstarétti af kæru hins opinbera, höfðaði hann skaðabótamál á hendur ríkissjóði út af höfðun refsimálsins og kyrrsetningu hans hér á landi, meðan á málinu stóð. Sagt, að ríkissjóður hefði ekki orðið skaðabótaskyldur, nema

skilyrði fyrir lögjöfnun frá 1. gr. laga nr. 28 frá 1893 hefðu verið fyrir hendi. Ekki þyrfti þó að athuga, hvort svo hafi verið, með því að skaðabótakrafa samkvæmt analogíu 1. gr. nefndra laga hefði verið niður fallin samkvæmt analogíu 4. gr. sömu laga, þar sem meira en ár var liðið frá því að sýknudómur í opinbera málinu gekk í hæstarétti, er skaðabótamálið var höfðað 242

Við ákvörðun refsingar tekið tillit til þess, að ákærði hafði, meðan á rannsókn málsins stóð, setið 6 mánuði í gæzluvarðhaldi 559

Hafning máls.

Mál hafið eftir ósk áfrýjanda, og stefnda dæmdar ómaksbætur 73

Hefð.

A og B töldu sig báðir eiga tvær landspildur við Borgarfjörð. A höfðaði mál gegn B og krafðist þess, að honum væri dæmt óheimilt að veiða í firðinum undan landspildum þessum. B kvaðst hafa keypt landspildurnar árið 1894 og nytjað þær síðan um 40 ára skeið, en eignarheimild sína fyrir spildunum kvað hann glataða. Með vitnaskýrslum þótti sannað, að B hafi um að minnsta kosti 20 ára skeið farið með þessar lendur sem sína eign og haft allar nytjar þeirra, sem hægt var að hafa eins og þá stóð á. Sagt, að hafi nokkur annmarki verið á eignarheimild B í upphafi, þá hafi hann horfið við óslitið eignarhald hans á landspildunum um 20 ára skeið. Var B því sagður eigandi lendnanna og veiðiréttinda, er þeim fylgdu, og sýknaður af kröfu A 28

Hegningarauki.

Með dómi hæstaréttar 10. des. 1934 var A dæmdur til refsingar fyrir fjársvik, skjalafals o. fl., en héraðsdómur í því máli var upp kveðinn 30. maí 1933. Árið 1936 var nýtt sakamál höfðað gegn A fyrir brot, er sum voru framin áður en héraðsdómur gekk í fyrra málinu, en sum síðar. Fyrir refsi-

verðan verknað, framinn fyrir 30. maí 1933, var honum í síðara málinu aðeins dæmdur hegningarauki samkvæmt 65. gr. hegningarlaga frá 25. júní 1869 146
Með héraðsdómi 2. sept. 1935, er síðar var staðfestur í hæstarétti, var A dæmdur til refsingar fyrir að hafa gerzt sekur við 250. gr. hegningarlaga frá 25. júní 1869. Árið 1939 var höfðað nýtt sakamál gegn honum fyrir samskonar brot, er sum voru framin áður en héraðsdómur gekk í fyrra málinu. Við ákvörðun refsingar var um þau brot höfð hliðsjón af 65. gr. hegningarlaganna 559

Heilbrigðismál. Sjá læknar, lækningar.

Heimvísun. Sbr. ómerking.

Dómur í landamerkjamáli ómerktur, og máli vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju 73
Í barnsfaðernismáli krafðist M ómerkingar málsins og heimvísunar til rækilegri rannsóknar, með því að líkur væru fyrir því, að K hafi haft samfarir við tvo eða fleiri karlmenn á getnaðartíma barnsins. Með því að ekki varð í málinu skorið úr um faðerni barnsins, þótti ekki næg ástæða til þess að taka þessa kröfu M til greina 237

Hilming.

A hafði stolið kjöttunnu, og var kona sú, er hann bjó með, dæmd sek við 240. gr. hegningarlaganna fyrir afneyzlu. Kona þessi var einnig uppvís að því að hafa stolið silfurrefaskinnum, en ekki þótti sannað, að A hafi gerzt sekur um hilmingu í sambandi við þann þjófnað 340
Maður var dæmdur fyrir þjófnað og óheimila töku sauðfjár og hrossa. Ekki þótti sannað, að kona, sem honum fylgdi, hafi verið í vitorði með honum, og var hún því ekki sakfelld 559

Hlutafélög.

A var eigandi verzlunarfyrirtækis. Árið 1926 gekkst hann fyrir stofnun hlutafélags, er tók við rekstri

fyrirtækis hans, eignum og skuldum. Réð A mestu um stjórn félagsins, en aðrir, er hluti áttu í félaginu, virtust hafa gerzt hluthafar að tilmælum hans og látið stjórn hans á félaginu afskiptalausa. Tilkynnt var til hlutafélagaskrár, er félagið var stofnað, og síðar til upplýsingastofnana, að hlutafé að fjárhæð 150 þús. kr. væri greitt og að heimilt væri að auka hlutaféð síðar. Samkvæmt bókum félagsins taldi A sig hafa aukið hlutaféð á árunum 1928—1930 um 100 þús. kr., og var nokkur hluti þessarar aukningar tilkynntur upplýsingastofnun, en aldrei var aukningin tilkynnt til hlutafélagaskrár. Eftir að félagið hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta árið 1932, fór fram rannsókn á rekstri þess og fjárreiðum. Árið 1936 var mál höfðað af hálfu ákæruvaldsins gegn A og meðstjórnanda hans B til refsingar fyrir misferli í sambandi við stofnun félagsins og stjórn þess. Sannaðist í málinu, að eignir fyrirtækis A, er félagið tók við, þegar það var stofnað, og notaðar voru sem grundvöllur undir útgáfu hlutabréfa að fjárhæð 150 þús. kr., höfðu verið ofmetnar um a. m. k. 80 þús. kr., og skorti því mjög á, að hlutaféð hafi verið að fullu greitt, eins og tilkynnt var. Samkvæmt bókum félagsins átti A að hafa greitt hlutafjáraukninguna, kr. 100 þús., að sumu leyti með því að taka að sér tilteknar skuldir félagsins, án þess þó að greiða þær samtímis eða fá samþykki kröfuhafa um, að félagið væri leyst undan greiðsluskyldu, að sumu leyti með því að afhenda félaginu kröfur, sem voru lítils eða einskis virði, og loks að sumu leyti með því að afhenda félaginu lélega og verðlitla muni, sem félagið hafði lítla eða enga þörf fyrir. Var talið, að slíkar greiðslur gætu ekki metizt grundvöllur undir útgáfu hlutabréfa. Með rangri tilgreiningu í bókum félagsins og röngum tilkynningum bæði um upphaflega greitt hlutafé og hlutafjáraukningu var A talinn hafa gerzt sekur við 1. tölul. 53. gr. laga um hlutafélög nr. 77 frá 1921, og þar sem brot

hans þóttu varða þyngri refsingu en sektum eða einföldu fangelsi, var sök ekki talin fyrnd að því er hann varðaði. Hins vegar var B sýknaður þegar af því, að sök hans myndi fyrnd eftir analogíu 67. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869 146

Sami maður, A, hafði árið 1926 gengizt fyrir stofnun annars hlutafélags, var einn af stjórnarmönnum þess og réð mestu um framkvæmdarstjórnina, þótt annar maður, C, væri kosinn framkvæmdarstjóri. A taldi sig hafa aukið hlutafé félagsins í árslok 1927 um 15000 kr., og skráði hann sjálfur í bækur félagsins, að fjárhæð þessi væri að fullu greidd, en C hafði annars bókhaldið á hendi. A tilkynnti aukningu þessa upplýsingastofnun einni, en ekki var hún tilkynnt til hlutafélagaskrár. Félagið var tekið til gjaldþrotaskipta árið 1932. Árið 1936 var mál höfðað af hálfu ákæruvaldsins gegn þeim A og C til refsingar fyrir misferli í sambandi við stjórn þeirra á félaginu. Í málinu sannaðist, að framangreind hlutafjáraukning var tilbúningur einn og hafði ekki við neitt að styðjast. Með vísvitandi rangri tilgreiningu í bókum félagsins og rangri tilkynningu til upplýsingastofnunar um hlutafjáraukninguna var A dæmdur sekur við 1. tölul. 53. gr. laga um hlutafélög nr. 77 frá 1921 og 7. gr. laga um verzlunarbækur nr. 53 frá 1911, sbr. 20. gr. laga nr. 62 frá 1938. Hins vegar var C sýknaður þegar af því, að sök hans myndi fyrnd samkvæmt analogíu 67. gr. hegningarlaga frá 25. júní 1869 146

A hafði gengizt fyrir stofnun hlutafélags, átti sjálfur mestalt hlutaféð og réð einn öllu um málefni félagsins. Þeir, sem hluti áttu með honum í félaginu, höfðu gerzt hlufhafar að tilmælum A og látið stjórn hans á félaginu afskiptalausa. Í opinberu máli gegn A út af ýmsu misferli í sambandi við rekstur félagsins var ekki talið, að hann hafi með hinum refsiverðu ráðstöfunum ætlað að blekkja hluthafana eða baka þeim tjón, og eigi hann því ekki að sæta refsingu af þeim sökum 146

Hlutdeild.

Þrír stjórnarmenn hlutafélaga ákærðir fyrir ýmislegt misferli í sambandi við rekstur félaganna. Einn þeirra dæmdur til refsingar, en hinir tveir sýknaðir vegna sakfyrningar 146
Maður dæmdur fyrir þjófnað og kona fyrir afneyzlu 340
Tveir menn réðust saman með líkamlegu ofbeldi á lögreglumann. Þeim báðum refsað eftir 101. sbr, 99. gr. hegningarlaganna 438
A falsaði víxla og tékka. B, er aðstoðaði A við sölu hinna fölsuðu skjala, dæmdur ásamt A fyrir fölsun sem aðalfremjandi. C aðstoðaði A einnig við sölu og veðsetningu falsaðra tékka og víxla. Þrátt fyrir neitun hans var talið víst, að honum hafi verið kunnugt um fölsun tékkanna. Var hann samkvæmt því dæmdur fyrir skjalafals sem aðalfremjandi. Hins vegar þótti ekki sannað, að hann hafi vitað um fölsun víxlanna, en með því að honum hlaut að vera ljóst, að aðstoð hans við sölu þeirra væri þátttaka í refsiverðu athæfi A, er ekki gæti verið heimildarmaður að víxlunum, þá var C dæmdur til refsingar fyrir þenna verknað sinn eftir 255. gr. sbr. við 1. málsl. 48. gr. hegningarlaganna og einnig sbr. við 46. gr. sömu laga, þar sem víxlarnir voru falsaðir og A hafði því ekki verið trúað fyrir þeim 456
A falsaði marga tékka, en B og C aðstoðuðu hann við sölu þeirra. Voru þeir allir dæmdir sekir við 271. og 277. hegningarlaganna sbr. 55. gr. þeirra. Fjórði maðurinn, er ekki tók þátt í sjálfri fölsun eða sölu tékkanna, en tók síðar við nokkru af andvirði þeirra, enda þótt honum væri kunnugt um, hvernig þess hafði verið aflað, talinn hafa gerzt sekur við 271. og 277. gr. hegningarlaganna sbr. 56. gr. þeirra 474
Maður dæmdur sekur um stórþjófnað og ólögmæta meðferð á annarra fé. Kona, er maður þessi bjó með, sýknuð af ákæru um þátttöku í brotum hans 559

Húsaleiga.

A tók verzlunarbúð á leigu af B og fékk afnot hennar þann 17. jan. 1938. Búðin hafði þá ekki verið ræst, eftir að síðasti leigutaki fluttist úr henni. Lét A ræsta og þvo búðina, og var því verki lokið þann 24. jan. Þann 16. febr. s. á. lét B kyrrsetja mestallan vöruforða A í búðinni til tryggingar húsaleigu frá 17. jan. til 1. okt. 1938, er B taldi þá alla í gjalddaga fallna vegna þess að A hafi eigi greitt honum húsaleigu fyrir jan. eða febr., er greiðast hafi átt fyrirfram. A undirgekkst þá fyrir fógetaréttinum að rýma búðina fyrir 20. febr. Með stefnu 19. febr. 1938 höfðaði B mál gegn A og krafði hann um húsaleigu fyrir tímabilið 17. jan. til 1. okt. 1938. Svo krafðist hann og staðfestingar kyrrsetningargerðarinnar. Það talin venja, að leigusali skili húsnæði hreinu í hendur nýs leigutaka, og með því að B hafi ekki gert það, hafi A mátt láta framkvæma ræstinguna á kostnað B, og hafi honum þá ekki verið skylt að greiða húsaleigu fyrr en frá næsta degi eftir að ræstingu var lokið. En með því að ræstingarkostnaður var að heita mátti jafn þeirri húsaleigu, sem A samkvæmt þessu bar að greiða fyrir jan., var hann raunverulega skuldlaus við B í janúarlok. Það var ágreiningslaust í málinu, að ekki hafi samizt svo með aðiljum, að leigan skyldi greiðast fyrirfram fyrir nokkurt tiltekið tímabil leigutímans. Og með því að ekki var upplýst, að venja hafi skapazt um fyrirframgreiðslu leigu í slíkum samböndum, þá var talið, að leiga eftir febr. hafi ekki orðið kræf fyrr en 1. næsta mánaðar. Samkvæmt þessu hafði A ekki vanefnt leigusamninginn þann 16. febr., og var kyrrsetningargerðin því úr gildi felld. Hins vegar talið, að A hafi með því að undirgangast fyrir fógetaréttinum að rýma húsnæðið fyrir 20. febr., enda þótt honum væri það óskylt, skuldbundið sig til að lúka skiptunum og þar með greiða leigu eftir þann hluta febr., sem hann hafði haft afnot húsnæðisins, eigi síðar en 19. s. m. Var leiga þessi reikn-

uð frá 1. til 16. febr. incl., með því að hin ólögmæta kyrrsetning hafði svipt A afnotum húsnæðisins eftir þann tíma. Var A dæmdur til að greiða leigu fyrir þessa daga, en að öðru leyti sýknaður af kröfum B 103

Kona ein (A) hafði íbúð á leigu í húsi B í Reykjavík. Segja mátti samningnum upp af hálfu hvors aðilja með 3 mánaða fyrirvara til 14. maí eða 1. okt. A fluttist úr íbúðinni 14. maí 1937. Uppsögn hennar frá 13. febr. s. á. talin þýðingarlaus, með því að sannað þótti, að síðar hafi samizt svo með aðiljum, að A yrði kyrr í íbúðinni, enda hafði hún þann 3. maí greitt húsaleigu fyrir allan maímánuð fyrirvaralaust. Með því að A tókst ekki að sanna, að B hafi vanefnt loforð um lagfæringu á íbúðinni, var hún samkvæmt kröfu B dæmd til þess að greiða honum húsaleigu til 1. okt. 1937 407

A kaupkona hafði íbúð á leigu í húsi B í Vestmannaeyjum. Skyldi leigan greiðast mánaðarlega eftirá. Þann 1. okt. 1938, er A var stödd í Reykjavík, bað B um útburð á henni úr íbúðinni, með því að henni hafi verið sagt upp leigunni í maí 1938. Þann 12. okt. var útburðarmálið tekið fyrir í fógetarétti, og byggði B útburðarkröfuna þá einnig á því, að A hafi enn eigi goldið leigu fyrir septembermán. Þann 13. okt. kom A aftur til Vestmannaeyja, og þann 15. s. m. greiddi hún fógeta áfallna húsaleigu fyrir sept. í því skyni að stöðva útburðargerðina. Úrskurður fógetaréttar gekk á þá leið, að A skyldi borin út úr leiguíbúðinni. A áfrýjaði málinu. Hæstiréttur taldi ekki sannað gegn mótmælum A, að henni hafi verið sagt upp húsnæðinu. Og með því að hún hafi sýnt þegar eftir heimkomu sína til Vestmannaeyja, að hana brast hvorki vilja né getu til að greiða leiguna, þá var hún ekki talin hafa fyrirgert leiguréttindum sínum með hinum óverulega greiðsludrætti. Var fógetaúrskurðurinn því úr gildi felldur og synjað um framkvæmd útburðargerðarinnar 421

A leigði B matvörubúð í húsi sínu árið 1931, en samþykkti samtímis, að B framleigði C búðina. Varð

framkvæmdin sú, að C galt A húsaleiguna og kom að öllu leyti fram gagnvart honum sem leigutaki. Árið 1935 fór C að vanefna leigugreiðslur, og jókst skuld hans smám saman fram á síðara hluta árs 1937. Höfðaði A þá mál gegn B og krafðist af honum greiðslu vangoldinnar húsaleigu. Sagt, að sökum vanefnda þeirra, er orðnar voru af hálfu C þegar í lok nóv. 1935, hefði A þurft að gera B viðvart þá þegar um vanskilin, ef hann ætlaði að halda sér að honum um greiðslu leigunnar, svo að B ætti þess þá kost að ráðstafa húsnæðinu til 14. maí 1936, er hann mátti samkvæmt samningnum löglega koma sér úr ábyrgð um það. Með aðgerðaleysi sínu um svo langan tíma hafi A firrt sig þeim rétti, er hann taldi sig hafa á hendur B um greiðslu húsaleigu. Var B því sýknaður 451

Húsleit. Sjá eftirgrennslan brota.

Iðgjöld.

Í sakamáli gegn A útaf misferli með arðmiða af hlutabréfum, krafðist B, er fyrir tjóni hafði orðið, iðgjalda. Með því að kröfu þessari þótti hafa verið ráðið til lykta áður með réttarsætt A og B í einkamáli, var A sýknaður af iðgjaldakröfunni í opinbera málinu 146

Iðgjöld dæmd í þjófnaðarmáli 340, 559

Nokkrir menn, er falsað höfðu tékka og selt þá, dæmdir í refsimáli gegn þeim til þess að greiða in solidum þremur aðiljum tjón það, er brot ákærðu hafði bakað þeim 474

Innsetningargerðir. Sjá fógetagerðir.

Ítrekun.

Bifreiðarstjóri dæmdur til refsingar fyrir ítrekað brot gegn bifreiðalögum og áfengislögum og sviptur ökuleyfi æfilangt 120, 416

Maður, er áður hafði hlotið refsidóm fyrir fjársvik og skjalafals, dæmdur á ný fyrir fjársvik o. fl. 146

Maður, er áður hafði verið refsað fyrir fjársvik, dæmdur á ný fyrir fjársvik og skjalafals 456
Tveir menn, er áður höfðu hlotið refsidóm fyrir skjalafals, dæmdir á ný fyrir sama brot 474
Maður, er 4 sinnum áður hafði hlotið refsidóm fyrir brot gegn 250. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869, dæmdur fyrir samskonar brot svo og stórþjófnað, samkvæmt 7. sbr. 8. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 1. tölul. 231. gr. hegningarlaganna 559
Maður, er 7 sinnum hafði áður hlotið refsidóm fyrir þjófnað, var nú dæmdur fyrir stórþjófnað eftir 7. sbr. 8. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 4. tölul. 231. gr. hegningarlaganna 601

Jarðir. Sjá fasteignir.

Játning. Sjá aðiljaskýrsla.

Kaup og sala. Sbr. ábyrgð, bifreiðar.
A keypti af B byggingameistara hús í smíðum, og skyldi B skila því síðar fullgerðu. Á afhendingartíma var húsið ekki fullgert, en A tók samt við því og lauk smíðinni. B dæmdur til að greiða A bætur fyrir afnotamissi hússins frá umsömdum afhendingardegi og til þess er húsið var fullgert 412
A bifreiðarstjóri keypti bílábreiðu af B kaupmanni. Taldi A lit, sem losnað hafi úr ábreiðunni, hafa spillt fiski, er hann flutti á bifreið sinni. Höfðaði hann mál gegn B og krafðist skaðabóta. Talið líklegt, að fiskurinn hafi skemmst af nefndri orsök. En með því að upplýst var, að B og fleiri kaupmenn höfðu selt samskonar ábreiður um margra ára skeið, án þess að yfir þeim væri kvartað, og að ábreiður þessar voru alþekktar meðal þeirra, er slíkar ábreiður nota, þá var talið, að B hafi mátt álíta vöru þessa hentuga til þeirrar notkunar, sem hún var ætluð til, enda hafði hann hvorki ýkt kosti né dulið ókosti hennar. Var B því ekki talinn bera ábyrgð á tjóninu og sýknaður af kröfu A 524

A, er selt hafði B hús sitt, talið óheimilt að flytja eftir það burt úr húsinu eldhússkáp og eldhúsþvottaskál, með því að venja sé, að slíkur búnaður fylgi húsum við sölu þeirra, enda ekki sannað, að eldhúsbúnaði þessum hafi verið svo sérstaklega háttað, að framangreind venja hafi ekki náð til hans, né heldur, að búnaðurinn hafi verið sérstaklega undan skilinn við sölu hússins 553

Kauphömlur.

Húsmæðrafélag Reykjavíkur (H) samþykkti á fundi að leggja kauphömlur á mjólkursamsölu í Reykjavík (M), er stofnuð hafði verið samkvæmt lögum nr. 1 frá 1935. Birti H í blöðum áskoranir til allra húsmæðra í Reykjavík um takmörkun mjólkurkaupa. M taldi sig hafa beðið tjón af kauphömlunum og höfðaði skaðabótamál gegn stjórnendum H persónulega og ritstjórum tveggja dagblaða. Talið, að H hafi með birtingu ofangreindra áskorana gengið lengra í aðgerðum sínum gagnvart M en heimilt væri og að stjórnendur H hafi með forgöngu sinni um birtingu áskorananna orðið ábyrgir fyrir því tjóni, er M kunni að hafa beðið vegna þessara aðgerða. Þá var og talið, að hinir stefndu ritstjórar hafi orðið samábyrgir stjórnendum H með því að taka undir áskoranirnar og veita þeim gengi, m. a. með óheimilum harðyrðum um M og forráðamenn hennar. Með því að fleiri ástæður þóttu liggja til þess, að úr mjólkurkaupum dró á þeim tíma, er hér skipti máli, var stefndu gert að greiða in solidum helming þess tjóns, er af minnkaðri mjólkursölu M hafði leitt frá því að kauphömlurnar hófust og þangað til málið var lagt til sátta 10

Kreppuskil.

A vélbátseigandi hafði sótt um niðurfærslu skulda sinna samkvæmt lögum nr. 99 frá 1935. Krafa á hendur honum, sem stofnuð var eftir útgáfu skuldainnköllunar, en fyrir lok innköllunarfrests, ekki talin hafa fallið niður eftir 14. gr. nefndra

laga, þótt henni væri ekki lýst til skuldaskilasjóðsins, sbr. 37. og 43. gr. laga um nauðasamninga nr. 19 frá 1924 analogice 382
Þann 18. des. 1933 sagði A sig úr útgerðarsamvinnufélagi frá næstu áramótum að telja. Ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins, er á því hvíldu 31. des. 1933, var því samkvæmt 8. gr. laga nr. 36 frá 1921 enn í gildi, er félagið þann 3. sept. 1935 baðst skuldaskila samkvæmt lögum nr. 99 frá 1935. Samkvæmt 24. gr. laga nr. 99 frá 1935 var ábyrgð A á skuldbindingum þessum talin hafa haldizt vegna skuldaskilanna og ekki vera niður fallin árið 1938, er úrlausnar var krafizt um gildi ábyrgðarinnar 443
Útgerðarsamvinnufélag hafði fengið skuldir sínar færðar niður samkvæmt lögum nr. 99 frá 1935. Félagar, er samkvæmt samþykktum félagsins ábyrgðust skuldir þess in solidum, taldir bera þá ábyrgð áfram samkvæmt 21. gr. nefndra laga .. 443

Kvittun. Sjá greiðsla.

Kynferðisbrot.

Maður gekk um drukkinn og allsnakinn á almannafæri og ónáðaði konur og börn, er þar voru stödd. Enn fremur upplýstist, að drukkinn ætti hann vanda til þess að biðja menn að flengja sig. Þá var hann og staðinn að því að fletta klæðum upp um 7 ára gamla telpu inni í húsagarði. Geðveikralæknir taldi manninn tæplega hafa óeðlilegar kynhvatir, en kvað hann mundu komast í sjúklegt ölvunarástand. Var ákærði dæmdur sekur við 186. gr. hegningarlaga frá 25. júní 1869 1

Kyrrsetning.

Kyrrsetning á eignum til tryggingar húsaleiguskuld felld úr gildi, með því að skuldin var enn eigi gjaldkræf, er kyrrsetning fór fram 314
Kyrrsetningargerð til tryggingar skaðabótakröfu staðfest 412

Kærumál.

Í rekstri einkamáls í héraði mótmælti hvor aðilja staðfestingu skýrslna vitna þeirra, er gagnaðilinn leiddi í málinu. Gekk úrskurður héraðsdóms á þá leið, að vitnum stefnda skyldi heimilt að staðfesta skýrslur sínar, en vitnum stefnanda óheimilt. Stefnandi lét þá bóka í þingbók, að hann kærði úrskurð þenna til hæstaréttar. Kröfur eða greinargerð fylgdu ekki málinu til hæstaréttar, en af skjölum málsins þótti mega ráða, að kærandi vildi fá úrskurðinn með öllu úr gildi felldan. Var málinu því eigi frávísað. Við meðferð héraðsdómarans á kærumáli þessu þótti það athugavert, *að* hann hafði tekið eftirrit af málinu öllu, einnig því, sem í því gerðist eftir bókun kærukröfunnar, í stað þess að taka aðeins ettirrit af því, „sem skjöl málsins og þingbækur greina um kæruefnið", eins og mælt er í 1. mgr. 199. gr. laga nr. 85 frá 1936, *að* dómarinn hafði sent eftirrit á lausum blöðum í stað venjulegrar afgreiðslu slíkra skjala, *að* hann hafði ekki leiðbeint kæranda, sem var ólöglærður, um kröfur og greinargerð með kærunni, og *að* hann hafði látið dragast að afgreiða málið frá sér í 2 mánuði og 10 daga eftir bókun kærukröfunnar. Þótti þessi langi dráttur sérstaklega vítaverður 42

Dómkvaðningu matsmanna í aukarétti var áfrýjað með stefnu 16. nóv. 1937 til þingfestingar í hæstarétti í maí 1938. Með því að slík mál eiga að sæta kæru samkvæmt 199. gr. laga nr. 85 frá 1936, var málinu vísað ex officio frá hæstarétti 314

Landamerkjamál.

A átti landspildu við Borgarfjörð. B og C töldu sig báðir eiga land að firðinum næst vestan við landspildu A. C höfðaði mál gegn þeim A og B. Gagnvart A gerði hann þá kröfu, að viðurkennd yrðu með dómi mörk veiðiréttinda í firðinum þeirra í milli. Gagnvart B krafðist hann þess, að honum (B) yrði dæmd óheimil veiði í firðinum framundan þrætulandi þeirra. Var mál þetta rekið í

héraði sem vettvangsmál samkvæmt III. kafla laga nr. 41 frá 1919. Með því að sannað þótti, að B væri eigandi þrætulandsins, var hann sýknaður af kröfum C. Samkvæmt því þótti C skorta aðild til að deila við A um mörk veiðiréttindanna, og var A því einnig sýknaður af kröfum hans .. 28

Með héraðsdómi í landamerkjamáli, er staðfestur var með dómi landsyfirréttarins þann 20. apríl 1891, var ákveðið örnefni lagt til grundvallar við ákvörðun landamerkja tveggja jarða. Árið 1937 greindi eigendur téðra jarða á um það, hvar örnefni þetta væri að finna. Gekk landamerkjadómur um ágreining þenna, og var málinu áfrýjað til hæstaréttar. Með því að niðurstaða landamerkjadómsins um örnefnið þótti ekki vera rétt samkvæmt sakargögnum, var hinn áfrýjaði dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju 73

Landskipti.

Jarðartorfu í sameign átti að skipta landskiptum samkvæmt lögum nr. 57 frá 1927. Með því að eigendur deildu um eignarhlutföll sín í torfunni, fengu þeir úrlausn dómstóla um þann ágreining 431

Leiðbeiningaskylda dómara.

Um meðferð dómara á kærumáli samkvæmt reglum laga nr. 85 frá 1936 um kærur var að því fundið, að dómarinn hafði vanrækt að leiðbeina aðilja, sem var ólöglærður maður, um kröfur og greinargerð með kærunni 42

Leiga. Sjá húsaleiga.

Leit. Sjá eftirgrennslan brota.

Líftrygging.

A keypti sér líftryggingu hjá lífsábyrgðarfélagi. Þegar tryggingarsamningurinn var gerður, lýsti A yfir því við félagið vegna fyrirspurnar frá því, að tryggingin ætti að vera til framfærslu fjölskyldu

hans, ef hann félli frá. Samkvæmt þessu talið, að A hafi nægilega skýrt kveðið á um það, að tryggingin skyldi keypt til framfærslu sinna nánustu, ef hann félli frá, en ekki keypt til hagsmuna lánardrottnum hans. Eftir A látinn gerðu börn hans og móðir annarsvegar og lánardrottnar hans hins vegar kröfu til líftryggingarfjárins. A talið hafa verið heimilt að kveða svo á, að féð skyldi ganga til framfærslu ættingjum hans og vera þar með undan aðför og öðrum aðgerðum til hagsmuna lánardrottnum hans dregið, sbr. 32. gr. laga nr. 19 frá 1887 og 26. gr. laga nr. 25 frá 1929, enda var riftingar á ráðstöfun þessari samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum ekki krafizt. Ákvæði 25. gr. erfðatilsk. frá 25. sept. 1850 ekki talin varða skipti erfingja og lánardrottna, og 2. málsl. 85. gr. skiptalaga nr. 3 frá 1878 ekki heldur talin geta komið lánardrottnum að haldi, með því að það ákvæði varði óefnt gjafaloforð, en hér hafi allt verið innt af hendi fyrir lát A, sem nauðsyn legt var til þess, að tryggingarféð yrði greitt. Þeirri málsástæðu lánardrottnanna, að A hafi ekki ákveðið nægilega skýrt, hverir skyldu njóta góðs af tryggingunni, hrundið, með því að A hafði átt móður á lífi og barn í vonum, er hann baðst tryggingarinnar. Var ættingjunum samkvæmt þessu dæmt tryggingarféð 486

Líkamsáverkar.

Eigandi bifreiðar dæmdur til þess að greiða konu fébætur vegna meiðsla, er hún hafði hlotið af völdum bifreiðarslyss 79

Eigandi bifreiðar var í bifreið sinni, er slys vildi til af ógætilegum akstri bifreiðarstjórans. Hlaut eigandinn allmikil meiðsl, og var bifreiðarstjórinn dæmdur til að bæta honum þau að nokkru leyti, en sjálfur var eigandinn talinn hafa átt nokkra sök á slysinu. Vátryggingarfélag það, er bifreiðin var tryggð hjá, ekki talið skylt til að greiða eigandanum bætur þær, er bifreiðarstjóranum hafði verið dæmt að greiða, með því að ábyrgð

félagsins taki ekki til tjóns á eiganda bifreiðar sjálfum 271
Bifreið var ekið á gangandi vegfaranda, og hlaut hann meiðsl af. Bifreiðarstjóranum dæmd refsing eftir áfengis- og bifreiðalögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur 278
Tveir menn ráðast á lögregluþjón, er var að skyldustarfi sínu, greiða honum höfuðhögg og hrinda honum. Ákærðu dæmdir sekir við 101. sbr. 99. gr. hegningarlaganna 438
A réðst inni í húsagarði á óeinkennisbúinn lögregluþjón, er hann þekkti, en ekki var lögregluþjónninn þá að gegna skyldustarfi. Greiddi A honum höfuðhögg, og hlaut lögregluþjónninn skrámu, er úr blæddi, kúlur á gagnauga og hnakka og glóðarauga. Þá réðst A og að öðrum manni og barði hann hnefahögg í bakið. Vottaði læknir, að blætt hefði inn í vöðva, og myndi maður þessi ekki verða vinnufær næstu 10—14 daga. Meiðsl beggja mannanna talin varða við 205. gr. almennra hegningarlaga 589

Líkur.

a) Í einkamálum.

Félag eitt ákvað að leggja kauphömlur á mólkursamsölu í Reykjavík. Birti það áskoranir til allra húsmæðra í bænum um takmörkun mjólkurkaupa, en ritstjórar tveggja dagblaða tóku undir áskoranirnar og veittu þeim gengi. Upplýst var, að dregið hafði úr mjólkursölu eftir að kauphömlurnar hófust, og var talið, að þær mundu hafa átt sinn þátt í því, að svo varð. En með því að einnig var sannað, að mjólk samsölunnar var ábótavant á þessum tíma, þótti mega rekja minnkaða mjólkursölu einnig til þeirrar orsakar. Var þeim, er ábyrgð báru á kauphömlunum, gert að greiða helming þess tjóns, er af minnkaðri mjólkursölu samsölunnar leiddi þann tíma, er kauphömlurnar stóðu 10
Eigendur jarðanna A og B deildu í landamerkjamáli um örnefni nokkurt. Hafði örnefnið verið lagt

til grundvallar við ákvörðun landamerkjadóms, er gekk í máli milli eigenda sömu jarða árið 1890. Með því að vitnaskýrsla eins dómendanna í merkjamálinu 1890 gekk eiganda jarðarinnar A í vil, og fleiri gögn þóttu styðja málstað hans, var staðhæfing hans um stað örnefnisins tekin til greina 73

Lögreglustjóri tók fjárnámi hjá A dómskuld, er A átti á hendur B, til tryggingar sektargreiðslu. Lét lögreglustjóri selja dómskuldina á uppboði, en það var síðar ómerkt í hæstarétti vegna galla á auglýsingu þess. Í máli réttartaka A á hendur ríkissjóði til skaðabótagreiðslu vegna sölu dómskuldarinnar á ólögmætu uppboði þóttu nægar líkur fram komnar fyrir því, að dómskuldin hefði ekki á löglegu uppboði, sem fram hefði farið um sömu mundir og uppboð það, sem ómerkt var, selzt hærra en sem svaraði sektarkröfunni að viðbættum kostnaði. Var ríkissjóður því sýknaður 218

K kenndi M óskilgetið barn sitt. M neitaði samförum við K á getnaðartíma barnsins, en kannaðist við að hafa átt samlag við hana skömmu fyrir og skömmu eftir getnaðartímann. Hins vegar komu og fram í málinu líkur fyrir því, að K hafi haft samfarir við aðra menn á getnaðartímanum. Var skylda M til meðlagsgreiðslu með barninu látin velta á synjunareiði hans 237

A hélt því fram, að B hefði tekið að sér að greiða kröfu, er A átti á hendur C. Studdi A mál sitt einu vitni, og auk þess gekk eiðfest skýrsla C honum í vil. Með þessu voru taldar komnar fram það veigamiklar líkur fyrir málstað A, að úrslit voru látin velta á synjunareiði B 331

A hafði ráðizt forstöðukona saumastofu, sem B átti. Meðan hún gegndi því starfi, og eftir að hún hafði fyrirhugað að setja sjálf á stofn samskonar saumastofu, misnotaði hún á ýmsan hátt bækur B, er höfðu að geyma nöfn og líkamsmál viðskiptamanna B. Var talið, að A hafi með þessu misbeitt aðstöðu sinni sér í hag, en B til óhags, og að athafnir þessar hafi verið lagaðar til að

valda B óþægindum og tjóni. Var A dæmd til að greiða B bætur, er þóttu hæfilega ákveðnar 1000 kr., sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 84 frá 1933 365

A hélt því fram, að litur hafi losnað úr bílábreiðu, er hann hafði keypt af B, og spillt fiski, er hún var breidd yfir. Vildi hann gera B ábyrgan fyrir tjóni þessu. Samkvæmt vottorði efnafræðings þótti mega ætla, að litur hafi losnað úr ábreiðunni og valdið spjöllum á fiskinum 524

A seldi B bátsvél. Sama dag gaf B út eigin víxil til handa A, og var fjárhæð hans lægri en söluverð vélarinnar. Í máli milli A og B þótti skipta máli, hvort víxillinn væri vélarkaupunum viðkomandi eða ekki. Hélt A því fram, að víxillinn hafi verið afhentur til tryggingar eftirstöðvum kaupverðsins, en B kvað A hafa lánað sér víxilupphæðina í peningum til útgerðar sinnar. Með því að skýrsla B var engum rökum studd, en skýrsla A talin hafa sennileikann með sér, var hún lögð til grundvallar 541

b) Í opinberum málum.

Eitt vitni kvaðst hafa séð A hafa í frammi ósiðlegt atferli við 7 ára gamla telpu. Sjálfur kvaðst A ekki minnast þessa, en vildi ekki fortaka það, með því að hann muni fátt af því, sem hann aðhafist drukkinn. Var hann dæmdur sekur við 186. gr. hegningarlaganna 1

A, sem var framkvæmdarstjóri hlutafélags, taldi sig hafa aukið hlutafé félagsins og greitt hlutafjáraukann með vörum. Endurskoðendur, sem rannsökuðu bókhald félagsins, eftir að það hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, fullyrtu, að engin vöruafhending til félagsins hafi átt sér stað á þessum tíma. A gat enga grein gert fyrir því, hvers konar vörur hann hefði afhent félaginu né hvaðan hann hefði fengið þær, og meðstjórnandi hans vissi ekki til þess, að A hafi afhent félaginu vörur. Samkvæmt þessu talið, að A hafi gerzt sekur um vísvitandi ranga tilkynningu um aukningu hlutafjárins 146

A var gefið það að sök, að hann hafi falsað tvo innkaupsreikninga í því skyni að komast hjá réttmætri tollgreiðslu af vörum. A kvaðst ekki muna, hvort hann hafi gert þessar breytingar á reikningunum, en taldi sennilegt, að hann eða einhver í samráði við hann hafi gert þær. Þar sem ekki lá fyrir skýlaus játning ákærða um fölsunina, og sök hans var ekki sönnuð á annan hátt, en mögguleiki á því, að aðrir hafi framkvæmt breytinguna, þá var hann sýknaður af ákærunni 146

Maður (G) og kona (M) bjuggu saman ógift. Kvöld eitt var M stödd á skrifstofu manns nokkurs (Ó), er veitti henni áfengi. Tókst henni þá að stela silfurrefsskinni, er Ó átti. Er M kom heim um kvöldið, kvaðst G hafa spurt hana að því, hvort Ó hafi gefið henni skinnið, en M hafi ekki svarað því neinu. G seldi síðar skinnið fyrir 235 kr. Ekki talið sannað gegn neitun hans, að hann hafi vitað um, að M hafði tekið skinnið ófrjálsri hendi 340

A var launalágur innheimtu- og aðstoðarmaður hjá heildverzlun, óreglusamur og mjög skuldugur í bönkum og víðar. Falsaði hann allmarga tékka og víxla, er hann seldi eða setti að tryggingu fyrir lánum. B, gamall kaupsýslumaður, hafði um langt skeið verið kunningi A og þekkt fjárreiður hans og hagi. B aðstoðaði A við sölu tveggja falsaðra víxla, er litu út sem venjulegir viðskiptavíxlar verzlunarinnar, og var nafn verzlunarinnar falsað á stað útgefanda á báðum víxlunum. Víxla þessa keypti maður einn gegn miklum afföllum. Ekki álitið sannað gegn neitun B, að honum hafi verið kunnugt um fölsun víxlanna. Hins vegar talið, að honum hafi hlotið að vera ljóst, að A myndi ekki hafa heimild heildverzlunarinnar til sölu viðskiptavíxla hennar með þessum hætti. Var verknaður B því talinn varða við 255. gr. sbr. 48. gr. og 46. gr. hegningarlaga frá 25. júní 1869. Þá hafði A falsað nafn heildverzlunarinnar undir tvær tékkávísanir. Aðstoðaði B hann við lántökur á smáum fjárhæðum, er þó varð að greiða riflega þóknun fyrir, gegn tryggingu í tékkun-

um. Þessi aðferð talin svo fjarri venju og hagsýni og yfirleitt svo fjarstæð, að ekki geti hjá því farið, að B hafi verið ljóst, að tékkarnir væru falsaðir. Fyrir þenna verknað var B því dæmdur eftir 271. gr. hegningarlaganna 456

A, er fjórum sinnum hafði hlotið dóm fyrir þjófnað og aðra óheimila töku sauðfjár og hrossa, er hann hafði slátrað og neytt í búi sínu, og síðast hafði verið dæmdur fyrir slík brot árið 1936, varð enn uppvís árið 1938 að óheimilli töku og slátrun margra kinda og hrossa. B, er verið hafði bústýra A um mörg ár og alið honum 7 börn, var ákærð fyrir samsekt eða hlutdeild í brotum A. Þótt sterkar líkur þættu vera fyrir því, að hún hafi verið í vitorði með A, voru þær samt ekki taldar nægar til að byggja á þeim sektardóm 559

Maður, er mörgum sinnum hafði verið dæmdur fyrir þjófnað, fór um þakglugga á húsi inn í lokað herbergi, stal þar nokkrum munum og fór því næst sömu leið úr húsinu aftur. Hann kvað þjófnaðarásetning fyrst hafa vaknað hjá sér, er hann var kominn inn í herbergið. Þessi frásögn hans var ekki tekin trúanleg, og brot hans færd undir 7. og 8. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 4. tölul. 231. gr. hegningarlaganna 601

Lyfsalar.

Lyfsali á Siglufirði talinn hafa rétt til að krefja sjúkrasamlag Akureyrar um andvirði lyfja, er félagsmenn sjúkrasamlagsins höfðu tekið hjá honum út í reikning þess, en þó ekki fyrir önnur lyf né hærra verði en samlagið hefði þurft að greiða, ef mennirnir hefðu veikzt á samlagssvæði Akureyrar 516

Læknar, lækningar.

Geðveikralæknir rannsakar andlega heilbrigði manns, er framið hafði kynferðisbrot undir áhrifum áfengis 1

Læknar lýsa meiðslum og andlitslýtum konu, er hún hafði hlotið af völdum bifreiðarslyss 79

A héraðslæknir krafði B gjalds fyrir ferð og læknisaðgerð í hans þágu. Enda þótt ekki lægi annað fyrir en að læknisaðgerðin hafi verið nauðsynleg og framkvæmd á réttan hátt, þá þótti samt svo mikill ljóður hafa verið á framkomu A gagnvart B og öðrum vandamönnum sjúklingsins í ferð þessari, að hann hafi með því fyrirgert rétti til launa fyrir læknisvitjunina. Var B því sýknaður af kröfum hans 93

Tveir menn, er ekki höfðu lækningaleyfi, töldu sig geta með aðstoð framliðinna manna veitt sjúkum mönnum meinabót, aðallega með fyrirbænum og snertingum á þeim stað líkama sjúklinganna, er þeir kenndu sér meins. Þessar athafnir ekki taldar varða við lög nr. 47 frá 1932 um lækningaleyfi o. fl. Ekki var sannað í málinu, að hinir ákærðu hafi aftrað nokkrum manni læknisleitunar, né að þeir hafi brotið sóttvarnarfyrirmæli eða valdið nokkrum tjóni með aðgerðum þessum. Þar sem ekki var heldur ástæða til að ætla annað en að þeir hafi sjálfir haft trú á gagnsemi aðgerða sinna, þá töldust þeir ekki hafa gerzt sekir við 26. kap. hegningarlaganna með því að taka þóknun fyrir aðgerðirnar 133

Læknar láta upp álit um meiðsl manna, er orðið höfðu fyrir bifreiðarslysi 278, 289, 352

Tveir embættislæknar láta upp skoðun sína um það, hvort bifreið, sem ekið var á mann, hefði getað greitt honum eins þungt högg og raun gaf vitni, ef henni hafi verið ekið með þeim hraða, sem bifreiðarstjórinn taldi hana hafa haft 352

Lagt fyrir héraðsdómara í barnsfaðernismáli að láta lækni rannsaka sálarþroska og andlega heilsu barnsmóður 337

Læknar lýsa líkamsáverkum tveggja manna, er orðið höfðu fyrir árás og lemstri ölvaðs manns 589

Lög, lögskýring. Sbr. venja.

Í máli, er ungmennafélag var annar aðili að, var félagsmaður í ungmennafélaginu ekki talinn svo við mál riðinn, sbr. 1. mgr. 2. tölul. 125. gr. laga

nr. 85 frá 1936 sbr. við 1. tölul. 2. mgr. 127. gr. sömu laga, að ekki mætti veita honum kost á að staðfesta fyrir dómi skýrslu, er hann hafði gefið sem vitni í málinu 42
Aðgerðir tveggja manna, er ekki höfðu lækningaleyfi, við vanheila menn, er fólgnar voru í fyrirbænum fyrir sjúklingunum og snertingum á þeim, ekki taldar varða við lög nr. 47 frá 1932 133
Stjórnarmaður gjaldþrota hlutafélags var sóttur til refsingar m. a. fyrir að hafa gerzt sekur við 26. og 27. kap. hegningarlaganna, lög um hlutafélög og lög um gjaldþrotaskipti. Þótt stefna á hendur honum viki ekki að lögum um verzlunarbækur nr. 53 frá 1911, þá var samt talið heimilt að dæma honum refsingu fyrir brot á þeim lögum, þar sem honum var ljóst, að honum var gefinn að sök í málinu verknaður sá, er við þau lög þótti varða 146
Menn voru kærðir fyrir brot á hlutafélagalögum, gjaldþrotaskiptalögum og lögum um verðtoll. Sýknað var af sumum ákæruatriðunum þegar af þeirri ástæðu, að sök myndi fyrnd samkvæmt analogiu 67. gr. hegningarlaganna. Sum brotin þóttu hinsvegar eiga að varða þyngri refsingu en sektum eða einföldu fangelsi, og var þá refsing dæmd .. 146
Stjórnarmaður fyrirtækis, er tekið hafði verið til gjaldþrotaskipta, var sóttur til sakar m. a. fyrir brot gegn hegningarlögunum og lögum um gjaldþrotaskipti nr. 25 frá 1929. Hann var m. a. dæmdur sekur við 263. gr. hegningarlaganna, en samt ekki sviptur atvinnuréttindum samkvæmt 4. mgr, 8. gr. laga um gjaldþrotaskipti 146
A hafði verið dæmd refsing í sakamáli fyrir ýmis hegningarlagabrot. Síðar var annað sakamál höfðað gegn honum fyrir brot, er sum voru framin fyrr en héraðsdómur gekk í fyrra málinu, en sum síðar. Við ákvörðun refsingar höfð hliðsjón af 65. gr. hegningarlaganna ýmist beinlínis eða analogice 146
Maður hafði í gildistíð laga um verzlunarbækur nr. 53 frá 1911 gerzt sekur við 7. gr. þeirra. Við

ákvörðun refsingar skírskotað til 20. gr. laga um bókhald nr. 62 frá 1938, sem tekið höfðu gildi, er dómur gekk 146
Heimild til útsvarsálagningar eftir a-lið 8. gr. laga nr. 46 frá 1926 talin vera háð þeim tveimur skilyrðum, að aðili hafi rekið atvinnu samkvæmt liðnum á útsvarsárinu utan heimilissveitar sinnar, sbr. niðurlag 1. gr. sömu laga, og að hann hafi þar enn heimilisfasta atvinnustofnun, er útsvarsálagning fer fram 213
Ákvæði 2. mgr. 137. gr. laga nr. 85 frá 1936 taka ekki til máls, er tekið var til dóms í héraði 16. des. 1936, sbr. c-lið 222. gr. sömu laga 222
Sagt, að engin ákvæði séu til í íslenzkum rétti um greiðslu bóta fyrir handtöku vegna refsiverðs verknaðar, sem aðili er síðan sýknaður af, enda verði bótaskyldan ekki byggð á almennum skaðabótareglum 231
Sagt, að skaðabótaregla laga nr. 28 frá 1893 um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. sé alger sérregla í íslenzkum lögum, er ekki verði notuð um handtöku vegna refsiverðs verknaðar 231
Í skaðabótamáli út af togaratöku sagt, að ekki verði staðhæft, að til hafi verið alþjóðaregla árið 1929, er setti það skilyrði fyrir lögmæti eftirfarar, að stöðvunarmerki væri gefið, áður en hún hæfist 231
Sagt, að þótt stefndi í barnsfaðernismáli sé dæmdur meðlagsskyldur, þá sé þess samt áfram kostur að höfða mál eftir kröfu hans samkvæmt 212. gr. laga nr. 85 frá 1936 gegn þeim mönnum, er sannir kynnu að reynast að samförum við barnsmóður á getnaðartíma barnsins eða líklegir til þeirra 237
Erlendur maður (A) var saksóttur fyrir meint brot á sóttvarnarlögum og meinuð brottför úr landi, meðan á rekstri málsins stóð. Í hæstarétti var hann sýknaður af kæru þessari. Í skaðabótamáli á hendur ríkissjóði út af höfðun refsimálsins var talið, að ríkissjóður hefði ekki orðið bótaskyldur eins og málinu var háttað, nema skilyrði fyrir lögjöfnun frá 1. gr. laga nr. 28 frá 1893 væru fyrir

hendi. Hvort svo hafi verið, kom þó ekki til álita, með því að slík skaðabótakrafa, þótt til hefði verið, mundi hafa verið fallin niður samkvæmt analogíu 4. gr. sömu laga, með því að meira en ár hafði liðið frá því að sýknudómur í refsimálinu gekk í hæstarétti til þess er skaðabótamálið var höfðað 242

Lögtak til tryggingar greiðslu skipagjalda var ómerkt í hæstarétti. Gerðarþoli höfðaði þá skaðabótamál í héraði á hendur ríkissjóði vegna hinnar ólögmætu lögtaksgerðar. Sagt, að þótt svo væri, að gerðarþoli hafi átt rétt til skaðabóta samkvæmt 13. gr. laga nr. 29 frá 1885, þá væri sú krafa niður fallin, þar sem hún var ekki borin fram í sambandi við áfrýjun lögtaksgerðarinnar, sbr. 11.—13. gr. nefndra lögtakslaga 242

Réttur A til skaðabóta úr hendi B talinn velta á því, hvaða lög hafi gilt um ákveðið atriði á tilteknum tíma í bænum Casablanca í frakknesku Marokko. Með því að ekkert var upplýst í málinu um lög þessi, var kröfu A vísað frá héraðsdómi 252

Skyldutrygging samkvæmt 17. gr. bifreiðalaga nr. 70 frá 1931 ekki talin ná til tjóns á eiganda bifreiðar sjálfum, sbr. 16. gr. sömu laga 271

Viðurkenndur sjóveðréttur samkvæmt 4. tölul. 236. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914 til tryggingar þóknun fyrir dráttaraðstoð skips, er veitt hafði verið eftir beiðni skipstjóra skips þess, er aðstoðar naut 293

Heimild til að taka af launum eða kaupi manns meðlagseyri með óskilgetnu barni hans talin því skilyrði bundin, að efni hans, þau sem hann hefur eftir til frjálsra umráða, séu viðhlítandi til viðurværis honum og þeim, sem dveljast á heimili hans og framfæri sitt eiga að honum, sbr. meginregluna í 59. gr. framfærslulaga nr. 135 frá 1935 og ennfremur 3. og 5. gr. bráðabirgðareglugerðar nr. 41 frá 1937 og 3. og 4. gr. laga nr. 65 frá 1938 311

Áfrýjað var dómkvaðningu matsmanna í aukarétti. Sagt, að samkvæmt 2. tölul. 198. gr. laga nr. 85

frá 1936 skuli slík mál sæta kæru eftir 199. gr. sömu laga 314
A stal landfesti frá bát og skildi hann eftir lausan á sjónum. Enda þótt festin væri eigi 30 kr. virði og eigandi hennar hefði eigi krafizt refsingar fyrir stuldinn, var A samt, vegna þess að kæruleysi hans um bátinn þótti þyngja sök hans, dæmdur til refsingar samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51 frá 1928 340
Sá 2 ára tími, er veita má áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. málslið 2. mgr. 197. gr. laga nr. 85 frá 1936 talinn hefjast á sama tíma sem hinn venjulegi áfrýjunarfrestur samkvæmt 1. mgr. 197. gr. 358
Fógetaréttarmáli var áfrýjað. Hæstiréttur frestaði málinu ex officio og lagði fyrir fógeta samkvæmt analogiu 120. gr. laga nr. 85 frá 1936 að veita aðiljum kost á að afla framhaldsgreinargerðar fyrir fógetaréttinum 364
Metið samkvæmt 37. gr. laga nr. 7 frá 1936, hversu lengi samningsbundið atvinnubann megi standa 365
Skaðabætur ákveðnar með hliðsjón af 16. gr. laga nr. 84 frá 1933 365
Eftir að síðasta áskorun til skuldheimtumanna A um kröfulýsingar til stjórnar skuldaskilasjóðs samkvæmt lögum nr. 99 frá 1935 hafði verið birt, stofnaði A til skuldar við B. Krafa B, sem ekki var lýst til stjórnar sjóðsins, ekki talin hafa fallið niður eftir 14. gr. laga nr. 99 frá 1935, sbr. lög um nauðasamninga nr. 19 frá 1924 37. og 43. gr. analogice 382
Sagt, að 11. gr. laga nr. 69 frá 1928 heimili smásöluálagningu á áfengisvörur auk heildsöluálagningar samkvæmt 7. gr. sömu laga. Heimild til smásöluálagningar samkvæmt 11. gr. verði ekki brott fellt með reglugerðarákvæði. Ekki sé fullyrðandi, að 5. gr. reglugerðar nr. 67 frá 1928 eigi við álagningu í smásölu, en hafi henni verið ætlað að ná til smásöluálagningar, þá brjóti hámarksákvæði hennar í bága við 11. gr. laganna, og sé því eigi löglegt 391
Ákvæði laga nr. 69 frá 1928 um hámark álagningar

á áfengisvörur sögð hafa verið sett í öndverðu vegna viðskipta landsins við önnur ríki, sbr. 3. gr. laga nr. 3 frá 1923, en ekki til verndar kaupendum eða neytendum áfengis. Hefði því brot á reglunum ekki skapað þeim rétt til að fá endurgreitt andvirði áfengis, er þeir teldu sig hafa ofgoldið 391

Barnsfaðernismál var höfðað meira en 4 árum frá fæðingu barnsins, án þess að málshöfðunarfrestur hefði verið lengdur, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 46 frá 1921 og 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85 frá 1936. Í hæstarétti krafðist M ómerkingar af þessum sökum. Kröfunni hrundið, með því að hann hafði hvorki hreyft þessu atriði í héraði né gert ómerkingarkröfu í áfrýjunarstefnu 405

Félagar í útgerðarsamvinnufélagi, er báru ábyrgð in solidum á skuldbindingum þess, taldir halda áfram að bera slíka ábyrgð samkvæmt 21. gr. laga nr. 99 frá 1935 eftir að félagið hafði fengið skuldir sínar færðar niður eftir þeim lögum 443

A aðstoðaði B við sölu víxla ,er B hafði falsað. Sagt, að ekki sé sannað, að A hafi verið kunnugt um fölsun víxlanna. Hins vegar hafi honum hlotið að vera ljóst, að A væri ekki heimilt að selja þá, með því að þeir litu út fyrir að vera eign húsbónda B. Var A dæmd refsing eftir 255. sbr. 48. gr. hegningarlaganna og einnig sbr. við 46. gr. sömu laga, með því að B hafði í raun réttri ekki verið trúað fyrir víxlunum 456

Stefna á hendur manni í opinberu máli veik aðeins að 23. og 27. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 51 frá 1928. Samt þótti mega dæma hann eftir 250. gr. hegningarlaganna með því að hann gat ekki gengið þess dulinn, að hann var sóttur til refsingar fyrir verknað þann, er við þá grein þótti varða 474

A falsaði og seldi tékka. Afhenti hann síðar B nokkuð af andvirðinu. B, sem kunnugt var um, hvernig fé þetta var fengið, hagnýtti sér það. Var hann dæmdur sekur við 271. og 277. gr. hegningarlaganna, sbr. við 56. gr. þeirra 474

A sendi B happdrættismiða og bað hann um að framlengja miðann. Þeirri staðhæfingu B, að ekkert framlengingargjald hafi fylgt miðanum, var ekki hnekkt. B gaf þriðja manni miðann án heimildar frá A. Þessi verknaður B talinn varða við 259. gr. hegningarlaganna 532

Löghald. Sjá kyrrsetning.

Lögnám. Sjá eignarnám.

Lögregla.

Lögregluþjónar höfðu lagt fyrir leigubifreið að aka með sig til staðar, þar sem þeir ætluðu að gegna skyldustörfum. Þótt ekkert hefði verið minnzt á greiðslu fyrir aksturinn, var bifreiðin samt talin hafa verið á ferð í almennri notkun fyrir borgun, og þar sem henni var ekki í þessari ferð stofnað af hálfu lögreglunnar í neina sérstaka hættu, var eigandi hennar talinn hafa borið ábyrgð á henni í ferðinni samkvæmt 16. sbr. 15. gr. laga nr. 70 frá 1931 385

Tveir menn, er beittu lögregluþjón ofbeldi, dæmdir til refsingar samkvæmt 101. sbr. 99. gr. hegningarlaganna 438

Lögreglusamþykktir.

Bifreiðarstjóri dæmdur til greiðslu sektar samkvæmt 43. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930 fyrir að hafa ekið ljóslausri bifreið 120

Bifreiðarstjóri dæmdur til greiðslu sektar samkvæmt 31. og 46. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930 fyrir of hraðan akstur og fyrir að hafa ekið á hægra helmingi akbrautar 278

Maður dæmdur til refsingar m. a. fyrir brot gegn ákvæðum 3. og 7. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930 fyrir ölvun og óspektir á almannafæri 589

Lögtak.

Lögtak var gert í skipi til tryggingar greiðslu skipagjalda. Lögtaksgerðinni var áfrýjað, og felldi

hæstiréttur hana úr gildi. Eigandi skipsins höfðaði þá mál í héraði á hendur ríkissjóði og krafðist bóta fyrir tjón það, er hið ólögmæta lögtak hafi bakað honum. Sagt, að þótt svo væri, að eigandi skipsins hefði átt rétt til bóta samkvæmt 13. gr. lögtakslaga nr. 29 frá 1885 vegna ólögmætis lögtaksgerðarinnar, þá væri sú krafa fallin niður, þar sem hún var ekki borin fram í sambandi við áfrýjun lögtaksgerðarinnar, sbr. 11.—13. gr. sömu laga. Var ríkissjóður þegar af þessari ástæðu sýknaður af kröfunni 242

Bæjarfógeti gerði lögtak í skipi, er A átti, fyrir ýmsum skipagjöldum og lét síðan setja skipið á land upp. Lögtaksgerðinni var áfrýjað, og var hún ómerkt í hæstarétti. Lagði dómsmálaráðuneytið þá fyrir bæjarfógetann að afhenda A skipið. Krafðist A þess að fá skipið afhent á floti, en bæjarfógetinn taldi sér ekki skylt að láta setja það fram, heldur vísaði á það, þar sem það stóð á landi uppi. Í skaðabótamáli, er A höfðaði gegn ríkissjóði, var bæjarfógetinn ekki talinn hafa fullnægt þeirri skilaskyldu, er á honum hvíldi vegna töku skipsins og fyrirmæla dómsmálaráðuneytisins um afhendingu þess. Var ríkissjóður dæmdur til að greiða A bætur og tekið fram, að ákvæði 11.—13. gr. lögtakslaga nr. 29 frá 1885 taki ekki til þessa tilviks, sem gerðist eftir að lögtaksgerðin var ómerkt í hæstarétti 242

A, sem greiða átti meðlag með óskilgetnu barni sínu, mótmælti því, að lögtak væri gert í kaupi hans fyrir meðlagsgreiðslum, með því að hann væri ekki aflögufær frá heimili sínu. Sagt, að heimild til þess að taka meðlagið af kaupi A verði að teljast því skilyrði bundin, að efni hans, þau sem hann hefur eftir til frjálsra umráða, séu viðhlítandi til viðurværis honum og þeim, sem dveljast á heimili hans og framfærslu eiga að honum, sbr. meginregluna í 59. gr. laga nr. 135 frá 1935 og ennfremur 3. og 5. gr. reglug. nr. 41 frá 1937 og 3. og 4 gr. laga nr. 65 frá 1938. Með því að A var talinn aflögufær, var lögtakið heimilað 311

Málasamsteypa.

a) Einkamál.

I. Kröfusamlag.

1. Kröfusamlag af hálfu sækjanda.

Krafizt dóms fyrir skuld og staðfestingar á kyrrsetningargerð 103, 412

Úrskurði í lögtaksmáli og lögtaksgerð áfrýjað saman 349

Úrskurði í útburðarmáli og útburðargerð áfrýjað saman 421

Þremur skiptaréttarúrskurðum áfrýjað saman 500

Mál til refsingar fyrir meiðyrði og ómerkingar þeirra 285

A krefst skaðabóta af B út af vinnusambandi og dómsviðurkenningar um, að B hafi með samningi við A takmarkað atvinnufrelsi sitt 365

Ýmsar fjárkröfur sóttar í sama máli 109, 242, 375, 382, 385, 581

2. Gagnkröfur.

Leigutaki húsnæðis krafinn um húsaleiguskuld. Gagnkrafa hans út af hreingerningu á hinu leigða húsnæði, er hann hafði tekið við óhreinu af fyrri leigutaka, tekin til greina án gagnstefnu 103

Í skuldamáli í héraði gagnstefndi aðalstefndur til greiðslu hærri skuldar en hann var krafinn um. Í hæstarétti var gagnsök í héraði vísað frá héraðsdómi sökum ófullnægjandi greinargerðar 300

Gagnkröfur hafðar uppi í skiptarétti gagnvart kröfuhafa í dánarbúi 595

Dómi áfrýjað af hendi beggja aðilja 10, 28, 53, 293, 365, 451, 509, 541

II. Aðiljasamlag.

1. Sóknaraðilja.

A átti veiðiréttindi í á fyrir landi fjögra jarða. Eigendur jarðanna töldu sig fullnægja skilyrðum fyrir innlausn veiðiréttindanna samkvæmt 3. gr. laga nr. 61/1932. Höfðuðu þeir saman mál gegn A og kröfðust þess, að hann yrði dæmdur til að gefa út til þeirra hvers um sig afsal að veiðiréttindum hverr-

ar jarðar um sig gegn greiðslum frá þeim samkvæmt yfirmati, er fram hafði farið .. 400
Móðir A og barnsmóðir hans fyrir hönd óskilgetinna barna sinna og hans sækja saman dánarbú A til afhendingar á líftryggingarfé hans, er runnið hafði til dánarbúsins og skuldheimtumenn þess töldu eiga að ganga til greiðslu á kröfum þeirra 486
2. Varnaraðilja.
Ritstjóri dagblaðsins A, tveir ritstjórar dagblaðsins B og stjórnendur félags sóttir saman í máli til greiðslu fébóta in solidum fyrir ummæli um stefnanda og áskoranir til manna um að verzla ekki við hann 10
A átti landspildu við Borgarfjörð (Hvítá). B og C töldu sig báðir eiga land að firðinum (ánni), næst vestan við landspildu A, og hafði C leigt D rétt til veiði fyrir því landi, en D aftur framleigt E veiðiréttinn. Í vettvangsmáli sótti B A til þess að fá úr því skorið, hvar væru mörk veiðiréttinda í firðinum þeirra á milli. Jafnframt sótti hann í sama máli C, D, og E, og krafðist þess, að þeim yrði dæmd óheimil veiði í firðinum fyrir landi því, er B og C töldu sig báðir eiga vestan við landspildu A 28
Í skaðabótamáli gegn eiganda bifreiðar út af bifreiðarslysi var bifreiðarstjóranum og vátryggingarfélagi því, er bifreiðin var vátryggð hjá, stefnt, án þess að kröfur væru gerðar á hendur þeim 79
A sækir í sama máli fjóra sameigendur sína að jarðartorfu til þess að fá úr því skorið, hversu mikinn hluta hann eigi af jarðarheildinni 431
A höfðar mál gegn fimm ábyrgum félögum samvinnuútgerðarfélags til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi félagsins A til handa 443
A áfrýjar saman þremur úrskurðum skiptaréttar í dánarbúi og stefnir skiptaráðandanum og samerfingjum sínum 500

Eigendur og vátryggjendur skips sóttir til greiðslu bjarglauna 509
Þrír víxilskuldarar sóttir til greiðslu víxils 520
A krefst fébóta út af fógetagerð og sækir gerðarbeiðanda og fógetann persónulega og fyrir hönd ríkissjóðs 541
A, sem selt hafði tveimur mönnum húseign, sækir þá saman til greiðslu gjalda í sambandi við kaupsamninginn 553

b) Opinber mál.

1. Aðili ákærður fyrir fleiri brot en eitt 1, 133, 146, 340, 456, 474, 559
2. Fleiri en einn aðili ákærður í sama máli.
Tveir menn ákærðir fyrir fjársvik og brot á lögum um lækningaleyfi o. fl. nr. 47/1932 133
Þrír menn sóttir í sama máli. Allir ákærðir fyrir brot á lögum um hlutafélög og lögum um gjaldþrotaskipti og einn þeirra ennfremur fyrir þjófnað, fjársvik, skjalafals, brot á bókhaldslögum og brot á lögum um verðtoll 146
Fjórir menn sóttir fyrir brot á ákvæðum 78. sbr. 77. gr. sjómannalaga nr. 41/1930 207
Tveir menn sóttir fyrir þjófnað og þjófneyzlu .. 340
Tveir menn sóttir fyrir að beita lögreglumann ofbeldi 438
Þrír menn ákærðir, einn fyrir fjársvik, og hinir fyrir skjalafals og fjársvik 456
Fjórir menn ákærðir fyrir skjalafals. Einn þeirra ennfremur ákærður fyrir þjófnað 474
Tveir aðiljar sóttir fyrir þjófnað, þjófshilmingu og ólögmæta meðferð á annarra fé 559

Málflutningsmenn.

Málflutningsmaður áfrýjaði máli fyrir skjólstæðing sinn eftir að áfrýjunarfrestur var liðinn, án þess að afla áfrýjunarleyfis. Síðar hóf hann málið, en áfrýjaði því aftur að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 197. gr. laga nr. 85 frá 1936, og var þá meira en hálft annað ár liðið frá uppkvaðningu héraðsdóms. Var málflutningsmaður-

inn vítur fyrir að hafa stofnað hagsmunum umbjóðanda síns í hættu með því að hefjast ekki fyrr handa um öflun áfrýjunarleyfis 79, 293
Hæstaréttarmálflutningsmaður, er var sækjandi máls í héraði, var sektaður þar fyrir ósæmileg ummæli um héraðsdóm og hæstarétt. Var sektarákvæðið staðfest í hæstarétti 391
Fundið að drætti máls 486
Tiltekin ummæli málflutningsmanns stefnda í héraði voru ómerkt þar og málflutningsmaðurinn sektaður fyrir þau. Sagt, að með því að málflutningsmaðurinn hafi ekki áfrýjað þessu ákvæði héraðsdómsins, þá verði við það að sitja 541

Málflutningur. Sbr. málflutningsmenn, málshöfðun, opinber mál, ósæmileg ummæli, réttarfarssektir.

a) Í einkamálum.

Mál flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112 frá 1935 237, 382, 412, 443, 494, 595
Ný gögn lögð fram í hæstarétti 10, 73, 306, 349, 451, 524
Framlagningu skjals fyrir hæstarétti mótmælt sökum skorts á novaleyfi 520
Nýjar skýrslur fengnar í barnsfaðernismálum eftir uppkvaðningu héraðsdóms og lagðar fram fyrir hæstarétti 38, 494
Fébótamáli var áfrýjað og málflutningi fyrir hæstarétti skipt þannig eftir ósk aðilja og með samþykki dómsins, að fyrst var það atriði sótt og varið, hvort aðili væri skaðabótaskyldur, en hitt geymt, hver skaðabótaupphæðin skyldi vera 45
Málsatriði, er gagnaðilinn hafði ekki mótmælt eða ekki talinn hafa mótmælt nægilega, lögð til grundvallar 53, 79, 88, 319, 516, 524, 581, 595
Stefndi í héraði, er gaf aðiljaskýrslu í málinu, skarst undan að gefa nægilega glögga skýrslu um ákveðin atriði, enda þótt honum virtist hafa verið það unnt. Var staðhæfing gagnaðilja hans um atriði þessi því lögð til grundvallar, sbr. 116. gr. laga nr. 85 frá 1935 365
Lögtaksgerð til tryggingar greiðslu opinberra gjalda

hafði verið ómerkt í hæstarétti. Gerðarþoli höfðaði þá mál í héraði á hendur ríkissjóði og krafðist skaðabóta vegna ólögmætis lögtaksins. Sagt, að réttur til skaðabóta, þótt til hefði verið, væri niður fallinn vegna þess að krafan var ekki borin fram í sambandi við áfrýjun lögtaksgerðarinnar, sbr. 11.—13. gr. laga um lögtak o. fl. nr. 29 frá 1885 242

Réttur A til fébóta úr hendi B talinn velta á því, hvaða lög hefðu gilt um tiltekið atriði á tilteknum tíma í bænum Casablanca í frakknesku Marokko. Með því að ekkert var upplýst um lög þessi, þótti ekki unnt að dæma um skaðabótaskylduna að svo vöxnu máli. Var kröfunni því vísað frá héraðsdómi 252

Gagnsök í héraði í skuldamáli var í hæstarétti vísað frá héraðsdómi sökum ónógrar málsútlistunar .. 300

Í hæstarétti var ekki lagður dómur á kröfulið, er þar var hafður upp, en vísað hafði verið frá héraðsdómi 331

Fógetaréttarmáli frestað ex officio í hæstarétti og lagt fyrir fógeta samkvæmt analogiu 120. gr. laga nr. 85 frá 1936 að veita aðiljum kost á að afla framhaldsgreinargerðar fyrir fógetaréttinum ... 364

Á krafðist þess, að B yrði dæmt óheimilt að reka ákveðna atvinnu vegna atvinnubanns í samningi aðilja. B krafðist aðallega sýknu, en til vara, að henni yrði heimilað að leysa sig með fégjaldi undan atvinnubanninu. Sýknukröfunni var hrundið, og metið hæfilegt, að atvinnubannið skyldi standa eitt ár. En með tilliti til aðstæðna þótti rétt að taka varakröfu B til greina að því leyti, að hún yrði dæmd til að greiða A bætur fyrir tjón það, er brot B á atvinnubanninu var talið hafa bakað A. En ef B greiddi ekki bæturnar innan tiltekins frests, skyldi henni óheimilt að reka umrædda atvinnu í eitt ár frá lokum frestsins 365

A, sem var varnaraðili barnsfaðernismáls í héraði, áfrýjaði málinu til hæstaréttar. Krafðist hann ómerkingar málsins og frávísunar þess frá héraðsdómi, með því að liðinn hefði verið málshöfðunarfrestur samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 46

frá 1921, er mál var höfðað í héraði í des. 1936, og hefði ráðherra ekki lengt frestinn. Þar sem A hafði ekki hreyft þessu atriði í héraði og enga kröfu gert í þessa átt í áfrýjunarstefnu, var ómerkingarkröfu hans hrundið 405

Í deilu sameigenda að jarðartorfu um eignarhlutföll þeirra í torfunni þótti upplýst, að einn þeirra ætti 27,52 hndr. En með því að hann hafði ekki krafizt sér viðurkennd til eignar meira en 27,45 hndr. og sú krafa hans tekin til greina í héraði, en hann hafði ekki áfrýjað málinu af sinni hálfu, varð við niðurstöðu héraðsdóms að sitja 431

A átti fjárkröfu á hendur útgerðarsamvinnufélagi. Félagið fékk niðurfærslu skulda sinna samkvæmt lögum nr. 99 frá 1935, og var A úthlutað 5% upp í kröfu sína úr skuldaskilasjóðnum. Síðar krafðist A í dómsmáli allrar skuldarinnar af nokkrum félagsmönnum félagsins vegna ábyrgðar þeirra á skuldum þess. Með því að stefndu kröfðust ekki í málinu niðurfærslu kröfunnar vegna þeirra 5% er greiðast áttu úr skuldaskilasjóði, voru þeir þegar af því dæmdir til að greiða A alla kröfu hans .. 443

Í skuldamáli kröfðust stefndu sýknu vegna þess að þeir ættu hærri gagnkröfur á hendur stefnanda en kröfu hans nam. Með því að ekki varð ráðið af málsútlistun stefndu, hver væri upphæð gagnkröfu þeirra, var krafa þeirra um sýknu á þessum grundvelli ekki tekin til greina 443

Stefndi lýsti málsatvikum á annan veg í hæstarétti en hann hafði gert í héraði. Vildi hann í hæstarétti styðja þessa breyttu frásögn sína nýju sakargagni. Af hálfu áfrýjenda var hinni nýju skýrslu mótmælt sem rangri og of seint fram kominni og framlagningu sakargagnsins mótmælt vegna skorts á novaleyfi. Gegn mótmælum þessum þótti ekki unnt að leggja hina nýju skýrslu né sakargagnið til grundvallar í málinu 520

b) Í opinberum málum.

Opinbert mál endurupptekið að því er varðaði skipti héraðsdómarans og valdstjórnarinnar til leiðrétt-

ingar á ummælum í forsendum hæstaréttardóms um meðferð héraðsdómarans á málinu 316

Málsbætur.

Bifreiðarstjóra, er með gálausum akstri hafði orðið valdur að dauða þriggja farþega sinna, talið það til málsbóta, að hann bjargaði fjórða farþeganum frá drukknun og stofnaði lífi sínu í hættu við björgunina 65

Málshöfðun. Sbr. ákæruvald.

a) Einkamál.

Stefna í skuldamáli gefin út sama dag sem skuldin féll í gjalddaga 103

Lögtaksgerð til tryggingar opinberum gjöldum var ómerkt í hæstarétti. Gerðarþoli höfðaði þá mál í héraði á hendur ríkissjóði til greiðslu skaðabóta vegna hins ólögmæta lögtaks. Sagt, að þótt svo væri, að réttur til skaðabóta hefði verið fyrir hendi, þá væri skaðabótakrafan niður fallin, þar sem hún var ekki borin fram í sambandi við áfrýjun lögtaksgerðarinnar, sbr. 11.—13. gr. laga nr. 29 frá 1885 242

Maður höfðaði fyrir sjódómi mál gegn skiptaráðanda f. h. þrotabús til greiðslu hásetakaups og viðurkenningar sjóveðréttar. Með því að ekki lá fyrir sönnun þess, að kröfu þeirri, sem málið varðaði, hefði verið lýst í þrotabúið samkvæmt 33. gr. sbr. 90. gr. skiptalaganna og 3.. mgr. 1. gr. laga nr. 52 frá 1914 eða að skiptaráðandi hafi vísað henni til sjódóms samkvæmt nefndu ákvæði laga nr. 52 frá 1914, þá var héraðsdómur og málsmeðferð í héraði ómerkt ex officio og málinu vísað frá héraðsdómi 327

Í hæstarétti var krafizt frávísunar barnsfaðernismáls frá héraðsdómi, með því að málshöfðunarfrestur samkvæmt 8. gr. laga nr. 46 frá 1921 hafi verið liðinn, er mál var höfðað í héraði, og ráðherra hafi eigi lengt frestinn. Þessari kröfu hrundið, þar sem þetta atriði kom ekki fram í meðferð

málsins í héraði, og í áfrýjunarstefnu var engin krafa gerð í þessa átt 405
A stefndi sameigendum sínum að jarðartorfu til þess að fá viðurkenningardóm um það, að hann væri eigandi að 27,45 hndr. úr torfunni. Í málinu þótti upplýst, að A væri eigandi að 27,52 hndr., en ekki var honum dæmt meira en hann hafði krafizt 431
Mál var höfðað í héraði gegn lögmanninum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs eða persónulega til greiðslu skaðabóta út af meintri ólögmætri framkvæmd fógetagerðar. Málinu lauk í héraði á þann veg, að lögmaðurinn var dæmdur persónulega til að greiða skaðabætur, en dómsorð skorti um skyldu ríkissjóðs. Báðir aðiljar áfrýjuðu málinu. Sagt, að samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85 frá 1936 verði ábyrgð á hendur héraðsdómara ekki komið fram með málssókn í héraði, þegar svo er farið sem hér var. Í máli þessu sé lögmaðurinn ekki bær að binda ríkissjóð. Úrlausn um bótaskyldu ríkissjóðs vegna dómaraverka hljóti auk þess að byggjast á mati á þeim verkum, og verði slík úrlausn því ekki fengin í þessu máli með málssókn í héraði. Af þessum sökum var héraðsdómur og málsmeðferð í héraði ómerkt ex officio og málinu vísað frá héraðsdómi að því er varðaði kröfur á hendur lögmanninum f. h. ríkissjóðs eða persónulega 541

b) Opinber mál.

Opinbert mál var höfðað gegn manni m. a. fyrir brot gegn 26. og 27. kap. hegningarlaganna, lögum um hlutafélög og lögum um gjaldþrotaskipti. Þótt stefna í málinu víki ekki að lögum um verzlunarbækur nr. 53 frá 1911, þótti samt heimilt að dæma ákærða refsingu fyrir brot á þeim lögum, þar sem honum var ljóst, að hann átti í málinu að svara til saka út af rangri tilgreiningu í bókum fyrirtækis þess, er hann hafði stjórnað, og fullkomin vörn hafði verið borin fram í málinu um þetta atriði 146
Þótt stefna í opinberu máli víki aðeins að 23. og 27.

kap. hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 1928, þótti samt mega dæma honum refsingu eftir 250. gr. hegningarlaganna, með því að hann gat ekki gengið þess dulinn, að hann var sóttur til refsingar fyrir verknað þann, er við þá grein þótti varða 474

Málskostnaður. Sbr. gjafsókn, ómaksbætur.

a) Í einkamálum.

1. Málskostnaður látinn falla niður.
Áfrýjandi vann mál að öllu leyti, en málskostnaður látinn falla niður 93, 124, 520, 553
Kröfur áfrýjanda teknar að nokkru leyti til greina, en málskostnaður látinn falla niður 88, 528, 595
Áfrýjandi tapaði máli, en málskostnaður látinn falla niður 5, 45, 218, 222, 231, 271, 524
Áfrýjað til breytinga. Tveimur kröfuliðum vísað frá héraðsdómi, en dómur staðfestur að öðru leyti 252
Í kærumáli samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936, er kærandi vann að mestu leyti, féll málskostnaður niður, með því að kærandi krafðist hans ekki 42
Áfrýjandi tapaði máli, en ekki mætt af hálfu stefnda 443
Aðilja stefnt til að gæta réttar síns, en engar kröfur gerðar á hendur honum 79
Máli áfrýjað til staðfestingar án þess að séð yrði, að stefndi, sem ekki lét mæta af sinni hálfu, hefði gefið efni til áfrýjunar 412
A sótti fjóra aðilja í sama máli. Þeir áfrýjuðu héraðsdómi og unnu málið. A dæmdur til að greiða einum þeirra málskostnað, en gagnvart hinum var málskostnaður látinn niður falla 28
A, sem arf átti að heimta úr dánarbúi, áfrýjaði þremur skiptaréttarúrskurðum og stefndi skiptaráðanda og samerfingjum sínum. Þeir gagnáfrýja. Kröfur A að mestu leyti teknar til greina, en málskostnaður látinn falla niður 500
Krafa A á hendur B um þóknun fyrir dráttarað-

stoð skips var í héraði tekin að nokkru leyti til greina, en sjóveðréttur ekki dæmdur. B áfrýjaði og krafðist sýknu. A gagnáfrýjaði til hækkunar dæmdri fjárhæð og viðurkenningar á sjóveðrétti. Héraðsdómur staðfestur að öðru en því, að sjóveðréttur var dæmdur. Málskostnaður var látinn falla niður .. 293

Báðir aðiljar skuldamáls áfrýja héraðsdómi. Krafðist aðaláfrýjandi hækkunar dómkröfunnar, en gagnáfrýjandi algerrar sýknu. Sýknukrafa gagnáfrýjanda tekin til greina, en málskostnaður látinn falla niður 451

Í barnsfaðernismáli, er velta skyldi á eiði manns, var ekki mætt af hálfu barnsmóður. Samkvæmt því skyldi málskostnaður fyrir hæstarétti falla niður, ef maðurinn féllist á eiðnum 293

2. Málskostnaður dæmdur.

a. Kröfur áfrýjanda teknar til greina að öllu leyti, og honum dæmdur málskostnaður 38, 73, 382, 421, 486, 494, 516, 604

b. Kröfur áfrýjanda teknar að nokkru leyti til greina, og honum dæmdur málskostnaður 79, 103, 109, 242, 263, 349,385, 428, 509, 581

c. Aðili, sem áfrýjaði dómsathöfn til breytinga, en kröfur hans voru ekki að neinu leyti teknar til greina, dæmdur til að greiða málskostnað 213, 306, 311, 319, 375, 391, 400, 407, 431, 536

d. Aðili, sem áfrýjaði dómsathöfn til breytinga, en kröfur hans voru aðeins að nokkru leyti til greina teknar, dæmdur til að greiða málskostnað 10, 285, 365

e. Barnsfaðernismál:

Maðurinn sýknaður, og konan dæmd til að greiða málskostnað 38, 494

Maður, sem í héraði hafði verið dæmdur meðlagsskyldur, áfrýjaði, en af hálfu barnsmóður var ekki mætt. Málið var látið velta á eiði áfrýjanda, og skyldi stefnda greiða honum málskostnað fyrir hæsta-

rétti, ef hann ynni eiðinn, en málskostnaður í héraði þá falla niður. Féllist áfrýjandi á eiðnum, skyldi hann greiða stefndu málskostnað í héraði, en málskostnaður fyrir hæstarétti þá falla niður 237

f. Eiðsmál:

Úrslit máls um skyldu til útgáfu skuldabréfs látin velta á synjunareiði stefnda. Vinni hann eiðinn, skal áfrýjandi greiða honum málskostnað. Fallist stefndi á eiðnum, skal hann greiða áfrýjanda málskostnað .. 331

g. Gjafsóknarmál og gjafvarnar:

Talsmanni gjafsóknarhafa eða gjafvarnar dæmd málflutningslaun úr ríkissjóði 38, 93, 213, 271, 358

Áfrýjandi, sem hafði gjafsókn fyrir hæstarétti, vann málið. Stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar, er að nokkru leyti skyldi renna í ríkissjóð, að nokkru leyti til talsmanns áfrýjanda, en afgangurinn til áfrýjanda sjálfs 494

h. Landamerkja- og vettvangsmál:

Dómur í landamerkjamáli ómerktur og áfrýjanda, er krafizt hafði ómerkingar, dæmdur málskostnaður 73

A sótti í vettvangsmáli í héraði fjóra aðilja saman, og voru kröfur hans þar að mestu leyti teknar til greina. Áfrýjað var af hálfu allra aðilja, og voru gagnaðiljar A allir sýknaðir í hæstarétti af kröfum hans. A var dæmdur til að greiða dagkaup og ferðakostnað héraðsdómenda og þóknun fyrir uppdráttargerð af þrætusvæðinu svo og málskostnað til eins gagnaðiljans, er sýknaður var vegna aðildarskorts, en að öðru leyti skyldi málskostnaður falla niður 28

i. Frávísunardómar:

Máli, sem átti að sæta kæru samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936, áfrýjað með röngum hætti. Málinu vísað frá hæstarétti ex offi-

cio. Áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað 314
Máli vísað ex officio frá hæstarétti, með því að áfrýjunarleyfi var of seint út gefið. Áfrýjandi, sem hafði gjafsókn, dæmdur til að greiða málskostnað, en talsmanni hans fyrir hæstarétti dæmd málflutningslaun úr ríkissjóði 358
j. Ómerkingardómar:
Dómur í landamerkjamáli ómerktur. Áfrýjanda, er krafizt hafði ómerkingar, dæmdur málskostnaður 73
Dómur og málsmeðferð í héraði ómerkt vegna ófullnægjandi málshöfðunar. Stefndi, sem var málshöfðandi í héraði, dæmdur til greiðslu málskostnaðar 327
k. Kröfu erfingja á hendur dánarbúi var mótmælt af ýmsum skuldheimtumönnum búsins. Var málið sótt og varið fyrir skiptaréttinum frá 6. ágúst 1934 til 6. apríl 1937, er það var tekið til úrskurðar, og gekk úrskurður í því 26. apríl 1937. Erfingjarnir áfrýjuðu skiptaréttarúrskurðinum, en krafa þeirra fyrir hæstarétti um málskostnað fyrir skiptarétti var ekki til greina tekin þegar af því, að 3. mgr. 185. gr. laga nr. 85/1936 tæki ekki til meðferðar málsins fyrir skiptarétti, sbr. 222. gr. sömu laga 486
l. Aðalsök og gagnsök.
A sótti í héraði skuldamál á hendur B og fékk kröfu sína að nokkru leyti tekna til greina. A áfrýjaði og krafðist þess að dæmd fjárhæð yrði hækkuð. B gagnáfrýjaði og krafðist algerrar sýknu. Í hæstarétti var krafa A lækkuð frá því, er í héraði hafði dæmt verið, en gagnáfrýjandi samt dæmdur til að greiða honum málskostnað 53
Í héraði stefndi A B til greiðslu skuldar. B viðurkenndi kröfuna, en gagnstefndi A

til greiðslu hærri fjárhæðar. Í aðalsök var B dæmdur í héraði samkvæmt kröfu A, en í gagnsök var sumum kröfuliðum B vísað frá dómi, en A sýknaður af öðrum. B áfrýjaði málinu. Í hæstarétti var héraðsdómurinn staðfestur um niðurstöðu í aðalsök, en gagnsök í héraði vísað frá undirréttinum vegna ófullnægjandi greinargerðar. A var dæmdur til greiðslu málskostnaðar 300

Gagnáfrýjandi, sem var aðalstefnandi í héraði og vann málið þar, vann það einnig fyrir hæstarétti. Aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað 365

Í sambandi við innsetningargerð í bátsvél eftir kröfu B lét fógeti taka tvo hluti úr vélinni til þess að fyrirgirða færslu bátsins úr stað, þar til séð yrði fyrir lok fógetagerðarinnar. Daginn eftir féll B frá innsetningarkröfu sinni, og var vélin þá sett í samt lag aftur. Bátseigandinn, A, sem taldi fógetagerð þessa ólögmæta, höfðaði í héraði skaðabótamál á hendur B og fógetanum persónulega eða fyrir hönd ríkissjóðs. Í héraði var B sýknaður, fógetinn dæmdur persónulega til greiðslu skaðabóta, en í héraðsdóm skorti dómsorð um kröfuna á hendur ríkissjóði. Áfrýjað var af hálfu fógeta persónulega og fyrir hönd ríkissjóðs, og gagnáfrýjað af hálfu A. Í hæstarétti var héraðsdómurinn staðfestur um sýknu B, en málsmeðferð í héraði og dómur ómerkt að því leyti sem málið varðaði fógetann persónulega eða fyrir hönd ríkissjóðs. A var dæmdur til að greiða fógetanum og B málskostnað, hvorum í sínu lagi 541

m. Sjóveðréttur í skipi einnig dæmdur til tryggingar málskostnaði 263, 293, 306

n. Aðiljar dæmdir til greiðslu málskostnaðar in solidum 10, 400, 431

b) Í opinberum málum.

1. Aðili dæmdur sekur.
   a. Einn aðili sakfelldur og dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar 1, 63, 65, 120, 278, 289, 352, 416, 532, 589, 601, 608
   b. Tveir eða fleiri sekir dæmdir og dæmdir in solidum til að greiða sakarkostnað 207, 340, 438, 456
   c. Sakfelldir menn dæmdir til að greiða sakarkostnað í héraði í ákveðnum hlutföllum, en allir in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar 474
   d. Hver greiðir sinn gæzluvarðhaldskostnað 456, 474
   e. Tveir menn hafðir fyrir sökum. Annar sýknaður og gæzluvarðhaldskostnaður hans lagður á ríkissjóð. Hinn sakfelldur og dæmdur til að greiða allan annan kostnað sakarinnar 559
   f. Þrír menn hafðir fyrir sökum. Tveir sýknaðir og málsvarnarlaun talsmanns annars þeirra í héraði lögð á ríkissjóð. Sakfellda gert að greiða allan annan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti 146
   g. Hver greiðir sínum talsmanni 207, 456, 474
2. Aðili sýknaður.
   a. Tveir menn hafð[illegible] fyrir sökum. Báðir sýknaðir og sakarkostnaður allur lagður á ríkissjóð 133
   b. Tveir menn eða fleiri hafðir fyrir sökum og annar eða fleiri sýknaðir, en hinir sakfelldir 146, 559
3. Opinbert mál endurupptekið samkvæmt 30. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 til leiðréttingar á ummælum í forsendum hæstaréttardóms um meðferð héraðsdómarans á málinu. Allur kostnaður við endurupptöku og rekstur málsins fyrir hæstarétti lagður á ríkissjóð .. 316

Manndráp.

Vegur lá í halla niður að á og beygðist krappt á árbakkanum fram með ánni. A, sem ók bifreið

sinni niður hallann, tókst ekki að ná beygjunni. Ók hann út af árbakkanum niður í ána, sem þar var bæði djúp og straumþung. A heppnaðist að bjarga sjálfum sér og einum farþega, en þrír farþegar drukknuðu. Gáleysi A talið valda því, að honum tókst ekki að sveigja bifreiðina í tæka tíð eftir vegbugðunni, enda hafði hann treyst um of á hemla bifreiðarinnar, sem honum átti að vera ljóst, að ekki mundu gera fullt gagn eins og á stóð, þar sem hemlaborðarnir höfðu skömmu áður vöknað. Var A dæmd refsing samkvæmt 200. gr. hegningarlaganna og 15. sbr. 14. gr. bifreiðalaga nr. 70 frá 1931. Við ákvörðun refsingar var honum talið til afbötunar, að hann bjargaði einum farþega sinna og lagði líf sitt í hættu við björgunina 65

Að kvöldi dags í nóvembermánuði ók bifreiðarstjóri á gangandi mann á götu í Reykjavík og varð honum að bana. Gálausum akstri talið um að kenna. Bifreiðarstjórinn talinn sekur við 200. gr. hegningarlaganna, en refsing hans gerð skilorðsbundin samkvæmt lögum nr. 39 frá 1907 289

Bifreiðin A, sem var á austurleið með bát á tengivagni í eftirdragi, hafði numið staðar á réttri vegbrún. Þegar bifreiðinni B, sem var á vesturleið, var ekið þar fram hjá, gekk maður frá afturenda bátsins í veg fyrir hana, rakst á hana og hlaut meiðsl af, er samdægurs drógu hann til dauða. Talið, að maður þessi hafi átt mesta sök á slysinu með ógætni sinni, en bifreiðarstjóri B hafi ekki heldur sýnt nægilega aðgæzlu og væri því einnig í nokkurri sök. Var honum dæmd refsing eftir 200. gr. hegningarlaganna og 15. sbr. 14. gr. laga nr. 70 frá 1931 352

Mat og skoðun. Sbr. blóðrannsókn, líkur, sönnun, vitni.

Geðveikralæknir rannsakar mann til að reyna sakhæfi hans og kynhneigðir 1

Skipaskoðunarmaður ríkisins lýsir spjöllum á strönduðu skipi 5

Tveir menn voru dómkvaddir til að meta, hvort strandaður bátur væri óbætandi, og ef svo væri ekki, hvað kosta myndi að gera hann sjófæran. Álit skoðunarmanna var, að kostnaðarins vegna kæmi ekki til mála að gera við bátinn. Með því að skemmdum bátsins var ónákvæmlega lýst í skoðunargerðinni og verð hans með áorðnum skemmdum ekki metið, né heldur, hvað viðgerð á honum myndi kosta, og með því ennfremur að vátryggjanda bátsins var ekki gefinn kostur á að gæta réttar síns við skoðunargerðina, þá þótti ekki fært að leggja álit skoðunarmannanna til grundvallar í máli gegn vátryggjandanum til greiðslu vátryggingarfjárins 5
Ljósmóðir vottar, að barn hafi verið fullburða, er það fæddist 38
Bifreiðaeftirlitsmaður telur möguleika á því, að skiptistöng bifreiðar hafi færzt til úr 1. í 2. gíri, er bifreiðarstjórinn og annar maður, er við hlið hans sat, brutust út úr bifreiðinni, eftir að slys hafði orðið 65
Uppdráttur gerður af stað, þar sem ökuslys hafði orðið 65
Kunnáttumenn rannsaka bifreið eftir ökuslys 65
Álit lækna um meiðsl og andlitslýti konu, er orðið hafði fyrir ökuslysi 79
Rannsakað áfengismagn í blóði 120, 278, 416
Bókhaldsrannsókn vegna gjaldþrotaskipta 146
Ákvæði 2. mgr. 137. gr. laga nr. 85 frá 1936 ekki talin taka til máls, er dómtekið var í héraði 16. des. 1936, sbr. c-lið 222. gr. sömu laga 222
Reykjavíkurbær svipti erfðafestuhafa (A) landi sínu. Höfðaði A mál gegn bænum og krafðist endurgjalds fyrir landið að upphæð kr. 58640.08. Dæmt í héraði, að A skyldi fá endurgjald eftir mati dómkvaddra manna, en tekið fram í forsendum dómsins, að stefnukrafan sé of há, og þar talin fram atriði, er matsmenn skuli hafa hliðsjón af við ákvörðun endurgjaldsins. Reykjavíkurbær áfrýjaði málinu til hæstaréttar, er staðfesti héraðsdóminn að niðurstöðu til. Í forsendum hæstaréttar-

dómsins er sagt, að með því að A hafi krafizt staðfestingar héraðsdómsins, þá verði ekki tekin til athugunar réttmæti ákvarðana héraðsdómarans um þau atriði, er matsmenn eiga að taka til hliðsjónar við matið, og hámark matsfjárhæðar ekki ákveðin öðruvísi en svo, að endurgjaldið megi ekki nema stefnukröfu A í héraði 222
Læknar rannsaka meiðsl manns, er orðið hafði fyrir ökuslysi 278
Líkskoðun og krufning vegna bifreiðarslyss 289, 352
Dómkvaðningu matsmanna í aukarétti var áfrýjað til hæstaréttar með stefnu 16. nóv. 1937 til þingfestingar í maí 1938. Með því að slík mál eiga að sæta kæru samkvæmt 199. gr. laga nr. 85 frá 1936, sbr. 2. tölulið 198. gr. sömu laga, var málinu vísað ex officio frá hæstarétti 314
Lagt fyrir héraðsdómara í barnsfaðernismáli að láta fara fram læknisrannsókn á sálarþroska og andlegri heilsu barnsmóður og láta sjálfur í té umsögn sína um það, á hvaða stigi vitsmunaþroska hann telji hana 337
Í opinberu máli út af bifreiðarárekstri var fengin álitsgerð tveggja bifreiðaeftirlitsmanna og tveggja embættislækna um það, hvort bifreiðin hefði getað gefið eins þungt högg og raun gaf vitni, ef henni hafi verið ekið með þeim hraða, þegar árekturinn varð, sem bifreiðarstjórinn tjáði hana hafa haft 352
Veðdeildin í á, er eignarnámi skyldi taka samkvæmt 3. gr. laga nr. 61 frá 1932, höfðu verið metin yfirmati samkvæmt 83. sbr. 85. gr. sömu laga. Í máli gegn eiganda veðdeildarbréfanna kröfðust eignarnámstakar afsals fyrir réttindunum gegn greiðslu samkvæmt yfirmatinu. Yfirmatið talið byggt á röngum grundvelli, með því að matsmennirnir höfðu einungis miðað endurgjaldið við söluverð áætlaðrar veiði að frádregnum kostnaði við að afla hennar, en ekki gert sér grein fyrir gangverði veðdeildarbréfanna í frjálsum kaupum. Var kröfu eignarnámstaka því hrundið 400
Metin örorka manns, er fyrir slysi hafði orðið 428

Maður sýknaður í barnsfaðernismáli, með því að blóðrannsókn sýndi, að hann gat ekki verið faðir barnsins 494
Dómkvaddir menn meta verðmæti bjargaðs skips 509
Efnafræðingur rannsakar sýnishorn af verzlunarvöru, er talin var hafa valdið kaupanda tjóni 524
Í sambandi við rannsókn þjófnaðarmáls voru tveir menn dómkvaddir til þess að skoða hross og segja álit sitt um aldur þess og mark 559
Læknar lýsa áverkum tveggja manna, er meiðsl höfðu hlotið af líkamsárás 589

Meðlag.

A, sem átti fyrir konu og tveimur skilgetnum börnum að sjá, greiddi ekki meðlagseyri með óskilgetnu barni sínu. Úrskurðaði fógeti, að fastsettar skyldu af kaupi A hjá fyrirtæki því, er hann vann hjá, 50 kr. mánaðarlega, unz meðlagsfúlgan ásamt kostnaði væri að fullu greidd, en mánaðarkaup A var 300 eða 325 kr. A, sem ekki taldi sig aflögufæran frá heimili sínu, áfrýjaði úrskurðinum og krafðist þess, að hann væri úr gildi felldur. Sagt, að heimildin til að taka af launum manns meðlagseyri með óskilgetnu barni hans verði að teljast því skilyrði bundin, að efni hans, þau sem hann hefur eftir til frjálsra umráða, séu viðhlítandi til viðurværis honum og þeim, sem á heimili hans dveljast og framfæri sitt eiga að honum, sbr. meginregluna í 59. gr. framfærslulaga nr. 135 frá 1935 og ennfremur 3. og 5. gr. bráðabirgðareglugerðar nr. 41 frá 1937 og 3. og 4. gr. laga nr. 65 frá 1938. Með því að A þótti aflögufær um þá fjárhæð, sem fógetinn hafði sett fasta af kaupi hans, var hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur 311

Meinyrði. Sjá ósæmilegur ritháttur, ærumeiðingar,

Mjólkurlöggjöf.

Mjólkursamsölu, er stofnuð hafði verið samkvæmt lögum nr. 1 frá 1935, dæmdar fébætur úr hendi

stjórnenda félagsskapar nokkurs og ritstjóra tveggja dagblaða vegna ólögmætra kauphamla, er félagið hafði lagt á samsöluna og ritstjórarnir stutt 10

Mjólkursölunefnd samkvæmt lögum nr. 1 frá 1935 tók þá ákvörðun á öndverðu ári 1936, að mjólkurframleiðendur vestan Hellisheiðar skyldu ganga fyrir framleiðendum austan heiðar um sölu mjólkur til neyzlu í Reykjavík, þótt hvorir tveggja væru jafnréttháir til þeirrar sölu að lögum, en í þess stað skyldu framleiðendur austan heiðar verða aðnjótandi rekstrarafgangs mjólkursamsölunnar, eftir því sem til hrykki, til uppbótar því, að þeim var varnað markaðarins í Reykjavík. A, sem var mjólkurframleiðandi vestan heiðar, taldi þessa ráðstöfun um rekstrarafganginn óheimila og höfðaði mál gegn mjólkursamsölunni (M) til greiðslu þess hluta rekstrarafgangsins, er hann taldi eiga að koma í sinn hlut miðað við selt mjólkurmagn frá búi hans. M mótmælti því ekki, að hreinn rekstrarafgangur ætti að renna til framleiðenda, en taldi sér hafa verið heimilt að ráðstafa afganginum eins og gert var. Sagt, að nefndar ráðstafanir mjólkursölunefndar hafi farið í bága við skýlaus ákvæði 2. gr. laga nr. 1 frá 1935 að því leyti sem þær urðu þess valdandi, að meira en 8% var tekið af söluverði neyzlumjólkur og rjóma til verðbótar á mjólk austan heiðar, en hins vegar hafi henni verið heimilt eins og á stóð, að láta þann hluta rekstrarágóðans árið 1936, sem til var kominn á annan hátt en fyrir sölu nefndra mjólkurafurða, renna til framleiðenda austan heiðar sem bætur þess, að þeir höfðu orðið að þoka af mjólkurmarkaði Reykjavíkur til hagsbóta fyrir framleiðendur vestan heiðar. Samkvæmt þessu var krafa A aðeins að nokkru leyti til greina tekin 53

Félagið A hafði fengið mjólkurbú sitt löggilt til framleiðslu á mjólkurafurðum samkvæmt lögum nr. 1 frá 1935. Var löggildingin samkvæmt 7. gr. laganna bundin því skilyrði, að búið tæki mjólk frá

utanfélagsmönnum til gerilsneyðingar gegn gjaldi, sem ráðherra ákvæði. A seldi síðar félaginu B mjólkurbúið, og hélt B áfram rekstri þess án þess að afla sér sérstakrar löggildingar til framleiðslu á mjólkurföngum. B synjaði utanfélagsmanninum C um gerilsneyðingu mjólkur hans. Höfðaði C þá mál gegn B og krafðist bóta fyrir tjón það, er neitun þessi hafi bakað honum. Sagt, að þar sem B hafi haldið rekstri búsins áfram á grundvelli þeirrar löggildingar, er A hafði fengið, þá hafi B þar með bundizt skyldu til þess að gerilsneyða mjólk utanfélagsmanna. Var B því dæmt að greiða C skaðabætur 109

Mjólkursamlag (A) hafði gerilsneytt mjólk utanfélagsmanns (B) frá byrjun apríl til júníloka árið 1936 og haldið eftir 3 aurum sem gerilsneyðingargjaldi fyrir hvern lítra mjólkur, enda þótt landbúnaðarráðherra hefði kveðið svo á samkvæmt 7. gr. laga nr. 1 frá 1935, að gjald þetta skyldi vera 2.2 aurar á lítra. Í okt. 1936 höfðaði B mál gegn A og krafðist greiðslu gjalds þess, er A hefði tekið um of fyrir gerilsneyðinguna. Með því að B sannaði ekki gegn andmælum A, að hann hafi slegið við A varnagla um frekari greiðslu, er hann tók við borgun fyrir mjólk þá, sem hann lagði inn til A á greindu tímabili, þá var A þegar af þeirri ástæðu sýknað af þessari kröfu B 109

Neyðarréttur.

Árið 1937 átti skipstjóri að flytja farm frá Spáni til Íslands. Á leiðinni var skip hans tekið af vopnuðu skipi Francos á Spáni, er þá átti í borgarastyrjöld við stjórn Spánar. Lýstu yfirvöld Francos farminn upptækan og létu skipstjórann undirrita nýtt farmskírteini á nafn manns nokkurs í Casablanca í frakknesku Marokko. Samkvæmt fyrirmælum hervalds Francos sigldi skipstjórinn síðan undir eftirliti herskipa Francos til Casablanca, sem var hlutlaus höfn, og skildi farminn þar eftir. Í skaðabótamáli eiganda farmsins gegn eiganda skipsins út af missi farmsins var talið,

að skipstjóranum hafi ekki orðið á nein handvömm eins og ástatt var, þótt hann skildi farminn eftir í Casablanca. Hins vegar væri athugandi, hvort farmeigandinn ætti rétt til bóta eftir reglum neyðarréttarins vegna þess, að skipstjórinn hafi lagt hagsmuni hans í sölurnar til þess að firra skipið og áhöfn þess viðurlögum af hálfu liðsmanna Francos. Úrlausn þessa atriðis sögð velta á því, hver talinn mundi hafa verið eigandi farmsins, er hann var skilinn eftir í Casablanca, samkvæmt lögum þeim, er þar giltu. Með því að ekkert var upplýst í málinu um lög þessi, þótti ekki verða úr þessu atriði skorið, og var kröfu farmeigandans vísað frá héraðsdómi 252

Nyjastuldur.

A hafði tekið hlut annars manns í heimildarleysi og notað hann. Ekki þótti sannað gegn neitun A, að hann hafi ásett sér að kasta eign sinni á hlutinn, og var hann því sýknaður af þjófnaðarákæru út af töku hlutarins. Með því að eigandi hlutarins hafði ekki krafizt saksóknar, var A ekki heldur dæmd refsing fyrir nytjastuld samkvæmt 238. gr. hegningarlaga frá 25. júní 1869 340

Ofbeldi. Sjá líkamsáverkar.

Ólögmæt meðferð á annarra fé.

Maður kastar eign sinni á selskinn, er hann fann í húsnæði, sem hann hafði tekið á leigu og flutzt í. Brot hans talið varða við 250. gr. hegningarlaga frá 25. júní 1869 474

Maður dæmdur eftir 250. gr. hegningarlaganna fyrir óheimila eignartöku á sauðfé, er komið hafði saman við fé hans í smölun. Hins vegar var taka hans á kindum annarra manna í haga í því skyni að kasta eign sinni á þær metin þjófnaður. Kona, er maður þessi bjó með, sýknuð af ákæru um þátttöku í brotum hans 559

Ólögmætir framfærsluhættir

Maður dæmdur til refsingar eftir 10. gr. laga nr. 51 frá 1928 608

Ómaksbætur. Sbr. málskostnaður.

Stefnda dæmdar ómaksbætur, af því að áfrýjandi mætti ekki eða hóf mál 73, 119, 426, 493, 557

Ómerking.

Með því að niðurstaða dóms í landamerkjamáli þótti ekki rétt samkvæmt sakargögnunum, var dómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju 73

Kyrrsetningargerð til tryggingar greiðslu húsaleigu ómerkt, með því að leigan var enn ekki í gjalddaga fallin, er kyrrsetning fór fram 103

Kröfum um ómerkingu dóma í barnsfaðernismálum hrundið 237, 405

Mál var höfðað fyrir sjódómi gegn þrotabúi til greiðslu hásetakaups og viðurkenningar sjóveðréttar. Með því að ekki lá fyrir nægileg sönnun þess, að kröfu þeirri, sem málið varðaði, hafi verið lýst í þrotabúið, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 52 frá 1914, né að skiptaráðandi hafi vísað kröfunni til sjódóms samkvæmt sama lagaákvæði, var dómur og málsmeðferð í héraði ómerkt ex officio og málinu vísað frá héraðsdómi 327

Fógeti úrskurðaði útburð á manni úr leiguhúsnæði vegna vanskila á greiðslu húsaleigu. Hæstiréttur taldi vanskilin ekki svo veruleg, að leiguréttindum hafi verið fyrirgert með þeim, og ómerkti því fógetaúrskurðinn 421

Mál var höfðað í héraði gegn lögmanninum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs eða persónulega til greiðslu skaðabóta út af meintri ólögmætri framkvæmd innsetningargerðar. Málinu lauk í héraði með því, að lögmaðurinn var dæmdur persónulega til þess að greiða skaðabætur, en dómsorð skorti um skyldu ríkissjóðs. Báðir aðiljar áfrýjuðu málinu. Sagt, að ábyrgð á hendur héraðsdómara verði ekki samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85 frá 1936

komið fram með málssókn í héraði, þegar svo sé farið, sem hér var. Í máli þessu sé lögmaðurinn ekki bær að binda ríkissjóð. Úrlausn um bótaskyldu ríkissjóðs vegna dómaraverka hljóti auk þess að byggjast á mati á þeim verkum, og verði slík úrlausn ekki fengin í þessu máli með málssókn í héraði. Af þessum sökum var málsmeðferð í héraði og héraðsdómur ómerktur ex officio og málinu vísað frá héraðsdómi að því er varðaði kröfu á hendur lögmanninum f. h. ríkissjóðs eða persónulega 541

Ómöguleiki.

Árið 1937 átti skipstjóri að flytja farm frá Spáni til Íslands. Á leiðinni var skip hans tekið af vopnuðu skipi Francos á Spáni, er þá átti í borgarastyrjöld við stjórn Spánar. Lýstu yfirvöld Francos farminn upptækan og létu skipstjórann undirrita nýtt farmskírteini á nafn manns nokkurs í Casablanca í frakknesku Marokko. Skipstjórinn sigldi síðan samkvæmt fyrirmælum yfirvalda Francos og undir eftirliti herskipa hans til Casablanca, sem var hlutlaus höfn, og skildi farminn þar eftir. Í skaðabótamáli eiganda farmsins gegn eiganda skipsins var talið, að þar sem skipstjóranum hafi verið ljóst, að skip hans og áhöfn þess hefðu mátt vænta afarkosta af hendi liðsmanna Francos, ef hann hefði ekki hlýtt fyrirmælum þeirra um meðferð farmsins, þá hafi verið ógerningur að sleppa með farminn frá Casablanca. Yrði skaðabótakrafa út af missi farmsins því ekki á þeim stofni byggð, að skipstjóranum yrði talið það til vanrækslu, að hann skildi farminn eftir 252

Opinber mál. Sbr. aðiljaskýrsla, ákæruvald, eftirgrennslan brota, frestir, líkur, málasamsteypa, málflutningur, málshöfðun, málskostnaður, mat og skoðun, refsingar, sönnun, vitni.

Fundið að drætti opinbers máls 146
Í refsimáli, er dæmt var í hæstarétti árið 1937, var héraðsdómarinn vittur fyrir tiltekna ákvörðun,

er tekin hafði verið í sambandi við málið. Samkvæmt ósk héraðsdómarans og tillögum hæstaréttar var málið endurupptekið eftir 30. gr. laga nr. 112 frá 1935 að því er valdstjórnina og héraðsdómarann varðaði. Var þá upplýst, að héraðsdómarinn hafi ekki sjálfur tekið ákvörðun þá, er hann var vittur fyrir, heldur skrifstofumaður hans í samtali við fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík. Sagt, að þótt þessi mistök, er vítt var fyrir, hafi átt sér stað, hafi héraðsdómarinn samt enga greinargerð látið fylgja opinbera málinu til hæstaréttar til afsökunar þeim, eins og ráð sé fyrir gert í 35. gr. tilsk. 3. júní 1796. En af slíkri greinargerð hefði mátt sjá, að héraðsdómarinn hafi ekki sjálfur tekið oftnefnda ákvörðun. Hafi héraðsdómarinn mátt vita, þar sem hann lét enga greinargerð fylgja málinu, að hann myndi sem dómari sæta vítum fyrir galla á meðferð málsins eins og boðið sé í 35. gr. tilsk. 3. júní 1796. Þrátt fyrir þessa vanrækslu eigi héraðsdómarinn rétt á að það komi fram, að hann hafi ekki sjálfur tekið nefnda ákvörðun, og eigi hann ekki að sæta vítum fyrir hana. Voru forsendur hæstaréttardómsins að þessu leyti leiðréttar 316
Fundið að því, að virðing á stolnum hlut hafði ekki fram farið, og að ekki var nægilega vel rannsakað, hvort maður, er sakaður var um hilmingu, hafi haft ástæðu til að ætla, að hluturinn væri rétt fenginn 340
Fundið að því, að vitni var ekki eiðfest og að vanrækt hafði verið að afla sakargagns nokkurs 532
Framhaldsrannsókn ákveðin í opinberu máli 130, 441

Ósæmileg ummæli.

Ummæli í sóknar- og varnarskjölum aðilja í héraði ómerkt, en ekki talin næg ástæða til að sekta fyrir þau 375
Ómerkt ósæmileg ummæli, er áfrýjandi hafði fyrir hæstarétti 391
Hæstaréttarmálflutningsmaður, er var sækjandi máls í héraði, var þar sektaður fyrir ósæmileg ummæli

um undirrétt og hæstarétt og ummælin ómerkt. Þetta ákvæði héraðsdómsins staðfest í hæstarétti 391
Ummæli í varnarskjali í héraði ómerkt, en ekki sektað fyrir þau 412
Málflutningsmaður dæmdur í sekt í héraði fyrir ósæmilegan rithátt í varnarskjali og ummælin ómerkt. Sagt, að með því að málflutningsmaðurinn hafi ekki áfrýjað þessu ákvæði héraðsdóms, verði við það að sitja 541

Præclusion. Sjá útrýming kröfu.

Refsingar.

1. Almennt um refsingar og refsiverð verk.

Bifreiðarstjóra, er valdið hafði dauða þriggja farþega sinna með gálausum akstri, talið til afbötunar, að hann bjargaði lífi fjórða farþegans og lagði sig í hættu við björgunina 65
Sýknað af kæru fyrir brot á lögum um hlutafélög, lögum um gjaldþrotaskipti og lögum um verðtoll þegar af þeirri ástæðu, að sökin myndi fyrnd samkvæmt analogiu 67. gr. hegningarlaganna, þótt til refsingar hefði verið unnið 146
Refsiábyrgð fyrir brot á ákvæðum 1. töluliðs 53. gr. laga um hlutafélög nr. 77/1921 ekki talin brott fallin vegna fyrningar, þar sem brotið varðaði þyngri refsingu en sektum eða einföldu fangelsi 146
Með héraðsdómi gengnum 30. maí 1933 var A dæmdur til refsingar fyrir fjársvik o. fl. Árið 1936 var höfðað gegn honum mál af nýju fyrir ýmis brot, sum framin áður en dómur gekk í fyrra málinu, en sum síðar. Honum var í síðara málinu aðeins dæmdur hegningarauki samkvæmt 65. gr. hegningarlaganna fyrir brot, framin fyrir 30. maí 1933 146
Framkvæmdarstjóri hlutafélags, er tekið hafði verið til gjaldþrotaskipta, var ákærður m. a. fyrir brot gegn ákvæðum 26. og 27. kap. hegningarlaganna og hlutafélagalögunum. Hann hafði gerzt sekur um vísvitandi ranga tilgreiningu í bókum félagsins um hlutafjáraukningu. Var hann dæmdur fyrir það brot samkvæmt 7. gr. laga um verzlunarbækur

nr. 53/1911, enda þótt stefna á hendur honum viki ekki að þeim lögum, þar sem honum var ljóst, að honum var gefinn verknaður þessi að sök í málinu, og fullkomin vörn var borin fram í því af hans hálfu um þetta ákæruatriði 146
Ekki talið eiga að varða framkvæmdarstjóra hlutafélags, er tekið hafði verið til gjaldþrotaskipta, refsiábyrgð, þótt hann gæti ekki gert grein fyrir því, hvað orðið hafi af sumum verzlunarbókum og skjölum félagsins, eftir að það hætti störfum 146
Hlutafélag, er A var framkvæmdarstjóri fyrir, var tekið til gjaldþrotaskipta. Við rannsókn kom í ljós, að vátryggingarfélag, er greiða átti félagi því, er A hafði stjórnað, vátryggingarfé, hafði haldið eftir nokkrum hluta þess og kvittað með því skuld A sjálfs við vátryggingarfélagið. Ekki var upplýst, að A hefði samþykkt þessa ráðstöfun vátryggingarfélagsins, en það eitt, að hann hafði látið þetta viðgangast, ekki talið honum til refsiábyrgðar .. 146
Fjórir kyndarar neituðu að vinna á skipum sínum, meðan þau voru stödd í innlendri höfn. Töldu þeir sig hafa heimild til neitunarinnar í ákvæðum gerðardóms. Með því að þessi háttsemi kyndaranna braut í bága við eldri tilhögun, en ákvæði gerðardómsins vafasöm um þetta atriði, þá var þeim talið óheimilt að leggja sína túlkun á gerðardóminum til grundvallar breytni sinni, áður úr því væri skorið á réttmætan hátt, hver væri réttur þeirra í þessu efni. Voru þeir með þessu taldir hafa gerzt sekir við 78. sbr. 77. gr. sjómannalaga nr. 41 frá 1930 207
Maður stal festi, er bátur var bundinn með við bryggju, og skildi bátinn eftir lausan á sjónum. Með því að sýna þannig mikið kæruleysi um eign annars manns, sem vel gat orðið þess valdandi, að hún eyðileggðist, þótti mega dæma refsingu samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1928 fyrir stuld festarinnar, þótt hún væri ekki 30 króna virði og eigandi hefði ekki krafizt málssóknar .. 340
A, starfsmaður við heildverzlun, hafði lengi verið óreglusamur og í fjárkröggum. Hann falsaði tvo

víxla, sem litu út sem venjulegir viðskiptavíxlar verzlunarinnar, og var nafn hennar falsað á stað útgefanda á víxlunum. Seldi hann síðan manni einum víxlana með miklum afföllum. B, sem var gamall kaupsýslumaður og lengi hafði verið kunnugur A og þekkt fjárkröggur hans, aðstoðaði hann við sölu víxlanna. Sagt, að þó að ekki væri sannað gegn neitun B, að honum hafi verið kunnugt um fölsun víxlanna, þá hafi hann ekki getað gengið þess dulinn, að aðstoð hans við sölu víxlanna væri þátttaka í refsiverðu athæfi A. Þessi verknaður B talinn varða við 255. gr. sbr. 1. málslið 48. gr. hegningarlaganna, og einnig 46. gr. þeirra, þar sem víxlarnir voru falsaðir, og verzlunin hafði því ekki trúað A fyrir þeim 456

A, sem getur hér næst á undan, falsaði einnig nafn verzlunarinnar undir tékka, er hann veðsetti manni einum fyrir peningalánum, sem hann greiddi riflega þóknun fyrir. Aðstoðaði B hann við lántökur þessar. Sagt, að aðferð þessi væri svo fjarri venju og hagsýni og yfirleitt svo fjarstæð, að B hafi hlotið að vera ljóst, að tékkarnir væru falsaðir. Var aðstoð hans við lántökurnar talin refsiverð samkvæmt 271. gr. hegningarlaganna .. 456

Maður hafði kastað eign sinni á hlut annars manns, og var brot hans talið varða við 250. gr. hegningarlaganna. Þótt stefna í málinu á hendur honum viki aðeins að 23. og 27. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 51 frá 1928, þá þótti samt mega dæma um verknað þenna í málinu, með því að ákærði gat ekki gengið þess dulinn, að hann var sóttur til refsingar fyrir hann 474

Bókhaldsbrot framið meðan lög um verzlunarbækur nr. 53 frá 1911 voru enn í gildi, en við ákvörðun refsingar skirskotað til laga um bókhald nr. 62 frá 1911 146

Maður, sem geymdi happdrættismiða annars manns, gaf þriðja manni hann í heimildarleysi. Verknaðurinn talinn varða við 259. gr. hegningarlaganna 532

Fangelsisrefsing dæmd í einu lagi fyrir brot á hegningarlögunum og bifreiðalögunum 65

Framkvæmdarstjóri verzlunarfyrirtækis, er tekið hafði verið til gjaldþrotaskipta, dæmdur m. a. fyrir brot gegn ákvæðum 263. gr. hegningarlaganna, en þó ekki sviptur rétti til þess að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki samkvæmt 8. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 25 frá 1929 146

Með héraðsdómi gengnum 2. sept. 1935 var A dæmdur til refsingar fyrir ólögmæta meðferð á annarra fé. Árið 1939 var höfðað gegn honum mál af nýju fyrir samskonar brot, sum framin áður en dómur gekk í fyrra málinu, en sum síðar. Honum var í síðara málinu aðeins dæmdur hegningarauki samkvæmt 65. gr. almennra hegningarlaga fyrir brot, er hann hafði framið fyrir 2. sept. 1935 559

2. *Einstakar refsitegundir.*

a. Sektir dæmdar 63, 120, 207, 278, 352, 416, 532
b. Einfalt fangelsi 289
c. Fangelsi við venjulegt fangaviðurværi 1, 65, 146, 340, 438, 474, 589, 601, 608
d. Betrunarhúsvinna 456, 474, 559
e. Svipting réttinda:
Bifreiðarstjóri sviptur ökuleyfi 65, 120, 278, 416
f. Eignir dæmdar upptækar:
Afli togara og veiðarfæri gerð upptæk 63

Reklamation. Sjá aðgerðaleysisverkanir.

Réttarfar. Sjá aðild, aðiljaskýrsla, áfrýjun, ákæruvald, dómar, dómarar, eiður, frávísun, frestir, heimvísun, líkur, málasamsteypa, málflutningsmenn, málflutningur, málshöfðun, málskostnaður, mat og skoðun, ómerking, opinber mál, ósæmileg ummæli, réttarfarssektir, sáttir, sjódómsmál, sjó- og verzlunardómur, stefnur, sönnun, útivist aðilja, varnarþing, vitni.

Réttarfarssektir.

Hæstaréttarmálflutningsmaður, er var sækjandi máls í héraði, dæmdur þar í sekt fyrir ósæmileg ummæli um héraðsdóm og hæstarétt og ummælin ómerkt 391

Málflutningsmaður dæmdur í sekt í héraði fyrir ummæli í varnarskjali og ummæli ómerkt. Sagt, að með því að málflutningsmaðurinn hafi ekki áfrýjað þessu ákvæði héraðsdómsins, verði við það að sitja 541

Sakamál. Sjá aðiljaskýrsla, dómar, eftirgrenslan brota, líkur, málskostnaður, opinber mál, refsingar, sakhæfi, saknæmi, sönnun, vitni.

Sakhæfi.

Maður, sem átti vanda til þess, er hann var ölvaður, að biðja fólk, einkum kvenmenn, um að flengja sig, gekk eitt sinn um allsnakinn á almannafæri og ónáðaði kvenfólk með slíkum tilmælum. Í annað sinn var hann staðinn að því að fletta klæðum upp um 7 ára gamla telpu. Hann kvaðst ekki muna til þessarar háttsemi sinnar sökum ölvunar. Geðveikralæknir taldi manninn mundu komast í sjúklegt ölvunarástand, en tæplega hafa óeðlilegar kynhneigðir. Ákærði dæmdur sekur við 186. gr. hegningarlaga frá 25. júní 1869 1

Saknæmi. Sbr. ásetningur, gáleysi.

Tveir menn, er ekki höfðu lækningaleyfi, voru m. a. sóttir til refsingar fyrir brot gegn 26. kap. hegningarlaganna, með því að þeir höfðu tekið sjúklinga til meðferðar fyrir þóknun. Voru þeir sýknaðir af ákæru þessari, þar sem ekki var ástæða til að ætla annað en að þeir hafi sjálfir haft fulla trú á því, að sjúkum mönnum yrði bót að aðgerðum þeirra 133

Bifreiðarstjóri dæmdur fyrir að valda mannsbana með gálausum akstri 65, 289, 352

Ekki talið sannað, að hluthafi í hlutafélagi, er í heimildarleysi hafði tekið arðmiðapakka á skrifstofu félagsins og haft á brott með sér, hafi gert það í því skyni að misnota arðmiðana síðar 146

Fjórir kyndarar lögðu niður vinnu, er skip þeirra voru affermd í heimahöfn, og töldu sig hafa heimild til þess í ákvörðun gerðardóms um vinnu-

kjör kyndara. Út af þessu voru þeir kærðir af eigendum skipanna og sóttir til sakar fyrir brot gegn ákvæðum sjómannalaganna. Með því að skilningur þeirra á ákvæðum gerðardómsins var talinn vafasamur og brjóta í bága við eldri tilhögun, þá þótti þeim hafa verið óheimilt að leggja sína túlkun á gerðardóminum til grundvallar breytni sinni, áður úr því væri skorið á réttmætan hátt, hver væri réttur þeirra í þessu efni. Voru þeir taldir hafa gerzt sekir við 78. sbr. 77. gr. sjómannalaganna nr. 41 frá 1930 207

Skipherra varðskips ekki talinn hafa gerzt sekur um gáleysi í athöfnum sínum við töku togara, er grunaður var um veiðar í landhelgi. Af því talið leiða, að skaðabótaskylda út af töku togarans verði ekki byggð á almennum skaðabótareglum 231

Skipstjóri ekki talinn hafa gerzt sekur um vanrækslu í sambandi við gæzlu farmsins, og sagt, að skaðabótakrafa á hendur eiganda skipsins verði því ekki á þeim stofni reist 252

Í skaðabótamáli út af árekstri skipa var annað skipið talið eiga alla sök á slysinu með því að hafa ekki gætt siglingareglna 319

Ekki talið sannað, að maður, sem tekið hafði hlut annars manns í heimildarleysi og notað hann, hafi haft í hyggju að kasta eign sinni á hlutinn .. 340

A var innheimtu- og aðstoðarmaður hjá heildverzlun, hafði lág laun, var mjög skuldugur og hafði um skeið verið óreglusamur. Falsaði hann m. a. tvo víxla, er litu út sem venjulegir viðskiptavíxlar heildverzlunarinnar, og var nafn hennar falsað sem útgefanda beggja víxlanna. B, sem var gamall kaupsýslumaður og kunningi A um langt skeið, aðstoðaði hann við að selja manni nokkrum víxla þessa með miklum afföllum. Gegn neitun B var ekki talið sannað, að honum hafi verið kunnugt um, að víxlarnir voru falsaðir. Hins vegar talið, að vegna kynna sinna af högum A hafi B ekki getað dulizt, að A myndi ekki hafa heimild frá heildverzluninni til þess að selja víxlana með framangreindum hætti, og hafi B því hlotið að vera

ljóst, að aðstoð hans við sölu víxlanna væri þátttaka í refsiverðu atferli A. Þessi verknaður B talinn varða við 255. sbr. 48. gr. hegningarlaganna og ennfremur 46. gr. þeirra, með því að A hafði í raun og veru ekki verið trúað fyrir víxlunum. Þá hafði A einnig falsað nafn heildverzlunarinnar undir tvær tékkávísanir, er hann með aðstoð B veðsetti fyrir smálánum, er hann varð að greiða ríflega þóknun fyrir. Þrátt fyrir neitun B var talið, að honum sem reyndum kaupsýslumanni og kunnugum högum A hafi hlotið að vera ljóst, að tékkarnir væru falsaðir. Var B refsað eftir 271. gr. hegningarlaganna fyrir þenna verknað .. 456

Maður, sem margsinnis hafði verið dæmdur fyrir þjófnað, fór inn um þakglugga húss í lokað herbergi, stal þar nokkrum munum og hvarf síðan aftur sömu leið. Kvaðst hann hafa farið inn í herbergið til þess að bíða þar komu húsráðanda, en þá fyrst ásett sér að stela, er hann var inn kominn. Þessi frásögn hans ekki tekin trúanleg, og hlaut hann refsingu eftir 7. sbr. 8. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 4. tölulið 231. gr. hegningarlaganna 601

Sameign.

Sameigendur að jarðartorfu deila um eignarhlutföll sín í henni 431

Samningar. Sbr. ábyrgð, farmsamningar, framfærslusamningar, húsaleiga, kaup og sala, ómögueiki, skuldir, skuldamál, vinnusamningar.

A, B og C tóku í félagi skip á leigu til farmflutnings frá Danzig til Reykjavíkur. Átti hver þeirra að ráðstafa ⅓ af farmrými skipsins og með þeim hætti, að hagnaður eða tap, ef því yrði að skipta, skiptist milli þeirra með sama hætti. A hét D flutningi á vörum í skipinu fyrir nokkru hærra farmgjald en tekið var fyrir flutning á öðrum vörum, og kom hagnaður af ráðstöfun þessari í hlut hvers þeirra félaga samkvæmt framansögðu. Talið, að í samningi þeirra A, B og C hafi falizt umboð til

handa A frá B og C til samningsgerðar við D, og hafi því sá samningur skuldbundið þá alla þrjá, A, B og C, sbr. 18. gr. laga nr. 7 frá 1936, og ábyrgðin talin solidarisk 88

A rak saumastofu í Reykjavík. Réð hún þýzka konu (B) forstöðukonu saumastofunnar. Í samningi aðilja, gerðum á íslenzku eftir komu B til Íslands, skuldbatt B sig til þess að taka ekki starf hjá öðrum eða vinna fyrir utan verzlunina (þ. e. saumastofu A), meðan hún dveldist á Íslandi. Þó mátti hún að liðnum 3 ára tíma fá sér starf utan Reykjavíkur og nágrennis hennar og Hafnarfjarðar. Að liðnum 3 árum, er B var gift íslenzkum manni, sagði hún upp samningnum og hóf sjálf rekstur saumastofu í Reykjavík. A höfðaði þá mál gegn henni og krafðist þess, að henni yrði dæmt óheimilt að reka eða vinna að þeirri starfsemi, er atvinnubannið tók til. B bar það fyrir sig, að hún hafi misskilið ákvæði samningsins um atvinnubannið, en þeirri mótbáru var hrundið, með því að B hefði átt að kynna sér samninginn nægilega, áður en hún gekk að honum. Sagt, að bannið komi aðeins til greina um stofnun samskonar saumastofu sem B starfaði í hjá A og ráðningu B til slíks starfa hjá keppinautum A. Bannið sé of viðtækt og skerði um of atvinnufrelsi B, og eigi hún því ekki að vera bundin við það að fullu. Talið hæfilegt með skírskotun til 37. gr. laga nr. 7 frá 1936, að bannið standi eitt ár. En þar sem B hafði þegar rekið saumastofu sína í 8—9 mánuði og því bundin við samninga um húsnæði og við starfsstúlkur m. fl., þótti mega samkvæmt varakröfu hennar dæma hana aðeins til að greiða A bætur fyrir tjón það, er hún hafði bakað A með broti sínu á atvinnubanninu. En ef B greiddi ekki bæturnar innan tiltekins frests, skyldi atvinnubannið koma til framkvæmdar um eitt ár frá lokum frestsins 365

Sveitarfélagið Í hafði fyrir 1936 komið tveimur gamalmennum, er því var þá skylt að framfæra, til dvalar á elliheimilinu G. Úrskurður atvinnu- og

samgöngumálaráðuneytisins frá 14. júní 1938 um það, að sveitarfélaginu R sé lögskylt að framfæra gamalmenni þessi frá 1. jan. 1936, ekki talinn hafa áhrif á lögskipti Í og G. Var Í því dæmt skylt eftir kröfu G að greiða því dvalarkostnað gamalmennanna frá 1. jan. 1936 til 1. okt 1937 536

Samsölur. Sjá mjólkurlöggjöf.

Samvinnufélög.

Útgerðarsamvinnufélagið A hafði árið 1932 látazt undir skuld við einn félagsmann sinn, B. Þann 18. des. 1933 sagði B sig úr félaginu frá næstu áramótum að telja. Ábyrgð hans á skuldum félagsins til 31. des. s. á. (sbr. 8. gr. laga nr. 36 frá 1921) var því enn í gildi 3. sept. 1935, er félagsstjórnin baðst skuldaskila samkvæmt lögum nr. 99 frá 1935. Og samkvæmt 24. gr. þeirra laga var þessi ábyrgð hans talin hafa haldizt áfram vegna skuldaskilanna, þótt meira en tvö ár liðu frá úrsögn hans úr félaginu. Úr skuldaskilasjóði var úthlutað 5% upp í kröfu B. Höfðaði B síðan mál á hendur nokkrum félagsmönnum og krafðist af þeim greiðslu allrar skuldarinnar vegna ábyrgðar þeirra samkvæmt félagslögunum á skuldbindingum félagsins. Ábyrgð stefndu var talin hafa haldizt, þrátt fyrir skuldaskilin, sbr. 21. gr. laga nr. 99 frá 1935. Hins vegar var stefndu talið rétt að láta koma á móti kröfu B það af skuldum félagsins 31. des. 1933, er að réttu lagi hefði átt að koma í hans hlut að greiða, en skuldir félagsins umfram eignir á þeim tíma kváðust stefndu hafa greitt, en þó með eftirgjöf. Þar sem stefndu gerðu þess aftur á móti enga grein í málinu, hve miklu fé þeir hefðu leyst til sín skuldir þær, er B varðaði, varð skuldajöfnuði ekki við komið, og stefndu því dæmdir in solidum til að greiða kröfu B að fullu, enda höfðu þeir ekki krafizt niðurfærslu kröfunnar vegna þeirra 5%, er upp í hana átti að koma úr skuldaskilasjóði 443

Sáttir.

A hafði bakað B fjártjón með refsiverðum verknaði. B krafði hann bóta utan réttar og fékk nokkurn hluta skaðabótakröfu sinnar greiddan. Eftir það stefndi B A til greiðslu verzlunarskuldar, er ekki stóð í neinu sambandi við nefnda skaðabótakröfu. Er málið kom í rétt, varð sú sætt með aðiljum, að A gekkst undir að greiða B tiltekna fjárhæð, og skyldi „með þessari sætt lokið öllum öðrum kröfum af beggja hendi". Með þessari fyrirvaralausu yfirlýsingu í réttarsættinni þótti B hafa firrt sig rétti til þess að krefja A síðar um eftirstöðvar skaðabótakröfunnar 146

Sektir. Sjá refsingar.

Sératkvæði. Sjá ágreiningsatkvæði.

Siðferðisbrot. Sjá kynferðisbrot.

Siglingar. Sbr. árekstur, björgun, botnvörpuveiðabrot, farmsamningar, sjódómur, sjó- og verzlunardómur, sjóveð.

Gerðardómur hafði gengið í deilu félags útgerðarmanna og félags sjómanna um kjör sjómanna á botnvörpuskipum. Kyndarar tveggja botnvörpuskipa vildu skýra ákvæði gerðardómsins á þá leið, að þeir væru lausir undan vinnuskyldu, meðan skip þeirra affermdi fisk í heimahöfn, allt að 2 sólarhringa. Samkvæmt því lögðu þeir niður vinnu, er skip þeirra komu til heimahafnar, án leyfis yfirmanna skipanna. Út af þessu voru þeir eftir kröfu eigenda skipanna sóttir til sakar fyrir brot á sjómannalögunum. Með því að það þótti vafasamt, hvernig skýra ætti ákvæði gerðardómsins um þetta efni, og þar sem kærðu mátti vera það ljóst, að skilningur sá, er þeir báru fyrir sig, fór í bága við eldri tilhögun og orkaði tvímælis, þá var talið, að þeim hafi verið óheimilt að leggja sína túlkun á gerðardóminum til grundvallar breytni sinni, áður úr því væri skorið á

réttmætan hátt, hver væri réttur þeirra í þessu efni. Var háttsemi þeirra talin varða við 78. sbr. 77. gr. sjómannalaganna nr. 41 frá 1930 207

Sjódómsmál.

Mál gegn þrotabúi til greiðslu hásetakaups og viðurkenningar sjóveðréttar rekið fyrir sjódómi. Í héraði var ekki mætt af hálfu stefnda. Hæstiréttur taldi ekki liggja fyrir nægа sönnun þess, að kröfu þeirri, er málið varðaði, hafi verið lýst í þrotabúið samkvæmt 33. sbr. 90. gr. skiptalaganna og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 52 frá 1914 eða að skiptaráðandi hafi vísað henni til sjódóms samkvæmt nefndu ákvæði laga nr. 52 frá 1914. Héraðsdómur og málsmeðferð í héraði því ómerkt ex officio og málinu vísað frá héraðsdómi 327

Sjó- og verzlunardómur.

Vátryggingarfélag krafið um vátryggingarfé skips .. 6
Dæmt refsimál á hendur skipverjum fyrir brot á 78. sbr. 77. gr. sjómannalaga nr. 41 frá 1930 207
Útgerðarmenn skips krafðir skaðabóta vegna vanefnda á farmsamningi 252
Mál til ákvörðunar bjarglauna 263, 293, 306, 509
Skaðabóta krafizt vegna tjóns af árekstri skipa 319
Útgerð skips krafin um greiðslu hásetakaups 528
Skipverji varðskips sækir útgerð þess um hlutdeild í launum fyrir bjargaðgerðir skipsins 581

Sjómannalög. Sjá siglingar.

Sjóveð.

Sjóveðréttur viðurkenndur til tryggingar bjarglaunum 263, 306
Eftir beiðni skipstjórnarmanna skipsins A var það dregið til hafnar af skipinu B. Sjóveðréttur í A viðurkenndur B til handa samkvæmt 4. tölulið 236. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914 til tryggingar þóknun fyrir verk þetta, er talið var aðstoð, en eigi björgun 293
Sjóveð viðurkennt til tryggingar skaðabótum vegna skemmda af árekstri skips 319

Sjóveð dæmt til tryggingar eftirstöðvum kaups vélaraðstoðarmanns á skipi 528

Sjúkrasamlög.

Félagsmenn í sjúkrasamlagi Akureyrar tóku út lyf í lyfjabúð á Siglufirði og greiddu ¼ hluta lyfjaverðsins. Talið, að með því hafi þeir vísað lyfsalanum á sjúkrasamlag sitt til greiðslu eftirstöðvanna. Var þeim talið þetta heimilt samkvæmt 38. gr. laga nr. 26 frá 1936. Var sjúkrasamlag Akureyrar því dæmt til að greiða lyfsalanum eftirstöðvar lyfjaverðsins, enda hafði sjúkrasamlagið engum mótbárum hreyft í þá átt, að krafizt væri greiðslu annarra lyfja eða með hærra verði en samlagið hefði orðið að greiða, ef félagsmennirnir hefðu veikzt á samlagssvæði þess 516

Skaðabætur.

a) Vegna vanefnda á samningi eða slíkra sambanda.

Þrír menn, A, B og C, tóku í félagi skip á leigu til farmflutnings frá Danzig til Reykjavíkur. A hét D flutningi á 100 smálestum af benzíni og smurningsolíu í skipinu. Skipstjórinn skildi um 40 smálestir af vöru þessari eftir í Danzig, og barði því við, að ekki hefði verið farmrými fyrir meiru af vörum. D höfðaði þá mál gegn B og krafðist skaðabóta. Sagt, að samningur A við D hafi bundið þá félaga A, B og C alla in solidum, og hafi D því verið rétt að beina kröfu sinni að B einum. Var B dæmdur til að greiða D mismun umsamins farmgjalds og farmgjalds þess, er D varð að greiða fyrir vöruna í öðru skipi, og ennfremur símskeytakostnað D vegna vanefndanna. Hins vegar þótti ekki sannað, að D hafi beðið tjón vegna sölutaps eða vörurýrnunar 88

A hafði gert farmsamning árið 1937 við leigutaka skips, B, um flutning saltfarms frá Spáni til Íslands. Helmingur farmgjalds var greiddur fyrirfram. Á leiðinni til Íslands var skipið tekið af vopnuðu skipi Francos, er þá átti í borgarastyrjöld við stjórn Spánar. Lýstu yfirvöld Francos

farminn upptækan og létu skipstjórann undirrita nýtt farmskírteini á nafn manns nokkurs í bænum Casablanca í frakknesku Marokko. Samkvæmt fyrirmælum heryfirvalda Francos sigldi skipstjórinn síðan með farminn undir eftirliti herskipa til Casablanca, er var hlutlaus höfn, og skildi hann þar eftir. A höfðaði síðar mál gegn eiganda skipsins, C, og krafði hann bóta bæði fyrir missi fyrirframgreidds farmgjalds og farmsins. Þar sem farmgjaldið hafði verið goldið leigutaka skipsins, B, var C ekki talið skylt að bæta missi þess á þeim stofni, að það hefði í hans hendur runnið. Ekki var C heldur talinn hafa orðið bótaskyldur að því er varðaði missi farmgjaldsins af þeim sökum að skipstjórinn þætti hafa sýnt vanrækslu, er hann skildi farminn eftir, með því að hann var ekki talinn hafa átt annars úrkosta. Var C því sýknaður af þeim lið kröfunnar. Bótakrafan vegna missis farmsins þótti ekki heldur verða byggð á vanrækslu skipstjórans. Hins vegar var það talið athugandi, hvort skipstjórinn með þessu úrræði sínu hafi lagt hagsmuni A í sölurnar fyrir hina brýnu nauðsyn skips síns og áhafnar þess og hafi með því orðið bótaskyldur gagnvart A eftir reglum neyðarréttarins. Úrlausn þessa atriðis talin velta á því, hvort A hafi að lögum þeim, er í Casablanca giltu, er farmurinn var þar eftir skilinn, talizt eigandi hans, þrátt fyrir upptökuna og síðari ráðstafanir yfirvalda Francos. Með því að engar upplýsingar lágu fyrir í málinu um það, hvaða lög hafi gilt í Casablanca í því efni, þótti ekki að svo vöxnu máli unnt að leggja dóm á þenna lið kröfunnar, og var honum því vísað frá héraðsdómi 252

Samkvæmt farmsamningi átti skip að taka saltfarm fyrir A í Trapani á Sikiley og flytja hann til Íslands. Farmsamningnum var síðar breytt á þá leið, að saltið skyldi tekið í Santa Pola á Spáni í stað Trapani. Í máli gegn eiganda skipsins hélt A því fram, að hann hafi orðið að inna af hendi fjárgreiðslu til þess að fá sig leystan undan samn-

ingi um saltfarm í Trapani, og með því að farmflytjandi hafi óskað eftir nefndri breytingu á farmsamningnum, beri honum að bæta tjón það, er af breytingunni leiddi. Þar sem A hafði engan fyrirvara gert um að fá þessa fjárhæð greidda, er það réðst, að farmurinn skyldi tekinn í Santa Pola, var hann þegar af þeirri ástæðu ekki talinn eiga rétt til bóta úr hendi eiganda skipsins af þessum sökum 252

A rak saumastofu í Reykjavík. Hún réð B forstöðukonu saumastofunnar, og skuldbatt B sig til að reka ekki sjálf né starfa á samskonar saumastofu í Reykjavík og nágrenni hennar og Hafnarfirði. Þremur árum síðar sagði B upp samningnum og hóf sjálf rekstur samskonar saumastofu í Reykjavík. A höfðaði þá mál gegn B og krafðist þess, að henni yrði dæmt óheimilt að stunda þann atvinnurekstur, er atvinnubannið náði til. Með skírskotun til 37. gr. laga nr. 7 frá 1936 var talið, að B ætti ekki að vera bundin við atvinnubannið að fullu, og metið hæfilegt, að það standi eitt ár. En með því að B hafði þá rekið saumastofu sína í 8—9 mánuði og því væntanlega bundin við samninga um húsnæði og við starfsstúlkur m. fl., þá þótti mega taka til greina þá kröfu, er B hafði gert til vara í málinu, að dæma hana aðeins til að greiða A bætur fyrir tjón, er ætla mátti hana hafa beðið vegna brots á atvinnubanninu, og voru þær ákveðnar 3000 kr. En ef B greiddi ekki bætur þessar innan tiltekins frests, skyldi henni óheimilt að reka eða vinna að þeirri starfsemi, sem atvinnubannið tók til, um eitt ár frá lokum frestsins 365

Í máli því, er getur hér næst á undan, hafði B áður eða um það leyti sem hún fór úr þjónustu A ráðið frá henni starfsstúlkur til fyrirhugaðrar saumastofu sinnar, brennt af ásettu ráði bækur A, er höfðu að geyma nöfn, heimilisföng og líkamsmál kvenna, er B hafði afgreitt starfstíma sinn hjá A, og sent viðskiptavinum A tilkynningar um stofnun saumastofu sinnar ásamt óskum um við-

skipti við þá, en nöfn þeirra hafði hún tekið upp úr bókum A. Með þessum athöfnum var B talin hafa brugðizt því trausti, er A var nauðsyn að geta borið til hennar, og að sumu leyti misbeitt aðstöðu sinni sér í hag, en A til óhags, sbr. 12. gr. laga nr. 84 frá 1933. Krafðist A skaðabóta úr hendi B vegna athafna þessara, og með því að þær þóttu vera lagaðar til að valda A tjóni, var krafan til greina tekin og bætur ákveðnar 1000 kr., sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 84 frá 1933 365

A og B ráku heildverzlun í félagi á árunum 1911—1913, en þá hvarf A frá fyrirtæki þeirra og virðist ekki hafa starfað eftir það í þágu þess, en B hélt atvinnurekstrinum áfram. Árið 1937 höfðaði A mál gegn B og krafðist þess þá m. a., að B léti hann hafa sömu aðstöðu í firmanu sem hann hafði í öndverðu, en greiði honum ella 50 þús. kr. skaðabætur. Kröfu A var hrundið, með því að hann hefði með aðgerðaleysi sínu um svo langan tíma fyrirgert henni, jafnvel þótt hún kynni í upphafi að hafa haft við einhver rök að styðjast 375

Bifreiðarstjóri (A) hafði keypt bílábreiðu af kaupmanni (B). Taldi A lit hafa losnað úr ábreiðunni og spillt fiski, er hann flutti á bifreiðinni. Höfðaði hann mál gegn B og krafðist skaðabóta. Talið líklegt, að fiskurinn hafi skemmst af nefndri orsök. En með því að upplýst var, að B og fleiri kaupmenn höfðu um margra ára skeið selt samskonar ábreiður, án þess að yfir þeim væri kvartað, og að ábreiður þessar voru alþekktar meðal þeirra, er slíkar ábreiður nota, þá var talið, að B hafi mátt álíta vöru þessa hentuga til þeirrar notkunar, er hún var ætluð til, enda hafði hann hvorki ýkt kosti hennar né dulið ókosti. Var B því ekki talinn bera ábyrgð á tjóninu og sýknaður af kröfu A 524

A var ráðinn aðstoðarmaður í vél á togara. Honum var sagt upp starfinu með sama fyrirvara sem um háseta gildir. A taldi sig hins vegar eiga sama uppsagnarfrest sem vélstjórar og höfðaði mál gegn

eiganda togarans til greiðslu bóta vegna of skamms uppsagnarfrests. Kröfu A hrundið, með því að ákvæði laga um uppsagnarfrest vélstjóra hafi ekki tekið til hans 528

Leigutaki húsnæðis, er segja mátti upp leigusamningi með 3 mánaða fyrirvara til 14. maí eða 1. okt. að telja, fluttist úr húsnæðinu 14. maí, án þess að hafa sagt upp með nægum fyrirvara. Hann var dæmdur til að greiða leigusala húsaleigu til 1. okt. næst á eftir 407

A keypti af B byggingameistara hús í smíðum. Skyldi B skila því síðar fullgerðu. Á afhendingardegi var smíði hússins ekki lokið, en A tók samt við því og lauk sjálfur byggingu þess. B var dæmdur til að greiða A bætur vegna afnotamissis hússins frá umsömdum afhendingardegi til þess er það var fullgert 412

b) Skaðabætur utan samninga.

Húsmæðrafélag í Reykjavík (H) samþykkti á fundi að leggja kauphömlur á mjólkursamsölu (M). Birti félagið í tveimur dagblöðum áskoranir til allra húsmæðra í Reykjavík um takmörkun mjólkurkaupa, en ritstjórar blaða þessara tóku undir áskoranirnar og veittu þeim gengi, m. a. með óheimilum harðyrðum um M og forráðamenn hennar. M taldi sig bíða tjón af kauphömlunum og höfðaði skaðabótamál á hendur stjórnendum H persónulega og ritstjórum umgetinna blaða. Var talið, að aðgerðir stjórnenda H, er haft höfðu forgöngu um birtingu áskorananna, svo og ritstjóranna hefðu gengið lengra en heimilt var, og hefðu þessir aðiljar því orðið persónulega og solidariskt ábyrgir fyrir tjóni því, er ætla mátti að kauphömlurnar hefðu valdið M. Með því að minnkaða mjólkursölu á þeim tíma, er hér skipti máli, mátti rekja til fleiri orsaka en kauphamlanna, var gagnaðiljum M gert að greiða helming þess tjóns, er af minnkaðri mjólkursölu hafði leitt frá því að kauphömlurnar hófust og þar til að málið var lagt til sátta 10

Bæjarstjórn kaupstaðarins A keypti árið 1923 bryggju, er B skipaafgreiðslumaður hafði notað til upp- og útskipunarstarfsemi sinnar. Ákvað A að gera bryggjuna að bæjarbryggju og takast sjálfur á hendur alla upp- og útskipunarstarfsemi um hana. Varð það til þess, að B hætti allri slíkri starfsemi. Árið 1934 höfðaði B mál gegn A og krafðist fébóta vegna þess að hann hafði orðið að láta af starfi sínu vegna nefndra aðgerða A. Miðaði hann upphæð bótanna við árlegt atvinnutjón frá því að hann hætti þessu starfi sínu og til ársloka 1933. Sagt, að með því að B hafi ekki hafizt handa fyrr en árið 1934 til þess að fá úr því skorið, hvort lögmætar væru gagnvart honum ráðstafanir þær, er A gerði um bryggjuna á árunum 1923 og 1924, þá verði að telja hann með svo löngu aðgerðaleysi hafa undirgengizt að hlíta nefndum aðgerðum A, og eigi hann þegar af þeirri ástæðu ekki rétt til fébóta úr hendi A af þessu efni 45

A var ásamt eiginmanni sínum farþegi í bifreið frá Reykjavík til Akureyrar. Í Eyjafirðinum hlekktist bifreiðinni á, og hlaut A allmikil meiðsl. Í fébótamáli, er A höfðaði gegn eiganda bifreiðarinnar (B), þótti sannað, þrátt fyrir neitun B, að A hafi verið farþegi gegn borgun. Og með því að ekki var upplýst, að slysið hefði hlotið að vilja til, þrátt fyrir aðgæzlu þá og varkárni, er ökumanni var skylt að gæta, var B dæmdur til að greiða A lækningakostnað, bætur fyrir vinnutjón, óþægindi og andlitslýti svo og ferðakostnaðarauka þann, sem af því leiddi, að A og eiginmaður hennar urðu að taka sér far á skipi til Reykjavíkur í stað bifreiðar. Hins vegar þótti A ekki eiga rétt til að fá endurgreitt fargjald það, er hún hafði greitt B fyrir ferðina norður 79

Félagið A hafði fengið mjólkurbú sitt löggilt samkvæmt lögum nr. 1 frá 1935 með því skilyrði, að það tæki mjólk utanfélagsmanna til gerilsneyðingar gegn gjaldi, er ráðherra ákvæði. Síðar keypti mjólkursamlagið B bú þetta og hélt áfram rekstri

þess, án þess að afla sér sérstakrar löggildingar. B synjaði utansamlagsmanninum C um gerilsneyðingu mjólkur hans. Höfðaði C þá mál gegn B og krafðist bóta fyrir tjón það, er synjunin hafi bakað honum. Sagt, að þar sem B hafi haldið rekstri mjólkurbúsins áfram á grundvelli þeirrar löggildingar, er A hafði fengið, þá hafi B bundizt skyldu til að gerilsneyða mjólk utansamlagsmanna. Var B dæmt til að greiða C skaðabætur, er við það voru miðaðar, að C hafi ekki fengið nema ¼ verðs fyrir mjólk sína, eftir að honum var synjað gerilsneyðingar 109

A hafði í heimildarleysi fengið arð greiddan út á arðmiða frá hlutafélaginu B. Í opinberu máli gegn A út af misferli þessu krafðist B bóta. Kröfu þessari var hrundið, með því að B hafi með fyrirvaralausri yfirlýsingu í réttarsætt í einkamáli, er það hafði höfðað gegn A, firrt sig rétti til frekari greiðslu úr hendi A en þar hafði verið sætzt á .. 146

A hafði verið dæmdur í 1200 króna sekt fyrir brot á áfengislögum. Eftir kröfu lögreglustjóra Reykjavíkur var fjárnám gert til tryggingar greiðslu sektarinnar í dómkröfu, er A átti á hendur B, að fjárhæð 3800 kr. Eftir beiðni lögreglustjóra var dómkrafan seld á nauðungaruppboði þann 15. ágúst 1934 fyrir hæsta boð, 500 kr. Uppboð þetta var ómerkt í hæstarétti þann 25. okt. 1935 sökum galla á auglýsingu þess. C, sem A hafði framselt rétt sinn til dómskuldarinnar og til skaðabóta frá ríkissjóði vegna hins ólögmæta uppboðs, höfðaði mál á hendur ríkissjóði til greiðslu skaðabóta, er hann miðaði við upphæð dómkröfunnar á hendur B að viðbættum vöxtum og málskostnaði, en að frádreginni sekt A ásamt kostnaði. Kvað C B hafa verið færan um að greiða kröfuna, er hið ólögmæta uppboð fór fram, en verið orðinn eignalausan, er uppboðið var ómerkt. Ríkissjóður var sýknaður, með því að ætla mátti, að dómkrafan á hendur B hefði ekki á löglegu uppboði, sem fram hefði farið um sömu mundir og

uppboð það, sem ómerkt var, orðið seld fyrir hærri upphæð en sem svaraði sekt A að viðbættum kostnaði 218
Ríkissjóður sýknaður af skaðabótakröfu vegna töku togara, er ósannað þótti um, að verið hefði að veiðum í landhelgi, er hann var tekinn. Sagt, að skipherra varðskipsins hafi haft fulla ástæðu til að stöðva togarann og láta rannsaka mál skipstjóra hans. Hafi hann því ekki farið út fyrir valdsvið sitt né gerzt sekur um gáleysi með öðrum hætti. Verði skaðabótaskylda ríkissjóðs því ekki byggð á almennum skaðabótareglum. En fyrst svo sé ekki, þá bresti heimild samkvæmt íslenzkum rétti til að dæma bætur fyrir handtöku vegna refsiverðs verknaðar, er aðili sé síðar sýknaður af. Fyrirmæli laga nr. 28 frá 1893 ekki talin eiga hér við 231
Erlendur skipstjóri (A) var af hálfu ákæruvaldsins sóttur til sakar fyrir að hafa gerzt sekur við sóttvarnarlög. Í hæstarétti var A sýknaður af kæru þessari. Meðan mál A var fyrir dómstólunum, var honum meinuð brottför úr landi. Eigandi skips þess, er A stýrði, höfðaði síðar mál gegn ríkissjóði og krafðist skaðabóta fyrir tjón það, er af því leiddi, að höfðað var refsimál gegn A. Ekki talið, að ríkissjóður hefði orðið bótaskyldur út af málshöfðun þessari, nema skilyrði fyrir lögjöfnun frá 1. gr. laga nr. 28 frá 1893 þætti hafa verið fyrir hendi. Hvort svo hefði verið, kom þó ekki til álita, með því að slík skaðabótakrafa, þótt til hefði verið, hefði verið fallin niður samkvæmt analogíu 4. gr. sömu laga, þar sem meira en ár var liðið frá því að sýknudómur í opinbera málinu gekk í hæstarétti, þegar skaðabótamálið var höfðað. Ríkissjóður því sýknaður af kröfu þessari 242
Lögtak var gert í erlendu skipi til tryggingar greiðslu ýmissa skipagjalda. Lögtaksgerðin var ómerkt í hæstarétti. Eigandi skipsins höfðaði þá mál í héraði á hendur ríkissjóði og krafðist bóta fyrir tjón það, er hið ólögmæta lögtak hafi bakað honum. Sagt, að þótt réttur til bóta samkvæmt 13. gr. laga

um lögtak o. fl. nr. 29 frá 1885 hefði verið fyrir hendi, þá væri sú krafa niður fallin, með því að hún hefði ekki verið borin fram í sambandi við áfrýjun lögtaksgerðarinnar, sbr. 11.—13. gr. nefndra lögtakslaga. Var ríkissjóður því þegar af þessari ástæðu sýknaður af skaðabótakröfu þessari 242

Bæjarfógeti gerði lögtak í erlendu skipi til tryggingar greiðslu ýmissa skipagjalda. Lét hann síðan setja skipið á land upp og fékk það geymt á dráttarstöð. Lögtaksgerðinni var áfrýjað, og var hún felld úr gildi í hæstarétti. Af hálfu eiganda skipsins (A) var þess þá krafizt, að skipið yrði afhent á floti, og lagði dómsmálaráðuneytið fyrir bæjarfógetann að afhenda það, eiganda að kostnaðarlausu. Þegar taka átti skipið, taldi bæjarfógetinn sér ekki skylt að láta setja það fram, en vísaði á það, þar sem það stóð á landi uppi. Af hálfu A var neitað að taka við því þar, og varð ekkert af afhendingu. A höfðaði síðar mál gegn ríkissjóði og krafðist bóta vegna þess að honum var ekki skilað skipinu. Sagt, að bæjarfógetinn hafi ekki fullnægt þeirri skilaskyldu, er á honum hvíldi vegna töku skipsins og fyrirmæla dómsmálaráðuneytisins um afhendingu þess, og verði ríkissjóður að bera ábyrgð á tjóni A vegna vanrækslu þessarar, enda taki ákvæði 11.—13. gr. laga nr. 29 frá 1885 ekki til tilviks þessa, er gerzt hafi eftir að lögtaksgerðin var ómerkt í hæstarétti. Var ríkissjóður dæmdur til að greiða A kostnað hans vegna ráðstafana við að fá skipið afhent svo og bætur fyrir afnotamissi þess frá áætluðum komudegi þess til heimilis síns, ef það hefði verið afhent, og þar til málið var höfðað .. 242

Skipið A rakst á skipið B og olli spjöllum á því. A talið eiga alla sök á árekstrinum og dæmt til að greiða B viðgerðarkostnað og kaup skipshafnar í 8 daga, meðan viðgerð fór fram 319

Í refsimáli út af þjófnaði var ákærði dæmdur til að greiða iðgjöld stolins hlutar 340

A, er ráðizt hafði forstöðukona saumastofu B, talin hafa með því að eyðileggja og misnota viðskipta-

mannabækur B og fleiri aðgerðum brugðizt því trausti, er B var nauðsyn að geta borið til hennar, og að sumu leyti misbeitt aðstöðu sinni sér í hag, en B til óhags, sbr. 12. gr. laga nr. 84 frá 1933. Með skirskotun til 16. gr. nefndra laga var A dæmd til að greiða B 1000 kr. í skaðabætur .. 365

Eiganda bifreiðar dæmt að greiða móður og barni manns, er farizt hafði af bifreiðarslysi, dánarbætur. (Sbr. dánarbætur) 385

Þrír menn, er höfðu falsað tékka og notað þá, dæmdir í opinberu máli til að greiða bætur fyrir tjón, sem af verknaði þeirra hafði leitt 474

Mál var höfðað í héraði á hendur lögmanninum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs eða persónulega til greiðslu fébóta vegna meintrar ólögmætrar fógetagerðar. Lauk málinu svo í héraði, að lögmaðurinn var dæmdur persónulega til að greiða bætur. Hæstiréttur ómerkti dóm og málsmeðferð í héraði og vísaði málinu frá héraðsdómi, með því að slíkt mál yrði ekki sótt í héraði, hvorki á hendur lögmanninum persónulega né ríkissjóði, auk þess sem lögmaðurinn væri ekki bær að binda ríkissjóð í málinu 541

Gerðarþoli innsetningargerðar (A) krafðist fébóta af gerðarbeiðanda (B) vegna þess að B hefði ekki verið heimilt að krefjast gerðarinnar. Kröfunni hrundið, með því að skilyrði fyrir framkvæmd innsetningargerðarinnar höfðu verið fyrir hendi 541

Maður, sem dæmdur var til refsingar fyrir þjófnað og óheimila meðferð á annarra fé, einnig dæmdur í því máli til iðgjaldagreiðslu 559

Skattar og gjöld.

1. Útsvör.

A, sem heima átti í hreppnum X, rak atvinnu árið 1935 í hreppnum Y, en hætti þeim atvinnurekstri um áramótin 1935—1936. Við niðurjöfnun útsvara í hreppnum Y í maí 1936 var útsvar lagt á A samkvæmt a-lið 8. gr. útsvarslaga nr. 46 frá 1926. Þessi útsvarsálagning dæmd óheimil, með því að

A hafði ekki lengur heimilisfasta atvinnustofnun í hreppnum Y, er útsvarsálagning fór fram .. 213

2. *Fasteignagjöld til bæjar- og sveitarfélaga.*
Fasteignaskattur manns til bæjarsjóðs samkvæmt lögum nr. 69 frá 1937 lækkaður samkvæmt kröfu hans, með því að skatturinn hafði í upphafi verið lagður í einu lagi á byggingarlóð og mannvirki, en er málið kom til hæstaréttar, hafði mat á lóð og mannvirkjum verið aðgreint, sbr. 1. og 2. tölulið 1. gr. nefndra laga 349

Skilorðsbundnir dómar. Sjá dómar.

Skip. Sbr. árekstur, sjóveð.
Bátur hafði strandað og verið síðan metinn óbætandi af tveimur dómkvöddum skoðunarmönnum. Með því að mat þetta þótti að ýmsu leyti gallað, var það ekki lagt til grundvallar í máli gegn vátryggingarfélagi til greiðslu vátryggingarfjárins 5

Skipti, skiptamál. Sbr. gjaldþrotaskipti.
Mál var höfðað fyrir sjódómi gegn skiptaráðanda f. h. þrotabús til greiðslu á hásetakaupi og viðurkenningar sjóveðréttar. Ekki talin liggja fyrir næg sönnun þess, að kröfu þeirri, er málið varðaði, hafi verið lýst í þrotabúið samkvæmt 33. sbr. 90. gr. skiptalaga nr. 3 frá 1878 og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 52 frá 1914, eða að skiptaráðandi hafi vísað henni til sjódóms samkvæmt nefndu ákvæði laga nr. 52 frá 1914. Ómerkti hæstiréttur því ex officio mál og málsmeðferð í héraði og vísaði málinu frá héraðsdómi 327
Mál var höfðað fyrir sjódómi samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga nr. 52 frá 1914 gegn skiptaráðanda f. h. þrotabús. Hinn reglulegi héraðsdómari, er einnig var skiptaráðandi búsins, veik sæti ex officio í máli þessu. Í hæstarétti var að því fundið, að dómarinn hefði vikið sæti án nægilegrar ástæðu 327
Dánarbú A, er var undir skiptum samkvæmt III. kap. skiptalaga nr. 3 frá 1878, hafði fengið greitt lif-

tryggingarfé hans. Börn A og móðir töldu sig eiga rétt til fjárins og kröfðust sameiginlega afhendingar þess frá dánarbúinu, en því var andmælt af lánardrottnum búsins. A hafði skýrt líftryggingarfélaginu frá því, er hann baðst tryggingarinnar, að féð ætti að honum látnum að ganga til framfærslu fjölskyldu hans. Talið, að með þessu hafi A ákveðið nægilega skýrt, að tryggingin væri keypt til hagsmuna fjölskyldu hans, en ekki lánardrottnum. En af því leiði, að A hafi viljað láta tryggingarféð vera undan aðför og öðrum aðgerðum til hagsmuna lánardrottnum hans dregið. Þessi ráðstöfun talin lögmæt, sbr. 32. gr. laga nr. 19 frá 1887 og 26. gr. laga nr. 25 frá 1929, enda var ekki um riftingu á nefndri ráðstöfun að tefla, þar sem skiptameðferðar á dánarbúinu samkvæmt 31. gr. laga nr. 25 frá 1929 hafði ekki verið krafizt. Sagt, að ráðstöfuninni verði ekki heldur hnekkt vegna ákvæða 25. gr. erfðatilsk. frá 25. sept. 1850, með því að þau varði ekki skipti erfingja og lánardrottna. Loks geti 2. málsl. 85. gr. laga nr. 3 frá 1878 ekki komið lánardrottnunum að haldi, þar sem þau ákvæði taki aðeins til óefndra gjafaloforða, en hér hafi allt það verið innt af hendi fyrir lát A, sem nauðsynlegt var til þess að fá tryggingarféð greitt. Var börnum og móður A því dæmt tryggingarféð 486

Krafa um málskostnað fyrir skiptarétti í máli, er hófst fyrir skiptaréttinum árið 1934, en lauk þar í apríl 1937, ekki tekin til greina þegar af því, að 3. mgr. 185. gr. laga nr. 85 frá 1936 tók ekki til meðferðar málsins fyrir skiptaréttinum, sbr. 222. gr. sömu laga 486

Ekkjan A hafði síðustu ár sín dvalizt hjá syni sínum B, og lét hún ekki annað eftir sig en kröfu á hendur honum til andvirðis eigna, er hún hafði selt honum árið 1920. Samkvæmt framfærslusamningi, er A hafði gert við B, skyldi nokkur hluti kröfunnar árlega ganga til framfærslu henni. Eftir lát A mótmæltu börn hennar C og D gildi framfærslusamningsins. Ennfremur mótmæltu þau

reikningi B yfir jarðarfararkostnað A sem of háum. Loks andmæltu þau því, að B væri heimilt að greiða eftirstöðvar skuldar sinnar til dánarbús A með skuldabréfum Kreppulánasjóðs. Þótti skiptaréttur eiga dóm á ágreiningsefnum þessum, með því að aðiljar urðu ásáttir um að leggja þau undir úrlausn hans. Var framfærslusamningurinn gildur metinn, B heimilað að greiða skuld sína í kreppulánasjóðsbréfum með nafnverði, en reikningur hans yfir jarðarfararkostnað færður niður 500
A, sem verið hafði ráðskona B, krafðist afhendingar á ýmsum munum úr dánarbúi hans og lýsti í búið kaupkröfu fyrir ráðskonustörf í 5 ár svo og leigukröfu fyrir búfé, er hún hafi átt, en B nytjað þau ár, er hún dvaldist hjá honum. Krafan um afhendingu munanna sætti engum andmælum og var því til greina tekin. Kaupkröfunni hins vegar hrundið, með því að kaup A þessi ár hafi ekki hrokkið til framfærslu þriggja barna hennar, er henni fylgdu, enda hafði framfærslusveit A greitt B það sem á skorti fullt meðlag með börnunum. Hafði og A engum kaupkröfum hreyft fyrr en eftir lát B. Leigukrafan talin réttmæt, en með því að A mótmælti því ekki, að hún hefði fengið meira verðmæti frá B en leigukröfunni nam, var skuldajöfnuður heimilaður 595

Skírlífisbrot. Sjá kynferðisbrot.

Skjalafals.

Í sakamáli út af skjalafalsi o. fl. var úrskurðað, að framhaldsrannsókn skyldi fram fara, meðal annars til að afla sýnishorna af rithöndum þeirra manna, er hinir ákærðu voru sakaðir um að hafa stælt og falsað nöfn þeirra 130
A var gefið að sök, að hann hafi falsað tvo innkaupsreikninga í því skyni að komast hjá réttmætri tollgreiðslu af vörum. Var tala skrifuð á annan reikninginn, sem ekki átti á honum að standa, en efni hins var breytt á þann hátt, að á hann var límdur pappírsrenningur með yfirlýsingu um vör-

ur, er klipptur hafði verið af öðrum innkaupsreikningi, auk þess sem strikað hafði verið yfir tölustafi. Þar sem ekki lá fyrir skýlaus játning A um að hann hafi falsað eða falsa látið reikninga þessa, og það var ekki sannað á annan hátt, en möguleiki á því, að aðrir hefðu framkvæmt breytinguna, þá var hann sýknaður af ákæru þessari .. 146

A falsaði marga tékka og víxla. Var hann dæmdur til refsingar eftir 271., 275. og 277. gr. hegningarlaganna. B, sem verið hafði með í ráðum um fölsun tékka og víxils, dæmdur eftir 271. sbr. 48. gr. sömu laga. C aðstoðaði A við lántökur gegn tryggingu í fölsuðum tékkum. Neitaði C því að vísu, að honum hafi verið kunnugt um fölsun tékkanna, en eftir öllum atvikum var talið, að honum hafi ekki getað dulizt, að þeir væru falsaðir. Var honum dæmd refsing eftir 271. gr. hegningarlaganna. C hafði einnig aðstoðað A við sölu tveggja falsaðra víxla, en gegn neitun C þótti ekki sannað, að hann hafi vitað, að víxlarnir væru falsaðir 456

Þrír menn dæmdir fyrir fölsun tékka og sölu þeirra eftir 271. og 277. sbr. 55. gr. hegningarlaganna. Fjórði maðurinn, er tekið hafði við hluta af andvirði tékkanna, enda þótt hann vissi, hvernig þess var aflað, dæmdur sekur við 271. og 277. gr. hegningarlaganna sbr. 56. gr. þeirra 474

Skjöl. Sjá embættisvottorð, sönnun.

Skottulækningar. Sjá læknar, lækningar.

Skuldabréf.

A dæmdur til að gefa út skuldabréf til handa B, nema hann synji fyrir það með eiði, að hann hafi játazt undir að gefa bréfið út 331

Skuldajöfnuður.

Í skuldamáli var gagnsök höfðuð í héraði til skuldajafnaðar og sjálfstæðs dóms um afgang gagnkröfu. Hæstiréttur vísaði gagnsökinni frá héraðs-

dómi sökum ófullnægjandi málsútlistunar, en tók að öllu leyti til greina kröfur aðalstefnanda í héraði 300
Samvinnuútgerðarfélagið A hafði játazt undir skuld við einn félagsmann sinn (B). Vegna vanefnda á greiðslu af hálfu félagsins og eftir að það hafði fengið niðurfærslu á skuldum samkvæmt lögum nr. 99 frá 1935, höfðaði B mál á hendur 5 félagsmönnum A og krafði þá um greiðslu allrar skuldarinnar vegna ábyrgðar þeirra á skuldum A samkvæmt félagslögunum. Sagt, að B væri rétt að krefja stefndu um skuldina, en þar sem B væri einnig ábyrgur fyrir skuldum félagsins, hefðu stefndu rétt til að láta koma á móti kröfu hans það af skuldum félagsins, er að réttu lagi hefði átt að koma í hans hlut að greiða. En skuldir félagsins umfram eignir á þessum tíma kváðust stefndir hafa greitt, en þó með eftirgjöf. Þar sem stefndu gerðu þess hins vegar enga grein í málinu, hve miklu fé þeir hefðu leyst til sín skuldir þær, er B varðaði, varð skuldajöfnuði ekki við komið. Voru stefndu því dæmdir til að greiða kröfuna að fullu 443
Kaupanda húss heimilaður skuldajöfnuður á eftirstöðvum kaupverðsins og skaðabótakröfu, er hann hafði á hendur seljanda út af því, að seljandi hafði á brott með sér búnað úr húsinu, er því átti að fylgja 553
Kröfu A í dánarbú skuldajafnað við hærri kröfu dánarbúsins á hendur A 595

Skuldir, skuldamál. Sbr. ábyrgð, bjarglaun, endurgreiðsla, gjalddagi, greiðsla, kaup og sala, skaðabætur, víxlar.

Vátryggingarfélag sýknað af kröfu um greiðslu vátryggingarfjár skips, með því að ekki var sannað, að skipið væri óbætandi 5
Árið 1936 ákvað mjólkursölunefnd samkvæmt lögum nr. 1 frá 1935, að rekstrarágóði mjólkursamsölunnar í Reykjavík það ár skyldi renna til framleiðenda austan Hellisheiðar sem bætur þess, að

þeir höfðu orðið að þoka af markaði neyzlumjólkur í Reykjavík til hagsbóta fyrir framleiðendur vestan fjalls. A, sem var mjólkurframleiðandi vestan Hellisheiðar, höfðaði þá mál gegn mjólkursamsölunni (M) og krafði hana um það af rekstrarágóða ársins 1936, er hann taldi eiga að koma í sinn hlut miðað við selt mjólkurmagn frá búi hans. M var talið óheimilt að verja meira en 8% af söluverði neyzlumjólkur og rjóma til verðbótar mjólkur framleiðenda austan fjalls, sbr. 2. gr. laga nr. 1 frá 1935, en ákvörðun hennar um rekstrarágóða, sem til var kominn á annan hátt, talin heimil. Samkvæmt því var krafa A aðeins að nokkru leyti til greina tekin 53

Maður sýknaður af kröfu héraðslæknis um gjald fyrir læknisaðgerð. Að vísu var ekki annað upplýst en að aðgerðin hafi verið nauðsynleg og framkvæmd á réttan hátt, en sá ljóður þótti að öðru leyti hafa verið á framkomu læknisins í ferð þessari, að hann ætti ekki tilkall til gjalds fyrir hana 93

Mjólkurframleiðandi (A) taldi mjólkurbúið B hafa tekið of hátt gerilsneyðingargjald af mjólk hans tiltekið tímabil og krafðist greiðslu þeirrar fjárhæðar, er hann taldi B hafa ranglega eftir haldið af andvirði mjólkur hans. Með því að A hafði ekki slegið varnagla við B um frekari greiðslu, þegar hann tók við borgun fyrir mjólk þá, er hann lagði inn til B á umræddu tímabili, þá var B þegar af þeirri ástæðu sýknað af kröfu hans .. 109

Ríkisstjórnin hafði heitið Reykjavíkurbæ því, að ríkið léti ókeypis í té störf húsameistara ríkisins við byggingu sundhallar í Reykjavík. Borgarstjóri Reykjavíkur gaf þó húsameistaranum eftir það loforð um 5000 kr. greiðslu úr bæjarsjóði fyrir störf þessi, en ekki aflaði borgarstjórinn sér heimildar frá fjárveitingarvaldi bæjarins til þessa. Helmingur fjárhæðar þessarar var goldinn húsameistara úr bæjarsjóði eftir ávísun borgarstjóra, og var tekið fram í ávísuninni, að greiðslan væri upp í þóknun fyrir uppdrætti og áætlun um sundhöll. Gerði bæjarstjórnin enga athugasemd við

greiðslu þessa, er bæjarreikningar voru samþykktir fyrir viðkomandi ár. Síðar höfðaði húsameistari mál gegn Reykjavíkurbæ til greiðslu eftirstöðva þóknunar þessarar. Sagt, að loforð borgarstjóra um greiðslu þóknunar þessarar um skyldu fram hafi ekki bundið bæinn, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktar nr. 68 frá 1915. Og ekki verði talið, að heildarsamþykkt bæjarreikninganna hafi náð til ráðagerðar þeirrar um frekari greiðslu, er borgarstjórinn hafi ritað á ávísunina, enda ekki vitað, að bæjarfulltrúum hafi verið kunn sú ráðagerð. Var bærinn því sýknaður af kröfu þessari 124

Erfðafestuhafa í Reykjavík, er bærinn hafði svipt landi sínu, dæmt endurgjald fyrir það eftir mati 2 dómkvaddra, óvilhallra manna 222

Í bifreiðarslysi hlaut eigandi bifreiðarinnar meiðsl. Skyldutrygging samkvæmt 17. gr. laga nr. 70 frá 1931 ekki talin ná til tjóns á eiganda bifreiðar sjálfum, sbr. 16. gr. sömu laga. Var því vátryggingarfélag það, er bifreiðin var skyldutryggð hjá, sýknað af kröfu um greiðslu tryggingarfjár vegna slyss þessa 271

A stefndi B til greiðslu húsaleiguskuldar. B viðurkenndi kröfuna, en taldi sig eiga hærri gagnkröfu á hendur A. Gagnstefndi B því í málinu og krafðist skuldajafnaðar og sjálfstæðs dóms um afgang gagnkröfu. Hæstiréttur vísaði gagnsökinni frá héraðsdómi sökum ófullnægjandi málsútlistunar, en dæmdi B til að greiða A kröfu hans í aðalsökinni 300

A tókst á hendur að smíða hús fyrir B. Áður en smíðinni var lokið, varð sýnt, að A gæti ekki staðið við samninginn. Varð þá að samkomulagi með aðiljum, að B tæki við húsinu ófullgerðu og tæki jafnframt að sér að greiða tilteknar skuldir, er A hafði stofnað til vegna hússmíðarinnar. C, sem látið hafði A í té hita- og hreinlætistæki í húsið, var viðstaddur, þegar samkomulagið gerðist. Hélt hann því síðar fram, að B hefði þá tekið að sér að greiða tæki þessi með því að gefa út skuldabréf til handa C, er greiðast skyldi á 10 árum, en þessu neitaði B. C höfðaði þá mál gegn B og krafðist

þess, að hann yrði dæmdur til að gefa út skuldabréf slíkt sem að framan greinir. C studdi kröfu sína einu vitni, auk þess sem eiðfest skýrsla A gekk honum í vil. Með þessu þóttu það veigamiklar líkur komnar fram fyrir málstað C, að úrslit málsins voru látin velta á eiði B 331

A, sem sótt hafði um lán úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda samkvæmt lögum nr. 99 frá 1935, fékk peningalán hjá B eftir að áskoranir til skuldheimtumanna A um kröfulýsingar til sjóðsins höfðu verið birtar, en áður en kröfulýsingarfrestur var liðinn. B lýsti ekki kröfu sinni til skuldaskilasjóðs, en eftir lok skuldaskila höfðaði hann mál gegn A til greiðslu kröfunnar. A krafðist sýknu sökum þess að krafan væri niður fallin, þar sem henni hefði ekki verið lýst til sjóðsins. Þessari mótbáru hrundið, með því að krafan hafði stofnast eftir útgáfu skuldainnköllunar og því eigi brott fallin samkvæmt 14. gr. laga nr. 99 frá 1935, sbr. lög nr. 19 frá 1924, 37. og 43. gr. analogice. Var A því dæmdur til að greiða skuldina 382

Vátryggingarfélag dæmt til greiðslu slysabóta 428

Útgerðarsamvinnufélag hafði stofnað til skuldar við einn félagsmanna sinna (A). Eftir það fékk félagið niðurfærslu skulda sinna samkvæmt lögum nr. 99 frá 1935. Höfðaði A þá mál gegn nokkrum félagsmönnum, er ábyrgð báru á skuldum félagsins samkvæmt félagssamþykktum. Þrátt fyrir skuldaskilin voru stefndu taldir bera þessa ábyrgð áfram samkvæmt 21. gr. laga nr. 99 frá 1935. Voru þeir dæmdir in solidum til að greiða A kröfu hans að fullu, enda voru gagnkröfur, er stefndu höfðu uppi, ekki til greina teknar sökum ófullnægjandi málsútlistunar 443

Sjúkrasamlag Akureyrar dæmt til að greiða lyfsala á Siglufirði andvirði lyfja, er meðlimir sjúkrasamlagsins höfðu tekið út í reikning þess hjá lyfsalanum 516

Aðstoðarmanni í vél á togara dæmdar kaupeftirstöðvar úr hendi útgerðarmanns 528

Sveitarfélagið A, er komið hafði tveimur gamal-

mennum til dvalar á elliheimili, dæmt til að greiða því vistgjald gamalmennanna frá 1. jan. 1936 til 30. sept. 1937, enda þótt úrskurður yfirvalds frá 14. júní 1938 kvæði svo á, að sveitarfélaginu B sé lögskylt að framfæra gamalmenni þessi frá 1. jan. 1936. Þessi úrskurður ekki sagður varða að neinu lögskipti A og elliheimilisins 536
A dæmdur til að greiða B viðskiptaskuld, með því að ekki þótti sannað, að B hefði tekið við ávísunum af A, er ekki reyndist innstæða fyrir, sem fullnaðargreiðslu 604

Slysatrygging. Sjá vátrygging.

Sóttvarnir.

Tveir menn, er tóku sjúklinga til meðferðar án læknisingaleyfis, ekki taldir sannir að því að hafa brotið sóttvarnafyrirmæli 133

Stefnur. Sjá kærumál, málshöfðun.

Stjórnarfarsréttur. Sjá sveitarstjórn.

Sveitarstjórn.

Árið 1923 keypti Ísafjarðarkaupstaður (Í) af A bryggju eina, er B skipaafgreiðslumaður hafði notað við starfsemi sína. Fékk Í staðfestingu stjórnarráðsins á því, að bryggjan yrði bæjarbryggja samkvæmt lögum nr. 34 frá 1922. Bæjarstjórn Í ákvað síðan, að kaupstaðurinn skyldi sjálfur annast alla út- og uppskipunarstarfsemi um bryggjuna. Varð það til þess, að B hætti allri slíkri starfsemi. Árið 1934 höfðaði B mál gegn Í og krafðist fébóta fyrir það að hafa orðið að hætta afgreiðslustarfsemi sinni vegna nefndra ráðstafana Í. Miðaði hann upphæð bótanna við árlegt atvinnutjón frá því í apríl 1925, er hann hætti starfsemi sinni, til ársloka 1933. Sagt, að með því að B hafi ekki hafizt handa fyrr en árið 1934 til þess að fá úr því skorið, hvort lögmætar væru gagnvart honum ráðstafanir þær, er Í gerði um

bryggjuna á árunum 1923 og 1924, þá verði að telja hann með svo löngu aðgerðaleysi hafa undirgengizt að hlíta nefndum ráðstöfunum Í, og eigi hann þegar af því ekki rétt til fébóta úr hendi Í 45

Í sambandi við byggingu sundhallar í Reykjavík, er ríkissjóður og bæjarsjóður lögðu fé til, tjáði ríkisstjórnin bænum í júlí 1928, að ríkið mundi láta ókeypis í té vinnu húsameistara ríkisins við bygginga sundhallarinnar. Árið 1930 hét borgarstjóri Reykjavíkur húsameistara ríkisins munnlega, og án þess að afla sér samþykkis bæjarstjórnar, að honum skyldu greiddar 5000 kr. úr bæjarsjóði fyrir uppdrætti og önnur húsameistarastörf við byggingu sundhallarinnar. Var helmingur þeirrar upphæðar greiddur húsameistara árið 1930 úr bæjarsjóði eftir ávísun borgarstjóra. Í ávísuninni var tekið fram, að greiðsla þessi væri „upp í þóknun fyrir uppdrætti og áætlanir um sundhöll". Gerði bæjarstjórn enga athugasemd um greiðslu þessa, þegar bæjarreikningar fyrir árið 1930 voru samþykktir af henni. Árið 1937 höfðaði húsameistari mál gegn Reykjavíkurbæ til greiðslu eftirstöðva þóknunar þessarar. Sagt, að þótt störf húsameistara hafi komið bænum að notum, þá hafi bænum samt, vegna nefndra ákvarðana ríkisins ekki borið nein skylda til að greiða þóknun fyrir þau störf, nema hann hefði sérstaklega gengizt undir það. Loforð borgarstjóra um greiðslu þóknunar um skyldu fram án samþykkis fjárveitingavalds bæjarins hafi ekki bundið bæinn, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktar nr. 68 frá 1915. Og þótt bæjarstjórnin hafi samþykkt í heild bæjarreikninginn fyrir árið 1930, þá verði sú samþykkt ekki talin hafa náð til ráðagerðar þeirrar um frekari þóknun, er borgarstjóri hafi ritað á ávísunina, enda ekki vitað, að bæjarfulltrúum hafi verið sú ráðagerð kunn. Var bærinn því sýknaður 124

A hafði haft land á erfðafestu frá Reykjavíkurbæ. Árið 1934 svipti bæjarstjórnin hana landinu án endurgjalds. Land þetta hafði verið í óslitinni

erfðafestu frá því árið 1867. Í máli A gegn Reykjavíkurbæ var henni dæmt endurgjald fyrir landið eftir mati dómkvaddra manna. Sagt, að samþykkt bæjarstjórnar frá 17. nóv. 1904, er fylgt hafði verið óslitið til 1934, hafi skapað erfðafestuhöfum réttmætt traust á því, að þeir mættu halda 80% af söluverði erfðafestulanda, er þeim væri breytt í byggingarlóðir, og ákvörðun bæjarstjórnar frá 18. nóv. 1919 um það, að tiltekið gjald skuli greitt af erfðafestulöndum og eignarlöndum til götugerðar um landið, hafi ekki raskað því trausti 222

Sagt, að heimildin til að taka af launum eða kaupi manns meðlagseyri með óskilgetnu barni hans verði að teljast því skilyrði bundin, að efni hans, þau sem hann hefur eftir til frjálsra umráða, séu viðhlítandi til viðurværis honum og þeim, sem dveljast á heimili hans og framfæri sitt eiga að honum, sbr. meginregluna í 59. gr. framfærslulaga nr. 135 frá 1935 og ennfremur 3. og 5. gr. bráðabirðareglugerðar nr. 41 frá 1937 og 3. og 4. gr. laga nr. 65 frá 1938 311

Sveitarfélagið Í hafði komið tveimur gamalmennum, er þá voru sveitföst í Í, til dvalar á elliheimilinu G og goldið dvalarkostnað þeirra til ársloka 1935. Í októbermán. 1937 höfðaði G mál gegn Í og krafðist vistgjalds til 1. okt. 1937. Í hæstarétti hafði Í þær varnir einar uppi, að það eigi að vera laust við greiðslu vistgjaldsins, sökum þess að úrskurður stjórnarráðsins frá 14. júní 1938 kveði svo á, að sveitarfélaginu R sé lögskylt að framfæra gamalmenni þessi frá 1. jan. 1936, er lög nr. 135 frá 1935 komu til framkvæmda. Sagt, að þessi úrskurður varði að engu lögskipti Í og G og geti því ekki haft áhrif á úrslit málsins. Var Í dæmt til að greiða kröfu G að fullu 536

Svik, sviksamlegt athæfi. Sbr. bókhald, gjaldþrotaskipti, hlutafélög.

Tveir menn, er ekki höfðu lækningaleyfi, tóku sjúklinga til meðferðar í því skyni að vinna bót á

meinum þeirra og tóku stundum þóknun fyrir. Þar sem engin ástæða var til að ætla annað en að þeir hefðu haft trú á því, að aðgerðir þeirra gætu orðið hinum sjúku mönnum að notum, voru þeir ekki taldir hafa gerzt sekir við 26. kap. hegningarlaga frá 25. júní 1869 með því að taka þóknun fyrir aðgerðirnar 133

Hluthafi í hlutafélagi, er fengið hafði í hendur fleiri arðmiða en honum bar eftir hlutabréfaeign hans, krafðist arðs og fékk hann greiddan samkvæmt arðmiðum, er hann vissi, að hann var ekki heimildarmaður að. Brot hans talið varða við 253. gr. hegningarlaganna 146

A var eigandi verzlunarfyrirtækis. Síðar gekkst hann fyrir stofnun hlutafélags, er tók við eignum og rekstri verzlunar hans. Sjálfur átti A meginhluta hlutafjárins og hafði á hendi framkvæmdarstjórn félagsins. Í sakamáli gegn A, er höfðað var eftir að félagið hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, var talið upplýst, að A hafi einn ráðið öllu um málefni félagsins, en aðrir hluthafar hafi eignazt hluti eftir tilmælum hans og látið stjórn hans á félaginu afskiptalausa. Var ekki talið, að A hafi með ýmsu misferli í sambandi við rekstur félagsins blekkt aðra hluthafa eða ætlað að baka þeim tjón. Var hann því sýknaður af ákæru, er að því laut 146

Í sakamáli á hendur A, framkvæmdarstjóra hlutafélags, er höfðað var eftir að félagið hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, var honum m. a. gefið að sök, að hann hafi með greiðslu fjögra tiltekinna krafna ívilnað kröfuhöfum öðrum lánardrottnum félagsins til tjóns. Einn kröfuhafinn hafði fulla veðtryggingu fyrir kröfu sinni, og var A því ekki metin sú greiðsla til refsingar. Samkvæmt staðhæfingu A, sem ekki var hnekkt, hafði ekki farið fram nein greiðsla á tveimur framangreindum kröfum, heldur höfðu aðeins eldri víxlar verið framlengdir. Um fjórðu greiðsluna hélt A því fram, að keypt hafi verið ný bátsvél handa félaginu, og fjárhæðin greidd samtímis upp í and-

virði hennar. Var þessi skýrsla hans ekki afsönnuð. Var A samkvæmt þessu sýknaður af þessum ákærulið 146
Í sama máli á hendur A upplýstist, að vátryggingarfélag, er greiða átti félagi því, er A stjórnaði, vátryggingarfé, hafði haldið eftir nokkrum hluta þess og kvittað með því skuld A sjálfs við vátryggingarfélagið. Ekki var upplýst, að A hefði samþykkt þessa aðferð vátryggingarfélagsins, en það eitt, að hann hafði látið þetta við gangast, ekki metið honum til refsiábyrgðar 146
Í sama máli var A ákærður fyrir bókhaldsóreiðu eftir 2. mgr. 264. gr. hegningarlaganna. Var hann sýknaður af þeirri ákæru þegar af þeirri ástæðu, að sök hefði verið fyrnd samkvæmt 67. gr. hegningarlaganna 146
Í sama máli var A ákærður fyrir það, að hafa selt félagi því, er hann stjórnaði, einskisverða dómkröfu á hendur manni nokkrum. Eftir upplýsingum þeim, er fyrir lágu, þótti þó ekki sannað, að A hefði gerzt sekur um refsivert atferli í sambandi við sölu kröfu þessarar 146
Í sama máli upplýstist það, að eftir að félag það, er A stjórnaði, hafði hætt allri starfsemi, greiddust því nokkrar fjárhæðir. Varði A þeim til þess að greiða sumum lánardrottnum félagsins kröfur þeirra að fullu. Þegar félagið var tekið til gjaldþrotaskipta, voru engar eignir lengur fyrir hendi. Með því að greiða sumum lánardrottnum kröfur þeirra að fullu, en öðrum ekkert, var A talinn hafa gerzt sekur við 263. gr. hegningarlaganna .. 146
A stjórnaði hlutafélagi og átti mestan hluta hlutafjárins. Eftir að félagið átti ekki lengur fyrir skuldum, afhenti það A til eignar mestan hluta eigna sinna gegn því að A tæki að sér að greiða áhvílandi veðskuldir, sem virðast hafa farið fram úr verði eignanna. Var ekki talið, að A hafi með ráðstöfun þessari valdið nokkrum lánardrottni tjóni né ívilnað banka þeim, sem var eigandi flestra veðskuldanna. Þessi verknaður A því ekki talinn refsiverður 146

Fjórir menn útbjuggu og rituðu nöfn sín á víxil að fjárhæð 2000 kr. Fólu þeir A að selja víxilinn fyrir minnst 800 kr., er skiptast átti jafnt milli fjórmenninganna. A seldi víxilinn, en skilaði ekki andvirðinu. Var þessi meðferð A á víxlinum talin varða við 255. gr. hegningarlaganna 456

A var skrifstofumaður hjá heildverzlun. Falsaði hann tvo víxla á þann hátt, að hann ritaði nafn verzlunarinnar sem útgefanda og nöfn tveggja kaupmanna sem samþykkjenda víxlanna. Litu víxlarnir því út sem venjulegir viðskiptavíxlar verzlunarinnar. Ekki var talið líklegt, að ókunnugir veittu því athygli við venjulega skoðun, að víxlarnir væru falsaðir. B, sem þekkt hafði A um langan tíma, vissi um lág laun hans og að hann var skuldugur og óreglusamur, aðstoðaði hann við sölu víxlanna til manns eins, er keypti þá með miklum afföllum. Gegn neitun B þótti ekki sannað, að honum hafi verið kunnugt um, að víxlarnir voru falsaðir. Hins vegar talið, að B, sem var gamall kaupsýslumaður, hafi hlotið að vera það ljóst, að A hefði ekki heimild heildverzlunarinnar til sölu víxlanna með greindum hætti, og hafi hann því ekki getað gengið þess dulinn, að aðstoð hans við sölu víxlanna væri þátttaka í refsiverðu athæfi A. Var verknaður B talinn varða við 255. gr. sbr. 1. málslið 48. gr. hegningarlaganna og einnig 46. gr. þeirra, þar sem víxlarnir voru falsaðir og heildverzlunin hafði því raunverulega ekki trúað A fyrir þeim 456

A hafði í höndum happdrættismiða annars manns, er hann hafði verið beðinn um að framlengja, án þess þó að fá peninga til að greiða framlenginguna með. A greiddi framlengingargjald 2 eða 3 sinnum, en að því loknu gaf hann þriðja manni miðann, án heimildar frá eiganda hans. Þessi verknaður talinn varða við 259. gr. hegningarlaganna 532

Sönnun, sönnunarbyrði. Sbr. aðiljaskýrsla, líkur, mat og skoðun, vitni.

a) Einkamál.

Tveir dómkvaddir menn höfðu skoðað bát á strandstað og látið það álit uppi, að kostnaðar vegna komi ekki til mála að gera við hann. Ekki mátu skoðunarmennirnir bátinn til verðs með áorðnum skemmdum né heldur, hvað viðgerð myndi kosta. Þótti skoðunargerð þessi ekki veita sönnun fyrir því, að báturinn hafi verið óbætandi 5

Ólögmætar kauphömlur höfðu verið lagðar á mjólkursamsölu. Með því að mjólkursala minnkaði til muna eftir álagningu kauphamlanna, þótti sannað, að þær hefðu bakað samsölunni tjón. Við ákvörðun skaðabóta var þó tekið tillit til þess, að minnkaða mjólkursölu á þeim tíma, er máli skipti, mátti rekja til fleiri orsaka 10

Talið sannað með vitnaskýrslum, að A hafi nytjað landspildu nokkra um a. m. k. 20 ára skeið, og var hann þar með talinn hafa unnið hefð á landspildunni 28

Barn, er fæddist fullburða þann 23. des. 1935, ekki talið geta verið komið undir eftir 11. maí s. á., þar sem meðgöngutími þess hefði þá í lengsta lagi numið 226 dögum 38

Landamerkjadómur gekk árið 1890 í máli milli eigenda tveggja jarða, og var í þeim dómi miðað við ákveðið örnefni. Í nýju landamerkjamáli, er reis út af ágreiningi um örnefni þetta, þótti sannað með vitnisburði 87 ára gamals manns, er var einn dómenda merkjamálsins 1890, svo og uppdráttum, er lagðir höfðu verið fram í því máli, við hvaða stað þá hefði verið átt með örnefninu 73

Kona, er meiðzt hafði í bifreiðarslysi, hélt því fram, að hún hefði greitt eiganda bifreiðarinnar fargjald, og studdi hún mál sitt kvittun, undirritaðri af honum. Þar sem eiganda bifreiðarinnar tókst ekki að hnekkja þessari skýrslu konunnar, var hún talin hafa verið farþegi gegn borgun í bifreiðinni 79

Eigandi bifreiðar dæmdur til að greiða bætur fyrir tjón af völdum bifreiðarslyss, þar sem ekki var

upplýst, að slysið hefði hlotið að vilja til, þrátt fyrir aðgæzlu þá og varkárni, sem ökumanni var skylt að gæta 79
A var dæmdur til að greiða B bætur vegna vanefnda á farmsamningi. Nokkrir liðir skaðabótakröfunnar voru þó ekki teknir til greina, með því að ekki þóttu næg rök að þeim leidd 88
A héraðslæknir krafði B um greiðslu fyrir læknisferð og læknisaðgerð við sængurkonu. Í málinu þótti sannað með staðfestri skýrslu tengdaföður B og skriflegu vottorði ljósmóður, er þó var ekki staðfest fyrir dómi, að A hefði neytt áfengis meðan hann dvaldist á heimili B í ferð þessari, enda var og upplýst, að á þessum tíma var mjög undan því kvartað í umdæmi A, að hann neytti áfengis við læknisstörf 93
Í máli, er læknir höfðaði gegn manni til greiðslu þóknunar fyrir læknisaðgerð, taldi stefndi aðgerðina ekki hafa verið nauðsynlega. Sagt, að ekkert hafi komið fram, er mæli í gegn þeirri skýringu læknisins, að aðgerðin hafi verið nauðsynleg og framkvæmd á réttan hátt 93
Ekki talið sannað, að venja hafi skapazt um það, að leiga fyrir verzlunarbúðir í Reykjavík eigi að greiðast fyrirfram, sé ekki um annað samið 103
Engar sannanir taldar komnar fram fyrir því, að A, er leigt hafði B húsnæði, hafi samið sig undan þeirri skyldu, er samkvæmt venju hvíli á leigusölum húsnæðis, að skila því hreinu í hendur nýs leigutaka 103
Mjólkurframleiðandi, sem taldi mjólkurbú hafa tekið of hátt gjald fyrir gerilsneyðingu mjólkur hans tiltekið tímabil, gat ekki sannað, að hann hafi gert fyrirvara um frekari greiðslu, er hann tók við borgun frá búinu fyrir mjólk þá, er hann hafði lagt inn til þess á ofangreindu tímabili 109
Talið fyrir það girt, að barn, sem fæddist fullburða þann 12. sept. 1938, hafi komið undir við samfarir í október 1937 eða í marz 1938 237
Í máli til greiðslu þóknunar fyrir dráttaraðstoð skips hélt stefndi því fram, að aðstoðinni hefði verið

lofað ókeypis. Gegn mótmælum stefnanda var þó ekkert upp úr þessari staðhæfingu lagt, með því að hún var með öllu ósönnuð 293
A, sem var forstöðukona saumastofu B, misbeitti aðstöðu sinni að ýmsu leyti sér til hags, en B til óhags. Með því að athafnir þessar þóttu lagaðar til að valda B tjóni, var A dæmd til að greiða B 1000 kr. bætur, sbr. 12. gr. og 4. mgr. 16. gr. laga nr. 84 frá 1933 365
A leigði B íbúð í húsi sínu. B sagði upp íbúðinni með umsömdum fyrirvara til brottflutnings 14. maí. B kannaðist þó við, að síðar hefði samizt svo með aðiljum, að B yrði kyrr í húsnæðinu, ef A gerði á því ýmsar lagfæringar. Greiddi B og fyrirvaralaust húsaleigu fyrirfram fyrir allan maímánuð. Þann 14. maí fluttist B þó úr íbúðinni og taldi sig hafa heimild til þess samkvæmt nefndri uppsögn, þar sem A hefði vanefnt að gera þær lagfæringar á íbúðinni, er hefðu verið skilyrði fyrir því, að B yrði þar áfram. Talið sannað, að aðiljar hafi framlengt húsaleigusamninginn, eftir að uppsögnin hafði átt sér stað, en hins vegar sagt, að B hafi ekki tekizt að sanna gegn mótmælum A, að hann hafi lofað viðgerð á íbúðinni og það verið skilyrði fyrir framlengingu samningsins 407
Leigusali húsnæðis gat ekki fært sönnur á, að leigutaka hafi verið sagt upp íbúðinni með lögmætum fyrirvara 421
Maður, er kennt var óskilgetið barn, sýknaður, með því að blóðrannsókn þótti sanna, að hann gæti ekki verið faðir barnsins 494
Tveir vitundarvottar að undirskrift hálfníræðrar konu undir framfærslusamning báru það í dómsmáli, að hún hafi þá verið andlega heil og vitandi vits. Samningurinn ekki talinn ógildur af þeim sökum, að konan hafi ekki verið hraust á sál, er hún gekk að honum 500
Í skaðabótamáli, er af því reis, að bílábreiða hefði litað frá sér og spillt vöru, er hún var breidd yfir, þótti mega ætla samkvæmt vottorði efnafræðings, er rannsakað hafði sýnishorn af ábreiðunni,

að litur hafi úr henni losnað og valdið skemmdunum 524
A seldi B vél í bát. Sama dag gaf B út eigin víxil til handa A. Í máli milli aðilja þótti skipta máli, hvort víxillinn væri gefinn út vegna vélarkaupanna. Hélt A því fram, að B hefði ekki getað greitt kaupverðið að fullu, og hafi því verið veittur greiðslufrestur á þeirri upphæð, er víxillinn hljóðaði um, gegn útgáfu víxilsins. B kvað A hins vegar hafa lánað sér víxilupphæðina í peningum til útgerðar sinnar. Með því að þessi skýrsla B var engum rökum studd, en skýrsla A talin hafa sennileikann með sér, var sönnunarbyrðin talin hvíla á B 541
Seljandi húss, er eftir að kaupsamningur hafði verið gerður flutti burt úr húsinu búnað, sem venja er að fylgi húsum við sölu þeirra, tókst ekki að sanna gegn mótmælum kaupanda, að búnaður þessi hafi verið sérstaklega undanskilinn, er salan fór fram 553

b) Opinber mál.

Eitt vitni kvaðst hafa séð A hafa í frammi lostugt athæfi við 7 ára gamla telpu. A sagðist ekki muna neitt til þessa, en ekki heldur vilja fortaka það, því hann muni lítið hvað hann aðhafist drukkinn. Brot A talið sannað, og honum refsað eftir 186. gr. hegningarlaganna 1
Skipstjóri sektaður fyrir botnvörpuveiðabrot samkvæmt mælingu varðskips og eigin játningu 63
Bifreiðarstjóri var kærður fyrir að hafa ekið bifreið ölvaður. Hann játaði að hafa drukkið tvo sopa af brennivíni hálfum klukkutíma áður en hann ók bifreiðinni, en neitaði eindregið að hafa fundið á sér áfengisáhrif. Tveir menn, er voru með honum í bifreiðinni, kváðust ekki hafa séð á honum merki áfengisáhrifa. Hins vegar vottuðu 3 lögregluþjónar, að hann hefði verið auðsýnilega undir áhrifum áfengis, og áfengismagn í blóði hans reyndist 2,22‰. Talið sannað, að hann hafi verið ölvaður að akstri 120

Tveir menn, er ekki höfðu lækningaleyfi, en töldu sig færa um að veita sjúkum mönnum meinabót, tóku marga sjúklinga til meðferðar í því skyni og tóku stundum þóknun fyrir. Ekki talið sannað, að þeir hefðu aftrað nokkrum manni læknisleitunar né heldur brotið sóttvarnafyrirmæli eða valdið nokkrum tjóni með aðgerðum sínum. Ekki var ástæða til að ætla annað en að þeir hefðu trú á lækningamætti aðgerða sinna. Voru þeir sýknaðir af ákæru fyrir brot á 26. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 47 frá 1932 133

A, sem var hluthafi í hlutafélagi, vantaði arðmiða með hlutabréfum sínum. Hafði hann brott með sér af skrifstofu félagsins pakka með arðmiðum, án vitundar starfsmanna félagsins. Í pakkanum voru fleiri arðmiðar en þeir, er heyrðu til hlutabréfum A, og fékk hann síðar sviksamlega greiddan arð út á þá miða einnig. Gegn neitun A þótti ekki sannað, að hann hefði haft arðmiðana á brott með sér í því skyni að misnota þá síðar. Var hann því ekki talinn hafa gerzt sekur um þjófnað með töku miðanna 146

A taldi sig hafa aukið hlutafé hlutafélags, er hann stjórnaði, og greitt hlutafjáraukann með vörum. Endurskoðendur, er rannsökuðu bókhald félagsins, eftir að það hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, fullyrtu, að engin greiðsla hefði fram farið. A gat enga grein gert fyrir því, hvers konar vörur hann hefði afhent félaginu né hvaðan hann hefði fengið þær, og meðstjórnandi hans að félaginu vissi ekki til þess, að A hefði afhent félaginu vörur til greiðslu á hlutafé. Talið, að A hafi gerzt sekur um vísvitandi ranga tilgreiningu um aukningu hlutafjárins 146

A var ákærður fyrir það að hafa látið hlutafélag, er hann stjórnaði, kaupa verðlausa dómkröfu á hendur B, er A var í ábyrgð fyrir. Ekki talið sannað, að A hafi gerzt sekur um refsivert atferli í sambandi við ráðstöfun þessa 146

Nokkru áður en hlutafélag eitt var tekið til gjaldþrotaskipta, hafði A, framkvæmarstjóri þess, tek-

ið við flestum eignum þess persónulega og jafnframt tekið að sér að greiða veðskuldir, er á eignunum hvíldu. Þar sem ætla mátti, að eignirnar hefðu ekki verið meira virði en veðskuldunum nam, þótti ekki sannað, að ráðstöfun þessi hefði valdið nokkrum lánardrottni tjóni né heldur að nokkrum lánardrottni hafi verið ívilnað með henni 146
A var gefið að sök, að hann hefði falsað tvo innkaupsreikninga í því skyni að komast hjá réttmætri tollgreiðslu af vörum. Þar sem ekki lá fyrir skýlaus játning hans um það, að hann hafi falsað eða látið falsa reikninga þessa, og það var ekki upplýst á annan hátt, en mögulegt talinn á því, að aðrir hefðu framkvæmt breytinguna, þá þótti varhugavert að telja A sannan að sök um fölsunina 146
Bifreiðarstjóra var gefið að sök, að hann hafi ekið bifreið ölvaður á gangandi vegfaranda og valdið meiðslum. Hann kannaðist við að hafa neytt áfengis við aksturinn, en neitaði að hafa valdið slysinu, með því að hvorki hann né þrír farþegar hans hafi orðið varir við árekstur. Framburður farþeganna þótti ekki áreiðanlegur, sökum þess að þeir voru ölvaðir. Hins vegar þótti sannað með vitnisburði þriggja sjónarvotta, að bifreiðarstjórinn hefði valdið slysinu 278
Ekki talið sannað, að maður, sem tók og notaði hlut annars manns í heimildarleysi, hafi haft í hyggju að kasta eign sinni á hann 340
M og K bjuggu saman ógift. Kvöld eitt var K stödd á skrifstofu manns nokkurs, A, er veitti henni vín. Stal hún þá frá honum tveimur silfurrefaskinnum. Er K kom heim til sín um kvöldið, afhenti hún M annað skinnið. Spurði M hana þá, hvort A hefði gefið henni skinnið, en K svaraði því ekki. Daginn eftir seldi M skinnið. Gegn neitun hans þótti ekki sannað, að hann hafi vitað, að K hafði stolið skinninu 340
Bifreiðarstjóri játaði, að hann hefði drukkið tvo smásopa af sherry, meðan hann var að akstri, en neitaði því, að hann hefði fundið á sér áfengisáhrif. Áfengismagn í blóði hans reyndist 1,12‰.

Með hliðsjón af því og skýrslum nokkurra vitna þótti sannað, að hann hafi verið að akstri með áhrifum áfengis 416
Maður kvaðst hafa veitt bifreiðarstjóra áfengi inni í veitingahúsi. Gegn neitun bifreiðarstjórans þótti þetta þó ekki sannað 416
Tveir menn dæmdir til refsingar samkvæmt eigin játningu og vitnaskýrslum fyrir árás á lögregluþjón 438
A falsaði tvo víxla, er litu út sem venjulegir viðskiptavíxlar heildverzlunar, sem A starfaði hjá. Var fölsunin þannig framkvæmd, að ekki þótti líklegt, að ókunnugir myndu veita henni athygli við venjulega skoðun. B aðstoðaði A við sölu víxla þessara, en ekki þótti sannað gegn neitun hans, að honum hafi verið fölsunin kunn. Hins vegar talið, að B hafi hlotið eftir atvikum að vera það ljóst, að A myndi ekki hafa heimild frá heildverzluninni til sölu víxlanna, og að hann hafi því ekki getað gengið þess dulinn, að aðstoð hans við sölu víxlanna væri þátttaka í refsiverðum verknaði A 456
A hafði falsað nafn heildverzlunar, er hann starfaði hjá, undir tvær tékkávísanir. Aðstoðaði B hann við að fá lán hjá manni nokkrum, er greiða varð ríflega þóknun fyrir, gegn tryggingu í ávísunum þessum. Sagt, að eftir atvikum hafi B hlotið að vera ljóst, að ávísanirnar væru falsaðar 456
A hafði fengið happdrættismiða sendan í almennu bréfi. Ekki talið sannað gegn neitun hans, að peningaseðill hafi einnig verið í bréfinu 532
A var ákærður fyrir að hafa stolið hrossi, er hann taldi eign sína. Tvö vitni báru það og staðfestu með eiði, að þetta væri sama hrossið sem horfið hafði nafngreindum manni 4 árum áður. Kváðust vitnin þekkja það af vaxtarlagi, lit og gangi, en um eyrnamark var þeim ekki kunnugt. Með tilliti til annarra staðreynda, sérstaklega marks þess, er á hrossinu var, þóttu vitnaskýrslur þessar þó ekki veita næga sönnun fyrir sök ákærða 559
Stórþjófnaður á sauðfé og hrossi og önnur ólögmæt eignartaka á sauðfé sannast með játningu ákærða,

húsleit og framburðum vitna. Hins vegar ekki talið sannað, að kona, er bjó ógift með ákærða, hafi gerzt samsek honum um brot þessi 559

Maður, er áður hafði verið dæmdur 7 sinnum til refsingar fyrir þjófnað, fór að degi til inn í hús, út um þakglugga á loftgangi þess og síðan inn um annan þakglugga í lokað herbergi. Stal hann þar nokkrum munum og hvarf síðan aftur sömu leið. Kvaðst hann hafa farið inn í herbergið til að bíða þar komu húsráðanda, en þá fyrst ásett sér að stela, er hann var inn kominn. Þessi frásögn hans var þó ekki tekin trúanleg, og var honum dæmd refsing eftir 7. sbr. 8. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 4. tölulið 231. gr. hegningarlaga frá 25. júní 1869 601

Tékkar. Sjá skjalafals.

Tilraun.

A, aðstoðarmaður hjá heildverzlun, falsaði nafn verzlunarinnar sem útgefanda tveggja víxla, en nöfn tveggja viðskiptamanna verzlunarinnar falsaði hann á stað samþykkjenda á víxlunum. Litu víxlarnir því út sem venjulegir viðskiptavíxlar verzlunarinnar. B aðstoðaði A við sölu víxlanna til manns eins með miklum afföllum. Ekki talið sannað, að B hafi verið kunnugt um fölsun víxlanna. Hins vegar var litið svo á, að vegna kynningar sinnar af A hafi B ekki getað gengið þess dulinn, að A myndi ekki hafa heimild frá heildverzluninni til þess að selja víxla hennar með þessum hætti, og að aðstoð hans við sölu víxlanna væri því þátttaka í refsiverðu athæfi A. Var B dæmd refsing eftir 255. gr. hegningarlaga frá 25. júní 1869 sbr. 1. málslið 48. gr. og einnig 46. gr. sömu laga, með því að víxlarnir voru falsaðir og verzlunin hafði því ekki trúað A fyrir þeim 456

Tolllög.

Maður sýknaður vegna sakarfyrningar af kæru valdstjórnarinnar fyrir brot á lögum um verðtoll 146

Tryggingar. Sjá líftryggingar, sjúkrasamlög, vátryggingar.

Umboð.

A, B og C tóku í félagi skip á leigu til farmflutnings frá Danzig til Reykjavíkur. Skyldi hver þeirra ráðstafa ⅓ af farmrými skipsins og með þeim hætti, að hagnaður og tap, ef því yrði að skipta, skiptist milli þeirra á sama hátt. A fyllti sinn hluta farmrýmis, þar á meðal með því að heita D flutningi á 100 smálestum af vörum frá Danzig til Reykjavíkur fyrir nokkru hærra farmgjald af smálest en tekið var fyrir aðrar vörur í skipinu, og kom hagnaður af þessari ráðstöfun í hlut hvers þeirra A, B og C samkvæmt framansögðu. Vegna rúmleysis varð skipið að skilja eftir 40 smálestir af vöru D í Danzig. Höfðaði D þá mál gegn B og krafðist bóta vegna vanefnda á farmsamningi þeim, er hann hafði gert við A. Talið, að í samningi þeirra A, B og C hafi falizt umboð til handa A frá B og C til flutningssamnings þess, er A gerði við D, og að sá samningur hafi því skuldbundið þá þremenningana alla in solidum. Var B því dæmdur til að greiða D bætur 88

A leigði B skip sitt til þriggja mánaða. Á því tímabili undirritaði skipamiðlari einn f. h. A farmsamning við C. Galt C hálft farmgjald, er varan var komin í skip. Farmurinn komst aldrei til ákvörðunarstaðar. Höfðaði C þá mál gegn A og krafðist skaðabóta, m. a. fyrir missi hálfs farmgjaldsins. Í málinu upplýstist það, að skipamiðlarinn hafði haft umboð frá B, en ekki A, til þess að semja um farmflutninginn við C, og hafði sá hluti farmgjaldsins, er goldinn hafði verið, runnið til B. Skylda A til þess að bæta C missi farmgjaldsins varð því ekki á þeim stofni byggð, að farmgjaldið hefði runnið til hans 252

Uppboð.

Lögreglustjórinn í Reykjavík lét taka dómkröfu lögtaki hjá A til lúkningar greiðslu sektar. Krafan

var síðan seld á uppboði, en sökum galla á auglýsingu uppboðsins var það ómerkt í hæstarétti. Réttartaki A höfðaði þá mál á hendur ríkissjóði til greiðslu skaðabóta vegna sölu dómkröfunnar á ólögmætu uppboði. Ríkissjóður var sýknaður, með því að ætla mátti, að dómkrafan hefði ekki selzt hærra verði á lögmætu uppboði, sem fram hefði farið um sömu mundir og uppboð það, er hæstiréttur ómerkti, en sem svaraði sekt A að viðbættum kostnaði 218

Upplýsingastofnanir.

Stjórnarmaður hlutafélags talinn hafa gerzt sekur við 1. tölulið 53. gr. laga nr. 77 frá 1921 með því að tilkynna upplýsingastofnun rangt um greiðslu hlutafjár 146

Upptaka. Sjá refsingar.

Árið 1937, þegar Franco átti í borgarastyrjöld við stjórn Spánar, tók vopnað skip hans skip eitt, sem var á leið frá Spáni til Íslands með vörufarm. Lýstu yfirvöld Francos farminn upptækan og létu skipstjórann skuldbinda sig með útgáfu nýs farmskírteinis til að sigla með farminn til bæjarins Casablanca í frakknesku Marokko, sem var hlutlaus hafnarstaður, og afhenda hann þar nafngreindum manni. Hlýddi skipstjórinn fyrirmælum þessum, sigldi til Casablanca undir eftirliti herskipa Francos og skipaði farminum þar á land. Í skaðabótamáli eiganda farmsins gegn eiganda skipsins út af missi farmsins var talið, að skipstjórinn hafi ekki gerzt sekur um vanrækslu, þar sem hann hafi ekki átt annars úrkosta en að skilja farminn eftir. Hins vegar talið íhugunarefni, hvort skipstjórinn með þessu úrræði sínu hafi lagt hagsmuni farmeiganda í sölurnar fyrir hina brýnu hagsmuni skips síns og áhafnar þess og eigandi skipsins þar með orðið bótaskyldur gagnvart farmeiganda eftir reglum neyðarréttarins. Úrlausn þessa atriðis talin velta á því, hvort eignarréttur farmeiganda hefði orðið viðurkennd-

ur að lögum þeim, er í Casablanca giltu, þrátt fyrir upptöku valdhafa Francos og síðari ráðstafanir þeirra á farminum. Með því að ekkert var upplýst í málinu um það, hvaða lög giltu í Casablanca í þessu efni, þótti ekki að svo vöxnu máli unnt að leggja dóm á nefnda skaðabótakröfu, og var henni því vísað frá héraðsdómi .. 252

Úrskurðir

Í sakamáli kom fram krafa um það, að einn dómari hæstaréttar viki sæti sökum þess að hann hefði áður tekið þátt í uppsögu refsidóms á hendur einum hinna ákærðu í málinu og í því máli sýnt óvildarhug til hans. Með því að ekkert lá fyrir, er réttlætti kröfu þessa, var hún ekki tekin til greina 129

Framhaldsrannsókn fyrirskipuð í opinberum málum 130, 441

Framhaldsrannsókn ákveðin í barnsfaðernismálum 337, 405, 497, 611

Í fógetaréttarmáli þótti skorta greinargerð um nokkur atriði málsins. Var úrskurðað, að meðferð málsins skyldi frestað fyrir hæstarétti, og lagt fyrir fógeta samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85 frá 1936, sbr. 223. gr. sömu laga, að veita aðiljum kost á að afla framhaldsskýrslna um málið 364

Útburðargerðir.

Krafizt var útburðar á A úr leiguíbúð vegna þrásetu, enda þótt leigusamningnum hefði verið sagt upp með nægum fyrirvara, og vegna vanskila á greiðslu húsaleigu. Í héraði var útburðarkrafan tekin til greina. Í hæstarétti var fógetaúrskurðinum hrundið og synjað um framkvæmd útburðargerðarinnar, með því að ekki þótti sannað, að uppsögn hafi farið fram, og greiðsludráttur leigutaka talinn svo óverulegur, að hann hafi ekki með honum fyrirgert leiguréttindum sínum 421

Útivist aðilja.

1. Áfrýjandi mætti ekki. Útivistardómur 119, 120, 277, 338, 339, 411, 427, 493, 494, 557, 558, 559, 612

2. Útivist stefnda. Mál flutt skriflega eftir 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112 frá 1935 237, 382, 412, 443, 494, 595

Útrýming kröfu.

A hafði sótt um lán úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda samkvæmt lögum nr. 99 frá 1935. Beiðnin var tekin til greina, og síðasta áskorun til skuldheimtumanna A um kröfulýsingar til stjórnar sjóðsins var birt 9. jan. 1936, en kröfulýsingarfrestur ákveðinn til 19. febr. s. á. Þann 8. febr. 1936 stofnaði A til skuldar við B. Ekki lýsti B kröfu sinni til stjórnar sjóðsins, en eftir lok skuldaskila höfðaði hann mál gegn A og krafðist greiðslu kröfunnar. Með því að krafa B hafði stofnazt eftir útgáfu skuldainnköllunar, var hún ekki talin hafa fallið burt eftir 14. gr. laga nr. 99 frá 1935, sbr. lög nr. 19 frá 1924 37. og 43. gr. analogice 382

Útsvör. Sjá skattar og gjöld.

Valdstjórn og allsherjarregla.

Á dansleik í samkomuhúsi var lögregluþjónn í einkennisbúningi til að gæta reglu. Tveir menn veittust að honum, greiddu honum hnefahögg og hrundu honum út um opnar dyr. Árásarmönnunum refsað eftir 101. sbr. 99. gr. hegningarlaganna 438

Maður dæmdur til refsingar eftir 10. gr. laga nr 51 frá 1928 608

Varðskip.

Sagt, að skipverjar varðskips eigi ekki rétt til hlutdeildar í launum fyrir bjargaðgerðir varðskips, nema björgun í merkingu siglingalaga nr. 56 frá 1914 hafi tekizt og þóknun varðskipsins fyrir björgunina hafi numið meiru en útlögðum kostnaði varðskipsins við bjargaðgerðirnar 581

Varnarþing.

a) Einkamál.

Mál á hendur útgerðarmanni á Akranesi til greiðslu skaðabóta út af árekstri skipa rekið eftir sam-

komulagi aðilja fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 319
Mál gegn manni, er heimili átti í Hrísey, rekið fyrir bæjarþingi Akureyrar 382
Bát bjargað í Garðsjó. Mál gegn eiganda bátsins, heimilsföstum á Vatnsleysuströnd, til greiðslu bjarglauna rekið fyrir sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar 306
Í barnsfaðernismáli, sem rekið hafði verið og dæmt á Akranesi, var úrskurðað, að réttarskýrsla skyldi tekin af manni einum í Reykjavík, og skyldi héraðsdómarinn þar gefa barnsmóður, er heima átti á Akranesi, kost á að mæta fyrir dómi í Reykjavík til samprófunar samkvæmt 214. gr. laga nr. 85 frá 1936, sbr. 114. og 124. gr. sömu laga 497
Lyfsali á Siglufirði sækir sjúkrasamlag á Akureyri til greiðslu skuldar vegna úttektar lyfja samlagsmanna þess í lyfjabúð hans á Siglufirði. Málið rekið fyrir bæjarþingi Siglufjarðar 516
Elliheimili í Reykjavík sækir Ísafjarðarkaupstað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til greiðslu vistgjalds tveggja gamalmenna, er stefndi hafði komið til dvalar á elliheimilinu 536

b) Opinber mál.

Togari tekinn vegna landhelgibrots í Garðsjó. Málið rannsakað og dæmt í Reykjavík 63
Bifreiðarslys varð í Árnessýslu. Refsimál á hendur bifreiðarstjóranum rannsakað og dæmt í Reykjavík 65
Refsimál á hendur tveimur mönnum út af brotum, er sum voru framin í Reykjavík, en sum í Stykkishólmi, dæmd í aukarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 340
Maður, er heimili átti í Seltjarnarneshreppi, framdi brot í Árnessýslu. Refsimál á hendur honum rannsakað og dæmt í Reykjavík 532

Vátrygging. Sbr. líftrygging, sjúkrasamlög.

Bátur var vátryggður hjá vátryggingarfélaginu A fyrir 12000 kr. Í vátryggingarskírteininu var tekið fram, að skipið verði því aðeins dæmt óbætandi,

svo að skuldbindandi sé fyrir A, að verð skipsins með áorðnum skemmdum að viðbættum kostnaði við viðgerðir á skemmdum þeim, er skipið hefur orðið fyrir, nemi meiru en vátryggingarfjárhæðinni. Í janúarmán. 1935 rak bátinn á land í Sandgerði. Skipaskoðunarmaður ríkisins skoðaði hann þá að tilhlutan A. Taldi hann flutning bátsins á viðgerðarstað og viðgerð á honum mundu kosta 5000—6000 kr. Í ágúst 1935 lét B, er fengið hafði framseldan rétt til vátryggingarfjárins, tvo dómkvadda menn meta bátinn, en ekki var A kvatt til þess að gæta réttar síns við skoðunargerðina. Töldu matsmenn þessir ekki koma til mála kostnaðar vegna, að gert yrði við bátinn. Ekki mátu matsmennirnir, hvers virði báturinn væri með áorðnum skemmdum, né heldur hvað viðgerð myndi kosta. Í máli, er B höfðaði gegn A til greiðslu vátryggingarfjár bátsins, þótti ekki unnt að leggja matsgerð þessa til grundvallar um það, hvort báturinn væri óbætandi. Og með því að ekki var sannað á annan hátt, að skilyrðum vátryggingarskírteinisins væri fullnægt, var A sýknað af kröfu B 5

Skyldutrygging samkvæmt 17. gr. bifreiðalaga nr. 70 frá 1931 ekki talin ná til tjóns á eiganda bifreiðar sjálfum, sbr. 16. gr. sömu laga 271

Vegna utanfarar keypti A sér ferðaslysatryggingu hjá vátryggingarfélaginu B. Skyldi A tryggður 20 þús. krónum gegn dauða eða fullkominni örorku. Á heimleið var A að leik á þilfari skips, og slitnaði þá hásin á hægra fæti hans. Átti hann lengi í meiðsli þessu, og var varanleg örorka hans vegna slyssins metin 5%. B gekkst undir að greiða 5% vátryggingarfjárins, kr. 1000.00, en þrátt fyrir mótmæli þess, var það og dæmt til að greiða A 500 kr. vegna sjúkrahússvistar og læknishjálpar, þar sem hér var um slysatryggingu að ræða. Hins vegar var krafa A um bætur fyrir atvinnumissi ekki tekin til greina 428

Vatnsréttindi. Sjá veiðiréttindi.

Veiðiréttindi.

A átti landspildu við Borgarfjörð og veiðirétt fyrir henni. B, sem taldi sig eiga næstu landspildu með firðinum vestan við land A, höfðaði mál á hendur A til þess að fá úr því skorið, hvar væru mörk veiðiréttinda þeirra á milli í firðinum. Í málinu kom það í ljós, að B var ekki eigandi lands þess, er næst lá landi A við fjörðinn. Var B því talin bresta heimild til þess að deila við A um veiðimörkin, og var A sýknaður af kröfum hans 28

A átti veiðirétt í á fyrir landi fjögra jarða. Eigendur jarðanna töldu sig eiga rétt til innlausnar veiðiréttarins hver fyrir sinni jörð samkvæmt 3 gr. laga nr. 61 frá 1932. Eftir að veiðiréttindin höfðu verið metin yfirmati samkvæmt 3. tölulið 83. gr. sbr. 85. gr. nefndra laga og öðrum skilyrðum fyrir innlausn fullnægt, höfðuðu eigendur jarðanna mál gegn A og kröfðust þess, að hann yrði dæmdur til að gefa þeim afsal að veiðiréttindunum gegn greiðslu frá þeim samkvæmt yfirmatinu. En með því að yfirmatsmennirnir höfðu einungis miðað mat sitt við söluverð áætlaðrar veiði að frádregnum kostnaði við að afla hennar, en ekki gert sér grein fyrir gangverði veiðiréttindanna í frjálsum kaupum, þá var mat þeirra talið byggt á röngum grundvelli og því eigi unnt að dæma A til þess að gefa afsal gegn greiðslu samkvæmt yfirmatinu. Var A því sýknaður 400

Venja.

Ekki talið sannað, að venja hafi skapazt í þá átt, að leiga fyrir verzlunarhúsnæði í Reykjavík skuli goldin fyrirfram, ef ekki væri annan veg samið .. 103

Það talin venja, að leigusali húsnæðis skili því hreinu í hendur nýs leigutaka 103

Í máli, er reis út af árekstri skipa, var því haldið fram, að þegar tvö síldveiðiskip sigla í áttina til sömu síldartorfu, þá eigi það skipið, sem í fyrstu var nær síldartorfunni, rétt til hennar, og beri hinu skipinu því að víkja. Sagt, að ekki sé sannað,

að skapazt hafi slík venja, er gildandi siglingareglur eigi að þoka fyrir 319
Sagt, að það sé venja, að eldhússkápar og eldhúsþvottaskál fylgi húsum við sölu þeirra 553

Verðjöfnunargjald. Sjá mjólkurlöggjöf.

Verzlun, verzlunarhættir.

Stjórnendur félags og ritstjórar tveggja blaða dæmdir in solidum til að greiða mjólkursamsölu skaðabætur vegna óheimilla aðgerða í sambandi við kauphömlur, er félagið hafði lagt á samsöluna og ritstjórarnir stutt að með ummælum í blöðum sínum 10
A rak saumastofu í Reykjavík og verzlun í því sambandi. B hafði ráðizt forstöðukona saumastofunnar og skuldbundið sig til þess að stofna ekki til samkeppni við A í Reykjavík. Eftir að B hafði sagt upp starfi sínu hjá A, setti hún á stofn samskonar saumastofu í Reykjavík, þrátt fyrir atvinnubannið. Meðan B var enn í þjónustu A, réð hún starfsstúlkur frá henni til væntanlegrar saumastofu sinnar, sendi viðskiptamönnum A prentaðar tilkynningar um stofnun saumastofu sinnar með tilmælum um viðskipti við þá, og notaði bækur A til þess að ná í nöfn viðskiptamannanna. Ennfremur eyðilagði hún af ásettu ráði bækur A, er höfðu að geyma nöfn, heimilisföng og líkamsmál kvenna, sem B hafði afgreitt starfstíma sinn hjá A. Sagt, að B hafi með þessu brugðizt því trausti, er A var nauðsyn að geta borið til hennar, og að sumu leyti misbeitt stöðu sinni sér í hag, en A til óhags, sbr. 12. gr. laga nr. 84 frá 1933. Athafnir þessar taldar lagaðar til að valda A tjóni, og var B dæmd til að greiða A 1000 kr. bætur, sbr. 4. mgr. 16. gr. nefndra laga 365

Vettvangsmál.

Mál milli tveggja landeigenda um mörk veiðiréttinda í firði framundan löndum þeirra rekið sem vettvangsmál samkvæmt III. kafla laga nr. 41 frá 1919 28

Vextir.

Í máli til greiðslu fjárkröfu var vaxta ekki krafizt 306, 365, 375
6% vextir dæmdir af dæmdri fjárhæð samkvæmt kröfu stefnanda 300, 319, 536, 581, 604
Einungis krafizt 5% vaxta 10, 53, 79, 88, 103, 109, 124, 222, 231, 242, 263, 271, 293, 385, 407, 428, 451, 509, 516, 528, 541
Vextir dæmdir frá útgáfudegi sáttakæru eða héraðsstefnu samkvæmt kröfu þar um 10, 53, 79, 222, 242, 293, 319, 407, 428, 509, 536, 581
Vextir aðeins dæmdir frá útgáfudegi sáttakæru eða héraðsstefnu, þótt krafizt væri vaxta frá fyrri tíma 88, 109, 263, 385
Héraðsstefna í máli til innheimtu húsaleiguskuldar var gefin út 19. febr. 1938 og vaxta krafizt frá 16. s. m. Talið var, að húsaleigan hafi ekki fallið í gjalddaga fyrr en 19. febr., þ. e. sama dag sem stefnan var gefin út. Var stefndi dæmdur til að greiða húsaleiguna og vexti af dæmdri fjárhæð frá 20. febr. 1938 103
Í máli til greiðslu krafna samkvæmt víxli og skuldabréfi voru vextir dæmdir frá gjalddaga krafnanna 382
Í máli til greiðslu kaupkröfu skipverja voru vextir dæmdir frá gjalddaga 528
Vextir dæmdir af verzlunarskuld frá næstu áramótum eftir að hún stofnaðist 604

Vinnusamningar. Sbr. atvinnufrelsi, samningar.

Aðstoðarmanni í vél á togara dæmdar kaupeftirstöðvar í samræmi við skiprúmssamning hans, en kröfu hans til bóta vegna of skamms uppsagnarfrests hins vegar hrundið 528
A, sem átti fyrir þremur börnum í ómegð að sjá, var af fátækranefnd framfærslusveitar sinnar ráðin bústýra til B, og skyldu börnin fylgja henni. Af bókun nefndarinnar þótti mega ráða, að kaup A skyldi ganga til framfærslu barnanna, svo langt sem það hrykki, en framfærslusveit A gjalda B í peningum, það sem á skorti fulla meðlagsgreiðslu. Fimm árum síðar lézt B. Lýsti A þá kröfu um ráðs-

konukaup í 5 ár í dánarbú hans. Kröfu hennar var hrundið með skírskotun til bókunar framfærslunefndar svo og þess, að A kannaðist við, að ekkert hefði samizt um kaup milli hennar og B og að hún hefði engum kaupkröfum hreyft, fyrr en eftir lát hans 595

Vitni. Sbr. líkur, mat og skoðun, sönnun.

Eitt vitni kvaðst hafa séð A hafa í frammi lostugt atferli við 7 ára gamla telpu. A kvaðst ekki muna neitt til þessa, en ekki vilja þræta fyrir það, því að hann muni fátt af því, sem hann aðhafist drukkinn. Næg sönnun talin fram komin fyrir sök A 1

Í vettvangsmáli bera ýms vitni um það, hvort landspildur, er um var deilt, hafi verið taldar til ákveðinnar jarðar og verið nytjaðar af henni 28

Í máli, sem ungmennafélag eitt höfðaði gegn skólanefnd hreppsfélags til greiðslu skaðabóta út af riftun húsaleigusamnings, mótmælti stefndi því, að tvö vitni væru látin staðfesta skýrslur sínar fyrir dómi, með því að þau væru bæði félagar ungmennafélagsins og annað þar að auki starfsmaður félagsins, en hitt venzlað formanni þess. Mótmælunum hrundið, með því að vitnin væru ekki svo við mál eða málsaðilja riðin, að ekki mætti veita þeim kost á að staðfesta skýrslur sínar fyrir dómi. Í sama máli mótmælti stefnandi því, að önnur tvö vitni væru látin staðfesta skýrslur sínar fyrir dómi, af því að þær færu í bága við skýrslur annarra vitna, sem fús séu til þess að staðfesta sínar skýrslur. Þessum mótmælum hrundið, og staðfesting vitnaskýrslnanna leyfð 42

Í landamerkjamáli milli eigenda tveggja jarða, sem reis út af ágreiningi um örnefni, sem við hafði verið miðað í landamerkjadómi, er gekk árið 1890 í máli milli þáverandi eigenda sömu jarða, var 87 ára gamall maður, sem verið hafði meðdómandi í landamerkjamálinu 1890, leiddur sem vitni 73

A héraðslæknir krafði B um gjald fyrir læknisaðgerð við sængurkonu. Í málinu þótti það sannað með

staðfestri skýrslu tengdaföður B og skriflegu vottorði ljósmóður, er þó var ekki staðfest fyrir dómi, að A hefði neytt áfengis á heimili B í ferð þessari 93
Í opinberu máli gegn bifreiðarstjóra út af ölvun við akstur kváðust tvö vitni, er voru í bifreiðinni með honum, ekki hafa séð á honum áfengisáhrif, en þrír lögregluþjónar kváðust hins vegar hafa séð á honum ölvunarmerki 120
A bifreiðarstjóri var kærður fyrir að hafa ekið ölvaður á gangandi mann og valdið meiðslum. A kannaðist við áfengisnautn sína, en kvaðst ekki hafa orðið árekstrarins var. Með framburði þriggja sjónarvotta að slysinu þótti samt upplýst, að A hefði valdið því. Í bifreið A voru þrír farþegar, og báru þeir allir, að þeir hefðu ekki orðið neins árekstrar varir, en með því að þeir voru þá allir ölvaðir, þótti framburður þeirra ekki áreiðanlegur um þetta efni 278
Nokkur vitni gefa skýrslu um aðgerðir tveggja manna, er ekki höfðu lækningaleyfi, en tókust á hendur að veita mönnum meinabót 133
Nokkur vitni bera um ýmis atvik í sambandi við bifreiðarslys, er mannsbani hlauzt af 289
Tvö skip rákust á. Skipshafnir þeirra gefa skýrslur um orsakir árekstrarins og ýmis atvik í því sambandi 319
A hélt því fram, að B hefði tekið að sér að greiða kröfu, er A átti á hendur C. Studdi A mál sitt einu vitni, auk þess sem eiðfest skýrsla C gekk honum í vil. Með þessu taldar komnar fram það veigamiklar líkur fyrir málstað A, að úrslit voru látin velta á synjunareiði B 331
Skýrslur teknar af nokkrum vitnum í þjófnaðarmáli 340
Mörg vitni, er voru sjónarvottar að bifreiðarslysi, bera um ökuhraða, fjarlægðir o. fl. 352
A hafði þau ummæli um B barnakennara, „að það sé héraðsfleygt, að hann bruki fiflskap við meytelpur, sem hann eigi að kenna“. Í meiðyrðamáli, er B höfðaði gegn A út af ummælum þessum, gáfu nokkrar stúlkur, er B hafði kennt, skýrslur um framkomu hans gagnvart þeim, og nokkur vitni

báru um sveitarorðróm, er um hegðun B hafði gengið 358
Bifreiðarstjóri dæmdur fyrir ölvun við akstur, m. a. samkvæmt skýrslum margra vitna, er báru um áfengisneyzlu hans og ölvunarástand 416
Framburður vitna um það, hvort leigusali hafi sagt leigutaka upp húsaleigusamningi, var svo óákveðinn og ógreinilegur, að hann þótti ekki sanna uppsögnina 421
Fjórir menn rituðu nöfn sín á víxil, er þeir fólu A að selja. Í sakamáli gegn A út af misferli með andvirði víxils þessa, voru fjórmenningarnir krafðir vitnisburðar um samning þeirra við A, er þeir fengu honum víxilinn til sölu 456
Grunur lá á því, að A hefði stolið hrossi, sem hann hafði undir höndum og taldi eign sína. Báru tvö vitni og staðfestu með eiði, að þau þekktu, að þetta væri sama hrossið sem horfið hafði nafngreindum manni 4 árum áður. Með tilliti til annarra atvika, sérstaklega eyrnamarks þess, er á hrossinu var, þótti samt sök A ekki sönnuð með skýrslu vitnanna 559
A var ákærður fyrir þjófnað og aðra óheimila töku á sauðfé. Í sambandi við rannsókn málsins voru teknar skýrslur af ýmsum mönnum, er töldu sig hafa tapað sauðfé 559
Sjónarvottar bera um líkamsárás ölvaðs manns á tvo menn 589

Víxlar.

A hafði í höndum víxil, er nota átti til framlengingar öðrum víxli, sem var í vanskilum í Landsbankanum. Var orðið „framlenging“ ritað á framlengingarvíxilinn. A strikaði yfir orð þetta og seldi síðan sparisjóði einum víxilinn. Andvirðið notaði A síðar til að greiða aðalvíxilinn í Landsbankanum. Sagt, að þar sem sparisjóðurinn hafi ekki haft eignarhald á aðalvíxlinum, þegar hann keypti framlengingarvíxilinn, og með því að orðið „framlenging“ hafi verið skráð á síðarnefndan víxil, þá hefðu hvorki sparisjóðurinn né réttartakar hans

öðlazt neinn víxilrétt á hendur útgefanda og á-beking framlengingarvíxilsins, er stefnt hafði verið til greiðslu hans. Voru þeir því báðir sýknaðir .. 520
Menn dæmdir til refsingar fyrir fölsun víxla 456

Þjóðaréttur.

Árið 1937, er Franco átti í borgarastyrjöld við stjórn Spánar, var skipið F á leið frá Spáni til Íslands með farm, er það hafði tekið í borg einni, sem þá var á valdi Spánarstjórnar. Er F var í Gibraltar-sundi utan landhelgi, var það tekið af vopnuðu skipi Francos og flutt til Ceuta í spönsku Marokko, er Franco hafði á valdi sínu. Lýstu yfirvöld Francos farminn upptækan og létu skipstjórann með undirskrift nýs farmskírteinis skuldbinda sig til þess að fara með farminn til bæjarins Casablanca í frakknesku Marokko, er var hlutlaus í borgarastyrjöld Spánar. Sigldi F síðan til Casablanca undir eftirliti herskipa Francos og skildi farminn þar eftir. Í máli, er eigandi farmsins á Íslandi (A) höfðaði gegn eiganda skipsins (B) til greiðslu skaðabóta vegna missis farmsins, var talið athugandi, hvort skipstjóri F hafi með því að skilja farminn eftir í Casablanca lagt hann í söl-urnar fyrir hina brýnu hagsmuni skips síns og á-hafnar þess, og að B hafi á þann hátt orðið bóta-skyldur gagnvart A eftir reglum neyðarréttarins. Úrlausn þessa atriðis talin velta á því, hvort A hafi að lögum þeim, er í Casablanca giltu, talizt eigandi farmsins, eða hvort tilkall hans til farms-ins hafi samkvæmt lögum þeim, er þar giltu, verið fallið niður fyrir þá sök, að farmurinn hafði verið gerður upptækur af valdhöfunum í Ceuta eða fyrir síðari ráðstafanir þessara valdhafa á hon-um. Með því að ekkert var upplýst um, hvaða lög giltu í Casablanca í þessu efni, þótti ekki unnt að leggja að svo vöxnu máli dóm á skaðabótakröfu A, og var henni vísað frá héraðsdómi 252
Varðskip tók brezkan togara utan landhelgi árið 1929 og kærði hann fyrir að hafa verið að botnvörpu-veiðum í landhelgi, þegar eftirför hófst. Í hæsta-

rétti var skipstjóri togarans sýknaður, með því að ekki þótti örugg sönnun komin fram fyrir því, að togarinn hafi verið fyrir innan landhelgilínu, er varðskipið framkvæmdi fyrstu mælingu sína. Í skaðabótamáli, er eigandi togarans höfðaði á hendur ríkissjóði til greiðslu skaðabóta vegna tökunnar, er sagt, að skipherra varðskipsins hafi haft fulla ástæðu til að stöðva togarann og láta rannsaka mál skipstjóra hans. Ekki talið skipta máli, þótt varðskipið gæfi ekki stöðvunarmerki þegar er eftirförin hófst, þar sem það hafi sýnt í verki og framkvæmd, að eftirför var hafin, og ekki verði staðhæft, að viðurkennd alþjóðaregla hafi þá til verið, er setti það skilyrði fyrir lögmæti eftirfarar, að stöðvunarmerki væri gefið, áður en hún hæfist 484

Þjófnaður, Sbr. hilming, hlutdeild, ólögmæt meðferð á annarra fé.

a) Almennur þjófnaður.

A, sem var hluthafi í hlutafélagi og vantaði arðmiða, er fylgja áttu hlutabréfum hans, kom á skrifstofu félagsins til þess að sækja arðmiða. Hann hafði leynilega á brott með sér pakka, sem í voru fleiri arðmiðar en þeir, sem hann átti tilkall til. Fékk hann síðar sviksamlega greiddan arð út á þá arðmiða, sem hann átti ekki. A var dæmdur til refsingar fyrir svik, en sýknaður af ákæru um þjófnað, með því að ekki þótti sannað, að hann hafi haft arðmiðana á brott með sér í því skyni að misnota þá síðar 146

Kvenmaður stal tveimur silfurrefaskinnum úr læstum skáp í herbergi, sem hún var stödd í. Ennfremur matbjó hún og notaði sér kjöt, sem hún vissi, að maður hafði stolið, er hún fylgdi að lagi. Var hún dæmd sek við 6. gr. laga nr. 51 frá 1928 og 240. gr. hegningarlaga frá 25. júní 1869 340

A stal kjöttunnu, er geymd var utan húss, og hlaut fyrir það refsingu eftir 6. gr. laga nr. 51 frá 1928. Ennfremur stal hann festi frá bát, er flaut við bryggju. Að vísu var festin ekki 30 króna virði, og

eigandi hennar krafðist ekki málshöfðunar, en með hliðsjón af því, að A skildi bátinn eftir lausan á sjónum og sýndi með því mikið kæruleysi um eign annars manns, var honum dæmd refsing samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51 frá 1928. A tók glerbrúsa í heimildarleysi og notaði hann. En með því að ekki þótti sannað, að hann hefði haft í hyggju að kasta eign sinni á hann, og eigandi brúsans hafði ekki krafizt málshöfðunar vegna nytjastuldar samkvæmt 238. gr. hegningarlaganna, var A ekki dæmd refsing fyrir töku þessa. Loks þótti ekki sannað, að A hefði gerzt sekur um hlutdeild í þjófnaði silfurrefaskinna, er fylgikona hans hafði stolið 340

b) Stórþjófnaður.

Maður dæmdur til refsingar fyrir þjófnað á sauðfé og hrossi eftir 7. sbr. 8. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 1. tölulið 231. gr. hegningarlaganna. Ennfremur eftir 250. gr. hegningarlaganna fyrir ólögmæta eignatöku á sauðfé, sem komið hafði saman við fé hans í smölun. Hliðsjón höfð af 63. gr. og, að því er sum brotin varðaði, 65. gr. hegningarlaganna. Kona, er maður þessi bjó með, sýknuð af ákæru um þátttöku í brotum hans. 559

A, er mörgum sinnum hafði sætt refsidómi fyrir þjófnað, fór að degi til inn í hús, út um þakglugga á loftgangi þess og síðan inn um annan glugga í lokað herbergi. Stal hann þar nokkrum munum og hvarf síðan aftur sömu leið. Hann kvaðst hafa farið inn í herbergið til þess að bíða þar komu húsráðanda, en ekki ásett sér að stela neinu, fyrr en eftir að hann var kominn inn í herbergið. Þessi frásögn hans var þó ekki tekin trúanleg, og var hann dæmdur eftir 7, sbr. 8. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 4. tölulið 231. gr. hegningarlaganna 601

Ærumeiðingar.

Piltar nokkrir, þar á meðal A, höfðu ráðizt að manni einum á götu og barið hann svo, að hann hlaut af glóðarauga. Ritstjórinn B lét svo um mælt í blaði

sínu, að A hefði átt þátt í því, að maðurinn var barinn til óbóta. Þetta þótti ofmælt, og voru ummælin því ómerkt, en ekki þótti rétt að láta B sæta sekt fyrir þau 285
Meiðyrðamáli vísað ex officio frá hæstarétti, með því að áfrýjunarleyfi var of seint út gefið 358

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: **Hæstiréttur.**

XX. árgangur. **1939.**

Miðvikudaginn 11. janúar 1939.

Nr. 99/1938. **Réttvísin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Lárusi Guðmundi Gunnarssyni
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Brot gegn 186. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Lárus Guðmundur Gunnarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. júlí 1938.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Lárusi Guðmundi Gunnarssyni, verkamanni, til heimilis Frakkastíg 10 hér í bæ, nú gæzlufanga í Hegningarhúsinu, fyrir brot gegn 16. kap. hinna almennu hegningarlaga.

Ákærður er fæddur í Hafnarfirði 7. okt. 1911. Hann hefir áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum, öllum hér í lögsagnarumdæminu:

1932 ½ Kærður fyrir ölvun. Látið niður falla vegna þess að kærður er geðbilaður.
— ⅝ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. Kærðum komið í sveit vegna aumingjaskapar.
— 5/10 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 13/12 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933 2¾ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 1⅜ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— ⅞ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 2¾ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 1⅖ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 1⅘ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 2⅖ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 1⅘ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 1⅜ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 1¼ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 1¼ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 1¾ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 2⅖ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 1⅙ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— ⅞ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— ⅜ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 1⅙11 Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 1⅑11 Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 7/12 Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 1½ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 2½ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 2¼ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun og röskun á næturfriði.
1937 ½ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— ¼ Sætt 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 2⅛ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 2⅝ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1937 $^{1}/_{9}$ Áminning fyrir ölvun og betl.
— $^{1}/_{9}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— $^{24}/_{11}$ Sætt 500 kr. sekt fyrir ölvun og hneykslanlegt framferði.
— $^{23}/_{12}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1938 $^{16}/_{2}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— $^{2}/_{4}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— $^{3}/_{6}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— $^{27}/_{6}$ Sætt 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Undir rannsókn málsins hafa eftirtaldar upplýsingar komið fram um háttalag ákærðs:

1. Miðvikudaginn 22. fyrra mánaðar voru frúrnar Ólafía Veronika Guðmundsdóttir og Guðfinna Sveinsdóttir á gangi í Öskjuhlíðinni ásamt nokkrum börnum. Hafa þær skýrt frá því, að ákærður hafi verið þar drukkinn og alstrípaður og gert þeim og öðru fólki, er þar var statt, ónæði með hneykslanlegu látbragði og orðum. Ólafía varð hans fyrst vör og sá hann þá á tali við aðra konu, er virtist hrekjast burtu hans vegna. Síðan snéri ákærður sér að Guðfinnu, er gekk þó nokkuð á eftir Ólafíu með börnin. Kveðst Guðfinna hafa reynt að flýta sér undan honum, en hann elti hana og bað hana í sífellu um að flengja sig. Þegar Ólafía kom þar að, snérist hann að henni með sömu beiðni. Eftir nokkra stund tókst þeim að losna við hann, og lagðist hann þá niður hjá fötum sínum, lá þar eins og skepna og lét eins og brjálaður maður, en var síðar á stjái hjá öðru fólki, sem þarna var statt. Þær settust niður þarna í hlíðinni og sátu þar nokkra stund, og kom þá ákærður til þeirra aftur og var þá klæddur. Fékkst hann ekki til að fara fyrr en þær hótuðu honum að sækja lögregluna. Við það varð hann hræddur, baðst afsökunar og fór.

2. Þá hefir frá Guðfinna borið, að ákærður hafi um morguninn þennan sama dag verið drukkinn niður í Austurstræti og þá kallað til hvers manns, sem hann mætti á götunni: Viljið þið flengja mig?

Vitnið Guðlaug Markúsdóttir hefir borið, að ákærður hafi eitt sinn, haustið 1936, komið drukkinn inn á saumastofu, er hún þá vann á, og beðið um að rassskella sig.

3. Fimmtudaginn 7. þ. m. var vitnið Guðlaug Markúsdóttir stödd á Klapparstígnum og sá þá ákærðan skjótast inn í port við Klapparstíg 20. Rétt á eftir heyrði hún þaðan

óp í barni og gekk þegar á hljóðið. Þegar í portið kom, sá hún ákærðan þar með stúlkubarn, hafði hann tekið upp um það kjólinn og hélt um buxnastreng þess. Vitnið tók barnið af honum og spurði, hvað hann ætlaði sér með þessu, og svaraði hann því til, að hann ætlaði sér að flengja telpuna. Hann var, að frásögn vitnisins, með opna buxnaklauf og stóð skyrtan út úr henni. Telpan er 7 ára gömul, fædd 28. febr. 1931.

Ákærður hefir ekki talið sig muna neitt af þessu. Hann kveðst vera svo sljór, að hann muni ekki hvað gerist eftir að hann er orðinn drukkinn. Hann hefir þó skýrt frá því, að hafa einn daginn verið á fylliríi uppi í Öskjuhlíð. Einnig hefir hann skýrt svo frá, að hann viti til þess, að hann gangi fyrir fólk og biðji það að flengja sig, þegar hann er orðinn fullur. Hann segir, að fólk hafi sagt sér þetta, og eins sé það stundum hrópað á eftir sér, og hann sé líka uppnefndur og kallaður rassskellir. Hann kveðst ekki geta munað neitt um telpuna, en segist heldur ekki geta fortekið, að hafa haft í frammi við hana athæfi það, sem vitnið hefir lýst.

Dr. med. Helgi Tómasson yfirlæknir var látinn athuga ákærðan, og hefir hann gefið eftirfarandi álit um hann:

„Eg hefi í dag athugað Lárus Gunnarsson Rvík, p. t. fangahúsinu í Rvík.

Við samtal ber ekki á neinum elementar-psykiskum truflunum eða veilum, en hann upplýsir, að hafa illa þolað áfengi. Þannig að honum hættir til, undir áhrifum þess, að aðhafast ýmislegt það, sem hann ekki hefir minni um eftir á. Þannig muni það hafa verið, er hann fimmtud. 7. þ. m. ætlaði að „flengja“ telpuna. Hann neitar því með öllu, að hann muni hafa haft annan tilgang með að fara með hana að húsabaki, og telur slíkt myndi liggja sér svo gersamlega fjarri.

Við lauslega líkamlega skoðun er ekkert áberandi óeðlilegt að finna.

Álit mitt er, að um patologiskar alkoholreaktionir muni helzt vera að ræða hjá manninum, en tæplega um exhibitionistiskar tilhneygingar í venjulegum skilningi. (Sterilisation myndi því sennilega ekki koma til greina).“

Eins og málsatvikum hefir nú verið lýst, þykja afbrot ákærðs verða heimfærð undir 186. gr. hegningarlaganna sbr. 63. gr. sömu laga. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin

4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Þá ber honum að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Baldvins Jónssonar cand. juris, er ákveðast 60 kr.

Ákærður hefir setið í gæzluvarðhaldi síðan 12. júlí s. l. Málið hefir verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Lárus Guðmundur Gunnarsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Baldvins Jónssonar cand. juris, kr. 60.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 13. janúar 1939.

Nr. 2/1938. **Veiðarfæraverzlunin Verðandi s/f**
(Eggert Claessen)
gegn
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f
(Theodór B. Líndal).

Krafa um vátryggingarbætur vegna skipstrands.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. jan. 1938 og að fengnu áfrýjunarleyfi 31. des. 1937, hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 3000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1935 til greiðsludags og málskostnað bæði fyrir hæstarétti og í héraði. Stefndi hefir hinsvegar aðallega krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, en til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu, og til þrautavara, að hann verði

aðeins dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 2392.50. Svo krefst stefndi þess, að einungis 5% vextir verði dæmdir af þeirri upphæð, er ákveðin yrði, og að þeir verði taldir frá því, er tveir mánuðir eru liðnir frá uppkvaðningu dóms þessa eða til vara frá stefnudegi, 30. jan. 1936. Svo krefst stefndi loks málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti, hvort sem aðaleða varakrafa hans yrði tekin til greina, en að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður, ef þrautavarakrafan yrði tekin til greina.

Með því að það þykir mega fallast á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 11. júní 1937.

Mál þetta hefir höfðað Veiðarfæraverzlunin Verðandi s/f., hér í bænum, með stefnu útgefinni 30. janúar 1936 gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. til greiðslu á kr. 3000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1935 til greiðsludags og málskostnaði að upphæð kr. 385.35.

Stefndur hefir aðallega krafizt frávísunar og til vara sýknu, en sér tildæmdan málskostnað. En til þrautavara hefir hann krafizt lækkunar á kröfu stefnanda niður í kr. 2482.50, svo og mótmælt vaxtahæðinni og upphafsdegi vaxtanna.

Málavextir eru þeir, að árið 1934 komst Helgi Nikulásson, eigandi m/b. „Brúarfoss", í skuld við stefnanda að upphæð kr. 3000, og gaf hann út víxil fyrir upphæðinni með gjalddaga 1. apríl 1935 og veðsetti stefnanda jafnframt nefndan vélbát ásamt öllu tilheyrandi, svo og vátryggingarupphæðum, með 2. veðrétti, næst á eftir veðrétti til Lands-

bankans fyrir 9000 kr. skuld. Báturinn var vátryggður hjá stefndum fyrir 12000 kr., en auk þess töldust 3000 kr. vera í sjálfsábyrgð eiganda.

Hinn 9. eða 19. jan. 1935 rak bátinn á land í Sandgerði. Í júní s. á. framseldi Helgi Nikulásson stefnanda vátryggingarkröfur sínar á hendur stefndum, en 8. ágúst s. á. útnefndi sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu tvo menn, að ósk stefnanda, til að meta:

1) hvort það svari kostnaði að gera við bátinn og gera hann sjófæran,
2) og, ef skoðunar- og matsmennirnir skyldu ekki telja bátinn óbætandi, hversu mikið mundi kosta að framkvæma viðgerð á bátnum og gera hann sjófæran.

Í vottorði sínu um skoðunina, dags. 7. sept. 1935, segja skoðunarmennirnir: „.... höfum við undirritaðir skoðað m/b Brúarfoss, sem liggur í fjörunni í Sandgerði, og teljum við lítt gerlegt að gera við hann þar sem hann er talsvert mikið brotinn og mjög sundurliðaður. Stjórnborðssíðan hefir gengið upp um miðsíðu, svo að bæði dekk og öldustokkur hafa gengið talsvert upp, og álítum við þess vegna eftir okkar reynslu kostnaðarins vegna ekki koma til mála að gera við hann."

Skýrslu þessa staðfestu skoðunarmennirnir hér fyrir réttinum 17. júní s. l.

Á grundvelli þessarar skoðunargerðar telur stefnandi, að stefndur sé skyldur til að greiða vátryggingarupphæðina að fullu, og hefir stefnandi því gert framangreindar kröfur í málinu.

Um aðgerðir hlutaðeigandi viðvíkjandi bátnum eftir strandið er þetta upplýst:

Rétt eftir að stefndur fékk vitneskju um strandið, sendi hann Magnús Guðmundsson skipasmið til þess, fyrir sína hönd og eiganda, að athuga bátinn og gera bráðabirgðaráðstafanir um björgun hans. Veður var þá svo óstillt, að báturinn var ekki tekinn út, en vélin var tekin úr honum og flutt hingað til Reykjavíkur. Hinn 27. janúar 1935 skoðaði að tilhlutun stefnds skipaskoðunarmaður ríkisins, Símon Bech, bátinn, og segir hann í vottorði sínu, að þar sem báturinn liggi á þá síðu, sem brotin er, sé ekki hægt að gefa nákvæma lýsingu á brotinu, en kjölurinn sé eyðilagður, og að aftan sé hann alveg burtu. Stýrisleggurinn sé mikið

boginn og stjórnborðssíðan sýnilega mikið skemmd. Samkvæmt áætlun, er hann segir lauslega, telur hann, að það kosti ekki undir 5000 kr. að flytja bátinn þaðan, sem hann sé, og koma honum á viðgerðarstað og gera við hann. Þar fyrir utan sé viðgerð á vél og að setja hana í bátinn aftur. Í lok skýrslunnar segir, að flytja þurfi bátinn á öruggari stað fyrir næsta stórstraum. Í rekstri málsins hefir skipaskoðunarmaðurinn áréttað þetta vottorð sitt með yfirlýsingu, dags. 19. marz þ. á., þar sem hann segir, að hið fyrra vottorð sitt hafi átt að skilja svo, að aðgerðin mundi hafa kostað eitthvað á sjötta þúsund og aldrei yfir 6000 kr., þar með talinn flutningur og annað í því sambandi. Hann hafi skoðað bátinn svo nákvæmlega sem kostur var á og gengið úr skugga um allar þær skemmdir á honum, sem máli skiptu, aðrar en þær, er voru á stjórnborðshliðinni, sem hann lá á. Hann kveðst ekki hafa orðið þess var, að þilfar eða öldustokkur hefðu gengið upp, hafi hann þó haft ástæðu til að athuga þetta og hafi gert það. Loks segir skipaskoðunarmaðurinn, að hann hafi talið nauðsyn á að flytja bátinn burt, vegna þess að víst mátti telja, að hann mundi skemmast meira, ef hann væri á sama stað. Eftir skoðunina 27. jan. 1935 kallaði stefndur á eigandann, Helga Nikulásson, á fund sinn, sem og veðhafana, Landsbankann og stefnanda þessa máls, og ennfremur fyrrnefndan skipasmið, er lýst hafði kröfum á bátinn, til þess að ræða um, hvað gera skyldi.

Bauðst stefndur til að leggja fram sinn hluta skaðabótanna, eða ⅘ hluta, jafnóðum og viðgerð færi fram, enda væri hún ekki framkvæmd nema með samþykki stefnds, í öðru lagi bauðst stefndur til, ef þess væri heldur óskað, að sjá um viðgerðina, ef lögð yrði fram fyrirfram upphæð sú, sem samkvæmt áætlun Simonar Bech mátti gera ráð fyrir að lenti á eiganda að hans hluta. Loks bauðst stefndur til, ef aðiljar kæmu sér saman um það, að greiða út 6000 kr. gegn fullnaðarkvittun fyrir tjóninu. Að þessu síðasta vildi 1. veðhafi ganga, en hvorki eigandi né stefnandi þessa máls, og var þeim þá gefinn frestur til að fullnægja öðrum hvorum fyrri kostanna. Þessi frestur var þó látinn ónotaður, og lét stefndur svo um mælt í bréfi til umboðsmanns stefnanda, dags. 7. nóv. 1935, að hann teldi, að fresturinn væri

þá liðinn og tilboð sín burtu fallin, en tjónið yrði gert upp við 1. veðhafa, Landsbankann.

Af því, sem fram hefir komið í málinu, er það ekki ljóst, hvort þetta uppgjör hefir farið fram, en hitt er upplýst, að báturinn lá á strandstaðnum, án þess að nokkuð væri að gert, þar til hann samkvæmt kröfu Landsbankans var boðinn upp til sölu á opinberu uppboði 6. marz 1936. Var gert í hann aðeins eitt boð, kr. 40.00, og 14. s. m. var hann lagður bankanum út sem ófullnægðum veðhafa.

Aðalkröfu sína um frávísun byggði stefndur á því, að stefnandi hefði eigi vátryggingarskírteinið í höndum, en síðar í rekstri málsins hefir stefnandi lagt fram skírteinið, og verður því þessi krafa stefnds, þegar af þeirri ástæðu, ekki tekin til greina.

Varakröfu sína byggir stefndur fyrst og fremst á því, að ekki sé sannað svo lögfullt sé með skoðunargerðinni, dags. 7. sept. 1935, að vélbáturinn Brúarfoss hafi einu sinni þá verið óbætandi, hvað þá heldur, er báturinn var strandaður 9. eða 19. jan. s. á., og þar sem málssókn þessi byggist á því, að vélbáturinn hafi skemmst svo við strandið, að óbætandi hafi verið, og sér beri því að greiða bætur sem um algert tjón væri að ræða, þá sé það ljóst að sýkna beri sig af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Skoðunargerðinni frá 7. sept. 1935 er að ýmsu leyti ábótavant. Þannig er það ekki, gegn mótmælum stefnds, sannað, að honum hafi verið gert viðvart um það, að gjörðin ætti að fara fram. Þá er og skemmdum vélbátsins lítið lýst og með óákveðnum orðatiltækjum, og um viðgerðarkostnað er ekki sagt annað en að skoðunarmennirnir áliti, kostnaðarins vegna, að það komi ekki til mála að gera við vélbátinn.

Til þess að skoðunargerð þessi geti haft gildi gagnvart stefndum (vátryggjanda), þarf hún að uppfylla þau skilyrði, sem sett eru í 9. gr. vátryggingarskírteinis þess, er um tryggingu þessa gilda. En grein þessi er svohljóðandi:

„... að skipið því aðeins verði dæmt óbætandi, svo að skuldbindandi sé fyrir vátryggjendur, að verð skipsins með áorðnum skemmdum, að viðbættum kostnaði við viðgerðir á skemmdum þeim, er skipið hefir orðið fyrir í ferðinni, nemi meiru en vátryggingarupphæðinni."

Í áðurnefndri skoðunargerð sést það hvergi, hvers virði

skoðunarmennirnir telji vélbátinn vera með áorðnum skemmdum, né heldur það, hvað viðgerð á honum mundi kosta mikið. Þá er þess heldur ekki getið, hvort skemmdir þær, sem á bátnum voru, er skoðunin fór fram, stafi af strandinu eingöngu eða einnig af öðrum orsökum.

Brestur því á sönnun um það, að vélbáturinn hafi verið óbætandi, er skoðunargerðin fór fram, og þar sem sá tryggði (í þessu tilfelli stefnandi í hans stað) hefir ekki á annan hátt fært sönnur á, að skilyrðum vátryggingarskilmálanna hafi að þessu leyti verið fullnægt, verður, þegar af framangreindum ástæðum, að taka sýknukröfu stefnds í málinu til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefnt, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f., á að vera sýknt af kröfum stefnanda, Veiðarfæraverzlunarinnar Verðandi s/f., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. janúar 1939.

Nr. 21/1937. **Jón Kjartansson, Valtýr Stefánsson, Páll Steingrímsson, Ragnhildur Pétursdóttir og Guðrún Jónasson**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Sveinbirni Högnasyni f. h. Mjólkursamsölunnar og gagnsök
(Guðmundur Guðmundsson cand. jur.).

Bætur dæmdar vegna ólögmæts „boycotts".

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms í máli þessu, hefir einn af aðiljum þess, frú Guðrún Lárusdóttir, látizt.

Hefir gagnáfrýjandi hér fyrir dómi fallið frá öllum kröfum á hendur dánarbúi hennar í sambandi við mál þetta.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu hingað til réttarins með stefnu 16. marz 1937. Krefjast þeir aðallega algerðrar sýknu, en til vara, að dæmd skaðabótaupphæð verði færð niður eftir mati réttarins. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir báðum réttum, hvor krafan sem til greina yrði tekin.

Gagnáfrýjandi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu 3. júlí 1937 að fengnu áfrýjunarleyfi 28. júní s. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða honum f. h. Mjólkursamsölunnar kr. 5000.00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi, 21. marz 1935, til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í sambandi við „boycott" það, sem Húsmæðrafélag Reykjavíkur samþykkti að hefja og hóf gegn Mjólkursamsölunni, birti félagið áskorun til allra húsmæðra hér í bænum um takmörkun mjólkurkaupa. Verður að telja, að félagið hafi með því gengið lengra í aðgerðum sínum gagnvart Mjólkursamsölunni en heimilt var. Þar eð meðáfrýjendur frúrnar Ragnhildur Pétursdóttir og Guðrún Jónasson voru í stjórn nefnds félags og höfðu þar með forgöngu fyrir því, að ofangreindar áskoranir voru birtar, má á það fallast, að þær hafi orðið ábyrgar fyrir því tjóni, sem Mjólkursamsalan kann að hafa beðið vegna þessara aðgerða. Þá hafa og ritstjórar þeir, sem til ábyrgðar eru sóttir í máli þessu, orðið samábyrgir nefndum frúm með því að taka undir áskoranir og kröfur Húsmæðrafélagsins og veita þeim gengi, meðal annars með óheimilum harðyrð-

um um Mjólkursamsöluna og forráðamenn hennar. Upplýst er, að dregið hefir úr mjólkursölu eftir að „boycottið" hófst, og mun það hafa átt þátt í því, að svo varð. En þar sem einnig má telja sannað, eins og í héraðsdóminum getur, að mjólk oftnefndrar samsölu hafi að sumu leyti verið ábótavant á þessum tíma, og rekja má minnkaða mjólkursölu að nokkru leyti til þess, þá þykir hæfilegt að telja aðaláfrýjendum til ábyrgðar í þessu máli helming þess tjóns, sem af minnkaðri mjólkursölu hefir leitt frá því að „boycottið" hófst til 15. marz 1935, er mál þetta var lagt til sátta. Í þessu sambandi skal þess getið, að hér fyrir dómi hafa verið lögð fram ný gögn, er sýna það, að við athugun, er fram fór í október 1935, kom í ljós, að gerilhreinsun mjólkur Mjólkursamsölunnar, eða að minnsta kosti nokkurs hluta mjólkurinnar, var ábótavant. En þar sem ekki er vitað, hvenær þessir gallar á gerilhreinsuninni byrjuðu, og aðiljum máls þessa virðist hafa verið ókunnugt um, að þeir væru fyrir hendi veturinn 1935, er „boycottið" stóð yfir, þá gat þetta ekki haft nein áhrif á gerðir þeirra á þeim tíma, og skiptir því ekki máli í þessu sambandi.

Gagnáfrýjandi hefir sýnt fram á, að mjólkursala Mjólkursamsölunnar hefir minnkað sem næst um 4200 krónur frá því að „boycottið" hófst, 25. febr. 1935, til 15 marz s. á., sé miðað við mjólkursöluna frá 1. til 24. febr. s. á. Samkvæmt því, er áður segir um ábyrgð aðaláfrýjenda á tjóninu, og með hliðsjón af því, að upplýst er, að unnar voru mjólkurafurðir úr mjólk þeirri, er ekki seldist, þykir hluti sá, sem aðaláfrýjendum ber að greiða, hæfilega ákveðinn 1400 krónur með vöxtum eins og krafizt er, og er ábyrgð þeirra á greiðslu fjárhæðar þessarar solidarisk. Svo ber þeim og að greiða gagnáfrýjanda málskostnað,

og þykir hann eftir niðurstöðu málsins hæfilega ákveðinn 400 krónur samtals fyrir báðum réttum.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, Jón Kjartansson, Valtýr Stefánsson, Páll Steingrímsson, Ragnhildur Pétursdóttir og Guðrún Jónasson, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Sveinbirni Högnasyni f. h. Mjólkursamsölunnar, kr. 1400.00 með 5% ársvöxtum frá 21. marz 1935 til greiðsludags og samtals kr. 400.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. jan. 1937.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 21. marz 1935 af séra Sveinbirni Högnasyni f. h. Mjólkursölunefndar gegn ritstjórum Morgunblaðsins, þeim Jóni Kjartanssyni og Valtý Stefánssyni, ritstjóra Vísis, Páli Steingrímssyni, og forgöngukonum „Húsmæðrafélags Reykjavíkur", þeim frúnum Guðrúnu Lárusdóttur, Ási, Ragnhildi Pétursdóttur, Háteigi, og Guðrúnu Jónasson, Amtmannsstíg 5, öllum hér í bænum, til greiðslu skaðabóta in solidum að upphæð kr. 5000.00, með 5% ársvöxtum frá stefnudegi, 21. marz 1935, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Í rekstri málsins hefir stefnandi ex tuto gert þá varakröfu, að hinar stefndu forgöngukonur Húsmæðrafélags Reykjavíkur verði in solidum dæmdar til að greiða hinar umstefndu skaðabætur, ef ekki þætti heimilt að sækja hina stefndu ritstjóra með þeim í máli þessu.

Stefnd krefjast *aðallega* frávísunar, en *til vara* sýknu. Ennfremur krefjast stefnd lækkunar á skaðabótaupphæðinni, ef skaðabætur yrðu tildæmdar, og málskostnaðar krefjast þau eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að á árinu 1935 voru sett lög um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. Lög þessi eru nr. 1 frá 7. jan. 1935, og er ákveðið í þeim, að við sölu mjólkur og rjóma skuli landinu skipt í svonefnd verðjöfnunarsvæði eftir nánar tilgreindum reglum og mjólkurframleiðendum óheimilað að selja mjólk eða mjólkurafurðir utan þess verðjöfnunarsvæðis, sem þeir eru á. Undanskilin var sala á osti, fullverkuðu súru skyri, smjöri, niðursoðinni mjólk og þurrmjólk. Samkvæmt 8. gr. laga þessara skyldi ríkisstjórnin skipa 7 manna nefnd til eins árs í senn til að hafa á hendi stjórn mjólkursölumála samkvæmt lögunum, og skyldi nefndin heita Mjólkursölunefnd. Í 5. gr. laganna er ákveðið, að þar sem fleiri en eitt mjólkurbú sé starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skuli öll sala og dreifing mjólkurvara fara fram frá einni sölumiðstöð (samsölu). Samkvæmt þessu ákvæði var komið á samsölu hér í bænum, og var svo ákveðið í síðustu grein laganna (ákvæði um stundarsakir), að mjólkursölunefnd skyldi fyrst um sinn hafa á hendi stjórn hennar.

Mjólkursamsalan hér í bænum hóf starfsemi sína 15. jan. 1935, og sætti starfsemi hennar, svo að segja frá byrjun, miklum aðfinnslum frá Morgunblaðinu og Vísi og nokkrum hóp húsmæðra hér í bæ. Um þetta leyti var stofnað félag húsmæðra hér í bænum, og var það nefnt „Húsmæðrafélag Reykjavíkur". Hinar stefndu frúr virðast aðallega hafa beitt sér fyrir stofnun þess, og hafa þær verið í stjórn félagsskaparins frá byrjun. Á framhaldsstofnfundi félags þessa, sem haldinn var 13. febr. 1935, bar stjórn þess, en í henni voru m. a. stefndar frúr eins og áður segir, fram tillögu þess efnis, að „.... fáist ekki nauðsynlegar breytingar á mjólkurlögunum og framkvæmd þeirra fyrir 25. þ. m., þá beiti félagið sér fyrir því, að frá þeim degi verði gerðar ráðstafanir til þess að dregið verði úr mjólkurkaupum, þar til kröfum félagsins verður fullnægt." Tillaga þessi var samþykkt á fundinum, og var hún birt í ritstjórnargreinum í Morgunblaðinu og Vísi daginn eftir. Jafnframt skýrðu bæði blöðin frá því, að á fundinum hefði komið fram megn óánægja yfir sleifarlagi, sem væri á samsölunni, m. a. að því leyti, að hún hefði 3—4 daga gamla mjólk í umferð. 23. febr. var aftur haldinn fundur í húsmæðrafélaginu og þá einróma samþykkt svohljóðandi tillaga: „Þar sem kröfum

undangenginna húsmæðrafunda í mjólkursölumálinu hefir í engu verið sinnt, en þvert á móti hafa verið gerðar ráðstafanir í þveröfuga átt, þá lýsum vér fundarkonur því yfir, að vér munum takmarka mjólkurkaup til heimila vorra svo mjög sem frekast er fært og stuðla að því, að aðrar húsmæður geri hið sama, unz umráðamenn mjólkursamsölunnar fara að sinna kröfum vorum í fullri alvöru.“ Tillaga þessi var birt í ritstjórnargreinum bæði í Morgunblaðinu og Vísi 24. febr. auk þess sem hún var birt sjálfstætt í Morgunblaðinu sem tilkynning frá Húsmæðrafélaginu.

5. marz hélt félagið enn fund, og voru stefndar Ragnhildur Pétursdóttir og Guðrún Jónasson meðal ræðukvenna og hvöttu þær allar húsmæður til að láta engan bilbug á sér finna í „mjólkurmálinu“, hvað sem á gengi. Bæði Morgunblaðið og Vísir skýrðu frá fundi þessum og því, sem þar fór fram.

10. marz birti Morgunblaðið samkvæmt beiðni stjórnar húsmæðrafélagsins svo hljóðandi tilkynningu: „Að gefnu tilefni lætur Húsmæðrafélagið þess getið, að þangað til að viðunanleg úrlausn er fengin á mjólkursölunni hér í bænum, munu félagskonur halda fast við ákvörðun sína um takmarkaða mjólkurneyzlu.“ Í sambandi við þessa tilkynningu lætur Morgunblaðið þess getið, að tilhæfulaust sé, að samtök húsmæðra í „mjólkurmálinu“ séu farin út um þúfur. Kveður blaðið húsmæður við því búnar, að baráttan geti staðið lengi, og séu þær staðráðnar í að halda henni áfram.

19. jan. 1935 er grein í Morgunblaðinu um fund húsmæðra, sem haldinn var daginn áður. Er þar skýrt frá fundarstörfum og m. a. sagt, að stefnd Guðrún Lárusdóttir hafi haldið ræðu og talað um þá megnu óreglu, sem verið hafi á útsendingu mjólkur, síðan samsalan tók til starfa. Ennfremur segir, að frúin hafi talað um, hve mikill ábyrgðarhluti það væri fyrir mjólkursölunefnd að girða fyrir sölu á ógerilsneyddri barnamjólk og þvinga mæðurnar til að láta ungbörn sín hafa lakari og óheilnæmari mjólk en þær áður höfðu átt kost á. 17. febr. birtist í Morgunblaðinu grein með yfirskriftinni: „Afrek mjólkursölunefndar“, og er þar skýrt frá því, að mjólkurneyzlan í bænum hafi minnkað um 2400 l. á dag, síðan samsalan byrjaði, og nemi tjón bænda af þessu kr. 350000.00 á ári. Þessi staðhæfing er endurtekin í blaðinu 20. febr. í grein með yfirskriftinni „Mjólkin“, og því

bætt við, að ríkt hafi hið mesta sleifarlag í framkvæmd mjólkursölunnar, síðan samsalan tók til starfa. Sama dag er í blaðinu grein með yfirskriftinni: „Fáheyrð ósvífni", þar sem mjög er ráðizt að samsölunni og mjólkursölunefnd og í greinarlok varpað fram þessari spurningu: „Á þetta að þolast? Því svara húsmæðurnar í Reykjavík á mánudaginn kemur." Í Mgbl. 22. febr. er skýrt frá því, að húsmæður hafi nú ákveðið að gangast fyrir því, að dregið verði eins og unnt er úr mjólkurneyzlu í bænum, þar til búið sé að fullnægja kröfum „Húsmæðrafélagsins". Í Mgbl. 23. febr. er grein með yfirskriftinni: „Svör til húsmæðra", undirrituð XXVII. Í niðurlagi greinar þessarar segir svo: „Og þess má vænta, að margar aðrar húsmæður og húsbændur sýni samhug sinn og félagsskap með því að takmarka mjólkurkaup sín, svo sem frekast er fært, og auki þau ekki aftur fyrr en salan verður gefin frjáls ..." Í Mbl. 24. febr. er grein með fyrirsögninni „Mjólkurstríð", þar sem segir m. a., að húsmæður Reykjavíkur hafi ákveðið að draga eins og unnt sé úr neyzlu mjólkur frá og með deginum á morgun (þ. e. 25. febr.). 26. febr. skýrir Mgbl. frá því, að fyrsta dag húsmæðrasamtakanna hafi mjólkursalan minnkað stórlega, sennilega 2—3000 lítra. Þá eru bæjarbúar mjög hvattir til að standa saman í „mjólkurmálinu", þ. e. minnka mjólkurkaup sín. Í sama tbl. er skýrt frá því, að þegar mjólkursölunefnd loks hafi gefið bæjarbúum kost á ógerilsneyddri barnamjólk, þá hafi verið ákveðið, að hún fengist aðeins úr Kleppsfjósi. Kleppskýrnar séu fóðraðar á heyi frá Laugarnesi, sem sjúklingar þar (holdsveikir) afli, og læknar vilji ekki fullyrða, að smithætta sé útilokuð. Í Mgbl. 28. febr. í greininni „Svar neytenda" segir: „.... að þorri neytenda höfðu ákveðið að svara frekju og ósvífni mjólkursölunefndar með því að draga svo sem unnt er úr mjólkurkaupunum." Ennfremur segir í grein þessari, að mjólkurneyzlan hafi minnkað mjög mikið. Í sama tbl. segir í greininni: „Val landbúnaðarráðherra": „Kröfur húsmæðranna eru sanngjarnar og sjálfsagðar. Þær skulu sigra." Í Mgbl. 1. marz segir, að Reykvíkingar muni fylkja sér um samtök húsmæðranna og standa sem einn maður í baráttunni. Sama dag er grein í blaðinu, sem nefnist „Heitstrenging húsmæðranna í mjólkurstríðinu". Er þar enn minnzt á, að kýrnar á Kleppi, en þaðan kom barnamjólk samsölunnar, séu fóðraðar með heyi, sem sjúklingar á Laug-

arnesi hirði. Er greinin hvatning um að draga úr mjólkurkaupum hjá samsölunni, og segir m. a. í henni, að hafin sé skipulagsbundin samtök húsmæðra um allan bæ um að draga sem mest úr mjólkurkaupum, og „undir þessa heitstrenging taka allir þeir Reykvíkingar, sem ekki vilja verða þrælar harðstjóranna og kúgaranna.“ Í Mgbl. 2. marz segir, að mjólkursölunefnd sé komin í greiðsluvandræði, og að framleiðendur séu vonsviknir um hækkun á útborgunum. Ennfremur segir, að mjólkursölunefnd hafi að sögn kunnugra manna látið hella niður miklu af mjólk undanfarna daga og að kostnaður af starfrækslu samsölunnar hafi reynzt óhæfilega hár. Í Mgbl. 3. marz er endurtekið, að mjólk hafi verið hellt niður, og að mjólkursölunefnd sé í greiðsluvandræðum. Í Mgbl. 5. marz segir, að konurnar séu að fylkja sér fastar saman, að mjólkursölunefnd virðist hafa komið í lóg í launafúlgum og „undirbúningsráðaleysisfálmi“ margra daga andvirði allrar þeirrar mjólkur, sem flutzt hefir til bæjarins, og að ef þeir, sem nú ráði mjólkursölunni, verði ekki sviptir umráðum hennar, þá muni þurfa nýja lántöku á hverjum mánuði og sennilega því stærri sem lengur líður. Þessi ummæli eru í grein, sem er undirrituð XXVII.

Í Vísi 14. febr. er grein með fyrirsögninni: „Kröfur reykvíkskra húsmæðra í mjólkursölumálinu“. Er þar skýrt frá því, að húsmæður ætli að beita sér fyrir því, að dregið verði úr mjólkurkaupum, ef kröfum „Húsmæðrafélagsins“ verði ekki fullnægt. Í sama blaði, 15. febr., birtist grein með fyrirsögninni: „Vaxandi mjólkursala?“, þar sem segir, að vafalaust virðist, að mjólkursalan hafi minnkað til stórra muna í höndum samsölunnar. Þá er talað um, að mjólkurverkfall kommúnista muni engin teljandi áhrif hafa haft á mjólkursöluna, en jafnframt sagt, að miklu alvarlegri samtök vofi yfir, ef ekki verði unnið að því að koma á friði um mjólkursöluna.

16. febr. er grein í Vísi, sem nefnist: „Rógtungurnar“, þar sem sagt er, að konurnar hafi krafizt þess, að stjórn fyrirtækisins (þ. e. samsölunnar) yrði þegar í stað tekin úr óvitahöndum. „Hún (þ. e. stjórn samsölunnar) virðist steinblind á báðum augum.“ „Verði kröfur reykvíkskra húsmæðra ekki teknar til greina, hver og ein, er ekki annað sýnna en að beinlínis og vitandi vits sé að því stefnt af hálfu valdhafanna að eyðileggja mjólkurmarkað bænda hér í Reykjavík.“

Í Vísi 18. febrúar er grein, sem heitir: „Batnar hægt", og segir í henni, að mjólkursalan hér í bænum hafi farið þverrandi, síðan samsalan tók til starfa, og ennfremur: „Skýrsla Alþýðublaðsins, sú er það birti nýlega, sýndi það svo greinilega, að ekki verður um deilt. Samkvæmt þeirri skýrslu nemur hin þverrandi sala sem svarar allt að hálfri annari milljón lítra á ári eða jafnvel meira. Og verði ekki búið að sinna kröfum húsmæðranna hér í bænum fyrir tilskilinn tíma (25. þ. m.), má gera ráð fyrir, að salan fari enn mjög þverrandi. Húsmæðurnar í Reykjavík eru ekki líklegar til þess að renna frá góðum málsstað og ganga til hlýðni við hina verstu menn ...." Í Vísi 21. febr. birtist grein, sem nefnd er: „Gömul mjólk eða ný." Segir í grein þessari m. a.: „Nú er engin trygging fyrir því lengur, að allur almenningur í Reykjavík geti fengið keypta nýja mjólk. Menn geta átt von á því dag hvern, að margra sólarhringa gamalli mjólk sé sullað saman við nýmjólkina, sem til fellur daglega í Reykjavík og nágrenni hennar." „Þetta er eitt hið versta fólskuverk, sem unnið hefir verið í mjólkurmálunum — fólskuverk í garð neytenda mjólkurinnar." „Það er óhugsandi, að þessu tiltæki verði svarað með öðru en því, að fólk kippi mjög að sér hendinni um mjólkurkaup, meðan svona stendur." Í Vísi 22. febr. birtist grein, sem nefnist: „Mjólkurmálið", þar sem segir m. a.: „Það reynir á þetta nú næstu dagana, því að nú fer að draga að úrslitum í þessu máli. Húsmæður bæjarins hafa haft forgöngu í málinu og þær mega ekki láta neinn bilbug á sér finna héðan af." „Sinni þingið ekki heldur kröfum reykvíska húsmæðra, er ekki nema um eina leið að ræða í þessu máli, og hún er sú, að menn hætti að kaupa mjólk, unz gengið verður að öllu að þeim kröfum, sem bornar hafa verið fram." — Í sama blaði 23. febr. birtist grein eftir stefndu Ragnhildi Pétursdóttur, sem endaði á þessum orðum: „.... að fjöldi fólks í bænum er ákveðinn í að hætta að nota mjólk til heimilis 25. þ. m., eða á mánudaginn kemur, ef ekki verða uppfylltar þær kröfur, sem húsmæður hafa borið fram og birtar hafa verið í dagblöðunum." Í Vísi 24. febr. er, auk tillögunnar, sem áður getur, í sömu grein og tillagan var birt í, eftirfarandi setning: „Munu því húsmæður þær, sem standa að þeim kröfum, sem gerðar hafa verið í mjólkurmálinu og ekki hefir verið sinnt, takmarka mjólkurkaup sín svo mjög sem frekast er fært,

eins og segir í tillögu nr. 2 hér að framan, og gera það áfram, unz kröfum þeirra verður sinnt að fullu". Í sama tbl. er grein með yfirskriftinni:: „Hótanir dagblaðsnefnunnar", þar sem segir m. a.: „.... og það á að vega upp á móti því, að húsmæður þessa bæjar í þúsundatali minnka mjólkurkaup sín eða hætta þeim alveg, vegna ósvífni og ósanngirni meiri hluta mjólkursölunefndar." „Meginhluti borgaranna mun taka þátt í samtökum húsmæðranna og styðja þær eftir megni." Í sama blaði, 27. febr., er grein með yfirskriftinni: „Hótanir", og stendur þar: „Það getur vel farið svo, að mjólkurdeilan standi lengi. Og allan þann tíma .... verða þúsundir bæjarbúa að venjast af mjólkurneyzlu að nokkru eða öllu leyti. Standi deilan lengi, má óhikað gera ráð fyrir, að fjölmargir Reykvíkingar haldi enn uppteknum hætti .... og noti minni mjólk en þeir gerðu áður en deilan hófst. Þarna er alvarleg hætta á ferðum fyrir mjólkurframleiðendur ...." Ennfremur er bent á þann möguleika, ef samkomulag náist ekki, „.... að færa út viðskiptatakmarkanirnar og láta þær ná til allra mjólkurafurða á svæði því, er mjólkursamsalan tekur yfir." Í sama tbl. er grein eftir stefndu Guðrúnu Lárusdóttur, þar sem húsmæður eru hvattar til að láta ekkert draga úr áhuga sínum í „mjólkurmálinu", og endar greinin þannig: „munu húsmæður hvorki hika né hopa, heldur stefna beint að settu marki, með þeirri þrautseigju og staðfestu, sem einkennir samtök kvenna, þegar í harðbakka slær." Ennfremur er í þessu tbl. gefið í skyn, að samsalan láti hella mjólk í sjóinn. Í Vísi 28. febr. segir, að talið sé, að mjólkurneyzlan hér í bænum fari daglega þverrandi. Í sama blaði 1. marz segir, að Reykvíkingar geti neitað sér um mjólk að allmiklu leyti og geti líka komizt af án osta, skyrs og rjóma. Í Vísi 2. marz er grein, sem kölluð er „Skemmd mjólk", þar sem sagt er, að kvartað sé undan því, að samsalan selji súra og gallaða mjólk, jafnvel mjög súra og ódrekkandi. Segir ennfremur, að skýrt hafi verið frá því í blöðunum, að mönnum hafi verið seld 5 daga gömul mjólk. Í Vísi 4. marz er talað um, að samtökin um minnkuð mjólkurkaup séu að eflast, mjólkurneyzlan hafi minnkað, og húsmæður hvattar til að standa saman.

Hér að framan hafa nú verið rakin afskipti hinna stefndu af „mjólkurmálinu", fyrst að því leyti, sem telja má, að um beina og raunverulega samvinnu hinna stefndu kvenna og

ritstjóra Morgunblaðsins annarsvegar og ritstjóra Vísis hinsvegar hafi verið að ræða, og síðan afskipti hvers einstaks hinna stefndu að því leyti, sem það er unnt, eftir framlögðum gögnum.

Verða nú kröfur aðilja athugaðar.

Frávísunarkrafan.

Frávísunarkröfuna byggja stefnd á því, að jafnvel þótt um skaðabætur frá hinum stefndu, einu eða fleirum, kynni að vera að ræða, sem þó ekki sé, þá sé verknaður hvers einstaks alveg sérstæður út af fyrir sig, nema þá helzt stofnun „Húsmæðrafélagsins" af hálfu hinna stefndu kvenna. Skrif Morgunblaðsins og Vísis séu alveg sjálfstæð, hvor fyrir sig, og ekki geti konurnar borið ábyrgð á skrifum blaðanna, þó eitthvað væri við þau að athuga. Hér sé því ekki um samtök að ræða, og því ekki um solidariska greiðsluskyldu. Af því leiði, að hér sé um óheimila subjectiva kumulation að ræða, sem varða eigi frávísun málsins í heild, og þá einnig að því er snertir hinar stefndu konur, enda sé ýmislegt af því, sem þær séu sakaðar um, alveg sérstakt fyrir hverja þeirra um sig.

Stefnandi telur hinsvegar, að þátttaka allra hinna stefndu í árásunum á samsöluna sé svo samofin, að ekki sé unnt að aðgreina þátt hvers einstaks í verknaðinum, og því beri þau solidariska ábyrgð á tjóni því, er hann telur þau hafa valdið samsölunni, og þess vegna sé heimilt að stefna þeim saman til greiðslu bóta fyrir það.

Eins og sést af því, er áður segir, beittu hinar stefndu konur sér fyrir því, að félagskonur í „Húsmæðrafélaginu" og almenningur yfirleitt drægi úr viðskiptum sínum við samsöluna, ef vissum kröfum „Húsmæðrafélagsins" yrði ekki fullnægt, og fengu þær m. a. samþykktar tillögur á fundum „Húsmæðrafélagsins" um þessi efni. Þessar tillögur birtu hinir stefndu ritstjórar í blöðum sínum og útbreiddu þær þannig mjög mikið og tóku jafnan vel undir þær að efni til og hvöttu almenning til að breyta eftir þeim. Upplýst er og, að bæði blöðin birtu tillögur og áskoranir „Húsmæðrafélagsins" ókeypis. Ennfremur verður að telja það játað af báðum aðiljum máls þessa, að „mjólkurmálið" hafi verið pólitískt, og þar sem alkunna er, að blöð hinna stefndu ritstjóra vinna saman í slíkum málum, þá þykir mega telja,

að einnig muni hafa verið nokkur samvinna milli hinna stefndu ritstjóra í málinu.

Það er viðurkennd regla íslenzks réttar, að hafi margir menn valdið tjóni í sameiningu, þá beri þeir solidariska ábyrgð á bótum fyrir það gagnvart þeim, sem fyrir tjóninu varð. Hér verður rétturinn að líta svo á, að ef komizt yrði að þeirri niðurstöðu, að verknaður hinna stefndu hafi verið óréttmætur og skaðabótaskyldur gagnvart samsölunni, eins og stefnandi telur, þá verði að telja öll hin stefndu bera solidariska ábyrgð á tjóninu, þar sem þau yrði öll að teljast hafa valdið því með samskonar og jafnvel samtímis (sbr. hve lengi ádeilurnar stóðu) athöfnum, og þannig að ómögulegt væri að greina þátt hvers einstaks í því. Rétturinn verður því að telja, að hér sé um heimila málasamsteypu að ræða og beri því að leggja efnisdóm á málið að því er öll hin stefndu snertir.

Af þessum ástæðum er heldur ekki unnt að sýkna af solidariskri greiðsluskyldu, eins og stefnd telja, ef komizt yrði að þeirri niðurstöðu, að hin stefndu hefðu á óréttmætan hátt bakað samsölunni tjón, því rétturinn telur einmitt samkvæmt framansögðu hin stefndu bera solidariska ábyrgð á greiðslu tjónsins, ef talið yrði, að þau hafi valdið samsölunni tjóni á þann hátt, að bótaskylt sé.

Skaðabótakrafan.

Skaðabótakröfuna byggir stefnandi á því, að stefnd hafi öll í sameiningu haldið uppi látlausum, en óréttmætum, árásum á mjólkursamsöluna hér í bænum, stuðlað að samtökum neytenda um að takmarka mjólkurkaup, þannig að óréttmætt verði að teljast, og yfirleitt á allan hátt gert það, sem í þeirra valdi stóð, til að spilla rekstri Mjólkursamsölunnar, torvelda sölu á mjólk og mjólkurafurðum og rýra álit og fjárhagslegt traust samsölunnar. Með þessum aðförum telur stefnandi hin stefndu hafa valdið samsölunni tjóni, og beri þeim að bæta það, öllum í sameiningu.

Hinar stefndu konur byggja sýknukröfu sína á því, að „Húsmæðrafélagið" hafi ekki framið neinn ólögmætan eða skaðabótaskyldan verknað gagnvart samsölunni. Það hafi aðeins beitt sér fyrir því, að meðlimir þess minnkuðu mjólkurkaup sín, unz ákveðnum kröfum um breytingar og endurbætur á fyrirkomulagi mjólkursölunnar og meðferð mjólk-

urinnar yrði fullnægt. Samkvæmt stjórnarskránni hafi félagsstofnunin verið heimil, og þar sem engin skylda hvíli á borgurunum til að kaupa mjólk, þá geti ekki verið óheimilt að minnka við sig mjólkurkaup og hvetja aðra til þess að gera það líka. Tilgangur samtakanna hafi einungis verið sá, að fá skipulag samsölunnar lagfært, en alls ekki sá að skaða hana né mjólkurframleiðendur. Og fullheimilt sé talið samkvæmt íslenzkum lögum að beita svipuðum aðferðum og hér hafi verið beitt til þess að koma fram kröfum sínum. Auk alls þessa mótmæla hinar stefndu því, að þær séu skaðabótaskyldar, jafnvel þótt talið yrði, að félagið hefði gengið lengra en lög leyfa í baráttu sinni fyrir endurbótum á samsölunni. Ályktanir þær, sem gerðar hafi verið, og framkvæmd þeirra hljóti að vera alveg á ábyrgð félagsins sjálfs, en ekki á ábyrgð einstaklinga innan þess.

Ritstjórarnir byggja sýknukröfu sína á því, að þar sem „Húsmæðrafélagið" sé stofnað og hafi rekið starfsemi sína á alveg lögmætan hátt, þá leiði af því, að ekki geti verið ólögmætt og skaðabótaskylt verk að segja frá stofnun þess, fyrirætlunum og ályktunum, né heldur að taka undir gerðir félagsins og fylkja sér um það. Og jafnvel þótt talið yrði, að konurnar hefði gengið lengra í umvöndunum sínum en heimilt hefði verið, þá gæti það ekki verið skaðabótaskylt verk að skýra frá gerðum þeirra í þá átt. Ekki geti það heldur verið skaðabótaskylt verk að skýra frá því, að mjólkurneyzlan hafi minnkað. Sú frásögn blaðanna, að samsalan hafi haft skemmda mjólk á boðstólum, sé að vísu til þess löguð að spilla fyrir sölu mjólkurinnar, en hinsvegar fullkomlega rétt og geti því ekki skapað skaðabótaskyldu. Frásögn blaðanna um greiðsluvandræði mjólkursölunefndar sé ekki til þess fallin að draga úr mjólkurkaupum manna. Það atriði snerti aðeins framleiðendur, sem að lögum séu bundnir við samsöluna. Um skaðabætur fyrir þá frásögn geti því ekki verið að ræða. Þótt sagt hefði verið í blöðunum, að mjólk hafi verið hellt niður, þá sé það síður en svo skaðabótaskylt verk, þar sem frásögnin hafi einmitt verið til þess fallin að eyða ótta manna við, að þeim yrði seld skemmd mjólk. Hvað snerti Kleppsmjólkina, þá sé allt, sem um hana sé sagt, fullkomlega réttmætt. Og þar sem læknar treysti sér ekki til að fortaka, að sýkingarhætta geti stafað af henni, þá sé eigi unnt að fara of hörðum orðum um það tiltæki að velja ein-

mitt hana fyrir „barnamjólk“. Skaðabótaskylda út af ummælunum um Kleppsmjólkina sé því algerlega útilokuð. Loks mótmæla hinir stefndu ritstjórar því harðlega, að þeir hafi ráðizt á Samsöluna í þeim tilgangi að spilla fyrir henni, en telja, að ætlunin hafi einungis verið sú, að berjast fyrir nauðsynlegum endurbótum á framkvæmd mjólkurlaganna.

Að því er virðist, hafa breytingar þær, sem forgöngukonur „Húsmæðrafélagsins“ og síðar félagið sjálft beitti sér fyrir, aðallega verið þessar: 1) að bökunarhús í bænum hefðu jafnan rétt til brauðsölu í búðum samsölunnar, en svo var ekki; 2) að leyfð yrði sala mjólkur í öllum brauðbúðum bæjarins, enda uppfylli þær settar heilbrigðisreglur; 3) að heimsend mjólk verði komin til neytenda eigi síðar en kl. 8 f. h.; 4) að skilvísum mönnum sé gefinn kostur á að vera í viku- eða mánaðarreikningi hjá samsölunni; 5) að þeir, sem óska, geti fengið ógerilsneydda mjólk frá Korpúlfsstaðabúinu, þar á meðal „barnamjólk“; 6) að tryggt verði, að mjólkurframleiðendur innan lögsagnarumdæmisins geti haldið áfram beinum viðskiptum við neytendur með sölu ógerilsneyddrar mjólkur; 7) að samsalan selji ekki gamla og hálfskemmda mjólk, en auglýsi hinsvegar, hvar úrvalsmjólkurvörur séu seldar.

Þessar kröfur telja hin stefndu, að allar miði til þess að endurbæta fyrirkomulag samsölunnar og tryggja neytendum betri vörur og hagkvæmara sölufyrirkomulag.

Stefnandi heldur því hinsvegar fram, að kröfur hinna stefndu til breytinga hafi yfirleitt verið til þess að gera mjólkursöluna erfiðari og verri og einnig beinzt að því, að lakari vörur væru hafðar á boðstólum, auk þess sem þær hafi verið ósamrýmanlegar gildandi lögum um mjólkursölu.

Í málinu liggja ekki fyrir gögn til að rannsaka réttmæti ofangreindra krafna, enda er ekki nauðsyn þeirrar rannsóknar, því að skaðabótaskyldan veltur á því, hvort stefndu var rétt, til þess að fá kröfunum framgengt, að bindast samtökum um það að fá fólk almennt til að hætta viðskiptum við samsöluna og leggja stofnunina þar með að velli, og hvort frásagnir og staðhæfingar þeirra um samsöluna og vörur hennar í þessum sama tilgangi voru réttmætar.

Eins og hin tilfærðu ummæli hinna stefndu og skjöl málsins bera með sér, héldu þau því fram: 1) að samsalan seldi skemmdar mjólkurvörur og verri en áður

tíðkaðist, 2) að gerilsneydd mjólk (en samsölumjólkin var öll gerilsneydd) væri óholl og jafnvel hættuleg ungbörnum; 3) að samsalan léti blanda gamalli mjólk saman við nýju mjólkina, áður en hún færi á markaðinn; 4) að samsalan léti hella mjólk niður; 5) að samsalan væri í greiðsluvandræðum og 6) að Kleppsmjólkin kynni að vera hættuleg (sbr. framansagt).

Stefnandi mótmælir því harðlega, að nokkur þessara ásakana (1—6) hafi haft við minnstu rök að styðjast, að öðru leyti en því, að skyr samsölunnar hafi verið eitthvað gallað fyrst í stað, og verður nú athugað, hvort hinum stefndu hefir í máli þessu tekizt að sanna þessar staðhæfingar sínar.

1. *Skemmdar mjólkurvörur og verri en áður tíðkuðust.*

Þessari staðhæfingu sinni til sönnunar hafa hin stefndu lagt fram vottorð frá á 2. hundrað mjólkurneytendum hér í bænum. Hefir þeim öllum verið mótmælt sem röngum og í upphafi sem óstaðfestum, en milli 40 og 50 þeirra hafa síðar verið staðfest fyrir rétti. Hníga vottorðin öll í þá átt, að vörur samsölunnar hafi verið eitthvað gallaðar og verri en áður tíðkaðist. Helstu galla á vörunum telja vitnin þessa: mjólkin hafi verið með óbragði, fúl, þynnri en áður, súr og súrgjörn; þá hafi rjóminn verið bragðvondur, súr og þynnri en áður, og skyrið verið ónothæft til manneldis.

Þessar skýrslur vitna, sem búsett eru víðsvegar um bæinn og því ekki hafa haft viðskipti við sama útsölustað, þykja sanna það nægilega, að vörur samsölunnar á þeim tíma, er vottorðin hljóða um, en það eru fyrstu vikur samsölunnar, hafi í mörgum einstökum tilfellum verið verulega gallaðar, og því réttmætt, að fundið væri að þeim opinberlega. En þessar skýrslur eru hinsvegar ekki næg sönnun þess, að vörur samsölunnar yfirleitt hafi verið gallaðar.

Þá hafa stefnd ennfremur bent á grein í Alþýðublaðinu 6. febr. 1935, sem þau telja sýna, að samsalan hafi selt gallaðar vörur, en sú grein verður ekki talin sönnunargagn í máli þessu, þegar af þeirri ástæðu, að stefnandi hefir eindregið mótmælt, að hún hafi við rök að styðjast, og staðhæfingar greinarinnar eru ekki sannaðar í málinu.

Rétturinn lítur því svo á, að hin stefndu hafi ekki fyllilega réttlætt staðhæfingar sínar um hérgreind atriði, og að þau hafi kveðið hér fastar að orði en vera bar.

2. *Óhollusta gerilsneyddrar mjólkur handa ungbörnum.*

Að vísu hafa allmörg vitni borið það, að börnum þeirra hafi orðið illt af mjólk frá Samsölunni og sum hafi látið illa við henni. En fyrrgreind staðhæfing stefndu þykir þó ekki fullsönnuð með þessum vitnisburðum, með því að fyrir liggur í málinu álit landlæknis, sem að vísu viðurkennir þörf „barnamjólkur" handa ungbörnum, sem ekki eru lögð á brjóst, en þó sé þörfin fyrir ungbarnamjólkina engan veginn skýlaus.

3., 4. og 5. *Mjólkurblöndunin, niðurhelling mjólkur og greiðsluvandræðin.*

Engin þessara staðhæfinga er sönnuð.

6. *Kleppsmjólkin.*

Sú ógerilsneydda barnamjólk, sem samsalan byrjaði að hafa á boðstólum í febr. 1935, var úr Kleppsfjósinu, en kýrnar þar eru að einhverju leyti fóðraðar með töðu frá Lauganesi, sem sjúklingar þar hirða að nokkru. Þessa ráðstöfun töldu hinir stefndu ritstjórar mjög óviðeigandi og jafnvel ekki hættulausa, þar eð þeir töldu lækna ekki vera vissa um, hvort hægt væri að treysta því, að hún gæti ekki valdið holdsveikissmitun. Það er upplýst í málinu, að læknar á Kleppi nota og hafa lengi notað þessa mjólk handa sér, fjölskyldum sínum og sjúklingum. Það virðist því ekki hafa verið næg ástæða til að skrifa um mjólk þessa á þann hátt sem gert var, enda ekki líkur færðar fyrir því í máli þessu (t. d. álit lækna), að mjólkin frá Kleppi sé varhugaverð til neyzlu.

Þessum staðhæfingum (1—6) héldu hin stefndu á loft bæði í ræðu og riti og skoruðu jafnframt á almenning að draga úr kaupum sínum á vörum samsölunnar (sbr. t. d. tilkynninguna í Morgunblaðinu 24. febr. 1935), enda þótt því sé neitað í máli þessu af hálfu stefndra, að unnið hafi verið að minnkun mjólkurkaupa annarra en félaga „Húsmæðrafélagsins". Ennfremur var allt af samtímis veizt mjög að forráðamönnum samsölunnar, án þess að réttmæti þeirra ásása hafi verið sannað.

Samkvæmt því, er nú hefir verið sagt, verður að líta svo á, að umsagnir stefndu um vörur og forráðamenn

samsölunnar hafi ekki verið réttlættar. Því þótt telja megi upplýst, að ein vörutegund, skyrið, hafi verið meingölluð, og gæðum mjólkur og rjóma stundum ábótavant, og skipulag samsölunnar í fyrstu á ófullkomnu stigi, þá verður að telja, að stefndu í aðgerðum sínum og skrifum hafi farið út fyrir takmörk réttmætrar gagnrýni með því að telja, að stofnunin hafi unnið sér til óhelgi og rétt og skylt væri að ráða niðurlögum hennar af nefndum ástæðum.

Með því að telja verður nefndar ásakanir og aðgerðir til þess fallnar að draga úr eðlilegum viðskiptum almennings við samsöluna og vekja tortryggni í garð hennar og forráðamanna hennar, þá telur rétturinn að dæma beri hin stefndu til greiðslu skaðabóta í máli þessu.

Hinar stefndu konur hafa, sem áður er sagt, borið það sérstaklega fram sér til sýknu, að þær beri ekki persónulega ábyrgð á tjóni því, sem samsalan kunni að hafa beðið vegna ályktana „Húsmæðrafélagsins“ um minnkun mjólkurkaupa. Það er upplýst í málinu ,að hinar stefndu konur höfðu alla forgöngu í „mjólkurmálinu“, börðust fyrir minnkun mjólkurkaupa, báru fram áður greindar tillögur í „Húsmæðrafélaginu“ og mæltu með samþykkt þeirra. Samkvæmt því, sem áður segir, hafa þær með þessu framið skaðabótaskyldan verknað, sem ekki er unnt að telja að þær hafi unnið á fjárhagslega ábyrgð „Húsmæðrafélagsins“, heldur verður að fallast á það með stefnanda, að konurnar séu persónulega ábyrgar fyrir tjóninu. Hin stefndu verða því öll dæmd solidarisk til að bæta samsölunni það tjón, sem komizt kann að verða að raun um, að verknaður þeirra hafi bakað henni.

Upphæð bótanna.

Stefndi telur, að samkvæmt útreikningi Mjólkursamsölunnar nemi tjón það, er hún hafi beðið vegna afskipta hinna stefndu, samtals kr. 5365.20. Er þessi tala þannig fundin, að reiknuð er út daglega meðalminnkun mjólkursölunnar þann tíma, sem bóta er krafizt fyrir, miðað við meðalsölu 1.—24. febr. 1935, og sú tala margfölduð með dagafjöldanum, sem bóta er krafizt fyrir. Er talið, að minnkunin þetta tímabil sé samtals 13413 lítrar og með því að telja tap samsölunnar á hverjum lítra, sem ekki seldist, kr. 0.40, fær stefnandi út ofangreinda upphæð (kr. 5365.20).

Hin stefndu hafa ekki véfengt skýrslu stefnanda um minnkun mjólkurkaupa, en telja hinsvegar minnkunina stafa af mörgu öðru en samtökum húsmæðra og skrifum Morgunblaðsins og Vísis og mótmæla því upphæðinni sem langt of hárri.

Af því, sem fyrir liggur í málinu, er það vafalaust, að minnkun mjólkurkaupanna stafaði að verulegu leyti af því, að mörgum neytendum líkaði ekki vörur samsölunnar, sbr. framburð vitnanna, sem flest tóku það fram, að þau hefðu dregið úr mjólkurkaupunum af þeirri ástæðu.

Samkvæmt þessu hlýtur það að verða verulegt álitamál, hversu mikið tjón Samsalan beið vegna aðgerða stefndu, og hversu mikið neytendur hafa af sjálfsdáðum minnkað kaup sín vegna gallaðrar vöru og óhagræðis, sem telja verður upplýst, að samsalan hafi bakað viðskiptamönnum í byrjun. En réttinum virðist eftir því, sem fyrir liggur, að sá hluti tjónsins, sem stefndu teljast eiga að bera ábyrgð á, sé hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit málsins þau, að hin stefndu verða in solidum dæmd til að greiða stefnanda kr. 2000.00 með vöxtum eins og krafizt hefir verið og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, Jón Kjartansson, Valtýr Stefánsson, Páll Steingrímsson, Guðrún Lárusdóttir, Ragnhildur Pétursdóttir og Guðrún Jónasson, greiði in solidum stefnandanum, séra Sveinbirni Högnasyni f. h. Mjólkursölunefndar kr. 2000.00, með 5% ársvöxtum frá 21. marz 1935 til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. janúar 1939.

Nr. 80/1938. **Gunnlaugur Einarsson, Stefán Jónsson, Benjamín Ólafsson**
(Pétur Magnússon)
og Ólafur Ólafsson
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Guðmundi Þ. Gíslasyni og gagnsök.
(Sigurður Ólason, cand. jur.).

Um eignarrétt yfir landi og mörk veiðiréttinda í á.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, Ólafur Ólafsson, hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 5. ágúst f. á. og krafizt þess, að viðurkennt verði með dómi, að veiðiréttur hans fyrir lendunni Amtmannsleigur við Borgarfjörð afmarkist að vestanverðu af línu, er dregin sé hornrétt á bakkann við Hvítá eða Borgarfjörð í depil, þar sem landamerki Amtmannsleigna eru samkvæmt landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu uppkveðnum 20. júní 1935. Ennfremur krefst hann þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Aðaláfrýjendurnir Gunnlaugur Einarsson, Stefán Jónsson og Benjamín Ólafsson hafa áfrýjað málinu með stefnu 7. september f. á. og krafizt þess að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, Guðmundur Þ. Gíslason, hefir skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 12. nóvember f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m., og gert

þær kröfur á hendur aðaláfrýjendunum Gunnlaugi Einarssyni, Stefáni Jónssyni og Benjamín Ólafssyni, að sú niðurstaða héraðsdómsins verði staðfest, að þeim skuli óheimil veiði í Hvítá og leirum fram af landi Bóndhóls og að þeim þar að auki verði óheimilaður réttur til slægna og annara landsafnota á landspildunum á fjarðarbakkanum vestan við Amtmannsleigur. Á hendur aðaláfrýjanda Ólafi Ólafssyni gerir gagnáfrýjandi þær kröfur, að ákvæði héraðsdómsins verði staðfest að því er varðar veiðiréttindi milli Bóndhóls og Amtmannsleigna. Loks krefst hann þess, að allir aðaláfrýjendurnir verði dæmdir til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

I. Um kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjendunum Gunnlaugi Einarssyni, Stefáni Jónssyni og Benjamín Ólafssyni.

Svo sem nánar er fram tekið í hinum áfrýjaða dómi, telur Gunnlaugur Einarsson sig eiganda að tveimur landspildum, svonefndum Einarsnessleigum og Brennistaðaleigum, sem liggja vestan við lenduna Amtmannsleigur framundan Bóndhólslandi, en lendur þessar allar eru einn hluti svonefndrar Gufufitjar, sem samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín eru ekki talin fylgja neinu sérstöku býli, en samt eignuð býlinu Einarsnesi. Kveðst Gunnlaugur hafa keypt landspildur þessar af Thor Jensen árið 1894 ásamt Einarsnesi og nytjað síðan landspildurnar um 40 ára skeið sem sína eign, aðallega með því að leigja þær ýmsum mönnum, en leigjendurnir hafi heyjað þarna og a. m. k. einn þeirra hafi fengizt við veiðiskap þar fyrir landi, en heimildarskjöl sín fyrir landspildunum hafi farizt, er skrifstofur sýslumannsins í Mýra- og

Borgarfjarðarsýslu brunnu fyrir nokkrum árum. Um viðhorf fyrri eiganda og ábúanda Bóndhóls til eignarréttar að Einarsnessleigum og Brennistaðaleigum er þetta upplýst: Vitnið Sigurjón Kristjánsson, bóndi í Krummshólum, kveðst hafa það eftir foreldrum sínum, sem átt hafi um tíma heima í Bóndhól, og eftir móðurbróður sínum Bjarna Guðmundssyni, er um skeið var eigandi og ábúandi Bóndhóls og undirritaði merkjalýsing þess býlis 1884, að oftnefndar landspildur væru ekki eign Bóndhóls. Vitnið Eiríkur Guðmundsson, bóndi í Knararnesi, sem einnig var um tíma eigandi og ábúandi Bóndhóls og seldi þá jörð 1914, kveðst ekki hafa talið sér heimilan heyskap á landspildum þessum. Þá telur og Þórður Jónsson, bóndi á Hvítstöðum, sem dvalizt hefir um tíma í Bóndhól eftir 1914, að landspildurnar hafi ekki verið nytjaðar til slægna þaðan.

Það er að vísu haft eftir Thor Jensen, að hann minnist þess ekki, að hann hafi átt Einarsnessleigur og Brennistaðaleigur, en hinsvegar verður að telja það upplýst, að Gunnlaugur hafi frá því að hann keypti Einarsnesið 1894 um a. m. k. 20 ára skeið farið með þessar lendur sem sína eign og haft allar nytjar þeirra, sem hægt var að hafa eins og þá stóð á, og að eigendur Bóndhóls hafi ekki talið sig bæra að hafa nokkur afskipti af því eignarhaldi Gunnlaugs. Hafi þannig nokkur annmarki verið á eignarheimild Gunnlaugs í upphafi, þá hefir hann horfið við óslitið eignarhald hans á landspildunum um 20 ára skeið, sbr. 2. gr. laga nr. 45 frá 1905 um hefð. Ber þess vegna að telja Gunnlaug eiganda að landspildum þessum og veiðiréttindum, er þeim fylgja,

og getur það engu breytt í þessu efni, þótt svo sé til orða tekið í landamerkjalýsingu Bóndhóls frá 1884, að landamerki Bóndhóls liggi á þessu svæði „suður í fjörð". Af þessum ástæðum verða sýknukröfur aðaláfrýjendanna Gunnlaugs Einarssonar, Stefáns Jónssonar og Benjamíns Ólafssonar teknar til greina.

II. Um kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda Ólafi Ólafssyni.

Kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda Ólafi Ólafssyni eru byggðar á því, að hann, þ. e. gagnáfrýjandi, sé eigandi veiðiréttinda fyrir landi Einarnessleigna og Brennistaðaleigna, en landspildur þessar og Amtmannsleigur, sem Ólafur er aðili að, liggja í framhaldi hverjar af öðrum meðfram firðinum. Með því að gagnáfrýjandi samkvæmt áður sögðu er ekki eigandi að veiðiréttindum fyrir landi Einarnessleigna og Brennistaðaleigna, brestur hann aðild til að deila við Ólaf um greind veiðiréttindi og ber þess vegna að sýkna Ólaf af kröfum hans í máli þessu.

III. Samkvæmt úrslitum máls þessa verður að dæma gagnáfrýjanda til að greiða dagkaup og ferðakostnað héraðsdómendanna, alls kr. 240.00, þóknun til skólastjóra Runólfs Sveinssonar fyrir uppdráttargerð af þrætusvæðinu, kr. 60.00, og aðaláfrýjanda Ólafi Ólafssyni málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 400.00, en að öðru leyti á málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, Gunnlaugur Einarsson, Stefán Jónsson, Benjamín Ólafsson og Ólafur Ólafsson, eiga að vera sýknir af kröfum gagn-

áfrýjanda, Guðmundar Þ. Gíslasonar, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði dagkaup og ferðakostnað héraðsdómenda, alls kr. 240.00, skólastjóra Runólfi Sveinssyni kr. 60.00, og aðaláfrýjanda Ólafi Ólafssyni samtals í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti kr. 400.00, en að öðru leyti á málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti að falla niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 8. júní 1938.

Mál þetta höfðaði stefnandinn í tvennu lagi. Með stefnu útgefinni $^{2}/_{11}$ 1936 höfðaði hann mál gegn Ólafi Ólafssyni og krafðist þess aðallega, að honum væri bönnuð veiði í Hvítá og leirunum fram af svonefndum Amtmannsleigum, en til vara, að honum væri óheimiluð veiði fyrir vestan landamerkjalínu úr „tjörnum í landsuður eftir garðlagi suður í fjörð". Með framhaldsstefnu útgefinni $^{19}/_{4}$ 1938 krafðist stefnandi þess, að honum yrði tildæmdur veiðiréttur í Hvítá fram af Amtmannsleigum.

Mál þetta var dæmt í undirrétti $^{31}/_{5}$ 1937, en stefndur áfrýjaði dóminum til hæstaréttar, og kvað hæstiréttur upp þann dóm, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá $^{14}/_{12}$ 1936 skuli vera ómerkur og málinu vísað heim í hérað til endurupptöku frá $^{14}/_{12}$ 1936, þar eð eigi hafi verið tilnefndir meðdómendur, þrætusvæði skoðað og gerður uppdráttur af því.

Var málið tekið fyrir að nýju $^{25}/_{2}$ 1938.

Með stefnu útgefinni $^{25}/_{10}$ 1937 höfðaði stefnandi mál gegn Gunnlaugi Einarssyni, Stefáni Jónssyni og Benjamín Ólafssyni og krafðist þess, að þeim yrði óheimiluð öll afnot lands og veiðiréttar í Hvítá fyrir vestan landamerki Bóndhóls, samkvæmt dómum uppkveðnum í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu $^{2}/_{6}$ 1934 og í aukarétti

Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 31/5 1937, og þeir dæmdir í sektir samkvæmt laxveiðilögum og til þess að greiða honum, einn fyrir alla og allir fyrir einn, kr. 1500.00 fyrir veiðispjöll og ágang, svo og málskostnað.

Í réttarhaldi 3/5 1938 voru mál þessi sameinuð í eitt mál samkvæmt beiðni aðilja og ákvörðun dómenda.

Um mál þessi tekur dómurinn fram:

I. Málið gegn Ólafi Ólafssyni:

Aðalkröfu sínu um, að honum verði tildæmdur veiðiréttur fyrir Amtmannsleigum og stefnda óheimilaður, byggir stefnandi sumpart á afsali, er hann hefir fengið frá eiganda Einarsness fyrir öllum réttindum, sem Einarsnes kann að eiga fyrir ofan landamerki Bóndhóls og upp að Ölvaldsstaðamerkjum, og sumpart á því, að Amtmannsleigur séu slægjuítak, sem veiðiréttur fylgi ekki. Telur hann, að með útskrift úr jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, er hann hefir lagt fram, sé sannað, að Amtmannsleigur hafi, þá er jarðabókin var samin, verið slægjuítak í land jarðarinnar Einarsnes.

Stefndur heldur því hinsvegar fram, að greind útskrift úr jarðabókinni sýni, að Amtmannsleigur séu sjálfstæð eign, en eigi ítak, og fylgi þeim því veiðiréttindi fyrir landinu. Jafnframt fullyrðir hann og hefir leitt vitni að því, að eigendur Amtmannsleigna hafi hagnýtt sér veiði fyrir landspildunni. Loks fullyrðir hann, að eigendur Bóndhóls hafi aldrei hagnýtt sér veiði fyrir þessu landi.

Rétturinn verður að líta svo á, að engar sannanir séu komnar fram fyrir því, að land það, sem nú er nefnt Amtmannsleigur, hafi verið eign jarðarinnar Einarsness, er eigandi þeirrar jarðar afsalaði því til eiganda Bóndhóls 1½ þ. á. Að vísu er það svo, að af framlagðri útskrift úr jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns má ráða, að land það, er Amtmannsleigur eru á, (Gufufit) hafi þá, er bókin var samin, tilheyrt Einarsnesi, sbr. orðin „en landið er henni eignað og því beitin frí þá engið má beita."

En af landamerkjabréfi Einarsness frá 5/6 1884 verður hinsvegar ekki séð, að land Einarsness nái að Hvítá eða firðinum ofan landamerkja Bóndhóls, en svo hefði átt að vera, ef land undir Amtmannsleigum hefði þá verið talin eign Einarsness. Verður því að telja líkur til þess, að Amtmannsleigur, er oft hafa gengið kaupum og sölum og ýmist

fylgt einhverri jörð eða verið sérstök eign, hafi frá því á tímum Árna Magnússonar breytzt frá því að vera slægjuítök í sjálfstæða eign, enda liggja þær ekki innan landamerkja neinnar sérstakrar jarðar.

Samkvæmt þessu verður eigi talið, að afsal eiganda Einarsness á rskj. 11 til stefnanda skapi honum nokkurn rétt til lands undir Amtmannsleigum eða veiðiréttar fram af þeim, og þar sem stefnandi hefir ekki á annan hátt sýnt, að hann hafi heimild fyrir veiðiréttindum á þessum stað, verður aðalkrafa hans um, að honum verði tildæmdur veiðirétturinn, en stefndum óheimilaður, eigi tekin til greina.

Varakröfu sína um, að stefndum, sem eiganda Amtmannsleigna, verði óheimiluð veiði fyrir vestan landamerkjalínu úr „tjörnum í landsuður eftir garðlagi suður í fjörð" byggir stefnandi á því, að í landamerkjabréfi Bóndhóls standi ótvírætt, að þessi stefna eigi að ráða merkjum milli veiðiréttindanna. Jafnframt telur hann, að þessi merki séu hin einu eðlilegu og sem ekki breytist ár frá ári, eftir því sem bakkann brýtur.

Stefndur viðurkennir hinsvegar ekki, að framhald línu þeirrar, sem ræður merkjum milli Amtmannsleigna og Bóndhóls eigi að ráða merkjum milli veiðiréttindanna. Telur hann, að samkv. vatnalögum beri að ákveða merki milli veiðiréttindanna þannig, að annaðhvort sé dregin lína hornrétt frá landi eða á straumlínu Hvítár. Loks hefir hann og hreyft því, að veiðisvæði ætti að vera jafnlangt landinu, sem veiðin er fyrir.

Rétturinn lítur svo á, að með varakröfu sinni meini stefnandi það, að bein framlenging á merkjalínu á landi milli Bóndhóls og Amtmannsleigna, sem ákveðin var með landamerkjadómi uppkveðnum 2% 1934, skuli ráða merkjum milli veiðiréttindanna. Stendur skýlaust í landamerkjabréfi Bóndhóls, gerðu í febrúar 1884, að merkjalína, sem þar er lýst, skuli ráða merkjum suður í fjörð. Verður eigi litið öðruvísi á, en að með þessu sé beint ákveðið, að stefna þessi eigi að ráða merkjum eigi aðeins á landi, heldur og á firðinum. Ber því, þótt stefna þessi sé eigi í samræmi við ákvæði 5. gr. vatnalaganna, að taka hana til greina, þar sem telja verður, að með landamerkjabréfinu hafi áður verið skipun á gerð um, hvernig merkin skuli vera.

Þá ber að líta á það, að ef línan er ákveðin svo sem í

landamerkjabréfinu segir, er fengin merkjalína milli veiðiréttindanna, sem engum breytingum þarf að taka, en ef ákveðin væri lína hornrétt á land eða straum, mundi hún breytast eftir því sem brýtur af landi eða straumur breytist, en hvorttveggja er mjög títt á þessum stað.

Samkvæmt framansögðu ber að taka varakröfu stefnanda til greina um, að stefndum verði óheimiluð veiði fyrir vestan línu, sem dregin er í beinu framhaldi af merkjalínu milli Bóndhóls og Amtmannsleigna suður í fjörð.

II. Mál gegn Gunnlaugi Einarssyni, Stefáni Jónssyni og Benjamín Ólafssyni.

Dómkröfu sína um, að stefndum verði óheimiluð öll afnot lands og veiðiréttar fyrir vestan landamerki Bóndhóls samkvæmt dómum, uppkveðnum í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 2% 1934 og aukarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 3½ 1937, byggir stefnandi á því, að samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Bóndhól, gerðu í febrúar 1884, nái Bóndhólsland niður að firðinum, og geti því ekki verið, að nokkur eigi lands- eða veiðiréttindi á þessu svæði annar en eigandi Bóndhóls. Hefir hann lagt fram útskrift úr jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, er hann telur sanna, að á þeim tíma, er jarðabókin var samin, hafi allt landsvæði við fjörðinn frá Beigaldahring niður fyrir Kongshól (Gufufit) verið eign jarðarinnar Einarsnes (en Bóndhóll var hjáleiga, byggð á landi þeirrar jarðar), en ýmsar jarðir hafi þá átt slægjuítök á þessu svæði. Telur hann, að slægjuítök þessi séu að mestu horfin vegna landbrots, og fullyrðir, að eigi geti verið um önnur réttindi að ræða, er aðrar jarðir en Bóndhóll eigi þarna, en lítilfjörleg slægjuítök, sem þó sé ekki hægt að staðsetja með nokkurri vissu.

Stefndu byggja málsvörn sína á því, að Gunnlaugur Einarsson eigi landspildu við fjörðinn framan Bóndhólslands næst neðan við Amtmannsleigur. Telja þeir, að útskriftin úr jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sýni, að Gufufit (svæðið frá Beigaldahring niður fyrir Kongshól) hafi verið sjálfstæð eign, en skipzt niður í smá spildur, er tilheyrðu ýmsum jörðum. Efstar af spildum þessum telja þeir verið hafa Amtmannsleigur, en svo hafi komið tvær spildur, 40 faðmar hvor, sem önnur hafi tilheyrt Brennistöðum en hin Einarsnesi. Hafi Thor Jensen, meðan

hann átti Einarsnes, keypt Brennistaðaspilduna, en hann síðan selt báðar með Einarsnesi, er hann seldi það Gunnlaugi Einarssyni 1894. 1906 hafi Gunnlaugur selt Einarsnes Böðvari Jónssyni, og hafi hvorug spildan verið innifalin í þeirri sölu. Hafi Gunnlaugur því átt spildur þessar síðan og leigt þær tvö síðastliðin ár til slægna og veiðiafnota Stefáni Jónssyni, er síðan framseldi leiguna Benjamín Ólafssyni. Telja þeir vafalaust, að spildur þessar séu sjálfstæð eign, og fylgi þeim því veiðiréttur svo sem öðrum sjálfstæðum landeignum. Hafa þeir leitt vitni í málinu, sem borið hafa, að fyrri eigendur Bóndhóls hafi ekki hagnýtt sér slægjur á bakkanum þarna við fjörðinn og ennfremur, að þær hafi verið nytjaðar af öðrum án mótmæla frá þeim.

Rétturinn verður að líta svo á, að af framlagðri útskrift úr gerðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns megi ráða, að landsvæðið Gufufit hafi á þeim tíma tilheyrt jörðinni Einarsnes, þótt aðrar jarðir ættu þar slægjuréttindi, sbr. orðin „en landið er henni eignað og því beitin frí þá engið má beita."

Í landamerkjabréfi Bóndhóls er merkjum jarðarinnar lýst á þann veg, að allt landið meðfram firðinum frá Amtmannsleigum og niður að merkjum milli Bóndhóls og Einarsness er innan landamerkja Bóndhóls, enda hefir með landamerkjadómi, gengnum 2% 1934, verið ákveðið um landamerki milli Amtmannsleigna og Bóndhóls á bakkanum við fjörðinn.

Virðist svo, er Bóndhól, sem var hjáleiga frá Einarsnesi, var skipt úr sameiginlegu landi, hafi fallið í hlut Bóndhóls land allt með firðinum frá Amtmannsleigum niður að merkjum Einarsness, að því leyti, sem það tilheyrði hinni sameiginlegu jörð. En af því leiðir að réttarins áliti, að landið með firðinum verður að teljast eign Bóndhóls, þar sem það er innan landamerkja þeirrar jarðar, nema sannað sé, að því hafi verið afsalað frá jörðinni eða notað á þann hátt, að ósamrýmanlegt sé eignarrétti Bóndhóls.

Nú hafa eigi verið færðar neinar sönnur á, að landi þessu hafi verið afsalað frá Bóndhól, og ber þá að athuga, hvort not þess hafi verið með þeim hætti, að af þeim megi ráða, að eignarréttur Bóndhóls á því væri horfinn.

Samkvæmt framburði vitna þeirra, sem leidd hafa verið, er það ljóst, að landspildurnar á bakkanum næst neðan

Amtmannsleigna hafi ekki verið nytjaðar af eiganda Bóndhóls til slægna, og að þær hafi verið nytjaðar af öðrum án hans leyfis. Hinsvegar er ekki upplýst um, að aðrar landnytjar á þessu svæði en slægjur hafi verið nytjaðar af öðrum en eiganda Bóndhóls, og samrýmist það því, að hér sé um slægjuítök í land Bóndhóls að ræða. Kemur það og vel heim við það, að í landamerkjabréfum jarðanna Beigalda og Borgar er talað um engjaítök, er jarðir þessar eigi, og ætla má, að hafi legið á þessu svæði.

Samkvæmt framansögðu verður rétturinn að telja, að bakkinn við fjörðinn á Amtmannsleigum að Kongshól sé eign Bóndhóls, þótt aðrar jarðir kunni að eiga þar slægjuítök, og á því stefnandi veiðirétt fyrir því landi. Ber því að taka til greina kröfu hans um, að stefndum verði óheimiluð veiði fyrir umræddu landi.

Hinsvegar hefir stefnanda ekki tekizt að færa sönnur á, að slægjurétturinn tilheyrði Bóndhól, og verður því ekki tekin til greina krafa hans um, að stefndum verði bönnuð þau afnot. Skiptir það að réttarins áliti ekki máli hér um, þó það hafi komið fram í málinu, að Hvítá hafi brotið mjög af spildum þessum, því telja má víst, að eitthvað sé eftir af þeim, að minnsta kosti þeim, er næst liggja Amtmannsleigum, en yfirhöfuð virðist erfitt að staðsetja merki fyrir slægjuítökum þessum.

Stefnandinn hefir í stefnunni gert kröfu til þess, að stefndu verði dæmdir í sektir fyrir brot á laxveiðilöggjöfinni og til að greiða sér skaðabætur allt að kr. 1500.00 fyrir veiðispjöll og ágang. Skaðabótakröfuna hefir hann ekkert rökstutt í sóknarskjölum sínum, og sér því rétturinn eigi ástæðu til að taka hana til greina og eigi heldur til að dæma stefndu til að greiða sektir.

Kostnaður við dóminn ákveðst þannig:

Dagkaup dómenda í 15 daga	kr.	150.00
Ferðakostnaður	—	90.00
	Kr.	240.00

og greiðist hann þannig, að stefnandi greiði kr. 80.00, stefndur Ólafur Ólafsson greiði kr. 80.00 og stefndu Gunnlaugur Einarsson, Stefán Jónsson og Benjamín Ólafsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn kr. 80.00. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndum Ólafi Ólafssyni bónda í Lækjarkoti skal vera óheimil veiði í Hvítá og á leirunum fram af svonefndum Amtmannsleigum fyrir vestan línu í beinu framhaldi af merkjalínu milli Bóndhóls og Amtmannsleigna, er ákveðin var með landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, gengnum 2% 1934.

Ennfremur skal stefndum Gunnlaugi Einarssyni, Reykjavík, Stefáni Jónssyni, Brennistöðum, og Benjamín Ólafssyni, Lækjarkoti, vera óheimil veiði í Hvítá og á leirunum vestan við landamerki milli Bóndhóls og Amtmannsleigna.

Kostnað við dóminn greiði málsaðiljar þannig:

Stefnandinn, Guðmundur Þ. Gíslason, greiði 80 — áttatíu — krónur. Stefndur Ólafur Ólafsson greiði 80 — áttatíu — krónur, Stefndu Gunnlaugur Einarsson, Stefán Jónsson og Benjamín Ólafsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn 80 — áttatíu — krónur.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður. Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. janúar 1939.

Nr. 177/1936. **Sigurjón Einarsson**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Hildi Pálsdóttur. (Jón Ásbjörnsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu útg. 24. nóvbr. 1936, hefir krafizt algerðrar sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, eftir mati

dómsins. Stefnda, sem hefir fengið gjafvörn og sér skipaðan talsmann fyrir hæstarétti, hefir krafizt þess *aðallega*, að héraðsdómurinn verði staðfestur, en *til vara*, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði áfrýjanda. Málskostnaðar hefir stefnda krafizt af áfrýjanda fyrir hæstarétti, hvor krafan sem til greina yrði tekin.

Aðiljar eru sammála um það, að fundum þeirra til samfara hafi aldrei borið saman fyrir þann tíma, er þau dvöldust um stund saman í herbergi áfrýjanda í gistihúsinu „Hekla" í Reykjavík vorið 1935. Í prófum málsins fyrir uppsögu héraðsdómsins kvað stefnda þenna samfund þeirra hafa gerzt um mánaðamótin apríl—maí það ár, en í framhaldsprófi í bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var 7. júní 1938 eftir úrskurði hæstaréttar frá 18. júní 1937, staðhæfði stefnda það fortakslaust, að téð dvöl þeirra í hótelherberginu hefði ekki átt sér stað fyrr en *eftir* 11. maí 1935, enda þótt hún væri mjög rækilega prófuð um þetta atriði. Þykir því verða að leggja til grundvallar þessa síðari skýrslu stefndu um nefnda samfundi hennar og áfrýjanda, enda ekkert komið fram því til styrktar, að nefnt atvik hafi *fyrr* gerzt. Skiptir þá ekki máli, hvað kunni að hafa gerzt milli aðilja þá stund, er þau voru saman í hótelherbergi áfrýjanda, því að barn það, er stefnda fæddi fullburða þann 23. desbr. 1935, virðist ekki geta verið komið undir *eftir* 11. maí s. á., þar sem meðgöngutími þess gæti þá í lengsta lagi hafa numið 226 dögum. Af þessum rökum verður að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu í máli þessu.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda samtals kr. 200.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti. Málflutn-

ingslaun talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, er ákveðast 150 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Sigurjón Einarsson, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Hildar Pálsdóttur, í máli þessu.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, 150 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Stefnda greiði áfrýjanda samtals 200 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 22. sept. 1936.

Hinn $^{23}/_{12}$ 1935 ól stúlkan Hildur Pálsdóttir í Grindavík sveinbarn, og lýsti hún föður að því Sigurjón Einarsson sjómann að Búðum á Snæfellsnesi og krafðist þess, að barnsfaðernismál yrði höfðað gegn honum.

Fyrir lögregluréttí í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir kærandi gefið þá skýrslu, að vorið 1935 hafi hún verið í vist í Sandgerði og kynnzt kærðum þar. Kveðst hún um mánaðamótin apríl og maí hafa farið til Reykjavíkur og þá hitt Sigurjón þar og farið með honum upp á herbergi, er hann hafði á Hótel Heklu. Þar háttuðu þau og höfðu tvisvar fullkomnar samfarir. Kveðst hún viss um, að barn það, er hún ól $^{23}/_{12}$ 1935, sé ávöxtur af þeim samförum, því hún hafi aldrei endranær haft samfarir við Sigurjón og við engan annan mann kveðst hún hafa haft samfarir á þeim tíma, er barnið geti verið komið undir á.

Í lögreglurétti Gullbringu- og Kjósarsýslu $^{19}/_{3}$ 1936 hefir kærður neitað því, að hann geti verið faðir að barni því, er kærandinn ól $^{23}/_{12}$ 1935, því hann hafi aldrei haft samfarir við hana. Hann viðurkennir að vísu, að hann hafi hitt Hildi í Reykjavík, að hann heldur um miðjan júní

1935, og að hún hafi farið með honum upp á herbergi hans á Hótel Heklu og dvalið þar hjá honum nokkra stund, en hann þverneitar því, að þau þá eða endrarnær hafi haft samfarir.

Samkvæmt vottorði ljósmóður, er lagt hefir verið fram í réttinum, hefir barnið verið fullburða, er það fæddist.

Rétturinn lítur svo á, að eftir atvikum eigi úrslit þessa máls að vera komin undir fyllingareiði kæranda, þannig, að vinni hún eið að því, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, að kærður hafi haft samfarir við sig á tímabilinu frá 1½ til ⅗ 1935, þá skal hann teljast faðir að sveinbarni því, er hún ól 2¾2 1935 og vera skyldugur til að greiða að sínum hluta meðlag með því og barnsfararkostnað samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Verði kæranda hinsvegar eiðfall, á kærandi að vera sýkn af kröfum hennar í málinu.

Eiðfrestur þykir hæfilega ákveðinn 3 mánuðir frá uppkvaðningu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Ef kærandi, Hildur Pálsdóttir á Stað í Grindavík, innan þriggja mánaða frá uppkvaðningu dóms þessa, eftir löglegan undirbúning, vinnur eið að því á varnarþingi sínu, að kærður, Sigurjón Einarsson á Búðum í Staðarsveit, hafi haft samfarir við sig á tímabilinu frá 1⅘ til ⅗ 1935, skal kærður teljast faðir að sveinbarni því, er hún ól 2¾2 1935 og vera skyldur að greiða að sínum hluta meðlag með því og barnsfararkostnað samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Verði kæranda hinsvegar eiðfall, á kærði að vera sýkn af kröfum hennar í málinu.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. janúar 1939.

Kærumálið nr. 1/1939. **Ungmennafélag Langnesinga**
gegn
Skólanefnd Sauðanesskólahéraðs

Um staðfestingu vitnaskýrslna.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu skýtur kærandi til hæstaréttar úrskurði aukaréttar Þingeyjarsýslu frá 21. okt. f. á. samkvæmt bókun sinni í þingbók s. d. Kröfur eða greinargerð með kæru þessari, er barst hæstarétti þann 11. jan. 1939, fylgdu ekki málinu, en eftir því, er ráða má af skjölum málsins, virðist hann kæra úrskurðinn í því skyni, að hann verði með öllu felldur úr gildi.

Haustið 1936 tók kærði á leigu skólahúsnæði í samkomuhúsi kæranda, að því er kærandi telur, til 5 ára og fyrir 330 króna ársleigu. Þann 14. jan. 1938 sagði kærði upp húsnæðinu. Uppsögn þessa taldi kærandi óréttmæta og höfðaði því mál þetta til heimtu bóta vegna uppsagnar þessarar. Aðilja skilur á um atvik í sambandi við uppsögn húsnæðisins, er kærði telur réttlæta hana.

Meðal vitna, er krafin voru skýrslu um atvik þessi, voru þeir Jónas Sigurðsson og Magnús Hlíðdal Magnússon. Var því mótmælt, að vitni þessi væru látin staðfesta skýrslur sínar fyrir dómi. Þótt þau standi í því sambandi við ungmennafélagið og formann þess, sem í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, þá verður ekki talið, að þau séu svo við mál eða málsaðilja riðin, að úrslit þess valdi þeim eða honum því fjárhagstjóni, óhagræði eða siðferðilegum

hnekki, sbr. 1. málsgr. 2. tölul. 125. gr. laga nr. 85/1936 sbr. við 1. tölul. 2. málsgr. 127. gr. sömu laga, að ekki megi veita þeim kost á að staðfesta skýrslur sínar fyrir dómi. Ber því að fella úrskurð héraðsdómarans úr gildi um þessi vitni.

Þá hefir því verið mótmælt, að vitnin Ingimar Baldvinsson og Sigmar Valdimarsson yrðu látin staðfesta vitnaskýrslur sínar fyrir dómi, með því að þær fari í bága við skýrslur annara vitna, er fús séu til að staðfesta sínar skýrslur. Þessa ástæðu er ekki unnt að taka til greina, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð um þessi vitni.

Um meðferð héraðsdómsins á kærumáli þessu athugast:

1. Héraðsdómarinn hefir tekið eftirrit af málinu *öllu*, einnig því, sem í því gerðist eftir bókun kærukröfunnar, í stað þess að taka aðeins eftirrit af því, „sem skjöl málsins og þingbækur greina um kæruefnið", eins og mælt er í 1. málsgr. 199. gr. laga nr. 85/1936. Veldur þessi ranga afgreiðsla dómurum hæstaréttar, sem ber að afgreiða kærumál sérstaklega fljótt, miklu og þarflausu erfiði. Auk þess hefir héraðsdómarinn sent eftirrit á lausum blöðum, í stað venjulegrar afgreiðslu slíkra skjala.

2. Hefir héraðsdómarinn vanrækt að leiðbeina kæranda, sem er ólöglærður maður, um kröfur og greinargerð með kærunni. Hefir því orðið að leita að því og ályktа eftir líkum, í hvaða skyni kært hafi verið.

3. Héraðsdómarinn hefir ekki afgreitt málið frá sér fyrr en 31. des. 1938, eða 2 mánuðum og 10 dögum eftir bókun kærubeiðninnar. Þessi langi dráttur, sem er brýnt brot á ákvæðum 1. málsgr. 199. gr. laga nr. 85/1936, hefir ekki verið réttlættur,

og verður að vita héraðsdómarann harðlega fyrir hann.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður, með því að krafa í þá átt hefir ekki verið gerð.

Því dæmist rétt vera:

Niðurstaða héraðsúrskurðarins um vitnin Ingimar Baldvinsson og Sigmar Valdimarsson á að vera óröskuð. Héraðsdómaranum ber að veita vitnunum Jónasi Sigurðssyni og Magnúsi Hlíðdal Magnússyni kost á að staðfesta vitnaskýrslur sínar í máli þessu fyrir dómi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður aukaréttar Þingeyjarsýslu 21. okt. 1938.

Eins og fram hefir komið í vitnaframburðum Ingimars Baldvinssonar og Sigmars Valdimarssonar annarsvegar og Jónasar Sigurðssonar og Magnúsar Hlíðdal Magnússonar hinsvegar og með samprófun þessara vitna í rétti í dag, greinir þau í milli um það atriði, sem skiptir máli fyrir úrslit þessa máls, hvort Sigurður Jónsson formaður U. M. F. L. hafi greint ástæður fyrir því, er hann að kvöldi dags 13. jan. síðastl. synjaði Guðmundi Vilhjálmssyni formanni skólanefndar Sauðanesskólahéraðs um lykil að samkomuhúsi U. M. F. L. eður eigi.

Vitnin Ingimar Baldvinsson og Sigmar Valdimarsson bera það ótvírætt og samhljóða, að hann „harðneitaði því, án þess að greina ástæður", og þar sem þessi vitni hafa verið hiklaus í framburði sínum, þar sem þau ekki eru við málið eða aðilja málsins riðin og aðiljar ekki venzlamenn þeirra, en hinsvegar ástæða til þess að ætla, að þau hafi sett sérlega vel á sig það, sem fram fór á holtinu þann 13. jan. síðastl. milli formanns skólanefndar og formanns U. M. F. L., og vandlega tekið eftir, hvað þeir sögðu þarna hvor við annan, þar sem þau fara þangað sem vitni, verður ekki hægt samkvæmt 127. gr. laga nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði að synja þessum vitnum um staðfestingu

á vitnaframburðum þeirra í máli þessu í réttinum í gær og í dag.

Hinsvegar verður að fallast á það, að ekki sé hægt samkvæmt sömu lagagrein að leyfa vitnunum Jónasi Sigurðssyni og Magnúsi Hlíðdal Magnússyni að staðfesta framburði sína í réttinum í dag, að svo miklu leyti, sem þeir koma í bága við framburði Ingimars og Sigmars, þar sem Jónas Sigurðsson er bæði viðriðinn aðilja U. M. F. L. sem félagi og venzlamaður formanns U. M. F. L. og Magnús Hlíðdal Magnússon er viðriðinn aðilja U. M. F. L. sem félagi og starfsmaður, og auk þess framburður þessa vitnis óglöggur einmitt um það atriði, sem hér skiptir máli.

Því úrskurðast:

Vitnunum Ingimar Baldvinssyni og Sigmar Valdimarssyni skal heimilt að staðfesta vitnaframburði sína í máli þessu.

Vitnunum Jónasi Sigurðssyni og Magnúsi Hlíðdal Magnússyni skal synjað um að staðfesta vitnaframburði sína í máli þessu, að svo miklu leyti, sem þeir eru í ósamræmi við vitnaframburði Ingimars Baldvinssonar og Sigmars Valdimarssonar.

Miðvikudaginn 25. janúar 1939.

Nr. 53/1937. **Jóhann Þorsteinsson**
(Gunnar Þorsteinsson)
gegn
bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. bæjarsjóðs (Einar B. Guðmundsson).

Krafa um skaðabætur vegna ólögmætrar sviptingar á tilteknum atvinnurekstri.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir samkvæmt áfrýjunarleyfi skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. maí 1937.

Eftir ósk aðilja og með samþykki dómsins hefir málflutningi verið hagað þannig hér fyrir rétti, að nú verði aðeins skorið úr um skaðabótaskyldu stefnds. Hefir áfrýjandi á þessu stigi málsins gert þær kröfur, að stefndur verði dæmdur skyldur til að greiða honum skaðabætur fyrir tjón það, sem hann kveður sig hafa beðið vegna þess að stefndur hafi á ólögmætan hátt svipt hann upp- og framskipunarstarfsemi á tímabilinu frá 16. apríl 1925 til ársloka 1933. Svo krefst hann þess og, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að áfrýjandi hefir ekki fyrr en í þessu máli, sem er höfðað í marz 1934, hafizt handa um að fá úr því skorið, hvort lögmætar væru gagnvart honum ráðstafanir stefnds um bæjarbryggjuna á Ísafirði, er gerðar voru á árunum 1923 og 1924, og áfrýjandi telur að byrjað hafi að valda sér tjóni í apríl 1925, þá verður að telja, að hann hafi með aðgerðaleysi sínu um svo langan tíma undirgengizt að hlíta nefndum ráðstöfunum stefnds, og að hann þegar af þeirri ástæðu eigi ekki skaðabótarétt á hendur stefndum út af tjóni því, er hann kveður sig hafa orðið fyrir af þessum sökum á ofangreindu tímabili. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur aukaréttar Ísafjarðar 30. maí 1936.

Mál þetta er að undangenginni árangurslausri sáttatilraun höfðað fyrir aukarétti Ísafjarðar af Jóhanni Þorsteinssyni, kaupmanni á Ísafirði, gegn bæjarstjórn Ísafjarðar til greiðslu á skaðabótum.

Gerir stefnandi þær réttarkröfur, að stefnda verði dæmd til að greiða sér kr. 51396.10, ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 3. marz 1934, til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefnda hefir hinsvegar krafizt algerðrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Tildrög máls þessa eru þau, að með kaupsamningi dags. 30. marz 1923 keypti bæjarstjórn Ísafjarðar svonefndar Hæstakaupstaðareignir á Ísafirði ásamt bryggju af verzlunarfélaginu Hæstakaupstaðnum h/f (Nathan & Olsen) á Ísafirði. Með samþykkt 26. marz 1923 og samningi við nefnt firma dags. 30. s. m. ákvað bæjarstjórnin að leigja Hæstakaupstaðnum h/f (Nathan & Olsen) hinar keyptu eignir, að undanskilinni bryggjunni með gangi til götu, til 5 ára og með forgangsrétti til áframhaldandi leigu næstu 5 ár þar á eftir. Með leigusamningi þessum skuldbatt bæjarstjórnin sig til að byggja haus á nefnda bryggju svo fljótt sem unnt væri. Með samningnum skuldbatt bæjarstjórnin sig einnig til þess, „að nota að fullu", jafnskjótt og bryggjan yrði fullgerð, „allar þær heimildir, sem bænum eru veittar með hafnarlögum fyrir Ísafjörð, og hann hefir gagnvart bryggjum einstakra manna, til að tryggja fyllstu afnot bæjarbryggjunnar."

Jafnframt skuldbatt bæjarstjórnin sig með sama samningi „til að taka að sér alla upp- og framskipun á vörum úr og í þau skip, sem við bæjarbryggjuna leggjast." Skyldi leigutaka bera „skylda og réttur" til að annast allt, er að upp- og framskipuninni lyti, fyrir bæjarins hönd. Skyldi hafnarnefnd í samráði við leigutaka árlega ákveða gjöld fyrir þetta, en leigutaki standa hafnarnefnd skil á bæjarins hluta af þeim, samkvæmt samningi, er um það yrði gerður. Loks var svo ákveðið, að þeir, sem fengu skip að öllu leyti lestuð fyrir sinn reikning, gætu annast uppskipunina sjálfir, enda greiði þeir leigu fyrir vagna og önnur tæki bryggjunnar.

Með bréfi dags. 10. apríl 1923 samþykkir atvinnu- og

samgöngumálaráðuneytið kaupin á fyrrnefndum eignum og að bryggjan yrði bæjarbryggja á Ísafirði samkvæmt lögum nr. 34 frá 1922.

Haustið 1924 varð bæjarbryggjan fullgerð. Annaðist Nathan & Olsen síðan upp- og útskipun við bryggjuna í umboði bæjarstjórnar allt til ársloka 1933.

Er fyrrnefndir samningar voru gerðir, var stefnandi afgreiðslumaður á Ísafirði fyrir Bergenska gufuskipafélagið og Sameinaða danska gufuskipafélagið, og hefir hann verið það alla tíð síðan.

Með fyrrnefndum ráðstöfunum bæjarstjórnar kveðst stefnandi hafa talið, að hún hafi óheimilað öllum þeim, er áður höfðu haft með höndum upp- og framskipun úr skipum, að fást við það framvegis, en kveðst áður hafa haft talsverðar tekjur af upp- og framskipun í skip félaga þeirra, er hann var afgreiðslumaður fyrir. Hinsvegar kveðst hann hafa talið, að bæjarstjórnin hafi gert þessar ráðstafanir lögum samkvæmt, og að sér væri þýðingarlaust að mótmæla þeim, og því hafa beygt sig undir ákvæði bæjarstjórnarinnar og látið af upp- og framskipun. En með hæstaréttardómi í málinu: Bæjarstjórn Ísafjarðar gegn Jóni S. Edwald, uppkveðnum 2. okt. 1933, hafi svo verið ákveðið, að sú ráðstöfun bæjarstjórnarinnar, að taka alla upp- og framskipun á bæjarbryggjunni í sínar hendur, hafi verið gerð á móti landslögum, og hún því metin ógild gagnvart Jóni S. Edwald. Þar sem sama reglan hljóti að gilda fyrir alla, og ákvörðun bæjarins að vera ógild yfirleitt að þessu leyti, telur stefnandi, að bæjarstjórnin hafi framið réttarbrot gagnvart sér og að henni sé skylt fyrir hönd bæjarins að endurgreiða sér það tjón, sem hann hafi haft af því að verða af að standa fyrir út- og uppskipun úr skipum félaga þeirra, er hann var afgreiðslumaður fyrir, og kveðst hann hafa höfðað mál þetta, þar sem bæjarstjórnin hafi reynzt ófáanleg til að bæta sér skaðann.

Stefnandi telur, að í þeirri ákvörðun bæjarstjórnarinnar, að taka alla upp- og framskipun við bryggjuna í sínar hendur, hafi falizt bann til allra annarra, og þar á meðal sín, við því að annast upp- og framskipun við bryggjuna. Hafi bæjarstjórnin því með þessari ráðstöfun svipt sig lögverndaðum rétti til að annast upp- og framskipun í skip fyrrnefndra félaga. Með fyrrnefndum hæstaréttardómi sé sann-

að, að þessi ráðstöfun bæjarstjórnarinnar hafi verið ólögmæt. Er bæjarstjórnin gerði þessa ráðstöfun, hafi henni verið fyllilega ljóst, að með henni væri hann sviptur miklum tekjum, og hafi framkvæmd ráðstöfunarinnar verið bein og tilætluð orsök tekjumissis síns. Bæjarsjóðurinn hafi við ráðstöfun þessa auðgazt á sinn kostnað. Hæstakaupstaðareignirnar hafi bæjarstjórnin leigt til 10 ára fyrir óeðlilega háa leigu, aðeins að því tilskyldu, að eignunum fylgdi einkaréttur til upp- og framskipunar við bæjarbryggjuna. Telur stefnandi, að af þessu sé ljóst, að bæjarstjórnin hafi vísvitandi framið á sér réttarbrot, er bakað hafi sér mikið tjón, og sé hún því tvímælalust skyld til að bæta sér það. Þá heldur hann því einnig fram, að eins og mál þetta sé vaxið, sé bæjarstjórnin skaðabótaskyld, þó réttarbrotið væri framið aðeins af hendingu.

Stefnandi heldur því fram eins og fyrr segir, að sér hafi ekki komið til hugar annað en bæjarstjórnin hefði lagalega heimild til að taka alla upp- og framskipun við bæjarbryggjuna í sínar hendur. Bærinn hafi verið eigandi bryggjunnar og því í fljótu bragði verið sennilegt að álykta, að hann sem eigandi réði því, hverjir um eign hans færu, væru engar sérstakar hömlur lagðar á umráðaréttinn.

Auk þess hafi sér ekki dottið í hug, að bæjarstjórnin hafi gert jafn stórfelldan samning, vitandi um beint tjón stefnanda, án þess að alveg væri gengið úr skugga um, að full lagaheimild væri fyrir ákvæðum samningsins. Kveðst hann því hafa talið þýðingarlaust að reyna að fá marg-nefndri ráðstöfun bæjarstjórnarinnar hnekkt með dómi. Hinsvegar kveðst hann hafa reynt að mótmæla ráðstöfuninni á þann hátt, að láta afferma eitt skip Sameinaða gufuskipafélagsins við sína eigin bryggju, en sér hafi verið bannað það með fógetavaldi. Hafi ástæðan til bannsins verið sú, að er bygging þeirrar bryggju hafi verið leyfð, hafi verið sett sem skilyrði, að sú kvöð væri á bryggjunni, að eigi mætti afgreiða við hana póstskip, ef bærinn eignaðist eigin hafskipabryggju.

Eftir þetta kveðst stefnandi hafa reynt að framkvæma upp- og útskipun í skip fyrrnefndra félaga með stórum flutningabátum, en orðið að hætta því, þar eð það hafi reynzt ókleift. Kveðst hann með þessu hafa gert allt, er hann hafi talið sig geta, til þess að halda áfram atvinnu

sinni við upp- og útskipun, og beri því ekki að skoða það, að hann hafi ekki fyrr reynt að fá nefndri ráðstöfun bæjarstjórnarinnar hnekkt, sem samþykki sitt á henni.

Stefnandi telur, að erfitt sé að ákveða nákvæmlega þann skaða, sem hann hafi beðið af nefndri ráðstöfun bæjarstjórnarinnar, en víst sé, að skaði sinn sé mun meiri en nemur upphæð skaðabótakröfu sinnar í málinu. Segir stefnandi, að svo hafi reynzt í mörg ár, meðan hann hafði á hendi upp- og framskipun með afgreiðslu skipanna, að árlegur gróði sinn af uppskipuninni hafi reynzt mun meiri en þóknun sú, er hann hafi fengið fyrir að afgreiða skipin. Þar sem hann viti nákvæmlega, hve miklu numið hafi afgreiðsluþóknun sín fyrir skip félaganna, en ómögulegt sé að segja með fullri vissu, hve miklu numið hafi ágóði af út- og uppskipun þau ár, sem um er að ræða, kveðst hann hafa tekið það ráð að reikna út meðaltal afgreiðsluþóknunarinnar og leggja það til grundvallar kröfu sinni. Með því að reikna út afgreiðsluþóknunina annaðhvort ár hins umrædda tímabils og taka meðaltal af, telst stefnanda svo til, að meðaltal afgreiðsluþóknunarinnar hafi verið kr. 5139.61 á ári, og afgreiðsluþóknunin samtals árin 1924 til 1933, að báðum árum meðtöldum, kr. 51396.10, og er það skaðabótakrafa sú, sem hann gerir í málinu.

Af hálfu hinnar stefndu bæjarstjórnar er því hinsvegar haldið fram, að það eina, sem milli hennar og stefnanda hafi farið, snertandi upp- og útskipun, sé, að bæjarstjórnin hafi á sínum tíma fengið lagt lögbann við því, að stefnandi notaði sína eigin bryggju til upp- og útskipunar. Hafi sú lögbannsgerð verið staðfest með dómi, er stefnandi hafi unað við til þessa. Utan þessa tilviks hafi stefnandi aldrei farið þess á leit að fá að hafa á hendi upp- og útskipun á Ísafirði eða fá að nota bæjarbryggjuna til upp- eða útskipunar úr skipum félaga þeirra, er hann hafi haft á hendi afgreiðslu fyrir. Af þessu sé einsætt, að stefnda hafi aldrei getað bannað stefnanda starfsemina, enda hafi hún aldrei gert það. Til þess að hægt væri að orða þann möguleika, að stefnda hafi bakað sér skaðabótaskyldu, yrði að liggja fyrir, að stefnandi hafi krafizt þess að fá að nota bæjarbryggjuna eða hafizt handa um not hennar, en verið synjað um afnotin eða verið beinlínis hindraður í þeim, og að sú synjun eða hindrun hafi orðið þess valdandi, að hann hætti upp-

og útskipunarstarfsemi sinni. En engu af þessu sé til að dreifa, og sé því enginn skaðabótagrundvöllur fyrir hendi.

Þá er því og haldið fram af hálfu stefndu, að sú málsástæða stefnanda, að stefnda hafi með samningi sínum við Hæstakaupstaðinn h/f (Nathan & Olsen) bannað öllum, nema því firma, afnot bryggjunnar, skipti hér ekki máli, í fyrsta lagi af því, að þó stefnda hefði veitt firmanu einkarétt til að nota bryggjuna, þá gæti samt ekki verið um skaðabótaskyldu að ræða, þar eð stefnandi hafi aldrei krafizt afnota af bryggjunni, og í öðru lagi af því, að stefnda hafi ekki veitt því firma einkarétt til afnota af bryggjunni, heldur beinlínis undanskilið hana leigunni í samningum sínum við firmað. Og þó segja megi, að firmanu hafi verið veittur nokkur réttur til að annast upp- og útskipun við bryggjuna, þá geti stefnandi með engu móti sagt, að honum eða öðrum hafi verið bannað að nota hana. Ekki geti stefnandi heldur byggt neinn rétt á því, að stefnda hafi afsalað sér bryggjunni í hendur öðrum, því hún hafi alltaf verið háð umráðum stefndu.

Þá er því einnig haldið fram af hálfu stefndu, að hún hafi gert alla samninga sína um eignirnar í góðri trú og ætið fengið leyfi stjórnarráðsins til þeirra, og útiloki þetta einnig skaðabótakröfu stefnanda. Geti stefnda eigi hafa orðið skaðabótaskyld, þó stefnandi eða aðrir hafi ekki neytt þess réttar, er hafnarlög Ísafjarðar veiti borgurum þess bæjar.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að stefnandi hafi notað sína eigin bryggju til upp- og útskipunar í skip þau, er hann afgreiddi, þar til fyrrnefnd lögbannsgerð hafi farið fram 16 apríl 1925. Sé því tími sá, er hann krefjist skaðabóta fyrir, sem er 10 ár, oftalinn um 15½ mánuð.

Loks er því haldið fram af hálfu stefndu, að hér sé aðeins um að ræða ímyndað tjón stefnanda, og er kröfuupphæð hans mótmælt sem fjarstæðu, svo og öllum útreikningum hans um skaðann.

Stefnandi viðurkennir, að tími sá, sem skaðabóta er krafizt fyrir, sé ofreiknaður um 15½ mánuð, eins og fram er haldið af hálfu stefnda.

Þá er það einnig viðurkennt af hálfu stefnanda, að hann hafi aldrei sótt um leyfi til upp- og útskipunar við bæjarbryggjuna og að engin bæjarstjórnarsamþykkt sé til, er banni honum sérstaklega að nota bryggjuna til þessa.

Hinsvegar er því haldið eindregið fram af hálfu stefnanda, að þar sem bæjarstjórnin hafi með samningnum við Hæstakaupstaðinn h/f (Nathan & Olsen) verið búin að ákveða að taka upp- og útskipun við bryggjuna í sínar hendur og framselja nefndu firma þenna sinn tekna einkarétt, þá hafi hún þar með bannað öllum öðrum að annast upp- og útskipun við bryggjuna, og hafi því verið fyrirfram vitanlegt, að þýðingarlaust hafi verið að sækja um leyfi til upp- og útskipunar við bryggjuna. Þá er því einnig haldið fram af hálfu stefnanda, að þó hann hafi ekki beinlínis farið fram á að mega annast upp- og útskipun við bryggjuna, þá hafi aðrir gert það, og öllum verið neitað, og hafi menn ætlað að gera þetta í trássi, þá hafi þeim verið bannað það með þeirri skýringu, að öllum öðrum en bæjarstjórn eða umboðsmanni hennar væri það óheimilt. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að viljayfirlýsing og gerðir bæjarstjórnarinnar hafi verið nóg ástæða til þess, að hann hafi ekki farið fram á það við bæjarstjórn að mega annast upp- og útskipun við bæjarbryggjuna.

Í málinu er eigi upplýst, að hin stefnda bæjarstjórn hafi gefið út almenna skipun, auglýsingu eða reglur almenningi til eftirbreytni um það, að öðrum en Hæstakaupstaðnum h/f (Nathan & Olsen) væri óheimilt að annast upp- og útskipun við bæjarbryggjuna.

Margnefndan samning við Hæstakaupstaðinn h/f (Nathan & Olsen) gerði bæjarstjórnin, eftir því sem fyrir liggur, sem eigandi og umráðamaður hinna svonefndu Hæstakaupstaðareigna og þar með einnig bæjarbryggjunnar. Að áliti réttarins ber að skýra samning þenna, að því er snertir atriði þau, sem um er deilt í máli þessu, eftir almennum reglum kröfuréttarins, þó bæjarstjórnin sé annar samningsaðilinn.

Þar eð upplýst er í málinu, að stefnandi hefir hvorki krafizt umræddra afnota né fengið sérstaka tilkynningu um það frá bæjarstjórninni, að honum væru þau óheimil, verður samkvæmt þessu eigi talið, að skaðabótagrundvöllur sé fyrir hendi í málinu. Ber því þegar af þessari ástæðu að taka sýknukröfu stefndu til greina.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Sökum mikilla embættisanna dómarans við ýms aðkallandi störf, þar á meðal ársuppgjör, rannsóknir opinberra

mála, sýslufundi o. fl., og sökum ófullnægjandi aðstoðar við embættisreksturinn hefir eigi verið unnt að kveða dóm þenna upp fyrr en nú.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, bæjarstjórn Ísafjarðar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóhanns Þorsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1939.

Nr. 66/1938. **Ólafur Bjarnason** (Eggert Claessen)
gegn
Mjólkursölunefndinni f. h. mjólkursamsölunnar í Reykjavík og gagnsök
(Guðm. Guðmundsson cand. jur.)

Mjólkurframleiðandi krefur mjólkursamsölu um sinn hluta af rekstrarafgangi samsölunnar.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. júní f. á. og gert þessar dómkröfur: Aðallega að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2276.99, til vara kr. 1927.25 og til þrautavara kr. 1686.27 og að vextir verði dæmdir 5% á ári af þeirri fjárhæð, sem til greina yrði tekin, frá sáttakærudegi, 16. júní 1937, til greiðsludags. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar af gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefir áfrýjað málinu með stefnu 22. júní f. á., krefst þess, að hann verði alger-

lega sýknaður og aðalafrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hallkvæmisástæður virðast að vísu hafa legið til grundvallar þeirri ákvörðun Mjólkursölunefndar á öndverðu ári 1936, að framleiðendur vestan Hellisheiðar skyldu ganga fyrir framleiðendum austan heiðar um sölu mjólkur til neyzlu í Reykjavík, þótt hvorir tveggja væru jafn réttháir að lögum til þeirrar sölu, og að framleiðendur austan heiðar skyldu í þess stað verða aðnjótandi rekstrarafgangs mjólkursamsölunnar, eftir því sem til hrykki, til uppbótar því, að þeim var varnað markaðarins í Reykjavík, en þrátt fyrir það þótt þannig væri háttað um þessar aðgerðir Mjólkursölunefndar, þá fóru þær samt í bága við skýlaust ákvæði 2. gr. laga nr. 1 frá 1935 að því leyti, sem þær urðu þess valdandi, að meir en 8% var tekið af söluverði neyzlumjólkur og rjóma til verðbótar þeirri mjólk, sem til vinnslu fór. Verður gagnáfrýjandi þess vegna að svara seljendum neyzlumjólkur og rjóma til þess hluta rekstrarafgangs mjólkursamsölunnar 1936, sem þannig hefir verið fyrir þeim haldið. Hinsvegar var Mjólkursölunefnd ekki bundin af nefndu lagaákvæði um þann hluta rekstrarágóða ársins 1936, sem til kominn var á annan hátt en fyrir sölu mjólkurafurða. Þenna hluta ágóðans af starfrækslu mjólkursamsölunnar virðist nefndinni hafa verið heimilt, eins og á stóð, að láta renna til framleiðenda austan Hellisheiðar sem bætur þess, að þeir höfðu orðið að þoka af markaði neyzlumjólkur í Reykjavík, til hagsbóta fyrir framleiðendur vestan heiðar. Samkvæmt ofanrituðu hefir Mjólkursölunefnd ekki ráðstafað réttilega kr. 143291.37 (rekstrarágóði 1936) +• (kr. 72411.56,

sölulaun af öðrum vörum en mjólk og mjólkurafuðum, + kr. 44219.33, flöskugjald) = kr. 26660.48. Kemur þá til álita, hversu mikið af fjárhæð þessari eigi að falla í hlut aðaláfrýjanda. Hann hefir haldið því fram, að Mjólkursamsalan hafi 1936 selt samtals sem svari þeirri lítratölu af mjólk, sem hér segir:

Mjólk, tilfærða í lítrum á reikningi mjólkursamsölunnar yfir seldar vörur 1936	ltr. 4970927.35
Rjóma, skyr og aðrar vinnsluvörur, sem svari til	— 1747333.00
	Samtals ltr. 6718260.35

Þessar tölur verður að leggja til grundvallar, með því að gagnáfrýjandi hefir hvorki vefengt þær nægilega né bent á aðrar tölur réttari. Óvefengt er, að aðaláfrýjandi hafi 1936 lagt inn í mjólkursamsöluna ltr. 79062. Samkvæmt því á hann kröfu á hendur Mjólkursamsölunni um kr. 26660.48 × 79062 : 6718260.35 = kr. 313.75. Og ber því að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda þessa fjárhæð með 5% ársvöxtum frá 16. júní 1937 til greiðsludags og ennfremur málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 600.00.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Mjólkursölunefnd f. h. mjólkursamsölunnar í Reykjavík, greiði aðaláfrýjanda, Ólafi Bjarnasyni, kr. 313.75 ásamt 5% ársvöxtum frá 16. júní 1937 til greiðsludags og samtals kr. 600.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. maí 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 23. júní 1937 af Ólafi Bjarnasyni, bónda að Brautarholti á Kjalarnesi, gegn Mjólkursölunefnd f. h. Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, til greiðslu á kr. 2276.99, er hann telur sig eiga inni hjá Samsölunni sem hluta af rekstrarafgangi hennar árið 1936, með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi sáttakæru 16. júní 1937 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndur, Mjólkursölunefnd f. h. Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að þann 10. september 1934 voru gefin út bráðabirgðalög um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. Var m. a. svo ákveðið í þeim, að við sölu mjólkur og rjóma skyldi landinu skipt í svonefnd verðjöfnunarsvæði, er að jafnaði afmörkuðust þannig, að þar væri hægt að selja daglega góða og óskemmda mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, einu eða fleirum, sem viðurkennd væru af landbúnaðarráðherra, enda væri kaupstaður eða kauptún innan þeirra takmarka. Var það aðalreglan, að mjólkurframleiðendum væri óheimilt að selja mjólk eða mjólkurafurðir utan þess verðjöfnunarsvæðis, sem þeir voru á. Á alla neyzlumjólk og rjóma skyldi lagt svonefnt verðjöfnunargjald, er mátti vera allt að 5% af útsöluverði, en heimilt var að hækka, ef þörf krefði, með samþykki landbúnaðarráðherra. Verðjöfnunargjaldið skyldi renna í svonefndan verðjöfnunarsjóð, og skyldi það vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð væri til vinnslu í viðurkenndum mjólkurbúum, sem störfuðu á verðjöfnunarsvæðinu. Útsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum á hverjum sölustað skyldi ákveðið af fimm þar til völdum og skipuðum mönnum. Þá skyldi ríkisstjórnin skipa sjö manna nefnd, svonefnda mjólkursölunefnd, til að hafa á hendi stjórn mjólkursölumála samkvæmt lögunum, og eru settar nánari reglur um skipunina og störf og valdsvið nefndarinnar

í lögunum. Þar sem fleiri en eitt mjólkurbú væru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skyldi öll sala á neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri fara fram frá einni sölumiðstöð, samsölu. Í stað þessara bráðabirgðalaga komu síðar lög nr. 1. frá 7. janúar 1935 um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. Voru þau að mestu samhljóða bráðabirgðalögunum, en þó var svo ákveðið í þeim, að verðjöfnunargjaldið mætti aldrei vera hærra en 8%, og í ákvæðum þeirra um stundarsakir, að þá fyrst um sinn skyldi stjórn samsölunnar á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, en á því voru bæði mjólkurbú austan og vestan Hellisheiðar, vera í höndum mjólkursölunefndar, og virðist það hafa haldizt þann tíma, er hér skiptir máli.

Nú skýrir stefnandi svo frá og byggir kröfur sínar á því, að á árinu 1936 hafi orðið rekstrarafgangur hjá Mjólkursamsölunni í Reykjavík, er numið hafi kr. 143291.37, eftir að útborgað hefði verið það verð, sem Samsalan greiddi framleiðendum fyrir mjólk og mjólkurafurðir það ár, svo og allur kostnaður og afskriftir, er Mjólkursölunefnd hefði ákveðið að dragast skyldi frá þeim eiginlega rekstrarafgangi ársins.

Samkvæmt lögunum sé Samsölunni skylt að greiða framleiðendum allan þann afgang, er verði af rekstri Samsölunnar, eftir að dregið hafi verið frá verðjöfnunargjald, allur kostnaður og afskriftir. Allur sá afgangur, er varð af rekstri Samsölunnar 1936, hafi verið af sölu neyzlumjólkur, en ekki að neinu leyti af sölu mjólkurafurða, og beri neyzlumjólkurframleiðendum því einum umræddur rekstrarafgangur. Á árinu 1936 hafi hann lagt inn í Samsöluna 79062 lítra neyzlumjólkur, en samtals hafi Samsalan selt 4970927 lítra af neyzlumjólk, og beri sér því samkvæmt framansögðu í sinn hlut kr. 2276.99 af rekstrarafganginum, en það er stefnukrafan í máli þessu.

Stefndur hefir ekki mótmælt því, að Samsölunni beri að láta hinn hreina rekstrarafgang, er varð á árinu 1936, renna til framleiðenda, enda virðist það vera í beztu samræmi við lögin, að svo sé gert. Hinsvegar telur hann, að heimilt hafi verið að ráðstafa afganginum eins og gert var og síðar verður greint, og eigi stefnandi því enga kröfu á hendur sér um hluta af rekstrarafgangi ársins 1936.

Þegar er Mjólkursölunefndin tók til starfa, mun hún

hafa sett sér ýmsar starfsreglur, sem nokkuð hafa verið breytilegar, en virðast hafa verið eins í öllum atriðum, er þetta mál varðar, allt árið 1936. Ætlaðist nefndin til, að verðmunur á mjólk hjá þeim mjólkurbúum, sem hefðu aðallega á hendi sölu mjólkur (bæjarbúunum), og búum þeim, sem aðallega ynnu vörur úr mjólkinni (fjærliggjandi búunum), yrðu 2 aurar á hverjum lítra, þ. e. að fjærliggjandi búin fengju 2 aurum minna fyrir líterinn en hin. Var gerð sérstök samþykkt um þetta, svo og að verðjöfnunargjaldið skyldi verða 8%, þ. e. hámarkið á neyzlumjólk og mjólk þá, er færi í rjóma og skyr. Til þessarar hækkunar verðjöfnunargjaldsins fékkst svo samþykki landbúnaðarráðherra.

Það kom þó brátt í ljós, að þrátt fyrir þessa hækkun verðjöfnunargjaldsins nægði það ekki nándar nærri til þess að greiða vinnslumjólkurframleiðendum svo mikla verðuppbót á mjólk þeirra, að hver líter yrði ekki nema 2 aurum verðlægri en hver líter neyzlumjólkurframleiðenda. Útaf þessu mun hafa orðið nokkur óánægja meðal mjólkurframleiðenda austan fjalls, og þeir hafa krafizt þess í ársbyrjun 1936 að fá að selja svo mikla neyzlumjólk hér í bænum, að nýgreindri samþykkt Mjólkursölunefndar um, að vinnslumjólkurframleiðendur skyldu aðeins fá 2 aurum minna fyrir hvern mjólkurlíter en neyzlumjólkurframleiðendur, yrði fullnægt. Í tilefni af þessu ákvað nefndin, að sömu verðhlutföll skyldu haldast milli útborgaðs verðs fyrir neyzlu- og vinnslumjólk og búin vestan heiðar áfram hafa forgangsrétt um sölu neyzlumjólkur á sölusvæði Samsölunnar. En jafnframt var ákveðið í samþykktinni, að ef rekstrarafgangur yrði hjá Samsölunni, skyldi honum, eftir að nægilegar afskriftir hefðu farið fram á eignum, áhöldum o. fl., varið til þess að ná þessum verðhlutföllum, en þetta ákvæði var einnig endurnýjun á eldri samþykkt. Ef afgangur yrði af verðjöfnunarsjóði og rekstrarafgangi, eftir að ofangreindum hlutföllum væri náð, skyldi hann ganga til verðuppbótar á alla innvegna mjólk þeirra mjólkurbúa og framleiðenda, er að Samsölunni stæðu, þó að undanskilinni dósamjólk.

Á árinu 1936 hrökk verðjöfnunargjaldið ekki til að ná fyrrgreindum verðhlutföllum, og vorið 1937 var því sá rekstrarafgangur, er orðið hafði hjá Samsölunni árið 1936

og ekki hafði verið sérstaklega ráðstafað, þ. e. kr. 143291.37, greiddur vinnslumjólkurframleiðendum, en þrátt fyrir það náðust ekki hin fyrirhuguðu verðhlutföll.

Stefnandi heldur því nú fram, að þessi ráðstöfun Mjólkursölunefndar á rekstrarafgangi Samsölunnar hafi verið með öllu óheimil. Í lögunum sé ákveðið hámark verðjöfnunargjaldsins, þ. e. 8%, og felist í því, að meira megi ekki taka af framleiðendum neyzlumjólkur og láta ganga til framleiðenda vinnslumjólkur til þess að bæta þeim síðarnefndu upp verð á mjólk þeirra. Áðurgreind samþykkt nefndarinnar samræmist því ekki lögunum og sé því marklaus.

Stefndur telur hinsvegar, að ráðstöfun þessi hafi verið fyllilega heimil. Mjólkursölunefnd hafi verið algerlega heimilt að setja sér starfsreglur, sem m. a. innihéldu ákvæði um framangreind verðhlutföll. Þegar ágreiningurinn kom upp um það, hvort búin austanfjalls skyldu fá að selja svo mikla neyzlumjólk hér í bænum, að þau næðu þessum verðhlutföllum, þá hefði nefndinni samkvæmt lögunum verið heimilt að veita þeim slíkan sölurétt hér í bænum, og hefði hún getað það með því að koma á þannig lagaðri hlutfallssölu á neyzlumjólk, að verðjöfnuðurinn næðist. Af því hefði leitt, að neyzlumjólkurmarkaður búanna vestanfjalls hefði rýrnað að sama skapi og þá jafnframt tekjur framleiðendanna á því svæði. En í stað þess að fara þessa leið, sem eflaust hefði verið heimil, þá hefði nefndin valið þann kostinn, sem öllum hefði verið þægilegastur, þ. e. að láta búin vestanfjalls halda neyzlumjólkurmarkaðinum, en taka framangreinda ákvörðun um rekstrarafgang Samsölunnar. Hér hafi því aðeins verið um það að ræða, að valin hafi verið heppilegri leiðin af tveimur jafnheimilum, og geti neyzlumjólkurframleiðendur sízt kvartað um, að hún skyldi valin, því að þeirra hagur hafi orðið betri við það, þareð rekstrarafgangurinn hafi ekki nærri nægt til að ná hinum samþykktu verðhlutföllum.

Í lögunum nr. 1 frá 7. janúar 1935 um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. er svo ákveðið, að verðjöfnunargjaldið megi aldrei nema meiru en 8% af útsöluverði mjólkur og rjóma. Lítur rétturinn svo á, að í þessu ákvæði felist það, að ekki sé ætlazt til, að til verðjöfnunar sé notað hærri upphæð en þetta, og að verðjöfnun verði því ekki

framkvæmd eftir lögunum, nema að svo miklu leyti, sem sú upphæð hrekkur til. Verður því að telja þær samþykktir Mjólkursölunefndar, sem fela í sér frekari verðjöfnun, í ósamræmi við lögin og því ógildar. Nú er upplýst í málinu, að áður en vinnslumjólkurframleiðendum var greiddur rekstrarafgangur Samsölunnar til verðjöfnunar, hafði þeim verið greitt hámark hins lögákveðna verðjöfnunargjalds. Það verður því að telja, að Mjólkursölunefnd hafi verið óheimilt að ráðstafa rekstrarafganginum eins og hún gerði, og skiptir hér ekki máli, þótt það kunni að vera rétt hjá stefndum, að nefndin hefði getað náð fyllri verðjöfnun á einhvern annan hátt, sem heimill hefði verið, og hagur neyzlumjólkurframleiðenda hefði jafnvel orðið verri við það en raun varð á með umræddri meðferð á rekstrarafganginum, þar eð lögin banna það berum orðum, að verðjöfnunargjaldið sé hærra en 8%, og felst þá einnig í því banni bann við því, að hærri upphæð sé notuð til verðjöfnunar, a. m. k. þegar það fyrirkomulag er haft, sem hér var haft. Þykir þessi skilningur, sem hér er lagður í umrædd ákvæði mjólkurlaganna, hafa sérstaka stoð í því, að nú hefir verið lögleidd breyting á þeim, sem tekur það m. a. berum orðum fram, að tekjuafgangur, þ. e. rekstrarafgangur Samsölunnar, skuli renna í verðjöfnunarsjóð og hafa áhrif á verðjöfnunargjaldið, og sýnir það ljóslega, að slíkt hefir ekki átt að felast í eldri ákvæðum laganna.

En enda þótt rétturinn samkvæmt framansögðu verði að telja, að óheimilt hafi verið að nota rekstrarafganginn til verðjöfnunar, þá verður hann þó að líta svo á, að það hafi verið í beztu samræmi við eðli og tilgang mjólkurlaganna, að rekstrarafganginum árið 1936 væri úthlutað til mjólkurframleiðenda, enda er því ekki sérstaklega mótmælt af stefndum, né byggðar varnir á því, að engin skylda hefði verið að úthluta rekstrarafganginum. Verður því að telja, að mjólkurframleiðendur geti krafið Samsöluna hver um sinn hluta af rekstrarafganginum, og verður sú krafa stefnanda athuguð með tilliti til þessa.

Stefnandi heldur því fram, eins og áður er vikið að, að neyzlumjólkurframleiðendum beri einum að fá allan rekstrarafgang Samsölunnar árið 1936. Þegar Samsalan hafi tekið til starfa, hafi verið ákveðið, að „sölugjald“ mjólkur skyldi

vera hlutfallslega hærra en „sölugjald“ mjólkurafurða. En jafnframt því, sem „sölugjaldið“ af mjólkinni hafi verið ákveðið hærra en þurfti til þess að ná upp öllum kostnaði, hafi Mjólkursölunefnd lýst því yfir, að allur rekstrarafgangur Samsölunnar yrði á sínum tíma greiddur mjólkurframleiðendum, þ. e. neyzlumjólkur. Auk þessa staðhæfir stefnandi, að allur rekstrarafgangur Samsölunnar árið 1936 stafi af sölu mjólkur, en ekki mjólkurafurða, og beri því að skipta honum á milli neyzlumjólkurframleiðenda einna, en í þeirra hópi telur hann sig. Að þessari staðhæfingu sinni telur stefnandi sig hafa leitt rök með ýmsum tölum úr reikningi Samsölunnar árið 1936, en eins og mál þetta liggur fyrir, virðist réttinum ekki ástæða til að taka þau upp hér.

Stefndur neitar því, að nokkurntíma hafi verið lofað, að rekstrarafgangur Samsölunnar yrði eingöngu greiddur neyzlumjólkurframleiðendum, og gegn þeirri neitun hans er sú staðhæfing ósönnuð. Þá mótmælir hann því og sem fjarstæðu, að rekstrarafgangur Samsölunnar árið 1936 stafi eingöngu af sölu mjólkur, og staðhæfir, að hann sé einnig af sölu mjólkurafurða og fleiru.

Reikningur Samsölunnar árið 1936 sýnir, að tekjur hennar það ár hafa verið 1) af vörusölu kr. 422113.55, þar af sölulaun af öðrum vörum en mjólk og mjólkurafurðum kr. 72411.56, 2) af flöskugjaldi kr. 44219.33 og 3) vextir, kr. 4023.15. Þegar frá þessu hafa verið dregin öll útgjöld, afskriftir, umbætur o. fl., kemur út hinn umræddi rekstrarafgangur. Hvergi sést í reikningi Samsölunnar sundurgreining á tekjum hennar af sölu mjólkur og mjólkurafurða, og mun reikningshald hennar ekki vera þannig úr garði gert, að unnt sé að sjá þetta, eftir því sem umboðsmaður stefnds hefir skýrt frá í flutningi máls þessa.

Af þessu sést, að rekstrarafgangurinn stafar að þó nokkru leyti af öðru en sölu mjólkur og mjólkurafurða, þótt það sé að vísu sá liðurinn, sem drýgstar tekjur hefir gefið. Hinsvegar er ekki unnt að sjá það, eins og áður segir, hversu miklar tekjurnar voru annarsvegar af mjólkursölunni sérstaklega og af mjólkurafurðasölunni hinsvegar, enda er áðurnefndur rökstuðningur stefnanda, sem átti að sýna, að rekstrarafgangurinn stafaði að öllu leyti af neyzlumjólkursölunni, engan veginn öruggur og hefir í

sumum atriðum verið hnekkt. Þá virðist hann og ekki taka tillit til þeirrar rýrnunar, sem alltaf hlýtur að verða á neyzlumjólkinni eins og öðrum vörum Samsölunnar. Af þessum ástæðum, svo og af því, að rekstrarafgangurinn, að því leyti, sem hann stafar af sölu mjólkur og mjólkurafurða, er þannig tilkominn, að of hárri upphæð hefir verið haldið eftir af andvirði mjólkurinnar fyrir rekstrarkostnaði o. fl., án þess að unnt sé að sjá með vissu nein ákveðin hlutföll milli neyzlu- og vinnslumjólkur að þessu leyti, og loks af því, að rekstrarafgangurinn stafar að nokkru leyti af sölu annarra vara en mjólkur og mjólkurafurða, þá þykir ekki unnt að fallast á það með stefnanda, að allur rekstrarafgangurinn eigi að renna til neyzlumjólkurframleiðenda einna.

Virðist eðilegast, með tilliti til framansagðs og þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið í máli þessu, að líta svo á, að rekstrarafganginum beri að skipta milli allra mjólkurframleiðenda í réttu hlutfalli við mjólkurmagn það, er þeir, hver um sig, hafa lagt inn í Samsöluna, án tillits til þess, hvort mjólk þeirra hefir verið notuð til vinnslu eða til neyzlu óunnin.

Mjólkurmagn það, sem stefnandi lagði inn í Samsöluna árið 1936, var 79062 lítrar eða 81434 kg. Innvegið mjólkurmagn hjá öllum mjólkurbúum verðjöfnunarsvæðisins nam samtals 11799741 kg. Samkvæmt framansögðu bera stefnanda því 81434/11799741 hlutar af rekstrarafganginum, kr. 143291.37, eða kr. 988.90, samkvæmt útreikningi fagmanns.

Verða málalok því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 988.90 með 5% ársvöxtum frá 16. júní 1937 til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Mjólkursölunefnd f. h. Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, greiði stefnandanum, Ólafi Bjarnasyni, kr. 988,90 með 5% ársvöxtum frá 16. júní 1937 til greiðsludags og kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. febrúar 1939.

Nr. 115/1938. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Stanley Edwin Tate (Lárus Fjeldsted).

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Með hliðsjón af gullgildi íslenzkrar krónu, sem nú er 46.44, ákveðst sekt kærða kr. 21550.00, og telst greiðslufrestur hennar 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Og með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að öðru leyti, ber að staðfesta hann með þessum breytingum.

Eftir þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að sektin ákveðst kr. 21550.00 og að greiðslufrestur hennar telst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Stanley Edwin Tate, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. okt. 1938.

Ár 1938 laugardaginn 29. október var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni í forföllum lögreglustjóra af Ragnari Jónssyni fulltrúa hans, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2029/1938: Valdstjórnin gegn Stanley Edwin Tate.

Kærður, Stanley Edwin Tate, til heimilis 61 Freihold Street, Hull, Englandi, er skipstjóri á togaranum Flemming, H. 3. Hann hefir ekki áður sætt kærum fyrir brot gegn landhelgilöggjöfinni.

Málið er höfðað gegn honum fyrir brot gegn lögum nr. 5 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 1924. Það var rannsakað og dómtekið í dag.

Í dag kl. 11,14 stöðvaði varðskipið Óðinn togarann Flemming H. 3, þar sem hann var að veiðum í Garðsjó. Setti varðskipið þar út bauju. Kl. 11,36 setti varðskipið út vegmæli við baujuna, er stilltur var á 0,0, og hélt síðan á Garðskagabauju, er sást beint framundan í stefnu réttvísandi 168°. Við Garðskagabauju sýndi vegmælirinn 1,6, og gefur það stað togarans um 0,8 sjómílu innan landhelgilínu. Dýpi við bauju varðskipsins var 42 metrar.

Kærður var viðstaddur þessa mælingu varðskipsins, viðurkenndi þegar brot sitt og óskaði ekki eftir því, að beðið væri þess, að unnt væri að gera frekari athuganir, en dimmviðri var á um þetta leyti.

Fyrir réttinum hefir kærður viðurkennt landhelgibrot sitt. En hann hefir haldið því fram, að það hafi orðið óviljandi. Hann segist hafa kastað rúmum 2 klst. áður en hann var stöðvaður af varðskipinu. Skygni var svo slæmt að hann treysti sér ekki til að taka mið, en hann kveðst hafa fylgzt með dýpinu og samkvæmt því hafa talið sig vera utan landhelgi.

Brot kærðs varðar við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 1924. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin kr. 21100.00 sekt, og er þá tekið tillit til þess, að gullgengi íslenzkrar krónu er í dag kr. 47.59. Sektin renni í landhelgisjóð Íslands. Verði

hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, afpláni kærður hana með 7 mánaða einföldu fangelsi. Þá skal og allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Flemming, H. 3, upptækt gert og andvirðið renna í sama sjóð. Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Málið hefir verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Stanley Edwin Tate, greiði kr. 21100 í sekt til landhelgisjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 mánuði.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Flemming H. 3, sé upptækt gert til sama sjóðs.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 3. febrúar 1939.

Nr. 117/1938. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Arnold Pedersen (Lárus Jóhannesson).

Bifreiðarstjóra dæmd refsing fyrir að hafa valdið mannsbana af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Ákærði ók bifreið þeirri, er í máli þessu getur, yfir nokkuð djúpan poll skömmu áður en hann kom að Tungufljóti þann 20. ágúst f. á. Eftir umbúnaði hemlaborða bifreiðarinnar, sem honum hlaut að

vera kunnugt um, mátti hann gera ráð fyrir því, að þeir kynnu að hafa vöknað, þegar hann ók yfir pollinn, og að þeir mundu því ekki þá þegar gera sitt gagn. Og átti ákærði því ekki að nauðsynjalausu að haga svo akstri að eða í beygjunni, að hann þyrfti að treysta á hemlana til að hægja ferð bifreiðarinnar eða stöðva hana. Og ef ákærði hefir ekið bifreiðinni í fyrsta giri, eins og hann fullyrðir, niður hallann að vegamótunum við fljótið, og án þess að gefa benzín, þá hlýtur hún að hafa runnið það hægt niður eftir, að það var engum erfiðleikum bundið að taka beygjuna í einni atrennu, ef ákærði hefði byrjað á réttum tíma að sveigja bifreiðina af hægri brún vegarins, þar sem hann kveðst hafa haldið henni niður hallann, inn á veginn í áttina til brúarinnar á fljótinu. En svo virðist sem ákærða hafi mjög missýnzt um þetta atriði. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum málalokum verður að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Arnold Pedersen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Jóhannessonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 3. nóv. 1938.

1.

Ár 1938 fimmtudaginn 3. nóv. var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af hinum reglulega dómara Jónatan Hallvarðssyni, settum lögreglustjóra, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2067/1938: Réttvísin og valdstjórnin gegn Arnold Pedersen.

Málið er höfðað gegn ákærðum samkvæmt fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins í bréfi dags. 19. sept. s. l. fyrir brot gegn ákvæðum 17. kapítula hinna almennu hegningarlaga og lögum nr. 70 frá 8. sept. 1931 um notkun bifreiða. Málið var dómtekið hinn 18. f. m.

Ákærður, Arnold Pedersen verkamaður, til heimilis að Elliheimilinu hér í bæ, er fæddur í Hillested, Danmörku, hinn 6. okt. 1908. Hingað til lands kveðst hann hafa flutzt 17. apríl 1935. Hinn 5. maí 1931 var hann í Kaupmannahöfn dæmdur í 60 daga fangelsi skilorðsbundið fyrir þjófnað og hilmingu (Tyveri og Hæleri). Hinn 25. maí 1935 var hann í aukarétti Reykjavíkur dæmdur í 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir svik, einnig skilorðsbundið. Að öðru leyti hefir hann ekki sætt ákærum eða refsingum.

Ákærður hefir ökuskírteini bifreiðarstjóra gefið út í Kaupmannahöfn upphaflega hinn 14. sept. 1927, endurnýjað hinn 30. sept. 1932, og heimilar það honum að stýra bifreið allt að 2500 kg. Íslenzkt ökuskírteini hefir ákærður fengið útgefið hjá lögreglustjóranum í Reykjavík 19. júní 1937.

2.

Föstudaginn 19. ágúst s. l. fór Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason cand. theol., kona hans, Guðrún Lárusdóttir alþm., og dætur þeirra tvær, frú Guðrún Valgerður Sigurbjörnsdóttir og ungfrú Sigrún Kirstín Sigurbjörnsdóttir, í skemmtiferð austur í sveitir á bifreiðinni R. 884. Var það sammæli Sigurbjörns við ákærðan, að hann yrði með í förinni og stýrði bifreiðinni.

Á föstudaginn var ekið austur á Skeið og upp Hreppa, yfir Hvítá á Brúarhlöðum og svo sem leið liggur vestur yfir Tungufljót og að Geysi. Var þar gist um nóttina. Morguninn eftir var farið þaðan hinn sama veg 'il baka.

Stoppuðu þau nokkra tíma á berjamó, en héldu síðan niður að Tungufljóti og ætluðu að Gullfossi. Er kom á vegamótin við brúna, náði bifreiðin ekki beygjunni, heldur rann beint fram af vatnsbakkanum og út í fljótið, sem þarna var bæði djúpt og straumþungt.

Þegar í vatnið kom, reyndi ákærður að opna bifreiðardyrnar, en tókst það ekki og sparkaði þá í rúðuna og komst út um opið og synti til lands. Þá sá hann á Sigurbjörn undir vatnsborðinu, synti út til hans og dró hann í land. Kveðst hann hafa þurft átök til að ná Sigurbirni upp, því hann hafi verið fastur.

Að þessu loknu var ákærður svo örmagna, að hann treystist ekki til að gera frekari björgunartilraunir, og fórust þær mæðgurnar þrjár.

Þetta var um hádegisbilið, úr Sigurbjarnar hafði stoppað, þegar klukkuna vantaði hálfa mínútu í hálf eitt.

Vegavinnumenn höfðu slegið tjöldum sínum að austanverðu við Tungufljótsbrúna. Sátu þeir að hádegisverði, þegar þetta varð. Heyrðu þeir neyðaróp og urðu þá varir við þá Sigurbjörn og ákærðan, er þá voru svo aðþrengdir, að þeir gátu ekki gert grein fyrir sér.

Hreppstjóri var staddur skammt frá slysstaðnum, og var nú tilkvaddur. Gerði hann lögreglunni í Reykjavík þegar í stað aðvart símleiðis og óskaði aðstoðar hennar, en björgunartilraunum varð engum við komið að svo stöddu.

Lögreglan fór þegar á staðinn, mældi hann upp og gerði uppdrátt af og ljósmyndaði. Einnig var fenginn kafari til að ná upp líkunum og bjarga bifreiðinni. Samkvæmt skýrslu hans stóð bifreiðin ca. 5 metra frá landi, sem næst þversum í fljótinu, með framendann í stefnu austur yfir. Dýpi var ca. 3,5—ca. 4,5 metrar og mjög sterkur straumur við framenda hennar. Allar hurðir voru lokaðar, en framrúða vinstra megin í burtu.

3.

Bifreiðin R. 884 er Chevrolet, model 1929 eða 1930. Hafði Sigurbjörn rétt nýlega keypt hana. Hún var skoðuð af Bifreiðaeftirlitinu hinn 3. ágúst og reyndist þá að vera í ökufæru standi. Bifreiðarstjóri sá, sem áður fór með bifreiðina, Helgi Sveinsson Eyjólfsson, hefir sem vitni

borið það, að hann hafi áður en farið var austur gert við bremsur bifreiðarinnar, látið 3 nýja borða, en sá 4. hafi verið óslitinn og því látinn vera. Handbremsan, segir hann, að hafi verið slæm, það hafi staðið til að gera einnig við hana, en ekki unnizt tími til þess.

Ákærður hefir talið bremsurnar hafa verið sæmilegar, en þó ekki getað snarstoppað bifreiðina. Um kvöldið voru þær þó orðnar það slappar, að þær héldu ekki bifreiðinni í halla. Um morguninn herti hann á þeim við Geysi. Virtust honum þær ágætar, þegar hann beitti þeim á grasflöt nokkru síðar. Nokkru áður en hann kom að fljótinu, ók hann yfir vatnspoll. Náði vatnið að sögn hans tæplega upp að hjólkoppum og ýrðist upp á framrúðuna. Áður en hann fór út í pollinn, beitti hann bremsunum, og taldi þá, að vinstri afturbremsa tæki meira í. Eftir þetta beitti hann ekki bremsum fyrr en við fljótið.

Eftir að bifreiðin náðist upp úr fljótinu, var hún rannsökuð af tveimur tilkvöddum fagmönnum. Fundu þeir ekkert athugavert við stjórntæki hennar, nema bremsurnar, er þeir lýsa svo:

„Fótbremsur eru á öllum hjólum bifreiðarinnar, en bremsa á vinstra framhjóli er úr sambandi þannig, að splitbolti hefir farið úr bremsuteinsauga, svo að bremsuteinninn lafir máttlaus niður.

Á hinum þremur hjólunum heldur fótbremsan mjög lint á hverju fyrir sig, en tekur alveg jafnt í á þeim öllum og veitir því talsvert viðnám eins og hún nú er, en getur ekki stöðvað bifreiðina snögglega.

Borðarnir eru nýjir og óslitnir í fótbremsunni á afturhjólum. Rær þær, er notaðar eru til að herða á bremsunni, eru liðugar og því auðvelt að herða á þeim. Bremsuskálarnar eru góðar, og virðist því ekki vanta annað en að herða lítið eitt á fyrnefndum róm til þess að bremsurnar haldi vel á afturhjólum.

Handbremsan er í slæmu ástandi og heldur mjög illa, en tekur þó aðeins í, sé henni beitt með fótbremsunni.

Bremsu þá, sem farið hafði úr sambandi á vinstra framhjólinu, settum við í samband, og hélt hún þá því hjóli föstu, og virðist hún því hafa haldið bezt, áður en hún fór úr sambandi.“

Ekki er vitað, hvenær eða hvernig bremsan á vinstra

framhjóli hefir farið úr sambandi, hvort það hefir gerzt við slysið eða verið áður orðið.

Þegar ákærður athugaði vagninn við Geysi, varð hann þess ekki var, að bremsuteinninn drægist við jörðu. Við aksturinn kveðst hann ekki hafa orðið var við nokkurt hljóð, er benti til þess, en jafnframt heldur hann því fram, að vagninn hafi verið það hávaðamikill, að það sé ekki að marka.

Áður en ákærður fór förina, ók hann bifreiðinni hér í bænum í æfingaskyni og var Helgi með honum. Kveður Helgi, að ákærður hafi verið góður við akstur á beinum vegi, en stirður að skipta og ekki nógu nákvæmur við það, hvenær skipta skyldi.

Um akstur ákærðs á leiðinni er það framburður Sigurbjarnar, að hann hafi ekið vel. Sérstaklega tekur hann það fram, að sér hafi fundizt til um akstur ákærðs á hinum vonda vegi í Hreppunum í rökkri kvöldið áður, ókunnugur eins og hann var.

4.

Staðháttum við Tungufljótsbrúna er svo lýst samkvæmt skýrslu lögreglunnar og uppdrætti.

30—40 metrum fyrir sunnan brúna á vesturbakka fljótsins kvíslast vegurinn, og liggur önnur álman að Geysi. Myndast mjór tangi á milli veganna, er gengur í odda og er því mjög kröpp beygja af Geysisveginum og yfir á veginn, er liggur að brúnni. Geysisveginum hallar niður að vegamótum, og nokkur hliðarhalli er þar niður af fljótsbakkanum.

Þar, sem bifreiðin hafði farið út af fljótsbakkanum, er 9 metra löng, slétt, brött grasbrekka. Þegar henni sleppir, tekur við moldarbakki. Loftlínan af bakkabrúninni niður að vatnsborði er 4 metrar. Hjólför bifreiðarinnar lágu nær beint niður brekkuna, og féllu förin eftir afturhjólin nákvæmlega í förin eftir framhjólin, unz komið var á bakkabrúnina, en þar hafði bifreiðin flogið fram af beint niður í fljótið.

Ákærður kveðst hafa ekið niður að fljótinu mjög hægt. Telur hann, að ferð bifreiðarinnar hafi verið ámóta og gangandi manns. Er það einnig framburður Sigurbjarnar, að bifreiðin hafi farið hægt. Ákærður kveðst hafa sett bif-

reiðina í 1. gír og látið girin bremsa. Hefir hann bent á þann stað, sem hann skipti um gír, og er hann um 64 metra frá vegamótum. Þess er að geta, að þegar bifreiðin náðist upp úr vatninu, var hún í 2. gír, en að áliti Jóns Ólafssonar bifreiðaeftirlitsmanns, sem leitað var um þetta atriði meðal annarra, verður ekki talið útilokað, að skiptistöngin hafi getað færzt til úr gír og í 2. gír, þegar mennirnir brutust út úr bifreiðinni. Verður því að leggja framburð ákærðs um þetta atriði til grundvallar.

Ákærður kveðst hafa viljað halda bifreiðinni frá vinstri vegarkantinum á vegamótunum vegna bratta vinstri vegarhelmingsins. Hélt hann bifreiðinni því hægra megin, en mistókst að ná beygjunni, kvaðst hafa séð, að til þess að ná henni, yrði hann að aka aftur á bak. Vildi hann nú, eftir að hafa lagt á stýrið til vinstri eins og hann gat, bremsa, og kveðst bæði hafa beitt hand- og fótbremsum, en þær reyndust þá ekki halda bifreiðinni. Varð honum þá til ráðs að freista að stýra bifreiðinni á stein, sem stóð á vegarbrúninni, og stöðva hana við hann. En þegar hann vildi leggja á stýrið til að stefna á steininn, segir hann, að það hafi ekki komizt lengra með því, á því var þá þegar snúið eins og hægt var. Þá tók hann það til bragðs að rétta bílinn af, svo hann rynni beint niður í vatnið, en ylti ekki.

5.

Það er álit réttarins, að ákærður hafi með akstri sínum á vegamótunum sýnt vítaverða óvarkárni, sem telja megi orsök slyssins. Hann tekur beygjuna með þeim hætti, að hann heldur bifreiðinni of mikið til hægri og of lengi, áður en hann leggur á stýrið, og það án þess, að aðstæðan gæfi tilefni til þess, sbr. framlagðan uppdrátt og myndir. Hefði hann hinsvegar, svo sem framburður hans í réttarhaldi 25. ágúst gæti gefið tilefni til að halda, ætlað sér í upphafi að taka beygjuna með þeim hætti að aka út á vegarbrún á fljótsbakkanum og síðan aftur á bak til þess svo að geta náð veginum austureftir, þá verður að telja þá aðferð hættulega og einnig vítaverða. Fótbremsurnar virðast hafa verið í þolanlegu lagi, og þegar tekið er tillit til hinnar hægu ferðar bifreiðarinnar, verður ekki annað sér, en að þær hefðu átt að koma að notum, og

er ekki ljóst af framburði ákærðs, hvers vegna svo varð ekki. Frásögn ákærða um aðdraganda slyssins verður að teljast bera vott um, að hann hafi ekki gert sér glögga grein fyrir því, sem var að gerast, eða áttað sig á því, sem gera bar, og bendir þar til líka sá vitnisburður Sigurbjarnar, að komið hafi mikið fát á hann, þegar hann fékk ekki náð beygjunni.

Brot ákærðs varðar við 200. gr. almennra hegningarlaga frá 1869 og 15. gr. sbr. 14. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70 1931. Með hliðsjón af því, að ákærðum tókst að bjarga Sigurbirni frá drukknun, og telja verður, að hann hafi við þá björgun lagt sig sjálfan í verulega hættu, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga. Þá ber og samkvæmt 5. gr., 5. mgr., bifreiðalaganna að svipta hann leyfi til að stýra bifreið ævilangt. Loks skal hann dæmdur til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Lárusar Jóhannessonar hrm., er ákveðast kr. 75.00.

Málið hefir verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Arnold Pedersen, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga.

Hann skal ævilangt sviptur leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Jóhannessonar hrm., kr. 75.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 3. febrúar 1939.

Nr. 18/1937. **Árni Þorsteinsson**
gegn
Þorleifi Kristóferssyni.

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu áfrýjanda, Árna Þorsteinssonar, var mætt í málinu og þess krafizt, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefnda var og mætt og krafizt ómaksbóta.

Málið er hafið, og greiði áfrýjandi stefnda, Þorleifi Kristóferssyni, 80 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. febrúar 1939.

Nr. 141/1937. **Guðmundur Jónsson**
(Lárus Jóhannesson)
gegn
Þórarni Snorrasyni
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Landamerkjamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. nóvember 1937 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði landamerkjadómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar af stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýj-

andi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Með landamerkjadómi Árnessýslu, sem upp var sagður 13. maí 1890 og staðfestur var með dómi landsyfirréttarins þann 20. apríl 1891, var svo kveðið á um landamerki þau, sem nú er um deilt, að þau skyldu teljast „úr „Selós" við „Selasker" beint upp í markagarðinn" við sjó fram. Aðiljar máls þessa, sem nú er hér fyrir dómi, hafa ekki getað orðið á eitt sáttir um það, hvar Selós sé, og er málið af því efni til orðið. Á afstöðuppdrætti, sem til afnota var í merkjamálinu 1890 og lagður hefir verið fram hér í hæstarétti, er Selós talinn ganga inn á milli Selaskers og annars lítils ónafngreinds skers, sem liggur fyrir norðan vestanvert Selasker og nokkru nær landi en síðartalið sker. Virðist landamerkjadómurinn hafa talið þá staðsetningu rétta. Styrkist þetta af þeirri skýrslu vitnisins Jóns Jónssonar, sem var einn dómendanna í merkjamálinu 1890, að í þeim dómi sé víst talið, að Selós sé vestan Selaskers. Til sömu niðurstöðu um skýringu á merkjadóminum frá 1890 bendir það, að á afstöðuuppdrætti, sem aðiljar máls þessa létu gera 22. ágúst 1937, virðist ós vera sýndur vestan og norðvestan við Selasker, en enginn ós austan þess. Sakargögnin virðast þannig leiða til þess skilnings á dóminum frá 1890, að merkin skuli teljast frá merkjagarðinum á landi, sem aðiljana greinir ekki á um, beina línu um Klasbarða í vesturodda Selaskers. Verður því samkvæmt 15. gr. landamerkjalaga nr. 41 frá 1919, sbr. lög nr. 40 frá 1927, að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum málslyktum þykir rétt, að stefndi

greiði áfrýjanda kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim í hérað til dómsálagningar að nýju.

Stefndi, Þórarinn Snorrason, greiði áfrýjanda, Guðmundi Jónssyni, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Árnessýslu 10. nóv. 1937.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilraun tekið fyrir í landamerkjadómi Árnessýslu til þess að fá skorið úr um landamerki jarðanna Ness og Bjarnastaða, beggja í Selvogshreppi. Landamerkin eru ágreiningslaus frá fjalli að Unhól, milli túna beggja jarðanna eftir hinum forna merkjagarði niður að sjóvarnargarði, en þá rís ágreiningur upp um, hvert markalínan eigi að stefna.

Eigandi Ness, Guðmundur Jónsson bóndi í Nesi, gerir þær réttarkröfur, að landamerkjalínan verði dregin úr merkjagarðsenda og þaðan beina línu í „Selós", sem hann telur vera næstan vestan Selaskers, og að eiganda Bjarnastaða verði gert að greiða allan málskostnað.

Eigandi Bjarnastaða, Þórarinn Snorrason bóndi á Bjarnastöðum, gerir þær réttarkröfur, að landamerkin verði ákveðin frá Unhól beina línu niður með markagarði, hjá Markaskeri og út í sjó, og að eiganda Ness verði gert að greiða allan kostnað við málið.

Til stuðnings réttarkröfum sínum og sönnunar færir eigandi Ness sérstaklega fram þessi atriði.:

I. Vitnisburð vitnanna Sigurðar Jónssonar og Guðmundar Halldórssonar (á rskj. nr. 3 og 4) um, að kálgörðum Nestorfunnar, er liggja að landi Bjarnastaða innan sjógarðs, halli lítið eitt til suðvesturs. Telur eigandi Ness, að þetta bendi til þess, að landamerkjalínan eigi að taka stefnu í sömu átt, eða nokkuð til suðvesturs.

II. Forsendur hins gamla landamerkjadóms (á rskj. 2), þar sem tekið er fram um lengd þeirrar beitifjöru, sem þá var deilt um, þ. e. á annað hundrað faðmar. Þetta, telur eigandi Ness, að komi vel heim við þá afstöðu „Selóss", er hann heldur fram í máli þessu, með því að hér sé um sömu lengd að ræða og sé á milli „óssins" næsta vestan Kjálka og „Selóss" vestan Selaskers.

III. Vitnisburð Þorsteins Þorsteinssonar og Sigurðar Jónssonar (á rskj. 14) um þangskurð Nestorfubænda á austanverðum Klasbarða og fénaðar og hrossagöngu frá þeim sömu bændum á Fénaðarflúðum.

IV. Vitnisburð Jóns Jónssonar (á rskj. 11) um legu þess óss, sem eigandi Ness telur, að landamerkjadómurinn 1890 hafi átt við, þar sem vitnið fullyrðir, að „Selós" sé næsti ós vestan við Selasker.

Eigandi Bjarnastaða hefir hinsvegar tekið sérstaklega fram eftirfarandi atriði sem höfuðsönnunargögn til stuðnings sínum réttarkröfum.

1. Vitnin, sex að tölu, sem leidd voru fram í þinghaldinu 7. júní, þau Halldór Magnússon, Svein Halldórsson, Bjarna Jónsson, Helga Guðmundsson, Guðna Gestsson og Guðmund Filippusson, en vitnisburður þeirra allra er (á rskj. 5—10) á þá leið, að þau hafi álitið alla fjöruna vestan Markaskers í landi Bjarnastaðabóndans og Markasker á landamerkjum, og vitnisburður fimm þeirra þess efnis, að Bjarnastaðabónda hafi verið greitt uppsátursgjald af bátum, er lagt var í Bjarnastaðavör.

2. Að í forsendum dómsins frá 1890 (rskj. 2) sé skilyrðislaust gengið út frá því, að landamerkjalínan sé bein, enda sé niðurstaða dómsins byggð á þeim grundvelli. Nefnir eigandi Bjarnastaða sérstaklega máli sínu til hjálpar þessar klausur úr forsendunum: „Hvað sérstaklega þessa lögfestu, ..., sem virðist að benda til, að ósinn sem nefndur er, sé beint niður undan Markagarði, en ekki á skakk eða skáhallt" og „.... auk þess sem landamerkjalína svo skáhallt frá sjó er óvanaleg og útheimtir sterka sönnun, sem hér er ekki fyrir hendi."

Skulu nú ofanrituð atriði úr málsútlistun aðiljanna tekin til nánari yfirvegunar, og þá fyrst eiganda Ness.

Ad. I. Rétturinn verður að líta svo á, að framburður vitnanna á rskj. 3 og 4 sé þýðingarlaus um kröfu eiganda

Ness, þar eð kálgarðar þessir, sem þar um ræðir, liggja á svæði, þar sem landamerkin eru óumdeild, og ennfremur vegna þess að engin ástæða er líkleg né gerð sennileg fyrir því, að þeir ráði nokkru um stefnu landamerkjalínunnar.

Ad II. Rétturinn álítur, að allt, sem eigandi Ness, og raunar eigandi Bjarnastaða einnig, ræða um beitifjöru þessa, sé óviðkomandi máli þessu. Samkvæmt dóminum frá 1890 virðist áminnzt beitifjara liggja á svæði því, sem sækjandi málsins þá krafðist *aðallega*, að lagt yrði undir Bjarnastaði, en falla fyrir utan svæði það, sem hann krafðist *til vara*. Hin umrædda beitifjara í hinum gamla dómi mun því vera fjaran frá Markaskeri og austur á móts við Nesbæ, enda verður ekki séð, að um aðra slíka fjöru sé að ræða í þessu sambandi, og liggur beitifjara þessi fyrir utan núverandi umdeilt svæði.

Ad III. Vitnisburður þessara tveggja vitna um nytjar Nestorfubænda á austanverðum Klasbarða og á Fénaðarflúðum virðist ekki út af fyrir sig vera sérstaklega til stuðnings kröfu eiganda Ness um landamerkjalínuna, þar eð báðir þessir staðir liggja austan við landamerkjalínuna samkvæmt kröfum eiganda Bjarnastaða.

Ad IV. Vitnisburður Jóns Jónssonar, sem er orðinn 87 ára að aldri og virðist vera vel ern og er einn af meðdómendum landamerkjadómsins frá 1890, virðist réttinum vera höfuðsönnunargagnið, sem eigandi Ness hefir fram fært, og ber því að taka þenna vitnisburð til nákvæmrar yfirvegunar.

Lína sú, sem eigandi Ness krefst að verði ákveðin af réttinum sem hin réttu landamerki, tekur nokkuð skakka stefnu til suðvesturs þegar Markagarði sleppir. Þessi óeðlilega breytta stefna, sem eigandi Ness ætlast til að línan taki, útheimtir að réttarins áliti sterka sönnun á sama hátt nú og um getur í forsendum dómsins frá 1890. Þar er tekin ákveðin afstaða til hinnar skáhöllu landamerkjalínu samkvæmt kröfu Bjarnastaðabónda þá, þannig, að ekki komi til greina, að hún verði svo ákveðin.

Verður nú að líta svo á, að landamerkjadómurinn frá 1890 mundi ekki hafa án sérstaks rökstuðnings og greinilegra orða ákveðið landamerkjalínuna „á skakk eða skáhallt“ til suðvesturs, þegar sá dómur taldi óeðlilegt og

óleyfilegt að ákveða merkin skáhallt til suðausturs, án sérstakra og sterkra sannana. Af þessu verður rétturinn nú að telja, að þrátt fyrir vitnisburð téðs vitnis um Selós við Selasker, verði hér eigi álitið komið fram nægilega sterkt sönnunargagn til stuðnings hinni óeðlilegu kröfu sækjanda.

Um málsástæður og útlistun eiganda Bjarnastaða athugast.

Að 1. Vitnum þessum hefir öllum verið mótmælt sem vilhöllum eða háðum Bjarnastaðabónda. Að því er snertir nokkur þeirra, þ. e. Bjarna Jónsson, Halldór Magnússon og Guðmund Filippusson, verður að álíta, að þau hafi að nokkru leyti sameiginlegra hagsmuna að gæta í máli þessu með eiganda Bjarnastaða, þar sem þau eru leiguliðar þess bónda og hafa með honum sameiginlega fjörubeit. Hinsvegar hefir ekkert það komið fram í málinu, sem geri hin þrjú vitnin, Helga Guðmundsson, Guðna Gestsson og Svein Halldórsson, ótrúverðug, og verður því að taka þau fullgild um það, sem þau bera. Þó að vitnisburður þessara manna verði ekki talin sönnun þess, hvar merki milli jarðanna séu, verður að líta svo á, að nokkrar líkur leiði af framburðinum gegn kröfum eiganda Ness.

Að 2. Að áliti réttarins er tvímælalaust þýðingarmestu atriði sönnunargagnanna í máli þessu að finna í forsendum hins gamla dóms frá 1890. Verður að líta svo á, að hinar tilfærðu málsgreinar eiganda Bjarnastaða bendi eindregið í þá átt, að fyrir landamerkjadóminum frá 1890 hafi vakað, að landamerkjalínuna skyldi draga í fjörunni í beinu áframhaldi af línunni á landi (frá Unhól niður eftir markagarði) og það, sem réttinum þykir taka af allan vafa í þessu efni, er sú setning í forsendum hins gamla dóms, þar sem segir: „„Úr selós við Selasker“ beint upp í markagarðinn og eftir honum í Unhól (er í línu) ....“.

Samkvæmt framanskráðu verður rétturinn að líta svo á, að rétt landamerki milli jarðanna Ness og Bjarnastaða, beggja í Selvogi, séu frá Unhól í beina línu eftir markagarði í sjó út um vestanvert Markasker, yfir austurhorn Klasbarða, vestan Fénaðarflúða og skammt austan við Selasker, samanber uppdrátt.

Þóknun til dómenda og kostnað við réttarhöld í máli þessu greiði aðiljar að jöfnu. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Landamerki milli jarðanna Ness og Bjarnastaða, beggja í Selvogshreppi, skulu vera þessi: Bein lína frá Unhól eftir markagarði í sjó út um vestanvert Markasker, yfir austurhorn Klasbarða, vestan Fénaðarflúða og skammt austan við Selasker. Kostnaður til dómenda greiðist af aðiljum að jöfnu, að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja að því er greiðslu málskostnaðar snertir, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. febrúar 1939.

Nr. 122/1938. **Víbekka Jónsdóttir**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Björgvin Jónssyni, Guðmundi Ögmundssyni og vátryggingarfélaginu „Baltica“ (Sveinbjörn Jónsson).

Bætur vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómi í máli þessu, uppkveðnum í bæjarþingi Reykjavíkur 22. marz 1937, hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu 8. des. 1938 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. samkvæmt síðari málslið 2. mgr. 197. gr. laga nr. 85/1936. Hér fyrir dómi gerir áfrýjandi þær kröfur, að stefndur Björgvin Jónsson verði dæmdur til þess að greiða henni kr. 6096.80 með 5% ársvöxtum frá 5. febr. 1937 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Á hendur hinum stefndu Guðmundi Ögmundssyni og vátryggingarfélaginu

„Baltica“ gerir áfrýjandi engar kröfur hér fyrir dómi.

Af hálfu hinna stefndu er aðallega krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, að krafa áfrýjanda verði færð niður, og málskostnaður þá látinn niður falla.

Þann 25. júlí 1936, áður lagt væri af stað í norðurför þá, er í máli þessu greinir, greiddi eiginmaður áfrýjanda, Valdemar Ólafsson, stefnda Björgvin fyrir sig, áfrýjanda og stúlku, er var á vegum þeirra hjóna, kr. 82.00, og kvittar Björgvin þá fyrir það, að hjónin hafi greitt honum „fargjald frá Reykjavík til Akureyrar í bifreiðinni R. E. 1094 kr. 82.00“. Kveður áfrýjandi gjald þetta hafa verið miðað við venjuleg fargjöld á þeim tíma með áætlunarbifreiðum þessa leið, og hafi þau hjónin átt að greiða viðbótarfargjald, ef þau færu lengra í bifreið stefnda Björgvins. Þessari skýrslu áfrýjanda, sem styðst við orðalag ofangreindrar kvittunar, hefir stefnda Björgvin ekki tekizt að hnekkja, og verður því að telja áfrýjanda hafa verið farþega gegn borgun í bifreið hans, er slysið bar að höndum. Og þar sem ekki er upplýst, að slysið hefði hlotið að vilja til, þrátt fyrir aðgæzlu þá og varkárni, sem ökumanni var skylt að gæta, þá ber stefndi Björgvin samkvæmt 16. sbr. 15. gr. bifreiðalaga nr. 70/1931 ábyrgð á tjóni því, er áfrýjandi hefir beðið vegna umrædds ökuslyss.

Skaðabótakröfu sína sundurliðar áfrýjandi þannig:

1.	Fargjald fyrir þau hjón frá Reykjavík til Akureyrar	kr.	82.00
2.	Greitt Jóni Geirssyni lækni	—	50.00

3.	Greitt fyrir fæði og húsnæði áfrýjanda á Akureyri	kr.	120.00
4.	Greitt sjúkrahúsi á Akureyri	—	5.00
5.	Greitt nuddlækni	—	15.00
6.	Ferðakostnaður frá Akureyri til Reykjavíkur	—	51.60
7.	Ferðakostnaður frá Akureyri til Reykjavíkur	—	108.00
8.	Greitt Gunnlaugi Einarssyni lækni	—	110.00
9.	Greitt Karli Jónssyni lækni	—	50.00
10.	Greitt lyfjabúð K. E. A.	—	5.20
11.	Vinnutjón í 2½ mán. 200/00 ..	—	500.00
12.	Þjáningar og andlitsskemmdir ..	—	5000.00
	Samtals	kr.	6096.80

Upphæðir þær, sem í 2., 4., 5., 8., 9. og 10. lið greinir, hafa engum sérstökum andmælum sætt og verða því til greina teknar. Þessar fjárhæðir nema samtals kr. 235.20.

Um 1. lið. Áfrýjandi og eiginmaður hennar þykja ekki eiga rétt til að fá endurgreitt fargjaldið norður, þótt ökuslys þetta yrði í þeirri för. Verður þessum lið því ekki sinnt.

Um 3. lið. Áfrýjandi dvaldist á Akureyri vegna slyssins frá 26. júlí til 18. ágúst 1936. Kostaði fæði hennar og húsnæði þann tíma kr. 120.00. Þar sem hér er um kostnað vegna slyssins að ræða, þykir rétt að taka þenna kröfulið til greina að fullu.

Um 6. og 7. lið. Hér er talinn í tveimur liðum ferðakostnaður áfrýjanda og eiginmanns hennar með skipi frá Akureyri til Reykjavíkur. Eftir því, sem fyrir liggur, má ætla, að aukinn kostnaður þeirra hjóna við að fara með skipi hingað suður í stað bifreiðar nemi kr. 80.00, og þar eð ekki þótti

fært, að áfrýjandi færi suður með bifreið vegna meiðsla þeirra, er hún hafði hlotið, ber að dæma stefnda Björgvin til að greiða þenna kröfulið með kr. 80.00.

Um 11. lið. Í málinu er ekki upplýst, hvort áfrýjandi vann fyrir kaupi hjá öðrum á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Með tilliti til þess, að áfrýjandi hefir ekki getað notið sín til fulls við heimilisvinnu um nokkurt skeið vegna meiðslanna, þykja bætur fyrir vinnutjón hæfilega metnar kr. 200.00, er stefnda Björgvin ber að greiða.

Um 12. lið. Samkvæmt vottorði Jóns Geirssonar læknis, er stundaði áfrýjanda, meðan hún lá á Akureyri, fyrst eftir slysið, var meiðslum hennar þannig varið: „Sjúklingurinn hafði stóran skurð þvert yfir nefið, þar sem samskeyti beins og brjósks eru, og var miðnesisbrjóskið þar skorið frá og hægri nefbeinsvængur brotinn. Auk þess hafði sjúkl. marizt mikið aftan á v. læri". Kveður læknirinn hér vera um mikið líkamslýti að ræða, sem síðar verði frekar að gera við. Eftir að áfrýjandi kom til Reykjavíkur, leitaði hún lækninga hjá Gunnlaugi lækni Einarssyni við andlitsmeiðslunum, auk þess sem hún naut ljós- og nuddlækninga hjá Karli lækni Jónssyni vegna meiðsla á vinstra læri. Meiðslum áfrýjanda og afleiðingum þeirra lýsir Gunnlaugur læknir þannig í vottorði 16. marz 1937: „Nefið hafði skorizt mjög illa við slysið og aflagazt bæði utan og innan. Hún var að mestu gróin sára sinna, er hún kom til mín, og hafði fengið flatan nefhrygginn eða söðulnef, en við það höfðu nefgöngin kýtzt saman, einkum vinstra megin, og er það mjög þröngt og henni til baga við andardrátt, þótt eitt-

hvað mætti það laga við operation, er óhugsandi, að það geti orðið nokkurntíma jafngott."

Með hliðsjón af þessum lýsingum meiðslanna og afleiðinga þeirra þykja bætur fyrir þjáningar og lýti til handa áfrýjanda, sem var 24 eða 25 ára, er hún varð fyrir slysinu, hæfilega ákveðnar kr. 2400.00.

Greiðslur stefnda Björgvins til áfrýjanda verða þá kr. 235.20 + kr. 120.00 + kr. 80.00 + kr. 200.00 + kr. 2400.00 eða samtals kr. 3035.20 með 5% ársvöxtum frá 5. febrúar 1937 til greiðsludags.

Það þykir og rétt, að stefndi Björgvin greiði áfrýjanda samtals kr. 600.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Eins og fyrr segir, var héraðsdómur í máli þessu kveðinn upp 22. marz 1937. Þann 25. júní s. á. var áfrýjunarstefna tekin út í málinu af umboðsmanni áfrýjanda hér fyrir dómi, Stefáni Jóh. Stefánssyni hæstaréttarmálflutningsmanni, en þess ekki gætt að afla áfrýjunarleyfis. Málið var þingfest í hæstarétti í október 1937, en ágrip dómsgerða afhent réttinum 18. maí 1938. Málið skyldi flytja þann 23. nóv. s. á., en var þá frestað, og er það var á ný tekið fyrir í hæstarétti 19. des. s. á., hóf nefndur umboðsmaður áfrýjanda það. Var síðan tekin út áfrýjunarstefna að nýju að fengnu áfrýjunarleyfi, svo sem segir í upphafi dóms þessa. Með því að afla ekki áfrýjunarleyfis í öndverðu og með því að hefjast ekki handa um að fá úr því bætt, fyrr en eftir að meira en 20 mánuðir voru liðnir frá uppsögn héraðsdóms, hefir nefndur hæstaréttarmálflutningsmaður stofnað hagsmunum umbjóðanda síns í hættu, þar eð hann gat tæplega vænzt þess, að áfrýjunarleyfi yrði veitt,

er svo langt var um liðið, og verður því að víta hann fyrir vangæzlu þessa.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Björgvin Jónsson, greiði áfrýjanda, Víbekku Jónsdóttur, kr. 3035.20 með 5% ársvöxtum frá 5. febrúar 1937 til greiðsludags og samtals 600 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. marz 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 5. febrúar 1937 af Valdimar Ólafssyni innheimtumanni, Freyjugötu 28 hér í bæ, f. h. konu hans, Víbekku Jónsdóttur, gegn Guðmundi Ögmundssyni bifreiðarstjóra, Spítalastíg 1, Vátryggingarfélaginu Baltica og Björgvin Jónssyni trésmið, Bjarnarstíg 4 hér í bænum, og krefst stefnandi þess aðallega, að stefndur Guðmundur og stefnt vátryggingarfélag verði in solidum dæmd til að greiða sér skaðabætur að upphæð kr. 6096.80 með 5% ársvöxtum frá 5. febrúar 1937 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Til vara krefst stefnandi þess, að stefndur Guðmundur verði einn dæmdur til að greiða nefndar upphæðir, og til þrautavara, að stefndur Björgvin verði einn dæmdur til að greiða þær. Í tilefni af vara- og þrautavarakröfunni hefir nefndu vátryggingarfélagi verið stefnt til að gæta réttar síns.

Í flutningi málsins hefir stefnandi haldið við aðalkröfu sína og þrautavarakröfu, en hinsvegar hefir hann fallið frá varakröfunni, og verður því hérgreind þrautavarakrafa hans varakrafa í málinu.

Hin stefndu krefjast öll hvert fyrir sig aðallega sýknu og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda.

Málavextir eru þeir, að 25. júlí s. l. lögðu þau Valdemar Ólafsson, kona hans Víbekka Jónsdóttir, Lilja Friðjónsdóttir, Guðmundur Ögmundsson og Björgvin Jónsson af stað héðan úr bænum í skemmtiferðalag, og var förinni heitið norður að Mývatni. Fóru þau héðan á skipi upp í Borgarnes, en þaðan óku þau í fólksflutningsbifreiðinni R. E. 1094, sem er eign stefnds Björgvins, en vátryggð hjá stefndu vátryggingarfélagi. Á leiðinni norður stýrðu stefndir Björgvin og Guðmundur bifreiðinni til skiptis. 26. júlí voru þau stödd í Öxnadal á norðurleið. Stýrði þá stefndur Guðmundur bifreiðinni um stund eftir ósk allra, sem í henni voru. Þegar komið var á móts við Gloppu, fór bifreiðin til vinstri út af veginum og valt á hliðina. Þar, sem þetta skeði, er vegurinn beinn, en mjór og með lágum graskanti, en utan við sjálfan veginn er „grjótlaus jarðvegur". Hraði bifreiðarinnar var ca. 15 km. á klst., og aksturinn á allan hátt gætilegur. Bifreiðarstjórinn (stefndur Guðmundur) var vel fyrir kallaður og hafði ekki neytt áfengis og virtist athygli hans ekki beinast að neinu öðru en akstrinum. Umferð var engin og sólarlaust, en bjart af degi. Þegar bifreiðin ók út af, sat stefnanda (Víbekka) við hlið stefnds Guðmundar í ekilsætinu til vinstri í bifreiðinni, þar eð ekilsætið er hægra megin í henni. Í veltunni opnaðist vinstri framhurðin, án þess að ljóst sé, hversvegna, og lagðist fram með vélarhúsinu. Féll stefnanda þá að nokkru leyti út um dyrnar og varð á milli bifreiðarinnar annarsvegar og jarðarinnar hinsvegar og hlaut af því veruleg meiðsl, aðallega í andliti (á nefi).

Það, sem nú hefir verið sagt um útafaksturinn og slysið, er allt samkvæmt samhljóða framburði Valdemars Ólafssonar og stefndra Guðmundar og Björgvins fyrir lögreglurétti Reykjavíkur. Enginn nefndra manna kveðst geta gert sér grein fyrir orsök slyssins, og ekki liggur neitt fyrir, er bendi sérstaklega til þess, að bilun á bifreiðinni sjálfri né heldur vegkanti hafi valdið því.

Tjón það, sem stefnandi beið við slysið, telur hún nema kr. 1096.80, og með því að hún telur hin stefndu bera ábyrgð á því gagnvart sér, hefir hún nú stefnt þeim í máli þessu til greiðslu þess ásamt bótum fyrir þjáningar og andlitsskemmdir, að upphæð kr. 5000.00.

Um aðalkröfu stefnanda athugast, að í henni er gerð

sjálfstæð krafa á hendur vátryggingarfélaginu Baltica, sem bifreiðin var tryggð hjá. En þar eð telja verður það óheimilt í máli gegn bifreiðarstjóranum eða eiganda bifreiðarinnar út af slysinu, þá verður ekki lagður dómur á kröfuna gegn tryggingarfélaginu í máli þessu, og vísast málinu því frá dómi að því er tryggingarfélagið snertir, og ber að dæma stefnanda til að greiða því málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 70.00 kr.

Í flutningi málsins lýsti umboðsmaður stefnanda því yfir, að ef ekki þætti fært að dæma tryggingarfélagið og stefndan Guðmund in solidum til greiðslu bótanna, þá óskaði hann ekki, að stefndur Guðmundur yrði dæmdur til bótagreiðslu. Nú hefir stefndur Guðmundur krafizt sýknu, og með því að þeirri kröfu hans hefir ekki verið mótmælt sérstaklega, þá ber að taka hana til greina og sýkna hann af frumkröfu stefnanda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður gagnvart honum falli niður.

Varakröfuna byggir stefnandi á því, að hún hafi verið farþegi í umræddri bifreið, þegar slysið varð, enda hafi hún greitt fargjald. Bifreiðin hafi því í umrætt skipti verið til afnota fyrir almenning gegn borgun í merkingu bifreiðarlaganna og skipti ekki máli hér, þótt bifreiðin hafi annars verið einkabifreið, því að þegar skera eigi úr um það, hvort bifreiðin hafi verið til afnota fyrir almenning gegn borgun í merkingu 15. gr. bifreiðalaganna, þá eigi að fara eftir því, í hverskonar notkun bifreiðin hafi verið, þegar slysið varð, en ekki eftir því, hvernig bifreiðin að jafnaði var notuð. Og þar sem ekki sé sannað, að slysið hefði hlotið að vilja til, þrátt fyrir það, þótt ökumaður hefði sýnt alla þá varkárni, er honum var skylt, en það telur hún ósannað, né heldur að stefnandi sjálf eða þriðji maður hafi valdið slysinu af ásettu ráði eða vítaverðri óvarkárni, þá beri stefndur Björgvin ábyrgð á því samkvæmt 15. gr. bifreiðalaganna, og beri honum að bæta það.

Stefndur Björgvin byggir sýknukröfu sína á því, að bifreiðin hafi ekki í umrætt skipti verið til afnota fyrir almenning gegn borgun í merkingu 15. gr. bifreiðalaganna, og þar sem um ábyrgð hjá sér fyrir tjóninu geti heldur ekki orðið að ræða samkvæmt almennum skaðabótareglum, beri að sýkna sig í máli þessu.

Það er upplýst í málinu, að þeir, sem í bifreiðinni voru

í þetta skipti, voru allt góðir kunningjar, og heldur stefndur Björgvin því fram, að þeir hafi allir átt að greiða kostnað við ferðina hlutfallslega í félagi og hafi hann átt að reiknast út að lokinni ferðinni, en Valdemar hafi þó greitt sér fyrirfram kr. 82.00, sem aðeins hafi verið „slumpupphæð". Hafi þessi greiðsla verið fyrir Valdemar, stefnanda og Lilju, sem hafi verið á vegum Valdemars, gengið m. a. til þess að kosta flutning bifreiðarinnar með skipi frá Reykjavík til Borgarness. Stefndur Björgvin hefir og haldið því fram ómótmælt, að hann hafi ekkert átt að fá fyrir notkun sjálfrar bifreiðarinnar.

Stefnandi telur sig hinsvegar hafa greitt stefndum Björgvin nefnda upphæð kr. 82.00 sem fargjald, en svo hafi verið um samið, að hún skyldi bæta stefnanda upp, þ. e. greiða meira, ef þessi greiðsla reyndist ekki nóg.

Samkvæmt þessu verður rétturinn að telja, að upphæð sú, sem Björgvin fékk greidda, áður en ferðin hófst, hafi ekki verið annað en greiðsla upp í hlutfallslegan kostnað Valdemars, stefnanda og Lilju af ferðinni, og því ekki raunverulegt fargjald, enda hafi þau ekki átt að greiða fargjaldið, heldur hlutfallslegan kostnað af ferðinni. Verður því að telja, að bifreið stefnanda hafi í umrætt skipti ekki verið til afnota fyrir almenning gegn borgun í merkingu 15. gr. bifreiðalaganna, og með því að ekkert liggur fyrir, er bendi til þess, að stefndur Björgvin beri ábyrgð á slysinu samkvæmt almennum skaðabótareglum, ber að taka sýknukröfu hans til greina, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður gagnvart honum.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa því þau, að því vísast frá dómi að því er stefnt vátryggingarfélagið Baltica snertir, og verður stefnandi dæmdur til að greiða því málskostnað eins og áður segir.

Stefndir Guðmundur og Björgvin verða sýknaðir af kröfum stefnanda, en gagnvart þeim fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá dómi að því er snertir stefnt Vátryggingarfélagið Baltica, og greiði stefnandi, Valdemar Ólafsson f. h. Vibekku Jónsdóttur, því kr. 70.00 í málskostnað.

Stefndir Guðmundur Ögmundsson og Björgvin Jónsson eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda og falli málskostnaður gagnvart þeim niður.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. febrúar 1939.

Nr. 102/1937. **H/f Nafta** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Sigurði Þ. Skjaldberg
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Bætur vegna vanefnda á samningi um vöruflutninga.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 1. sept. 1937, hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2537.00 eða aðra lægri upphæð eftir mati dómsins með 5% ársvöxtum frá 21. apríl 1936 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í marzmánuði 1936 ákváðu stefndi, Alþýðubrauðgerðin og Haukur Björnsson að taka í félagi skipið „Nurgis“ á leigu til farmflutnings frá Englandi og Danzig til Reykjavíkur fyrir ca. 700 sterlingspund. Átti hver þeirra að ráðstafa ⅓ hluta af farmrými skipsins og með þeim hætti, að því er telja má upplýst, að hagnaður og tap, ef því yrði að skipta, skiptist milli þeirra með sama hætti. Haukur Björnsson fyllti sinn hluta, þar á meðal með því að heita á-

frýjanda flutningi á 100 smálestum af benzíni og smurningsolíu fyrir nokkru hærra farmgjald af smálest en tekið var fyrir flutning á öðrum vörum í skipinu. Og kom hagnaður af þessari ráðstöfun í hvers hlut samkvæmt framanskráðu. Verður að líta svo á, að í samningi hinna þriggja áðurnefndu aðilja hafi falizt umboð til handa Hauki Björnssyni frá stefnda og Alþýðubrauðgerðinni til samnings þess, er Haukur gerði við áfrýjanda, og að sá samningur hafi því skuldbundið þá alla þrjá, stefnda, Alþýðubrauðgerðina og Hauk, sbr. 18. gr. laga nr. 7/1936, enda samþykktu þeir stefndi og Alþýðubrauðgerðin þann samning skilorðslaust. Stefndi hlaut því, ásamt margnefndum félögum sínum, að bera áhættu á því, ef skipið tæki ekki vörumagn það, er áfrýjanda var heitinn flutningur á. Hefði áfrýjandi því getað krafið þá alla þrjá saman alla fyrir einn og einn fyrir alla bóta vegna taps á þeim vanefndum samningsins, sem í þessu máli greinir. En auk þess mátti hann krefja hvern einstakan þeirra allra bótanna, eins og hann hefir krafið stefnda í þessu máli.

Með því að dæma verður stefnda þessvegna til að greiða áfrýjanda bætur fyrir áðurnefndar vanefndir, þá koma til álita einstakir kröfuliðir áfrýjanda, og verða þeir athugaðir í sömu röð sem í héraðsdóminum greinir.

Um 1. og 3. Því er ekki mótmælt, að áfrýjandi hafi orðið að greiða kr. 1320.20 hærra farmgjald fyrir flutning þeirra ca. 40 smálesta, sem eftir urðu í Danzig af farmhluta hans, en hann hefði þurft að greiða, ef „Nurgis“ hefði flutt þær. Því er eigi heldur mótmælt, að áfrýjandi hafi lagt út þær kr. 102.64 vegna símskeytasendinga, er nauðsynlegar hafi verið og vanefndirnar hafi valdið. Verður því

að taka kröfurnar í þessum liðum að fullu til greina, samtals kr. 1422.84.

Um 2. Engar upplýsingar eru fram komnar um það, að uppskipun á þeim ca. 40 smálestum, er „Nurgis“ tók ekki, hafi orðið dýrari en hún mundi hafa orðið, ef þær hefðu komið í „Nurgis“. Gegn mótmælum stefnda verður þessi liður því ekki tekinn til greina.

Um 4. og 5. Ekki eru nægileg rök leidd að því, að áfrýjandi hafi beðið tjón það, er í þessum liðum getur, og verða þeir því ekki gegn mótmælum stefnda teknir til greina.

Samkvæmt framansögðu verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 1422.84 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 4. des. 1936, til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigurður Þ. Skjaldberg, greiði áfrýjanda, h/f Nafta, kr. 1422.84 með 5% ársvöxtum frá 4. des. 1936 til greiðsludags, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. júní 1937.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 9. des. 1936 af h/f Nafta, hér í bæ, gegn Sigurði Þ. Skjaldberg kaupmanni, Laugaveg 49 hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 2537.00 með 5% ársvöxtum frá 21. apríl 1936 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir reikningi eða mati réttarins.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavexti kveður stefnandi þá, að í byrjun marzmánaðar 1936 hafi svo um samist milli þess og stefnds í máli þessu, að hann flytti fyrir félagið ca. 100 tonn af benzíni og smurningsolíu frá Danzig til Reykjavíkur með e/s „Nurgis", er stefndur hafði gert farmsamning um. Umsamið flutningsgjald hafi verið 35 shillings fyrir hvert tonn, og skyldi uppskipun varanna vera innifalin í því gjaldi. Er vörur þessar, alls 100214 kg., hafi verið komnar á bryggju í Danzig til útskipunar í e/s „Nurgis", hafi skipstjórinn neitað að taka til flutnings nema 60284 kg., og hafi hann borið því við, að ekki væri rúm í skipinu fyrir meira. Það, sem eftir hafi verið skilið af vörunum, 32196 kg. af benzíni og 7734 kg. af smurningsolíu, hafi stefnandi orðið að flytja með m/s „Dr. Alexandrine", sem ekki hafi komið til Reykjavíkur fyrr en 24. apríl 1936, og hafi flutningsgjaldið með því skipi verið d. kr. 75.00 fyrir hvert benzíntonn og d. kr. 60.00 fyrir hvert olíutonn.

Tjón það, sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna þessa, sundurliðast þannig:

1.	Mismunur flutningsgjalds	kr. 1320.20
2.	Uppskipun á vörum úr m/s „Dr. Alexandrine	— 58.10
3.	Símskeytakostnaður	— 102.64
4.	Sölutap	— 985.00
5.	Vörurýrnun	— 71.06

eða samtals kr. 2537.00, sem er hin umstefnda upphæð, auk vaxta og málskostnaðar.

Sýknukröfu sína byggir stefndur fyrst og fremst á því, að hann hafi aldrei gert neinn samning við stefnanda um flutning á vörum fyrir félagið og hafi því ekkert vanefnt í þessu efni. Hann segir, að á síðastliðnu ári hafi hann, ásamt þeim Guðmundi R. Oddssyni og Hauk Björnssyni, samið við skipamiðlarafirmað „Faaberg & Jakobsson", hér í bæ, um flutning á einum skipsfarm frá London og Danzig til Reykjavíkur. Samkvæmt kröfu „Faaberg & Jakobsson" hafi farmsamningurinn verið stílaður á nafn stefnds, en engu að síður hafi þessir þrír menn verið í félagi um flutninginn og skipt skipinu samkvæmt því milli sín. Guð-

mundur R. Oddsson hafi svo tekið vörur handa Alþýðubrauðgerðinni í sinn hluta og stefndur fyrir heildverzlun sína í hans hluta, en hinsvegar sé honum (stefndum) ókunnugt um það, hvernig Haukur Björnsson hafi ráðstafað sínum hluta, sem hafi verið pláss fyrir 200 tonn af matvöru og „dekklest" eftir því sem rúm leyfði. Mótmælir stefndur því eindregið að hafa gefið Hauk nokkra heimild eða umboð til þess að semja við stefnanda eða aðra fyrir sína hönd, um farmflutning með e/s „Nurgis", og hafi Haukur gert það, hafi hann brostið heimild til slíks.

Stefnandi heldur því hinsvegar fram, að stefndur einn hafi verið aðili að farmsamningnum við „Faaberg & Jakobsson" og beri hann því alla ábyrgð gagnvart þeim, er sömdu um vöruflutninga með skipinu, þar á meðal stefnanda, er hafi samið við stefndan fyrir milligöngu Hauks Björnssonar, er hafi verið umboðsmaður stefnds við samningsgerðina samkvæmt framansögðu. Bendir stefnandi í þessu sambandi á framlagðan reikning frá stefndum til Hauks Björnssonar, svo og framburð Hauks þar að lútandi hér fyrir réttinum.

Á fyrrnefndum reikningi skuldar stefndur Hauk fyrir farmgjöld á vörum með e/s „Nurgis", bæði fyrir flutning á 200 tonnum af matvöru, svo og 60 tonnum af benzíni.

Þá hefir og Haukur Björnsson borið það sem vitni hér fyrir réttinum, að hann hafi f. h. stefnds haft milligöngu um samninga við stefnanda um að flytja fyrir félagið ca. 100 tonn af benzíni og smurningsolíum frá Danzig til Reykjavíkur með e/s „Nurgis", sem stefndur hafi tekið á leigu samkvæmt þar um gerðum farmsamningi. Vitnið kveðst og hafa samið við stefndan fyrir sjálft sig um flutning á ca. 100 tonnum af matvöru með skipinu, og hafi það fengið allan þann flutning, eins og um var samið.

Eins og áður er tekið fram, hefir stefnandi mótmælt því, að aðrir en stefndur einn hafi verið aðili oftnefnds farmsamnings gagnvart „Faaberg & Jakobsson", og gegn þessum mótmælum stefnanda hefir stefndur ekki fært sönnur á, að svo hafi verið, og verður því að telja stefndan einan sem hinn upprunalega farmsendanda.

Rétt sinn gagnvart honum byggir stefnandi á samningi þeim, er félagið segist hafa gert við Hauk Björnsson

sem umboðsmanns stefnds. Áðurnefndur framburður Hauks Björnssonar verður þó ekki, gegn mótmælum stefnds, talinn sanna það, að hann hafi haft umboð frá stefndum til að gera samninga við stefnanda, er skuldbundið gæti stefndan, og ekki verður heldur talið, að reikningur sá frá stefndum, er fyrr getur, sanni neitt um umboð af hálfu stefnds til Hauks Björnssonar í þessu efni. Og þar sem ekki er sýnilegt af því, sem fyrir liggur í málinu, að stefnandi hafi haft nokkra lögmæta ástæðu til að ætla, að Haukur Björnsson hefði umboð af hálfu stefnds til að gera samning þann, er stefnandi byggir skaðabótakröfu sína á, þá verður ekki talið, að stefnandi eigi sjálfur neina kröfu á hendur stefndum út af þessum atvikum, og verður því, þegar af þeirri ástæðu, að taka sýknukröfu stefnds í málinu til greina.

Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Sigurður Þ. Skjaldberg, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, h/f „Nafta", í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 22. febrúar 1939.

Nr. 59/1937. **Guðmundur Stefánsson**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Pétri Thoroddsen
(Sveinbjörn Jónsson).

Krafa um greiðslu fyrir læknisvitjun.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. júní 1937 að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. og gjafsóknarleyfi 30. apríl s. á. Krefst

hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Tengdafaðir áfrýjanda, Sveinn Ólafsson, er ásamt áfrýjanda og ljósmóðurinni Helgu Jónsdóttur var viðstaddur læknisaðgerð þá, er stefndi krefst greiðslu fyrir í máli þessu, hefir vottað í málinu og staðfest fyrir rétti, að það hafi verið „álit nærstaddra", að stefndi væri þá undir áhrifum áfengis. Þá hefir og nefnd ljósmóðir vottað það skriflega, „að héraðslæknir Pétur Thoroddsen var ölvaður við yfirsetu Katrínar Sveinsdóttur í Firði haustið 1931". Áfrýjandi fullyrðir einnig, að stefndi hafi verið undir áhrifum áfengis í þetta sinn. Vottorð Helgu ljósmóður hefir að vísu ekki verið staðfest fyrir rétti, en þrátt fyrir það þykir mega ráða af framangreindum skýrslum, að stefndi hafi að einhverju leyti neytt áfengis á meðan hann dvaldist í þetta skipti á heimili áfrýjanda. Er og upplýst í málinu, að á þessum tíma var mjög undan því kvartað í umdæmi stefnda, að hann neytti áfengis við læknisstörf.

Þar eð stefnda gat verið það ljóst, að hann naut ekki fulls trausts áfrýjanda og vandamanna hans í þetta sinn, var ekki rétt af honum að draga úr því, sem áfrýjanda var í mun, að til annars læknis næðist. Þá verður og að telja það ótilhlýðilegt af stefnda að framkvæma aðgerð þá, er í málinu getur, að óvörum ofangreindum vandamönnum móður og barns, enda halda þeir því fram, að atvik þetta hafi mjög á þá fengið. Átti stefndi að sjálfsögðu, þegar hann varð þess vís, að líf barnsins yrði ekki

bjargað, að skýra nefndum vandamönnum frá því, hvað fyrir höndum væri, í stað þess að láta þá fyrst verða þess vara við aðgerðina sjálfa.

Í máli þessu er ekkert fram komið, er mæli í gegn þeirri skýrslu stefnda, að nefnd læknisaðgerð hafi verið óhjákvæmileg eins og á stóð og að sjálf aðgerðin hafi verið framkvæmd á réttan hátt. En með því að svo mikill ljóður þykir hafa verið á framkomu stefnda í læknisferð þessari að öðru leyti, eins og vikið er að hér að framan, þá verður hann ekki talinn eiga kröfu til gjalds fyrir hana, og ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum hans í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, en laun skipaðs talsmanns áfrýjanda hér fyrir rétti, kr. 120.00, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Guðmundur Stefánsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Péturs Thoroddsen, í máli þessu.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður, en laun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, Stefáns Jóhanns Stefánssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 120.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukaréttar Suður-Múlasýslu 9. jan. 1937.

Tildrög málsins eru þau, er hér greinir: Hinn 25. sept. 1931 hafði kona stefnda, Guðmundar Stefánssonar, tekið jóðsótt og yfirsetukona verið sótt. Taldi hún sóttina hægfara og lagði til, að læknis yrði vitjað. Var að sögn stefnda fyrst leitað til Eiriks Björnssonar, starfandi læknis þá á Norðfirði, en hann var vant við látinn og vísaði til héraðslæknis Péturs Thoroddsen, stefnanda þessa máls, og

varð hann við áskorun um að koma. Aðiljar eru ekki sammála um, hvenær stefnandi hafi komið að Firði. Telur stefnandi sig hafa komið þegar um kvöldið hinn 25. sept., en stefndi kveður hann ekki hafa komið fyrr en að morgni næsta dags. Sat stefnandi síðan yfir konunni þann dag og næstu nótt, unz læknisaðgerðum hans lauk að kvöldi hinn 27. s. m. með höfuðstungu (perforatio) og framdrætti fósturs úr móðurlífi. Að morgni næsta dags hvarf stefnandi heim til sín. Fyrir þessa læknishjálp, lyf og umbúðir telur stefnandi að sér hafi borið samtals kr. 62.60, sem með áföllnum 6% vöxtum til 1. jan. 1935 nemi kr. 74.44, eða hinni umstefndu fjárhæð. Telur stefnandi stefnda hafa verið ófáanlegan til að greiða sér þessa kröfu og hefir því, eftir árangurslausa sáttatilraun, höfðað mál þetta fyrir aukarétti Suður-Múlasýslu gegn stefnda og krafizt greiðslu á kr. 74.44 auk 6% vaxta frá 1. jan. 1935 til greiðsludags, svo og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Stefndi hefir krafizt sýknunar og sér tildæmdan málskostnað.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að „öll frammistaða stefnanda“ við þetta tækifæri hafi verið „fyrir neðan öll takmörk velsæmis“ og fremur „vítaverð en launa“ og koma hans og aðgerðir „hafi leitt til hinna átakanlegustu óhappa og ógæfu“. Heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi verið undir áhrifum víns, er hann kom, og dvalið í Firði í því ástandi hátt á annan sólarhring, að hann hafi afstýrt komu og aðstoð annars læknis, sem aðstandendur treystu betur, og blekkt aðstandendur bæði með því að fullyrða fram á síðustu stundu, að fæðing mundi vandhæfislaust takast, án hættu fyrir móður og barn, og aðeins mundi þurfa „lítilfjörlega höfuðvendingu“ til að koma fæðingu í rétt horf, og einnig með því að undirbúa tangartak með fæðingartöngum, „en hafi síðan leynilega og öllum á óvart ráðizt í að kljúfa höfuð barnsins, án þess að gera tilraun til að nota önnur verkfæri til bjargunar“.

Í annan stað vefengir stefndi reikning stefnanda. Telur stefnanda reikna sér kaup fyrir oflangan tíma, 59 st. í stað 50 st., sem stafi af því, að stefnandi telji sig hafa komið að Firði þegar að kvöldi h. 25. sept. í stað 26. sept. að morgni, eins og áður getur. Dregur stefndi einnig í efa, að stefnandi eigi rétt á sérstöku ferðakaupi auk borgun-

ar fyrir aðgerðir sínar og yfirsetu. Telst stefnda svo til, að stefnanda beri eigi samkvæmt gjaldskrá lækna, er þá gilti, meira en 32—36 kr.

Máli sínu til stuðnings hefir stefndi lagt fram skýrslu tengdaföður síns, Sveins Ólafssonar í Firði, um „tildrög og upptöku málsins". Er skýrsla þessi allýtarleg lýsing á aðgerðum stefnanda við þetta tækifæri og kemur skýrslan, sem vitnið hefir staðfest fyrir rétti, mjög heim við það, sem stefndi hefir haldið fram í málinu. Þannig kveðst vitnið að áliðnum degi hinn 27. sept. hafa snúið sér símleiðis til héraðslæknisins á Seyðisfirði og beðið hann að koma, ef til alvarlegra aðgerða kæmi.

Hafi læknirinn tekið vel í það, en óskaði að tala áður við stefnanda, sem taldi hann frá að koma og sagði ástandið ekki alvarlegt, þó seint gengi. Var þá sendiför móti lækninum frestað, en símasamband haft við hann um nóttina. Litlu síðar hafi stefnandi lagt fæðingartengur í vatn og búið undir tangartak, og um kl. 10 að kvöldi hafi vitnið verið kvatt af yfirsetukonu til að vera til aðstoðar, ef þörf krefði.

Síðan hafi stefnandi, án þess nokkur viðstaddur hefði hugboð um, framkvæmt höfuðstunguna og tekið síðan tafarlaust hið aflífaða fóstur, sem virtist að öllu hafa borið rétt og eðlilega að. Hafi þessi óvænta læknisaðgerð valdið slíkum hughrifum og ógn hjá aðstandendum, að nærri hafi legið ósjálfræði, enda afleiðingarnar orðið langvarandi og lamandi sorg hjá þeim, einkum móðurinni. Telur vitnið það hafa verið álit nærstaddra, að stefnandi hafi þá verið undir áhrifum víns og því ekki með öllu sjálfrátt. Kveður vitnið stefnanda hafa krafið stefnda um borgun fyrir ferð og aðstoð nokkru síðar, en hann hafi verið ófús á að greiða kröfuna og að lokum neitað að greiða kaup fyrir slíkt verk og hegðun ódæmdur. Kveðst þá vitnið hafa boðið stefnanda að greiða honum úr sínum vasa 30—40 kr. og féllu svo niður kröfur og deilur um þetta óhappaverk, en stefnandi hafi eigi viljað ganga að því.

Þá hefir stefndi lagt fram mörg skjöl, er lúta að kærumáli bæjarstjórnar Neskaupstaðar á hendur stefnanda. Í flestum þessum skjölum er ekki minnst á það sérstaka tilfelli, sem mál þetta er risið út af, og eru því málinu sem slíku alveg óviðkomandi, en þau af þessum skjölum, sem

máli skipta, eru bréf Sveins Ólafssonar til dómsmálaráðuneytisins dags. 6. febr. 1933, skýrsla stefnanda til ráðuneytisins í tilefni af bréfi Sveins dags. 4. maí s. á. og bréf landlæknis til dómsmálaráðuneytisins dags. 29. maí s. á. Í bréfum Sveins Ólafssonar eru engar nýjar upplýsingar, en að bréfi landlæknis skal vikið síðar.

Enn hefir stefndi lagt fram vottorð yfirsetukonu þeirrar, sem sat yfir sængurkonunni, þess efnis, að stefnandi hafi verið ölvaður við yfirsetuna, að engin sýnileg breyting hafi orðið á líðan konunnar síðasta dægrið, áður en læknirinn framkvæmdi fæðinguna, að stefnandi hafi ekki gert tilraun til að nota önnur verkfæri við fæðinguna en áhald það, sem notað er við höfuðstunguna, og að henni hafi verið ókunnugt um, er læknirinn undirbjó fæðinguna, að hann mundi nota önnur verkfæri en venjulega fæðingartöng.

Vottorði þessu er mótmælt af stefnanda, og hefir það ekki verið staðfest fyrir rétti.

Stefnandi hefir í sókn sinni gefið allýtarlega skýrslu um læknisaðgerðir sínar við þetta tækifæri.

Lengi framan af, segir stefnandi, að fæðing hafi verið hægfara. Stóð höfuð barnsins svo hátt, að illt var að ná til þess, en líðan konunnar bærileg og engin sjáanleg hætta fyrir móður eða fóstur. En við rannsókn á því, hvað valda mundi, að fæðingin gekk svo seint, kveðst stefnandi hafa komizt að raun um, að höfuðið hafði ekki gengið niður í grind, sökum þess að höfuðið bar hallt að grindinni, eða að „eftra eyra fósturs (í hlutfalli við grind konunnar)“ vissi niður, eins og stefnandi orðar það. Jafnskjótt og stefnanda varð þetta ljóst, ákvað hann að reyna vendingu á fóstrinu, sem sé eina ráðið, ef tekst, til að ná lifandi barni, en við vendingartilraunina hafi komið fram samdráttarhringur (kontraktions-hringur), sem sé í því fólginn, að á takmörkuðu svæði í leginu myndist krampakenndur herpingur, sem geri vendingu óframkvæmanlega.

Færir stefnandi rök að því með tilvitnun í erlendar læknisfræðibækur, að þegar þetta tvennt fer saman, lega fóstursins í móðurlífi, eins og hann lýsir því, og téður samdráttur í leginu, sé aðeins eitt úrræði til að bjarga lífi móðurinnar, sem sé höfuðstungan, og þessi aðgerð hans hafi því verið óumflýjanlega nauðsynleg.

Stefnandi neitar því að hafa verið undir áhrifum áfengis á meðan hann dvaldi í Firði í þetta skipti, og með þeim gögnum, sem stefndi hefir lagt fram varðandi þetta atriði, þykir ekki fengin full sönnun gegn mótmælum stefnanda fyrir ölvun hans, enda verður að álíta, að ekki hafi verið að því mikil brögð, þar sem þessa er ekki getið sérstaklega í bréfi Sveins Ólafssonar til dómsmálaráðuneytisins dags. 6. febr. 1933, og er þó í bréfinu harðlega deilt á stefnanda fyrir drykkjuskap hans og óreglu í því sambandi.

Stefnandi neitar því einnig að hafa afstýrt komu héraðslæknisins á Seyðisfirði og að hafa neitað aðstandendum að beiðast aðstoðar hans. Kveðst aðeins hafa verið kvaddur af Sveini Ólafssyni til viðtals við lækninn. Hafi læknir spurt, hvort hann teldi nauðsyn á hjálp hans eða ekki, og hafi hann þá ekki getað svarað öðru en að hann væri þess fullviss, að slík nauðsyn væri ekki fyrir hendi.

Stefnandi kveðst hafa sagt ljósmóðurinni, hvað að var, strax og honum var það ljóst, en hann hafi séð, að hún þekkti ekki þessa óreglu og virðist þá hafa hætt við að skýra þetta nánar fyrir henni. Öðrum hafi hann ekki heldur skýrt frá fyrirætlunum sínum. Telur hann það fyrst og fremst hafa verið alveg tilgangslaust, hefði engin áhrif getað haft á úrslitin, og í öðru lagi sé það ekki venja lækna undir slíkum kringumstæðum.

Það verður að telja upplýst, enda ekki mótmælt af stefnda, að sjálft læknisverkið, höfuðstungan og síðan framdráttur fósturs úr móðurlífi hafi verið framkvæmd á réttan hátt — lege artis —. Ef því lýsing stefnanda á aðstæðum er rétt, svo og fullyrðing hans um, að þessi aðgerð hafi verið óumflýjanlega nauðsynleg, verður stefnanda ekki gefið að sök, að ekki tókst betur til við barnsburðinn.

Það er því ekki læknisverkið sjálft, sem um er deilt, heldur hitt, sem telja verður aðalatriðið, hvort sjúkdómsgreining (indikation) stefnanda hafi verið rétt, og hvort þar af leiðandi hafi þurft að grípa til slíkra neyðarráðstafana, sem lýst hefir verið.

Nú er það svo, að um ástand móður og fósturs er stefnandi einn til frásagnar og það er ekki á færi réttarins né annarra en sérfróðra manna að dæma um, hvort skýring stefnanda á nauðsyn þessarar aðgerðar hafi við rök að styðjast.

Álit læknisfróðra manna um þetta atriði liggur ekki fyrir í málinu, nema hvað landlæknir drepur á það í bréfi sínu til dómsmálaráðuneytisins dags. 29. maí 1933, og telur skýrslu þá, sem stefnandi hafði gefið um aðgerðir sínar við fæðinguna, ekki ósennilega, og í málsvörn sinni hefir stefndi lagt aðaláherzluna á framkomu stefnanda, neitun hans á að þiggja aðstoð annars læknis og framkvæmd læknisaðgerðar, án vitundar aðstandenda, en hinsvegar ekki neitað því berum orðum, að lýsing stefnanda á ástandinu væri rétt, né heldur gagnrýnt þau rök, sem stefnandi færir fyrir gerðum sínum, enda þótt málfærslan beri það með sér, að stefndi trúir því ekki, að ekki hefði mátt takast að bjarga lífi bæði móður og barns, og álítur, að stefnanda hafi skort tilfinnanlega dómgreind til að meta þau vandræði, sem hann var kvaddur til að leysa.

Í fyrrgreindu bréfi sínu til dómsmálaráðuneytisins farast landlækni meðal annars þannig orð: „Raunar er það ekki (sic) svo, að sérstaklega má standa á, ef unnt á að vera að sanna læknisfræðileg afglöp á lækni, sem einn læknisfróðra manna hefir verið að störfum og hefir jafnan í hendi sinni eftir á að gefa hverjar þær skýringar, sem nauðsynlegar eru til réttlætingar gerðum sínum. Læknum verður því seint haldið til réttrar breytni og grandvarleika í störfum sínum með því að láta þá óttast, að á þá sannist afglöp og yfirsjónir, sem að við lög varði."

Af þessum ummælum verður að draga þá ályktun, að það sé álit landlæknis, að læknum beri yfirleitt ekki að færa sönnur á, að þeir hafi farið rétt að í gerðum sínum, heldur hvíli sönnunarskylda í þessum efnum á þeim, er gerðir læknanna véfengja, og verður að fallast á, að þetta hljóti að vera aðalreglan, bæði vegna þess, hve erfitt og oft og tíðum ókleift getur verið fyrir lækni að sanna, að ekki hefði mátt betur takast til um gerðir hans, en einnig vegna þess, að strangar kröfur til lækna í þessum efnum mundu gera þá of deiga til framkvæmda og draga meira en hollt væri úr áræði þeirra til framkvæmda á hættulegum en jafnframt nauðsynlegum aðgerðum.

Þar sem stefndi samkvæmt framansögðu hefir ekki leitað álits læknisfróðra manna um skýrslu stefnanda um aðgerðir hans, og ekki liggur fyrir af hálfu stefnda gagnrýni á hinum frædilegu rökum, sem stefnandi færir fyrir

gerðum sínum, verður að áliti réttarins ekki hjá því komizt að telja ósannað, að frásögn stefnanda sé röng í þessu efni, heldur beri að leggja skýrslu hans til grundvallar, er meta skal sýknuástæðu stefnda.

Stefndi hefir, eins og áður er getið, lagt aðaláherzluna á framkomu stefnanda, sérstaklega að því leyti, að hann hafi afstýrt komu annars læknis og blekkt aðstandendur og ráðizt í þessar aðgerðir þeim að óvörum. Um fyrra atriðið má telja það upplýst, að stefnanda hafi átt að vera það ljóst, að aðstandendur óskuðu nærveru annars læknis, sem hann mundi hafa getað fengið til aðstoðar, ef hann hefði óskað. En þar sem, eins og fyrr er greint, leggja verður til grundvallar skýrslu stefnanda um ástand móður og fósturs og nauðsyn þeirrar aðgerðar, sem hann viðhafði, verður ekki séð, að koma annars læknis hefði nein áhrif getað haft á úrslitin og skipti því ekki máli, hvort stefnandi þáði þá aðstoð, sem ætla má, að honum hafi staðið til boða, eða ekki.

Aðilja greinir á um, hvort það sé venja lækna undir þeim kringumstæðum, sem hér voru fyrir hendi, að skýra fyrir aðiljum, hvað gera þurfi, áður en aðgerð er hafin. Heldur hvor fram sinni skoðun, án þess frekari upplýsinga hafi verið leitað. En enda þótt rétturinn sé þeirrar skoðunar, að stefnandi hefði átt að skýra málið fyrir aðstandendum, áður en hann réðist í svo örlagaríka aðgerð, sem þessi var, þá geti þessi yfirsjón hans útaf fyrir sig ekki svipt hann rétti til að krefjast borgunar fyrir starf sitt, ef aðgerðin á annað borð var óumflýjanlega nauðsynleg, eins og ganga verður út frá að verið hafi, svo sem að framan greinir.

Af framangreindum ástæðum verður því sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina.

Mótmæli sín gegn reikningi stefnanda byggir stefndi fyrst og fremst á því, að dvöl stefnanda frá heimili sínu vegna þessarar læknisvitjunar hafi verið styttri en stefnandi heldur fram, eða 50 stundir í stað 59 stundir, sem stafar af því, eins og áður er getið, að stefnandi telur sig hafa komið strax að kvöldi h. 25. sept. í stað þess að morgni næsta dags. Hefir stefndi lagt fram vottorð 2 vitna máli sínu til stuðnings, en vottorðinu er mótmælt af stefnanda, og hefir það ekki verið staðfest fyrir rétti. En þar sem

telja verður, að stefndi hafi þó fært nokkrar líkur fyrir staðhæfingu sinni með framlagningu téðs vottorðs, og stefnandi virðist hafa átt auðveldara með að færa sönnur á þetta atriði t. d. með framlagningu staðfests eftirrits af því, sem hann samtímis hefir skráð um ferðina í bækur sínar, eða með vitnisburði þeirra manna, sem fluttu hann, þykir stefnandi verða að bera hallann við, að þetta atriði er óupplýst, og því verði að ganga út frá, að dvöl hans frá heimili sínu hafi ekki farið fram úr 50 st., eins og stefndi heldur fram. Þá dregur stefndi það í efa, að stefnanda beri sérstakt ferðakaup auk þóknunar fyrir yfirsetu og aðgerðir, en samkvæmt þeirri venju, sem álita verður að myndazt hafi um þetta, þykir stefnandi bæði eiga rétt til slíks ferðakaups og að það sé ekki of hátt talið eins og hann gerir.

Sé gengið út frá, eins og stefnandi heldur fram, að hann hafi komið heim kl. 6 að morgni hinn 28. sept., reiknast ferðakaup, miðað við 50 st. fjarveru, þannig: Frá kl. 4 að morgni hinn 26. sept. til kl. 4 að morgni hinn 28. sept. 2 × 6 kr. = 12 kr., og frá kl. 4—6 að morgni hinn 28. sept. 2 × 0.50 = 1 króna, eða alls 13 kr. í stað kr. 17.10, sem stefnandi reiknar sér, og þar sem ekki er ágreiningur um aðra liði reikningsins, lækkar krafa stefnanda því um kr. 4.10 úr kr. 62.60 í kr. 58.50.

Þá virðist stefnanda bresta heimild til að reikna vexti af kröfunni hærri en 5%.

Þessu samkvæmt ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 58.50 auk 5% vaxta frá 1. jan. 1932 til 1. jan. 1935 kr. 9.23 = kr. 67.73, auk 5% vaxta frá 1. jan. 1935 til greiðsludags.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Guðmundur Stefánsson, greiði stefnanda, Pétri Thoroddsen, kr. 67.73 með 5% vöxtum frá 1. jan. 1935 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. febrúar 1939.

Nr. 74/1938. **Þorleifur Benedikt Þorgrímsson**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Sigurði Þ. Skjaldberg
(Einar B. Guðmundsson).

Krafa um vangoldna húsaleigu. Kyrrsetningargerð felld úr gildi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 1. júlí 1938, hefir krafizt þess *aðallega*, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnda, að minnsta kosti að svo stöddu, en *til vara*, að upphæð sú, er hann kynni að verða dæmdur til að greiða stefnda, verði færð niður frá því, sem í héraðsdóminum segir, eftir álitum dómsins. Þá krefst áfrýjandi ómerkingar á kyrrsetningargerð þeirri, er fram fór á eignum hans 16. febr. f. á. og í héraðsdóminum greinir. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar af stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Ennfremur hefir áfrýjandi áskilið sér óskertan rétt til bóta hjá stefnda vegna áðurnefndrar kyrrsetningargerðar.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það er ágreiningslaust í málinu, að ekki hafi orðið samkomulag um það milli aðilja, að húsaleiga sú, er mál þetta er af risið, skyldi greiðast fyrirfram fyrir nokkurt tiltekið tímabil af leigutímanum. Og með því að engar sannanir eru komnar fram um venju, er skapazt hafi í þá átt, verður það ekki talið, að áfrýjanda hafi verið skylt að greiða leiguna fyrir-

fram. Leiga eftir þann hluta janúar 1938, sem áfrýjandi hafði afnot húsnæðisins, féll því ekki í gjalddaga fyrr en um mánaðmótin jan.—febr., s. á. Það verður að telja venju, að húsnæði sé skilað hreinu í hendur nýs leigutaka, enda á hann aðgang að leigusala um það. Fráfarandi leigutaki hafði ekki, svo sannað sé, undirgengizt gagnvart áfrýjanda neina skyldu í þessu efni, og hlaut hann að eiga heimtingu á því, að stefndi innti þessa skyldu af hendi, þar sem engar sannanir eru fram komnar um það, að stefndi hafi samið sig undan henni. Var stefnda skylt að láta gera húsnæðið hreint svo fljótt sem verða mátti. Þetta gerði stefndi ekki, og var áfrýjanda því rétt að láta vinna verkið á kostnað stefnda. Þetta gerði áfrýjandi, og var verkinu lokið 24. jan. f. á. Frá næsta degi verður að telja skyldu áfrýjanda til að greiða leigu fyrir janúarmánuð. Nemur sú leiga 110 $\times$ 7 : 31 = kr. 24.84. Vinna við hreingerningu á húsnæðinu nam ómótmælt kr. 24.00, auk þvottaefnis. Var áfrýjanda rétt að láta kostnað af hreingerningunni koma upp í leiguna eftir janúar. Var hann því raunverulega skuldlaus við stefnda 1. febrúar 1938.

Samkvæmt því, er áður segir, varð leiga eftir febrúar 1938 ekki kræf fyrr en 1. næsta mánaðar. Samkvæmt því var óheimilt að kyrrsetja eignir áfrýjanda til tryggingar febrúarleigunni þann 16. febrúar, eins og gert var. Verður því að ómerkja með öllu kyrrsetningargerð þessa. Hinsvegar verður að líta svo á, að áfrýjandi hafi með því að undirgangast fyrir fógetarétti að rýma húsnæðið fyrir sunnudaginn 20. s. m., enda þótt honum væri það óskylt, skuldbundið sig til að lúka skiptunum og þar með greiða leigu eftir þann hluta febrúar, sem hann hafði haft

afnot húsnæðisins, eigi síðar en laugardaginn 19. s. m., þann dag, sem stefna var gefin út í málinu. Leigu þessa verður að reikna frá 1. til 16. febr. incl., með því að hin ólögmæta kyrrsetning, sem ómótmælt tók til mestalls vöruforða áfrýjanda, svipti hann raunverulega afnotum húsnæðisins til þeirrar atvinnu, er það var honum leigt til. Þessi leiga nemur því 110 × 16 : 28 = 62.86, er dæma verður áfrýjanda til að greiða stefnda með 5% ársvöxtum frá 20. febr. 1938 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum og málavöxtum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti með samtals 450 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Kyrrsetningargerð 16. febr. 1938 á að vera ómerk.

Áfrýjandi, Þorleifur Benedikt Þorgrímsson, greiði stefnda, Sigurði Þ. Skjaldberg, kr. 62.86 með 5% ársvöxtum frá 20. febr. 1938 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 450.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. maí 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 19. febrúar 1938 af Sigurði Þ. Skjaldberg kaupmanni, hér í bæ, gegn Þorleifi Ben. Þorgrímssyni kaupmanni, Grettisgötu 77 hér í bænum, og eru dómkröfur stefnanda í því þessar: *aðallega*, að stefnd-

ur verði dæmdur til að greiða sér kr. 951.90 með 5% ársvöxtum frá 16. febrúar 1938 til greiðsludags, en *til vara* upphæð, er rétturinn telur hæfilega, með sömu vöxtum frá og til sama tíma. Ennfremur krefst stefnandi þess, að staðfest verði löghaldsgerð, er fram fór til tryggingar hinni umstefndu skuld þann 16. febrúar 1938, og að stefndur verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu.

Stefndur krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins, en *til vara*, að stefnukrafan verði lækkuð samkvæmt mati réttarins og að málskostnaður verði þá látinn falla niður. Þá krefst stefndur þess og, að framangreind löghaldsgerð verði dæmd ólögmæt og hún felld úr gildi.

Málsatvik eru þau, að í ársbyrjun 1938 hafði Gunnar nokkur Kristjánsson, sem þá rak verzlun, á leigu sölubúð í húsi stefnanda nr. 58 við Laugaveg, hér í bænum, og var leigutími hans ákveðinn til 1. október 1938. Í byrjun janarmánaðar 1938 fóru þeir Gunnar og stefndur í máli þessu að ræða um það sín á milli, að stefndur keypti verzlunina af Gunnari, og þá jafnframt, hvort stefndur myndi ekki fá að halda búð Gunnars. Varð það úr, að stefndur keypti verzlunina af Gunnari og tók búðina á leigu hjá stefnanda.

Skýrir stefnandi svo frá, að leigutími stefnds hafi hafizt 18. janúar og svo hafi verið um samið, að stefndur hefði búðina til 1. október 1938. Leigan hafi átt að vera kr. 110.00 um mánuðinn og greiðast fyrirfram fyrsta dag hvers mánaðar fyrir einn mánuð í senn. Stefndur hafi hinsvegar ekkert verið búinn að greiða þann 16. febrúar 1938, og hafi hann því beiðst þess, að lagt yrði löghald á eignir stefnds fyrir allri leigunni til 1. okt. 1938, en hún hafi þá öll verið fallin í gjalddaga vegna vanefnda stefnds. Löghaldsgerðin fór síðan fram 16. febrúar, þrátt fyrir andmæli stefnds, en aðeins fyrir kr. 474.00 með 5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og öllum kostnaði, það er, stefnandi breytti kröfum sínum á þessa leið í fógetaréttinum. Í framhaldi af löghaldsgerðinni höfðaði stefnandi síðan mál þetta og gerir í því áðurgreindar kröfur, sem hann byggir á nýgreindri frásögn sinni um málavöxtu.

Stefndur byggir kröfur sínar hinsvegar á því, að hann hafi ekki tekið búðina á leigu fyrr en 24. janúar 1938, að ekki hafi verið um það samið, að leigan skyldi greidd fyrirfram, og hafi því engin greiðsla verið fallin í gjalddaga,

þegar löghaldið var gert, og það því verið með öllu ólögmætt, og loks á því, að leigutíminn hafi verið alveg óákveðinn og alls ekki miðaður við 1. október 1938.

Í málinu er það viðurkennt, að stefndur fékk afhenta lykla að búðinni 17. janúar, en hinsvegar mun hann ekki hafa farið að verzla þar fyrr en 24. janúar, og er svo að sjá, að búðin hafi verið lokuð þennan tíma. Kveður stefndur, að á þessu tímabili, eða 23. og 24. janúar, hafi farið fram hreingerning á búðinni, er hann hafi að vísu séð um, en stefnandi átt að kosta, og hafi leigutíminn ekki átt að hefjast né hafizt fyrr en hreingerningunni var lokið, eða 24. janúar. Þessum staðhæfingum stefnda hefir stefnandi eindregið mótmælt, og með því að stefndur hefir ekki sannað þær, virðist réttinum upphaf leigutímans ekki verða miðað við annað tímamark en 18. janúar, en þann dag virðist stefndur hafa fengið umráð búðarinnar að öllu leyti, og lykla að henni hafði hann fengið afhenta þann 17. janúar, eins og áður segir.

Ekki liggja fyrir neinar sannanir um, hvenær leigan skyldi greidd, né heldur er upplýst um neina venju um það, þegar um leigu sölubúða er að ræða. En með því að það er orðin venja, þegar um leigu íbúða er að ræða, að leigan sé greidd fyrirfram, og svipuð sjónarmið koma til greina um hvorttveggja að því er snertir greiðslu leigunnar, þá þykir verða að líta svo á, að hún hafi átt að greiðast fyrirfram, enda verður það að teljast eðlilegast að því er alla húsaleigu snertir. Verður því að telja, að eins og á stóð hafi leigan verið fallin í gjalddaga, er löghaldið var gert.

Til stuðnings því, að leigutíminn hafi verið ákveðinn til 1. október 1938, hefir stefnandi bent á, að leigutími Gunnars hafi verið ákveðinn til þess dags og að stefndur hafi í raun og veru tekið að sér skyldur hans. Vitnið Jóhann V. Daníelsson, sem stefnandi sendi með útfylltan leigusamning til stefnds til undirskriftar, en sem stefndur neitaði að skrifa undir, hefir borið, að stefndur hafi ekkert haft við það út af fyrir sig að athuga, að í samningnum stóð, að leigutíminn skyldi vera til 1. október 1938. En með því að þetta bar ekki sérstaklega á góma með Jóhanni og stefndum, svo og því, að stefndur neitaði algerlega að undirrita samninginn, þá hefir þessi framburður Jóhanns ekkert sönnunargildi um lengd leigutímans. Með því nú að ósannað er, að stefndur hafi tek-

ið að sér skyldur Gunnars samkvæmt samningi hans við stefnanda, og það verður jafnframt að teljast óliklegt, þar eð stefnandi ætlaði að láta hann undirrita nýjan samning í stað þess að rita á hinn, og með því að vitnisburður Jóhanns V. Daníelssonar er þýðingarlaus um þetta atriði, og með því loks, að ekki er á annan hátt sannað, að leigutíminn hafi átt að vera til 1. október 1938, þá verður rétturinn að ganga út frá því við dómsálagninguna, að leigutíminn hafi verið óákveðinn. Og þar eð ekki er nein venja mynduð um, að sölubúðir séu leigðar til ákveðinna flutningsdaga á sama hátt og íbúðir, þá þykir verða að líta svo á, að þeim megi, þegar þær eru leigðar til óákveðins tíma, segja upp frá hvaða tíma sem er, aðeins með hæfilegum uppsagnarfresti. Stefndur hefir nú að vísu aldrei sagt búðinni upp, en í sambandi við útburðargerð, er byrjað var á hjá honum 16. febr., lofaði hann því í fógetaréttinum, að hann yrði fluttur úr búðinni fyrir 20. s. m., og þykir mega jafna þessu við uppsögn hans á leigusamningnum. Þrátt fyrir þetta loforð, flutti stefndur ekki úr búðinni, og var útburðinum því haldið áfram, þó ekki fyrr en 9. þ. m., en þann dag var stefndur borinn út og s[illegible]ptur öllum umráðum yfir húsnæðinu. Þegar útburðurinn var framkvæmdur, voru þannig liðnir tæpir þrír mánuðir frá því að stefndur gaf umrætt loforð, sem rétturinn telur að jafna megi við uppsögn hans. Það verður því ekki talið, að stefndum beri að greiða leigu lengur en til útburðardags, eða fyrir tímabilið frá 18. janúar til 9. maí 1938, og verður hin tildæmda leiga því kr. 414.40. Af þessari upphæð ber stefndum að greiða stefnanda 5% ársvexti frá 16. febrúar 1938. Málskostnaður til handa stefnanda þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 75.00. Fyrir þessum upphæðum ber og að staðfesta framangreinda löghaldsgerð.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Þorleifur Ben. Þorgrímsson, greiði stefnandanum, Sigurði Þ. Skjaldberg, kr. 414.40 með 5% ársvöxtum frá 16. febrúar 1938 til greiðsludags og kr. 75.00 í málskostnað. Framangreind löghaldsgerð staðfestist fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. febrúar 1939.

Nr. 128/1937. **Sigurður Þorsteinsson f. h. Rauðarárbúsins** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Mjólkursamlagi Kjalarnesþings
(Eggert Claessen).

Krafa mjólkurframleiðanda á hendur mjólkursamlagi um greiðslu eftirstöðva mjólkurandvirðis og bóta, vegna þess að samlagið hafði neitað að taka við mjólk frá honum til gerilsneyðingar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. október 1937 og krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 577.56 eða til vara aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins með 5% ársvöxtum frá 11. júlí 1936 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar af stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst þess þar á móti, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Heildarkrafa áfrýjanda greinist í: I. Bótakröfu, að fjárhæð kr. 459.52, vegna synjunar stefnda að veita mjólk frá áfrýjanda móttöku til gerilsneyðingar og II. kröfu um kr. 118.04, sem áfrýjandi telur vangreiddar fyrir innlagða mjólk.

Um I. Þann 14. janúar 1935 löggilti landbúnaðarráðherra samkvæmt lögum nr. 1 frá 1935 mjólkurbú Mjólkurfélags Reykjavíkur til framleiðslu á gerilsneyddri mjólk og fleiri mjólkurafurðum. Var löggildingin, svo sem 7. gr. laganna heimilar, bundin

því skilyrði, að Mjólkurfélagið tæki til gerilsneyðingar mjólk frá utanfélagsmönnum gegn sanngjörnu gjaldi, sem ráðherra skyldi ákveða. Þann 31. marz 1936 seldi Mjólkurfélag Reykjavíkur stefnda í máli þessu greint mjólkurbú. Hélt því næst stefndi, sem ekki aflaði sér sérstakrar löggildingar til framleiðslu á mjólkurföngum, starfrækslu mjólkurbúsins áfram á grundvelli þeirrar löggildingar, sem Mjólkurfélag Reykjavíkur hafði fengið. Með því að stefndi neytti þannig réttinda þeirra, sem leiddu af löggildingu mjólkurbúsins, þá batzt hann jafnframt m. a. skyldu til að gerilsneyða mjólk utansamlagsmanna. Nú er það ljóst af sakargögnunum, að stefndi hefir skorizt undan því að taka við mjólk áfrýjanda um tímabilið 4.—11. júlí 1936, að báðum dögunum meðtöldum, og hefir hann með því gerzt skyldur til að bæta áfrýjanda það tjón, sem hann hefir af því hlotið. Áfrýjandi hefir sýnt fram á, að mjólkurframleiðsla hans á þessu tímabili nam 1542 lítrum. Þessa mjólk segist hann alls ekki hafa getað hagnýtt og hefir því til stuðnings skírskotað til vottorða nokkurra manna, sem kveðast á þessum tíma hafa fengið hjá honum undanrennu til gjaldfrjálsra afnota, og kveða þeir áfrýjanda hafa boðið þeim meira en þeir höfðu þörf fyrir. Miðað við að áfrýjandi hefði átt að fá 29.8 aura fyrir mjólkurlítrann, segist hann þannig hafa skaðast um kr. 459.52 vegna ofangreindra aðgerða stefnda. Eins og á stóð, þykir mega ganga að því vísu, að áfrýjanda hafi verið illkleift að koma mjólk þeirri, er stefndi synjaði viðtöku, í verð, og hún hafi þess vegna farið að nokkru til spillis. Þó þykir mega ætla, að honum hafi verið þess kostur að hafa nokkurt verðmæti upp úr henni. Samkvæmt þessu þykir hæfilegt að gera stefnda að greiða 75% af þessari

kröfu, eða kr. 344.64 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 25. september 1936.

Um II. Með bréfi 16. janúar 1936 kvað landbúnaðarráðherra svo á, að hámarksgjald fyrir gerilsneyðingu mjólkur utansamlagsmanna í mjólkurbúi því, er stefndi síðan keypti 31. marz 1936, skyldi vera 2.2 aurar á lítra. Þrátt fyrir þetta hélt stefndi eftir 3 aurum sem gerilsneyðingargjaldi fyrir hvern lítra mjólkur áfrýjanda. Telur áfrýjandi stefnda hafa þannig frá byrjun apríl til júníloka 1936 vangoldið sér kr. 118.04 og vill nú sækja þessa fjárhæð í hendur honum. En áfrýjanda hefir gegn andmælum stefnda ekki tekizt að færa sönnur á, að hann hafi slegið við stefnda varnagla um frekari greiðslu, þegar hann tók við borgun fyrir mjólk þá, er hann lagði inn til stefnda á nefndu tímabili, og verður þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af þessari kröfu. Eftir lyktum málsins verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Mjólkursamlag Kjalarnesþings, greiði áfrýjanda, Sigurði Þorsteinssyni f. h. Rauðarárbúsins, kr. 344.64 með 5% ársvöxtum frá 25. september 1936 til greiðsludags og samtals kr. 400.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. okt. 1937.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 1. okt. 1936 af Sig-

urði Þorsteinssyni f. h. „Rauðarárbúsins“, hér í bæ, gegn stjórn Mjólkursamlags Kjalarnesþings f. h. samlagsins, þeim Birni Birnir, Grafarholti, Ólafi Bjarnasyni, Brautarholti, Einar Ólafssyni, Lækjarhvammi, Ellert Eggertssyni, Miðfelli, og Lorentz Thors, Korpúlfsstöðum, til greiðslu á kr. 577.56 með 5% ársvöxtum frá 11. júlí 1936 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Hið stefnda mjólkursamlag hefir *aðallega* krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, *til vara*, að það verði algerlega sýknað af öllum kröfum stefnanda, og *til þrautavara*, að hin umstefnda krafa verið lækkuð, en hvernig sem málið fer krefst það þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Frávísunarkröfuna byggir stefnda fyrst og fremst á því, að máli þessu sé algerlega ólöglega stefnt, þar sem enginn réttaraðili sé til, er heiti „Rauðarárbú“.

Það er upplýst, að sóknaraðili þessa máls, hið svonefnda „Rauðarárbú“, er bú Þorláks heitins Bjarnar, bónda á Rauðará, hér í bæ, en ekkja hans, frú Sigrún S. Bjarnar, situr í óskiptu búi eftir mann sinn. Mál þetta er höfðað út af viðskiptum þessa bús við stefnda, og verður rétturinn því að líta svo á, að það geti ekki varðað frávísun málsins, þótt hér sé stefnt í nafni „Rauðarárbúsins“, sem svo mun vera nefnt í daglegu tali, og sem hið stefnda mjólkursamlag sjálft nefnir svo í viðskiptum sínum við búið, eins og sést af framlögðum móttökuseðlum (rskj. nr. 7).

Þá hefir stefnda og mótmælt því, að stefnandi, Sigurður Þorsteinsson, hafi haft nokkurt umboð til að höfða mál þetta, svo og því, að, þótt svo væri, hefði frú Sigrún S. Bjarnar nokkra heimild til að veita slíkt umboð. Í málinu hefir verið lagt fram umboð (dags. 21. sept. 1936) frá frú Sigrúnu S. Bjarnar f. h. „Rauðarárbúsins“ til handa stefnanda til þessarar málshöfðunar, svo og bréf frá lögmanninum í Reykjavík (dags. 7. jan. 1933), þar sem ekkjunni er leyfð seta í óskiptu búi eftir mann hennar, svo að hún samkvæmt lögum hefir heimild til að gera slíkar ráðstafanir f. h. búsins sem málshöfðun þessa og þar með einnig að veita föður sínum, Sigurði Þorsteinssyni, áðurnefnt umboð. Verður því frávísunarkrafa stefnda heldur ekki tekin til greina af þessum sökum.

Loks hefir stefnda byggt frávísunarkröfu sína á því, að

frú Sigrún S. Bjarnar hafi ekki mætt sjálf á sáttafundi, og séu lögleg forföll þó ekki sönnuð. En þótt svo væri, leiðir slikt alls ekki til frávísunar málsins, þar sem frúin sendi hæfan umboðsmann í sinn stað á sáttafund og sáttaumleitun hefir því verið lögmæt.

Aðalkrafa stefnda í málinu verður því ekki tekin til greina.

Vegna áðurnefndrar fjarvistar frú Sigrúnar S. Bjarnar frá sáttafundi, án sannaðra forfalla, hefir stefnda, auk frávísunar, krafist þess, að stefnandi yrði dæmdur í sekt fyrir óþarfa þrætu svo og til að greiða sér málskostnað.

Stefnandi hefir mótmælt kröfum þessum sem of seint fram komnum.

Áskorun stefnda til frú Sigrúnar S. Bjarnar um að sanna forföll sín frá að mæta á sáttafundi kemur fyrst fram í öðru varnarskjali umboðsmanns stefnda, og sést það þó á hinni framlögðu sáttakæru málsins (rjskj. nr. 2), að frúin hafði ekki mætt sjálf á sáttafundinum, heldur sent fyrir sig umboðsmann.

Rétturinn verður því að telja, að áskorun þessi sé of seint framkomin til þess að frú Sigrún S. Bjarnar hafi verið skylt að sinna henni, og verða því framangreindar kröfur ekki teknar til greina.

Verður nú vikið að efnishlið málsins.

Tildrög málsins eru þau, að með lögum nr. 1 1935 um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. var m. a. svo ákveðið, að í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fram getur farið dagleg sala á mjólk og rjóma, skuli hún fara fram í einni sölumiðstöð frá mjólkurbúinu, einu eða fleirum, sem viðurkennd verði til þess af landbúnaðarráðherra.

Með bréfi ráðherrans, dags. 14. jan. 1935, var mjólkurbú Mjólkurfélags Reykjavíkur löggilt til að framleiða hér í bænum gerilsneydda mjólk og rjóma og ennfremur smjör, bræðsluost, ísrjóma og skyr. Samkvæmt heimild í síðustu mgr. 7. gr. laga nr. 1 1935 var það skilyrði sett fyrir löggildingunni, að Mjólkurfélagið tæki til gerilsneyðingar mjólk fyrir utanfélagsmenn gegn sanngjörnu gjaldi, og gæti ráðherra ákveðið hámark þess. Í samræmi við þessa löggildingu starfrækti Mjólkurfélag Reykjavíkur síðan mjólkurstöð sína hér í bæ til 31. marz 1936, er það seldi hinu nýstofn-

aða Mjólkursamlagi Kjalarnesþings stöðina. Mjólkursamlagið starfrækti síðan stöðina á sama hátt og Mjólkurfélagið hafði áður gert til 4. júlí 1936.

Stefnandi þessa máls, „Rauðarárbúið", var einn af þeim mjólkurframleiðendum, sem ekki var meðlimur í Mjólkursamlagi Kjalarnesþings. Segir stefnandi, að frá 1. apríl til 4. júlí 1936 hafi hið stefnda mjólkursamlag alltaf tekið á móti mjólk frá „Rauðarárbúinu", en hinn síðarnefnda dag hafi það neitað að taka við mjólkinni frá búinu. eins og frá öðrum utanfélagsmönnum, og svo hafi verið til 11. júlí s. á., er mjólkurstöð félagsins var tekin leigunámi, en þá hafi aftur komizt á venjuleg afgreiðsla í stöðinni. Telur stefnandi, að á tímabili því, sem að framan greinir (4.—11. júlí incl.), hafi hann ekki getað komið framleiðsluvörum sínum í peninga, þar sem honum hafi verið það óheimilt samkvæmt lögum nr. 1 1935 að annast sölu á þeim sjálfur. Heldur stefnandi því fram, að framleiðsla „Rauðarárbúsins" á þessu tímabili hafi numið samtals 1542 lítrum af mjólk, sem þannig hafi orðið verðlaus, eða verðmæti, sem nemi kr. 459.52, reiknað með 29,8 aurum pr. liter. Telur stefnandi, að með neitun sinni að taka til gerilsneyðingar mjólk þessa, hafi stefnda orðið skaðabótaskylt gagnvart sér og beri því þess vegna að greiða honum framangreinda upphæð, en þar sem stefnda hafi reynzt ófáanlegt til þess, sé mál þetta höfðað og í því gerðar fyrrnefndar réttarkröfur, sem einnig fela í sér kröfu um, að stefnda verði dæmt til að greiða stefnanda kr. 118.04, er hann telur vera ofreiknað stöðvargjald fyrir mánuðina apríl, maí og júní 1936.

Stefnda mótmælir því nú fyrst og fremst, að nokkur mjólk hafi borizt frá Rauðará dagana 4.—11. júlí f. á., svo og því, að neitað hafi verið að taka við mjólk frá því búi. En þótt svo hafi verið gert, telur stefnda, að það hafi haft fulla heimild til slíkrar neitunar, þar sem það hafi aldrei sótt um neitt einkaleyfi fyrir stöðina eða um löggildingu fyrir hana, og hafi því, þegar af þeirri ástæðu, engin fyrirmæli frá landbúnaðarráðherra viðvíkjandi skyldu til þess að taka til gerilsneyðingar mjólk fyrir utanfélagsmenn.

Þá mótmælir stefnda því og, að það hafi ofreiknað stefnanda stöðvargjald fyrir mánuðina apríl til júní f. á. (incl.) með kr. 118.04, eða nokkurri annari upphæð, enda hafi það engin fyrirmæli fengið frá ráðherra um hámarksgjald fyrir

gerilsneyðingu mjólkur utanfélagsmanna. Heldur stefnda því þess vegna fram, að skaðabóta- og endurgjaldskröfur stefnanda á hendur því séu á engum rökum reistar, og krefst sýknu af þeim báðum.

Skulu nú þessar kröfur aðiljanna athugaðar.

1. Skaðabótakrafan.

Í málinu hefir verið lagt fram staðfest eftirrit af vottorði Matthíasar Guðmundssonar lögregluþjóns, þar sem talin eru nöfn þeirra manna, er stefnda tók eigi mjólk af til vinnslu þann 4. júlí f. á. Nafn stefnanda er þar efst á blaði, og segir þar, að hann hafi komið kl. 8.30 um morguninn með 190 l. af mjólk. Eftir þessa neitun kveðst stefnandi að vísu ekki hafa flutt mjólk að stöðinni til þess að vera ekki að baka sér óþarfa flutningskostnað, heldur hafi hann næstu morgna komið á stöðina og spurzt fyrir um það, hvort tekið yrði við mjólkinni, en því hafi ávallt verið neitað, og er þetta í samræmi við framlagt vottorð frá Páli Guðjónssyni lögregluþjóni.

Það verður því að teljast sannað, að fyrsta morguninn (4. júlí) hafi borizt mjólk frá stefnanda til mjólkurstöðvar stefnda og að næstu morgna hafi hún verið boðin fram, en því síðar hætt, er það var vitanlegt, að ekki yrði við henni tekið. Einnig verður það að teljast sannað með framangreindum gögnum, að mjólkinni hafi verið neitað viðtöku af stefnda, enda liggja fyrir í málinu afrit af tveimur bréfum frá stefnda, stílað til utansamlagsmanna, þar sem tilkynnt er sú ákvörðun samlagsins, að frá og með 4. júlí f. á. verði ekki tekið á móti annari mjólk í stöð félagsins en frá samlagsmönnum.

Kemur þá næst til athugunar, hvort þessi neitun af hálfu stefnda um að taka á móti mjólk til gerilsneyðingar fyrir stefnanda hafi í för með sér skaðabótaskyldu fyrir mjólkursamlagið.

Samkvæmt lögum nr. 1 1935 um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. skulu mjólkurbú þau, er starfa vilja og njóta réttinda samkvæmt lögunum, vera viðurkennd og löggilt af landbúnaðarráðherra. Um löggildinguna voru síðan sett nánari ákvæði í I. kafla reglugerðar nr. 22 1935, útg. 15. marz 1935, um framleiðslu, meðferð og sölu mjólkur o. fl. Af þeim ákvæðum sést, að aðaltillitin, sem löggildingin byggist á, eru þau, að allt fyrirkomulag hlutaðeigandi mjólk-

urbús sé sem hagkvæmast til starfrækslunnar og fullnægi ýtrustu kröfum nútímans um starfshætti, afköst og hreinlæti. Sést þetta m. a. á því, hvaða gögn skulu liggja fyrir samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar, áður en löggilding fer fram, þar sem mjólkursölunefnd, er annast þá athugun á mjólkurbúum, er þarf til löggildingar, skal fá uppdrátt af búinu, greinilega lýsingu og uppdrætti af vélum búsins og vottorð frá viðkomandi héraðslækni um húsakynni, umgengni og meðferð mjólkur og mjólkurvara í búinu frá heilsufræðilegu sjónarmiði.

Með bréfi landbúnaðarráðherra, dags. 14. jan. 1935, var mjólkurbú Mjólkurfélags Reykjavíkur löggilt til framleiðslu á gerilsneyddri mjólk o. fl., eins og áður er tekið fram, og má sjá það af bréfinu, að löggildingin byggist á þeim atriðum, er að framan getur og áðurnefnd reglugerð síðar setti ákvæði um.

Mjólkurbú þetta keypti stefnda í máli þessu 31. marz f. á., og hefir eftirrit af afsalinu verið lagt fram í málinu. Í afsali þessu er ekkert minnst á áðurnefnda löggildingu, aðeins sagt, að stöðin seljist í því ástandi, sem hún er í, o. s. frv. Það er viðurkennt, að hið stefnda mjólkursamlag fékk ekki neina nýja löggildingu á mjólkurbúinu, er það tók við starfrækslu þess, eða síðar, en það verður að teljast upplýst, að búið var starfrækt á sama hátt og áður (frá því að Mjólkurfélag Reykjavíkur fékk löggildingu) frá 1. apríl til 4. júlí f. á., og þannig, að uppfyllt var það skilyrði, sem sett var fyrir löggildingu Mjólkurfélagsins, að búið gerilsneyddi mjólk fyrir utanfélagsmenn, eins og áður hefir verið drepið á.

Með tilliti til þess, er áður segir um löggildingu á mjólkurbúi Mjólkurfélagsins og á hverju hún hafi byggst, þ. e. fyrirkomulagi stöðvarinnar sjálfrar, verður rétturinn að líta svo á, að áðurnefnd löggilding landbúnaðarráðherra hafi fylgt stöðinni, þótt eigendaskipti yrðu að henni.

Samkvæmt heimild í síðustu mgr. 7. gr. laga nr. 1 1935 setti landbúnaðarráðherra það skilyrði fyrir löggildingu á mjólkurbúi Mjólkurfélags Reykjavíkur, að félagið tæki til gerilsneyðingar mjólk fyrir utanfélagsmenn gegn sanngjörnu gjaldi. Þetta skilyrði fyrir löggildingunni verður samkvæmt framansögðu einnig að teljast hafa gilt gagnvart

hinu stefnda mjólkursamlagi. Hinsvegar verður rétturinn að líta svo á, að þetta skilyrði hafi ekki falið í sér neina skyldu fyrir stefnda gagnvart utanfélagsmönnum til að taka á móti mjólk til gerilsneyðingar frá þeim, heldur hafi neitun á því aðeins haft þær afleiðingar, að löggildingin féll niður, enda segir svo í framlögðu bréfi frá landbúnaðarráðherra til Mjólkurfélagsins (dags. 16. jan. 1936), að það skuli taka á móti mjólk til gerilsneyðingar frá utanfélagsmönnum, „ef það á að halda löggildingu fyrir mjólkurbú sitt framvegis". Og þar sem engar sönnur eru á það færðar, að stefnda hafi samið á sig slíka skyldu gagnvart stefnanda þessa máls, verður ekki séð, að hann eigi neina skaðabótakröfu á hendur stefnda út af þessari neitun þess, og þykir því verða að taka til greina sýknukröfu stefnda af þessum kröfulið.

2. *Endurgjaldskrafan.*

Gegn framangreindum eindregnum mótmælum stefnda hefir stefnandi ekki fært neinar sönnur á, að stefnda hafi ofreiknað honum stöðvargjald fyrir umrædda mánuði, og getur því þessi kröfuliður heldur ekki orðið tekinn til greina.

Málalok verða því þau, að stefnda verður sýknað af framangreindum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Út af þeim mótmælum málflutningsmanns stefnda hér fyrir réttinum, er hann setti fram í fyrsta varnarskjali sínu á rskj. nr. 5, gegn því, að stefnandi, Sig. Þorsteinsson, hafi nokkru sinni haft né hafi umboð til að kæra mál þetta til sáttanefndar, mæta á sáttafundi, til að gera sætt eða stefna málinu fyrir rétt, hefir stefnandi krafizt þess, að hann yrði sektaður fyrir vísvitandi rangan málflutning, þar sem sáttakæra málsins (rskj. nr. 2) hafi borið það með sér, að hann (stefnandi) hafi haft lögformlegt umboð til að höfða mál þetta.

Ekki þykir þó sannað, að málflutningsmaðurinn hafi haft þessi mótmæli uppi gegn betri vitund, og verður því krafa þessi ekki tekin til greina.

Í einu varnarskjali sínu hefir málflutningsmaður stefnda komizt svo að orði:

„... en auk þess sem hann (þ. e. stefnandi) að sjálfsögðu

hefir komið mjólk sinni í verð, þá reynir hann nú að fá hana tvíborgaða með því að krefja umbj. minn einnig um andvirði hennar."

Telur stefnandi, að ummæli þessi séu mjög meiðandi og móðgandi í sinn garð, og krefst þess, að þau verði dæmd dauð og ómerk og málflutningsmaðurinn sektaður fyrir þau.

Það er að vísu upplýst við vitnaleiðslu í máli þessu, að stefnandi hefir fengið að láni hjá mjólkursamsölunni, hér í bæ, þá upphæð, er hann krefur stefnda um í málinu, en skrifstofustjóri samsölunnar hefir borið það, að lán þetta eigi að endurgreiðast, er dómur falli í máli þess, án tillits til úrslita þess.

Þessar upplýsingar verða þó ekki taldar réttlæta hin átöldu ummæli, enda hefir málflutningsmaður stefnda sjálfur látið bóka það fyrir réttinum 29. apríl s. l., að sér hafi fyrst borizt vitneskja um þessa greiðslu frá samsölunni 13. apríl s. l., en áðurnefnd ummæli birtust í varnarskjali dags. 30. des. f. á. Og þar sem ummæli þessi fela í sér meiðandi aðdróttun í garð stefnanda og eru samkvæmt framansögðu á engan hátt réttlætt, þykir verða að ómerkja þau, en hinsvegar þykir ekki næg ástæða til þess að sekta fyrir þau.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind meiðandi ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Stefnda, Mjólkursamlag Kjalarnesþings, á að vera sýknt af kröfum stefnanda, Sigurðar Þorsteinssonar f. h. „Rauðarárbúsins", í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 27. febrúar 1939.

Nr. 101/1938. **Ólafur A. Guðmundsson og Gunnhildur Árnadóttir**
gegn
Önnu Þorgrímsdóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ólafur A. Guðmundsson og Gunnhildur Árnadóttir, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 27. febrúar 1939.

Nr. 121/1938. **Andersen & Lauth h/f**
gegn
L. Fjeldsted f. h. Petersen & Haas.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Andersen & Lauth h/f, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Svo greiði hann og stefnda, er hefir látið mæta og krafizt ómaksbóta, 30 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. febrúar 1939.

Nr. 125/1938. **Magnús Jónsson**
gegn
Bifreiðaeinkasölu ríkisins

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Magnús Jónsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 3. marz 1939.

Nr. 118/1938. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Halldóri Einarssyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdómsins ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Halldór Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 21. okt. 1938.

Ár 1938 föstudaginn þann 21. október var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af Valdimar Stefánssyni, fulltrúa lögreglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1938/1938: Valdstjórnin gegn Halldóri Einarssyni, sem tekið var undir dóm þann 20. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Halldóri Einarssyni, bifreiðarviðgerðarmanni, til heimilis í Garðastræti 19 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, lögum nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir svo kunnugt sé sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1926 $^{25}/_{1}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.
1926 $^{16}/_{2}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.
1928 $^{14}/_{5}$ Dómur í hæstarétti eftir 200. gr. hegningarlaganna frá 1869, 6., 7. og 8. gr. laga nr. 56 frá 15. júní 1926 og 49. gr. og 51. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, í 2ja mánaða einfalt fangelsi og sviptur leyfi til að stýra bifreið í eitt ár.
1929 $^{11}/_{10}$ Sætt 400 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
1930 $^{15}/_{9}$ Áminning fyrir lögreglubrot.
1931 $^{11}/_{5}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum, er leiddi til bifreiðaáreksturs.
1931 $^{10}/_{9}$ Áminning fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.
1935 $^{6}/_{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 100 króna sekt og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir brot gegn bifreiðalögunum og áfengislögunum.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Mánudaginn þann 10. þ. m. kl. 18.30 var Pétur Kristinsson, lögregluþjónn, á verði við vestanverða höfnina. Sá hann þá, að bifreiðinni R. 943 var ekið ljóslaust vestan Tryggvagötu. Gaf hann bifreiðinni stöðvunarmerki, en því var ekki sinnt. Kallaði hann þá til bifreiðarstjórans, en bifreiðin var ekki stöðvuð að heldur. Veitti lögregluþjónninn bifreiðinni þá eftirför, þar til hún nam staðar í Grófinni við bifreiðarstöðina „Örin". Kom þá í ljós, að kærður hafði ekið bifreiðinni, en við hlið hans sat hinn venjulegi bifreiðarstjóri á bifreið þessari, Guðmundur Ingimar Ólafsson, og í aftursæti sat gamall maður, Stefán Jónsson í Einbúa, hér við bæinn. Lögregluþjónninn kveðst strax hafa séð á kærðum og heyrt á mæli hans, að hann var undir áhrifum áfengis og færði hann því á lögreglustöðina, en þaðan var farið með hann á Landspítalann og úr honum tekið blóðsýnishorn, en síðan var farið með hann heim til hans.

Kærður hefir kannazt við, að hafa ekið nefndri bifreið í þetta skipti skamman veg við höfnina og að bifreiðin hafi verið ljóslaus, en hefir neitað því eindregið, að hafa orðið stöðvunarmerkis lögregluþjónsins var, og hafa þeir, er í bifreiðinni voru með honum, borið, að þeir hafi heldur ekki orðið þess varir. Kærður kveðst hafa verið mjög ölvaður daginn áður en þetta gerðist, hafa verið veikur sökum áfengisnautnar nóttina á milli og ákaflega timbraður daginn, sem atvikið gerðist. Rúmum hálfum klukkutíma áður en hann ók bifreiðinni, kveðst hann hafa drukkið tvo sopa af brennivíni til þess að reyna að vinna bug á timburmönnunum, og hafi þeir skánað við það. Annað áfengi hefir hann neitað að hafa drukkið þennan dag. Frásögn lögreglunnar um, að kærður hafi viðurkennt á lögreglustöðinni, þegar hann var færður þangað, að hann hefði kl. 18 þá um daginn drukkið hálfflösku af brennivíni við annan mann, verður eigi talin sönnuð gegn eindregnum mótmælum kærðs. Hefir kærður eindregið neitað að hafa fundið á sér áhrif áfengis við akstur þennan.

Menn þeir, er í bifreiðinni voru með kærðum, hafa borið, að þeir hafi ekki séð áfengisáhrif á kærðum. Þó kveður Guðmundur Ingimar sér hafa virzt útlit kærðs, eftir að hann kom inn, þar sem ljós var, hafa verið þesslegt, að hann hefði neytt áfengis.

Stefán Jónsson kveðst sjálfur hafa verið töluvert undir áhrifum áfengis, þegar atvikið gerðist, og er því lítið upp úr hans framburði leggjandi um ástand kærðs.

Fjórir lögregluþjónar hafa verið leiddir sem vitni um ástand kærðs. Áðurnefndur Pétur Kristinsson hefir borið, að hann hafi séð þess greinileg merki á kærðum, að hann væri undir áhrifum áfengis. Hafi augu hans verið sljó, gangur hans óstyrkur og mæli hans óeðlilegt og hálfdrafandi.

Friðrik Jónsson lögregluþjónn, er flutti kærðan á Landsspítalann, hefir borið, að hann hafi séð þess greinileg merki á kærðum, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis. Hann hafi reikað í gangi, verið þvöglulegur í máli og andlit hans hafi verið óeðlilegt, eins og venjulegt sé á ölvuðum mönnum.

Haraldur Jensson lögregluþjónn, sem ásamt Friðrik flutti kærðan á Landsspítalann, hefir borið, að sér hafi virzt af útliti augna kærðs og mæli hans, að hann væri undir áhrifum áfengis.

Þessir þrír lögregluþjónar hafa staðfest framburði sína með eiði.

Þá hefir vitnið Magnús Eggertsson lögregluþjónn, er talaði við kærðan á lögreglustöðinni, borið, að sér hafi virzt hann vera undir áhrifum áfengis.

Rannsókn á blóðsýnishorni því, er úr kærðum var tekið, leiddi í ljós, að áfengismagn í blóðinu var 2,22 af þúsundi. Með þessum árangri blóðrannsóknarinnar og hinum eiðfestu framburðum lögregluþjónanna verður talið fullsannað, að kærður hafi verið undir áhrifum áfengis við margnefndan bifreiðaakstur. Þá er með játningu kærðs, er kemur heim við framburð lögregluþjónsins, Péturs Kristinssonar, sannað, að kærður hefir ekið bifreiðinni, ljóslausri, enda þótt sá tími dags væri kominn, að skylt var að hafa ljós á bifreiðinni samkvæmt 43. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Hinsvegar verður kærðum ekki gefið að sök, þó að hann ekki stöðvaði bifreiðina, þegar lögregluþjónninn gaf honum merki um það, þar sem ósannað er gegn neitun kærðs, að hann hafi orðið merkisins var.

Hefir því kærður að áliti réttarins gerzt brotlegur gegn 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, 5. gr.,

3. mgr., sbr. 14. gr. laga nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða og 43. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann ber að svipta æfilangt leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Halldór Einarsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann skal æfilangt sviptur leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. marz 1939.

Nr. 75/1938. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Guðjóni Samúelssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Bæjarsjóður sýknaður af kröfu um þóknun, er borgarstjóri hafði lofað án heimildar frá fjárveitingarvaldi bæjarins.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1938. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst stað-

festingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með lögum nr. 32 7. maí 1928 var ríkisstjórninni heimilað að leggja fram allt að 100 þúsund kr. til byggingar sundhallar í Reykjavík gegn jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Skyldi framlag ríkisins vera meðal annars því skilyrði bundið, „að ráðuneytið samþykki uppdrátt og lýsingu af sundhöllinni". Í bréfi til borgarstjórans í Reykjavík dags. 25. júlí 1928 tilkynnti dóms- og kirkjumálaráðherra, að ríkisstjórnin hafi þegar handbæran sinn skerf af fé til þessa verks. Er síðan komizt svo að orði í bréfinu: „Ennfremur mun landið leggja til vinnu sinna sérfræðinga, húsameistara og verkfræðinga, án sérstaks endurgjalds við byggingu hússins". Er þannig engum vafa bundið, að ríkisstjórnin hefir gagnvart áfrýjanda undirgengizt, að allur kostnaður, er leiddi af vinnu stefnda við byggingu sundhallarinnar, yrði greiddur úr ríkissjóði. Í samræmi við þessa tilhögun er og það, að í bréfi dóms- og kirkjumálaráðherra dags. 29. júlí 1935 til borgarstjórans í Reykjavík er tekið fram, „að ráðuneytið muni ekki telja með framlagi úr ríkissjóði teiknikostnað húsameistara ríkisins, ef vinna starfsmanna Reykjavíkurbæjar ekki heldur verður talin með framlagi bæjarsjóðs." Þótt stefndi leysti af höndum í þágu Reykjavíkurbæjar störf sín við byggingu sundhallarinnar og þau kæmu bænum að fullum notum, þá gat bænum ekki borið, vegna framangreindra ákvarðana, nein skylda til að greiða þóknun fyrir þau störf, nema hann hefði sérstaklega gengizt undir það. Og kemur þá til álita, hvort svo hafi verið.

Með vottorði Knud Zimsen, fyrrv. borgarstjóra Reykjavíkur, er það upplýst, að hann hafi munnlega

heitið stefndum því, ekki síðar en í janúarmánuði 1930, að honum skyldi greidd þóknun úr bæjarsjóði að fjárhæð kr. 5000.00 fyrir uppdrætti og önnur húsameistarastörf við byggingu sundhallarinnar. Ekki aflaði borgarstjóri sér samþykkis bæjarstjórnar til þessarar fjárveitingar, og verður að fallast á það með áfrýjanda, að borgarstjórinn hafi ekki verið bær um á eindæmi sitt að binda bæjarsjóð með slíku greiðsluloforði um skyldu fram, sbr. samþykkt nr. 68 26. maí 1915, 3. mgr. 3. gr. Nú er það ennfremur upplýst, eins og í hinum áfrýjaða dómi getur, að fyrrnefndur borgarstjóri ávísaði stefnda í janúarmánuði 1930 kr. 2500.00 til greiðslu úr bæjarsjóði, og er svo að orði kveðið í þessari ávísun borgarstjórans, að greiðslan sé „borgun upp í þóknun fyrir uppdrætti og áætlanir um sundhöll". Fékk stefndi ávísun þessa greidda, og er ágreiningslaust í málinu, að bæjarstjórn hafi enga athugasemd gert um þá greiðslu, er bæjarreikningar fyrir árið 1930 voru samþykktir af henni. Telur stefndi bæjarstjórnina hafa með því fallizt á að greiða einnig þann hluta nefndrar þóknunar, er hann sækir áfrýjanda um í þessu máli. Þetta álit stefnda er þó ekki á rökum reist. Þótt bæjarstjórnin samþykkti í heild bæjarreikninginn fyrir árið 1930, sem þessi greiðsla var fólgin í, þá verður slík samþykkt alls ekki talin ná til ráðagerðar þeirrar, er borgarstjóri hafði ritað á nefnda ávísun, sem hann hafði greitt á árinu, án þess að afla sér jafnframt samþykkis fjárveitingavalds bæjarins, og ekki er vitað, að bæjarfulltrúum hafi verið kunnugt um. Verður þannig ekki talið, að áfrýjandi hafi bundizt skyldu til greiðslu fjárhæðar þeirrar, er hann er krafinn um í máli þessu. Ber því að sýkna hann af kröfum stefnda í málinu, en eftir

atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Guðjóns Samúelssonar, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 15. febr. s. l. af Guðjóni Samúelssyni, prófessor, hér í bæ, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs til greiðslu skuldar að upphæð kr. 2500.00 með 5% ársvöxtum frá 3. apríl 1937 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að á árinu 1928 voru samþykkt lög um byggingu sundhallar í Reykjavík, og var svo til ætlazt, að ríkið og Reykjavíkurbær legðu fram hvort sinn helming af byggingarkostnaðinum. Mun þegar hafa verið hafizt handa um undirbúning byggingarinnar, og varð það að samkomulagi milli ríkis og bæjar, að stefnandi máls þessa, sem þá var húsameistari ríkisins, gerði áætlanir og teikningar af sundhöllinni, og mun ríkisstjórnin hafa lagt sérstaka áherzlu á þetta atriði. Sigldi stefnandi síðan og fór allvíða um Evrópu, m. a. til þess að kynna sér byggingu og fyrirkomulag sundhalla. Ferð þessa mun ríkið hafa kostað, enda var hún og farin annarra erinda. Síðan teiknaði stefnandi sundhöllina og hafði auk þess á hendi yfirumsjón með byggingu hennar. Allt þetta verk var talið hið vandasamasta, og mun stefnandi hafa þurft að hafa allmikið fyrir því. Varð það þá að samkomulagi milli hans og þáverandi borgarstjóra í Reykjavík, Knud Zimsen, að bæjarsjóður greiddi stefnanda kr. 5000.00 sem persónulega þóknun fyrir þessi störf hans. Í janúar 1930 voru stefnanda greiddar kr. 2500.00, og þegar verkinu var lokið á árinu 1937, krafði

stefnandi stefndan um þær kr. 2500.00, er hann taldi sig eiga ófengnar af hinni lofuðu greiðslu. Á þessum tíma voru orðin borgarstjóraskipti, og neitaði hinn nýji borgarstjóri að greiða stefnanda umkrafðar kr. 2500.00.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að þáverandi borgarstjóri hafi lofað sér þessari þóknun og verði hann að teljast hafa verið bær um það, enda hafi hann verið formaður nefndar þeirrar innan bæjarstjórnarinnar, sem hafði framkvæmdir þessar með höndum vegna bæjarsjóðs, og jafnframt fengið samþykki nefndarinnar til greiðsluloforðsins.

Stefndur hefir ekki neitað því, að umrætt samkomulag hafi átt sér stað milli þáverandi borgarstjóra og stefnanda. En hinsvegar kveðst hann „draga það í efa", að nefnd sú, sem hafði umsjón með framkvæmd verksins af hálfu bæjarstjórnarinnar, hafi nokkurn tíma samþykkt þessa greiðslu, og bæjarstjórnina kveður hann aldrei hafa gert það. En án þess að samþykki a. m. k. annars þessara aðila kæmi til, telur hann loforð borgarstjóra ekki bindandi fyrir bæjarsjóð, eins og hér standi á.

Í greinargerð sinni hafði stefndur uppi aðra varnarástæðu til vara, en í munnlega málflutningnum féll hann frá henni, og kemur hún því ekki til álita í málinu.

Í málinu er upplýst, að veganefnd bæjarins hafði öll mál og framkvæmdir varðandi sundhöllina með höndum fyrir hönd bæjarstjórnarinnar, og var þáverandi borgarstjóri, Knud Zimsen, formaður þeirrar nefndar. Hefir hann gefið vottorð, sem lagt hefir verið fram í málinu um það, að sanngjarnt hafi þótt, að stefnandi fengi nokkra „privat" þóknun úr bæjarsjóði fyrir framangreind störf sín við sundhöllina, og segir síðan orðrétt í vottorðinu: „... og þykist ég muna það rétt, að okkar á milli hafi talazt svo til, að sú þóknun yrði ákveðin fimm þúsund krónur, og að á þetta hafi verið fallizt af byggingarstjórn Sundhallarinnar, en ekki man ég, hvort nokkurn tíma var formlega frá þessu gengið." Um þetta er þó ekkert bókað í gerðabók nefndarinnar.

Eins og áður segir, fékk stefnandi kr. 2500.00 greiddar fyrir umrædd störf í janúar 1930. Fékk hann greiðslu þessa í ávísun og var hún orðuð á þann veg, að greiðslan væri borgun „upp í þóknun" fyrir uppdrætti og áætlun um sund-

höll. Þessi greiðsla virðist hafa sloppið athugasemdalaust gegn um endurskoðun bæjarreikninganna og hafa síðan verið samþykkt af bæjarstjórn án athugasemda um leið og reikningar bæjarins voru samþykktir.

Í málinu er því ekki mótmælt, að upphæð sú, sem fyrrverandi borgarstjóri lofaði stefnanda sem persónulegri þóknun, hafi verið 5000.00 kr. Áðurnefnt vottorð fyrrv. borgarstjóra, sem ekki hefir verið mótmælt sem óstaðfestu, verður, þrátt fyrir framangreint orðalag þess, að skilja á þá leið, að hann staðhæfi, að veganefndin hafi að öllu leyti samþykkt hina lofaðu greiðslu. Mótmæli stefnds gegn þessu þykja ekki nægileg, þar sem hann segist aðeins „draga það í efa", að svo hafi verið. Að þessu athuguðu, sem nú var sagt, sem og orðalagi framangreindrar ávísunar og samþykki bæjarstjórnar á fyrri greiðslunni, athuguðu, þykir verða að líta svo á, að stefnandi eigi kröfu til hinnar umstefndu upphæðar úr bæjarsjóði. Verður hún því tildæmd honum ásamt vöxtum eins og krafizt hefir verið, en eftir málavöxtum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnandanum, Guðjóni Samúelssyni, kr. 2500.00 með 5% ársvöxtum frá 3. apríl 1937 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. marz 1939.

Nr. 86/1938. **Réttvísin**

gegn

Þórarni Vigfússyni, Magnúsi Jónssyni og Birni Gíslasyni.

Úrskurður hæstaréttar.

Ákærði Björn Gíslason hefur mætt sjálfur og gert þá kröfu, að dómsforseti Einar Arnórsson víki sæti

í málinu. Virðist hann byggja þá kröfu á því, að dómsforsetinn hafi áður tekið þátt í uppsögu refsidóms á hendur honum og í því máli sýnt óvildarhug til hans.

Með því að ekkert liggur fyrir, er réttlæti þessa kröfu ákærða, verður hún ekki til greina tekin.

Því úrskurðast:

Framangreind krafa ákærða Björns Gíslasonar verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 6. marz 1939.

Nr. 86/1938. **Réttvísin**
gegn
Þórarni Vigfússyni, Magnúsi Jónssyni og Birni Gíslasyni.

Úrskurðað, að framhaldspróf skuli haldin í sakamáli.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður dómur geti orðið lagður á mál þetta í hæstarétti, þykir þörf rækilegrar rannsóknar um atriði þau, sem nú verða rakin:

1. Við réttarprófin staðhæfði ákærði Þórarinn Vigfússon, að hann hefði falsað og selt síðan í hendur ákærða Birni Gíslasyni m. a. tékka, að fjárhæð kr. 843.00, er út tjáist vera gefinn þann 12. maí 1937 af Sambandi íslenzkra Samvinnufélaga á hendur Útvegsbanka Íslands h/f til handa Jóhanni Karlssyni. Kvað Þórarinn Birni hafa verið fullkunnugt um fölsun tékkans, og hafi það verið ráðastofnan þeirra,

að Björn skyldi afla fjár út á tékkann Þórarni til hags. Björn setti hinsvegar þvert nei fyrir, að þessi skýrsla Þórarins væri sönn. Kvaðst Björn aldrei hafa tékkann séð. Tókst ekki að koma frásögnum hinna ákærðu heim um þetta. Ákærði Þórarinn hefir nú þann 10. f. m. gefið út skriflegt plagg, sem verjandi ákærða Björns hefir lagt fram í hæstarétti, þar sem hann tekur aftur að nokkru framburð sinn um tékka þenna og segir Björn á engan hátt hafa verið við hann riðinn, heldur muni ákærði Magnús Jónsson hafa selt tékkann eða fengið Karl nokkurn Kristensen til að gera það. Hefir og þessu til stuðnings verið lagt hér fram vottorð Karls Kristensen þess efnis, að ákærði Magnús hafi þann 12. maí 1937 komið með tékka þenna til Karls og hafi Karl síðan að beiðni Magnúsar látið selja hann í Útvegsbankanum 13. s. m. Enn hefir ákærði Þórarinn þann 2. þ. m. gefið út yfirlýsingu, sem verjandi hans hefir afhent dóminum, þar sem hann ber brigður á, að hann hafi falsað oftnefndan tékka og styður mál sitt m. a. með því, að sér sé um megn að stæla nafn það, sem ritað er aftan á tékkann. Með því að yfirlýsingar þær og vottorð, sem hér hafa rædd verið, skjóta svo skökku við aðrar skýrslur í málinu, verður að yfirheyra ákærða Þórarinn rækilegar um útgáfu og sölu tékkans og hvort hinir ákærðu Björn og Magnús hafi þar að verki verið. Ennfremur ber að krefja þá ákærða Magnús og vottorðsgefandann Karl Kristensen ýtarlegra sagna um afskipti þeirra af tékkanum.

2. Verjandi ákærða Björns Gíslasonar hefir lagt fram í hæstarétti vottorð, útgefið af Baldri Ásgeirssyni, sem talinn er hafa ásamt þeim ákærða Magnúsi, Jóhanni Steindóri Einarssyni og Sigurði Stein-

dórssyni ritað nafn sitt á 2000 króna víxil þann, sem héraðsdómarinn dæmir Björn fyrir að hafa ráðstafað í heimildarleysi. Segist Baldur aldrei hafa verið staddur á heimili ákærða Magnúsar, Vesturgötu 24 hér í bæ, ásamt Sigurði Steindórssyni og ákærða Birni og aldrei samið við Björn um víxil þenna. Loks hefir verjandi Björns lagt fram vottorð Jóhanns Steindórs Einarssonar þess efnis, að hann hafi aldrei verið staddur í húsinu nr. 24 við Vesturgötu ásamt Baldri Ásgeirssyni til að semja við ákærða Björn um sölu á oftnefndum víxli. Samkvæmt þessu tilefni ber að yfirheyra Baldur rækilega um afskipti hans af víxli þessum og m. a. spyrja hann, hvað honum hafi gengið til að rita nafn sitt á hann. Einnig ber að taka skýrslur af Jóhanni Steindóri vegna vottorðs hans og krefja þá ákærða Magnús og vitnið Sigurð Steindórsson rækilegri sagna um það, hverjir hafi verið viðstaddir, þegar þeir sömdu við ákærða Björn um meðferð oftnefnds víxils.

3. Inna skal Sigurð Berndsen eftir því, hvort ákærði Björn hermi það réttilega eftir honum, að Þórarinn hafi gefið honum, þ. e. Sigurði, í skyn, að hann teldi sig frekar hafa von um skilorðsbundinn refsidóm, ef hann lýsti sök á hendur Birni um hlutdeild í fölsunum sínum.

4. Afla skal vitneskju um efnahag ákærða Magnúsar, Baldurs Ásgeirssonar og Jóhanns Steindórs Einarssonar.

5. Þá ber einnig að vera sér úti um sýnishorn af rithönd þeirra manna, sem hinir ákærðu eru sakaðir um að hafa stælt og falsað nöfn þeirra.

6. Rannsóknardómaranum ber að kosta kapps um að fá samkvæmni í skýrslur þeirra, sem yfirheyrðir

verða, og samprófa menn nákvæmlega. Svo skal dómarinn og afla allra þeirra frekari gagna, sem framhaldsrannsóknin kann að veita efni til.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að afla ofangreindra skýrslna og gagna svo fljótt sem verða má.

Föstudaginn 10. marz 1939.

Nr. 51/1938. **Réttvísin og valdstjórnin** (Theodór B. Líndal)
gegn
Jóhanni S. Lárussyni og Guðmundi Lárussyni (Jón Ásbjörnsson).

Ákæra fyrir brot gegn 26. kap. hegningarlaganna og lögum um lækningaleyfi o. fl. nr. 47 frá 1932. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Eftir því, sem fram er komið í málinu, hafa aðgerðir hinna ákærðu við þá vanheilu menn, sem til þeirra hafa leitað, verið fólgnar í bænagerð fyrir þeim og alltoft í snertingu á hendi sjúklings eða á þeim stað líkamans, þar sem sjúklingur kenndi sér sérstaklega meins. Með þessum hætti telja allmargir sig hafa fengið fulla eða nokkra bót meina sinna. Verða hinir ákærðu ekki taldir hafa með áðurnefndum aðgerðum gerzt sekir við ákvæði laga nr. 47/1932.

Það er ekki sannað í málinu, að hinir ákærðu hafi aftrað nokkrum manni læknisleitunar, né að þeir hafi brotið sóttvarnafyrirmæli eða valdið nokkrum tjóni með framangreindum aðgerðum sínum. Ekki er heldur nokkur ástæða til að ætla annað, en að þeir hafi haft fulla trú á því, að þeir mætti með ofannefndum hætti vinna sjúkum mönnum meinabót, og hafa þeir því ekki gerzt sekir við 26. kap. hegningarlaganna með því að taka þóknun fyrir aðgerðir sínar.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn og dæma á hendur ríkissjóði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ríkissjóður greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Jóns Ásbjörnssonar 200 krónur til hvors.

Sératkvæði Þórðar Eyjólfssonar í ofangreindu máli.

Í máli þessu er sannað með eigin skýrslum ákærðu, er styðjast við aðrar upplýsingar, er fram hafa komið, að þeir hafa stundað að staðaldri starfsemi þá, sem þeim er gefin sök á, frá því á árinu 1934 og til þess er mál þetta var höfðað þann 5. nóv. 1937. Samkvæmt prófum málsins nefna ákærðu sjálfir starfsemi þessa lækningar eða lækn-

ingastarfsemi og hið sama gera sjúklingar þeir, er í málinu hafa borið og notið hafa aðgerða þeirra. Hinir ákærðu hafa ekki lækningaleyfi, kveða sig vera ófróða um sjúkdómafræði og ekki kunna skil á sjúkdómsgreiningum. Virðast þeir taka sjúklinga til meðferðar án sérstakrar rannsóknar á sjúkdómum þeirra og ekki vísa neinum sjúklingi frá vegna þess, hvernig sjúkdómi hans er háttað. Þeir kveðast ekkert gjald hafa tekið fyrir starfsemi þessa eftir að rannsókn í máli þessu hófst í októbermánuði 1935, en áður hafi þeir stundum tekið við gjaldi, eins og frá er skýrt í héraðsdóminum.

Ákærði Guðmundur, sem fyrr þeirra bræðra kom fyrir rétt, lýsir lækningaaðferð þeirra á þá leið, að þeir leggi hendur á þann stað á sjúklingnum, sem hann kvarti yfir, að sjúkleikinn sé í, og biðji jafnframt til guðs um, að hann veiti þeim og læknafélaginu „Friðrik“, er sé samfélag framliðinna manna, lækningakraft til að bæta mein sjúklingsins. Ákærði Jóhann lýsir aðferðinni á sama hátt. Virðist hver aðgerð oft vara um 20 mínútur. Fyrir sambandi sínu við lækningafélagið „Friðrik“ gerir Jóhann þá grein, að „ýmist sér hann eins og letrað á blað fyrirskipanir þess og ráðleggingar eða hann heyrir þær, og stundum koma þær fram í huga hans, án þess að um heyrn sé að ræða, heldur eins og hugboð eða hugskeyti, og sér hann þá læknana, er með honum starfa, hjá sér.“

Áhrifum þessara aðgerða á líkama sjúklinganna, meðan á tilrauninni stendur, lýsa bræðurnir þannig, að líkast sé því, að rafmagnsstraum eða „díathermistraum“ leggi um líkama sjúklingsins. Að vísu finni ekki allir þennan straum, en á suma verki hann svo mjög, að hann valdi hjá þeim snöggum hreyfing-

um, er séu reglubundnar og í ákveðnu kerfi, líkt og leikfimi-hreyfingar. Komi þetta einkum fram hjá yngra fólki, sem sé með liðagigt. Þá hafa alls 9 sjúklingar, sem notið höfðu aðgerða þeirra bræðra, verið krafðir vitnisburðar í málinu. Kveðast 8 þeirra hafa fundið straumáhrif og einn kveðst hafa fengið ósjálfráðar hreyfingar, meðan á tilraun stóð. Ákærði Guðmundur, sem þeir bræður kveða hafa verið þjálfaðan til þessarar starfsemi „gegnum" ákærða Jóhann, heldur því fram, að hann hafi orðið fyrir því, sem hann nefnir „straumtruflun", er lýsi sér í „snöggum, ósjálfráðum hreyfingum og kippum í líkamanum". Ákærði Jóhann segir hinsvegar, að mikið hafi borið á straumnum í Guðmundi, en það sé rangt, að það hafi verið straumtruflun eða „tryllingsstraumur", er hann nefnir svo. Eitt vitni hefir haldið því fram, að það hafi orðið fyrir „straumtruflun", er hafi lýst sér í megnri vanlíðan, taugatitringi og vöðvasamdrætti.

Í 1. gr. laga nr. 47 1932, um lækningaleyfi o. fl., segir, að rétt til að stunda lækningar hér á landi hafi þeir einir, sem til þess hafa fengið leyfi ráðherra. Starfsemi hinna ákærðu, sem lýst er hér að framan, verður að telja lækningastarfsemi í merkingu nefndra laga. Fólk leitar lækninga hjá þeim í þeirri trú, að þeir séu gæddir sérhæfileika til þess starfs, og þeir veita sjúklingunum viðtöku og viðhafa líkamlegar aðgerðir, sem vekja viðbrigði, hreyfingar og kippi, í líkama sjúklinganna. Eins og ákærðu hafa hagað starfsemi sinni, er og hætta á því, að þeir geti með aðgerðum sínum valdið sjúklingum tjóni, einkum taugaveikluðu fólki, sbr. það, sem þeir sjálfir og eitt vitni hafa sagt um „straumtruflanir". Þá má og við því búast, að sýk-

ingarhætta stafi af eftirlitslausri, en víðtækri starfsemi þeirra, þar eð þeir kunna ekki grein á sjúkdómum sjúklinga þeirra, sem þeir taka til lækninga. Af sömu ástæðum kunna þeir og að valda drætti á því, að sjúklingur, sem bráðrar læknisaðgerðar þarf við, leiti læknis. En tilgangur ofangreindra laga um lækningaleyfi o. fl. er meðal annars sá, að koma í veg fyrir hættur þær, sem nú hafa nefndar verið.

Ekkert er fram komið í málinu, er bendi til þess, að ákærðu hafi haft í frami blekkingar í starfi sínu í því skyni að hafa fé af mönnum. Ber því að sýkna þá af ákæru réttvísinnar fyrir brot á ákvæðum 26. kap. hinna almennu hegningarlaga, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi. Þá má og staðfesta sýknuákvæði héraðsdómsins að því er varðar meint brot ákærðu á ákvæðum 16. gr. fyrrnefndra laga nr. 47 1932, þegar af þeirri ástæðu, að atvik þau, sem þeir eru sakaðir um í því sambandi, þ. e. að taka til meðferðar sjúklinga með næma sjúkdóma, gerðust meira en 2 árum áður en mál þetta var höfðað, og væri sökin því fyrnd, þótt til refsingar hefði verið unnið, þar eð hún hefði ekki orðið þyngri en sektir eða einfalt fangelsi, eins og á stóð, sbr. lögjöfnun frá 67. gr. almennra hegningarlaga.

Með því að stunda framangreinda lækningastarfsemi án lækningaleyfis hafa ákærðu brotið gegn ákvæðum fyrrnefndrar 1. gr. laga nr. 47 1932. Þykir refsing hvors þeirra samkvæmt 18. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektar hvors þeirra, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber hinum ákærðu að greiða in solidum allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með

talin laun skipaðs talsmanns þeirra í héraði, kr. 60.00 og laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Jóhann Sigurberg Lárusson og Guðmundur Lárusson, greiði hvor um sig 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektar hvors þeirra, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra í héraði, Böðvars Bjarkans málflutningsmanns, kr. 60.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti,. hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Jóns Ásbjörnssonar, 200 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaþings Skagafjarðarsýslu 14. des. 1937.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn bræðrunum Jóhanni Sigurberg Lárussyni og Guðmundi Lárussyni frá Skarði í Skarðshreppi, nú til heimilis í Bólstaðahlíð í Húnavatnssýslu, fyrir brot gegn 26. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum um lækningaleyfi o. fl., nr. 47 23. júní 1932.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, Jóhann fæddur 16. febrúar 1908 en Guðmundur 23. apríl 1903 og hefir hvorugur þeirra áður sætt refsingu eða ákæru.

Með bréfi dags. 22. maí 1935 tilkynnti landlæknirinn dómsmálaráðuneytinu um skottulækningastarfsemi, sem

iðkuð hefði verið á Hofsós- og Sauðárkrókslæknishéruðum og héraðslæknarnir þar höfðu tjáð honum frá, og óskaði þess jafnframt, að fyrirskipuð væri lögreglurannsókn út af starfsemi þeirra. Með bréfi dags. 7. júní sama ár fyrirskipaði dómsmálaráðuneytið réttarrannsókn í máli þessu, og að loknum frumprófum í málinu lagði ráðuneytið svo fyrir með bréfi dags. 15. jan. 1936, að rannsókn skyldi haldið áfram og að henni lokinni skyldi höfða mál gegn ákærðum fyrir brot gegn framangreindum lögum. Eru málavextir sem hér greinir, og skal hér fyrst lýst þeim málsatriðum, sem sameiginlega eiga við um báða hina ákærðu.

1.

Ákærðu telja sig hafa komizt í dulrænt samband við „samfélag framliðinna manna", er þeir nefna „lækningafélagið Friðrik", og sem þeir segja, að starfi að því að veita sjúkum og þjáðum mönnum læknishjálp með guðlegum krafti. Telja ákærðu, að kraftur þessi sé leiddur gegnum sig og aðra milligöngumenn, sem notaðir eru við dullækningar þess háttar, sem þeir hafa lagt stund á. Hefir ákærði Jóhann lýst sambandi þessu svo, að ýmist sjái hann letrað á blað fyrir sér skipanir og ráðleggingar „lækningafélagsins" eða hann heyri þær, en stundum komi þær fram í huga hans, án þess að um heyrn sé að ræða, heldur eins og hugboð eða hugskeyti. Segist hann þá sjá hina framliðnu lækna hjá sér, er með honum starfa. En báðir lýsa ákærðu starfsaðferð sinni svo, að hún er í því fólgin, að þeir leggja hendur yfir þá, er leita þeirra, og biðja þá jafnframt til guðs um, að hann veiti þeim og nefndu „læknafélagi" lækningakraft sinn til að bæta úr meinum hins sjúka og veita honum heilbrigði og krafta. Leggja þeir hendur yfir þann stað á líkama hins sjúka, þar sem hann kvartar um að þrautir séu og veila í. Segjast ákærðu skoða sig sem milligöngumenn til að leiða þennan æðri kraft sjúkum mönnum, er þeirra leita, til lækninga. En kraftur þessi, segja ákærðu, að sé skynjaður bæði af þeim sjálfum og sjúklingum, er fyrir honum verða, oftast líkt og rafmagnsstraumur færi um líkamann, og veldur hann stundum hræringum á líkama sjúklinganna. Þá segjast ákærðu geta sent sjúklingum lækningakraft þennan, enda þótt þeir séu í fjarlægð, og kalla þeir það, að vera

í „huglækningasambandi“ við þá, og segja, að það samband sé áunnið með krafti bænarinnar.

Ákærði Jóhann kveðst hafa byrjað á að leggja hendur yfir menn, er hann sjálfur var sjúklingur á Reykjahæli fyrir nokkrum árum. Gerði hann það þá í kyrþey. En lækningastarfsemi hóf hann ekki að neinu ráði fyrr en í marzmánuði 1934. Skýrði hann svo frá, að meðákærði Guðmundur bróðir hans hafi verið „þjálfaður í gegnum sig til þessarar lækningastarfsemi“, því ekki sé hægt að segja, að hann hafi lært af sér, þar sem þeir bræður séu aðeins verkfæri æðri kraftar. En Guðmundur byrjaði að sinna framangreindum „lækningastörfum“ um veturnætur 1934. Störfuðu ákærðu ýmist saman í félagi að „lækningunum“ eða hvor í sínu lagi. Hefir Jóhann starfað í Húnavatns-Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslum og á Siglufirði og Akureyri, en Guðmundur í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum og á Siglufirði. Þegar það varð hljóðbært, að ákærðu tóku að leggja stund á umræddar „dullækningar“, leituðu þeirra margir, er freistuðu þess að fá hjá þeim bætur meina sinna. Hafa ákærðu borið, að svo mikil aðsókn hafi orðið að þeim, að þeir hafi hvergi nærri komizt yfir að sinna öllum, sem leituðu til þeirra. En samkvæmt þeim skýrslum, sem þeir hafa gefið réttinum um þetta, hefir ákærði Jóhann lagt hendur yfir 254 menn á tímabilinu frá 24. marz 1934 til 3. október 1935, en ákærði Guðmundur hafi lagt hendur yfir 152 menn þá 212 daga, sem hann kveðst hafa starfað að „dullækningum“, en hann gaf skýrslu sína um þetta 12. nóvember 1935. Hafa þeir báðir játað að hafa haldið áfram lækningastarfsemi síðan.

Ákærðu hafa báðir játað að hafa tekið við gjaldi af sjúklingum sínum og er það einnig upplýst með vitnaframburði, að svo hefir verið. Hafa ákærðu haldið því fram, að þeir hafi aldrei krafizt hærra gjalds en 1 krónu fyrir hverja lækningastund, en hún er venjulega um 20 mínútur. Segjast þeir jafnan hafa miðað endurgjaldið fyrir starf sitt við það tvennt, hvað hlutaðeigandi maður myndi vera fær um að borga og hvern bata hann hafi þótzt hafa fengið af lækningatilrauninni, því hafi þeir oft ýmist tekið minna gjald af mönnum en að framan getur eða alls ekkert gjald, en hinsvegar hafi margir viljað borga þeim

meira en þeir ætluðust til fyrir ómök þeirra. Báðir hafa þeir synjað fyrir að hafa nokkurn tíma auglýst framangreinda lækningastarfsemi, en haldið því fram, að þeir hafi ekkert gert til að hvetja menn til að leita lækninga hjá sér og því síður ráðið mönnum frá að leita til venjulegra lækna. Er ekkert upplýst í rannsókn málsins, er hnekki þessum framburði ákærðu, og kemur skýrsla þeirra um gjaldgreiðsluna yfirleitt heim við það, sem á annan hátt er upplýst um þetta í málinu. Halda þeir því fram, að þeir hafi ekki tekið við gjaldi af neinum, er til þeirra leitaði, síðan rannsókn málsins hófst.

Að því er snertir ákærða Jóhann er það upplýst, að hann tók á móti 200 krónum af föður stúlkunnar Sigrúnar Snorradóttur frá Stóru-Gröf. Stúlka þessi leitaði lækninga hjá Jóhanni 9. apríl 1934 og var undir hans hendi samfellt frá þeim degi og til 27. september sama ár. Mikinn hluta þessa tíma dvaldist Jóhann á heimili stúlkunnar og jafnframt því, að hann beitti við hana umræddum „dularlækningum", gekk hann að vinnu á heimilinu. Hefir faðir stúlkunnar borið, að hann hafi greitt ákærða nefnda fjárhæð ekki einungis sem þóknun fyrir lækningaaðgerðir heldur einnig sem borgun fyrir almenna vinnu.

2.

Frá og með 10.—25. febrúar 1935 dvaldist ákærður Guðmundur Lárusson á Hofsósi. Leituðu þá um 80 manna til hans lækningar. Meðal þeirra voru systkinin Steinunn S. Jónsdóttir og Pétur Jónsson á Þangstöðum við Hofsós. Ákærði beitti við þau lækningaaðferð sinni, er áður er lýst. Hefir Steinunn borið fyrir réttinum, að aðgerðir ákærða hafi haft þær einar verkanir á sig, á meðan á þeim stóð, að hún varð máttfarnari en hún var áður og fékk í sig taugaóstyrk og kippi. Segist hún hafa komið 10 sinnum til ákærða í því skyni að fá hjá honum bót við taugaveiklun, er hún hafði þjáðst af á undanförnum árum. Segist henni svo frá, að er frá leið lækningatilraunum ákærða hafi henni stórversnað krankleikinn, og fékk hún þá krampaköst og var mjög þjáð. Er það skoðun hennar, að lækningatilraunir ákærða hafi verið orsök í því, hve heilsu hennar hnignaði. Ennfremur kennir hún þessum lækningatilraunum ákærða um það, að bræður

hennar Pétur og Þorvaldur urðu veikir, eftir að ákærði fór úr Hofsósi, en játar þó, að Þorvaldur hafi aldrei komið til ákærða. Nefndur Pétur Jónsson hefir borið í málinu, að hann hafi leitað til ákærða 8 sinnum við gigt. Hafi honum stórversnað gigtin við lækningatilraunirnar, og um páskana s. á. varð hann veikur og lagðist í rúmið. Fékk hann þá ósjálfráða taugakippi og vöðvahræringar og kvalir í allan líkamann. Kennir hann áhrifum frá ákærða um þetta. Hann segir og, að enda þótt að Þorvaldur bróðir hans færi aldrei til ákærða, muni þó geðveiki hans hafa stafað frá áhrifum frá ákærða, enda hafi ákærði sagt þeim systkinunum, að hann gæti sent þeim áhrif frá sér, þótt hann væri ekki staddur hjá þeim.

Samkvæmt bréfi héraðslæknisins á Hofsósi til landlæknis dags. 10. maí 1935, sem lagt hefir verið fram í málinu, urðu áðurnefnd 3 systkin öll brjáluð með fárra daga millibili, fyrst fyrrnefnd Steinunn og nokkrum dögum seinna bræður hennar, Pétur og Þorvaldur, „á sömu mínútu". Bar þetta til um páskaleytið, eða m. ö. o. um eða eftir miðjan aprílmánuð 1935. Lýsir læknirinn sjúkdómi systkinanna svo, að „hjá tveim þessara systkina er um að ræða inducierte Psykose samfara hysteriskum krömpum, en hjá öðrum bróðurnum Schizophraenie með furor". Heldur læknirinn svo áfram: „Það virðist engum efa undirorpið, að hin provokerandi orsök til þessa séu hinar svokölluðu huldulækningar, sem maður nokkur hefir practiserað hér í Skagafirði og víðar í vetur." Á læknirinn hér við starfsemi ákærða Guðmundar Lárussonar, sem lýst hefir verið hér að framan. Þau Steinunn og Pétur hafa aftur náð líkri heilsu og þau áður höfðu, en Þorvaldur er ennþá geðveikur.

3.

Rannsókn málsins hefir ennfremur leitt í ljós atvik þau, er nú skal lýst:

Hinn 10. janúar 1935 veiktist stúlkan Þórey Björnsdóttir á Sauðárkróki. Var héraðslæknisins vitjað til hennar 12. s. m. og kom þá í ljós, að hún var veik af heimakomu (Erysipelas) í andliti. Notaði læknirinn Protesin-efni til lækningar stúlkunni og sagði henni, að sótthitinn, er hún hefði, myndi hækka dálítið í bili eftir innsprautur lyfs-

ins, en eftir það myndi henni fara að batna. En er læknirinn var farinn, lét stúlkan sækja þá ákærðu Jóhann og Guðmund Lárussyni. Komu þeir til hennar og beittu við hana lækningaaðferð sinni. Tók nú stúlkunni að batna, svo að þegar héraðslæknirinn kom næst til hennar á 3ja degi frá fyrri vitjun hans, þá var hún talsvert betur haldin en áður. Var ákærði Guðmundur þá hjá henni. Og er læknirinn hafði orð á að gefa henni aftur sprautu af nefndu lyfi, þá lagði hún bann við því, en sagði honum, að hún hefði nú fengið aðra lækna og þyrfti ekki hans hjálpar við. En stúlkunni hélt áfram að batna og hlaut fullan bata innan skamms. Ekki hefir komið í ljós, að nokkur hafi smitazt af framangreindum sjúkdómi stúlkunnar. Ákærði Guðmundur Lárusson hefir neitað því að hafa átt nokkurn þátt í að nefnd stúlka hafnaði læknishjálp héraðslæknisins, og báðir hinir ákærðu neita því eindregið, að þeir hafi nokkurntíma reynt að hafa áhrif á að sjúklingar, er þeirra leituðu, hættu að leita embættislækna eða annarra löggiltra lækna.

4.

Leitað hefir verið álits héraðslæknanna í Sauðárkróks- og Hofsóslæknishéruðum um það, hvort og að hve miklu leyti þeim þætti framangreind starfsemi hinna ákærðu hættuleg heilbrigði manna. Hefir Sauðárkrókslæknirinn látið það álit í ljós, að hann teldi „lækningar þessar engin áhrif hafa, hvorki til ills eða góðs á allflesta, en teldi þó starfsemina dálítið viðsjála eða varasama í höndum svo þekkingarsnauðra manna, sem ákærðu væru, að hans áliti.“ Getur læknirinn þess, að tveir sjúklingar hafi leitað til sín, sem þykjast hafa orðið fyrir óþægilegum áhrifum af starfsemi ákærðu. Er annað þeirra stúlka, sem segist vera taugaveikluð, og sá læknirinn hana fá krampaflog þeirrar tegundar, sem kallaðir eru hysteriskir krampar. Af framburði stúlku þessarar kemur það í ljós, að hún telur krankleika sinn stafa af því, að hún lagði sjálf hendur yfir ákærða Guðmund, en hinsvegar telur hún sig hafa haft gott af handayfirlagningu og fyrirbænum hinna ákærðu — Álit Hofsóslæknisins á starfsemi ákærðu yfirleitt er á þá leið, að hún hafi „engin áhrif, hvorki til góðs eða ills að því er viðvíkur öllum þorra manna, en

aftur á móti tel ég hana mjög skaðlega taugaveikluðu (psykiskt labil) fólki", segir læknirinn, og vísar til atvika þeirra, sem frá er greint hér að framan undir 2. tölulið. Þess skal getið, að af hálfu talsmanns ákærða hafa verið lögð fram í málinu 34 vottorð manna, sem leitað hafa sér lækninga hjá ákærðum og þykjast hafa fengið meiri og minni bætur meina sinna fyrir þeirra tilverknað.

5.

Í rannsókn málsins hefir ekkert komið í ljós, er gefi til kynna, að ákærðu hafi rekið umrædda starfsemi sína í því skyni að blekkja menn eða að hafa af þeim fé í ábata skyni. Verður að gera ráð fyrir, að þeir hafi starfað í góðri trú á þann lækningakraft, sem þeir þykjast geta miðlað mönnum, er til þeirra leita. Og að því er snertir gjaldtöku þeirra fyrir ómök sín, er á það að líta, að þeir hafa þá aðeins tekið við gjaldi, er þeir álitu gjaldandann bæði fúsan og færan að greiða og að gjaldið er svo lágt, að ekki verður sagt, að þeir hafi haft verulegar tekjur af starfsemi sinni, þannig að fjárhagsvonin hafi getað verið verulegt atriði fyrir þá. Af þessum ástæðum ber að sýkna báða hina ákærðu af ákærunni fyrir brot gegn 26. kapítula hinna almennu hegningarlaga.

Þá verður að telja það ósannað, að framangreind starfsemi ákærðu hafi valdið mönnum heilsutjóni. Geðveiki áðurnefndra systkina á Þangstöðum við Hofsós kom ekki í ljós fyrr en hérumbil tveimur mánuðum eftir að ákærði Guðmundur Lárusson fór úr Hofsósi. Af nefndum systkinum er það Þorvaldur Jónsson, sem verður verulega geðveikur, en hann leitaði aldrei til ákærða og hafði, svo séð verði, ekkert af starfsemi hans að segja. Að réttarins áliti þykir ekki slíkt samband hafa verið milli starfsemi ákærða og sýkingar nefndra systkina, að auðið sé að gefa ákærða hana að sök, þótt ella væri hægt að lögum.

Eins og áður er lýst, er verknaður sá, sem ákærðu eru sakaðir um í máli þessu, aðeins í því fólginn, að þeir hafa leitazt við að veita þeim mönnum, er til þeirra leituðu, bætur meina sinna með því að leggja hendur yfir þá og biðja guð um bata þeim til handa. Hefir hvorugur þeirra notað nokkurt lyf eða beitt öðrum ráðum eða aðferðum. Og ekki er upplýst, að þeir hafi aðhafzt nokkuð til að

aftra því, að þeir, sem til þeirra leituðu, leituðu annarra lækna. Að réttarins áliti er þessum athöfnum hinna ákærðu ekki þannig háttað, að þær verði taldar lækningar í þeirri merkingu, sem ætla verður að leggja beri í hugtakið lækningar í lögum um lækningaleyfi o. fl., nr. 47 1932. Verknaður þeirra varðar því ekki við lög, og ber þá einnig að sýkna þá af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda hinna ákærðu, Böðvars Bjarkan málaflutningsmanns á Akureyri, sem þykja hæfilega ákveðin 60 krónur.

Í rannsóknargerðum málsins hefir verið gerð grein fyrir, hversvegna ekki varð bundinn endi á rannsóknina fyrr en í byrjun nóvember síðastliðins. Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Jóhann Sigurberg Lárusson og Guðmundur Lárusson, eiga að vera sýknir af ákæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar á meðal 60 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hinna ákærðu, Böðvars Bjarkan málaflutningsmanns á Akureyri, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 15. marz 1939.

Nr. 123/1937. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Kristján Guðlaugsson cand. jur.)
gegn
Helga Benediktssyni
(Sigurður E. Ólason cand. jur.)
og
valdstjórnin
gegn
Sigurði Ólasyni og Ara Þorgilssyni
(Sigurður E. Ólason cand. jur.)

Ákæra um þjófnað, svik, skjalafals og brot á bókhaldslögum, lögum um hlutafélög, lögum um gjaldþrotaskipti og lögum um verðtoll.

Dómur hæstaréttar.

A. Kærðu Sigurður Ólason og Ari Þorgilsson.

Af ástæðum þeim, sem fram eru teknar í hinum áfrýjaða dómi, ber að sýkna kærðu af kærum og kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu.

B. Ákærði Helgi Benediktsson.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða með stefnu birtri 27. ágúst 1936, en athafnir þær, sem honum eru gefnar að sök í því, eru framdar á árunum 1926—1933. Hlutafélögin Verzlunarfélag Vestmannaeyja og Kaupangur voru bæði tekin til gjaldþrotaskipta 15. janúar 1932, og eru allar þær athafnir, sem ákærði er sakaður um í sambandi við félög þessi, eldri en frá þeim tíma. Er sök fyrnd að því er til sumra ákæruatriða tekur, eins og nánar verður gerð grein fyrir síðar.

Með dómi hæstaréttar 10. des. 1934 var ákærði dæmdur til að sæta 4 mánaða fangelsi við venjulegt

fangaviðurværi fyrir brot gegn 255., 259. og 276. gr. almennra hegningarlaga, en héraðsdómur í því máli var kveðinn upp 30. maí 1933. Fyrir refsiverðan verknað, framinn fyrir 30. maí 1933, verður ákærða því aðeins dæmdur hegningarauki samkvæmt 65. gr. almennra hegningarlaga.

Skal þá vikið að ákæruatriðunum á hendur ákærða.

I. Arðmiðar af hlutabréfum í Ísfélagi Vestmannaeyja h.f.

1. Gegn neitun ákærða þykir ekki sannað, að hann hafi haft umrædda arðmiða á brott með sér úr skrifstofu Ísfélags Vestmannaeyja h/f í því skyni að misnota þá síðar. Verður því þessi taka miðanna ekki talin honum til refsiábyrgðar.

2. Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, verður ákærði ekki sakfelldur fyrir það, þótt hann krefðist og tæki við arði samkvæmt arðmiðum af hlutabréfi nr. 623, er hann var sjálfur eigandi að. Er svo að sjá af skýrslu endurskoðenda, að sú greiðsla hafi numið kr. 19.50. Þá má og fallast á röksemdir héraðsdómarans fyrir því, að ákærða verði ekki talið til sakar, þótt hann gengi eftir hjá félaginu og tæki við arði samkvæmt 144 arðmiðum af 72 hlutabréfum, er félagið átt sjálft. Nam sú arðgreiðsla kr. 288.00.

Eftir prófum málsins er ekki loku fyrir það skotið, að ákærði hafi verið eigandi fleiri umræddra arðmiða en þeirra, er að ofan greinir. En upplýst er, að hann hefir ekki átt þá alla, og sjálfur hefur hann kannazt við, að hann hafi vitað, er hann krafðist arðs samkvæmt miðunum og fékk hann greiddan, að hann hafi ekki verið heimildarmaður að öllum miðunum. Greiðsla samkvæmt 44 af miðum þessum

fór fram í febrúar 1933, en að öðru leyti voru miðarnir leystir inn eftir 30. maí 1933. Ekki verður talið upplýst, að ákærða hafi verið kunnugt, er hann fékk arðinn greiddan, að félagið hafði áður greitt arð af sömu hlutabréfum fyrir sama tímabil, að því er tók til nokkurs hluta arðmiðanna.

Sá verknaður ákærða, er hér hefir lýst verið, varðar við 253. gr. almennra hegningarlaga, og skal höfð hliðsjón af 65 gr. þeirra um refsingu fyrir misferli með þá 44 arðmiða, er greiddir voru í febrúar 1933.

Í réttarsætt þeirri, er gerðist milli ákærða og Ísfélags Vestmannaeyja h/f þann 10. des. 1934, er því lýst yfir, að með sættinni sé lokið öllum öðrum kröfum af beggja hendi. Félaginu var þá kunnugt misferli ákærða með arðmiða, hafði áður gert ákveðna skaðabótakröfu á hendur honum út af því og fengið 286 krónur greiddar upp í þá kröfu. Með fyrirvaralausri yfirlýsingu sinni í nefndri réttarsætt hefir félagið firrt sig rétti til þess að krefja ákærða frekari bóta, og ber því að sýkna hann af skaðabótakröfu greinds félags í máli þessu.

II. H/f Kaupangur.

1. Eins og nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi, telur ákærði sig hafa aukið hlutafé félags þessa þann 31. des. 1927 um 15000 krónur. Samkvæmt færslum í bókum félagsins er hlutafjáraukning þessi að fullu greidd til félagsins nefndan dag. Endurskoðendur þeir, sem rannsökuðu bókhald félagsins eftir að það varð gjaldþrota, fullyrða, að færsla þessi hafi ekki við neitt að styðjast og sé algerlega röng og reikningsleg blekking. Ákærði, sem kveðst hafa látið félaginu í té vörur sem hlutafjáraukningunni nemur, hefir enga grein getað gert fyrir því, hverskonar vörur það hafi verið né hvaðan hann hafi fengið þær.

Kærður Ari Þorgilsson, sem var framkvæmdarstjóri félagsins á umræddum tíma, getur ekki heldur gefið neinar upplýsingar um vöruafhendingu frá ákærða á þessum tíma né skýrt þennan bókfærslulið, sem er gerður af ákærða, þótt kærður Ari hefði annars bókhaldið á hendi. Það virðist og fara í bága við aðrar upplýsingar samkvæmt bókum félagsins um vörubirgðir þess í árslok 1927, vörusölu fyrri hluta árs 1928 og vörubirgðir eftir brunann 18. ágúst 1928, að félagið hafi fengið nokkrar vörur sem greiðslu á hlutafé um áramótin 1927—1928. Þessi tilbúningur um hlutafjáraukningu er tilkynntur Upplýsingaskrifstofu kaupsýslumanna 10. febr. 1928, en virðist ekki hafa verið tilkynntur til hlutafélagaskrár. Með vísvitandi rangri tilgreiningu í bókum félagsins og rangri skýrslu til nefndrar upplýsingastofu um aukningu hlutafjárins hefir ákærði brotið ákvæði 1. töluliðs 53. gr. laga um hlutafélög nr. 77/1921 svo og 7. gr. laga um verzlunarbækur nr. 53/1911 sbr. nú 20. gr. laga nr. 62/1938. Að vísu er þess ekki getið í stefnu, að mál sé höfðað gegn ákærða fyrir brot á lögum nr. 53/1911, en þar sem ákærða var ljóst, að honum var gefinn verknaður þessi að sök í málinu, og fullkomin vörn hefir verið borin fram í því um þetta ákæruatriði, þá þykir mega heimfæra brot hans undir nefnt lagaákvæði. Refsingu fyrir brot þetta ber að ákveða með hliðsjón af analogiu 65. gr. almennra hegningarlaga.

2. Fallast má á niðurstöðu héraðsdómarans um það, að ekki eigi að varða ákærða refsiábyrgð, þótt hann gæti ekki gert grein fyrir, hvað orðið hafi af sumum verzlunarbókum og skjölum h/f Kaupangs, eftir að það hætti störfum.

3. Ekki verður talið upplýst, að ákærði hafi lagt

samþykki sitt á það, að Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f héldi eftir kr. 1541.90 af brunabótafé því, sem h/f Kaupangur átti að fá fyrir brunatjón á vörum. En það verður ekki talið ákærða til refsiábyrgðar, þótt hann léti þetta viðgangast. Ber því að sýkna hann af þessum ákærulið.

4. Eftir að h/f Kaupangur hætti að fullu verzlunarrekstri sínum í ágúst 1928, fékk ákærði greitt andvirði seldra vara félagsins kr. 2522.45, brunabótafé, kr. 7500.00 að frádregnum kr. 1541.90, eða kr. 5958.10, og ennfremur eitthvað af útistandandi skuldum félagsins. Þegar félagið var tekið til gjaldþrotaskipta, voru engar eignir lengur fyrir hendi. Kveðst ákærði hafa greitt framangreint fé ýmsum lánardrottnum félagsins, og hafi hann greitt þær skuldir að fullu. Í þrotabúið var lýst skuldum að upphæð kr. 4400.00. Með því að greiða þannig sumum lánardrottnum kröfur þeirra að fullu, en öðrum ekkert, hefir ákærði gerzt sekur um refsiverða ívilnun. Varðar það brot hans við 263. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 65. gr. s. l.

5. Hvort ákærði hafi brotið gegn ákvæðum 1. sbr. 39. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 25/1929 með því að framselja ekki bú félagsins til gjaldþrotaskipta í tæka tíð, kemur ekki hér til álita, þar eð sú sök mundi nú fyrnd samkvæmt lögjöfnun frá 67. gr. almennra hegningarlaga.

III. Verzlunarfélag Vestmannaeyja h.f.

1. Við athugun á efnahagsreikningi Verzlunarfélags Vestmannaeyja 31. des. 1926, er lagður var til grundvallar hlutabréfaútgáfu Verzlunarfélags Vestmannaeyja h.f., sem um það leyti var stofnað, er þess fyrst að geta, að með hliðsjón af skýrslum endurskoðenda og öðrum upplýsingum, sem fram hafa

komið, er ekki gerlegt að ætla, að vörubirgðir þær, sem í 5. lið efnahagsreikningsins eru taldar rúmlega 151 þús. króna virði, hafi raunverulega verið meira en 100 þús. króna virði. Lækkar þessi eignaliður því um rúmar 50 þús. krónur.

Í 10. lið efnahagsreikningsins hafa útistandandi skuldir, kr. 151537.46, verið dregnar með nafnverði frá inneignum lánardrottna, kr. 267520.15, en mismunurinn færður firmanu til skuldar, eins og nánar er skýrt frá í hinum áfrýjaða dómi. Ekki þykir staðhæfandi, að félagið hafi átt að greiða gengismun þann, kr. 27445.47, sem í héraðsdóminum getur, og er því ekki næg ástæða til að hækka inneignir lánardrottna sem því svarar. Þá þykir ekki heldur ástæða til að draga frá útistandandi skuldum skuld ákærða sjálfs, kr. 9242.42, þar sem honum bar að greiða fjárhæð þessa, og verður sú skuld að metast á sama hátt og skuldir þær, er félagið átti á hendur öðrum. Hinsvegar má fallast á það með héraðsdómaranum, að ekki hafi verið heimilt í umræddu sambandi að telja útistandandi skuldir til eignar með nafnverði, og að lækka beri þær um ekki minna en 20%. Á því 10. liður efnahagsreikningsins, sem er skuldamegin, að hækka af þessum ástæðum um rúmlega 30 þús. krónur.

Samkvæmt framansögðu eru eignir á efnahagsreikningi þessum ofmetnar um ekki minna en 80 þús. krónur. Skortir þannig mjög á, að hlutafé, kr. 150 þús., hafi verið að fullu greitt, þegar félagið var tilkynnt til hlutafélagaskrár þann 18. des. 1926, en þá er skýrt svo frá, að hlutafjársöfnun sé lokið og 150 þús. kr. af hlutafénu greitt. Í ódagsettu bréfi til Köbmandsstandens Oplysningsbureau í Kaupmannahöfn, sem virðist ritað á árinu 1928, og bréfi til Upp-

lýsingaskrifstofu kaupsýslumanna dags. 10. febr. 1928 skýrir ákærði svo frá, að framangreint hlutafé sé að fullu greitt.

Með því að skýra þannig rangt og villandi frá greiddu hlutafé til hlutafélagaskrár og nefndra upplýsingastofnana, svo og með því að herma rangt um þetta í bókum og reikningum félagsins sjálfs, hefir ákærði gerzt sekur um brot á ákvæðum 1. töluliðs 53. gr. fyrrnefndra hlutafélagalaga nr. 77/1921. Þar eð brot þetta varðar ákærða þyngri refsingu en sektum eða einföldu fangelsi, er sök ekki fyrnd. Hinsvegar ber að hafa hliðsjón af analogíu 65. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingarinnar.

2. Samkvæmt bókum félagsins telur ákærði sig hafa greitt síðar hlutafé til þess að fjárhæð kr. 100 þús., eins og nánar er skýrt frá í héraðsdóminum. Ekki verður séð, að þessi hlutafjáraukning hafi verið tilkynnt til hlutafélagaskrár, en í fyrrgreindum bréfum til Köbmandsstandens Oplysningsbureau og Upplýsingaskrifstofu kaupsýslumanna kveður ákærði inngreitt hlutafé nema kr. 212 þús., eða 62 þús. fram yfir það, sem tilkynnt var til hlutafélagaskrár. Í bókum félagsins er ákærða ýmist fært til tekna sem greiðsla á nefndri hlutafjáraukningu, að hann hafi tekið að sér að greiða tilteknar skuldir félagsins, án þess þó að greiða þær samtímis eða fá samþykki kröfueigenda um, að félagið væri leyst frá greiðsluskyldu, eða hann er talinn hafa afhent félaginu kröfur, sem sýnast hafa verið lítils eða einskis virði, eða loks, að hann hafi afhent félaginu ýmsa muni, mestmegnis lélega og verðlitla, sem félagið hafði lítið eða ekkert við að gera. Meðal annars eru ákærða færðar til tekna kr. 24000.00 fyrir hlutabréf í h/f Kaup-

angi, og hefir að minnsta kosti helmingur þeirra verið þá einskis virði, sbr. það, sem áður er sagt um hlutafjáraukningu í því félagi. Það, sem ákærði er þannig talinn hafa greitt félaginu, getur alls ekki talist grundvöllur undir hlutabréfaútgáfu og réttlætir ekki bókun um innkomið hlutafé.

Með því að herma rangt og villandi frá innkominni hlutafjáraukningu í bókum og reikningum félagsins og í bréfum til fyrrnefndra upplýsingastofnana hefir ákærði brotið ákvæði 1. töluliðs 53. gr. nefndra hlutafélagalaga nr. 77/1921. Af sömu ástæðu og hér á undan í III. 1. getur, verður sök ekki talin fyrnd, en við ákvörðun refsingar ber að hafa hliðsjón af analogiu 65. gr. almennra hegningarlaga.

3. Það verður að teljast upplýst, að ákærði hafi einn ráðið öllu um málefni félagsins, þar á meðal um ráðstafanir þær, er getur í næsta tölulið hér að framan. Þeir, sem hluti áttu með honum í félaginu, virðast hafa gerzt hluthafar að tilmælum hans og látið stjórn hans á félaginu afskiptalausa. Verður ekki álitið, að ákærði hafi með ráðstöfunum sínum blekkt þá eða ætlað að baka þeim tjón. Á hann því ekki að sæta refsingu af þeim sökum, og ber að sýkna hann af þessum lið ákærunnar.

4. Ekki verður ákærði heldur dæmdur til refsingar fyrir bókhaldsóreiðu samkvæmt 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, þar eð sök myndi nú fyrnd, ef til hennar hefði verið unnið, sbr. 67. gr. sömu laga. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

5. Þá verður ekki heldur talið sannað eftir upplýsingum þeim, sem fyrir liggja, að ákærði hafi drýgt refsivert athæfi í sambandi við dómkröfu á Þórð

nokkurn Jónsson. Verður því einnig að sýkna hann af þessu ákæruatriði.

6. Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdómarans að sýkna ákærða af ákæru um refsiverðan verknað í sambandi við yfirtöku eigna félagsins í árslok 1930. Hvorki verður séð, að ráðstöfun þessi hafi valdið nokkrum lánardrottni tjóni, né að Útvegsbanka Íslands hafi verið ívilnað með henni.

7. Þá er ákærða gefið að sök, að hann hafi með greiðslu fjögurra tiltekinna krafna árið 1930 ívilnað kröfuhöfum öðrum lánardrottnum félagsins til tjóns. Um greiðsluna til Jóns Einarssonar, kr. 16607.00, er það að segja, að hann virðist hafa haft 1. veðrétt í skipi félagsins „Skíðblaðni", sem talið var 30 þús. króna virði, fyrir kröfu sinni. Verður greiðsla þessi þegar af þeirri ástæðu ekki talin refsiverð. Um greiðslu tveggja víxilskulda til Útvegsbanka Íslands, kr. 1885.13 og kr. 3516.00, er því haldið fram af ákærða hálfu, að þar sé aðeins um framlengingu eldri víxla að ræða, og liggur ekkert fyrir í málinu, er afsanni það. Loks er ákærði talinn hafa greitt samtals kr. 7189.14 upp í eina skuld árið 1930. Af hálfu ákærða eru gefnar þær skýringar á greiðslu þessari, að keypt hafi verið ný vél á þessu ári í bát, er félagið átti, og hafi fjárhæð þessi verið greidd upp í andvirði vélarinnar. Af gögnum þeim, sem fyrir liggja, sést, að vél þessi hefir verið keypt umræft ár, og hefir ekkert komið fram, er hnekki frásögn ákærða um greiðslu þessa. Brestur þannig skilyrði um allar þessar greiðslur fyrir því, að ákærði verði talinn hafa gerzt sekur um refsiverða ívilnum með því að inna þær af hendi. Ber því að sýkna hann af þessum ákærulið.

8. Ekki þarf athugunar við, hvort ákærði kunni að

hafa brotið ákvæði 1. sbr. 39. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 25/1929 með því að framselja ekki bú félagsins til gjaldþrotaskipta í tæka tíð, þar eð sú sök myndi fyrnd samkvæmt lögjöfnun frá 67. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Verðtollur.

1. Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdómsins að því leyti sem ákærði er sýknaður vegna sakarfyrningar af kæru valdstjórnarinnar fyrir brot á löggjöf um verðtoll.

2. Ákærða er gefið að sök, að hann hafi falsað tvo innkaupsreikninga í því skyni að komast hjá réttmætri tollgreiðslu af vörum. Þar sem ekki liggur fyrir skýlaus játning ákærða um, að hann hafi falsað eða látið falsa reikninga þessa, og það er ekki upplýst á annan hátt, en möguleiki er á því, að aðrir hafi framkvæmt breytinguna, þá þykir varhugavert að telja ákærða sannan að sök um brot þetta. Ber því að sýkna hann af þessum ákærulið.

Refsing ákærða fyrir framangreind brot hans þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 65. gr. almennra hegningarlaga, eftir því sem áður segir, svo og 63. gr. sömu laga, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Ákærði, Helgi Benediktsson, skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 600 krónur til hvors.

Eins og segir í upphafi dóms þessa, voru h/f Verzlunarfélag Vestmannaeyja og h/f Kaupangur bæði tekin til gjaldþrotaskipta 15. janúar 1932. Endurskoðun á bókhaldi félaganna hefst í júlímánuði 1932, en henni lýkur ekki fyrr en í lok júlímánuðar

1934. Héraðsdómur í málinu er upp kveðinn 27. febrúar 1937. Þótt málið sé umfangsmikið, verður þessi mikli dráttur engan veginn talinn réttlættur, og ber að átelja hann.

Því dæmist rétt vera:

Kærðu, Sigurður Ólason og Ari Þorgilsson, eiga að vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Ákærði, Helgi Benediktsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði. Hann á að vera sýkn af kröfu Ísfélags Vestmannaeyja h. f. í máli þessu.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms eiga að vera óröskuð. Ákærði Helgi Benediktsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, Kristjáns Guðlaugssonar cand. jur. og Sigurðar E. Ólasonar cand. jur., 600 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 27. febrúar 1937.

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvísinnar og valdstjórnarinnar gegn Helga Benediktssyni kaupmanni, til heimilis Skólaveg 27 hér í bænum, fyrir brot gegn 23. kapitula, 26. kapitula og 27. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögum nr. 51 frá 7. maí 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana og gildandi lögum um verðtoll, og ennfremur af valdstjórnarinnar hálfu gegn honum (H. B.) og gegn þeim Ara Þorgilssyni bæjarfógetaritara, til heimilis Sunnu-

veg 6 í Hafnarfirði, Jóni Einarssyni fyrrverandi kaupmanni, til heimilis Gjábakka hér í bænum, og gegn Sigurði Ólasyni framkvæmdarstjóra, til heimilis Skólaveg 22 hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 77 frá 27. júní 1921 um hlutafélög og lögum nr. 25 frá 14. júní 1929 um gjaldþrotaskipti.

Málavextir eru sem hér segir:

Ákærður Helgi Benediktsson:

Með bréfi dags. þann 5. júlí 1934 kærði stjórn Ísfélags Vestmannaeyja h. f., hér í bænum, og óskaði rannsóknar út af því, að hlutafélagið hafi verið látið greiða arð út á 467 arðmiða af hlutabréfum í félagi þessu, en af flestum af hlutabréfum þeim, sem höfðu sömu númer og arðmiðar þessir, hafi áður verið greiddur arður fyrir tímabil það, sem arðmiðar þessir giltu fyrir, og auk þess út af því, að hlutafélagið hafði verið látið greiða arð út á 144 arðmiða fyrir árin 1930 og 1931 af hlutabréfum í félagi þessu, sem félagið átti sjálft á þeim tíma, sem arðmiðarnir giltu fyrir, — eða samtals 611 arðmiða fyrir kr. 1282.50.

Að undangenginni rannsókn var mál þetta sent dómsmálaráðuneytinu með bréfi dags. þann 28. janúar 1935, og með bréfi dags. sama dag voru ráðuneytinu send skjöl, viðvíkjandi rannsókn út af gjaldþroti Verzlunarfélags Vestmannaeyja h. f. og h. f. Kaupangs hér í bænum, og með bréfi dags. þann 10. janúar þ. á. fyrirskipaði ráðuneytið málshöfðun þessa gegn ákærðum (og hinum kærðu), og var málið höfðað að undangenginni framhaldsrannsókn, sem ráðuneytið fyrirskipaði út af brotum gegn löggjöfinni um verðtoll.

Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, voru 52 af framangreindum arðmiðum greiddir ákærðum í febrúarmánuði 1933 af þáverandi féhirði og framkvæmdarstjóra félagsins, Friðrik Þorsteinssyni. 44 af arðmiðum þessum báru hlutabréfanúmerin 217 og 219—221 (incl.), — 11 með hverju númeri, allir fyrir tímabilið frá 1920—1931, að undanteknu árinu 1929, en það ár var hluthöfum í félagi þessu ekki úthlutað neinum arði. Eigandi hlutabréfa í félaginu með þessum númerum var, er arðgreiðsla þessi fór fram, og hafði verið allt framangreint tímabil, Þorsteinn Jónsson útgerðarmaður, hér í bænum, og hafði honum áður verið greiddur arður af hlutabréfum þessum fyrir allt

framangreint tímabil, sem ákærður fékk greiddan arð af þeim fyrir, og voru arðmiðar þeir, sem Þorsteinn Jónsson fékk greiðsluna gegn, meðal greiddra arðmiða í vörzlu félagsins, er rannsókn málsins fór fram, og voru númerin á þeim arðmiðum handskrifuð með rithönd Árna Filippussonar, sem lengi var framkvæmdarstjóri og féhirðir félagsins og lét af því starfi haustið 1931, en var látinn, er rannsókn málsins hófst. En á arðmiðum þeim, sem ákærður afhenti féhirði félagsins, er hann fékk framangreindan hlutafjárarð greiddan, virðast númerin vera stimpluð með tölustimpli. Á 6 af framangreindum arðmiðum er hlutabréfsnúmerið 623 og eru fyrir tímabilið frá 1918 til 1925. En að því hlutabréfi var ákærður eigandi, er hann fékk arð þennan greiddan, en á tímabili því, sem ákærði fékk arðinn greiddan fyrir, var Valdemar nokkur Árnason skráður eigandi hlutabréfs þessa, en arður hafði eigi verið áður greiddur af hlutabréfi þessu fyrir framangreindan tíma, og ekkert hefir komið fram í málinu, sem bendir til þess, að ákærðum hafi verið óheimilt að taka við arðgreiðslu þessari, og þykir sennilegt, að hann hafi eignazt arðmiða þessa með hlutabréfinu.

Í októbermánuði 1933 greiddi þáverandi féhirðir og framkvæmdarstjóri félagsins, Jóhann Gunnar Brynjólfsson, Oddsteini Friðrikssyni útvegsmanni, Hásteinsveg 5 hér í bænum, hlutafjárarð að upphæð kr. 130.00 gegn 65 arðmiðum, sem Oddsteinn Friðriksson afhenti þá nefndum féhirði félagsins. Af arðmiðum þessum voru 27 fyrir árið 1930 með hlutabréfanúmerum 27—28, 30—34, 41—42, 54—59, 61—63, 66, 255—256, 403, 406, 571, 602, 647, 674, og var arður sá, sem greiddur var gegn þeim, kr. 54.00. En 38 af arðmiðum þessum voru fyrir árið 1931 með hlutabréfanúmerunum 26, 28—32, 34, 49, 51, 54—55, 57, 59—60, 62—63, 66, 68—69, 253, 255—256, 403—406, 431—432, 441, 447, 529, 558—559, 570, 602, 641—642 og 646. Öll þessi hlutabréf voru eign hlutafélagsins sjálfs á þeim árum, sem arðurinn var greiddur fyrir, og hafði hlutafélagið keypt þau af Gísla J. Johnsen ræðismanni árið 1929.

Oddsteinn Friðriksson hefir borið í málinu, að hann hafi sýnt arðmiða þessa til greiðslu fyrir ákærðan samkvæmt beiðni hans, og hafi ákærður afhent honum arðmiðana um leið og Oddsteinn fór að sækja arðgreiðsluna fyrir ákærð-

an, og hefir ákærður kannazt við, að þetta hafi verið þannig.

Í októbermánuði og desembermánuði 1933 greiddi féhirðir hlutafélagsins Ólafi Jenssyni póstmeistara, hér í bænum, kr. 158.00 í hlutafjárarð gegn 79 arðmiðum. 45 af arðmiðum þessum voru fyrir árið 1930, og voru á þeim hlutabréfanúmerin 26, 29, 35—40, 43—53, 60, 64—65, 67—69, 251—254, 258, 404—405, 431—434, 468—470, 528—529, 559, 570 og 641—642, og var arðurinn, sem greiddur var gegn þeim, kr. 90.00. En 34 af arðmiðum þessum voru fyrir árið 1931, og voru letruð á þá hlutabréfanúmerin 27, 33, 35—48, 50, 52—53, 56, 58, 61, 64—65, 67, 251—252, 254, 433—434, 468—470 og 528, og er arður sá, sem greiddur hefir verið samkvæmt þeim, kr. 68.00. Hlutabréfin með þessum númerum, einnig þau, sem ekki er getið hér að framan, að Oddsteinn Friðriksson fékk greiddan arð af, voru eign hlutafélagsins sjálfs á framangreindum árum, og eignaðist það þau öll árið 1929.

Ólafur Jensson hefir borið í málinu, að hann hafi fengið arðmiða þessa hjá ákærðum sem greiðslu vegna viðskipta við Ólaf Jensson sjálfan og við pósthúsið, og hefir ákærður játað, að svo hafi verið.

Í ágústmánuði 1933 greiddi féhirðir félagsins ákærðum kr. 540.50 gegn 253 arðmiðum fyrir árin 1920—1928 og 1930 1931, og voru á arðmiða þessa letruð hlutabréfanúmerin 112, 215—216, 218, 222, 367—370, 419—422, 530—531, 544—545, 568—569, 582, 592, 619 og 624, og voru arðmiðar með hverju framangreindu númeri fyrir allan framangreindan tíma. Ákærður var ekki eigandi að neinu af hlutabréfum þessum, er hann fékk arð þennan greiddan, og hafði aldrei verið eigandi þeirra. Af hlutabréfunum nr. 215—216, 218, 222, 544—545, 592 og 624 hafði áður verið greiddur arður fyrir tímabil það, sem ákærður fékk þannig greiddan arð af bréfum þessum fyrir, og fundust við rannsókn málsins í vörzlum hlutafélagsins arðmiðar þeir, sem þannig höfðu áður verið greiddir af hlutafélaginu, meðal greiddra arðmiða hlutafélagsins, að öðru en því, að af hlutabréfi nr. 592 hefir ekki fundizt arðmiði sá, sem áður hefir verið greiddur fyrir árið 1931, og af hlutabréfi nr. 624 hafa ekki fundizt áður greiddir arðmiðar fyrir árið 1920, 1928 og 1931.

Af hlutabréfunum nr. 112, 367—370, 419—422. 530—531, 568—569, 582 og 619 hafði ekki áður verið greiddur arður fyrir framangreint tímabil.

Með hlutabréfum félagsins fylgdu, er þau voru gefin út, arðmiðar til ársins 1919, og er því tímabili var lokið, voru prentaðar nýjar arðmiðaarkir fyrir tímabilið frá 1920—1939. Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu í sambandi við rannsókn tveggja dómkvaddra manna, sem athuguðu bækur og skjöl umræddS hlutafélags í sambandi við rannsókn máls þessa, hafa eigendur síðastnefndra hlutabréfa aldrei fengið afhentar arðmiðaarkir þær, sem giltu fyrir tímabilið frá 1920—1939, en þetta er þó ekki fyllilega upplýst að því er snertir hlutabréfin nr. 112 og 582.

Í októbermánuði 1933 fékk ákærður greiddan hjá féhirði félagsins hlutafjárarð að upphæð kr. 342.00 gegn 162 arðmiðum fyrir árin 1911—1919, og voru á arðmiðum þessum hlutabréfanúmerin 157—165, 377—378, 506—507, 512—513 og 553—555, og voru með hverju númeri arðmiðar fyrir allan framangreindan tíma. Að öllum þessum hlutabréfum, nema hlutabréfunum nr. 553—555, var ákærður eigandi, er hann fékk arð þennan greiddan, og hafði hann verið skráður eigandi þeirra, frá því á árinu 1932, en ekki fyrir þann tíma. En hlutabréfin nr. 553—555, átti ákærður ekki, er hann fékk arð þennan greiddan, og hafði aldrei átt þau. Af öllum þessum hlutabréfum hafði eigendum þeirra áður verið greiddur arður fyrir framangreint tímabil, og hafa 136 af arðmiðum þeim, sem eigendum bréfanna var greiddur arður gegn, fundizt í vörzlum hlutafélagsins, eða allir arðmiðar af bréfum þessum fyrir árin 1911—1912, allir arðmiðar af þeim fyrir árin 1913, nema af hlutabréfunum nr. 512—513 og nr. 554—555,, og fyrir árið 1914 hafa engir áður greiddir arðmiðar fundizt af hlutabréfum þessum.

Þá hafa og fundizt allir arðmiðar af hlutabréfum þessum fyrir árið 1915—1919, nema 4 arðmiðar, þ. e. arðmiðar frá 1917 af hlutabréfunum nr. 377—378 og 554—555.

Á öllum framangreindum arðmiðum, er ákærður fékk greidda hjá hlutafélaginu, voru númerin stimpluð með tölustimpli, allir með sama eða samskonar stimpli og aðrir arðmiðar fyrir tímabilið frá 1920—1939 hafa verið tölusettir með, og var að öllu leyti venjulegur frágangur á arðmiðum þeim, sem ákærður fékk greidda fyrir það tímabil. En arð-

miðar þeir, sem ákærður fékk greidda fyrir tímabilið frá 1911—1919, voru ekki með neinni undirskrift, en á öðrum arðmiðum, sem greiddir höfðu verið fyrir það tímabil, var sem undirskrift stimpað nafnið „Árni Filippusson". Þá voru og á öðrum arðmiðum, sem greiddir höfðu verið fyrir þetta tímabil, handskrifuð númer með rithönd Árna Filippussonar, fyrrverandi framkvæmdarstjóra félagsins, að talið er, en arðmiðar þeir, sem ákærður fékk greidda fyrir þetta tímabil, voru með stimpluðum númerum, eins og að framan greinir.

Arðmiðar þeir, sem áður höfðu verið greiddir fyrir síðara tímabilið með sömu númerum og fyrir sama tíma og ákærður fékk arð greiddan fyrir (tvígreiddir arðmiðar), voru með handskrifuðum númerum með rithönd fyrrnefnds Árna Filippussonar, að talið er, en allir aðrir arðmiðar, sem greiddir hafa verið fyrir það tímabil, eru eftir því sem upplýst er í málinu með stimpluðum númerum.

Ákærður hefir játað að hafa sýnt sjálfur til greiðslu og fengið greidda arðmiða þá, sem að framan segir, að honum hafi verið greiddir, auk þess sem hann hefir, eins og að framan greinir, játað, að hafa afhent þeim Oddsteini Friðrikssyni og Ólafi Jenssyni það af framangreindum arðmiðum, sem þeim voru greiddir.

Ákærður hefir skýrt frá tildrögum þess, að hann fékk arðmiða þessa, þannig:

Hann kveðst hafa átt mikið af hlutabréfum í umræddu hlutafélagi, eða hann og fjölskylda hans alls um 125 hlutabréf, sem hann kveðst hafa keypt af öðrum hluthöfum í félaginu, og hafi arðmiðaarkir ekki fylgt sumum hlutabréfum hans, og kveðst hann því hafa farið til þáverandi framkvæmdarstjóra og féhirðis félagsins, Friðriks Þorsteinssonar, og farið fram á, að fá hjá honum arðmiðaarkir með hlutabréfum þessum, og kveðst hafa komið til Friðriks í þessum erindum tvisvar í byrjun ársins 1933, en þá hafði verið, í árslok 1932, samþykkt á hluthafafundi í félaginu að innleysa arðmiða af hlutabréfum í félaginu, hversu gamlir sem þeir væru, en áður hafði verið svo ákveðið í samþykktum félagsins, að arður af hlutabréfum fyrntist á tveimur árum. Fyrra skiptið, sem ákærður kom þannig til Friðriks Þorsteinssonar til þess að fá arðmiðaarkir, kveðst hann hafa skýrt Friðrik frá númerum hlutabréfa, sem sig vantaði

arðmiðaarkir við, og hafi Friðrik afhent sér arðmiðaarkir, sem hann hafði fundið með sömu númerum og ákærður skýrði honum frá, að væru á hlutabréfum hans, en það hafi aðeins verið fáar arkir. En í síðara skiptið, sem hann kom til Friðriks í þessum erindum, kveðst hann hafa farið með honum (F. Þ.) inn í skrifstofu félagsins, og hafi Friðrik þá tekið bunka af arðmiðaörkum, sem til var á skrifstofu félagsins, og leyft ákærðum að athuga, hvað þar kynni að vera af arðmiðaörkum með sömu númerum og voru á hlutabréfum ákærðs, og hefir ákærður játað, að hafa þá tekið og haft á brott með sér arðmiðaarkir úr bunka þessum.

Hann kveðst þá hafa haft óglögga og að nokkru leyti ranga númeraskrá yfir hlutabréf sín, og heldur fram, að hann hafi við umrætt tækifæri ekki beinlínis vitað, að hann tók meira af arðmiðaörkum en honum hafi borið, en kveðst hafa ætlað að sjá um, að hann fengi ekki minna af örkum þessum en honum bar, og kveðst, er hann tók arkirnar, hafa búist við, að þær væru ef til vill eitthvað fleiri en honum bar að fá. Hann kveðst þá hafa fengið arðmiðaarkir fyrir árin 1910—1919, og heldur fram, að hann hafi þá talið sig eiga í raun og veru eitthvað af slíkum arðmiðaörkum hjá félaginu, því hann kveðst árið 1926 hafa keypt fáein hlutabréf, sem fylgt hafi arðmiðaarkir fyrir þetta tímabil, en er hann sýndi hlutabréf þessi á skrifstofu félagsins til þess að láta skrá eigendaskipti, hafi þáverandi framkvæmdarstjóri, Árni Filippusson, haldið því fram, að ákærðum bæru ekki þessar arðmiðaarkir, og látið hann afhenda sér þær. Hann heldur fram, að arðmiðaarkir þær fyrir umrætt tímabil, sem hann tók þannig á skrifstofu félagsins við framangreint tækifæri, hafi ekki verið fastar við nein hlutabréf, og hafi númer verið stimplað á arðmiðaarkir þessar með tölustimpli, sem og á aðrar arðmiðaarkir þær, sem hann tók þá. Hann heldur fram, að Friðrik Þorsteinsson hafi verið inni á skrifstofu félagsins, er hann (ákærður) tók arðmiðaarkirnar og fór burt með þær, og kveður sig minna, að hann hafi vafið örkum þeim, sem hann tók, saman, og farið þannig með þær í hendinni, en ekki látið þær í tösku eða þesshättar. Hann kveðst hafa við umrætt tækifæri náð þannig í allar þær arðmiðaarkir, sem hann hefir tekið af arðmiða þá, sem um ræðir í máli þessu, aðra en arðmiða af hlutabréfum þeim, sem hlutafélagið

átti sjálft, og jafnvel fleiri arkir, en kveðst ekki muna, hvort hann náði þá í nokkrar aðrar arðmiðaarkir, þ. e. arkir, sem hann vantaði og taldi sig eiga rétt á að fá. Hann kveðst að einhverju leyti hafa borið arðmiðaarkir þær, sem hann tók þá, saman við hlutabréfaskrá þá, sem hann hafði meðferðis, en ekki allar, og hafi eitthvað af örkunum haft sömu númer og voru á lista þeim, sem hann hafði meðferðis, en á skrá þessari hafi verið númer allra þeirra hlutabréfa, er hann þá átti, en ekki aðeins númer þeirra bréfa, sem hann taldi sig vanta arðmiðaarkir með. Hann heldur fram, að hann hafi farið með arðmiðaarkirnar út af skrifstofunni að Friðrik Þorsteinssyni ásjáandi, en hefir játað, að hann hafi ekki sýnt Friðrik, hvaða arkir þetta voru (þ. e. með hvaða númerum eða hve margar) og að Friðrik hafi ekki á nokkurn hátt leyft honum eða samþykkt, að ákærður tæki eða hefði á brott með sér nokkrar aðrar arðmiðaarkir en þær, sem hann kynni að finna með sömu númerum og hlutabréf ákærðs og hann ætti í raun og veru rétt á að fá afhentar. Hann kveðst þó ekki geta fullyrt, að Friðrik hafi séð eða tekið eftir, að hann (ákærður) fór með umræddar arðmiðaarkir út úr skrifstofunni, en heldur fram, að hann hafi ekkert gert til að leyna því fyrir Friðrik, að hann fór með arkirnar með sér.

Ákærður hefir játað að hafa síðar orðið beinlínis var við, að hann hafi fengið þannig arðmiðaarkir, sem honum bar ekki að fá, og hefir játað að hafa samt klippt sundur arðmiðaarkir þær, sem honum bar ekki samkvæmt hlutabréfaeign sinni að fá, og sýnt þá til greiðslu hjá hlutafélaginu og fengið framangreindan arð greiddan gegn þeim. Afgangarnir af arðmiðaörkum þessum hafa þó ekki komið fram við rannsókn málsins, og kvaðst ákærður ekki hafa þá í sínum vörzlum, er rannsókn málsins fór fram, en hélt fram, að þeir hafi lent í bréfarusli á skrifstofu hans og glatazt.

Að því er snertir þá framangreinda 144 arðmiða af 72 hlutabréfum, sem hlutafélagið átti sjálft, þá hefir ákærður ætíð við rannsókn málsins (einnig eftir að hann gerði framangreinda játningu), haldið því fram, að hann hafi keypt arðmiða þessa eða eignazt þá í einhverjum slíkum viðskiptum, en hann hefir ekki gert grein fyrir því, frá hverjum eða hvenær hann hafi fengið arðmiða þessa, en

heldur fram, að hann hafi sumarið eða haustið 1933 orðið arðmiða þessara var í peningaskáp sínum, án þess að muna þá, hvaðan hann hafði fengið þá, og það er ekki upplýst í málinu, hvernig arðmiðar þessir hafa komizt í vörzlur ákærða.

Vitnið Gísli J. Johnsen, sem seldi hlutafélaginu umrædd hlutabréf, sem arðmiðarnir voru frá, hefir borið, að hann telji alveg sjálfsagt, að umræddir arðmiðar (þ. e. fyrir árin 1930 og 1931) hafi fylgt hlutabréfunum, er hann seldi hlutafélaginu þau á árinu 1929, svo sem venja er til við slík kaup, en virðist ekki hafa athugað sérstaklega eða tekið eftir, hvort svo var eða ekki.

Vitnið Ástþór Matthíasson hefir borið, að hann hafi afhent þáverandi framkvæmdarstjóra félagsins, Árna sál. Filippussyni, hlutabréf þessi f. h. Gísla J. Johnsen, er umrædd sala fór fram, en kveðst ekkert hafa athugað, hvort umræddir arðmiðar fylgdu þeim þá, en Árni sál. Filippusson, sem tók við hlutabréfunum, hafi athugað öll hlutabréfin og ekki gert neinar athugasemdir við þau að neinu leyti, og gerir vitni þetta því ráð fyrir, að þá hafi fylgt hlutabréfum þessum allir arðmiðar, sem áttu að fylgja þeim.

Vitnið Friðrik Þorsteinsson hefir borið, að er hann tók við skjölum hlutafélagsins vorið 1932, en þau höfðu áður verið geymd á heimili Árna sál. Filippussonar, hafi hann ekki athugað, hve mikið af arðmiðum fylgdu hlutabréfunum, en hann kveðst hafa vafið og límt saman umbúðapappír utan um þau og geymt þau í læstum peningaskáp á meðan hann starfaði hjá félaginu, og kveðst hann ekki hafa opnað pakkann né vita um, að nokkur hafi opnað hann þann tíma, og kveðst vitnið, er hann lét af störfum hjá félaginu, hafa afhent Jóhanni G. Brynjólfssyni, er þá varð framkvæmdarstjóri félagsins, hlutabréf þessi í framangreindum umbúðum og án þess að athuga þau nokkuð eða hvaða arðmiðar fylgdu þeim.

Vitnið Jóhannes G. Brynjólfsson hefir borið, að hann hafi tekið við hlutabréfum þessum í slíkum umbúðum, sem Friðrik Þorsteinsson hefir borið, og kveðst ekki, hvorki er hann tók við hlutabréfunum né síðar, hafa athugað, hvaða arðmiðar fylgdu þeim, fyrr en eftir að framangreindir arðmiðar höfðu verið greiddir og tekið var að athuga, hvort

sú greiðsla hefði verið réttmæt. Hann hefir og borið, að hann hafi ætíð geymt hlutabréf þessi í læstum peningaskáp.

Á annan hátt hafa heldur ekki fengizt upplýsingar um, hvort umræddir arðmiðar hafa fylgt hlutabréfunum, er hlutafélagið eignaðist þau, eða eftir það.

Það er því með öllu óvíst, hvort arðmiðar þessir hafi fylgt hlutabréfunum, er hlutafélagið keypti þau, og samkvæmt framburði þeirra Friðriks Þorsteinssonar og Jóhannesar G. Brynjólfssonar virðast þeir varla hafa getað verið teknir af hlutabréfunum, eftir að þau voru afhent Friðrik Þorsteinssyni, og ekkert hefir komið fram í málinu, sem bendi til þess, að ákærður hafi átt þess kost að taka arðmiða þessa af hlutabréfunum á meðan þau voru í vörzlum Árna sál. Filippussonar sem framkvæmdarstjóra félagsins, né að hann hafi gert það þá, né áður, það verður því eigi talið útilokað, að ákærður hafi fengið arðmiða þessa á einhvern hátt við kaup.

Vitnið Oddsteinn Friðriksson hefir borið, að ákærður hafi ekki beðið vitnið neitt um að halda því leyndu, hvaðan vitnið hafi fengið arðmiða þessa. En vitnið Ólafur H. Jensson hefir borið, að ákærður hafi sagt við hann, að ekki væri vert að vitnið skýrði frá því, hvar hann hafi fengið arðmiða þessa, því þá kæmi í ljós, að ákærður væri að eignast mikið af hlutabréfum í félaginu, en að öðru leyti hafi ákærður ekki beðið vitnið um að halda þessu leyndu. Og það er ekki sannað, að ákærður hafi vitað eða haft ástæðu til að álíta, að hlutafélagið ætti hlutabréf þau, sem arðmiðar þessir voru frá, eða að því bæri ekki að greiða arð þann, sem hann fékk greiddan gegn arðmiðum þessum.

Það verður því eigi talið upplýst, að um saknæmt athæfi sé að ræða af hálfu ákærðs að því er snertir umrædda arðmiða af hlutabréfum, sem hlutafélagið átti sjálft.

Vitnið Friðrik Þorsteinsson hefir borið, að er hann tók við skjölum umrædds hlutafélags, eftir að hann hafði tekið við störfum hjá því, hafi verið til meðal skjala þess ónotaðar arðmiðaarkir fyrir tímabilið frá 1920—1939, þar á meðal arkir, sem letruð voru númer á hvern arðmiða með tölustimpli. En vitnið kveðst ekki hafa talið, hve margar arkir þessar voru, hvorki hinar tölusettu né aðrar, en er rannsókn máls þessa fór fram, voru til í vörzlum félagsins

129 arðmiðarkir, allar ótölusettar. Vitni þetta hefir og borið, að á umræddum tíma hafi verið til í vörzlum félagsins arðmiðaarkir fyrir tímabilið frá 1910—1919 með tölusettum arðmiðum, er tölusettir hafi verið með tölustimpli og ekki áfastar við nein hlutabréf, en er rannsókn máls þessa hófst, voru til í vörzlum félagsins 281 hlutabréfaeyðublöð með viðfestum arðmiðaörkum fyrir tímabilið frá 1910—1919, ótölusettum, sem upphaflega höfðu verið prentaðar með hlutabréfum, en engar lausar arðmiðaarkir fyrir það tímabil né nein hlutabréfaeyðublöð án slíkra viðfestra arðmiðaarka.

Hlutafélagið var stofnað árið 1910, og voru hlutabréf þá prentuð með arðmiðaörkum fyrir tímabilið til 1919 viðfestum, og á efnahagsreikningi félagsins pr. 31. desember 1910, er búið var að gefa úr hlutabréf þau, sem gefin voru út í sambandi við stofnun félagsins, er talið, að til séu 300 ónotaðar hlutabréfaarkir. Síðan (árið 1915) var gefið út eitt hlutabréf, og þar eð 281 hlutabréfaeyðublöð voru til, er rannsókn málsins hófst, er ekki ástæða til að ætla, að misnotaðar hafi verið fleiri en þær 18 arðmiðaarkir fyrir þetta tímabil, sem ákærður hefir fengið innleysta arðmiða frá, eins og að framan greinir.

Er tímabil það var á enda, sem hinar upphaflegu arðmiðaarkir voru ætlaðar fyrir, voru prentaðar nýjar arðmiðaarkir fyrir tímabilið frá 1920—1939, sem voru afhentar hlutabréfaeigendum, og samkvæmt reikningi til félagsins frá prentsmiðju þeirri, sem prentaði arðmiðaarkirnar, er talið, að þær hafi verið 800. Arðmiðar fyrir þetta tímabil með sömu númerum og öll þau 660 hlutabréf í félaginu, sem gefin hafa verið út, hafa komizt í umferð, þar á meðal tvennir arðmiðar með 12 hlutabréfanúmerum, og þar eð til voru í vörzlum félagsins, er rannsókn málsins hófst, 129 arðmiðaarkir fyrir þetta tímabil, hafa arðmiðaarkir þær, sem prentaðar voru fyrir þetta tímabil, verið að minnsta kosti 801, en hinsvegar hefir ekkert komið fram í málinu, sem bendi til þess, að um frekari misnotkun á arðmiðaörkum fyrir þetta tímabil hafi verið að ræða en að því er snertir framangreinda arðmiða, sem ákærður hefir fengið greidda.

Vitnið Friðrik Þorsteinsson hefir og borið, að ákærður hafi komið til hans í byrjun ársins 1933 og óskað eftir að fá afhentar arðmiðaarkir, sem hann vantaði, þar eð hann

hefði keypt hlutabréf, sem engar arðmiðaarkir fylgdu, og kveðst vitnið hafa fundið meðal hinna tölusettu arðmiðaarka, sem til voru í vörzlum félagsins, 3 arkir, sem letruð voru á sömu númer og hlutabréf, sem ákærður átti, og kveðst vitnið hafa afhent ákærðum þær arkir. Nokkru síðar hafi ákærður komið til vitnisins og óskað eftir að fá að athuga, hvort ekki væru til í skrifstofu félagsins fleiri arðmiðaarkir með sömu númerum og hlutabréfin, sem hann átti, og sem arðmiðaarkir fyrir tímabilið frá 1920—1939 hefðu eigi áður verið afhentar með. Vitnið, sem kveðst þá hafa verið statt í búð félagsins, kveðst þá hafa farið með ákærðum inn í skrifstofu félagsins, tekið arðmiðaarkir þær, sem félagið átti, út úr skáp þeim, sem þær voru geymdar í, og látið þær á borð og leyft ákærðum að athuga þær, til að sjá, hvort þar væru nokkrar arkir með sömu númerum og hlutabréf hans, en fullyrðir, að ekkert hafi verið á það minnst, hvorki af ákærðum né vitninu, að ákærður mætti taka eða hafa á brott með sér arðmiðaarkir þær, sem hann kynni að finna með sömu númerum og hlutabréf hans, og hafi vitnið ekki ætlazt til þess, að ákærður hefði á brott með sér arðmiðaarkir þær, sem hann kynni að finna og telja sig eiga tilkall til, án þess að bera það undir vitnið, en kveðst hafa ætlazt til þess, að ákærður sýndi honum arðmiðaarkir þær, sem hann kynni að finna þannig, og ekki hafa ætlað að afhenda ákærðum neinar arðmiðaarkir án þess að bera númer þeirra saman við númer hlutabréfa þeirra, sem ákærður taldi sig vanta arðmiðaarkir við, svo sem hann hefði gert, er hann afhenti ákærðum framangreinar 3 arðmiðaarkir. Er vitnið hafði lagt arðmiðaarkabunkann á borðið og leyft ákærðum að athuga hann, kveðst vitnið, eftir því sem hann bezt man, hafa farið út úr skrifstofunni á undan ákærðum og skilið ákærðan þar eftir einan, enda kveðst vitnið þá hafa verið einn við afgreiðslu í búð félagsins vegna þess að aðstoðarmaður hans hafi verið veikur, og hafi ákærður því næst farið burt úr skrifstofunni, án þess að láta vitnið vita um, er hann fór, og þeir (ákærður og vitnið) ekki talazt um þetta síðar, en vitnið kveðst þó ekki geta alveg fullyrt, að hann hafi farið út úr skrifstofunni á undan ákærðum, en fullyrðir, að hann hafi ekki vitað um eða orðið var við, að ákærður tæki eða færi brott með nokkrar arðmiðaarkir úr skrifstofunni við um-

rætt tækifæri, þó svo kunni að vera, að hann hafi verið inni á skrifstofunni á meðan ákærður var þar og orðið honum samferða út.

Með framangreindum framburðum þeirra vitnisins, Friðriks Þorsteinssonar, og ákærðs, og öðru því, sem upplýst er í málinu, verður að telja sannað, að ákærður hafi þannig náð í framangreindar arðmiðaarkir tölusettar á skrifstofu félagsins. Hinsvegar er ekki upplýst um, hvernig á því stendur, að tölusettar arðmiðaarkir voru til í vörzlum félagsins, er Friðrik Þorsteinsson tók við framkvæmdarstjórastarfinu. En að því er snertir arðmiðaarkir þær fyrir tímabilið frá 1920—1939, sem voru með sömu númerum og hlutabréf, sem ekki höfðu áður verið afhentar eigendum þeirra arðmiðaarkir fyrir þetta tímabil, þá verður að telja líklegast, að er arkir þessa höfðu verið prentaðar, hafi verið tölusettar arkir með númerum allra þeirra hlutabréfa, sem gefin höfðu verið út, og hafi þessar arkir síðar verið geymdar í vörzlum félagsins, þar eð hluthafar vitjuðu þeirra ekki. Og að því er snertir arðmiðaarkir þær fyrir þetta tímabil, sem voru með sömu númerum og hlutabréf, sem áður höfðu verið afhentar arðmiðaarkir með fyrir umrætt tímabil, þá verður að telja líklegast, að þannig hafi upphaflega verið tölusettar arðmiðaarkir þær, sem ákærður náði í, en þær hafi ekki fundizt, er arðmiðaarkir fyrir þetta tímabil voru afhentar hluthöfum, og hafi þá verið handskrifuð númer á aðrar arkir og þær afhentar hluthöfunum. Enda virðist hlutafélagið ekki hafa átt neinn tölustimpil, en Filippus G. Árnason, sonur framannefnds Árna Filippussonar, hefir borið, að faðir hans hafi fengið lánaðan hjá útbúi Íslandsbanka hér í bænum tölustimpil þann, sem hann notaði við tölusetningu arðmiðaarkanna.

Þar eð númerin voru handskrifuð á þeim arðmiðaörkum fyrir tímabilið frá 1910—1919, sem hluthafar fengu afhentar með hlutabréfunum, er það harla einkennilegt, að til hafi verið í vörzlum hlutafélagsins arðmiðaarkir fyrir þetta tímabil með stimpluðum númerum og lausar (þ. e. ekki áföst við nein hlutabréfaeyðublöð), en samkvæmt framangreindum framburði vitnisins Friðriks Þorsteinssonar þykir verða að álíta, að svo hafi verið.

Það verður að teljast mjög ólíklegt, að Friðrik Þorsteinsson hafi látið ákærðan hafa á brott með sér arðmiðaarkir

af skrifstofu félagsins, hefði hann vitað um það, án þess að athuga, hvaða eða hve margar arkir um var að ræða, eða hvort ákærður ætti rétt til þess að fá þær. Með tilliti til þessa, svo og með tilliti til þess, að ákærður gaf upphaflega við rannsókn málsins vísvitandi ranga skýrslu um, hvernig hann hafi fengið umrædda arðmiða, þykir verða að leggja framburð nefnds vitnis um, að hann hafi ekki vitað, að ákærður hafði arðmiðaarkirnar á brott með sér, og um, að hann (vitnið) hafi ekki leyft ákærðum að taka neinar arðmiðaarkir af skrifstofu félagsins, til grundvallar um þetta, enda hefir ákærður ekki fullyrt, að vitnið hafi vitað um, að hann hafði arðmiðaarkirnar á brott með sér, og hélt að lokum aðeins fram, að hann hafi skilið vitnið þannig, að hann mætti taka arðmiðaarkir þær, sem hann fyndi með sömu númerum og hlutabréf ákærðs, en aðrar ekki.

Samkvæmt því, sem þannig er upplýst í málinu viðvíkjandi því, er ákærður tók umræddar arðmiðaarkir, verður að telja, að hann hafi með því framferði sínu brotið gegn 6. gr. laga nr. 51 frá 7. maí 1928. En með því að nota arðmiða frá umræddum örkum til þess að fá greiddan hlutafjárarð, sem hann vissi, að honum bar ekki að fá greiddan, hefir hann brotið gegn 253. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Stjórn framangreinds hlutafélags hefir krafizt þess f. h. félagsins, að ákærður verði dæmdur til þess að greiða félaginu kr. 1000.00 í skaðabætur vegna framangreinds framferðis hans, en ákærður hefir mótmælt þeirri kröfu. Mótmæli sín gegn skaðabótakröfu þessari byggir ákærður á því, að hann hafi þann 20. desember 1934 gert í gestarétti Vestmannaeyja sætt við stjórn félagsins viðvíkjandi öllum kröfum, sem félagið hafi átt á hann, en sú sætt var gerð í einkamáli, sem hlutafélagið hafði höfðað gegn ákærðum út af skuldum hans við félagið vegna verzlunarviðskipta. Sætt þessi, sem lögð hefir verið fram staðfest útskrift af í málinu, er svo hljóðandi: „Stefndur, Helgi Benediktsson, skuldbindur sig til þess að greiða stefnanda, Ísfélagi Vestmannaeyja h.f., kr. 1479.69 þann 31. desember 1934, og er með þessari sætt lokið öllum öðrum kröfum af beggja hendi."

Ákærður hefir þó viðurkennt, að ekki hafi verið minnst neitt sérstaklega á umræddu arðmiðakröfu í sambandi við

sættargerð þessa, en heldur fram, að hann hafi ætlazt til þess, að innifaldar væru í sættagerðinni allar kröfur, sem hlutafélagið taldi sig eiga á ákærðan, er sættin var gerð. En vara formaður félagsstjórnarinnar, Hannes Hansson útgerðarmaður, sem af hálfu félagsins gerði umrædda sætt við ákærðan, hefir borið, að umrædd skaðabótakrafa hafi ekki verið innifalin í framangreindri sættargerð, og að ekki hafi verið til þess ætlazt af sinni hálfu, heldur aðeins kröfur þær, sem komið höfðu fram af beggja hálfu í umræddu einkamáli, en mál þetta höfðaði hlutafélagið gegn ákærðum til greiðslu skuldar að upphæð um kr. 4000.00, sem félagsstjórnin taldi félagið eiga hjá ákærðum. Þar eð skaðabótakrafan út af misnotkun arðmiðanna kom ekki fram í einkamáli þessu, og hún er ekki nefnd í framangreindri sættargerð, og viðurkennt er af ákærðum, að ekki var minnst á hana í sambandi við sættargerðina, verður eigi talið, að krafa þessi, sem er til orðin vegna refsiverðs afbrots ákærða, sé innifalin í sættargerðinni, og þykir því bera að taka framangreinda skaðabótakröfu hlutafélagsins til greina, þó þannig, að af ástæðum þeim, sem að framan eru greindar, þykir ekki ástæða til þess að dæma ákærðan til þess að endurgreiða hlutafélaginu arð þann, sem hann fékk greiddan gegn arðmiðum frá hlutabréfinu nr. 623, að upphæð kr. 18.00, en að öðru leyti þykir bera að dæma ákærðan til þess að endurgreiða hlutafélaginu framangreindan hlutafjárarð sem hann fékk greiddan hjá því, þar á meðal arð þann, sem hann fékk greiddan gegn arðmiðum af hlutabréfum, sem félagið átti sjálft, þó ekki sé sannað refsivert athæfi af hans hálfu að því er þá snertir.

Þar eð upphæð umræddra arðmiða, sem ákærður fékk greidda hjá félaginu, var samtals kr. 1282.50, en ákærður hefir áður endurgreitt af þeirri upphæð kr. 286.00, ber að dæma hann til þess að greiða félaginu kr. 988.50 í skaðabætur.

Með úrskurði skiptaréttar Vestmannaeyja uppkveðnum þann 15. janúar 1932, var bú Verzlunarfélags Vestmannaeyja h.f., hér í bænum, tekið til gjaldþrotameðferðar samkvæmt kröfu eins af lánardrottnum félagsins, og með úrskurði sama réttar, uppkveðnum sama dag, var bú h.f. Kaupangur, hér í bænum, einnig tekið til gjaldþrotameðferðar, en ákærður var í stjórn beggja þessara hlutafé-

laga og auk þess framkvæmdarstjóri Verzlunarfélags Vestmannaeyja h.f. Eftir að bú hlutafélaga þessara höfðu þannig verið tekin til gjaldþrotaskiptameðferðar, eða í júlímánuði s. á., var Birni E. Árnasyni cand. jur., löggiltum endurskoðanda, falið að endurskoða bókhald félaganna í sambandi við rannsókn út af gjaldþroti þeirra, og síðar var Þórður Bjarnason, endurskoðandi í Reykjavík, ráðinn til þess að aðstoða Björn E. Árnason við endurskoðunina, en þeir luku eigi við endurskoðunina fyrr en í lok júlímánaðar 1934 og skiluðu skýrslu um hana í ágústmánuði s. á., þó lagt væri fyrir þá og oft ítrekað, að lúka endurskoðuninni sem fyrst, en þeir hafa gert grein fyrir því í endurskoðunargerð sinni, hvers vegna þeir luku ekki fyrr við endurskoðunina. Eftir að skýrsla um endurskoðunina barst hingað, var haldin réttarrannsókn út af gjaldþrotunum, sem byrjað hafði verið á, áður en endurskoðunin fór fram, og var málið því næst sent dómsmálaráðuneytinu, eins og að framan greinir.

H.f. Kaupangur.

H.f. Kaupangur var stofnað þann 12. desember 1926, og voru stofnendur félagsins þau ákærður Helgi Benediktsson, kærður Jón Einarsson, kærður Sigurður Ólason, kærður Ari Þorgilsson og Kristjana Óladóttir, verzlunarmær. Ákærður Helgi Benediktsson og kærður Jón Einarsson og Ari Þorgilsson voru kosnir í stjórn félagsins, og voru þeir jafnan í stjórn þess á meðan það starfaði, en kærður Ari Þorgilsson var framkvæmdarstjóri þess og hafði prókúruumboð fyrir það, og var hann starfsmaður félagsins allan tímann, sem það starfaði.

Við stofnun félagsins var hlutafé þess ákveðið 15000 kr., en félagsstjórninni heimilað að auka hlutaféð upp í 25000 kr., en samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrárinnar, er félagið var skrásett, er hlutafé þess talið kr. 25000,00, þar af kr. 15000,00 innborgað, og samkvæmt því, sem upplýst er í málinu við framangreinda endurskoðun á bókhaldi þess, virðist sú upphæð í raun og veru hafa verið innborguð, og er hún talin vera greidd í verzlunarvöru, sem ákærður afhenti félaginu við innkaupsverði, sem var alls kr. 14520,57, auk þess verzlunaráhöld fyrir kr. 500,00. Þá hefir kærður Ari Þorgilsson og borið, að hann hafi lagt fram kr. 3000.00 hlutafé til félags þessa, þar af kr. 1000.00 í pen-

ingum strax er félagið var stofnað eða rétt þar á eftir, og kr. 2000.00 síðar, sem greitt hafi verið með vinnu o. fl. Hinir stofnendurnir (aðrir en H. B. og A. Þ.) hafa borið, að þau hafi ekki lagt neitt hlutafé fram til félagsins, en munu hafa verið talin eiga eitthvað af hlutafé því, sem ákærður lagði fram, og hafa þau Sigurður Ólason og Kristjana Óladóttir borið, að svo hafi verið um talað, að þau ættu eitt hlutabréf 100 króna hvort.

Hlutafélag þetta rak verzlun með ýmsar erlendar vörur hér í Vestmannaeyjum frá því það var stofnað og þar til þann 18. ágúst 1928, en þann dag kom upp eldur í sölubúð félagsins, og brunnu vörubirgðir félagsins og skemmdust mikið þá, og eftir það rak félagið ekki neina verzlun. En vöruleifar þess voru seldar á uppboði, og fékkst fyrir þær netto kr. 2522.45, og frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands, sem vörurnar voru vátryggðar hjá, fékk félagið útborgað kr. 7500.00 í bætur fyrir brunatjónið á vörum og áhöldum, en frá þeirri upphæð dró vátryggingarfélagið við útborgun fjárins kr. 1541.90, skuld ákærðs við félagið. Aðrar eignir virðist hlutafélagið ekki hafa átt, er það hætti störfum, nema eitthvað af útistandandi skuldum.

Er félagið hætti þannig að reka verzlun vegna brunans, lét kærður Ari Þorgilsson með öllu af störfum hjá því, og þann 31. ágúst 1928 var hann sviptur prókúruumboði því, sem hann hafði fyrir félagið, af meirihluta félagsstjórnarinnar, þeim ákærðum Helga Benediktssyni og kærðum Jóni Einarssyni. Eftir það annaðist ákærður um fjármál félagsins, og heldur hann fram, að hann hafi gert það í samráði við kærðan Jón Einarsson.

Kærður Ari Þorgilsson hafði á hendi bókhald félagsins á meðan það rak verzlun, og kveðst hann hafa fært frumbækur, viðskiptamannahöfuðbók og auk þess faktúrubók fyrir félagið. Bréfabók kveðst hann enga hafa haldið, en bréfum hafi verið haldið saman og einnig fylgiskjölum og hefir hann borið, að allar bækur félagsins og fylgiskjöl, hafi verið til, er hann hætti störfum hjá félaginu, og að ekkert af slíku hafi farizt í framangreindum bruna, og kveðst hann hafa afhent ákærðum Helga Benediktssyni allar bækur félagsins og fylgiskjöl, sem voru heima hjá honum (A. Þ.), og að ákærður hafi einnig tekið við þeim bókum og skjölum félagsins, sem voru í húsnæði verzlunar þess.

En er bú félagsins hafði verið tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar, afhenti ákærður skiptaráðanda viðskiptamannahöfuðbók fyrir árið 1927 og sjóðdagbók fyrir það ár og auk þess frá byrjun ársins 1928 til 7. apríl s. á. og frumbækur, en aðrar bækur ekki og engin fylgiskjöl, nema nokkra innkaupsreikninga og bankakvittanir. Aðrar verzlunarbækur fengust ekki afhentar og fyrirfundust ekki, né önnur fylgiskjöl. Ákærður heldur fram, að hann muni ekki, hve miklu af verzlunarbókum félagsins hann tók við, og að hann hafi afhent allar þær bækur félagsins, sem hann hafði í sínum vörzlum, og að hann hafi ekki, svo hann viti um, tekið við öðrum bókum eða skjölum viðvíkjandi félagi þessu en þeim, sem hann afhenti skiptaráðanda og að framan greinir.

Þar eð fylgiskjöl vantar, hefir ekki verið unnt að endurskoða bókhald félagsins til fullnustu, þ. e. ekki unnt að sannreyna, hvort færslur eru réttar. En bækur þær, sem til eru, hafa verið athugaðar.

Þann 31. desember 1927 færði ákærði vörureikningi í sjóðbók hlutafélagsins til skuldar og hlutafjárreikningi til tekna kr. 15000.00, þ. e. vörureikningur er látinn kaupa hlutabréf í félaginu fyrir nefnda upphæð. Félagið er þó ekki talið sjálft eiga þessi hlutabréf, heldur hefir ákærður tekið þau til sín sem sína eign, því samdægurs selur hann Verzlunarfélagi Vestmannaeyja h.f. hlutabréf í h.f. Kaupangur fyrir kr. 24000.00. Eftir þessa færslu er innborgað hlutafé h.f. Kaupangs talið orðið kr. 30000.00, án þess að sjáist, að um nokkra innborgun hlutafjár eða ný verðmæti vegna hlutafjáraukningarinnar sé að ræða. Ákærður hefir að vísu haldið því fram við rannsókn málsins, að hann hafi látið hlutafélaginu í té vörur fyrir þeirri upphæð, sem hlutafjáraukningin nam, en hefir ekki gert neina grein fyrir því, hvaða vörur það hafi verið, né hvaðan hann hafi fengið þær, og hvergi sést af bókfærslu félagsins, að það hafi fengið slíkar vörur eða önnur verðmæti sem innborgun á hinu aukna hlutafé eða nokkurn hluta þess, og samkvæmt því, sem verzlunarbækur sýna um vörubirgðirnar og hag félagsins á þessum tíma og er það hætti störfum, virðist ekki hafa getað verið um neina slíka innborgun að ræða. Og telja framangreindir endurskoðendur færslu þessa algerlega óréttmæta.

Framburður ákærðs um, að hann hafi greitt hlutafé þetta til hlutafélagsins, getur því ekki orðið tekinn trúanlegur. En þar eð hér er um ranga og óréttmæta færslu að ræða, sem gefur ástæðu til þess að ætla hag félagsins betri en hann var í raun og veru, og álíta verður, að gerð hafi verið í slíkum tilgangi, verður færsla þessi að teljast brot gegn 1. mgr. 264. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Það hafa ekki fengizt við rannsókn málsins upplýsingar um, hvað orðið hafi af verzlunarbókum þeim og fylgiskjölum, sem ekki fengust afhentar né fyrirfundust, er bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar. Þar eð ákærður hefir ekki neitað, að hann hafi tekið við öllum framangreindum bókum og skjölum, sem Ari Þorgilsson hefir eindregið haldið fram, að ákærður hafi tekið við, heldur aðeins haldið fram, að honum sé ekki kunnugt um, að annað af skjölum þessum og bókum en það, sem hann hefir afhent, hafi komið í hans vörzlur, þykir verða að leggja framburð Ara um þetta til grundvallar, en hinsvegar er ekki sannað, að ákærður hafi vísvitandi eyðilagt bækur þessar og skjöl, og þar eð svo langur tími, sem að framan greinir, leið frá því félagið hætti störfum og þar til bú þess var tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar, þykir ákærður ekki verða látinn sæta refsiábyrgð vegna vöntunar bókanna, og fyrir utan það, sem að framan greinir, er ekki neitt saknæmt í sambandi við færslu bóka þeirra, sem endurskoðaðar hafa verið.

Ákærður hefir viðurkennt að hafa tekið við framangreindu fé, sem hlutafélagið fékk greitt fyrir vörur seldar á uppboði, og sem skaðabætur fyrir vörur, sem brunnu og skemmdust af bruna, að upphæð samtals, auk þeirrar upphæðar, sem gekk til greiðslu skuldar ákærðs við sjóvátryggingarfélagið, kr. 8480.55. Fé þetta kveðst ákærður allt hafa greitt upp í skuldir félagsins og greitt að fullu skuldir þær, sem hann annars greiddi, nema útsvarsskuld við bæjarsjóð Vestmannaeyja fyrir árið 1928, sem hann kveðst aðeins hafa greitt að hálfu, án þess þó, að nokkuð væri gefið eftir af skuldinni. Þá kveður ákærður og lítilsháttar hafa greiðst af útistandandi skuldum félagsins, en ekki neitt verulegt, og kveðst hann einnig hafa notað það fé til greiðslu upp í skuldir félagsins. Hann heldur fram, að er hann hafði greitt til skuldheimtumanna félagsins fé það, sem að fram-

an greinir, hafi hann álitið, að ekki væri til aðrar kröfur á félagið ógreiddar en eftirstöðvarnar af framangreindri útsvarsskuld, en við greiðslu skuldanna kveðst hann hafa farið eftir bókum félagsins og upplýsingum, sem hann hafði fengið hjá skuldheimtumönnum félagsins. En hann kveðst ekki muna og hefir ekki gert grein fyrir, hverjum hann greiddi þannig skuldir félagsins né hve mikið hann greiddi, og þar eð bækur félagsins frá þessum tíma vanta, hafa ekki fengizt upplýsingar um það, né um hverjar skuldir hvíldu á félaginu er það hætti störfum, en samkvæmt efnahagsreikningi félagsins pr. 1. janúar 1928 voru allar skuldir félagsins (fyrir utan hlutafé) þá taldar kr. 12603,10, og í bú félagsins hefir verið lýst kröfum að upphæð samtals kr. 3820.51 og kröfu að upphæð kr. £ 27—0—0, en ekki er upplýst, hvort aðrar skuldir hvíla á félaginu.

Ef allar framangreindar eignir félagsins hafa í raun og veru runnið til félagsins til greiðslu skulda þess, hafa þessar skuldir að minnsta kosti verið umfram eignir þess, er það hætti störfum. Sá efnahagur virðist óeðlilega slæmur, miðað við efnahag félagsins um næstu áramót þar á undan, en þá voru eignir félagsins umfram skuldir samkvæmt efnahagsreikningi taldar kr. 15028.63, miðað við, að útistandandi skuldir félagsins, að upphæð kr. 7104.30, séu taldar sem eign við nafnverði. En ákærður hefir borið, að eftir brunann í verzlunarbúð félagsins hafi komið í ljós vöruvöntun fyrir um kr. 10000.00, og við rannsókn út af bruna þessum hefir kærður Ari Þorgilsson borið, að við vörutalningu, sem fram fór eftir brunann, hafi slík vöruvöntun komið í ljós. Og þar eð hann (A. Þ.) var framkvæmdarstjóri og aðalstarfsmaður félagsins og virðist því muni hafa borið ábyrgð á fjármunum félagsins, þykir ekki ástæða til að véfengja framburð hans um þetta, og virðist því hljóta að hafa verið um slíka vöruvöntun að ræða, þó hinsvegar sé óupplýst um orsakir hennar. Og þar eð sennilegt má telja, að útistandandi skuldir félagsins hafi verið litilsvirði, eins og ákærður hefir borið, virðist geta verið, að félagið hafi ekki átt eignir fyrir skuldum, er það hætti störfum, og verður því eigi talið, að um undanskot eigna hljóti að hafa verið að ræða, þó skuldir þess væru eigi allar greiddar.

Þar eð þannig verður að álíta, að hlutafélagið hafi ekki

átt eignir fyrir skuldum, er það hætti störfum, verður að telja, að um yfirvofandi gjaldþrot hafi þá verið að ræða, og hefir ákærður því með því að greiða sumum skuldheimtumönnum félagsins inneignir þeirra að fullu, en öðrum ekki neitt, brotið gegn 263. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Eins og að framan greinir, fékk Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f. kr. 1541.90 af skaðabótum þeim, sem h.f. Kaupang bar, greitt upp í skuld ákærðs við félagið. Ákærður hefir borið, að hann hafi á einhvern hátt greitt hlutafélaginu þetta aftur, en hefir ekki gert neina grein fyrir þeirri greiðslu, og verður framburður hans um þetta því eigi tekinn trúanlegur, og verður því að líta svo á, að þetta fé hafi runnið til ákærðs, og hefir ákærður þar með brotið gegn 262. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Verzlunarfélag Vestmannaeyja h.f.

Verzlunarfélag Vestmannaeyja h.f. var stofnað samtímis og h.f. Kaupangur, þ. e. þann 12. desember 1926. Stofnendur félagsins voru þeir ákærður Helgi Benediktsson, kærður Jón Einarsson, kærður Sigurður Ólason og kærður Ari Þorgilsson og maður að nafni Hjörleifur Sigurjónsson, og voru þeir Helgi Benediktsson, Jón Einarsson og Sigurður Ólason kosnir í stjórn félagsins, og var aldrei kosin önnur stjórn fyrir félagið. En þeir ákærður H. B. og kærður S. Ó. voru báðir ráðnir framkvæmdarstjórar félagsins við stofnun þess og höfðu báðir prókúruumboð fyrir það, en samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrárinnar, dags. þann 31. desember 1928, var prókúruumboð Sigurðar Ólasonar tekið af honum frá og með þeim degi, og hætti hann frá sama tíma störfum hjá félaginu, en ákærður var einn framkvæmdarstjóri félagsins eftir það.

Áður en hlutafélag þetta var stofnað, höfðu þeir ákærður og Hjörleifur Sigurjónsson um nokkur ár rekið verzlun og útgerðarstarfsemi í Vestmannaeyjum sem fullábyrgir félagar undir firmanafninu Verzlunarfélag Vestmannaeyja.

Hlutafé hlutafélagsins var við stofnun þess ákveðið kr. 150000.00, og var það samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrárinnar og bókum félagsins allt talið innborgað þegar við stofnun þess. En stjórn félagsins var heimilt að auka hlutaféð um kr. 100000.00 upp í kr. 250000.00.

Samkvæmt stofnsamningi hlutafélagsins skyldi það taka við framangreindum atvinnurekstri þeirra ákærðs og Hjörleifs Sigurjónssonar, og rak hlutafélagið því mest útgerðar- og verzlunarstarfsemi hér í Vestmannaeyjum, en hætti verzlunarstarfsemi í maímánuði 1929, en útgerðarstarfsemi rak félagið fram á árið 1930.

Af stofnsamningi félagsins sést ekki, hve mikið hlutafé hver stofnandi skyldi leggja fram til félagsins. Samkvæmt framburði Hjörleifs Sigurjónssonar var hann talinn eiga kr. 15000.00 af innborguðu hlutafé félagsins, og fékk hann afhent 15 hlutabréf 1000 króna. Jón Einarsson hefir borið, að hann hafi verið talinn eigandi að kr. 3000.00 af hlutafé félagsins. Hann kveðst þó ekki hafa lagt fram neitt hlutafé, en hafa gerzt einn af stofnendum félagsins eftir beiðni ákærðs og fengið 3 hlutabréf 1000 króna fyrir það. Kærður Sigurður Ólason hefir borið, að hann hafi lagt fram kr. 1000.00 sem hlutafé til félagsins, en það hafi þó ekki verið greitt, er félagið var stofnað, en hafi verið greitt síðar. Kærður Ari Þorgilsson hefir borið, að hann hafi lofað að leggja fram kr. 1000.00 í hlutafé, en hann hafi aldrei greitt það. Það voru því kr. 20000.00, sem aðrir en ákærður voru taldir eiga af innborguðu hlutafé félagsins við stofnun þess, og var ákærður því talinn eiga kr. 130000.00 af hlutafé þessu. En allt hið innborgaða hlutafé voru þeir ákærður og Hjörleifur Sigurjónsson taldir leggja fram, og var innborgun þess fólgin í afhendingu eigna framannefnds sameignarfyrirtækis þeirra til hlutafélagsins, en hlutafélagið tók jafnframt að sér greiðslu skulda firmans. Síðar var ákærður talinn leggja fram til hlutafélagsins kr. 100000.00 í hlutafé á þann hátt, sem nánar verður vikið að síðar.

Það hefur verið rannsakað, eftir því sem unnt hefir verið, hvert hafi verið raunverulegt verðmæti eigna þeirra, sem hlutafélaginu voru þannig afhentar, og hvort um nokkra hreina eign hafi verið að ræða umfram skuldir þær, sem hlutafélagið tók jafnframt að sér greiðslu á.

Það sést eigi af fundargerðarbók félagsins né stofnsamningi, hvert kaupverð eigna þeirra, sem hlutafélaginu voru þannig seldar, hafi verið, og ekki hefir komið fram nein sérstök skrá yfir eignir þessar. En meðal skjala hlutafélagsins fannst eftirrit af afsali ákærðs til hluta-

félagsins fyrir öllum eignum og atvinnurekstri hans hér í Vestmannaeyjum, en það voru eignir framannefnds firma, sem ákærður var þá talinn orðinn einkaeigandi að, og er afsal þetta dagsett þann 31. desember 1926. Ekki er talið upp í afsali þessu, hverjar eignir þessar séu, en kaupverð þeirra er samkvæmt afsalinu kr. 195000.00, og skyldu kr. 150000.00 af því greiðast með hlutabréfum í félaginu, en kr. 45000.00 færast inn á viðskiptareikning ákærða við félagið honum til tekna. En ekki sést þó af bókum hlutafélagsins, að slík færsla hafi nokkru sinni verið gerð, og má því telja raunverulegt söluverð eignanna kr. 150000.00 auk skulda firmans, sem hlutafélagið tók jafnframt að sér greiðslu á, eins og að framan greinir, en ekki er tekið fram í afsali þessu, hverjar þær skuldir voru né hve miklar alls. En samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, voru innifaldar í kaupum þessum allar bókfærðar eignir sameignarfélagsins, og tók hlutafélagið jafnframt að sér greiðslu á öllum skuldum, sem bækur sameignarfélagsins sýndu að það skuldaði, er hlutafélagið var stofnað.

Þó hlutafélagið væri stofnað þann 12. desember 1926, virðist það ekki hafa hafið starfsemi sína né tekið við umræddum eignum fyrr en þann 1. janúar 1927, og hefir verið gerður efnahagsreikningur fyrir eldra félagið pr. 31. desember 1926. Á þeim reikningi byggir svo hlutafélagið bókfærslu sína eftir að það tekur til starfa og hefir yfirtekið eignir þær og tekið að sér greiðslu á skuldum þeim, sem taldar eru á þessum efnahagsreikningi, og er því fyrst og fremst að athuga efnahagsreikning þennan til þess að sjá, hvaða verðmæti hlutafélagið hafi í raun og veru fengið sem innborgað hlutafé. En efnahagsreikningur þessi er svo hljóðandi:

		Eignir:	Skuldir:
1. Peningar í sjóði	kr.	1150.00	
2. Peningar í banka (Ísl.b.)	—	750.88	
3. Óseldar fiskbirgðir	—	25000.00	
4. Verzl.- og síldaráhöld ..	—	10000.00	
5. Vörubirgðir	—	151472.85	
6. Fasteignir	—	226000.00	
7. Veðdeildarskuldir			kr. 30354.30
8. Útibú Íslandsbanka Ve. ..			— 20000.00

9. Samþykktir víxlar		kr. 74000.00
10. Kreditorar (mismunur kreditora og útistandandi skulda)		— 115984.69
11. Skuld við Landsbankann		— 277.72
12. Höfuðstóll kr. 150000.00		
13. Varasjóður — 23712.02		
		— 173712.02
	Kr. 414328.73	kr. 414328.73

Við færslu reiknings þessa er það fyrst að athuga, að skuldamegin er færður mismunur innieigna viðskiptamanna og útistandandi skulda í stað þess að telja allar innieignir viðskiptamanna skuldamegin á reikningnum, en útistandandi skuldir meðal eigna, og verða niðurstöðutölur reikningsins þegar af þessari ástæðu rangar og villandi. En útistandandi skuldir firmans voru á umræddum tíma samkvæmt bókum þess samtals kr. 151537.46 að nafnverði, og inneignir viðskiptamanna samtals kr. 267520.15, en eru í raun og veru meiri vegna gengismunar, sem ekki er tekið tillit til við færslu efnahagsreiknings þessa, eins og nánar verður vikið að síðar.

Við fyrsta og annan lið efnahagsreikningsins hefir ekkert fundizt athugavert annað en að 2. liðurinn, innieign í Íslandsbanka, er samkvæmt reikningi frá bankanum oftalinn um kr. 47.43.

Að því er snertir 3. lið reikningsins, þá hafa ekki fengizt upplýsingar um, hve miklar fiskbirgðir þær voru, sem þar eru taldar kr. 25000 virði. Ákærður hefir gert grein fyrir því, að hlutafélagið hafi á árinu 1927 fengið greiddar kr. 18735.00 fyrir fisk þennan auk einhverra annara upphæða, sem hann heldur fram, að félagið hafi fengið greiddar fyrir fisk þennan, en sem hann hefir ekki gert grein fyrir, og hafi þó fiskverð verið lægra árið 1927 heldur en búizt hafi verið við um áramót. Það verður því eigi talin ástæða til þess að álíta, að þessi eignaliður hafi verið oftalinn.

Viðvíkjandi 4. lið efnahagsreikningsins hefir ekki fundizt í bókum félagsins né skjölum nein sundurliðun. Ákærður heldur fram, að meðal þess, sem talið er í þessum lið, hafi verið reknetaútbúnaður á tvo báta, en hefir ekki

gert nánari grein fyrir þessu. Hann kveður nokkuð af reknetaútbúnaði þessum hafa verið selt árið 1927 fyrir kr. 2500.00, en hitt hafi eyðzt upp við notkun, en kr. 5000.00 var afskrifað af eignum þessum árið 1930, og ekkert kom fram af slíkum eignum, er bú hlutafélagsins var tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar. Nánar er ekki upplýst um þetta í málinu, og verður ekki talið sannað, að liður þessi sé oftalinn sem eign á framangreindum efnahagsreikningi.

Það hefir ekki fyrirfundizt nein skrá né annað, er sýnir hverjar eða hve miklar vörubirgðir þær voru, sem taldar eru á kr. 151472.85 í 5. lið efnahagsreikningsins, og svo virðist af verzlunarbókum félagsins sem engin vörutalning hafi farið fram, er hlutafélagið tók við vörubirgðum þessum, þ. e. um áramótin 1926—1927, og hefir ákærður viðurkennt, að engin vörutalning hafi þá farið fram, og hefir ákærður ekki getað gert grein fyrir magni varanna, og er ekki upplýst um það á annan hátt.

Ákærður heldur fram, að hann minni, að vörutalning hafi farið fram um mánaðamótin nóvember—desember 1926, en hefir ekkert fullyrt um það, og hefir ekki sýnt nein skilríki fyrir því, að svo hafi verið, og ekkert hefir komið fram við endurskoðun á bókhaldi félagsins, er bendi til þess, að vörutalning hafi farið fram þá, og virðist því slík talning ekki hafa farið fram, eða að ekki hafi verið byggt á slíkri talningu við bókfærsluna. Af bókum félagsins sést, og er viðurkennt af ákærðum, að framangreind upphæð er útsöluverð vara þeirra, sem talið var, að félagið ætti, og er ekki neitt dregið frá útsöluverði varanna vegna vörurýrnunar. Vörubirgðir þessar eru því bersýnilega oftaldar sem eign, fyrst og fremst um álagningu þá, sem lögð hefir verið á innkaupsverð varanna, enda er það viðurkennt af ákærðum, að vörurnar séu oftaldar til eignar um það. Auk þess virðist að sjálfsögðu hljóta að hafa verið ástæða til þess að draga eitthvað frá verði varanna vegna rýrnunar. Á fyrstu þrem árunum eftir að hlutafélagið tekur til starfa, eða árin 1927—1929 (incl.), hefir vörurýrnun hjá hlutafélaginu numið samkvæmt bókum þess kr. 26530.41 árið 1927, kr. 24132.07 árið 1928 og kr. 34642.86 árið 1929, eða samtals kr. 85305.34 öll nefnd 3 ár, eða kr. 28435.11 að meðaltali á ári, og telja

framangreindir endurskoðendur, að eigi muni of mikið að gera ráð fyrir þeirri vörurýrnun árið 1926. Vörurýrnun þessi á árunum 1927—1929 nemur 17,5% af seldum vörum á sama tíma. En það er óeðlilega mikil rýrnun, og mun vera talið ríflegt að áætla 3—4% rýrnun af seldum vörum í slíkum verzlunum, og þykir þetta geta bent til þess, að vörurýrnun hafi ekki verið tilfærð hjá félaginu allan tímann, sem það starfaði, eða eitthvað af honum.

Ákærður hefir gert þá grein fyrir þessari rýrnun, að öll umrædd ár hafi allmikið af vörum verið selt á útsölum við mikið lækkuðu verði og auk þess hafi mikið af vörunum verið selt á uppboði á árinu 1929, og kveður ætíð, einnig á meðan eldra félagið starfaði, illseljanlegar vörur hafa verið seldar þannig árlega, og hafi slíkar vörur því ekki safnazt fyrir, og heldur hann fram, að vörurnar séu ekki oftaldar, nema um álagningu á þær. Þar eð ákærður kveður sömu aðferð hafa verið hafða viðvíkjandi vörusölu hjá eldra félaginu, áður en hlutafélagið var stofnað, sem hlutafélagið hafði, verður að telja, að full ástæða sé til þess að álíta, að um jafnmikla rýrnun hafi verið að ræða hjá eldra félaginu sem hjá hlutafélaginu. Það er ekki upplýst í málinu, hve mikil vörusala sameignarfélagsins var árið 1926, en eftir öllum atvikum verður að álíta, að ástæða hafi verið til þess að tilfæra ekki minni rýrnun á vörubirgðum í árslok 1926 en meðaltal rýrnunarinnar framangreind 3 ár, eða kr. 28435.11, en við það lækkar útsöluverð varanna niður í kr. 123037.74. Það er ekki beinlínis upplýst, hve mikið var lagt á innkaupsverð umræddra vörubirgða, þar eð verzlunarbækur sameignarfélagsins voru ekki endurskoðaðar, en samkvæmt því, sem upplýst er við endurskoðun á bókhaldi hlutafélagsins, hefir meðalálagning á vörur, sem hlutafélagið keypti á árunum 1927—1929, verið 44%, og þykir mega álíta, að um sömu meðalálagningu hafi verið að ræða árið 1926, enda hefir ákærður ekki véfengt, að svo hafi verið, en það samsvarar því að draga beri 30,5% frá útsöluverði varanna til þess að finna innkaupsverð þeirra, eða frá framangreindu útsöluverði, að upphæð kr. 123037.74, kr. 37526.50. Auk þess sést af bókum félagsins, að firmanu Braunstein & Schibby hafa verið endursendar af vörubirgðum þessum vörur fyrir kr. 1265.90, sem ber að draga frá verði birgðanna.

Framangreindar vörubirgðir verða því að teljast oftaldar á efnahagsreikningnum um að minnsta kosti kr. 67227.51 og raunverulegt verð vörubirgðanna því í mesta lagi kr. 84245.34.

6. lið efnahagsreikningsins, fasteignir o. fl., fyrir kr. 226000.00, er örðugt að segja um með vissu, hvort er hæfilega talinn til verðs eða ekki. Sundurliðun á þessum lið er í bókum félagsins, og eru innifaldar í honum fasteignir félagsins og skip og auk þess ein bifreið. Fasteignirnar eru taldar við þáverandi fasteignamatsverði að viðbættum 50% af því, og var mikið afskrifað af verði eignanna áður en bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar, og telja endurskoðendur, að líti út fyrir, að liður þessi sé eitthvað of hátt talinn á efnahagsreikningnum, en telja sig þó bresta skilyrði til þess að segja, um hve mikið hann kunni að vera oftalinn, og verður eigi talið upplýst, að liður þessi sé oftalinn til verðs.

Eins og að framan er drepið á, eru útistandandi skuldir ekki taldar í sérstökum eignalið á efnahagsreikningnum, heldur er nafnverð skuldanna dregið frá inneign viðskiptamanna og mismunurinn, þ. e. sú upphæð, sem inneignir þessa nema, umfram upphæð útistandandi skulda, talin skuldamegin á reikningnum. Við endurskoðun á bókhaldi félagsins var athugað sérstaklega, hverjar hinar útistandandi skuldir væru og hvert verðmæti þeirra mundi hafa verið, og var samin skrá yfir þær samkvæmt bókunum, og reyndust þær hafa verið samtals kr. 151807.94 eða kr. 272.48 hærri en þær eru taldar í efnahagsreikningnum og hefir síðar greiðst af skuldum þessum samtals kr. 75860.45, að meðtöldu því, sem greitt hefir verið upp í vexti af skuldunum og málskostnað í sambandi við innheimtu þeirra. Af skuldunum hefir verið eftirgefið eða leiðrétt (fellt niður) með síðari færslum í hlutaðeigandi viðskiptareikning kr. 22801.33. Af þeim hefir og síðar verið yfirfært á ákærðan, sem var hinn raunverulegi seljandi þeirra til hlutafélagsins, — án þess andvirði kæmi fyrir — kr. 19419.61, þar á meðal skuld ákærðs sjálfs, að upphæð kr. 9242.42. Skuldir þessar eru því taldar sem eign kr. 75947.48, umfram það, sem hlutafélagið hefir fengið greitt upp í þær, þó ekki sé tekið tillit til vaxta og

kostnaðar, og telja endurskoðendur skuldirnar oftaldar til verðs um þá upphæð.

Ákærður heldur fram, að á þeim tíma, sem um er að ræða, hafi verið ástæða til þess að telja hinar útistandandi skuldir fullgilda eign við nafnverði, en hefir ekki gert nánar grein fyrir því.

Það er augljóst, að framangreind skuld ákærðs sjálfs verður eigi réttilega talin sem eign, er framangreind eignayfirfærsla átti sér stað, og sama verður að álíta um aðrar þær skuldir, sem færðar voru á ákærðan, eins og að framan greinir. Hinsvegar þykir varhugavert að álíta, að allar þær skuldir, sem fengust ekki greiddar eða síðar voru eftirgefnar af einhverjum ástæðum, hafi sýnilega verið einskisvirði, er hlutafélagið var stofnað. En verðmæti skuldanna þykir verða að meta með tilliti til þess, hversu fjárhagur skuldaranna hefir verið á þeim tíma, sem efnahagsreikningurinn var gerður og salan fór fram, en hann getur hafa breytzt vegna óvæntra atvika, áður en skuldir voru greiddar, og skuldir því tapazt, sem ástæðu hafi mátt álíta til að fengjust greiddar að einhverju eða öllu leyti, er hlutafélagið var stofnað. En upplýsingar liggja ekki fyrir í málinu um hag umræddra skuldara á þessum tíma, enda lítt mögulegt að afla ábyggilegra upplýsinga um slíkt eftir svo langan tíma. En það verður ekki talið rétt að telja slíkar venjulegar verzlunarskuldir sem eign við nafnverði, og verður að telja, að hljóti að hafa verið bersýnileg ástæða til þess að draga að minnsta kosti 20% frá nafnverði skuldanna, og verður því að telja framangreindar skuldir oftaldar sem eign um framangreindar kr. 19419.61 og um 20% af þeim kr. 132388.33, sem þá er eftir af öllum skuldunum, eða kr. 26477.66, eða samtals kr. 45897.27 að frádregnum kr. 272.48, sem skuldirnar voru vantaldar að nafnverði á efnahagsreikningnum, eða kr. 45624.79, sem skuldirnar eru að minnsta kosti oftaldar um sem eign á framangreindum efnahagsreikningi, og er það þá kr. 105910.67, sem í mesta lagi getur talizt, að réttmætt geti hafa verið að telja þær sem eign.

Viðvíkjandi 7.—9. lið efnahagsreikningsins hefir ekki fundizt neitt athugavert.

Inneignir viðskiptamanna, sem taldar eru í 10. lið efna-

hagsreikningsins, eru, er framangreindar útistandandi skuldir eru ekki dregnar frá upphæðinni, samtals kr. 267520.15. Ein innieign er þó samkvæmt því, sem komið hefir í ljós við endurskoðun, oftalin um kr. 199.88. Innieignir þessar eru í íslenzkum krónum, norskum krónum, dönskum krónum, sænskum krónum og þýzkum ríkismörkum, en í umræddum efnahagsreikningi er allur hinn erlendi gjaldeyrir talinn jafn íslenzkum krónum að gengi, þó myntir þessar hefðu hærra gengi en íslenzk króna á umræddum tíma, og miðað við þáverandi gengi á myntum þessum nemur það kr. 27445.47, sem skuldir þessar eru hærri í íslenzkum krónum en þær eru taldar á efnahagsreikningnum. Við endurskoðun hefir og komið í ljós, að skuldir að upphæð samtals íslenzkar krónur 35667.26, sem ekki voru bókfærðar, hafa hvílt á eldra félaginu, og eru þær ekki taldar á framangreindum efnahagsreikningi. Ákærður heldur fram, að hann einn, sem þá var talinn einkaeigandi eldra firmans, hafi borið ábyrgð á greiðslu skulda þessara, og að þær hafi aðallega verið fyrir vörur, sem komnar hafi verið hingað fyrir áramótin, en ekki búið að taka upp, og því eigi búið að bókfæra kröfurnar. Og við rannsókn málsins hefir ekki reynzt unnt að upplýsa, hvort hlutafélagið hefir þurft að greiða eða greitt skuldir þessar eða eitthvað af þeim, og verður því eigi tekið tillit til upphæðar þessarar sem skuldar hlutafélagsins, er finna skal skuldlausa eign þá, sem það tók við af eldra félaginu.

Samkvæmt því, sem kom í ljós við endurskoðun á verzlunarbókum og skjölum hlutafélagsins og að framan greinir, töldu endurskoðendur, að skuldir þær, sem hlutafélagið tók að sér greiðslu á við stofnun félagsins, hafi numið kr. 23000.00 umfram það, sem eignir þær, sem það jafnframt fékk afhentar, hafi í raun og veru numið að verðmæti, og hafi því í raun og veru ekkert hlutafé verið innborgað við stofnun félagsins.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, verður að telja nægilega upplýst í málinu, að eignir þær, sem hlutafélagið yfirtók og hlutafé þess var talið greitt með, hafi á framangreindum efnahagsreikningi verið oftaldar til verðs um að minnsta kosti kr. 112899.73, og að ákærðum hljóti að hafa verið ljóst, að svo hafi verið.

Þá verður og að telja skuldir félagsins hafa verið vantaldar um framangreindan gengismun kr. 27445.47, en frá skuldum félagsins ber hinsvegar að draga kr. 199.88, sem ein skuld er oftalin um í reikningum félagsins, og eru skuldir þær, sem hlutafélagið tók að sér greiðslu á, þannig á umræddum efnahagsreikningi vantaldar um kr. 27245.59. En verðmæti allra framangreindra eigna, sem hlutafélagið tók við og sem taldar eru á framangreindum efnahagsreikningi, verður þannig að teljast hafa verið í mesta lagi kr. 452964.46, en skuldir þær, sem félagið tók að sér greiðslu á, samtals kr. 419397.76, og hrein eign kr. 33566.70 í stað kr. 173712.02, sem hún er talin á efnahagsreikningum, og er hrein eign því oftalin um kr. 140145.32. Innborgað hlutafé við stofnun félagsins hefir því numið í mesta lagi framangreindum krónum 33566.70, en er talið í tilkynningu til hlutafélagaskrárinnar og í bókum félagsins kr. 150000.00, eins og að framan greinir, og er innborgað hlutafé þannig í tilkynningu til hlutafélagaskrárinnar og í bókum félagsins oftalið um að minnsta kosti kr. 111643.30.

Ákærður, sem var síðast talinn einkaeigandi eldra firmans og var aðalforgöngumaður að stofnun hlutafélagsins og samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, aðalstjórnandi þess, verður að teljast ábyrgur fyrir færslunni á framangreindum efnahagsreikningi og fyrir því, að hann er síðar lagður til grundvallar við bókfærslu hlutafélagsins og að fjárhagur þess og innborgað hlutafé var talið eins og framan greinir. En með tilvísun til þess, sem að framan greinir, verður að telja, að sú reikningsfærsla gefi stórkostlega rangar og villandi upplýsingar um raunverulegan hag hlutafélagsins og að ákærðum hljóti að hafa verið það ljóst, og hefir hann því að áliti réttarins með þessu brotið gegn 1. mgr. 264. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Meðstjórnendur ákærðs og stofnendur að hlutafélaginu virðast, eftir því sem upplýst er í málinu, hafa tekið beinan þátt í stofnun hlutafélagsins, þar á meðal hafa þeir undirritað stofnsamning félagsins, þar sem meðal annars er ákveðið, að hlutafélagið tæki við umræddum atvinnurekstri ákærðs (eignum og skuldum), og 2 þeirra, þeir Sigurður Ólason og Hjörleifur Sigurjónsson, höfðu

starfað hjá eldra firmanu, og virðast þeir því hafa haft fulla aðstöðu til þess að athuga verðmæti framangreindra eigna, og ekki er upplýst, að ákærður hafi beitt þá blekkingum í sambandi við sölu eignanna til hlutafélagsins, og verður því eigi talið, að salan út af fyrir sig hafi verið refsiverð.

Eftir að hlutafélagið var stofnað, telur ákærður sig, samkvæmt verzlunarbókum þess, hafa greitt til félagsins hlutafé sem hér segir:

Þann 30. janúar 1927	kr.	15000.00
Þann 31. desember 1927	—	47000.00
Þann 30. júní 1928	—	13000.00
Og í ágústmánuði 1930	—	25000.00
	eða samtals kr.	100000.00

og er allt hlutafé félagsins, kr. 250000.00, þannig að lokum talið innborgað.

Við rannsókn málsins hefir verið athugað eftir föngum, hvort ákærður hafi í raun og veru innt hlutafjárinnborganir þessar af hendi.

Ekkert eða ekki neitt verulegt af hlutafé þessu hefir verið greitt til hlutafélagsins í peningum, en hlutabréf í hlutafélaginu fyrir framangreindri upphæð hafa verið færð ákærðum til skuldar í viðskiptareikningi hans í bókum félagsins, en jafnframt eða um sama leyti eru honum færðar til tekna upphæðir, sem jafna reikninginn. En upphæðirnar eru færðar honum til tekna ýmist vegna þess, að hann er talinn hafa lagt fram nýjar eignir til félagsins, eða vegna þess, að hann er talinn taka að sér greiðslu á skuldum, sem áður voru taldar hvíla á hlutafélaginu. En auk þessa eru ýms önnur viðskipti færð á reikning þennan, þannig að ákærður hefir haft ýms einkaviðskipti, sem að nokkru leyti fara fram fyrir milligöngu félagsins, meðal annars þannig, að hlutafélagið hefir greitt fjárupphæðir fyrir ákærðan vegna þessara viðskipta, og eru þessi viðskipti því færð á viðskiptareikning hans í bókum hlutafélagsins, og er því örðugra en ella að sjá, hvaða upphæðir af þeim, sem færðar eru ákærðum til tekna, eiga að teljast greiðsla á umræddu hlutafé. En eftirtaldar fjárhæðir, sem ákærðum hafa verið færðar til tekna, virðast aðallega hafa talizt sem greiðsla á hinu aukna hlutafé.

Þann 5. febrúar 1927 er ákærðum fært til tekna hlutabréf selt Ara Þorgilssyni, að upphæð kr. 1000.00, sem Ari Þorgilsson er jafnframt skuldaður um í bókum félagsins, en A. Þ. hafði ekki greitt upphæð þessa, er bú hlutafélagsins var tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar, og fékk hlutafélagið þannig aldrei neitt nýtt verðmæti vegna þessarar ráðstöfunar, en hlutafjárupphæð þessa var ákærður talinn hafa greitt við stofnun félagsins ásamt öðru því hlutafé, sem hann var þá talinn hafa greitt, og að framan greinir.

Þann 30. september s. á. var ákærðum fært til tekna inneign Þorsteins Johnsons hjá félaginu, að upphæð kr. 6018.16. Innieignin er þó framvegis talin í bókum hlutafélagsins, þar til seint á árinu 1928, að hún er talin greidd í sambandi við saltviðskipti, en þær færslur finnast ekki í sjóðdagbók og verða þau viðskipti ekki rakin frekar samkvæmt bókum félagsins, en ákærður heldur fram, að hlutafélagið hafi ekki greitt neitt vegna inneignar þessarar.

Þann 10. desember s. á. er ákærðum færð til tekna ½ bifreið (V. E. 24) á kr. 1000.00 og 1 fólksflutningsbifreið á kr. 3000.00, eða samtals kr. 4000.00. Árið eftir selur hlutafélagið samkvæmt bókum þess bifreið fyrir kr. 1000.00, en sú eignaupphæð, sem þá á að vera eftir á bifreiðareikningi, kr. 5000.00, er látin falla niður án skýringar, en ákærður hefir gert þá grein fyrir þessu, að fólksflutningabifreiðin, sem ákærður kveður hafa kostað sig kr. 4100.00, hafi eyðilagzt að mestu, en að öðru leyti hefir ákærður ekki gert grein fyrir þessu.

Þann 23. desember s. á. er ákærðum fært til tekna uppboðsandvirði, kr. 4603.60, sem firmað H. Benediktsson & Co í Reykjavík er skuldað um. Ákærður hefir gert þá grein fyrir þessu, að í janúar og febrúar nefnt ár hafi verið seldir á uppboði munir aðallega húsgögn, sem hann og einkafirma hans, Verzlunarfélag Vestmannaeyja, hafi átt, og hafi gengið til hlutafélagsins á framangreindan hátt.

Þann 31. desember s. á., eða samtímis og ákærður er skuldaður um kr. 47000.00 í hlutabréfum, er honum færður til tekna beituskúr fyrir kr. 1750.00. En árið 1930 er skúr þessi seldur fyrir kr. 30.00 og rifinn. Ákærður hefir gert þá grein fyrir þessu, að skúr þessi hafi verið keyptur af Íslandsbanka gegn staðgreiðslu fyrir 1400.00, en bank-

inn hafi nokkru áður fengið hann útlagðan fyrir kr. 1750.00, og hafi hann aðallega verið keyptur til þess að hægt væri að komast að vörugeymsluhúsi, sem hlutafélagið átti, en hafi vegna skipulagsbreytingar á bænum verið rifinn, og þá metinn á kr. 30.00.

Sama dag er ákærðum fært til tekna ¼ hluti í vélbátnum „Leó", kr. 13000.00. Þennan bátshluta hafði ákærður keypt af kærðum Sigurði Ólasyni þann 12. júlí s. á. fyrir kr. 2000.00, en áður átti hlutafélagið ¾ hluta bátsins, er taldir voru kr. 12000.00 virði í bókum félagsins. Er sala þessi fór fram, skuldaði báturinn félaginu kr. 5228.19 samkvæmt bókum þess, og er auk þess talinn skulda firmanu W. Jakobsen kr. 2450.97, og var sú skuld greidd í aprílmánuði 1928, en þessar skuldir virðast hafa orðið til vegna taps á útgerð bátsins, og þar eð önnur skulda þessara var við félagið sjálft, en það greiddi hina skuldina, hefði ¼ hluti skuldaupphæðar þessarar átt að dragast frá því kaupverði, sem ákærður fékk fyrir bátinn, en skuldir þessar voru endanlega látnar lenda á félaginu að öllu leyti. En ákærður heldur fram, að skuldir þessar hafi að öllu eða einhverju leyti verið skuld W. Jakobsen og Sigurðar Mickelsen, sem hafi gert bátinn út árið 1927, og hafi skuldirnar verið afskrifaðar á þennan hátt, enda hafi einhver vinna í þágu hlutafélagsins eða bátsins komið á móti, en ákærður hefir ekki gert nánari grein fyrir þessu og ekki sýnt nein skilríki fyrir því, að svo hafi verið, og ekkert hefir fundizt í bókum félagsins, sem bendir til þess, að svo hafi verið. Þá heldur ákærður því fram, að hann minni, að mikil viðgerð hafi farið fram á bátnum áður en salan til hlutafélagsins fór fram, en samkvæmt endurskoðunargerðinnni virðist slíkt ekki sjást af bókum félagsins, og hefir ákærður ekki gert neina frekari grein fyrir þessu, og hefir ekki tekizt að upplýsa það nánar við rannsókn málsins.

S. d. er ákærðum færð til tekna veiðarfæri vélbátanna „Auður" og „Leó", kr. 10000.00, en þessi upphæð er afskrifuð sem einkisvirði árið 1929. En það er ekki tilgreint í þeirri færslu né upplýst á annan hátt, hve mikil veiðarfæri þessi hafi verið, en þau voru afskrifuð sem einkisvirði árið 1929. Ákærður heldur fram, að veiðarfæri þessi hafi ekki verið oftalin til verðs á framangreindum tíma,

miðað við verðlag þá, en hafi við notkun eyðzt og gengið úr sér, en hafi, er þau voru þannig eydd og afskrifuð, verið búin að spara önnur veiðarfærakaup.

S. d. er ákærðum færð til tekna 240 hundrað króna hlutabréf í h. f. Kaupang fyrir kr. 24000.00. Hlutabréfaeign þessi var afskrifuð sem einskisvirði árið 1929. Með tilvísun til þess, sem að framan greinir viðvíkjandi h. f. Kaupang, verður að telja, að hlutabréf þau, að upphæð kr. 15000.00, sem gefin voru út sama dag, hafi verið einskis virði, er þau voru færð ákærðum til tekna. S. d. er ákærðum færð til tekna hlutabréf í Dráttarbraut Vestmannaeyja h. f. fyrir kr. 6000.00, sem hann er þá talinn selja félaginu.

Auk framangreindra upphæða, samtals kr. 70371.76, sem eru — að undantekinni upphæð þeirri, sem ákærðum var færð til tekna vegna þess, að hann var talinn taka að sér að greiða Þorsteini Johnsen framangreinda skuld, — eignir, sem ákærður er talinn hafa látið hlutafélaginu í té, hafa ákærðum á nefndu ári verið færðar til tekna ýmsar inneignir viðskiptamanna hjá hlutafélaginu, sem það var talið skulda í byrjun ársins, en sem ákærður er talinn hafa tekið að sér greiðslu á, að upphæð samtals kr. 53456.79.

Auk framangreindra hlutabréfa, sem ákærðum eru færð til skuldar, hafa honum verið greiddar framangreindar upphæðir á ýmsan hátt að mestu. Og um áramótin er hann talinn eiga hjá félaginu kr. 4800.00.

Þann 29. júní 1928 hefir ákærðum verið færð til tekna dómkrafa á þriðja mann, að upphæð kr. 1198.50, sem hann er talinn selja hlutafélaginu við nafnverði, en upp í kröfu þessa hafa aðeins greiðzt kr. 100.00.

Þann 30. s. m. eru ákærðum færðar til tekna innieignir þriggja skuldheimtumanna félagsins, að upphæð samtals kr. 10877.69, sem ákærður er talinn taka að sér greiðslu á.

Sama dag selur ákærður félaginu og honum færð til tekna við nafnverði dómkrafa á þriðja mann, að upphæð kr. 847.82, sem ekkert hefir greiðzt af.

Þann 26. september s. á. er ákærður talinn selja félaginu og honum færð til tekna dómkrafa, að upphæð kr. 712.50, sem ekkert hefir greiðzt af.

Þann 26. október s. á. er ákærður talinn selja hluta-

félaginu og honum færð til tekna við nafnverði dómkrafa, að upphæð kr. 1181.10, sem ekkert hefir fengizt greitt af.

Það er þannig samtals kr. 14822.61, sem ákærðum hefir á árinu 1928 verið fært til tekna vegna krafna, sem hann hefir selt félaginu, og vegna krafna á félagið, sem hann er talinn hafa tekið að sér greiðslu á. Auk þess er upplýst, að þann 27. desember s. á. seldi hann félaginu gegn staðgreiðslu dómkröfu að upphæð kr. 4725.17 við nafnverði, og sem ekkert hefir fengizt greitt af.

Loks er ákærðum þann 31. desember s. á. færðar til tekna kr. 5000.00, sem hann er talinn hafa greitt félaginu í peningum, og í árslok er hann talinn skulda félaginu kr. 889.96.

Á árinu 1929 eru ákærðum ekki færð til skuldar nein hlutabréf, þ. e. hann er ekki talinn greiða neitt hlutafé inn til félagsins á því ári, enda er ekki um neinar slíkar millifærslur, sem að framan greinir, að ræða á því ári, að öðru en því, að ákærðum er á því ári færð til tekna ein inneign hjá félaginu, að upphæð kr. 5157.00, sem ákærður var talinn taka að sér greiðslu á.

Á árinu 1930 eru ákærðum færðar til tekna inneignir þriggja skuldheimtumanna hjá félaginu, sem hann er talinn taka að sér greiðslu á, að upphæð samtals kr. 7963.79, og 2 upphæðir, sem taldar eru greiddar hlutafélaginu af tveim firmum, að því er virðist upp í skuld við ákærðan, að upphæð samtals kr. 4925.00. Þá hefir ákærðum og á þessu ári verið færð til tekna kr. 1000.00 í laun fyrir hvern mánuð, eða kr. 12000.00 fyrir árið, en áður höfðu honum verið færð til tekna laun að upphæð kr. 400.00, eða kr. 4800.00 á ári í föst laun, og auk þess 2% af seldum vörum, en sölulaunin voru að meðaltali um kr. 2000.00 á ári, og hafa laun ákærða því verið um kr. 5000.00 hærri 1930 en þau höfðu áður verið.

Í lok ársins var ákærður talinn eiga inni hjá félaginu kr. 650.31.

Það sést ekki af bókum né skjölum félagsins, að eigendur krafna þeirra, sem ákærður tók að sér greiðslu á, hafi samþykkt yfirtöku ákærða á skuldunum, en af bréfum sést, að ýmsir þeirra hafa haldið áfram að krefja hlutafélagið um skuldirnar, eftir að ákærður tók að sér greiðslu þeirra.

Ákærður heldur fram, að eigendur tveggja krafna að upp-

hæð samtals kr. 44411.15, sem ákærður er talinn taka að sér greiðslu á og honum eru færðar til tekna þann 25. apríl 1927, hafi samþykkt yfirtökuna, en hefir þó ekki sýnt nein skilríki fyrir því, og hafa ekki komið fram í málinu nákvæmar upplýsingar um það. En við endurskoðun á bókum og skjölum félagsins hefir ekki komið fram neitt, sem bendi til þess, að hlutafélagið hafi verið krafið um greiðslu skulda þessara eftir yfirtökuna, og þykir því mega taka framburð ákærðs um þetta trúanlegan. Að öðru leyti hefir ákærður ekki gert grein fyrir því, að eigendur skulda þeirra, sem hann er talinn hafa tekið að sér greiðslu á, hafi samþykkt yfirtökuna og verður því að líta svo á, að samþykki annara kröfuhafa hafi ekki verið fengið fyrir yfirtöku skuldanna, og samkvæmt framburði ákærðs hefir hann ekki greitt strax skuldir þær, sem hann tók þannig að sér greiðslu á. Og það er upplýst í málinu, að með dómi uppkveðnum þann 26. apríl 1929 var hlutafélagið dæmt til þess að greiða firma nokkru (A. S. Jötul í Oslo) skuld, sem ákærður hafði tekið að sér greiðslu á og honum hafði verið færð til tekna þann 30. júní 1928. Skuld sú við firma þetta, sem ákærður tók að sér greiðslu á, var að upphæð kr. 2669.15, en hlutafélagið var með tveim dómum uppkveðnum fyrrnefndan dag dæmt til þess að greiða firma þessu samtals n. kr. 4370.69 auk vaxta og málskostnaðar, og eru báðar þessar kröfur taldar stofnaðar áður en framangreind yfirtaka ákærða á skuldunum fór fram. Hinsvegar er ekki upplýst, að hlutafélagið hafi greitt neitt af kröfum þessum.

Kröfur þær, sem hvíldu þannig á hlutafélaginu, og því bar skylda til þess að greiða, jafnt eftir að ákærður er talinn hafa tekið að sér greiðslu á þeim, verður að telja, að hafi verið með öllu óréttmætt að færa ákærðum til tekna og telja skuldir hlutafélagsins lækka um þær upphæðir.

Þar eð framangreindur framburður ákærðs um að hann minni, að viðgerð á v. b. Leó hafi verið innifalin í kaupverði fyrir þann ¼ hluta í bát þessum, sem ákærður seldi hlutafélaginu, styðst ekki við neitt í bókum félagsins, og verður að telja mjög ósennilegt, að viðgerð, sem ákærður hefði þannig kostað á öllum bátnum, hefði verið færð honum til tekna, innifalin í söluverði ¼ hluta bátsins, — enda fullyrðir ákærður ekkert um þetta — og þykir því verða að leggja bókfærsluna til grundvallar um þetta atriði og álíta,

að ákærður hafi selt ¼ hluta bátsins fyrir kr. 13000.00. En samkvæmt því, sem upplýst er í málinu um kaupverð bátshluta þessa, er ákærður keypti hann, og um bókfært verð þeirra ¾ hluta bátsins, sem hlutafélagið átti áður, og að framan greinir, verður að telja augljóst, að verð þetta er miklu hærra en raunverulegt verðmæti bátshluta þessa eða hæfilegt söluverð getur hafa verið, jafnvel þó um einhverja viðgerð á bátnum hafi verið að ræða, sem ákærður hefði kostað að sínum hluta.

Með tilliti til þess, að upplýst er, að á hlutafélaginu lentu skuldir, sem hvíldu á umræddum bátshlutum umfram kaupverð, án þess sjáanlegt sé, að nokkur verðmæti hafi komið þar á móti, þykir verða að álíta, að verð bátsins hafi verið að minnsta kosti oftalið um kr. 9000.00, eða sem svarar því, sem þessi ¼ hluti bátsins var seldur hlutafélaginu fyrir umfram það, sem svaraði því, sem sá hluti bátsins, sem hlutafélagið átti áður, var bókfærður á.

Þá verður og að álíta, að framangreindar dómkröfur, sem ákærður seldi hlutafélaginu og ekkert fékkst greitt upp í, hafi í raun og veru verið einskisvirði, er ákærður seldi hlutafélaginu þær, og að framangreind dómkrafa, sem kr. 100.00 fékkst greitt upp í, hafi ekki verið meira virði en þess, sem fékkst greitt upp í hana.

Þá verður og að telja laun ákærðs bersýnilega oftalin um að minnsta kosti kr. 5000.00 árið 1930, þar eð þau eru þeirri upphæð hærri en áður, þó hagur félagsins væri þá mikið verri og rekstur þess mikið minni en áður.

Um aðrar framangreindar eignir, sem ákærður seldi hlutafélaginu, eftir að það var stofnað, verður að áliti réttarins eigi sagt með vissu, að hafi verið oftaldar til verðs, er salan fór fram.

Framangreind verðmæti, sem ákærður lét hlutafélaginu í té og virðast hafa átt að vera greiðsla á hinu aukna hlutafé, eru þannig oftalin til verðs um samtals að minnsta kosti kr. 32844.22. Og verður með tilvísun til þess, sem að framan greinir um þetta, að telja, að ákærðum hljóti að hafa verið það ljóst að öðru en því, að ákærður kann að hafa mátt gera sér vonir um, að eitthvað kynni að fást greitt upp í framangreindar dómkröfur. En þar eð mál hafði verið höfðað til greiðslu skuldanna og skuldararnir verið dæmdir til þess að

greiða þær, án þess þær fengjust greiddar, hafa þær bersýnilega verið vafasamar, og ekki ástæða til þess, að telja þær sem eign nema að litlu leyti. Og verður að ganga út frá, að séð hefði verið um, að kröfurnar fengjust greiddar, ef skuldararnir hefðu átt eignir fyrir þeim, eftir að þeir voru dæmdir til þess að greiða þær, og verður því að álíta, að svo hafi ekki verið.

Af framangreindum inneignum skuldheimtumannanna hjá hlutafélaginu, sem ákærður tók að sér greiðslu á, eru — auk inneignar Þorsteins Johnsons, sem ákærður virðist jafnvel hafa greitt, og framangreindrar inneignar, sem ákærður tók að sér greiðslu á árið 1929 og sem ekki er sjáanlegt að standi í sambandi við greiðslu hins aukna hlutafjár — samtals kr. 27887.12, sem samkvæmt því, sem að framan greinir, verður að telja, að hafi hvílt á hlutafélaginu eftir að ákærður tók að sér greiðslu inneignanna, og sem verður að telja, að réttmætt hafi verið að færa honum til tekna.

Það eru þannig samtals kr. 60731.34, sem ranglega er fært ákærðum til tekna í sambandi við framangreinda hlutafjáraukningu, og sem samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, verður að telja, að hafi átt að teljast greiðsla upp í hlutaféð. Og þó ekki sé að öllu leyti fyllilega ljóst, hvort umræddar upphæðir hafi átt að teljast sem greiðsla upp í hlutaféð eða upp í önnur viðskipti, þá verður ekki talið, að um greiðslu hlutafjár geti verið að ræða, nema að því leyti sem ákærður lagði fram fé til félagsins umfram aðrar greiðslur, sem honum bar að inna af hendi til félagsins á sama tíma. Það eru því í mesta lagi kr. 39268.66, sem talizt getur, að ákærður hafi greitt upp í framangreinda hlutafjáraukningu. Það eru því samtals kr. 72835.36, sem mest getur talizt, að greitt hafi verið af þeim kr. 250000.00, sem talið var, að innborgað hafi verið í hlutafé til félagsins. En líkur eru fyrir því, að það hafi í raun og veru verið mikið minna, þó ekki verði samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, talið víst, að svo hafi verið, eða að ástæða hafi verið til að álíta, að svo væri, er greiðslurnar voru taldar fara fram.

Auk þess, sem framangreint hlutafé var talið innborgað í bókum og reikningum félagsins og í tilkynningu til hlutafélagaskrárinnar (það sem talið var innborgað

við stofnun þess), er það upplýst í málinu, að með bréfum dags. þann 10. febrúar 1928 hefir ákærður tilkynnt „Upplýsingaskrifstofu kaupsýslumanna“ í Reykjavík og „Handelsstandens Oplysningsbureau“ í Kaupmannahöfn, að þá sé innborgað kr. 212000.00 af hlutafé félagsins.

Með því að láta þannig færa fjárhæðir sem innborgun á auknu hlutafé og þar af leiðandi sem aukningu á eignum félagsins, án þess um nokkurt raunverulegt verðmæti væri að ræða, og að því er yfirtöku á greiðslu skulda félagsins snertir, án þess þær væru greiddar eða félagið losað við skyldu sína til þess að greiða þær, hefir ákærður að áliti réttarins brotið gegn 1. mgr. 264. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Enginn stjórnarfundur var haldinn í félaginu í sambandi við kaup á framangreindum eignum af ákærðum, og ekki virðist hafa verið um neitt samþykki af hálfu meðstjórnenda ákærðs í félaginu að ræða fyrir kaupum þessum. Kærður Sigurður Ólason hefir borið, að ákærður muni hafa sagt fyrir um færslur á viðskiptum þessum og aðrar þær færslur, sem athugasemdir hafa verið gerðar við í sambandi við endurskoðun á bókhaldi félagsins, að svo miklu leyti, sem færslur þessar voru gerðar á meðan Sigurður Ólason starfaði hjá félaginu og hafði bókhald þess á hendi, en eftir að S. Ó. lét af störfum hjá félaginu, hafði ákærður sjálfur á hendi bókfærslu félagsins. S. Ó. hefir og borið, að ákærður hafi einn ráðið öllum rekstri og málefnum félagsins. Kærður Jón Einarsson hefir og borið, að hann (J. E.) hafi ekkert starfað í þágu félagsins og ekki fylgzt neitt með fjárhag þess svo teljandi sé, en komið hafi fyrir, að ákærður hafi ráðfært sig við hann um málefni félagsins. Ákærður hefir og kannazt við, að hann hafi aðallega ráðið málefnum félagsins, en heldur fram, að hann hafi ráðfært sig við meðstjórnanda sinn Jón Einarsson viðvíkjandi ýmsu í sambandi við rekstur félagsins. En ýmislegt, sem komið hefir fram við rannsókn málsins, bendir til þess, að framburður þeirra Jóns Einarssonar og Sigurðar Ólasonar um, að ákærður hafi í raun og veru einn ráðið málefnum félagsins, eftir að það tók til starfa, sé réttur. Þar á meðal er það, að með tilkynningu til hlutafélagaskrárinnar dags. þann 20. ágúst 1930 tilkynnti ákærður, að heimild þeirra

Jóns Einarssonar og Sigurðar Ólasonar til þess að rita firmað sé fallin niður, og að ákærður hafi eftir það einn rétt til þess að rita firmað, og að þann 31. ágúst 1928 tilkynnti ákærður einn til hlutafélagaskrárinnar, að prókúruumboð Sigurðar Ólasonar fyrir hlutafélagið sé afturkallað, og er upplýst, að Sigurður Ólason lét þá af störfum þeim, sem hann hafði áður haft á hendi hjá félaginu, eftir uppsögn frá ákærðum einum, og kærður Jón Einarsson hefir borið, að hann hafi ekki veitt samþykki sitt til þeirrar ráðstöfunar, en ákærður hafi þó reynt að fá hann til þess að samþykkja það. Það verður því að teljast nægilega upplýst, að ákærður hafi í raun og veru einn ráðið öllum aðalmálefnum félagsins, þar á meðal framangreindum ráðstöfunum, og þó ekki sé upplýst, að ákærður hafi beinlínis blekkt meðstjórnendur sína í félaginu, verður þó að telja, að hann hafi með því að selja hlutafélaginu, sem þeir höfðu trúað honum fyrir að stjórna, einskisverðar eignir, brotið gegn 253. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Við rannsókn á bókhaldi félagsins almennt hefir það komið í ljós, að færðar hafi verið frumbækur, sjóðdagbækur og viðskiptamannahöfuðbækur. Bréfabók hefir ekki verið haldin, en bréfum haldið saman. Fylgiskjölum hefir og verið haldið saman, en eins og að framan greinir, voru þau ekki röðuð, er byrjað var að endurskoða bókhald félagsins, eftir að bú þess hafði verið tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar. Ákærður heldur fram, að fylgiskjölum hafi verið raðið í möppur eftir starrofsröð, — innlendum reikningum í sérstaka möppu og útlendum reikningum í aðra, bankareikningum í sérstaka möppu og hafnargjaldareikningum í sérstaka möppu, og hafi átt að vera tiltölulega auðvelt að finna fylgiskjöl í þessum möppum, en þessi röðun hafi ef til vill ruglast.

Eins og að framan greinir, töldu endurskoðendur sér ekki unnt að framkvæma fylgiskjalasamanburð við bækur félagsins vegna þess að fylgiskjölunum hafi ekki verið raðað, er þeir fengu bækur félagsins og skjöl til endurskoðunar, en hinsvegar hefir ekkert komið fram í málinu, er bendi til þess, að fylgiskjöl hafi vantað, og þykir því ekki næg ástæða til að telja framangreint ástand fylgiskjalanna refsiverða bókhaldsóreiðu.

Þar til í ágústmánuði 1928, voru bækur félagsins færðar að nokkru leyti af öðru starfsfólki félagsins en ákærðum, aðallega af kærðum Sigurði Ólasyni. Fyrir utan það, sem að framan greinir um ranga og óréttmæta reikningsfærslu, hefir bókhaldið yfirleitt verið í góðu lagi þann tíma. En eftir að Sigurður Ólason lét af störfum hjá félaginu í ágústmánuði 1928, vann ákærður aðallega eða eingöngu að bókfærslunni. En þá verður bókfærslan yfirleitt ófullkomnari að dómi endurskoðenda, einkum þó að því leyti, að þá er hætt að færa í viðskiptamannahöfuðbók viðskiptareikninga ýmissa manna, sem þó höfðu sýnilega mikil viðskipti við félagið, og helzt þetta fyrirkomulag (þ. e. reikningar ýmissa viðskiptamanna eru ekki færðir) allan tímann, sem félagið starfaði eftir að ákærður tók við bókfærslu þess, og hefir ákærður með þessu brotið gegn 2. mgr. 264. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Aðrar misfellur á bókhaldi félagsins eða reikningsfærslu en að framan greinir eru eigi þannig vaxnar, að þær geti, að áliti réttarins, talizt refsiverðar.

Að því er snertir viðskipti ákærðs við hlutafélagið fyrir utan það, sem stendur í sambandi við innborgun á hlutafé og sem að framan er lýst, er það, eins og að framan er drepið á, upplýst, að þann 27. desember 1928 hefir ákærður látið félagið kaupa við nafnverði dómkröfu á Þórð nokkurn Jónsson, að upphæð kr. 4725.17, og var krafa þessi, þegar kaupin fóru fram, greidd ákærðum í peningum úr sjóði félagsins.

Félagið átti þó áður aðra dómkröfu á sama mann, að upphæð kr. 4168.61, og hefir ekki fengizt neitt greitt upp í dómkröfur þessar. Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu (sbr. rskj. nr. 34), var krafa þessi stofnuð áður en hlutafélagið var stofnað, og var sameignarfélagið Verzlunarfélag Vestmannaeyja, þ. e. ákærður sjálfur, í ábyrgð fyrir henni, og var hún ekki meðal skulda þeirra, sem hlutafélagið tók að sér greiðslu á við stofnun félagsins, og bar ákærðum því að greiða hana, ef með þurfti, en ekki hlutafélaginu. En samkvæmt framburði ákærðs greiddi (keypti) hlutafélagið kröfu þessa vegna þess að gengið var eftir greiðslu hennar samkvæmt ábyrgðinni, og hélt ákærður því upphaflega fram í málinu, að hlutafélagið hafi greitt kröfu þessa vegna þess að það hafi verið í ábyrgð

fyrir henni. En samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, var um hrein kaup að ræða eða endanlega greiðslu kröfunnar af hálfu hlutafélagsins, án þess ætlazt væri til þess, að ákærður endurgreiddi hlutafélaginu það, sem það greiddi fyrir kröfuna. Það verður að telja, að krafa þessi hafi í raun og veru verið einskisvirði, þegar hlutafélagið var látið kaupa hana, og að það hljóti að hafa verið sýnilegt, að hún hafi verið einskis eða mjög lítils virði. Ákærður hefir því að áliti réttarins með því að láta hlutafélagið þannig kaupa einskisverða kröfu sér sjálfum (þ. e. ákærðum) til hagsmuna, brotið gegn 253. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Hlutafélagið hætti alveg allri starfsemi sinni á árinu 1930, en hafði hætt verzlunarstarfsemi sinni í maímánuði 1929. En í lok ársins 1930 kaupir ákærður af félaginu allar fasteignir þess og vélbátinn „Auði", og þann 28. desember 1931 kaupir ákærður af félaginu v. b. „Skíðblaðnir", og er bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar, átti það því ekki aðrar eignir en línuveiðagufuskipið „Gunnar Ólafsson", sem var virt á kr. 15000.00. Enginn hluthafafundur né félagsstjórnarfundur var haldinn viðvíkjandi þessari sölu. Ákærður hefir borið, að hann hafi borið þetta undir kærðan Jón Einarsson, og að Jón hafi samþykkt sölu eignanna til ákærðs. En Jón Einarsson hefir eindregið neitað, að ákærður hafi borið þetta undir hann, og neitar að hafa samþykkt þetta á nokkurn hátt. Engin afsöl voru gefin út fyrir eignum þessum, nema fyrir v. b. „Skíðblaðnir", en fyrir þeim bát gaf ákærður út f. h. hlutafélagsins afsal til sjálfs sín. En að því er hinar aðrar eignir snertir, þá færði ákærður þær aðeins sér til skuldar á viðskiptareikningi sínum í bókum félagsins. En andvirði eigna þessara greiddi ákærður á þann hátt, að hann tók að sér greiðslu skulda, sem á eignunum hvíldu og sem jafnframt voru færðar honum til tekna í viðskiptareikningi hans.

Fasteignir þær, sem ákærður yfirtók þannig, og sem voru allar hinar sömu og hlutafélagið yfirtók við stofnun þess að undanteknum „Hjall", sem talinn var 300 króna virði, — voru allar færðar honum til skuldar á kr. 137000.00, og v. b. „Auður" var færð honum til skuldar á kr. 25890.40, og er verð eigna þeirra, sem ákærður

yfirtók í árslok 1930, þannig talin samtals kr. 162890.40, en skuldir þær, sem hann jafnframt tók að sér greiðslu á, voru veðdeildarskuldir að upphæð kr. 27470.44, víxilskuldir við Útvegsbanka Íslands h. f. kr. 114465.36 og reikningslánsskuld við Útvegsbankann að upphæð kr. 20954.20. En samkvæmt framangreindu afsalsbréfi, sem lagt hefir verið fram í málinu, keypti ákærður v. b. „Skíðblaðni" fyrir kr. 25557.50, sem hann greiddi þannig, að hann tók að sér greiðslu á víxilskuldum við Útvegsbankann að upphæð kr. 25557.50 eða sama upphæð og kaupverðið. Kaupverð allra umræddra eigna til ákærðs er því þannig talið samtals kr. 188447.90.

Síðar samdi ákærður sérstaklega við Útvegsbankann um yfirtöku á skuldum og um eftirgjöf á skuldum, sem hann sjálfur og hlutafélagið skuldaði bankanum, og var að fullu gengið frá þeim samningum í lok ársins 1932. Og samdi ákærður þá um að greiða bankanum kr. 171500.00 af umræddum skuldum, en fékk þá jafnframt eftirgefið kr. 39327.55 af skuldum við bankann, auk allmikils af ábyrgðarskuldbindingum. En ákærður var persónulega ábyrgur fyrir öllum skuldum hlutafélagsins við Útvegsbankann, og gilti eftirgjöf þessi aðeins gagnvart honum sjálfum persónulega.

Það eru því þannig, að meðtöldum framangreindum veðdeildarskuldum, skuldir að upphæð kr. 198970.44, sem ákærður hefir þannig að lokum tekið að sér greiðslu á í sambandi við yfirtöku framangreindra eigna.

Framkvæmdarstjóri útibús Útvegsbankans hér í bænum, H. V. Björnsson, hefir borið sem vitni í málinu, að hann hafi verið því samþykkur, að ákærður yfirtæki þannig framangreindar eignir og hefir borið, að hann hafi ekki álitið eignirnar eins mikils virði og hvíldi á þeim af veðskuldum, er yfirtakan fór fram, og hefir borið að hann hefði ekki treyst sér til þess að selja þær fyrir eins mikið og ákærður yfirtók þær fyrir, þó hann hefði lánað kaupandanum allt andvirði þeirra. Fasteignamatsverð fasteignanna allra var samtals kr. 103100.00.

Með tilliti til þess, sem þannig er upplýst í málinu, verður að álíta, að umræddar eignir hafi ekki verið meira virði en sem nemur veðskuldum þeim, sem á þeim hvíldu, er ákærður yfirtók þær, og sem hann tók jafnframt að

sér greiðslu á, og verður að álíta, að engar líkur hafi verið til þess, að þrotabú hlutafélagsins gæti haft meira upp úr þeim en á þeim hvíldi af veðskuldum.

Þó ákærður virðist hafa haft hag af yfirtöku eignanna í sambandi við skuldir sínar við Útvegsbankann, og hann hafi vegna yfirtöku eignanna getað byrjað atvinnurekstur, sem hann hefði ef til vill ekki getað annars verður þó eigi talið, að hér sé um refsivert undanskot eigna né refsiverða ívilnun til Útvegsbankans að ræða.

Að framan er gerð grein fyrir efnahag hlutafélagsins, er það var stofnað. Á árinu 1927 er samkvæmt bókum þess talið hafa orðið tap á rekstri þess að upphæð kr. 7039.16. En samkvæmt því, sem upplýst er við rannsókn málsins, hefir tapið verið talsvert mikið meira, þar eð ekki hefir verið tekið neitt tillit til fyrningar á eignum félagsins. Þá hefir og ekki verið færð meðal gjalda á efnahagsreikningi í árslok ógreidd gjöld til bæjarsjóðs frá árinu að upphæð kr. 6783.52, vextir og viðskiptagjald af reikningsláni, kr. 879.64, og vátryggingargjald, kr. 1772.65. Þá eru og skuldir tveggja vélbáta félagsins við félagið að upphæð samtals kr. 10727.74, sem hefir bersýnilega verið tap á rekstri bátanna, talið sem eign meðal útistandandi skulda. Vörubirgðir eru taldar sem eign við útsöluverði í stað innkaupsverðs, og aðra eignaliði telja endurskoðendur oftalda til eigna, en sem ekki verður sagt um með vissu, hve mikið séu oftaldir, og verður því eigi sagt um, hve mikill allur rekstursháll félagsins hafi verið á þessu ári. Framangreindar upphæðir, sem tilgreindar eru sérstaklega, sýna rekstursháll að upphæð kr. 27202.71. Bókfært verð allra fasteigna félagsins var í árslokin samtals kr. 188300.00, en það voru allt húseignir, nema einn þerrireitur og húslaus lóð, sem talið var samtals kr. 5500.00 virði, eða húseignir fyrir samtals kr. 182800.00, sem ekki var tilfærð nein fyrning á. Þá var og ekki tilfærð nein fyrning á tveim vélbátum félagsins, „Auði“ og „Leó“, sem voru bókfærðir á samtals kr. 61000.00.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir viðvíkjandi fjárhag hlutafélagsins við stofnun þess og viðvíkjandi verðmætum þeim, sem ákærður var talinn láta félaginu í té sem aukið hlutafé, þar á meðal með tilliti til þess, að ástæða þykir til að álíta, að eignir þessar (þ. e. bæði þær,

sem til voru við stofnun félagsins, og sem ákærður lét félaginu í té á árinu 1927), hafi í raun og veru verið minna virði en að framan greinir, í sambandi við mat á því, hvort um saknæma reikningsfærslu hafi verið að ræða, að ákærður kunni að hafa haft ástæðu til að meta þær hæst, — virðist sem hag félagsins hafi þegar verið svo komið í lok ársins 1927 að það hafi í raun og veru ekki átt eignir fyrir skuldum. Það sést og af öðru, er upplýst er í málinu, að félagið hefir þegar á því ári átt við mikla fjárhagslega örðugleika að stríða, t. d. hefir mikið af kröfum á félagið þá verið komið til málflutningsmanna til innheimtu. Það sést ekki, að efnahagsreikningur né rekstrarreikningur hafi verið gerður fyrir árið 1928 og nákvæmar upplýsingar hafa ekki komið fram í málinu viðvíkjandi afkomu félagsins það ár. En félagið virðist hafa tapað nokkru fé á útgerð þetta ár og hagur þess hafa versnað. En félagið hefir rekið allmikla verzlun og gert út vélbáta til fiskveiða bæði framannefnd ár, og á árinu 1928 kaupir félagið vélbát í stað annars, sem strandaði, og línuveiðagufuskip. Það verður því eigi talið, að um yfirvofandi gjaldþrot félagsins hafi verið að ræða á þessum árum. Í árslok 1929 hefir enginn efnahagsreikningur verið gerður fyrir félagið og eigi heldur í árslok 1930 og vegna þess, að ýmsir viðskiptareikningar hafa ekki verið færðir, og að árið 1930 og einnig að því er virðist að nokkru leyti árið 1929 var eigi neitt bókhald hjá hlutafélaginu viðvíkjandi útgerð línuveiðagufuskipsins Gunnar Ólafsson, hefir eigi verið unnt að fá fullkomnar upplýsingar um þetta við rannsókn málsins eða gera slíka reikninga, sem vantar.

Á árinu 1929 voru vörukaup félagsins og verzlun mikið minni en árin á undan, og í maímánuði 1929 hætti félagið vegna fjárhagsörðugleika að reka verzlun, og samkvæmt vörureikningi er enginn bruttóhagnaður talinn hafa orðið af vörusölu þann tíma ársins, sem félagið rak verzlun. Á „afurðasölu“ (þ. e. útgerð) er félagið talið hafa tapað kr. 19033.35 á nefndu ári. En auk þess varð tap á útgerð framannefnds línuveiðaskips á vetrarvertíðinni nefnt ár að upphæð kr. 21115.00 sem félagið bar ábyrgð á að öllu leyti, en skip þetta var þá gert út af hlutafélaginu í félagi við kærðan Jón Einarsson, og bar honum því að greiða tap þetta að hálfu. Á þessu ári hefir og verið afskrifað af eign-

um félagsins kr. 67300.00, sem bætist við annað tap félagsins á árinu. Nánar er ekki upplýst í málinu, hvert tap félagsins hafi verið á nefndu ári, en auk framangreindra upphæða hefir að sjálfsögðu verið einhver kostnaður við rekstur félagsins, sem bæta ber við reksturshallann, en framangreindar upphæðir nema samtals kr. 107448.35.

Á vetrarvertíð 1930 gerði félagið út vélbáta sína „Auði" og „Skíðblaðni" og vélbátinn „Sandve", sem félagið hafði þá fest kaup á, en þau kaup gengu síðar til baka, og ennfremur gerði félagið út línuveiðaskipið „Gunnar Ólafsson" í félagi við firmað Ólafur Gíslason & Co., Reykjavík. Annað starfaði félagið ekki á því ári og hætti algerlega starfsemi sinni á því ári vegna fjárhagsörðugleika. Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, er ekki upplýst í málinu, hve mikið rekstrartap hlutafélagsins hefir verið á árinu 1930. Ákærður kveður hafa orðið mikið tap á útgerð línuveiðaskipsins „Gunnar Ólafsson", en hve mikið tap það var, sést ekki á bókum félagsins.

Auk þeirra tapa, sem að framan greinir að félagið hafi orðið fyrir, tapaði það miklu fé vegna ábyrgða, sem það hafði tekið á sig á skuldum annara.

Í árslok 1930, áður en ákærður yfirtók eignir félagsins, voru allar eignir þess taldar samkvæmt bókum þess kr. 242890.41, og voru það fasteignir og skip félagsins. Vörubirgðir átti félagið þá engar, þar eð vörubirgðir þær, sem til höfðu verið, er félagið hætti að reka verzlun, höfðu verið seldar á uppboði, og útistandandi skuldir höfðu verið afskrifaðar sem tapaðar, en áður hafði verið gert mikið til þess að innheimta það, sem unnt var, af skuldunum, meðal annars með málssóknum. Hve mikið félagið skuldaði á umræddum tíma er ekki nákvæmlega upplýst í málinu. Það skuldaði þá framangreindar veðdeildarskuldir að upphæð kr. 27470.44. Af bréfi, sem ákærður hefir skrifað Útvegsbankanum þann 14. júní 1932 og sem lagt hefir verið fram í málinu afrit af, sést, að hann hefir í árslok 1931 talið félagið skulda nefndum banka kr. 182236.15, þar með talin skuld vegna taps á útgerð framannefnds línuveiðaskips á árinu 1929 að upphæð kr. 21115.00, sem ákærður telur meðal ábyrgðarskuldbindinga í nefndu bréfi, en er að minnsta kosti að hálfu stofnuð sem skuld félagsins sjálfs, eins og að framan greinir, og auk þess ábyrgðarskuldbind-

ingar að upphæð samtals kr. 34717.94, sem þá virðist hafa verið talið sýnilegt að mundu lenda á félaginu. Auk þess er upplýst, að félagið skuldaði þá nefndum banka kr. 13000.00, sem tryggt var með 1. veðrétti í framangreindu línuveiðaskipi og sem ekki er talið í nefndu bréfi. Hve miklar aðrar skuldir félagsins voru, er ekki upplýst, en þær virðast hafa verið allmiklar. En framangreindar upphæðir eru samtals kr. 257424.53.

Er bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar, taldist það ekki eiga aðrar eignir en línuveiðaskipið „Gunnar Ólafsson", sem talinn hafði verið sem eign á kr. 50000.00 í verzlunarbókum félagsins í árslok 1930, en var virtur á kr. 15000.00 við uppskrift á eignum þess og var lagður útibúi Útvegsbankans hér út til eignar sem ófullnægðum veðhafa.

Samkvæmt skrá yfir skuldir félagsins, sem ákærður afhenti skiptaráðanda, er bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar, taldi hann skuldir félagsins kr. 32488.77, þar af eitthvað af skuldum í erlendum krónum, sem taldar voru sem íslenzkar krónur, og auk þess útsvarsskuldir að upphæð kr. 7000.00, eða samtals um kr. 39488.77, og auk þess ábyrgðarskuldbindingar, sem hann gerði ekki grein fyrir, hve miklar væru, og loks gat ákærður þess þá og, að á félaginu hvíldu skuldir vegna útgerðar framangreinds línuveiðaskips 1930, en sem hann gerði ekki grein fyrir, hve miklar væru, enda annaðist firmað Ólafur Gíslason & Co. í Reykjavík reikningshald og stjórn þeirrar útgerðar.

Meðal framangreindra skulda telur ákærður ekki aðrar skuldir við Útvegsbankann en skuld þá að upphæð kr. 13000.00, sem tryggð var með 1. veðrétti í umræddu línuveiðaskipi, enda taldi hann sig þá hafa tekið að sér greiðslu á öðrum skuldum félagsins við þann banka.

Í bú félagsins hefir verið lýst kröfum að upphæð ísl. kr. 199291.23 auk ábyrgðaskulda að upphæð ísl. kr. 24625.21, — og auk þess erlendum kröfum að upphæð danskar kr. 20718.53, norskar kr. 32090.08, sænskar kr. 797.90, £ 233—13—10 og hollensk fl. 1965.68, allt auk vaxta og kostnaðar. Þar af hefir Útvegsbankinn lýst kr. 151721.15 af sínum kröfum, auk þess sem hann hefir lýst öllum framangreindum ábyrgðarkröfum, sem lýst hefir verið, en þar af

eru kr. 14945.00 vegna ábyrgðar félagsins á skuldum ákærðs. Sumar af kröfum þeim, sem lýst hefir verið í búið, hefir ákærður véfengt, einkum skuldir, sem verið höfðu til innheimtu hjá Guðmundi Ólafssyni, hæstaréttarmálflutningsmanni í Reykjavík, og sem hann heldur fram, að hafi verið gefnar eftir gegn greiðslu á nokkrum hluta þeirra, en hefir ekki mótmælt, að kröfur þessar hafi verið stofnaðar, né haldið fram, að þær hafi í raun og veru verið greiddar.

Samkvæmt því, sem þannig er upplýst um fjárhag félagsins, verður að telja augljóst, að gjaldþrot hafi vofað yfir því, er það neyddist til þess að hætta verzlunarrekstri sínum í maímánuði 1929 og eftir það, og verður að álíta, að ákærðum hafi hlotið að hafa verið það ljóst.

Eftir það hefir ákærður f. h. hlutafélagsins samkvæmt því, sem hann sjálfur hefir borið, m. a. greitt kærðum Jóni Einarssyni, kr. 16607.00, snemma á árinu 1930 vegna ábyrgða, sem Jón Einarsson var í fyrir skuldum hlutafélagsins, sem voru til innheimtu hjá Guðmundi Ólafssyni, hrm. í Reykjavík, og sem hafi átt að ganga til greiðslu upp í þessar skuldir. En skuldir þessar virðast hafa verið í raun og veru óveðtryggðar, er greiðsla þessi fór fram, þar eð svo virðist, sem þá hafi verið búið að innheimta það, sem innheimt varð, af kröfum, sem hlutafélagið hafði áður framselt G. Ó. til tryggingar skuldum þessum. Síðar á sama ári hefir ákærður f. h. hlutafélagsins greitt 2 víxilskuldir, aðra að upphæð kr. 1885.13 og hina að upphæð kr. 3516.00, sem ákærður kveður félagið hafa verið í ábyrgð fyrir og því greitt. Og þann 8. nóv. s. á. hefir verið greitt kr. 1246.92 og þann 9. desember s. á. kr. 5942.22, eða samtals kr. 7189.14 upp í eina skuld.

Með þessum greiðslum o. fl. hefir ákærður að áliti réttarins brotið gegn 263. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Við athugun á því, hvort hlutafélagið hafi komið sér hjá að greiða verðtoll af vörum, sem það hefir flutt til landsins, hefir komið í ljós, að á einum innkaupsreikningi til hlutafélagsins, að upphæð £ 49—0—10, dags. þann 7. desember 1928, sem greiddur hefir verið verðtollur af, og sem eitt kassanúmer hefir verið ritað á, — þ. e. vörurnar, sem reikningurinn er yfir, verið í einum kassa, — að aftan við kassanúmerið, sem er „503“, hefir verið bætt „—6“,

sem er handskrifað, en reikningurinn er annars vélritaður, og er svo að sjá, eftir að þetta hefir verið skrifað á reikninginn, sem um vörur í 4 kössum sé að ræða, sem taldar eru á reikningnum. En einnig hafa fundizt meðal skjala hlutafélagsins 2 aðrir reikningar frá sama firma, dags. sama dag, yfir verðtollskyldar vörur að upphæð £ 134—7—1 og £ 95—17—9, og eru á reikningi þessum tilgreind kassanúmerin 504—506 (incl), en ekki sést, að greiddur hafi verið verðtollur af reikningum þessum, en vörurnar, sem taldar eru á þessum reikningum (kassanúmerin), eru tilfærðar á sama farmskírteini (konossement) og fyrst nefndur reikningur. Eftir að framangreind breyting hefir verið gerð á fyrst nefndum reikningi virðist því svo sem allar þær vörur, sem taldar eru á umræddu farmskírteini, séu taldar á reikningi þessum, og verður að álíta, að þessi breyting hafi verið gerð á reikningnum í þeim tilgangi, að svo liti út, og í þeim tilgangi að komast hjá að greiða verðtoll af hinum tveim reikningsupphæðunum.

Ákærður heldur fram, að hann muni ekki, hvort hann hafi gert framangreinda breytingu á reikningnum, en kveður vel mega vera, að hann hafi gert það, og kveðst álíta, að hann hafi gert það eða einhver í samráði við hann. Það verður því eftir atvikum, þar á meðal með tilliti til þess, að síður virðist ástæða til þess að álíta, að aðrir hafi haft tilhneigingu til þess að gera slíkt vegna hlutafélagsins, að telja nægjanlega sannað, að ákærður hafi gert breytingu þessa á reikningnum eða látið gera hana, og að það hafi verið gert í þeim tilgangi að losna við að greiða verðtoll af framangreindum 2 reikningsupphæðum.

Þá hafa og fundizt 3 reikningar yfir verðtollskyldar vörur til hlutafélagsins, allir frá sama firma og allir dags. þann 10. desember 1928, að upphæð samtals £ 314—19—4, og vörur þær, sem taldar eru á þessum reikningum, allar taldar vera í 10 kössum. Af einum af reikningum þessum, að upphæð £ 47—17—7, hefir verið greiddur verðtollur, en ekki sést, að verðtollur hafi verið greiddur af hinum reikningsupphæðunum. Á reikningi þeim, sem greiddur hefir verið verðtollur af, hefir verið vandlega strikað yfir kassanúmerin með bleki, þannig að þau eru ólæsileg, en samkvæmt kassanúmerunum, sem eru á hinum reikningun-

um, hafa kassanúmerin á reikningi þessum, sem strikað hefir verið yfir, verið „1—3“. Þá er og miði með venjulegri yfirlýsingu firma þess, sem seldi vörurnar, um að í kössunum séu ekki aðrar vörur en þær, sem tilgreindar eru á reikningnum, límd á reikninginn neðanverðan, í stað þess að slíkar yfirlýsingar eru, svo sem alkunnugt er, jafnan ritaðar á reikninginn sjálfan, þ. e. blað það, sem reikningurinn er ritaður á. En hinn álímdi miði með yfirlýsingu þessari hefir bersýnilega verið klipptur neðan af öðrum hinna annara framangreindra reikninga, sem ekki hefir verið greiddur verðtollur af, og sem er að upphæð, £ 190—13—0 og hefir yfirlýsing þessi átt við alla framangreinda reikninga, sem eru með áframhaldandi kassanúmerum, og hefir slík yfirlýsing upphaflega ekki verið nema á þeim eina reikningi, sem yfirlýsingin hefir verið klippt af, en á þeim reikningi eru kassanúmerin 4—10, en á þriðja reikningnum eru einnig kassanúmerin 5 og 7, og virðast því vörur þær, sem taldar eru á þeim reikningi, hafa verið í sömu kössum og taldar eru með þeim númerum á reikningi þeim, sem yfirlýsingin hefir verið klippt af. Vörurnar, sem taldar eru á reikningum þessum, hafa að sjálfsögðu allar verið taldar á sama farmskírteini, og eftir að framangreind breyting hefir verið gerð á reikningi þeim, sem verðtollur var greiddur af, hefir litið út sem allar þær vörur væru taldar á þeim reikningi, og hefir hlutafélagið því getað fengið vörur þessar afhentar gegn því að greiða verðtoll af þessum eina reikningi. Ákærður hélt fram við rannsókn málsins, að hann myndi ekki, hvort hann hefði gert þessar breytingar á reikningnum eða ekki, en kveður vel mega vera, að hann hafi gert þær, og kveðst álíta að hann hafi gert þær sjálfur eða einhver, sem vann hjá honum í samráði við hann. Það verður því eftir atvikum að teljast nægjanlega sannað, að ákærður hafi gert breytingar þessar á reikningnum eða látið gera þær í þeim tilgangi að koma félaginu hjá verðtollsgreiðslu.

Með þessu framferði sínu (breytingum á framangreindum reikningum), hefir ákærður að áliti réttarins brotið gegn 276. gr. sbr. 272. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Að því leyti, sem mál þetta er höfðað fyrir brot gegn hlutafélagalögunum, gjaldþrotaskiptalögunum og löggjöfinni um verðtoll, þá verður að telja, að refsiábyrgð út af

þeim brotum, sem um er að ræða gegn þeim lögum í máli þessu, sé fyrnd, samkvæmt lögjöfnun frá 67. gr. hinna almennu hegningarlaga, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna hina kærðu Ara Þorgilsson, Jón Einarsson og Sigurð Ólason af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu og greiða úr ríkissjóði málsvarnarlaun skipaðs talsmanns kærða Ara Þorgilssonar í málinu, Hinriks Jónssonar lögfræðings, er þykja hæfilega ákveðin 60 krónur.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur þann 3. des. 1899. Hann var með dómi uppkveðnum í hæstarétti þann 12. apríl 1929 dæmdur í 500 króna sekt fyrir brot gegn 101. gr. hinna almennu hegningarlaga, og með dómi uppkveðnum í sama rétti þann 10. desember 1934 var hann dæmdur í 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 255. gr., 259. gr. og 276. gr. hinna almennu hegningarlaga, en hefir annars ekki sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Refsing sú, er hann hefir unnið til fyrir framangreind brot sín, þykir samkvæmt framangreindum lagaákvæðum og með hliðsjón af 63. gr. hinna almennu hegningarlaga hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna.

Með því að framangreind brot, sem ákærður framdi í sambandi við rekstur framangreindra hlutafélaga, gegn 253. gr. og 262. gr. hinna almennu hegningarlaga voru framin áður en núgildandi gjaldþrotaskiptalög gengu í gildi, en þau lög verða eigi talin gilda viðvíkjandi slíkum brotum, sem framin hafa verið áður en þau gengu í gildi, en eftir það hefir ákærður aðeins brotið gegn 263. gr. og 264. gr. hegningarlaganna í sambandi við rekstur hlutafélaga þessara, verður hann eigi sviptur rétti til þess að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki samkvæmt 8. gr. nefndra laga.

Loks ber að dæma ákærðan til þess að greiða allan kostnað sakarinnar annan en framangreind málsvarnarlaun.

Í framangreindri endurskoðunargerð og í prófum málsins er gerð grein fyrir því, hversvegna rannsókn málsins var eigi lokið fyrr en gert var, en dómur í málinu, sem er umfangsmikill, hefir eigi verið kveðinn upp fyrr en nú vegna anna dómarans.

Því dæmist rétt vera:

Kærðir, Ari Þorgilsson, Jón Einarsson og Sigurður Ólason, skulu vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Ákærður, Helgi Benediktsson, sæti 8 mánaða betrunarhúsvinnu. Hann skal og greiða Ísfélagi Vestmannaeyja h. f. kr. 988.50 innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns Ara Þorgilssonar, Hinriks Jónssonar lögfræðings, kr. 60.00, greiðist úr ríkissjóði.

Allan annan kostnað sakarinnar greiði ákærður Helgi Benediktsson.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. marz 1939.

Nr. 119/1938. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Haraldi Guðbrandssyni, Magnúsi Skaftasyni Guðjónssyni, Halldóri Guðjónssyni og Kristni Jónassyni
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Brot gegn ákvæðum 78. sbr. 77. gr. sjómannalaga nr. 41/1930.

Dómur hæstaréttar.

Þann 28. janúar 1935 gerði félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda annarsvegar og sjómannafélag Reykjavíkur og sjómannafélag Hafnarfjarðar hinsvegar samning um kjör sjómanna. Var svo mælt í 9. gr. samningsins, að hásetar, matsveinar og kyndarar skyldu undan þeirri kvöð þegnir að vinna á skipsfjöl, meðan skip lægi á innlendri höfn milli

veiðifara, enda væri skipið ekki lengur í höfn en 2 sólarhringa. Um kjör sjómanna við karfaveiðar gerðu sömu aðiljar síðan samning þann 16. apríl 1936. Segir þar í 1. gr., að hásetar og matsveinar skuli eiga frí „við löndun" aflans, en um kyndara segir hinsvegar í 2. mgr. 3. gr.: „Vökuskipti kyndara halda áfram við land, meðan afferming fer fram, þó skal vélstjóri láta kyndara njóta eins mikils frís sem föng eru á, meðan skipið er við land." Að þessum síðarnefnda samningi gekk sjómannafélag Patreksfjarðar með samningi 15. júní 1936, þó með nokkrum breytingum, sem hér skipta ekki máli. Þann 21. marz f. á. var sagður upp gerðardómur um ágreining þann, sem þá var uppi milli félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda annarsvegar og hinsvegar sjómannafélags Reykjavíkur, sjómannafélags Hafnarfjarðar og sjómannafélags Patreksfjarðar um kjör sjómanna, sbr. lög nr. 35 frá 1938. Samkvæmt atriðisorðum gerðardómsins skyldu m. a. ofannefnd ákvæði 9. gr. samningsins frá 28. janúar 1935 gilda í skiptum aðiljanna. Ennfremur var ákvæði 2. mgr. 3. gr. samningsins frá 16. apríl 1936, sem að framan er tilfært, tekið orðrétt upp sem 2. mgr. 12. gr. gerðardómsins. Loks segir í 4. mgr. 11. gr. dómsins: „Ef skip losar karfa í land í heimahöfn, gildir hafnarfrí fyrir skipverja eins og við salt- og ísfiskveiðar. Þegar svo stendur á, skulu aflaverðlaun vera 1⅛ úr eyri lægri á hvert mál 135 kg."

Af hálfu kæranda er því haldið fram, að kærðir séu ekki undan vinnuskyldu þegnir, meðan karfi er affermdur á heimahöfn, með því að kyndurum sé þessara hlunninda fyrirmunað samkvæmt 2. mgr. 12. gr. gerðardómsins, enda verði aðrir skipverjar að kaupa fríðindi þessi með lækkun á aflaverðlaun-

um. Kærðir andæfa þessu með þeim rökum, að á salt- og ísfiskveiðum séu hásetar, matsveinar og kyndarar leystir undan vinnuskyldu meðan skip liggur á innlendri höfn, enda sé skipið þar ekki lengur en 2 sólarhringa, og samskonar undanþága frá vinnu eigi að gilda um skipverja, er skip affermir karfa á heimahöfn, samkvæmt 4. mgr. 11. gr. gerðardómsins. Með því það þannig er vafaefni, hvernig skýra eigi greind ákvæði gerðardómsins, og með því að kærðu mátti vera það ljóst, að skilningur sá, sem þeir báru fyrir sig, fór í bága við eldri tilhögun og orkaði tvímælis, þá verður ekki annað séð en að kærðu hafi verið óheimilt að leggja sína túlkun á gerðardóminum til grundvallar breytni sinni, áður úr því væri skorið á réttmætan hátt, hver væri réttur þeirra í þessu efni. Hafa þeir með því gerzt brotlegir við 78. sbr. 77. gr. sjómannalaga nr. 41 frá 1930, og þykir með framanrituðum athugasemdum mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum málslyktum ber að dæma hina kærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektanna verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærðu, Haraldur Guðbrandsson, Magnús Skaftason Guðjónsson, Halldór Guðjónsson og Kristinn Jónasson, greiði in solidum allan áfrýj-

unarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Barðastrandarsýslu 5. ágúst 1938.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Haraldi Guðbrandssyni, kyndara á b/v Vörður frá Patreksfirði, til heimilis Höfðadal, Tálknafirði, Magnúsi Skaptasyni Guðjónssyni kyndara á sama skipi, til heimilis á Patreksfirði, Halldóri Guðjónssyni og Kristni Jónassyni, kyndurum á b/v Gylfi frá Patreksfirði, báðum til heimilis á Patreksfirði, fyrir brot á 1. mgr. 78. gr. laga nr. 41 frá 1930 sbr. 77. gr. s. l.

Málið var rekið fyrir og dæmt í sjó- og verzlunardómi Barðastrandarsýslu sem nr. 1—1938. Formaður dómsins var hinn reglulegi dómari Jóhann Skaptason, sýslumaður, og meðdómsmenn Ólafur Finnbogi Ólafsson járnsmíðameistari og vélstjóri Patreksfirði, og Sigurður Andrés Guðmundsson, bóndi og skipstjóri, Geirseyri.

Málið var tekið til dóms 29. júlí 1938 og dómur uppkveðinn 5. ágúst s. á. kl. 14.

Eru málavextir þeir, er nú skal greina, og sannaðir með játningum kærðra og öðru, sem upplýst er í málinu.

Hinn 31. maí s. l. barst sýslumanninum í Barðastrandarsýslu bréf frá firma Ó. Jóhannesson, Vatnseyri.

Í bréfi þessu kærir firmað kyndara á skipi sínu b/v Gylfa, þá Kristinn Jónasson og Halldór Guðjónsson, fyrir að þeir hafi dagana 21. og 27. maí s. l. neitað að standa vörð um borð í skipinu á meðan affermt var hér á Patreksfirði, og kyndara á skipi sínu b/v Vörður, þá Harald Guðbrandsson og Magnús Guðjónsson, fyrir samskonar neitun hinn 30. maí s. l. Telur firmað, að kyndaranir hafi með umræddri neitun sinni og breytni samkvæmt henni

rofið gerðardómsúrskurð frá 21. marz 1938 um ráðningarkjör skipverja á botnvörpuskipum, því firmað álítur, að samkvæmt nefndum úrskurði beri kyndurum ekki hafnarfrí við löndun karfa í heimahöfn, nema eftir leyfi vélstjóra.

Kyndararnir hafa allir viðurkennt, að þeir hafi umrædda daga farið í land án leyfis vélstjóra og dvalið í landi á meðan verið var að landa aflanum, en jafnframt hafa þeir allir lýst því yfir, að þeir skildu gerðardómsúrskurðinn frá 21. marz s. l. þannig, að kyndurum bæri hafnarfrí, meðan skip það, er þeir störfuðu á, losaði karfa í heimahöfn. Hafa þeir í því sambandi bent á 4. mgr. 17. gr. úrskurðarins máli sínu til stuðnings, en haldið því fram, að 18. gr. ætti við um löndun utan heimahafnar.

Sjó- og verzlunardómurinn lítur svo á, að 4. mgr. 17. gr. gerðardómsúrskurðarins fjalli aðeins um hafnarfrí þeirra manna, sem greiða fríið með hluta af aflaverðlaunum, þ. e. hásetanna. Þótt notað sé orðið *skipverji*, telur rétturinn óheimilt að byggja á því hafnarfrísrétt fyrir kyndara. Orðið nær yfir alla skipshöfnina, en í gerðardómsúrskurðinum er það auðsjáanlega stundum notað aðeins um háseta, sbr. 1. og 2. mgr. 17. gr., enda virðist 17. greinin öll fjalla um kjör hásetanna. Jafnframt telur sjó- og verzlunardómurinn, að seinni málsgrein 18. gr. eigi við um vökuskipti kyndara, hvort sem landað er í heimahöfn eða annarsstaðar.

Það er viðurkennt, að á síðustu vertíð, þ. e. 1937, hafi kyndarar ekki haft frí í umræddum tilfellum, en því jafnframt haldið fram af kærðum, að gerðardómurinn hafi nú breytt kjörum kyndara á karfaveiðum á þann hátt að veita þeim frí við löndun í heimahöfn. Jafnframt virðist upplýst, að aðrar breytingar hafi engar verið gerðar á fyrri kjörum við karfaveiðar.

Sjó- og verzlunardómurinn lítur svo á, að ef gerðardómurinn hafi ætlað að breyta fyrri kjörum kyndara og heimila þeim hafnarfrí við karfalöndun í heimahöfn, þá hefði hann tekið það fram í kaflanum um störf kyndara, að þeir hefðu skilyrðislaust frí í umræddum tilfellum.

Sjó- og verzlunardómurinn telur það því yfirsjón hjá kærðum að fara af verði án leyfis vélstjóra í umræddum tilfellum, og varði það við 1. mgr. 78. gr. sbr. 77. gr. sjó-

mannalaga nr. 41 frá 19. maí 1930, og telur dómurinn, að sekt hvers af kærðum sé hæfilega ákveðin kr. 20.00, og komi í stað sektar 2 daga einfalt fangelsi, ef hún er eigi greidd í tæka tíð. Kærðir greiði allir fyrir einn og einn fyrir alla kostnað málsins, en málsvarnarlaun, kr. 20.00, til skipaðs verjanda, Davíðs Davíðssonar, greiði þeir Kristinn Jónasson, Halldór Guðjónsson og Haraldur Guðbrandsson allir fyrir einn og einn fyrir alla.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið, en rannsókn þess hefir tafizt nokkuð vegna stöðugra fjarvista kærðra og þingaferða formanns sjó- og verzlunardómsins, sem stóðu yfir 23. júní til 9. júlí.

Því dæmist rétt vera:

Kærðir, Haraldur Guðbrandsson, Magnús Skaftason Guðjónsson, Halldór Guðjónsson og Kristinn Jónasson, greiði hver kr. 20.00 sekt í ríkissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, sæti ella í hennar stað 2 daga einföldu fangelsi.

Kostnað málsins greiði kærðir allir fyrir einn og einn fyrir alla.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Davíðs Davíðssonar, kr. 20.00, greiði kærðir Haraldur Guðbrandsson, Halldór Guðjónsson og Kristinn Jónasson allir fyrir einn og einn fyrir alla.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. marz 1939.

Nr. 129/1937. **Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Sigurði Þorvarðssyni
(Eggert Claessen).

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem að fengnu gjafsóknarleyfi 21. október 1937 hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. s. m., hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógetann að framkvæma hið umbeðna lögtak, og að stefndi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Heimild til útsvarsálagningar eftir a-lið 8. gr. laga nr. 46 1926 virðist vera háð þeim tveimur skilyrðum, að aðili hafi rekið atvinnu samkvæmt liðnum á útsvarsárinu utan heimilissveitar sinnar, sbr. niðurlag 1. gr. sömu laga, og að hann hafi þar enn heimilisfasta atvinnustofnun, er útsvarsálagning fer fram. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Súðavíkurhrepps f. h. hreppsins, greiði stefnda, Sigurði Þorvarðssyni, 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Stefáns Jóhanns Stefánssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, 100 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður fógetaréttar Ísafjarðarsýslu 24. júlí 1937.

Við niðurjöfnun útsvara í Súðavíkurhreppi í maí 1936 var firmanu Þorvarður Sigurðsson, eigandi Sigurður Þorvarðsson, Hnífsdal, Eyrarhreppi, gert að greiða kr. 1150.00 í útsvar til Súðavíkurhrepps fyrir gjaldárið 1936. Þar sem Sigurður Þorvarðsson neitaði að greiða útsvar þetta, beiddist oddviti Súðavíkurhrepps lögtaks á því, og var það úrskurðað 28. apríl 1937.

Er lögtakið skyldi framkvæma, mótmælti gerðarþoli framgangi gerðarinnar, þar eð hann taldi útsvarið eigi löglega lagt á. Gerðarbeiðandi kvað útsvarið löglega á lagt og krafðist þess, að gerðin næði fram að ganga. Í rskj. nr. 17 krafðist gerðarbeiðandi einnig dráttarvaxta af útsvarinu frá 22. maí 1937. Fór síðan fram skriflegur málflutningur um ágreininginn, unz báðir aðiljar lögðu hann undir úrskurð fógeta og kröfðust báðir málskostnaðargreiðslu sér til handa.

Gerðarþoli kveður útsvar þetta ólöglega lagt á, þar sem hann á árinu 1936 hafi engan atvinnurekstur haft í Súðavíkurhreppi. Hafi hann kært yfir þessu til hreppsnefndar, yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar, en þær hafa allar úrskurðað, að útsvarið skyldi óbreytt standa.

Gerðarþoli kveðst hafa byrjað atvinnurekstur í Súðavíkurhreppi vorið 1916, en hætt honum algerlega um ára-

mótin 1935—1936. Útsvar hafi strax verið lagt á atvinnurekstur sinn á árinu 1916, og síðan hafi á hverju ári verið sumpart lagt á hann útsvar í Súðavíkurhreppi eða að sá hreppur hafi fengið hluta af útsvari gerðarþola í heimilishreppi hans, Eyrarhreppi. Með álagningunni 1936 sé það í 21. sinn, er honum á þennan hátt sé gert að greiða Súðavíkurhreppi útsvar af tæplega 20 ára starfrækslu, og hljóti því að koma tvær útsvarsálagningar á eitt árið, en slíkt kveður gerðarþoli ólöglegt.

Er gerðarþoli hætti starfrækslunni í Súðavíkurhreppi, kveðst hann hafa afhent veðhafanum, Útvegsbanka Íslands h/f, Ísafirði, allar eignir sínar þar, lausar og fastar, gegn fullnaðarkvittun áhvílandi skulda. Þó ekki hafi verið skriflega gengið frá afhendingunni fyrr en 14. marz 1936, kveður hann um hana hafa verið samið fyrr, og hafi hún miðazt við áramótin næstu á undan, og sé það í samræmi við skattskýrslu fyrir 1935, er gerðarþoli kveðst hafa gefið, að því er virðist heimilishreppi sínum, eftir að um afhendinguna hafi verið samið. Útibússtjóri Útvegsbankans hefir staðfest þetta á þann hátt, að hann í réttinum hefir gefið þá yfirlýsingu, að bankinn telji sig hafa haft tekjur allar af eignunum frá greindum áramótum og jafnframt greitt af þeim öll gjöld og sömuleiðis laun íshúsvarðar.

Gerðarbeiðandi kveður útsvarið löglega á lagt, þar sem vitanlegt sé, að gerðarþoli hafi útsvarsárið haft heimilisfasta atvinnustofnun í hreppnum. Þó gerðarþoli hafi hætt atvinnurekstri sínum á árinu 1936, kveður hann það ekki skipta máli, þar sem útsvarsskyldan miðist eingöngu við það, að gerðarþoli rak útsvarsskylda atvinnu í hreppnum útsvarsárið. Að öðru leyti kveður gerðarbeiðandi gerðarþola hafa firrt sig rétti til kæru út af útsvarinu, þar sem kæra hans út af því til hreppsnefndar hafi ekki borizt henni fyrr en að kærufresti liðnum.

Súðavíkurhrepp kveður hann 16 sinnum hafa lagt útsvar á gerðarþola og 4 sinnum fengið hluta af útsvari hans frá Eyrarhreppi. Það sé því rangt, að Súðavíkurhreppur hafi 21 sinni krafizt útsvars á 20 árum, því að 1927 hafi hann ekkert útsvar fengið frá gerðarþola.

Einnig kveður gerðarbeiðandi gerðarþola hafa verið raunverulegan eiganda eignanna í Súðavíkurhreppi, er niðurjöfnun fór fram 1936, því gerningurinn frá 14. marz 1936

milli hans og Útvegsbankans hafi verið umboð til sölu og umráða eignanna, en ekki eignayfirfærsla.

Að því er snertir þá ástæðu gerðarbeiðanda, að gerðarþoli hafi ekki kært útsvarið til burtfellingar fyrr en að kærufresti liðnum, þá virðist hún ekki skipta máli, þar sem hér er um að ræða lögmæti útsvarsálagningarinnar yfirleitt, en ekki upphæð útsvarsins. Útsvar, sem annars væri ólöglega á lagt, verður ekki löglegt, þó ekki sé gætt að kæra það innan kærufrests.

Um það er engin deila, að árið 1935 hafði gerðarþoli heimilisfasta atvinnustofnun í Súðavíkurhreppi. Um atvinnurekstur hans þar árið 1936 verður að telja upplýst, að hann hafi enginn verið, og hvað viðvíkur eignum hans, er um getur í samningnum frá 14. marz 1936 við Útvegsbankann (rskj. nr. 7), þá virðist hann þar raunverulega hafa afsalað sér svo öllum umráða- og ráðstöfunarrétti yfir eignunum, að það í þessu tilfelli jafngildi sölu, enda er því ómótmælt haldið fram af gerðarþola, að hann hafi síðar gefið bankanum formlegt afsal fyrir eignunum og miðist eignayfirfærslan við 14. marz 1936.

Þó gerðarbeiðandi telji Súðavíkurhrepp ekki hafa fengið útsvar frá gerðarþola fyrir árið 1927, þá verður ekki betur séð en að með álagningunni 1936 hafi hann 21 sinni ýmist lagt á eða fengið hluta af útsvari vegna starfrækslu gerðarþola í tæp 20 ár, því þótt útsvarið hafi ekki verið greitt árið 1927, þá virðist þar um að kenna formgalla við álagninguna það ár, en ekki því, að ekki hafi verið reynt að láta starfræksluna bera útsvar. Útsvarið 1927 var aðeins lagt á íshúsið á Langeyri, en ekki gerðarþola, sem rak það, og kveður gerðarbeiðandi ekki hafa verið unnt að innheimta það vegna þess að íshúsið hafi þá verið eign Útvegsbankans (sic. Mun eiga að vera Íslandsbanka).

Samkvæmt 8. gr. útsvarslaganna, áður nr. 46 frá 15. júní 1926, nú nr. 106 frá 23. júní 1936, má leggja á gjaldþegn á fleiri stöðum en einum:

a. Ef hann hefir heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit, o. s. frv.

Spurningin er því hér, hvort það sé nægileg heimild fyrir hrepp til útsvarsálagningar á gjaldþegn heimilisfastan annarsstaðar, að hann hafi aðeins útsvarsárið rekið slíka atvinnu í hreppnum, eða hvort einnig verður að krefjast

að hann geri það á gjaldárinu, eða er niðurjöfnun fer fram. Ef um gjaldþegn væri að ræða, er aðeins skyldi bera útsvar á einum stað, virðist einsýnt, sbr. hæstaréttardóm í málinu 5/1931, að skilyrðið fyrir því, hvar útsvar megi á hann leggja, heimilisfangið, verður að vera fyrir hendi, er niðurjöfnun fer fram. Að atvinnurekstur í hreppi utan heimilisfangs veiti atvinnusveitinni frekari réttindi til álagningar en heimilisfang veitir annars, verður að réttarins áliti ekki leitt af 8. gr. útsvarslaganna. Af því leiðir, að skilyrðið til álagningar útsvars utan-heimilissveitarmanns, í þessu tilfelli heimilisfesta atvinnustofnunarinnar, verður að vera fyrir hendi, er niðurjöfnun fer fram. Af orðalagi 8. gr. a. útsvarslaganna verður einnig hið sama ráðið, þar sem stendur: „ef hann *hefir* heimilisfasta atvinnustofnun — —". Virðist þar undirskilið, að á gjaldþegn megi leggja, ef hann *hefir þá*, þ. e. við niðurjöfnun útsvara, heimilisfasta atvinnustofnun. Ef meining löggjafans hefði verið sú, að atvinnurekstur á útsvarsárinu einu væri nægilegur grundvöllur til útsvarsálagningar, myndi í lögunum hafa staðið: ef hann *hefir haft* heimilisfasta atvinnustofnun o. s. frv., eða eitthvað þesshättar, en ekki eingöngu notuð nútíðarmynd sagnarinnar að hafa.

Af framansögðu og af því, að ágreiningur er enginn um það, að gerðarþoli hafði ekki heimilisfasta atvinnustofnun, er niðurjöfnun útsvara fór fram í Súðavíkurhreppi í maí 1936, verður að telja, að útsvarið hafi ekki verið löglega á hann lagt, og verður því að neita um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola málskostnað samkvæmt lögum nr. 85 frá 23. júní 1936, 185 gr. i. f., og þykir hann hæfilega metinn kr. 60.00.

Vegna ítrekaðra veikindaforfalla og sérstakra anna dómarans hefir úrskurður þessi ekki getað orðið kveðinn upp fyrr.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal ekki ná fram að ganga.

Gerðarbeiðandi, oddviti Súðavíkurhrepps f. h. Súðavíkurhrepps, greiði gerðarþola, Sigurði Þorvarðssyni,

Hnífsdal, f. h. firmans Þorvarður Sigurðsson, kr. 60.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. marz 1939.

Nr. 58/1938. **Sigurður Berndsen** (Lárus Jóhannesson) gegn **Lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs** (Stefán Jóh. Stefánsson).

Ríkissjóður krafinn skaðabóta vegna ólögmæts uppboðs á lögteknum hlut, en uppboðsbeiðandi var lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. maí f. á., hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 3197.29 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins með 6% ársvöxtum frá 16. desember 1935 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar af stefnda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst þess þar á móti, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, þykir verða að ætla, að dómkrafan á hendur Guðmundi Þorkelssyni hefði ekki á löglegu uppboði, sem fram hefði farið um sömu mundir og uppboð það, er hæstiréttur ónýtti 25. október 1935, orðið seld fyrir hærri fjárhæð en sem svaraði sekt Guðmundar

Jónssonar að viðbættum kostnaði. Samkvæmt þessu og með því að tilkall áfrýjanda til dómkröfunnar stóð að baki fjárnámi því, er stefndi lét gera í kröfunni þann 4. ágúst 1934, þá hefir áfrýjandi ekkert verðmæti fengið við framsal kröfunnar frá Guðmundi Jónssyni. Ber því að taka kröfu stefnda um sýknu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Sigurðar Berndsen, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. maí 1938.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað með stefnu útgefinni 29. janúar 1936 af Sigurði Berndsen kaupmanni, Grettisgötu 71 hér í bæ, gegn Gústav A. Jónassyni lögreglustjóra í Reykjavík f. h. ríkissjóðs til greiðslu á skaðabótum að upphæð kr. 3197.29 auk 6% ársvaxta frá 16. des. 1935 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Í málinu var kveðinn upp dómur 6. ágúst 1936, en sá dómur var ómerktur í hæstarétti 10. maí 1936, þar sem talið var, að hinn reglulegi héraðsdómari hefði átt að víkja úr dómarasæti í málinu ex officio eftir dómtöku þess. Hinn reglulegi dómari vék síðan úr dómarasæti í málinu með úrskurði uppkveðnum 27. apríl 1938, og sama dag var Ragnar Bjarkan stjórnarráðsfulltrúi skipaður til þess sem setudómari í Reykjavík að kveða upp dóm í málinu.

Tildrög málsins eru þau, að hinn 24. maí 1934 var Guðmundur nokkur Jónsson, til heimilis á Bragagötu 31 í Reykjavík, dæmdur í lögregluétti Reykjavíkur í 1200 króna sekt fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni. Var síðan eftir beiðni lögreglustjóra gert fjárnám til tryggingar sektinni á

heimili Guðmundar 4. ágúst 1934, að honum fjarverandi, og var fjárnámið gert í dómskuld, er hann átti á hendur Guðmundi Þorkelssyni, kaupmanni í Langholti við Reykjavík, samkvæmt gestaréttardómi, uppkveðnum 26. maí 1934, að upphæð kr. 3800.00 auk 6% ársvaxta frá 4. marz 1934 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað. Dómskuld þessi var síðan seld á uppboði 15. ágúst 1934 fyrir kr. 500.00. Uppboði þessu var síðan áfrýjað til hæstaréttar, og með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 25. okt. 1935, var uppboðið fellt úr gildi með því að það þótti ekki hafa verið birt með nægilegum fyrirvara. En með bréfi, dags. 10. okt. 1934, framseldi Guðmundur Jónsson stefnandanum í máli þessu allan sinn rétt samkvæmt framangreindum dómi á hendur Guðmundi Þorkelssyni og skaðabótarétt þann, er hann kynni að eignast á hendur ríkissjóði út af uppboðinu. Hin umrædda dómskuld var svo aftur seld á uppboði 3. maí 1936 fyrir kr. 50.00, og hefir því uppboði ekki verið áfrýjað til hæstaréttar. Kröfur sínar hér fyrir réttinum byggir stefnandi á því, að með framangreindri uppboðsgerð, er ómerkt var í hæstarétti, hafi eigandi dómskuldarinnar verið sviptur umráðarétti sínum yfir skuldinni, og hafi þá verið hægt að innheimta hana að fullu, en á tímabilinu frá því uppboðið fór fram og þar til það var ómerkt í hæstarétti, eða frá 15. ágúst 1934 til 25. okt. 1935, hafi fjárhagur skuldara, Guðmundar Þorkelssonar, versnað svo mjög, að 25. okt. 1935 hafi skuldin verið svo að segja einskis virði.

Gerir stefnandi svofellda grein fyrir kröfu sinni:

Dómsupphæðin		kr. 3800.00
Vextir frá ⅓ 34—1½ 35		— 487.29
Málskostnaður		— 300.00
		kr. 4587.29
að frádregnum: sekt Guðmundar Jónssonar	kr. 1200.00	
Málskostnaður	— 20.00	
Fjárnámskostn. og innheimtulaun	— 170.00	
		— 1390.00
	Alls	kr. 3197.29

auk 6% ársvaxta frá 16. des. 1935 til greiðsludags.

Stefndur hefir mótmælt öllum kröfum stefnanda og krafizt algerðrar sýknu í málinu og að sér verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Mótmælakröfu sína byggir stefndi m. a. á því, að uppboðssalan út af fyrir sig hafi ekki meinað Guðmundi Jónssyni og síðan stefnanda umráð yfir dómkröfunni, heldur hafi það verið fjárnámið, sem enn stendur óhaggað. Þá heldur stefndur því fram, að Guðmundur Þorkelsson hafi um langt skeið verið mjög illa stæður fjárhagslega, og mótmælir því, að hagur Guðmundar hafi nokkuð versnað frá því uppboðið fór fram og þar til það var ómerkt í hæstarétti. Í því sambandi bendir hann á, að Guðmundi Jónssyni hafi ekki tekizt að innheimta neitt af dómskuldinni frá því dómurinn var kveðinn upp 26. maí 1934 og þar til skuldin var tekin fjárnámi 4. ágúst sama ár. Auk þess tekur stefndi fram, að árangurslaust lögtak hafi verið gert hjá Guðmundi Þorkelssyni fyrir opinberum gjöldum 27. marz 1935. Umrædd dómskuld hafi því ekki verið meira virði en sekt Guðmundar Jónssonar nam með málskostnaði, en krafa stefnanda er miðuð við upphæð dómsins að frádreginni sektinni með málskostnaði.

Það verður að vísu að fallast á það, að umrætt fjárnám hafi svipt eiganda dómkröfunnar umráðum yfir henni, en þó aðeins að nokkru leyti, því að með greiðslu þeirrar upphæðar, sem fjárnámið var gert fyrir, gat eigandinn aftur öðlazt umráð yfir dómkröfunni, en með uppboðinu var hann sviptur þessum rétti, þar sem hann eftir uppboðið átti enga kröfu til að fá dóminn til umráða gegn greiðslu sektarinnar með kostnaði.

En til þess að um skaðabótakröfu af hálfu stefnanda út af framangreindu uppboði geti verið að ræða, lítur rétturinn svo á, að gegn mótmælum stefnds verði stefnandi að færa fram sannanir eða nægilega sterkar líkur fyrir því, að dómkrafan gegn Guðmundi Þorkelssyni hafi verið meira virði en sekt Guðmundar Jónssonar með kostnaði nam, eða meira en 1390.00 króna virði, er uppboðið fór fram, en hafi síðan misst verðgildi sitt að einhverju eða öllu leyti, er uppboðið var ómerkt í hæstarétti, enda er krafa stefnanda miðuð við þetta eins og áður er tekið fram. Þetta hefir stefnandi að áliti réttarins ekki gert, og þykir því rétt að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í

máli þessu og tildæma stefnda málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Gústav A. Jónasson lögreglustjóri f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Sigurðar Berndsen, í máli þessu, en stefnandi skal greiða stefndum kr. 200.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. marz 1939.

Nr. 33/1937. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Kristínu Egilsdóttur (Theodór B. Lindal).

Um endurgjald til erfðafestuhafa fyrir erfðafestuland, er hann var sviptur.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. apríl 1937, hefir krafizt sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefnda hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samþykkt bæjarstjórnar 17. nóv. 1904 um það, að erfðafestuhafar á löndum Reykjavíkurbæjar skyldu greiða bæjarsjóði 20% af söluverði erfðafestulanda sinna, er þeim væri breytt í byggingarlóðir, hefir verið fylgt óslitið frá 1. jan. 1905 til

1934. Erfðafestulöndin hafa og gengið kaupum og sölum manna á milli með samþykki bæjarstjórnar, er hún hefir hafnað forkaupsrétti bæjarins, með réttmætu trausti manna á því, að þeir mættu halda 80% af söluverði hvers slíks lands, er því yrði að einhverju leyti eða öllu breytt í byggingarlóð, enda virðist ákvörðun bæjarstjórnar 18. nóv. 1919, um að leggja 2 króna gjald á hvern fermetra bæði erfðafestulanda og hreinna eignarlanda til götugerðar um landið, eigi hafa getað raskað því trausti. Verður bæjarstjórn Reykjavíkur því ekki talin hafa haft heimild til að svipta stefndu endurgjaldslaust landi því, sem í máli þessu greinir, án hennar samþykkis.

Um ákvörðun endurgjaldsins þykir ástæða til að gera eftirfarandi athugasemdir.

1. Mál þetta var tekið til dóms í héraði 16. des. 1936, og taka því ákvæði 2. málsgr. 137. gr. laga nr. 85/1936 eigi til þess, sbr. c-lið 122. gr. sömu laga.

2. Ummæli héraðsdómarans um það, að stefnukrafan í héraði, kr. 58640.08, sé of há, verða ekki tekin til athugunar í hæstarétti, með því að stefnda hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum, og verður því ekki heldur ákveðið hámark matsfjárhæðar þess endurgjalds, er henni verður ákveðið með matsgerð fyrir landið, öðru vísi en svo, að það endurgjald má ekki nema fyrrgreindri upphæð.

3. Með því að stefnda tjáir sig una héraðsdóminum, þá eru eigi heldur efni til þess, að hæstiréttur taki til athugunar réttmæti ákvarðana héraðsdómsins um þau atriði, er hann telur matsmenn eiga að taka til hliðsjónar, er þeir ákveða stefndu endurgjald fyrir áðurnefnt land.

Með þessum athugasemdum þykir verða að taka

til greina kröfu stefndu um staðfestingu héraðsdómsins um endurgjald fyrir umrætt land.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, greiði stefndu, Kristínu Egilsdóttur, endurgjald eftir mati 2 dómkvaddra, óvilhallra manna fyrir land það, er hún var svipt samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur 18. jan. 1934 og bréfi borgarstjóra 26. s. m., ásamt 5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð, er metin verður, frá 15. okt. 1935 til greiðsludags, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. jan. 1937.

Mál þetta er með samkomulagi milli málsaðilja höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 15. okt. 1935 af frú Kristínu Egilsdóttur, hér í bæ, gegn Pétri Halldórssyni borgarstjóra f. h. bæjarstjórnar vegna bæjarsjóðs Reykjavíkur til greiðslu á kr. 58640.08, til endurgjalds fyrir eftirstöðvar Ullarstofutúnsparts, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta M. F. Í. Síðar í rekstri málsins hefir stefnandi gert þá *varakröfu*, að sér verði tildæmdar bætur samkvæmt mati óvilhallra, dómkvaddra manna, enda kveði dómurinn á um það, hvaða rétt beri að meta (sbr. síðar). Stefndur hefir í fyrstu krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður. Síðan hefir hann krafizt frávísunar eða sýknu, og að lokum hefir hann gert þá *varakröfu*, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnanda bætur eftir mati

dómkvaddra manna, enda kveði dómurinn á um, hvaða rétt beri að meta.

Þess skal strax getið, að frávísunarkröfuna hefir stefndur ekki rökstutt, enda virðist hún ekki hafa við neitt að styðjast, og verður því ekki tekin til greina.

Tildrög málsins eru þessi:

Með tilskipun 17. nóv. 1786 um fríheit kaupstaðanna á Íslandi, þar sem m. a. Reykjavík fékk bæjarréttindi, lagði konungur til bæjarins talsvert landsvæði, er úthlutað var gefins fyrir byggingarlóðir, en til lands þess, ræktaðs eða óræktaðs, sem ekki var notað til bygginga, náði lagaákvæði þetta ekki. Þessi ræktuðu lönd, túnin, voru venjulega seld á leigu til 25 eða 50 ára. En með bréfi dómsmálastjórnarinnar, dags. 26. febr. 1859, var eftir tillögum bæjarstjórnar samþykkt að selja hæstbjóðanda við opinbert uppboð tvö nafngreind tún gegn árlegu eftirgjaldi, en með þeirri skyldu, að kaupendur létu af hendi byggingarlóðir, ef með þyrfti, gegn niðurfærslu á árgjaldinu eftir óvilhallra, dómkvaddra manna mati, og að bærinn ætti forkaupsrétt að túnunum. Samkvæmt þessari heimild voru á uppboðsþingi hér í bænum 6. maí 1867 boðnir upp nokkrir túnblettir samkvæmt uppboðsskilmálum, dags. 4. maí s. á., og að einu þessara túna, svonefndum „Ullarstofutúnsparti", varð Egill Jónsson bókbindari hæstbjóðandi, og var boð hans samþykkt með bréfi bæjarstjórnar, dags. 9. maí s. á., „gegn ævarandi ársgjaldi" að upphæð 101 (eitt hundrað og einni) alin árlega, eftir „verðlagsskráarmeðalverði". Eftir daga Egils Jónssonar gengu erfingjar hans inn í rétt hans til þessa túns, fyrst ekkja hans og eftir andlát hennar dætur þeirra hjóna, og er önnur þeirra stefnandinn í máli þessu, er kemur jafnframt fram fyrir dánarbú mágs síns. (Þannig í stefnu).

Þeir, sem áttu tún sín með framangreindum skilyrðum, vildu fá þessum kvöðum létt af og sendu því bæjarstjórn bréf, dags. 30. des. 1884, þar sem þeir beiddust þess að fá tún sín með sama rétti og aðrir lóðareigendur fengju sínar lóðir. Út af þessu bréfi gerði bæjarstjórn þá samþykkt 15. jan. 1885, að hún „rýmkaði skilmálana á þann hátt, að túneigendur skyldu „skyldir til að láta lóð af hendi af túnum sínum, þegar bæjarstjórn heimtaði, gegn endurgjaldi eftir óvilhallra manna mati". — Í kringum aldamótin 1900

fór að vaxa eftirspurn eftir byggingarlóðum í landi bæjarins, og hækkuðu lóðir þá talsvert í verði. Með lögum nr. 23/1903 var Reykjavíkurbæ heimilað að heimta endurgjald fyrir byggingarlóðir, og féll þar með niður skylda hans til að afhenda byggingarlóðir ókeypis. Og 17. nóv. 1904 gerði bæjarstjórn þá ályktun, að leyfi hennar, „til þess að breyta erfðafestulandi eða einhverjum hluta þess í byggingarlóðir skuli frá 1. jan. 1905 vera því skilyrði bundið, að greitt sé í bæjarsjóð 20% af verði lóðarinnar. —" Ennfremur samþykkti bæjarstjórn 18. nóv. 1919, að þar sem fyrirsjáanlegt væri, að henni mundi framvegis berast beiðnir um að breyta erfðafestulöndum innanbæjar í byggingarlóðir og um götur að húsum þeim, er þar verða reist, þá sé beiðanda gert að skyldu að taka þátt í kostnaðinum við gatnagerðina, þannig að ákveðið sé 2 kr. gjald á hvern fermetra lóðar, er breyta skuli í byggingarlóð, auk þess sem ⅓ hluti af söluverði greiðist í bæjarsjóð, eins og að undanförnu, og götustæði láti erfðafestuhafi af hendi ókeypis. Frá árinu 1918 til 1933 hefir stefnandi í máli þessu selt til ýmissa byggingarlóðir úr framangreindu túni, að því er virðist með samþykki bæjarstjórnar, og þannig, að hún hefir fengið andvirðið hjá kaupendum að frádregnum 20%, er gengið hafa til bæjarsjóðs í samræmi við fyrrnefndar samþykktir bæjarstjórnar. Hinn 26. jan. 1934 tilkynnti bæjarstjórn stefnanda, að hún hefði samþykkt að taka það sem eftir var af túninu, án endurgjalds, enda var svo gert, þrátt fyrir mótmæli stefnanda. Bæjarstjórn skipti síðan þessu túni, er hún tók, niður í byggingarlóðir til sölu, og samkvæmt mati, er hún lét gera á lóðum þessum, telur stefnandi sig eiga kröfu til hinnar umstefndu upphæðar, sem er söluverð lóðanna sem byggingarlóða, að frádregnu því, sem fer undir götur og gangstéttir, 2 kr. götugjaldinu á hvern fermeter og áðurnefndum 20%.

Dómkröfur sínar reisir stefnandi á þessum rökum:

Í 1. gr. uppboðsskilmálanna frá 4. maí 1867 er sagt, að túnið sé selt „til eignar og frjálsra umráða", og telur stefnandi því, að um hreina sölu til eignar hafi verið að ræða, enda skerði takmarkanir þær og skilyrði, er uppboðsskilmálarnir síðar setja fyrir réttinum, m. a. „útvísunar"- og forkaupsréttur bæjarstjórnar og hið ævarandi árgjald, ekki eðli eignarréttarins. Ennfremur telur stefnandi, að ekki

að svo verði gert framvegis, enda hafi bæjarstjórn nú ákveðið að hætta þessu og heldur nota til fulls þann rétt, sem hún eigi til erfðafestulandanna.

Hinn upphaflegi grundvöllur réttarsambands stefnanda og stefnds í máli þessu felst í uppboðsskilmálunum frá 4. maí 1867. Í þessum skilmálum er að vísu sagt, að túnið sé selt til „eignar og frjálsra umráða", en þar með er ekki sagt, að kaupandinn hafi eignazt venjulegan, ótakmarkaðan jarðeignarrétt yfir landinu, heldur verður að líta svo á, að um takmörkuð hlutaréttindi, erfðafesturétt, hafi verið að ræða, enda samræmist það eitt ákvæðum skilmálanna um árlegt afgjald, „útvísunar"-rétt bæjarstjórnar, svo og 5. gr. þeirra, þar sem segir, að kaupandi sé skyldur að leita samþykkis bæjarstjórnar, ef hann vill nota landið öðruvísi en rækta það sem tún, eða m. ö. o., hann má ekki leyfislaust notfæra sér það öðruvísi en sem tún, og verður slíkt ekki talinn vera venjulegur eignarréttur. Í útskrift úr uppboðsbók Reykjavíkur 6. maí 1867 segir einnig, að tún þetta hafi verið selt „til erfðafestu".

Þessum skilningi til stuðnings er og bréfið frá erfðafestuhöfum dags. 30. des. 1884, þar sem þeir fara þess á leit við bæjarstjórn að fá tún sín með sama rétti og aðrir lóðareigendur. Bæjarstjórn varð ekki við þessari beiðni, en breytti hinsvegar ákvæðum 2. gr. skilmálanna viðvíkjandi útvísun til byggingarlóða þannig, að í stað linunar á afgjaldinu kom endurgjald eftir óvilhallra manna mati. Verður því að telja, að stefnandi hafi hvorki upprunalega eða síðar orðið reglulegur eigandi umræddrs túns, enda hefir hún sem réttur erfðafestuhafi fylgt samþykkt bæjarstjórnar frá 17. nóv. 1904, um breytingu lóða úr þessu landi í byggingarlóðir.

Er þá næst að athuga heimild stefnds til þess að taka erfðafestulandið af stefnanda, eins og það hefir verið gert. Samkvæmt 2. gr. uppboðsskilmálanna frá 4. maí 1867 er erfðafestuhafi skyldur að láta af hendi svo mikið af landinu, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd telja nauðsynlegt fyrir byggingarlóðir, og verður engin breyting á þessu síðan. Var stefndum samkvæmt þessu heimilt að taka landið af stefnanda, er honum þótti þess þörf.

Nú er því ekki haldið fram í málinu, að stefnandi hafi gerzt þannig brotleg áður, að hún hafi fyrirgert rétti sín-

verði samþykkt bæjarstjórnar frá 15. jan. 1885 um „rýmkun“ á skilmálunum skilin öðruvísi en svo, að fáist meira fyrir lóðina en sem svarar brottfalli afgjaldsins, þá eigi túneigendur það. En hvernig sem annars verði litið á rétt stefnanda samkvæmt hinum upprunalegu heimildarskjölum, þá heldur hann því fram, að samþykktin frá 17. nóv. 1904 sé skuldbindandi yfirlýsing um rétt bæjarstjórnar, og þar sem hún um 30 ára skeið hafi ekki krafizt meira en 20% af lóðarverðinu, enda leyft stefnanda óátalið að selja af túninu og meira að segja sjálf keypt af því, þá hafi bæjarstjórn bæði viðurkennt rétt hennar og gefið henni fullt tilefni til að ætla, að hún væri eigandi túnsins með þeim einu kvöðum, að greiða margnefnd 20% og e. t. v. afgjald það, sem í upphafi var ákveðið. Krefst stefnandi þess því aðallega, að þar sem stefndur hafi sjálfur tekið landið og látið meta það því verði, sem rétt er talið, að kaupendur greiði, þá fái hún það endurgjald „hjá þeim sem lóðina fá“, eins og það er orðað í samþykktinni frá 15. janúar 1885, að frádregnu því, sem frá ber að draga samkvæmt samþykktum bæjarstjórnar 1904 og 1919, en til vara, bætur eftir dómkvaddra, óvilhallra manna mati, eins og áður segir.

Sýknukröfu sína byggir stefndur á því, að umrætt tún hafi þegar á uppboðinu 1867 verið selt á erfðafestu, og hafi hann því alltaf verið eigandi þess. Túnið hafi stefnandi aðeins mátt nytja sem tún, og bæjarstjórn hafi alltaf verið heimilt að útvísa byggingarlóðum úr erfðafestulandinu, og eigi erfðafestuhafi (stefnandi) ekki tilkall til annars andvirðis fyrir lóðir þær, sem útvísað er til byggingarlóða, en endurgreiðslu á tilkostnaði þeim, er hann hefir haft við ræktun og girðingar á hinum útvísuðu lóðum. Og þar sem umrætt tún hafi verið látið af hendi í fullri rækt og girt, eigi stefnandi enga kröfu til borgunar fyrir landið. Telur stefndur, að með samþykkt bæjarstjórnar frá 17. nóv. 1904 hafi hún alls ekki gengizt undir að breyta nokkru erfðafestulandi í byggingarlóð, aðeins sagt, hvaða lágmarksskilyrði yrðu sett, ef slíkt kæmi fyrir. Og þótt bæjarstjórn hafi breytt mörgum slíkum erfðafestulöndum, þar á meðal landi stefnanda, í byggingarlóðir, gegn 20% af söluverði til bæjarsjóðs, þá hafi hún gert þetta umfram alla skyldu, og eigi þeir, sem þessara hlunninda hafi notið, enga kröfu til

um til landsins, og þessvegna hefði stefndur rétt til að taka landið endurgjaldslaust. Á hún því rétt til endurgjalds samkvæmt óvilhallra manna mati, svo sem samþykkt bæjarstjórnar frá 15. jan. 1885 mælti fyrir um. Sýknukrafa stefnds getur því ekki orðið tekin til greina. Hinsvegar er það réttilega tekið fram af stefndum, að endurgjald það, er leggja ber til grundvallar fyrir greiðslu til stefnanda, getur eigi verið verð það, er lóðamatsnefnd metur söluverð byggingarlóða í landi þessu, eftir að dýrar götur hafa verið lagðar og byggingar ákveðnar á lóðunum. Aðalkrafa stefnanda hefir því heldur ekki við rök að styðjast, og kemur því til álita samhljóða varakrafa beggja aðilja, sem greind er í upphafi.

Svo sem áður er sagt, var túnið selt á uppboðinu 1867 til erfðafestueignar, og hið keypta verðmæti var fólgið í töðufallinu af túninu. Innihaldi þessa réttar hefir af bæjarstjórn aldrei verið með berum orðum breytt, en afstöðu erfðafestuhafa var breytt með samþykkt bæjarstjórnar 15. jan. 1885, þar sem nú var horfið frá eldri reglunni um linun eftirgjalds, er útvísað var lóð úr erfðafestulandi, heldur heimilað endurgjald hjá þeim, er lóðina fá. Með þessu var erfðafestuhafa opnuð leið, sem að vísu var í hvert eitt sinn háð vild bæjarstjórnarinnar, til þess að hafa verðmæti upp úr landi sínu með öðrum hætti en með töðurækt. Þetta endurgjald hefir að vísu í upphafi svarað til verðmætis lóðarinnar sem túns, en er fram liðu stundir og bærinn óx, hvarf þessi verðmælir á verðmæti lóðar, en lega hennar í bænum réði verðhæðinni, en söluverð þessara lóða var þó stöðugt lágt, meðan bærinn hafði gnægð lóða, er hann lét mönnum í té endurgjaldslaust, þar til lög nr. 23/1903 gengu í gildi. Þennan tíma allan hirtu erfðafestueigendur allt endurgjald fyrir lóðir, er útvísað var í túnum þeirra til bygginga, svo sem samþykktin frá 15. jan. 1885 heimilaði þeim, og fór þessu fram, þar til bæjarstjórnin ákvað með samþykktinni frá 17. jan. 1904, að ⅕ hluti söluverðs byggingarlóða úr erfðafestulandi skyldi renna í bæjarsjóð. Það hefir aldrei verið véfengt af bæjarstjórninni, að ⅘ söluverðsins væri réttmæt eign erfðafestuhafa án tillits til verðmætis landsins sem túnvallar. Ennfremur hefir bæjarstjórn á ýmsum tímum samið við eigendur erfðafestulanda um endurkaup á löndunum

og greitt gjald fyrir þau, ekki miðað við túngæði, heldur við legu þess í landi bæjarins.

Svo sem nú hefir sýnt verið, hefir bæjarstjórnin alla tíð síðan 1885 viðurkennt í orði og athöfn, að erfðafestuhafar ættu rétt til endurgjalds fyrir byggingarlóðir úr löndum þeirra, í fyrstu fullt, en síðan takmarkað, eftir gangverði þeirra í kaupum og sölum sem byggingarlóðar, óháð verðmæti lóðanna sem túnvallar. Verður því ekki betur séð en að stefnandi, sem hafði tún sitt á ævarandi erfðafestu, eigi rétt til þessa gangverðs erfðafestulands hennar eins og það var 26. jan. 1934, er bæjarstjórnin svipti hana því, eins og 2 óvilhallir dómkvaddir menn meta það hafi verið með hliðsjón af afgjaldskvöðinni og öðrum almennum kvöðum og höftum, sem hvíldi á slíkum erfðafestulöndum í bænum til þess tíma.

Stefndur greiði því stefnöndu þá upphæð, sem menn þeir meta samkvæmt ofansögðu, ásamt 5% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 15. okt. 1935 til greiðsludags, allan kostnað af matinu og málskostnað með 250 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarstjórnar vegna bæjarsjóðs, greiði stefnanda, Kristínu Egilsdóttur, endurgjald eftir mati, svo sem að ofan greinir, tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna, fyrir land það, er stefnandi var svipt samkvæmt tilkynningu bæjarstjórnar 26. jan. 1934, ásamt 5% ársvöxtum af þeirri upphæð, er matsmenn meta, frá 15. okt. 1935 til greiðsludags, allan kostnað af matinu og 250 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. marz 1939.

Nr. 90/1937. **Lárus Fjeldsted f. h. The Consolidated Fisheries Ltd.**
(Lárus Fjeldsted)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Skaðabótakrafa vegna togaratöku.

Setudómari prófessor Bjarni Benediktsson í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum £ 849—9—10, þ. e. íslenzkar krónur 18816.22, miðað við að krónur 22.15 séu taldar í sterlingspundi, ásamt 5% ársvöxtum frá 18. febrúar 1931 til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum £ 797—9—10, þ. e. 17664.45 íslenzkar krónur miðað við sama gengi. Til þrautavara krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur eftir mati réttarins ásamt 5% ársvöxtum frá 18. febrúar 1931 eða til vara frá 6. marz 1935. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt því, er segir í dómi hæstaréttar frá 18. febrúar 1931 í málinu: Valdstjórnin gegn George Smith, var togarinn Nebris 0,6 sjómílu utan þeirrar landhelgilínu, sem rétturinn taldi skylt að leggja

til grundvallar dómi í málinu, þegar togarinn var stöðvaður af varðskipinu Óðni kl. 0,16 þ. 13. október 1929. Togarinn hafði þá siglt út frá landi í réttar 20 mínútur, og þar sem hann eftir því, sem samkomulag er um í málinu, hlýtur á þessum tíma að hafa siglt a. m. k. 1 sjómílu, er líklegt, að hann hafi verið í landhelgi kl. 11,56 þ. 12. október. Þó að um þetta verði að vísu ekki fullyrt með öruggri vissu, þykir skipherra varðskipsins að svo vöxnu máli hafa haft fulla ástæðu til að stöðva togarann og láta rannsaka mál skipstjóra hans. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með tilvísun til hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. maí 1937.

Mál þetta er með samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 6. marz 1935 af hrm. Lárusi Fjeldsted, hér í bæ, f. h. The Consolidated Fisheries Ltd., Grimsby, gegn fjármálaráðherra Íslands f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta fyrir töku á togara félagsins, „Nebris", G. Y. 84, að upphæð kr. 18816.22 með 5% ársvöxtum frá 18. febrúar 1931 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, að 12. okt. 1929 kom varðskipið „Óðinn" út Þistilfjörð og sigldi fyrir Langanes. Er skipið kom fyrir nesið kl. 11,20 e. h., segir skipherrann á „Óðni", að sézt hafi togari inni við Eiðisvík, sem stefndi upp að

landinu og bar þá í utanvert Fagranes. Sigldi varðskipið í áttina til togarans og hélt áfram athugunum sínum á ferðum hans. Segir skipherrann, að kl. 11,56 hafi togarann borið í Naustin, en um leið hafi hann snúið frá landi. Kl. 12,00 var togarinn að sjá í Fagranes, og kl. 12,08 setti varðskipið upp stöðvunarflögg. Kl. 12,15 var lýst á togarann og kl. 12,16 skotið lausu skoti. Staðnæmdist togarinn þá og fór að draga inn bakborðsvörpu, sem hann hafði í sjó. Var síðan sett út ljósbauja hjá togaranum, sem reyndist vera „Nebris" G. Y. 84, og var skipstjóra hans sagt, að hann væri grunaður um að hafa verið að veiðum í landhelgi og yrði því togarinn að bíða hjá baujunni þar til birti, svo hægt væri að gera nákvæma staðarákvörðun. Árla næsta morguns gerðu varðskipsforinginn og togaraskipstjórinn báðir mælingar, er bar alveg saman, og taldi skipherrann þær sýna, að togarinn væri 0,9 sm. innan landhelgilínunnar. Var síðan farið með togarann til Seyðisfjarðar og komið þangað kl. 4,00 e. h. sama dag. Hófust síðan yfirheyrslur í lögreglurétti Seyðisfjarðar, sem lauk þannig, að mál var höfðað gegn togaraskipstjóranum og hann dæmdur 15 s. m. í 12500 kr. sekt til landhelgisjóðs Íslands fyrir brot á 1. gr. laga nr. 5 1920, auk þess sem afli og veiðarfæri var gert upptækt, og skyldi andvirðið renna í sama sjóð og sektin.

Hinn kærði skipstjóri, George Smith, viðurkenndi fyrir lögregluréttinum, að mælingar varðskipsins væru réttar, en engu að síður kvaðst hann vera sýkn saka, þar sem hann hefði ávallt verið utan hinnar gildandi landhelgilínu, þótt hann hefði verið að veiðum innan þeirrar landhelgilínu, er íslenzka ríkisstjórnin ákvað að skyldi gilda 5. nóv. 1928.

Lögregluréttur Seyðisfjarðar taldi hinsvegar þessa svonefndu „nýju" landhelgilínu vera hina réttu, og þar sem hinn kærði skipstjóri viðurkenndi að hafa verið innan hennar, sakfelldi rétturinn hann, eins og áður segir.

Dómi lögregluréttar var skotið til hæstaréttar, er með dómi sínum 18. febrúar 1931 sýknaði togaraskipstjórann. Segir svo í forsendum dómsins, að þar sem telja verði, að hin svonefnda „nýja" landhelgilína á þessum stað brjóti í bága við 2. gr. milliríkjasamningsins frá 24. júní 1901, verði hin eldri landhelgilína lögð til grundvallar fyrir dómi í málinu, „en skip kærða var 0,6 sjómílu utan þeirrar línu, er varðskipið stöðvaði það." Ennfremur segir svo í for-

sendum dómsins, að forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík hafi sett á sjávaruppdrátt miðunarlínur varðskipsins til togarans kl. 11,20, kl. 11,56 og kl. 12,00, og liggi þær að nokkru leyti fyrir utan og að nokkru leyti fyrir innan hina gildandi landhelgilínu.

Segir síðan (orðrétt): „En þar sem ekki er upplýst, hvar í miðunarlínunum skip kærða hefir verið á hinum tilgreindu tímum, þá verður það eigi með þessum miðunum varðskipsins talið sannað, að kærði hafi verið í landhelgi, enda eru miðanir varðskipsins gerðar eftir sjónhendingu, þegar dimmt var af nóttu, og geta því eigi talizt svo ábyggilegar, að á þeim verði byggður sakfellisdómur á hendur kærða."

Mál það, sem hér liggur fyrir, hefir Lárus Fjeldsted hrm. f. h. eigenda togarans höfðað gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og gert í því framangreindar réttarkröfur.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að hann telur, að áðurnefndur hæstaréttardómur sýni, að togarinn hafi verið tekinn fastur á ólögmætum grundvelli og auk þess utan þeirra takmarka, er heimili hinu íslenzka ríkisvaldi að framkvæma slíkar handtökur. Heldur stefnandi því fram, að ástæðan til töku togarans hafi einungis verið sú, að íslenzka ríkisstjórnin hafi upp á sitt eindæmi látið breyta landhelgilínunni, eins og áður er drepið á. Þessi breyting hafi nú verið úrskurðuð ólögmæt af hæstarétti og sé því augljóst, að ríkisstjórnin beri ábyrgð á öllu því tjóni, er leitt hafi af framkvæmd þessara fyrirmæla stjórnarinnar. Ennfremur telur stefnandi, að handtakan sjálf hafi verið löglaus, þar sem togarinn hafi hvorki verið grunaður um né kærður fyrir að vera að veiðum innan hinnar lögákveðnu landhelgi, ekkert stöðvunarmerki gefið í landhelgi og hann aldrei eltur, heldur tekinn fastur í úthafi, 0,6 sm. utan landhelgi, og einnig fyrir það réttarbrot og afleiðingar þess beri stefndum að bæta.

Sýknukröfu sína byggir stefndur á því, að enda þótt hæstiréttur hafi sýknað togaraskipstjórann í refsimálinu vegna vantandi sannana, en alls ekki af því, að sannað væri, að hann væri saklaus, þá hafi öll framkoma skipherrans á „Óðni" í umrætt skipti verið forsvaranleg og lögleg. Þá mótmælir stefndur því eindregið, að togarinn hafi verið tekinn einungis af þeirri ástæðu, að íslenzka ríkisstjórnin

hafi látið breyta landhelgilínunni, eins og stefnandi heldur fram, heldur hafi það verið sterkur grunur, studdur af athugunum skipherrans, sem hafi verið þess valdandi, að togarinn var tekinn.

Gegn þessum mótmælum stefnds hefir stefnandi ekki fært neinar sönnur á það, né heldur er það sýnilegt af skjölum málsins, að skipherrann á „Óðni" hafi handtekið og kært togarann af þeirri ástæðu einni, að hann væri innan þeirrar landhelgilínu, sem íslenzka ríkisstjórnin ákvað 5. nóv. 1928, en hæstiréttur hefir talið að væri í ósamræmi við áðurnefndan millirikjasamning frá 1901.

Hér fyrir réttinum liggja ekki fyrir frekari gögn um sýknu eða sekt togaraskipstjórans en lágu fyrir hæstarétti. Það verður því ekki fullyrt nú frekar en áður, að togarinn hafi verið að veiðum í landhelgi, þegar skipherrann á „Óðni" gerði athuganir sínar um ferðir togarans kl. 11,20, kl. 11,56 eða kl. 12,00 nefndan dag.

Hinsvegar verður rétturinn að líta svo á, að skipherrann hafi, eftir athugunum sínum, haft fulla ástæðu til að halda, að togarinn væri að brjóta ákvæði landslaga um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi. Varðskipið, sem í byrjun var sjálft innan landhelgi, sigldi þá í áttina til togarans til að sannprófa grun sinn og taka togarann, ef til kæmi, og jafnframt var haldið áfram athugunum á ferðum hans. Sýndi varðskipið þar með í verki, að það hafði þá hafið förina að togaranum. Að vísu setti varðskipið fyrst upp stöðvunarmerki (flögg) kl. 12,08, og lausu skoti var hleypt af kl. 12,16, en engu að síður verður eftirförin að teljast hafa verið lögleg, þegar af þeirri ástæðu, að ekki verður staðhæft, að viðurkennd alþjóðaregla hafi þá verið til, er setti það skilyrði fyrir lögmæti eftirfarar, að stöðvunarmerki væru gefin, áður en hún byrjaði.

Að öllu þessu athuguðu, verður að líta svo á, að skipherrann á „Óðni" hafi haft næga ástæðu til og honum hafi verið það heimilt að halda eftirförinni áfram, jafnvel út fyrir landhelgilínu, hefta þar för togarans og taka hann með sér til rannsóknar til Seyðisfjarðar, eins og hann gerði. Verður því að telja, að öll skilyrði til töku togarans hafi verið fyrir hendi og skipherrann hafi ekki farið út fyrir valdsvið sitt eða á annan hátt sýnt af sér vítavert gáleysi með framkomu sinni gagnvart togaranum í umrætt skipti.

Skaðabótaskylda á hendur stefndum í máli þessu verður því ekki byggð á almennum skaðabótareglum.

Með dómi hæstaréttar 18. febrúar 1931 var togaraskipstjórinn sýknaður af kröfu um *refsingu* fyrir landhelgibrot við þetta tækifæri. Sá sýknudómur byggist á því, að ekki þótti unnt að fullyrða, nema togarinn hefði verið á þeim hluta miðunarlínanna frá varðskipinu til togarans kl. 11,20, 11,56 og kl. 12,00, sem var utan landhelgi, enda hafi miðanirnar verið gerðar eftir sjónhendingu að nóttu til. Þessi óvissa var í *refsimálinu* látin koma togaraskipstjóranum til sýknu, en um *skaðabótaskyldu* vegna töku togarans segir dómur þessi ekki neitt, hvorki beint né óbeint.

Um greiðslu bóta fyrir *handtöku* vegna refsiverðs verknaðar, sem aðili er síðan sýknaður af, enda verði bótaskyldan ekki byggð á almennum skaðabótareglum, eru engin ákvæði til í íslenzkum lögum. Að vísu eru til lög um skaðabætur fyrir *gæzluvarðhald* að ósekju o. fl. (lög nr. 28/1893), en ákvæði þeirra laga um skaðabótaskyldu ríkisins eru alger undantekningarákvæði, sem ekki verður lögjafnað frá til bótaskyldu vegna handtöku eða annarra athafna löggæzluvaldsins, enda verður það hvorki leitt af áðurnefndum hæstaréttardómi né af skjölum þessa máls, að skilyrði laga þessara um sakleysi þess, sem í hlut á, sé fullnægt.

Skaðabótaskylda í máli þessu verður þannig hvorki byggð á almennum skaðabótareglum né öðrum reglum íslenzks réttar, og verður því að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, hrm. Lárusar Fjeldsted f. h. The Consolidated Fisheries Ltd., í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 19. apríl 1939.

Nr. 124/1938. **Hallgrímur Helgason**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Helgu Sigurðardóttur (Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Stefnda, sem hefir verið löglega birt áfrýjunarstefna í máli þessu, útgefin 16. des. f. á., hefir hvorki mætt né mæta látið fyrir hæstarétti. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna og dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi krefst þess *aðallega*, að héraðsdómurinn verði ómerktur og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að rannsaka málið rækilegar, en *til vara* krefst áfrýjandi, að hann verði skilorðslaust sýknaður af kröfum stefndu. Svo krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði dæmd til þess að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Í stefnu er þó aðeins krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Ómerkingarkröfu sína byggir áfrýjandi á því, að fram hafi komið miklar líkur fyrir því, að stefnda hafi haft samfarir við tvo eða fleiri karlmenn á getnaðartíma barns þess, er hún ól fullburða 12. sept. 1938 og í máli þessu getur, og að rækilegri rannsóknar þurfi um þau efni. Þessi staðhæfing áfrýjanda virðist að vísu hafa við nokkur rök að styðjast, en ekki þykir þó næg ástæða til þess að taka ómerkingarkröfuna til greina eftir þeim úrslitum, sem málið fær hér fyrir dómi og síðar segir.

Það gæti sem sé ekki orkað áfrýjanda skilorðslausrar sýknu, þó að sannað yrði, að stefnda hefði haft samfarir við aðra en hann á getnaðartíma barnsins, þar sem hún heldur því eindregið fram, að þau hafi haft holdlegar samfarir á þeim tíma hvort við annað. Og ef fleiri reyndust sannir að samförum við hana á nefndum tíma eða líklegir til þeirra, þá væri þess áfram kostur að höfða mál gegn þeim þess vegna eftir kröfu áfrýjanda samkvæmt 212. gr. laga nr. 85/1936, ef hann synjar ekki með eiði sínum fyrir samfarir við stefndu á getnaðartíma barnsins.

Stefnda ól barnið þann 12. sept. 1938. Það virðist því geta verið komið undir í síðasta lagi 17. jan. 1938 og í fyrsta lagi 6. nóv. 1937. Verður því að telja fyrir það girt, að barnið sé getið við samfarir málsaðilja í október 1937 eða í marz 1938. Kunningsskapur málsaðilja bæði fyrir og eftir getnaðartíma barnsins skapar að vísu nokkrar líkur gegn áfrýjanda, en þar á móti kemur það, að stefnda hafði kynferðismök við fleiri en hann í október 1937 og að nokkrar líkur eru komnar fram um það, að hún hafi verið með öðrum mönnum í desember sama ár, einmitt um það leyti, sem líklegast er, að barnið sé getið.

Með hliðsjón af þessu þykir ekki verða í þessu máli skorið úr um faðerni barnsins, heldur einungis um fjárgreiðslur á hendur áfrýjanda vegna barnsins og barnshafnar stefndu. Sakir þess, er áður segir um háttsemi stefndu og líkur um samfarir hennar við aðra menn en áfrýjanda á getnaðartíma barnsins, þykir verða að láta greiðsluskyldu áfrýjanda velta á eiði hans, þannig að hann sé sýkn af kröfu stefndu, ef hann synjar fyrir það með eiði

sínum á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936 og innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við stefndu á tímabilinu 6. nóv. 1937 til 17. jan. 1938, að báðum dögum meðtöldum.

En ef áfrýjanda verður eiðfall, þá skal hann greiða meðlag með barni því, er stefnda ól þann 12. sept. 1938, og henni barnsfararkostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, þá greiði stefnda honum 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, en málskostnaður í héraði fellur niður. En ef áfrýjanda verður eiðfall, þá fellur málskostnaður fyrir hæstarétti niður, en áfrýjandi greiði stefndu 20 krónur í málskostnað í héraði.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Hallgrímur Helgason, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Helgu Sigurðardóttur, ef hann synjar fyrir það með eiði sínum á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936 og innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við stefndu á tímabilinu frá 6. nóv. 1937 til 17. jan. 1938, að báðum dögum meðtöldum.

Ef áfrýjanda verður eiðfall, þá skal hann greiða meðlag með barni því, er stefnda ól þann 12. sept. 1938, og henni barnsfararkostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, þá skal stefnda greiða honum 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, en málskostnaður í héraði fellur niður. En ef áfrýjandi vinnur ekki eiðinn, þá skal málskostnaður fyrir hæstarétti falla niður, og greiði áfrýjandi þá stefndu 20 krónur í málskostnað í héraði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. nóv. 1938.

Þann 12. september 1938 ól ógipt stúlka, að nafni Helga Sigurðardóttir Grandaveg 37 hér í bænum, fullburða meybarn. Föður að þessu barni sínu tilnefndi barnsmóðirin Hallgrím Helgason til heimilis á Hverfisgötu 91. Hann hefir ekki viljað kannast við faðernið og er því mál þetta höfðað, eftir ósk barnsmóður, gegn honum, og hefir hún gert þær kröfur í réttinum, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað til sín, svo og styrk fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds, og loks málskostnað eftir mati réttarins.

Kærandi og kærður eru sammála um það, að þau hafi fyrst kynnst sumarið 1936 og hefir kærandi haldið því fram að þau, frá því um veturinn næst á eftir, hafi haft holdlegar samfarir öðru hvoru þar til í marzmánuði 1938, og muni barn þetta vera getið við samfarir þeirra í desembermánuði f. á. Kærður hefir játað það, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda og hyggur hann að það hafi byrjað um sumarið 1936; hafi þau einnig haft holdlegar samfarir veturinn 1936 og 1937 og þar til í júní 1937. Þá kveður hann að þau hafi ekki eftir það haft holdlegar samfarir fyrr en í marzmánuði 1938, en þá hafi þau haft holdlegar samfarir tvisvar eða þrisvar sinnum.

Í síðari réttarhöldum hefir kærður þó játað það, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda síðast í október 1937 og hafi þá annar maður að nafni Óskar Sigurðsson einnig haft holdlegar samfarir við hana. Hefir

Óskar viðurkennt þessar samfarir, en kærandi hefir neitað þeim, en hinsvegar viðurkennt, að hún hafi haft holdlegar samfarir við hann í önnur skipti.

Þá hefir kærður haldið því fram, að kærandi hafi haft holdlegar samfarir við ýmsa karlmenn aðra en sig og einmitt á þeim tíma, er barn þetta getur verið getið. Hefir með vitnaleiðslu verið færðar líkur að þessu, en ekki tekizt að sanna gegn eindregnum mótmælum kæranda.

Framburður kæranda og kærðs hér fyrir réttinum hefir verið nokkuð á reiki og þykir því ekki fært að láta úrslit máls þessa vera komin undir eiði þeirra.

Kærður hefir upphaflega haldið því fram, að hann hafi ekki haft holdlegar samfarir við kæranda frá því í júní 1937 og þar til í marzmánuði 1938, en síðar viðurkennt það þó, að hann hafi haft holdlegar samfarir við hana síðast í október f. á.

Á hinn bóginn hefir kærandi alla tíð haldið því ákveðið fram, að enginn annar en kærður geti verið faðir að barni þessu, enda hafi hún haft holdlegar samfarir við hann öðru hvoru frá því um veturinn 1936 og 1937 og þar til í marz 1938. Samkvæmt þessu verður ekki talið útilokað, að kærður hafi haft holdlegar samfarir við kæranda á þeim tíma, er barn þetta getur verið getið, en með tilliti til þess, sem fram er komið í máli þessu um framferði kæranda, virðist ekki rétt að dæma hann föður barnsins. Þykir því aðeins verða að dæma kærðan til að greiða meðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð samkvæmt úrskurði yfirvalds og loks málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Hallgrímur Helgason, greiði meðlag með barni því, er kærandi, Helga Sigurðardóttir, ól þann 12. september 1938. Þá greiði hann og barnsfararkostnað til barnsmóður svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð allt eftir úrskurði yfirvalds og loks 20 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. apríl 1939.

Nr. 65/1938. **Garðar Þorsteinsson f. h. Jaan Karu**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabótakrafa út af höfðun refsimáls, ólögmætu lögtaki og drætti á afhendingu báts, er lögtaki var tekinn.

Setudómari prófessor Ísleifur Árnason í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. júní 1938 og krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum eistneskar kr. 46066.19 og ísl. kr. 766.55 ásamt 5% ársvöxtum af fjárhæðum þessum frá birtingardegi stefnu 18. maí 1937 til greiðsludags, svo og eistneskar krónur 746.25 með 5% ársvöxtum frá birtingardegi framhaldsstefnu 10. jan. 1938 til greiðsludags. Ennfremur krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði færðar niður eftir mati hæstaréttar. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Skaðabótakröfur áfrýjanda eru reistar á eftirgreindum ástæðum:

1. Að ríkissjóði beri að bæta tjón, er af því leiddi, að höfðað var opinbert refsimál á hendur skipstjóranum á v/b „Kitti“, Johan Heyman, vegna grunar

um, að hann hefði brotið gegn ákvæðum sóttvarnarlaga, en því máli lauk með dómi hæstaréttar 9. des. 1935 á þann veg, að nefndur skipstjóri var sýknaður af kærum og kröfum valdstjórnarinnar.

2. Að ríkissjóði beri að bæta tjón, sem af því hefir hlotizt, að lögtak var gert í nefndum bát „Kitti" fyrir ýmsum skipagjöldum þann 23. júlí 1935, en lögtaksgerðin var úr gildi felld með dómi hæstaréttar 21. febr. 1936.

3. Að ríkissjóði beri ennfremur að bæta tjón, er áfrýjandi telur sig hafa beðið við það, að honum hafi ekki verið afhentur nefndur bátur „Kitti", er þess var krafizt í byrjun september 1936.

Um 1. Til stuðnings því, að stefnda beri að greiða bætur samkvæmt þessum lið, hefir áfrýjandi einkum fært það, að Johan Heyman skipstjóra hafi verið meinað að fara af landi brott, meðan refsimál hans var ekki á enda kljáð. Ekki verður talið, að stefndi hefði orðið bótaskyldur út af höfðun máls þessa, eins og því var háttað, nema skilyrði fyrir lögjöfnun frá 1. gr. laga nr. 28/1893, um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl., þættu hafa verið fyrir hendi. Hér kemur þó ekki til álita, hvort svo hafi verið, þar eð skaðabótakrafa samkvæmt analogíu 1. gr. nefndra laga, þótt til hefði verið, væri nú fallin niður samkvæmt analogíu 4. gr. sömu laga, með því að meira en ár var liðið frá því að sýknudómur í máli greinds Johan Heyman gekk í hæstarétti þann 9. des. 1935, er mál þetta var höfðað þann 18. maí 1937. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af þeim kröfum áfrýjanda, sem risnar eru af þeirri ástæðu, er í þessum lið greinir.

Um 2. Í sambandi við áfrýjun lögtaksgerðarinnar í v/b „Kitti", er áður greinir, var engum skaðabóta-

kröfum hreyft á hendur stefnda út af ólögmæti lögtaksins. Þótt svo væri, að áfrýjandi hefði átt rétt til bóta samkvæmt 13. gr. laga um lögtak o. fl. nr. 29/1885 vegna ólögmætis lögtaksgerðarinnar, þá væri sú krafa nú niður fallin, þar eð hún var ekki borin fram í sambandi við áfrýjun oftnefndrar lögtaksgerðar, sbr. 11.—13. gr. nefndra laga nr. 29/1885. Verður því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda einnig af þeim kröfum áfrýjanda, sem reistar eru á þeim grundvelli, er í þessum lið getur.

Um 3. Eins og skýrt er frá í hinum áfrýjaða dómi, var ræðismanni Eistlands í Reykjavík tilkynnt í skeyti 22. ágúst 1936, að e/s „Wirurand" frá Tallinn myndi taka v/b „Kitti" á Siglufirði, og sama dag tilkynnir bæjarfógeti Siglufjarðar ræðismanninum, hver sé áfallinn kostnaður vegna geymslu v/b „Kitti" á Siglufirði, og hefir honum þá væntanlega verið ljóst, að bátsins yrði krafizt innan skamms. Þann 1. sept. 1936 kom e/s „Wirurand" til Siglufjarðar, og var þess krafizt af bæjarfógeta, að báturinn yrði þá þegar afhentur á floti. Spurðist bæjarfógetinn þá fyrir um það hjá dómsmálaráðuneytinu, hvort krefja ætti eigendur bátsins um áfallinn kostnað, en ráðuneytið svaraði á þá leið, að bæjarfógetinn skyldi afhenda eigendunum bátinn að kostnaðarlausu. Báturinn stóð uppi á dráttarbraut, þar sem bæjarfógetinn hafði komið honum fyrir til geymslu, eftir að lögtakið var í honum gert. Virðist bæjarfógetinn ekki hafa talið sér skylt að annast framsátur bátsins, heldur talið fullnægjandi skil að vísa á hann, þar sem hann var á dráttarbrautinni. Stóð í þófi um þetta til 4. sept. að kvöldi, en þá tilkynnti bæjarfógeti umboðsmanni eigenda „Kitti" á Siglufirði, að báturinn myndi verða settur á flot

daginn eftir. En nóttina milli 4. og 5. sept. fór e/s „Wirurand" frá Siglufirði, án þess að hafa fengið v/b „Kitti" afhentan.

Á það verður að fallast með áfrýjanda, að bæjarfógeta Siglufjarðar hafi verið skylt að annast framsátur bátsins og skila honum á floti, og að hann hafi því ekki fullnægt þeirri skilaskyldu, er á honum hvíldi vegna töku nefnds báts, eftir að lögtakið var í honum gert, og fyrirmæla dómsmálaráðuneytisins um afhendingu hans. Umboðsmaður eigenda bátsins á Siglufirði hefir að vísu skýrt frá því, að hann hafi þann 3 sept. 1936 snúið sér til fyrirsvarsmanna dráttarbrautarinnar með tilmæli um það, að báturinn yrði settur fram, en þeir hafi þá tjáð honum, að dráttarvélin væri biluð og myndi taka langan tíma að gera við hana. Af hálfu stefnda er ekkert upplýst um þessa bilun, enda myndi hún ekki skipta máli um skilaskylduna. Þykir stefndi verða að bera ábyrgð á því tjóni, sem vanrækslan á afhendingu bátsins hefir valdið áfrýjanda, enda taka fyrrgreind ákvæði laga nr. 29/1885 ekki til þessa tilviks, sem gerðist eftir það, að lögtaksgerðin var ómerkt í hæstarétti.

Kröfur áfrýjanda í sambandi við þennan lið eru sem hér segir:

a. Kostnaður við komu e/s „Wirurand" til Siglufjarðar og bið þess þar í byrjun sept. 1936, eistneskar kr. 965.82.

b. Kostnaður við lögfræðilega aðstoð, símtöl o. fl. í sambandi við kröfu um afhendingu bátsins í sept. 1936, ísl. kr. 266.55.

c. Bætur fyrir afnotamissi v/b „Kitti" frá 15. sept. 1936, sem er ráðgerður komudagur bátsins til Tallinn, ef hann hefði verið afhentur, til 18. maí

1937, er mál þetta var höfðað, eistneskar kr. 14000.00.

d. Ennfremur telur áfrýjandi bátinn hafa orðið fyrir verðrýrnun frá því að hann kom til Siglufjarðar í júlí 1935 og þangað til hann var seldur í sept. 1937, er nemi eistneskum kr. 12000.00. En í sambandi við þennan lið kemur aðeins til álita verðrýrnun, er kynni að hafa átt sér stað á tímabilinu frá 1. sept. 1936, er afhendingar var krafizt, til 18. maí 1937, er mál þetta var höfðað.

Um a. og b. Áfrýjandi þykir hafa gert næga grein fyrir kostnaði þeim, sem í þessum liðum getur. Ber því að taka þá kröfuliði báða til greina.

Um c. Áfrýjandi á rétt til bóta fyrir afnotamissi bátsins þann tíma, sem hér ræðir um, en krafa hans um eistneskar kr. 14000.00 gengur bersýnilega mjög úr hófi. Með tilliti til ástands og stærðar bátsins og þess einnig, að hér er um vetrarmánuði að ræða, þykir þessi kröfuliður hæfilega ákveðinn ísl. kr. 2500.00, og ber að dæma áfrýjanda þá fjárhæð.

Um d. Við lögtaksgerðina 23. júlí 1935 var v/b „Kitti" metinn á 1100 ísl. krónur, en að öðru leyti skortir allar upplýsingar um verðmæti hans á þeim tíma, er hann kom til Siglufjarðar, enda verður vátryggingarfjárhæð bátsins ekki talin sönnun fyrir verðmæti hans þá. Báturinn var seldur haustið 1937 fyrir 150 tunnur saltsíldar, sem áfrýjandi telur jafngilda 3000.00 eistneskum krónum. Í máli þessu brestur sönnun fyrir því, að báturinn hafi rýrnað nokkuð í verði á tímabilinu frá 1. sept. 1936 til 18. maí 1937, sem hér kemur eitt til álita, eins og fyrr segir. Verður þessi kröfuliður því ekki að neinu leyti til greina tekinn.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða áfrýjanda eistneskar krónur 965.82 og ísl. kr. 266.55 + kr. 2500.00 = ísl. kr. 2766.55, ásamt 5% ársvöxtum af fjárhæðum þessum frá 18. maí 1937 til greiðsludags.

Það þykir og rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 400.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Garðari Þorsteinssyni f. h. Jaan Karu, eistneskar kr. 965.82 og ísl. kr. 2766.55 ásamt 5% ársvöxtum af fjárhæðum þessum frá 18. maí 1937 til greiðsludags. Stefndi greiði og áfrýjanda samtals 400 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. marz 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 18. maí 1937 af Garðari Þorsteinssyni hrm., hér í bæ, f. h. Jaan Karu, Tallinn, Eistlandi, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að upphæð eistneskar kr. 46066.19 og ísl. kr. 766.55 með 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Með framhaldsstefnu útgefinni 10. janúar 1938 hefir stefnandi hækkað skaðabótakröfuna um eistneskar kr. 746.25, og krafizt 5% ársvaxta af þeirri hækkun frá birtingardegi framhaldsstefnunnar til greiðsludags, en ekki breytt kröfunum að öðru leyti.

Stefndur krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar, en *til*

vara, að hin umstefnda upphæð verði lækkuð að miklum mun eftir mati réttarins og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að þann 1. júlí 1935 kom vélbáturinn Kitti frá Tallinn á Eistlandi til Siglufjarðar. Bátur þessi, sem er að stærð 19,14 smálestir brúttó, en 9,74 smálestir netto, var eign stefnanda, en áhöfn hans var í þetta sinn skipstjórinn, einn vélamaður og einn háseti. Bæjarfógetinn á Siglufirði taldi ýmislegt grunsamlegt við ferð bátsins, m. a. taldi hann, að vera kynni, að sóttvarnarlög hefðu verið brotin, og hóf hann þegar lögregluransókn um það og tilgang fararinnar yfirleitt. Að því er brot á sóttvarnarlögunum snerti, lauk rannsókninni á þann veg, að ástæða þótti til að sækja skipstjórann til refsingar fyrir brot á 3. og 7. gr. laga nr. 65 frá 19. júní 1933, og lauk því máli með dómi uppkveðnum í lögreglurétti Siglufjarðar þann 11. júlí 1935 á þá leið, að skipstjórinn var sektaður um kr. 1900.00 fyrir brot á 7. gr. nefndra laga og hlutdeild í broti á 3. gr. þeirra.

Að því er snertir tilgang fararinnar upplýstist það, að m/b Kitti tilheyrði eistneskum síldveiðileiðangri, sem komið hafði hingað til lands um sumarið í þeim tilgangi að stunda hér síldveiðar utan landhelgi. Í leiðangrinum voru 4 skip, eign O/Y Kalandus í Tallinn. Virðist aðalskipið hafa verið e/s Eestirand, sem talið var 7200 brúttó smálestir að stærð, og hafði skipstjórinn á því yfirstjórn leiðangursins á hendi. Hafði v/b Kitti verið settur á þilfar e/s Eestirand í Tallinn og fluttur þannig til Íslands, en verið settur í sjó við Grímsey. Var ætlunin sú að nota v/b Kitti til að annast samband við land fyrir leiðangursskipin, svo og samband milli þeirra innbyrðis. Var v/b Kitti undir yfirstjórn skipstjórans á Eestirand, enda þótt sérstakur skipstjóri og sérstök áhöfn væri skráð á hann. Var stefnandi, eins og áður er sagt, eigandi v/b Kitti, en hafði leigt útgerðarfélagi leiðangursins hann til umræddra afnota.

Með tilliti til þess, sem upplýstist um samband v/b Kitti við leiðangurinn og sérstaklega við e/s Eestirand, einkum þess, að báturinn kom hingað á þilfari skipsins, að hann var í þjónustu þess og undir yfirstjórn skipstjóra þess og að áhöfn hans var skyld til að vinna í e/s Eestirand, þegar skipstjóri þess krefðist, leit bæjarfógetinn

á Siglufirði svo á, að v/b Kitti væri að því leyti hluti af e/s Eestirand, að lögboðin opinber gjöld vegna komu v/b Kitti til Siglufjarðar bæri að miða við smálestatal e/s Eestirand, eins og það hefði sjálft komið til hafnar. Samdi bæjarfógetinn því reikning, stílaðan á e/s Eestirand, yfir hin lögboðnu gjöld, samtals að upphæð kr. 6824.80. Krafði hann því næst skipstjórann á v/b Kitti um greiðslu þessa reiknings, en hann neitaði að greiða. Í fógetarétti Siglufjarðar, sem haldinn var 10. júlí 1935, úrskurðaði bæjarfógetinn, að taka skyldi gjöldin lögtaki í v/b Kitti að liðnum lögboðnum fresti frá birtingu úrskurðarins. Í þessu réttarhaldi var því mótmælt af hálfu skipstjórans á v/b Kitti, að honum bæri að greiða reikninginn og að hann bæri ábyrgð á greiðslu gjaldanna, hvort heldur persónulega eða með skipi sínu v/b Kitti, svo og því, að e/s Eestirand bæri að greiða þau. Lögtak fyrir gjöldunum var svo gert í v/b Kitti 23. júlí 1935, og í fógetaréttinum bannaði fógetinn gerðarþola, þ. e. skipstjóranum á v/b Kitti, að ráðstafa bátnum eða færa hann svo úr stað, að skert gæti rétt lögtakshafa.

Öllum framangreindum réttargerðum bæjarfógetans var áfrýjað til hæstaréttar, og urðu málalok þar þau, að með dómi réttarins uppkveðnum 9. desember 1935 var skipstjórinn á v/b Kitti sýknaður af kröfum valdstjórnarinnar og allur kostnaður lagður á ríkissjóð, og með dómi réttarins uppkveðnum 21. febrúar 1936 var framangreindur lögtaksúrskurður og lögtaksgerð feld úr gildi, með því að hæstiréttur leit svo á, að eftir því sem upplýstist um v/b Kitti og nánar er tilgreint í hæstaréttardómnum, bæri að telja hann sjálfstætt skip, en ekki hluta af e/s Eestirand, en málskostnaður var látinn falla niður.

Allan þennan tíma, frá 1. júlí 1935, var v/b Kitti hafður á Siglufirði, og varð hann því ekki notaður eins og til var ætlazt í þjónustu leiðangursins. Virðist hafa verið gerðar margar tilraunir af hálfu eistneska konsúlsins í Reykjavík til þess að fá stjórnarráðið hér til að hlutast til um, að báturinn yrði afhentur gegn því, að greidd væru lögmælt gjöld af honum, en tilraunir þessar báru ekki árangur. Eftir að hæstaréttardómurinn 21. febrúar 1936 var fallinn, virðist þó ekki hafa verið hirt um það af hálfu stefnanda að taka bátinn fyrr en síðla sumars 1936, að

það gerðist, sem nú verður greint. Þann 22. ágúst var konsúlnum hér sent skeyti um það, að e/s Virurand mundi taka v/b Kitti á Siglufirði, og virðist bæjarfógetanum á Siglufirði hafa verið gert aðvart um þetta samdægurs. Þann 31. ágúst fékk konsúlatið tilkynningu um, að e/s Virurand myndi verða á Siglufirði 1. september. Þann 1 september skrifaði Alfons Jónsson, lögfræðingur á Siglufirði, bæjarfógetanum þar vegna eistneska konsúlatsins í Reykjavík og krafðist þess, að v/b Kitti yrði afhentur skipstjóra hans, sem var með e/s Virurand. Var þess krafizt, að báturinn yrði afhentur á floti og í sama ástandi og hann var í þann 1. júlí 1935. Samdægurs skrifaði eistneska konsúlatið hér dómsmálaráðuneytinu og gerði samhljóða kröfu til þess. Á þessum tíma stóð v/b Kitti uppi í slipp á Siglufirði og virðist þá hafa staðið þar allengi. Bæjarfógetinn svaraði hérgreindu bréfi Alfons Jónssonar samdægurs á þá leið, að áður en v/b Kitti yrði afhentur, yrði að greiða kr. 340.00 í slippleigu og fyrir smurningu á vél svo og skipagjöld af bátnum, samtals kr. 47.00. Daginn eftir féll hann, að því er virðist eftir fyrirmælum stjórnarráðsins, frá því, að hérgreindar kr. 340.00 væru greiddar, en krafðist aðeins greiðslu á nýnefndum kr. 47.00. Voru þær þegar greiddar, og er svo að sjá sem bæjarfógetinn hafi þá leyft að taka bátinn úr slippnum. En svo virðist sem þeir, er veita áttu bátnum viðtöku, hafi talið bæjarfógetanum skylt að skila honum á floti, en hann hinsvegar talið sér það óskilt, en aðeins vísað á bátinn í slippnum og sagt, að þeir yrðu að eiga við ráðamenn slippsins um að koma bátnum á flot. Virðist hafa verið nokkurt þóf um þetta, og lauk því þannig, að e/s Virurand fór frá Siglufirði aðfaranótt þess 5. september án þess að taka v/b Kitti, og var þá hætt við að setja hann niður. Var báturinn því látinn vera kyrr á Siglufirði, og hefir hann nú nýlega verið seldur þar fyrir 150 tunnur af saltsíld.

Af öllu þessu telur stefnandi sig hafa beðið mjög mikið tjón, svo sem margskonar kostnað við áhöfn m/b Kitti, kostnað við dvöl e/s Virurand á Siglufirði, kaup áhafnar v/b Kitti, leigutap af v/b Kitti, verðrýrnun á bátnum o. fl. o. fl. Samtals telur hann tjón sitt nema stefnukröfunum í máli þessu, og telur hann, að stefndum beri að bæta sér það að fullu.

Byggir stefnandi kröfur sínar á því, að framangreint lögtak í v/b Kitti hafi reynzt ólögmætt, svo og að ólögmætt hafi verið að halda bátnum á Siglufirði allan þennan tíma, sem gert var, en skaðabótaábyrgðin á öllu þessu hvíli á stefndum. Þá hafi stefnandi sjálfur ekki verið skyldur til að gera neinar sérstakar ráðstafanir til að forða þessu tjóni, heldur hafi honum verið fyllilega heimilt að láta allt ganga eins og það gekk, þar eð lögtakið og allar afleiðingar þess hafi verið á ábyrgð ríkissjóðs.

Stefndur byggir sýknukröfuna aftur á móti á því, að fullkomin ástæða hafi verið til þess af bæjarfógetanum á Siglufirði að höfða mál þau, er höfðuð voru út af komu v/b Kitti til Siglufjarðar 1. júlí 1935, og framkvæma lögtakið í bátnum. Lögtakið hafi verið löglegt í alla staði og forsvaranlegt eins og á stóð. Þá hafi sú leið staðið stefnanda opin að setja tryggingu fyrir gjöldunum, sem lögtakið var gert fyrir, og hefði hann þannig getað afstýrt öllu tjóni. En með því að lögtakið hafi farið fram með löglegum hætti og stefnandi hafi ekki gert það, sem í hans valdi stóð, til að afstýra tjóni af því, þá geti stefndur ekki borið ábyrgð á tjóni því, sem stefnandi kunni að hafa beðið vegna lögtaksins.

Í 13. gr. lögtakslaganna eru ákvæði um bætur af hálfu lögtaksbeiðanda til handa lögtaksþola, ef lögtaksgerð reynist ólögmæt. Er þar ákveðið, að lögtaksbeiðanda, hvort sem hann sé ríkið, kaupstaður, hreppur eða einstaklingur, beri að bæta lögtaksþola allan þann halla, er hann hefir beðið af ólögmætri lögtaksgerð, eftir þeim reglum, er gilt höfðu til gildistöku lögtakslaganna. En eftir þeim reglum skyldi lögtaksbeiðandi bæta skaðann, nema að ætla mætti, að hann hefði enga skynsamlega ástæðu haft til að telja kröfu þá, er lögtaks var beiðst fyrir, ranga.

Rétturinn lítur nú svo á, að lögtaksbeiðandi, sem mun hafa verið bæjarfógetinn vegna ríkissjóðs, hafi enga skynsamlega ástæðu haft til að telja lögtakskröfuna ranga, þar eð hann hafði að undangenginni rannsókn komizt að þeirri niðurstöðu, að hún væri réttmæt, og úrskurðað sem fógeti, að lögtak skyldi gert fyrir henni. Ennfremur verður réttinn að telja, að gegn mótmælum stefnds sé ósannað í máli þessu, að afskipti bæjarfógetans af bátnum, þangað til lögtakið var fellt úr gildi, hafi verið þannig vaxin,

að þau geti bakað stefndum skaðabótaábyrgð. Þá verður ekki fallizt á það með stefnanda, að bæjarfógetanum hafi verið skylt að setja bátinn á flot, þegar þess var krafizt, þar eð báturinn virðist hafa orðið honum óviðkomandi um leið og skipagjöldin af honum voru greidd. Loks verður rétturinn að telja, að stefnandi hafi ekki neytt þeirra ráða, er fyrir hendi voru, til að verjast tjóninu, svo sem þeirra að greiða lögtaksupphæðina með fyrirvara um endurgreiðslu eða að bjóða tryggingu fyrir gjöldunum, á meðan á áfrýjun stóð, en hvorttveggja þetta virðist hefði getað forðað stefnanda frá öllu tjóni vegna lögtaksins.

Að öllu þessu athuguðu þykir verða að sýkna stefndan af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en enda þótt stefnandi virðist hefði getað komið skaðabótakröfunni að við áfrýjun lögtaksgerðarinnar, og þetta mál hefði því ekki verið nauðsynlegt, þá þykir þó eftir atvikum rétt að dæma hann ekki í málskostnað til stefnds, heldur verður málskostnaður látinn falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Garðars Þorsteinssonar f. h. Jaan Karu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 24. apríl 1939.

Nr. 73/1938. **Samband íslenzkra samvinnufélaga** (Theodór B. Líndal)

gegn

Pétri Magnússyni f. h. eigenda e/s „Fagerstrand“ (Pétur Magnússon).

Kröfur út af vanefndum farmsamnings.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. júní f. á. og krafizt þess, að stefndi

verði dæmdur til að greiða honum £ 1832—18—1 ásamt 6% ársvöxtum af £ 1677—9—0 frá 1. maí til 21. júní 1937 og af £ 1832—18—1 frá þeim degi til greiðsludags og ennfremur allan kostnað við löghaldsgerð í e/s „Fagerstrand" á Blönduósi 21. júní 1937. Þá krefst hann og, að löghaldsgerð þessi verði staðfest og að honum verði heimiluð aðför í tryggingu þeirri, sem sett hefir verið fyrir kröfum hans í þessu máli. Loks krefst hann málskostnaðar af stefnda bæði í héraði og hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Bótakrafa áfrýjanda greinist í 4 liði, sem taldir eru í hinum áfrýjaða dómi, og verður hér fjallað um þá í þeirri röð, sem þar segir.

Um 1. lið. Þau £ 75—0—0, sem hér getur, kveðst áfrýjandi hafa orðið að greiða til þess að fá sig leystan frá samningi um saltfarm í e/s „Fagerstrand" í Trapani á Sikiley, en við saltkaupin þar hafi hann hætt fyrir bænarstað stefnda og eigi hann þessvegna heimtingu á að fá þessa fjárhæð bætta af honum. Af sakargögnunum verður ekki séð, að áfrýjandi hafi áskilið sér greiðslu þessarar fjárhæðar úr hendi stefnda, þegar það réðst, að saltfarmurinn skyldi keyptur í Santa Pola á Spáni, og þykir áfrýjandi þegar af þeirri ástæðu ekki nú geta sótt stefnda til greiðslu hennar.

Um 2. lið. Fjárhæð sú, £ 1125—0—0, er liður þessi tekur til, var helmingur farmgjalds þess, sem áfrýjandi skyldi greiða fyrir farm þann, er yfirvöld Francos í Ceuta tóku á sitt vald. Hafði áfrýjandi svo sem tilskilið var í farmsamningnum greitt þennan hluta farmgjaldsins fyrirfram með þeim hætti, að hann innti af hendi ýmis útgjöld fyrir

e/s „Fagerstrand“ á fermingarstað þess, en afganginn greiddi hann til skipamiðlarafirmans Nico Wiborg A/S Noregi. Það verður að telja víst, að skipamiðlarafirmað Wilson & Co., Hull, sem gerði farmsamninginn við áfrýjanda 1. marz 1937 um e/s „Fagerstrand“, hafði einungis haft umboð til þess af hendi K. Salvesen, Kragerö, sem tekið hafði skip þetta á leigu af stefnda til þriggja mánaða þann 20. janúar s. á. Þess er og getanda, að þeirri skýrslu stefnda er á engan hátt hnekkt, að Nico Wiborg A/S hafi tekið við greiðslu áðurgreinds hluta farmgjaldsins f. h. K. Salvesen, sem ætla verður, að hafi verið aðili að farmsamningnum við áfrýjanda. Verður þannig ekki álitið, að áfrýjandi hafi innt fyrri helming farmgjaldsins af hendi til stefnda og verður skylda stefnda til að bæta áfrýjanda missi hans ekki á þeim stofni byggð. Þar sem þannig stendur á, sem þegar hefir sagt verið, yrði stefndi því aðeins látinn svara til þessa kröfuliðs, að skipstjóranum á e/s „Fagerstrand“ hefði verið þess kostur að sigla með saltfarminn frá Santa Pola til Íslands og að hann hefði látið þá ferð af vanrækslu undir höfuð leggjast. En það verður ekki talið, að honum hafi orðið á nokkur handvömm í þessu efni. Skip hans var tekið af hervaldi Francos án þess að séð verði, að það hafi átt nokkurt undanfæri, yfirvöld Francos í Ceuta lýstu farminn upptækan, ráðstöfuðu honum sem sinni eign til sölu í Casablanca í frakknesku Marokko og létu e/s „Fagerstrand“ sigla með hann þangað undir eftirliti herskipa. Af öllu þessu var skipstjóranum á e/s „Fagerstrand“ fullljóst, að skip hans og áhöfn þess mætti vænta afarkosta af hendi liðsmanna Francos, ef saltfarminum væri ekki ráðstafað í Casablanca

eftir fyrirmælum þeirra og farmskírteini því, er skipstjórinn hafði verið látinn gefa út í Algeciras. Var þessvegna ógerningur að sleppa með farminn frá Casablanca. Verður stefndi þannig af greindum ástæðum ekki dæmdur til greiðslu fjárhæðar þeirrar, sem í kröfulið þessum getur.

Um 3. og 4. lið. Rök áfrýjanda fyrir þessum kröfuliðum eru þau, að skipstjórinn á e/s „Fagerstrand" hafi borið fyrir borð hagsmuni hans með því að afhenda saltfarminn í Casablanca til varnaðarmanna Francos að áfrýjanda fornspurðum. Beri stefnda þessvegna að greiða andvirði saltfarms þess, sem keyptur var í skarðið í Cadiz, að fjárhæð £ 552—0—0, auk kostnaðar, að fjárhæð £ 80—9—1, er áfrýjandi kveðst hafa haft í þessu sambandi. Þess er þegar getið, að skipstjóranum á e/s „Fagerstrand" verði ekki metið það til glapræðis, þótt hann afhenti farminn í Casablanca eftir skipan valdhafanna í Ceuta og firrti þannig skip sitt og áhöfn þess viðurlögum þeim, er þeim annars kostar hefðu verið búin. Verður þá íhugunarefni, hvort skipstjórinn með þessu úrræði sínu hafi lagt hagsmuni áfrýjanda í sölurnar fyrir hina brýnu hagsmuni skips síns og áhafnar þess og hafi á þann hátt gagnvart áfrýjanda orðið bótaskyldur eftir reglum neyðarréttarins. Úrlausn þessa atriðis veltur á því, hvort áfrýjandi hefir að lögum þess staðar, þar sem farmurinn var tekinn úr skipinu, þ. e. í Casablanca, talizt eigandi farmsins. Áfrýjandi hefði sem sé því aðeins getað fengið farminn til umráða í Casablanca, að tilkall hans hefði samkvæmt lögum þar í landi ekki verið fallið niður fyrir þá sök, að farmurinn hafði verið gerður upptækur af valdhöfunum í Ceuta eða fyrir síðari ráðstafanir þess-

ara valdhafa á honum. Af hendi aðilja hefir engin vitneskja verið færð fram um það, hvaða lög gilda í Casablanca í því efni, er að ofan getur, og verður ekki úr því skorið í þessu máli. Þykir því að svo vöxnu máli ekki unnt að leggja dóm á það, hvort stefnda beri að greiða áfrýjanda kröfuliði þá, sem hér er um að tefla, og verður þessvegna að vísa þeim frá héraðsdóminum.

Niðurstaða málsins er þannig sú, að kröfuliðunum 3 og 4 vísast frá héraðsdómi, en stefndi á að vera sýkn af kröfuliðunum 1 og 2 hér að framan.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Kröfum þeim, er greinir í liðunum 3 og 4 hér að framan, vísast frá héraðsdómi.

Stefndi, Pétur Magnússon f. h. eigenda e/s „Fagerstrand", á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, þeim er greinir í kröfuliðunum 1 og 2 hér að framan.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 7. júní 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er með samkomulagi málsaðilja höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 3. sept. s. l. af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, hér í bæ, gegn Pétri Magnússyni hrm., hér í bænum, f. h. eigenda e/s Fagerstrand, Skibsaktieselskabet Esbensens Rederi, Noregi, til greiðslu skaðabóta að upphæð £ 1832—18—1 ásamt 6% ársvöxtum af £ 1677—9—0 frá 1. maí til 21. júní 1937 og af £ 1832—

18—1 frá þeim degi til greiðsludags, svo og alls kostnaðar af síðargreindu löghaldi og máli þessu. Ennfremur krefst stefnandi þess, að staðfest verði með dómi réttarins löghaldsgerð sú, er hann lét fram fara í e/s Fagerstrand á Blönduósi 21. júní 1937 til tryggingar kröfum þessum, svo og að honum verði heimiluð aðför í tryggingu þeirri, er Útvegsbankinn h/f setti fyrir kröfum þessum, en stjórn bankans hefir verið stefnt til réttargæzlu í málinu.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, er verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu eða samkvæmt mati réttarins. Jafnframt hefir hann áskilið umbjóðanda sínum rétt til að krefjast skaðabóta hjá stefnanda vegna fyrrgreindrar löghaldsgerðar. Í rekstri málsins hefir stefndur gert þá varakröfu, ef skaðabótakrafa stefnanda yrði að einhverju eða öllu leyti tekin til greina, að vextir yrðu aðeins tildæmdir 5% p. a., og teldust þeir frá stefnudegi.

Samkvæmt skjölum þeim, sem fyrir liggja í málinu, svo og öðru, sem fram hefir komið í hinum munnlega flutningi málsins, eru málavextir þeir, sem nú skal greina:

Eimskipið Fagerstrand, eign Skibsaktieselskabet Esbensens Rederi, Blommenholm pr. Oslo, var með samningi dags. 20. jan. 1937 leigt K. Salvesen, Kragerö, til þriggja mánaða með framlengingarrétti fyrir £ 575 á mánuði frá byrjun febrúar 1937 að telja. Hinn 1. marz 1937 undirskrifaði umboðsmaður stefnanda í Leith farmsamning við skipamiðlarafirmað Wilson & Co., Hull, um að e/s Fagerstrand skyldi flytja fyrir stefnanda saltfarm, ekki meira en 1650 tonn og ekki minna en 1400 tonn, frá Trapani á Sikiley til 14—16 hafna á Austur- og Norður Íslandi, og skyldi skipið vera tilbúið til fermingar 20. marz 1937. Farmgjaldið var ákveðið 32 shillings og sex pence fyrir hvert afhent tonn, og skyldi helmingur þess greiðast fyrirfram. Skipamiðlarafirmað Wilson & Co. undirritaði samning þennan fyrir hönd eigenda skipsins, A/S Esbensens Rederi, en það má teljast upplýst í málinu, að þetta hafi verið villa í farmsamningnum, þannig að hinn raunverulegi farmflytjandi hafi verið K. Salvesen, sem hafði rétt yfir e/s Fagerstrand á þessu tímabili samkvæmt áðurnefndum tímaleigusamningi. Með viðbótarsamningi dags. 3. apríl 1937 var sú breyting gerð á hinum fyrri farm-

samningi, að saltið skyldi tekið í Santa Pola á Spáni, og var farmgjaldið þá ákveðið 30 shillings fyrir hvert tonn. Málflutningsmaður stefnanda hefir ómótmælt skýrt svo frá hér fyrir réttinum, að umrædd breyting hafi verið gerð samkvæmt tilmælum skipseigenda, vegna þess, hve afgreiðsla skipa hafi um þessar mundir gengið seint í Trapani.

Skipið tók síðan farminn í Santa Pola, og var hann samkvæmt farmskírteini, útgefnu 12. apríl 1937, 1524 kilotonn, og voru þá greidd upp í farmgjaldið £ 1125—0—0, eins og samningar stóðu til. Hélt skipið svo af stað áleiðis til Gibraltar, og þaðan fór það 16. apríl kl. 14,30, eftir að hafa tekið þar ýmsar nauðsynjar. Kl. 16,40 sama dag, er skipið var hér um bil í miðju Gibraltar-sundi og utan landhelgi að áliti skipstjóra, bar þar að vopnaðan togara liðsmanna Francos á Spáni, og gaf hann skipinu merki um að staðnæmast, jafnframt því sem hann beindi að því fallbyssum sínum. Skipið var þá stöðvað, og eftir að mennirnir í togaranum höfðu fengið að vita, hvaðan skipið kom og hvert það ætlaði, kom skipun um, að það skyldi fylgja togaranum til Ceuta, og hlýðnaðist skipstjórinn því boði, enda kom þá og annar vopnaður togari í augsýn. Var komið til Ceuta kl. 18.35 sama dag, og að því er stefndur hefir skýrt frá, voru þá vopnaðir hermenn settir um borð í skipið. Yfirvöldin í landi sögðu skipstjóra síðan að bíða frekari fyrirskipana, og voru skipverjar hafðir í einskonar haldi um borð, og skipstjórinn fékk fyrst að fara í land að sex dögum liðnum. Farmurinn í e/s Fagerstrand var síðan gerður upptækur af yfirvöldunum í Ceuta, að því er virðist 27. apríl 1937, „með tilliti til þess, að hann kom frá höfn rauðliða og í samræmi við tilskipun nr. 138, útgefna af stjórninni í Burgos", eins og segir í framlögðu vottorði frá forseta foringjaráðs flotadeildanna á þessu svæði. Að því er ráða má af skeyti brezka konsúlsins í Gibraltar (rjskj. nr. 16), mun hafa verið byrjað að afferma saltið í Ceuta, en því bráðlega hætt, og farmurinn aftur settur um borð („captain agreed .... to reload same cargo"). Skipstjóranum var síðan boðið að sigla með farminn til Algeciras á Spáni, og fylgdu herskip Francomanna skipinu þangað. Er þangað var komið, skrifaði skipstjórinn á e/s Fagerstrand, 29. apríl 1937, undir farm-

samning við Ítala, að nafni Leone Botbol, þess efnis, að skipstjóri skuldbatt sig til að flytja saltfarminn (1524 tonn) frá Algeciras til Casablanca í franska Marokko fyrir 20 franska franka hverja smálest. Hefir stefndur ómótmælt skýrt svo frá, að skipstjórinn hafi verið fenginn til að skrifa undir samning þennan með hálfkveðnum hótunum, m. a. að ef skipstjórinn efndi ekki samninginn, mundi skipið verða skotið niður, hvar sem það hittist á eftir. Herskip Francomanna fylgdu síðan skipinu inn að höfninni í Casablanca, og 4. maí 1937 mun hafa verið byrjað að afferma saltið þar. Fyrir milligöngu skipamiðlarafirmans Wilson & Co., Hull, mótmælti brezki konsúllinn í Casablanca því f. h. stefnanda við skipstjórann á e/s Fagerstrand, að farmurinn yrði látinn þar af hendi. Í framlögðu svarbréfi frá skipstjóranum til konsúlsins (rjskj. nr. 26) skírskotar hann fyrst til samtals við konsúlinn, þar sem skýrt var frá ástæðunum fyrir því, að skipið væri komið til Casablanca, og síðan segir:

„I have since then had a communication from my Owners who, in consideration of the circumstances, authorize the discharge of the confiscated salt cargo in this port."

Var farmurinn síðan settur á land í Casablanca, en ekki er fullkomlega upplýst, hver hefir tekið við honum þar, hvort það var móttakandi sá, er tilgreindur var í farmsamningnum frá Algeciras (eins og stefndur staðhæfir), eða norski konsúllinn þar í borg, eins og stefnandi heldur fram. Hið umsamda farmgjald (20 frankar á tonn) segir stefndur að hafi gengið til að greiða kostnað við veru skipsins í Algeciras og Casablanca, og ekki hrokkið til. Með samningi dags. 1. maí 1937 tók e/s Fagerstrand (fyrir milligöngu skipamiðlaranna Wilson & Co.) að sér að flytja nýjan saltfarm fyrir stefnanda frá Cadiz til Íslands, og var farmgjaldið ákveðið þar 22 shillings og sex pence fyrir hvert tonn, en að öðru leyti skyldu ákvæði hins upphaflega farmsamnings aðiljanna halda gildi sínu.

Réttarkröfur sínar byggir stefnandi á því, að skipstjórinn á e/s Fagerstrand hafi gerzt sekur um skyldubrot gagnvart sér, er hann, að því er virðist að nokkru leyti eftir fyrirmælum skipseigenda, ráðstafaði farminum eins og hann gerði í Casablanca, þrátt fyrir framkomin mót-

mæli af hálfu stefnanda. Telur stefnandi, að skipstjórinn á e/s Fagerstrand hafi að vísu ekki getað hagað sér öðruvísi en hann gerði, meðan hann var á valdi liðsmanna Francos, en þar sem skipið hafi verið tekið á ólöglegan hátt og af ólöglegum yfirvöldum, með því að hvorki Noregur né Ísland hafi þá eða síðar viðurkennt yfirráðarétt Francos á Spáni, þá hafi réttindi stefnanda yfir saltfarminum samkvæmt hinum upphaflega farmsamningi aldrei fallið niður, þótt svo væri kallað, að farmurinn væri gerður upptækur, heldur hafi réttindin aðeins „suspenserast", meðan hin „faktiska" hindrun stóð yfir. Heldur stefnandi því þessvegna fram, að þegar skipið hafi verið komið til Casablanca, sem sé höfn í hlutlausu ríki (Frakklandi), þá hafi skipstjórinn verið óbundinn um ráðstöfun á farminum, nema af hendi hans (stefnanda), og óheimilt að ráðstafa farminum, nema í samráði við hann. En þar sem svo hafi ekki verið gert, og hann hafi aldrei fengið farminn eða andvirði hans, telur stefnandi, að eigendum e/s Fagerstrand, stefndum í máli þessu, beri að bæta sér það tjón, er hann hafi beðið af þessu atferli skipstjórans, en tjónið sundurliðar hann þannig:

1.	Kostnaður, er stefnandi greiddi vegna breytinga á farmsamningnum, er ákveðið var að saltið skyldi tekið í Santa Pola í stað Trapani	£	75— 0—0
	Til vara hefir stefnandi krafist þess að krafa þessi yrði tekin til greina að hálfu leyti.		
2.	Fyrirfram greitt farmgjald af hinum glataða farmi	–	1125— 0—0
3.	Andvirði saltfarmsins frá Cadiz	–	552— 9—0
4.	Ýmiskonar kostnaður	–	80— 9—1
		Samtals £	1832—18—1

Stefndur hefir reynzt ófáanlegur til að greiða stefnanda nokkrar bætur út af umræddum atburðum, og þegar e/s Fagerstrand var statt á Blönduósshöfn 21. júní 1937, var, að beiðni stefnanda og á hans ábyrgð, lagt löghald á skipið til tryggingar framangreindum kröfum ásamt vöxtum og kostnaði. Skipið var síðan látið laust 24. s. m., eftir að Útvegsbanki Íslands h/f hafði tekið að sér ábyrgð á

greiðslu allt að £ 2100—0—0, auk ísl. kr. 2500.00. Síðan höfðaði stefnandi mál þetta, eins og fyrr greinir, og gerir hann í því áðurnefndar réttarkröfur.

Sýknukröfu sína byggir stefndur fyrst og fremst á því, að óviðráðanleg atvik hafi valdið því, að farmurinn komst ekki á ákvörðunarstað og að stefnandi missti algerlega af honum.

Telur stefndur, að skipstjórinn á e/s Fagerstrand hafi hagað sér eins og vera bar undir þessum kringumstæðum, enda hafi hann átt svo mikið í hættu, að það hafi ekki náð neinni átt að óhlýðnast skipunum Franco-manna að neinu leyti, og hafi sú hætta ekki verið úr sögunni, þótt komið væri til Casablanca, enda hafi skipstjórinn á e/s Fagerstrand brostið alla heimild til að taka aftur upp á eigin spýtur farm þann, er liðsmenn Francos höfðu gert upptækan í Ceuta. Heldur stefndur því fram, að mál út af atburðum sem þessum séu milliríkjamál, er stjórnir viðkomandi ríkja verði að taka að sér, og það nái engri átt að gera þær kröfur til einstaklinganna, er verði fyrir tjóni af völdum stríðsaðilja, að þeir, á einn eða annan hátt, fari að leita réttar síns upp á eigin spýtur.

Auk þessa hefir stefndur mótmælt hinum einstöku kröfum stefnanda ýmist sem ranglega beint að sér eða sem röngum að nokkru eða öllu leyti.

Það má teljast upplýst í málinu, að e/s Fagerstrand var tekið af vopnuðu skipi Franco-manna, fært til hafnar í Ceuta og haldið þar með hervaldi. Það er og upplýst, að skipstjórinn mótmælti tökunni samdægurs við yfirvöldin í Ceuta (rjskj. nr. 19). Farmur skipsins var síðan gerður upptækur eftir þargildandi réttarreglum og skipinu svo boðið að halda til Algeciras og því fylgt þangað af herskipum. Þar var skipstjórinn á e/s Fagerstrand með hótunum látinn skrifa undir áðurgreindan farmsamning og skipinu síðan fylgt til hafnar í Casablanca af vopnuðum skipum. Rétturinn fær því ekki annað séð, en að, eins og á stóð, verði skipstjórinn ekki átalinn fyrir að hafa hlýðnast skipunum Franco-manna, einnig að því er snertir afhendingu farmsins í Casablanca, því að þótt sú höfn sé undir yfirráðum hlutlauss ríkis (Frakklands), þá er siglingarleiðin þangað og þaðan, svo og á stóru svæði umhverfis Spán, „de facto" undir hernaðarvaldi Francos, og skiptir

þá engu máli, þótt hlutaðeigandi ríki hafi ekki „de jure“ viðurkennt yfirráðarétt Francos á Spáni. Skipstjórinn á e/s Fagerstrand gat því réttilega búist við alvarlegum aðgerðum gagnvart sér og skipi sínu (og jafnvel norska verzlunarflotanum), ef hann hefði ráðstafað farminum í bága við farmsamninginn frá Algeciras, enda er svo ákveðið í þeim samningi, að ef skipstjórinn á e/s Fagerstrand afhendi ekki farminn skilvíslega í Casablanca-höfn, þá skuli hann og útgerðarmenn skipsins „in solidum“ greiða hinum skráða farmsendara (Ítalanum Botbol) 100 þús. franka, og skyldi skipið með öllum útbúnaði vera að veði fyrir þeirri upphæð. Og eftir þeirri skýrslu, sem stefndur hefir ómótmælt gefið hér fyrir réttinum um reynslu skipstjórans á e/s Fagerstrand af þeirri meðferð, er hlutlaus erlend skip sæti í slíku tilfelli sem þessu af hálfu stríðsaðilja, verður rétturinn að telja, að skipstjórinn (og skipseigendur) hafi haft fulla ástæðu til að ætla, að alvarlegar afleiðingar hlytust af, ef settum fyrirmælum væri ekki hlýtt. Og þar sem því er ekki haldið fram eða það upplýst í málinu, að unnt hafi verið að fá fullnægjandi aðstoð að þessu leyti, verður ekki talið, að skipstjórinn hafi með þeirri afhendingu farmsins í Casablanca, sem að framan er lýst, gert sig sekan um slíkt skyldubrot gagnvart stefnanda þessa máls, að stefndum beri að bæta það tjón, er stefnandi telur sig hafa beðið af þessum sökum, án þess að nokkur afstaða sé tekin til réttmætis hinna einstöku kröfuliða.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefndur verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, hrm. Pétur Magnússon f. h. eigenda e/s Fagerstrand, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 26. apríl 1939.

Nr. 77/1938. **Eigendur og skipshöfn m/b „Leo“** (Theódór B. Lindal)

gegn

eigendum og vátryggjanda m/b „Már“ (Sveinbjörn Jónsson).

Björgun.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 29. júní 1938 hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 19. júlí s. á., hafa krafizt þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða þeim kr. 18000.00 með 5% ársvöxtum frá 14. nóv. 1935 til greiðsludags, að stefndu verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, og loks, að viðurkenndur verði með dómi þeim til handa sjóveðréttur í m/b „Már“ R. E. 100 til tryggingar framangreindum kröfum.

Stefndu hafa krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og í héraðsdóminum segir, festust net m/b „Már“ R. E. 100 í skrúfu skipsins um kl. 20 þann 14. nóv. 1935, er það var að síldveiðum á Herdísarvík. Um kl. 21 s. d. fekk skipstjórinn á m/b „Leo“, sem einnig var þar að síldveiðum, vitneskju um þetta. Skipverjar á m/b „Már“ vörpuðu akkeri og reyndu árangurslaust 2—3 klukkustundir að greiða netin úr skrúfunni. Skip þeirra lá um 200 faðma undan bergi á landi uppi. Alda og vindur, sem stóð skáhallt á land upp, fór vaxandi. Var m/b „Leo“ því gefið merki um, að það kæmi til hjálpar. Brá hann skjótt við, kom taug í m/b „Már“ og dró hann

austur á víkina, þar sem kyrrara var, enda tókst nú skipverjum á m/b „Már“ að greiða netin úr skrúfunni.

Svo virðist sem m/b „Már“ hafi ekki getað af sjálfs sín ramleik fært sig úr stað, er m/b „Leo“ kom honum til hjálpar. Vindur og alda var þá að aukast, eins og áður segir, og mátti því verða hætta á því, að m/b „Már“ ræki upp að berginu, ef hann skyldi liggja þar áfram, enda talið vonlaust eða vonlítið, að takast mundi að greiða þar, í þeim sjó og vindi, er þar var þá, netin úr skrúfunni. Þykir því verða að telja hjálp m/b „Leo“ til handa m/b „Már“ til björgunar. M/b „Már“ var virtur til vátryggingar á 45000 krónur. Samfara hjálp m/b „Leo“ virðist hafa verið lítil hætta fyrir hann, og hjálp hans tók stuttan tíma, að því er virðist aðeins 1—2 klukkustundir. Með hliðsjón af þessu þykja bjarglaun til handa áfrýjendum hæfilega ákveðin kr. 2000.00.

Áfrýjendur hafa ekki leitt sönnur að því, að þeir hafi vegna hjálpar sinnar til handa m/b „Már“ beðið meira tjón á veiðarfærum eða afla en í héraðsdóminum er talið. Og með því að stefndu hafa ekki áfrýjað málinu, verður við mat héraðsdómsins á þessum atriðum að sitja.

Samkvæmt framanskráðu ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjendum kr. 3700.00 í bætur fyrir veiðarfæramissi og aflatjón, eins og í héraðsdóminum segir, og kr. 2000.00 í bjarglaun, eða samtals kr. 5700.00, með 5% ársvöxtum frá stefnudegi, 28. okt. 1936, til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefndu til að greiða áfrýjendum samtals kr. 700.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Svo ber og að dæma áfrýjendum sjóveðrétt samkvæmt 1. tölul. 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914 í m/b „Már“ til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, eigendur og vátryggjandi m/b „Már“ R. E. 100, greiði áfrýjendum, eigendum og skipshöfn m/b „Leó“ V. E. 294, kr. 5700.00 með 5% ársvöxtum frá 28. okt. 1936 til greiðsludags og samtals kr. 700.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Til tryggingar framangreindum fjárhæðum hafi áfrýjendur sjóveðrétt í m/b „Már“ R. E. 100.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 30. des. 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., er höfðað fyrir sjódóminum með stefnu útgefinni 28. okt. 1936 af hrm. Lárusi Fjeldsted, hér í bæ, f. h. eigenda og skipshafnar m/b Leó V. E. 294 gegn Valdimar Bjarnasyni, Brekkustíg 19 hér í bænum, f h. eigenda og vátryggjenda m/b „Már“ R. E. 100, til greiðslu björgunarlauna að upphæð kr. 26388.55 ásamt 5% ársvöxtum frá 14. nóv. 1935 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati sjódómsins. Ennfremur krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b „Már“ fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Stefndir krefjast *aðallega* algerðrar sýknu af öllum kröfum stefnanda, en *til vara*, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða stefnanda lága upphæð fyrir aðstoð með vöxtum frá stefnidegi til greiðsludags.

Málavextir eru þeir, að 14. nóv. 1935 var m/b „Leó“

V. E. 294 staddur á Herdísarvík að síldveiðum með reknet. Um kl. 3 e. h. þennan dag lögðu bátverjar 17 síldarnet fyrir víkurbotninum, og segja skipverjar, að veður hafi þá verið bjart, en stormur á austan (5—6 vindstig) og talsvert brim.

Þennan sama dag var m/b „Már“ R. E. 100 einnig staddur á Herdísarvík, og lagði hann net sín, 20 að tölu, ca. 100 faðma frá netum „Leós“ á 10 faðma dýpi. Er bátarnir höfðu lagt net sín, lögðust þeir við akkeri úti á víkinni. Meðan m/b „Leó“ lá þarna, lögðu skipverjar 4 net aftur af skipinu, og voru þau látin leika laus. Að því er skipverjar á „Má“ hafa ómótmælt haldið fram, töluðust skipstjórar bátanna við gegnum talstöðvar sínar kl. 7½ um kvöldið, og ákváðu þá að eiga aftur tal saman kl. 9 til þess að frétta um það, hvort síld væri í netum þeim, er bátverjar á ‚Leó“ höfðu lagt fyrir aftan skipið.

Kl. 8 um kvöldið segja skipverjar á „Má“ að farið hafi að vinda dálítið, en annars hafi verið austankaldi um daginn og þá hafi vélin verið sett í gang og farið að leita að netunum, til að draga þau inn. Hafi þau strax fundizt, nokkru vestar og grynnra en þau höfðu verið lögð, en litlu eftir að drátturinn hófst, hafi netin ásamt kapli farið í skrúfu skipsins. Akkeri hafi þá strax verið látið falla, þar sem báturinn hafi verið ca. 200 faðma frá landi (Herdísarvíkurbjargi), flatur fyrir vindi. Segjast skipverjar síðan hafa farið að reyna að skera netin frá og ná þeim úr skrúfunni. — Það er hinsvegar af m/b „Leó“ að segja, að á 9. tímanum voru net þau, sem lögð höfðu verið fyrir aftan skipið, dregin inn, og segja skipverjar, að mikil síld hafi verið í þeim og hafi það verið tilkynnt nærstöddum bátum. Um níu leytið hafi síðan verið farið að hita upp vélina og hafi átt að leggja þarna fleiri net, en vitja síðan um þau 17 net, er lögð höfðu verið fyrr um daginn. Skipstjórum beggja bátanna („Más“ og „Leós“) ber saman um það, að kl. 9 hafi þeir átt tal saman, en skipstjórinn á „Má“ segist hafa gert það samkvæmt áður umtöluðu, og þá jafnframt látið þess getið, hvernig væri ástatt hjá sér. Hinsvegar segir skipstjórinn á „Leó“, að skipstjórinn á „Má“ hafi þá beðið um hjálp, þar sem „Már“ væri vélvana og hefði látið akkeri falla. En víst er um það, að m/b „Leó“ kom nú rétt strax á vettvang, og segjast skipverjar hafa

séð net sín þá á leiðinni, enda hafi verið tunglsljós. Bátsverjar á „Má“ segja, að nú hafi talast svo til, að „Leó“ færi aftur til neta sinna, en hefði jafnframt auga með þeim og kæmi aftur ef þeir gæfu honum ljósmerki. Hinsvegar segja skipverjar á „Leó“, að þeir hafi beðið hjá „Má“, meðan reynt var að skera netin frá, svo að skipið yrði vindrétt, og er það hafi tekizt, hafi þeir farið frá aftur, eins og áður er lýst. En skipverjar á „Má“ segjast hafa unnið að því 2—3 klst. eftir að „Leó“ kom fyrst til þeirra, að losa netin úr skrúfunni, en er það tókst ekki vegna straums og ókyrrðar, „því vindur og alda fór vaxandi og stóð skáhalt upp á landið“, þá hafi „Leó“ verið gefið merki um að koma aftur. Segja skipverjar á „Leó“, að merki þetta hafi verið gefið rétt í því, er þeir voru að koma að netum sínum, en þá sneri báturinn strax við og sigldi til „Más“. Segir skipstjóri og stýrimaður á „Leó“, að er þeir hafi komizt í kallfæri, hafi skipstjórinn á „Má“ kallað: „Allt er að springa hjá mér“, er þeir kveðast hafa skilið svo, sem annað akkerið á „Má“ hefði sprungið frá. Var nú komið trossu um borð í „Má“ og andæft, meðan hann létti, en síðan dró „Leó“ „Má“ austur á víkina, þar sem kyrrara var, og lagðist „Már“ þar á 7—8 faðma dýpi, og var klukkan þá um 2—3 f. h., föstudaginn 15. nóv.

Eftir þetta sigldi „Leó“ aftur út á víkina og leitaði að netum sínum, en fann þau ekki, enda var þá þykknað í lofti og dimmt, en áður hafði verið bjart yfir. Rúmri klst. eftir að „Már“ var lagztur, tókst skipverjum að hreinsa skrúfuna, og var þá einnig haldið út á víkina og leitað að netum ásamt „Leó“. Net hans fundust aldrei, en hinsvegar fann „Leó“ net „Más“, og segja bátsverjar á „Má“, að í þeim hafi verið um 100 tunnur síldar, en hinsvegar kveðst skipstjórinn á „Leó“ hafa heyrt, að í þeim hafi verið 170 tunnur síldar.

Stefnandi þessa máls heldur því fram, að skiphöfnin á „Leó“ hafi við umrætt tækifæri bjargað m/b „Má“ úr yfirvofandi hættu, þar sem netin hafi verið föst í skrúfu skipsins, svo að það hafi ekki getað neytt vélarinnar, vegna storms og kviku hafi báturinn verið búinn að sprengja af sér annað akkerið, er hann hafi legið við, og rekið fyrir hinu, flatur fyrir vindi og sjó, örskammt undan Herdísarvíkurbjargi, en þar sé landtaka stórhættuleg.

Krefst stefnandi þess því, f. h. eiganda og skipshafnar á m/b „Leó“, að stefndir greiði sér björgunarlaun sem hér segir:

1. ⅓ hluta af verðmæti „Más“ ..... kr. 18333.00
2. Tap á veiðarfærum og afla hjá „Leó“ í sambandi við björgunina ..... — 7952.45
3. Kostnaður við sjóferðapróf í Vestmannaeyjum ..... — 103.10

eða samtals kr. 26388.55, auk vaxta og málskostnaðar.

En þar sem stefndir hafi reynzt ófáanlegir til að greiða þessa upphæð sé mál þetta höfðað og í því gerðar framangreindar réttarkröfur.

Aðalkröfu sína um sýknu virðast stefndir byggja á því, að aðstoð sú, sem skipshöfnin á m/b „Leó“ hafi veitt „Má“ hafi verið svo smávægileg, að stefnanda beri engin þóknun fyrir hana.

Eftir öllum málavöxtum getur rétturinn ekki fallizt á, að svo hafi verið, og verður sýknukrafa stefndu því ekki tekin til greina.

Kemur þá næst til athugunar varakrafa stefndu um verulega lækkun á stefnukröfunum.

Kröfu þessa byggja þeir fyrst og fremst á því, að hér hafi aðeins verið að ræða um aðstoð af hálfu „Leós“, en ekki björgun samkvæmt 229. gr. siglingalaganna.

Á þetta verður rétturinn að fallast. Að vísu höfðu síldarnetin flækst í skrúfu bátsins, svo að hann hafði ekki not af vél sinni, en hinsvegar er ekki annað upplýst en að báturinn hafi að öðru leyti verið í fullkomnu lagi að öllum útbúnaði, og sérstaklega hefir stefnandi ekki gegn eindregnum mótmælum stefndu sannað, að annað akkerið á „Má“ hafi bilað, og ennfremur ekki, að bátinn hafi rekið nokkuð allan þann tíma, frá því að hann varpaði akkerum, er netin höfðu flækzt í skrúfuna, og þar til m/b „Leó“ dró hann austur á víkina.

Eins og að framan er lýst, ber málsaðiljum ekki að öllu leyti saman um það, hvernig veðri og sjó hafi verið háttað í Herdísarvík, er umræddir atburðir gerðust, þar sem skipverjar á „Leó“ segja, að austanstormur (5—6 vindstig) hafi verið um daginn 14. nóv., veðrið hafi síðan aukizt, er á daginn leið, og hafi verið mikill sjógangur, er þeir drógu „Má“ um nóttina. Hinsvegar segja skipverjar á „Má“,

að austan kaldi hafi verið um daginn, en síðan vindað dálítið með kvöldinu, og að vindur og alda hafi farið vaxandi um það leyti, er „Leó“ aðstoðaði þá, og vindur hafi verið allhvass á „hátt austan“, er báturinn lagðist aftur. Samkvæmt framlögðu vottorði frá veðurstofunni í Reykjavík var vindur á Eyrarbakka 14. nóv. 1935 kl. 14 NA 6, kl. 21 NA 5 og næsta dag kl. 08 NA 5, en brim lítið sem ekkert. Í Grindavík var vindur 14. nóv. kl. 17 ANA 3 og þann 15. nóv. kl. 08 NNA 4, síðar um daginn N 2. Á Reykjanesvita var vindur 14. nóv. kl. 17 A 4, kl. 24 A 3, kl. 08 næsta dag NA 4 og síðan lægjandi. Á brim er ekki minnzt á þessum stöðum. Eftir þeim upplýsingum, er þannig liggja fyrir, verður rétturinn að telja, að veður hafi ekki verið svo vont við umrætt tækifæri eða sjór svo slæmur, að m/b „Már“ hafi af þeim sökum verið staddur í neyð, enda verður að telja upplýst, að veður fór aftur batnandi, er á nóttina leið.

Að öllu þessu athuguðu verður hjálp sú, er m/b „Leó“ veitti m/b „Má“ í umrætt skipti, ekki talin björgun samkvæmt siglingalögunum, og verða umbjóðendum stefnanda því ekki tildæmd björgunarlaun, og þar af leiðandi verður krafa þeirra um viðurkenningu á sjóveðrétti ekki tekin til greina. Hinsvegar verður að telja, að umbjóðendum stefnanda beri þóknun fyrir aðstoð þá, er þeir létu m/b „Má“ í té.

Stefnandi heldur því fram, að umbjóðendur sínir hafi vegna umræddrar aðstoðar tapað áðurnefndum 17 síldarnetum, ásamt belgjum, vír o. fl., og nemi verðmæti þess kr. 1952.45, enda hafi þetta allt verið nýtt eða nýlegt. Stefndir hafa mótmælt því, að umrædd net og útbúnaður hafi tapazt vegna aðstoðarinnar, og hafa í því sambandi haldið því fram, að m/b „Leó“ muni hafa verið búinn að glata netunum áður en til aðstoðarinnar kom. Gegn mótmælum stefnanda og staðfestum framburði skipverja á m/b „Leó“ um, að þeir hafi séð net sín, er þeir voru á leiðinni til „Más“ í fyrra skiptið, verður þessi staðhæfing stefndu ekki tekin til greina, heldur verður að telja, að umrædd net og annar útbúnaður hafi glatazt vegna þess að m/b „Leó“ fór að sinna m/b „Má“. Hinsvegar verður verðmæti neta og annars útbúnaðar ekki talið svo mikið, sem stefnandi hefir haldið fram, þar sem ekki er gegn

mótmælum stefndu sannað, að útbúnaður þessi hafi verið nýr og ónotaður, og þykja því bætur fyrir veiðarfæratjónið hæfilega metnar á kr. 1700.00. Þá hefir og stefnandi haldið því fram, að aflatjón m/b „Leó“ vegna aðstoðarinnar nemi að verðmæti kr. 6000.00, eða sem samsvarar 300 tunnum síldar á kr. 20.00 pr. tunnu. Byggir hann þetta á því, að „Már“ hafi fengið í sín 20 net 170—180 tunnur síldar, en m/b „Leó“ hafi haft innanborðs 27 net, sem leggja hafi átt á sömu slóðum, en hætt við það, er neyðarkallið kom frá „Má“, auk þeirra 17 neta, er glötuðust.

Eins og áður er sagt, verður að telja, að net „Leós“ hafi tapazt vegna aðstoðarinnar við „Má“, og verður því tekið tillit til aflatjóns við ákvörðun á þóknun fyrir aðstoðina. Gegn eindregnum mótmælum stefndu er ekki sannað, að m/b „Már“ hafi fengið nema 100 tunnur síldar í þau 20 net, er hann lagði í Herdísarvík á þessum tíma. Verður því að telja, að aflatjón umbjóðenda stefnanda nemi 100 tunnum síldar, þar sem net „Más“ voru búin að velkjast lengi í sjó, er þau voru dregin inn. Stefndir hafa mótmælt verði því, er stefnandi hefir krafizt fyrir síldartunnuna, sem of háu, en með skírskotun til framlagðs vottorðs frá Ástþór Matthíassyni, er hvorki hefir verið mótmælt sem röngu eða óstaðfestu, þykir krafa þessi hafa við rök að styðjast. Þykja því bæturnar fyrir aflatjón hæfilega ákveðnar kr. 2000.00, enda getur rétturinn ekki fallizt á, að stefndum beri að bæta umbjóðendum stefnanda frekari aflatjón.

Þá hefir stefnandi og krafizt þess, að stefndir verði dæmdir til að greiða sér kr. 103.10 fyrir útlagðan kostnað vegna sjóferðaprófs í Vestmannaeyjum, en stefndir hafa mótmælt því, þar sem þeim hafi ekki verið gert aðvart um það, og sjóprófið þeim því gagnslaust. Verður rétturinn að fallast á þessar mótbárur stefndu, enda verður og umræddur kostnaður að teljast til málskostnaðar.

Aðstoð sú, er m/b „Leó“ veitti m/b „Má“ við umrætt tækifæri, var að öllu leyti fljótt og vel í té látin eins og framangreind lýsing á atburðum ber með sér, en á hinn bóginn tók hún stuttan tíma og var tiltölulega hættulítil. Að þessu athuguðu þykir þóknunin fyrir aðstoðina hæfilega metin á kr. 800.00.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefndir verða

dæmdir til að greiða stefnanda f. h. umbjóðenda hans framangreindar skaðabætur og þóknun fyrir aðstoð, samtals að upphæð kr. 4500.00, auk vaxta, er reiknast 5% p. a., og teljast þeir frá stefnudegi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndir greiði stefnandanum málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 350.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, eigendur og vátryggjendur m/b „Már", R. E. 100, greiði stefnandanum, hrm. Lárusi Fjeldsted f. h. eiganda m/b „Leó", V. E. 294, kr. 4500.00 með 5% ársvöxtum frá 28. okt. 1936 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. apríl 1939.

Nr. 24/1939. **Sigurbjörg Jóhannsdóttir** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h. f. vegna vátryggingarfélagsins Danske Lloyd (Jón Ásbjörnsson).

Bótakrafa vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 21. febr. þ. á. og gjafsóknarleyfi 14. sept. f. á. hefir skotið máli þessu til hæstaréttar, hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða henni kr. 5300.00 með 5% ársvöxtum af kr. 4800.00 frá 16. sept. 1935 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í því sambandi, sem í máli þessu greinir, verður að telja Sigurð sáluga Jónsson hafa verið eiganda bifreiðarinnar, þegar slysið varð. Skyldutrygging samkvæmt 17. gr. laga nr. 70/1931 verður ekki talin ná til tjóns á eiganda bifreiðar sjálfum, sbr. 16. gr. sömu laga. Af framangreindum ástæðum þykir mega staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður, en málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, sem eru ákveðin 120 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Ríkissjóður greiði málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Garðars Þorsteinssonar, 120 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. maí 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 17. febrúar 1938 af Garðari Þorsteinssyni f. h. Sigurbjargar Jóhannsdóttur, hér í bæ, gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands h. f. f. h. Vátryggingarfélagsins Danske Lloyd til greiðslu dómskuldar að upphæð kr. 4800.00 með 5% ársvöxtum frá 16. september 1935 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað, svo og til greiðslu málskostnaðar í þessu máli að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málsatvik eru þau, að þann 13. maí 1935 ók Sigurður

sál. Jónsson, bifreiðarstjóri, vörubifreiðinni R. E. 395, sem hann var skráður eigandi að, frá Reykjavík austur í Hveragerði með flutning gegn borgun fyrir nafngreindan mann. Með Sigurði í þessari ferð var maður að nafni Karl Pétur Simonarson frá Vatnskoti í Þingvallasveit. Í Hveragerði neytti Sigurður áfengis, og fékk hann því Karl Pétur, sem kunni að aka bifreið, til að aka bifreiðinni til bæjarins aftur, en settist sjálfur við hlið hans í stýrishúsinu. Sofnaði Sigurður og mun þá hafa hallazt upp að Karli og gert honum óhægt fyrir um stjórn bifreiðarinnar. Karl ók hinsvegar ógætilega, og þegar komið var vestur undir Árbæ, vildi það slys til, að hann ók út af veginum og slasaðist Sigurður mjög mikið við það. Sigurður höfðaði síðan mál gegn Karli og stefndi jafnframt Vátryggingarfélaginu Danske Lloyd, sem bifreiðin var tryggð hjá, til réttargæzlu. Lauk málinu á þann veg með dómi hæstaréttar uppkveðnum 15. desember 1937, að Karl var dæmdur til að greiða ekkju Sigurðar, stefnanda máls þessa, sem sat í óskiptu búi eftir Sigurð, en hann hafði andazt áður en hæstaréttarmálið var þingfest, kr. 4800.00 með 5% ársvöxtum frá 16. september 1935 til greiðsludags og kr. 500.00 sem málskostnað. Mun síðan hafa verið reynt að fá stefndan í máli þessu sem vátryggjanda bifreiðarinnar til að greiða hinar tildæmdu upphæðir, en hann mun ekki hafa talið sér það skylt og því neitað að greiða. Hefir stefnandi því höfðað mál þetta og gert í því framangreindar kröfur.

Byggir stefnandi skyldu stefnds til að greiða bæturnar samkvæmt hæstaréttardómnum í fyrsta lagi á því, að Sigurður hafi ekki verið raunverulegur eigandi bifreiðarinnar, heldur hafi firmað H. Benediktsson & Co. átt hana. Samkvæmt 17. gr. bifreiðalaganna hafi firmað verið skylt til að hafa bifreiðina tryggða gegn hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kynni að verða gert að greiða, er bæri ábyrgð á bifreiðinni, er hún ylli slysi. Bifreiðin hafi og verið tryggð á þennan hátt hjá stefndum, og þar sem aðstaða Sigurðar í bifreiðinni hafi verið eins og hvers annars óviðkomandi þriðja manns, sem hefði verið í bifreiðinni gegn borgun og ekki borið ábyrgð á henni, þá leiði það til þess, að tryggingarfélaginu beri að borga þær skaðabætur, sem Karl var dæmdur til að greiða Sigurði.

Stefndur staðhæfir hinsvegar, að Sigurður hafi verið sá raunverulegi eigandi bifreiðarinnar.

Hann hafi keypt tryggínguna fyrir hana og látið skrásetja hana á sitt nafn, og í þetta skipti hafi það verið hann sem eigandi, sem bar ábyrgð á bifreiðinni samkvæmt 16. gr. bifreiðalaganna. En þar sem tryggingin sé, samkvæmt 17. gr. bifreiðalaganna og ákvæðum vátryggingarskírteinisins einungis gegn sérhverri einkaréttar-skaðabótakröfu, sem þeim kunni að vera gert að greiða, sem beri ábyrgð á bifreiðinni, þegar hún valdi slysi, þá leiði af því, að sér (stefndum) beri ekki að greiða umræddar skaðabætur sem vátryggjanda bifreiðarinnar.

Að því er snertir eignarréttinn yfir umræddri bifreið og vátryggingu hennar er eftirfarandi upplýst: Með kaupsamningi dagsettum 7. nóvember 1934 keypti Sigurður bifreiðina af firmanu H. Benediktsson & Co., hér í bænum, og greiddi svo mikið af andvirði hennar við undirskrift samningsins, að eftirstöðvar kaupverðsins voru aðeins kr. 1752.00, sem Sigurður átti síðan að greiða með 6 tveggjamánaðarlegum, jöfnum afborgunum. Bifreiðin var hinsvegar seld með eignarréttaráskilnaði af hálfu seljanda, þannig að hann skyldi teljast eigandi hennar, unz andvirðið væri að fullu greitt, og til þess tíma skuldbatt kaupandi sig til að hlíta ýmsum nánar tilgreindum takmörkunum á fullkomnum yfirráða- og ráðstöfunarrétti sínum yfir bifreiðinni, t. d. því, að halda henni í góðu standi, flytja hana ekki úr landi án leyfis seljanda, veðsetja hana ekki o. s. frv. Þá skuldbatt kaupandi sig til að tryggja bifreiðina gegn skaðabótakröfu þriðja manns (17. gr. bifreiðalaganna) og fleiru. Þessa tryggingu tók Sigurður síðan hjá stefndum á sitt nafn sem eigandi bifreiðarinnar og ennfremur lét hann skrásetja sig sem eiganda hennar á lögreglustöðinni.

Réttinum virðist nú, að líta verði svo á, að umræddur eignarréttaráskilnaður seljanda verði aðeins að teljast sérstök ráðstöfun af hans hendi til að tryggja sér greiðslu eftirstöðva kaupverðsins, enda eru svo að segja allar þær takmarkanir, sem hann skuldbindur sig til að hlíta á fullkomnum yfirráðarétti sínum yfir bifreiðinni, mjög algengar við hverskonar tryggingarráðstafanir, t. d. við veðsetningu. Með tilliti til þessa, svo og þess, að Sigurður hafði

hin raunverulegu umráð bifreiðarinnar með nýnefndum takmörkunum, að hann tók tryggínguna á sitt nafn sem eigandi bifreiðarinnar og loks þess, að hún var skrásett á nafn hans hjá lögreglunni, þykir verða að líta svo á, að hann hafi verið eigandi hennar í merkingu bifreiðalaganna á þeim tíma, er slysið varð, og leiðir því hér umrædd málsástæða stefnanda ekki til þess, að kröfur hans verði teknar til greina.

Stefnandi byggir kröfur sínar í öðru lagi á því, að enda þótt Sigurður yrði talinn hafa verið eigandi bifreiðarinnar, þá hafi honum samt borið að fá tjón sitt bætt hjá stefndum vegna þess að þegar slysið bar að höndum hafi bifreiðarstjórinn, Karl Pétur Símonarson, borið ábyrgð á bifreiðinni. Í 16. gr. bifreiðalaganna sé svo ákveðið, að eigandi bifreiðar beri og ábyrgð á henni og sé skaðabótaskyldur samkvæmt 15. gr. s. l., svo og að noti maður bifreið annars manns í heimildarleysi, þá skuli skaðabótaskylda eigandans færast yfir á notandann. Auk þessa sé svo ákveðið í 18. gr. bifreiðalaganna, að með framangreindum ákvæðum um skaðabótaskylduna sé ekki skertur neinn sá réttur til skaðabóta, er leiði af almennum reglum.

Af þessum ákvæðum leiði, að samkvæmt bifreiðalögunum geti ábyrgð á bifreið verið hjá þessum aðiljum: eigandanum, þeim, er notar hana heimildarlaust, og loks þeim, er notar hana í heimild, en veldur slysi með henni á þann hátt, að hann sé skaðabótaskyldur samkvæmt almennum skaðabótareglum, eins og Karl Pétur hafi verið gagnvart Sigurði vegna framangreinds slyss. Karl Pétur hafi því í merkingu bifreiðalaganna borið ábyrgð á bifreiðinni, er slysið varð. Í samræmi við 17. gr. bifreiðalaganna og samkvæmt ákvæðum vátryggingarskírteinisins hafi bifreiðin verið tryggð gegn hverri þeirri einkaréttarskaðabótakröfu, er þeim kynni að verða gert að greiða, er bæri ábyrgð á henni, þegar hún ylli skaðabótaskyldu slysi.

Samkvæmt framansögðu hafi Karl borið ábyrgð á bifreiðinni, er slysið varð, enda hafi hann verið dæmdur til skaðabótagreiðslu samkvæmt almennum reglum. Af því leiði, í samræmi við framanritað, það, að skaðabætur þær, sem honum var gert að greiða Sigurði, falli undir vátrygginguna, og beri tryggingarfélaginu því að greiða þær eins og krafizt sé í málinu.

Að því er þessa málsástæðu snertir, þá heldur stefndur því fram, að það sé tæmandi talið upp í 16. gr. bifreiðalaganna, hverjir beri ábyrgð á bifreið, en það séu, eins og þar greini, aðeins eigandinn og sá, sem notar hana í heimildarleysi. Áðurgreint ákvæði 18. gr. bifreiðalaganna eigi alls ekki við það, að sá, sem noti bifreið í heimild og valdi slysi með henni, sem sé skaðabótaskylt samkvæmt almennum skaðabótareglum, sé talinn bera ábyrgð á bifreiðinni samkvæmt ákvæðum bifreiðalaganna, heldur eigi það einungis við það, að sá maður beri ábyrgð á skaðabótaskyldum verkum sínum á venjulegan hátt, þrátt fyrir sérreglur bifreiðalaganna um ábyrgð á bifreiðum. Karl hafi stýrt bifreiðinni eftir beiðni Sigurðar og í fullri heimild, og hafi því ábyrgðin á bifreiðinni verið hjá eiganda hennar, Sigurði. Og þar sem tryggingin sé aðeins gegn þeim skaðabótakröfum, sem þeim, er ábyrgð beri á bifreiðinni sé gert að greiða, þá leiði af því, að hinar umstefndu kröfur falli ekki undir hana, og sé sér því ekki skylt að greiða þær.

Á þennan skilning stefnds verður rétturinn að fallast, og verða úrslit málsins því þau, að stefndur verður sýknaður af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f f. h. Vátryggingarfélagsins Danske Lloyd, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Garðars Þorsteinssonar f. h. Sigurbjargar Jóhannsdóttur.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 28. apríl 1939.

Nr. 127/1938. **Páll Þorbjörnsson**
gegn
Síldarverksmiðjum ríkisins.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Páll Þorbjörnsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 28. apríl 1939.

Nr. 21/1939. **Jón Eiríksson**
gegn
Sigurgísla Guðnasyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Eiríksson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 28. apríl 1939.

Nr. 26/1939. **Gunnlaugur Bárðarson**
gegn
Bergi Einarssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnlaugur Bárðarson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 3. maí 1939.

Nr. 19/1939. **Valdstjórnin** (Theódór B. Líndal)
gegn
Herði Gestssyni (Lárus Jóhannesson).

Áfengis- og bifreiðalagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa og svipting ökuleyfisins, sem enn hefur ekki verið tekið af kærða, teljist frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málslyktum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 70.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa og svipting ökuleyfisins teljist frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Hörður Gestsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Lárusar Jóhannessonar, kr. 70.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. nóv. 1938.

Ár 1938, þriðjudaginn þann 29. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af Valdimar Stefánssyni, fulltrúa lögreglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2004/1938, Valdstjórnin gegn Herði Gestssyni, sem tekið var til dóms þann 23. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Herði Gestssyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Vesturgötu 54 A hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, lögum nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1931 $^{2}/_{3}$ Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.

1937 $^{2}/_{5}$ Undir rannsókn út af bifreiðaárekstri. Skýrsla send hlutaðeigandi vátryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til frekari meðferðar.

1938 $^{1}/_{5}$ Sætt 30 króna sekt fyrir brot gegn 102. sbr. 101. gr. hinna alm. hegningarlaga.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Föstudaginn þann 21. f. m., kl. 19,55, tilkynnti Daníel Fjeldsted læknir á lögreglustöðina, að þá fyrir skemmstu hefði kona orðið fyrir bifreið á Hverfisgötu, framan við húsið nr. 44. Lögreglan fór þegar heim til læknisins, og hafði þá konan verið borin inn til hans, en hann hafði bundið um höfuð hennar, en hún var mjög blóðug, bæði um andlit og háls. Flutti lögreglan síðan, með aðstoð læknisins, konuna á Landsspítalann til frekari læknisaðgerða. Þegar þangað kom, var konan nokkurnveginn málhress og kvaðst heita Kristín Guðmundsdóttir og eiga heima á Hverfisgötu 62, hér í bænum. Kvaðst hún hafa verið á gangi vestur Hverfisgötu utarlega vinstra megin og ætlað að fara að stíga upp á gangstéttina, þegar bifreið rakst á hana, svo hún féll við og missti meðvitund í svip.

Þann 27. október var kona þessi, sem fullu nafni heitir Kristín Friðrika Guðmundsdóttir, yfirheyrð þar sem hún lá rúmföst á Landsspítalanum. Kvaðst hún í umrætt skipti hafa verið að ganga vestur Hverfisgötu og var ferðinni heitið niður í miðbæ. Gekk hún á akbrautinni nálægt

syðri gangstétt. Þegar hún kom á móts við húsið Hverfisgötu 44, sem stendur sunnan götunnar, kom dökk fólksflutningsbifreið með venjulegu útliti vestan götuna og ók ekki hratt, en snarbeygði í áttina til konunnar. Hélt hún að bifreiðin ætlaði að nema staðar þarna við gangstéttina, en í því að hún hafði stigið að minnsta kosti með annan fótinn upp á gangstéttina, rakst bifreiðin á hana, og telur hún, að í sig hafi rekizt hægra brettið. Hún féll í götuna við árekstur inn og vissi síðan ekki af sér fyrr en inni hjá Daniel Fjeldsted lækni.

Hún kveðst ekki hafa séð númer bifreiðarinnar og ekki inn í hana, en kveðst muna vel, að venjuleg ljós hafi verið á bifreiðinni. Hún kveðst engar bifreiðar hafa séð þarna í nánd aðra en þessa og aðra, er ók á eftir henni. Tvær stúlkur sá hún á gangi á leið inn götuna í áttina til sín, en aðra umferð sá hún ekki.

Við árekstur þennan hlaut Kristín nokkur meiðsli. Hún fékk heilahristing, um 6 cm. langt sár framan á enni, ofantil, marðist mikið á hægri síðu neðan til og hlaut skrámur á hendur og víðar. Í vottorði próf. Guðm. Thoroddsen, gefnu 2. nóvember, segir: „Líðan er nú góð, enginn höfuðverkur né svimi. Hún á að klæðast í dag. Sennilegt, að hún fái engin varanleg mein af áverkanum."

Þann 23. nóvember skoðaði héraðslæknirinn Kristínu, og segir í vottorði hans um þá skoðun, að hún kvarti um mikla hræðslu, einkum úti, við öll farartæki, ef hún lúti höfði, finnist henni ætla að líða yfir sig og að hún hafi máttleysi í öllum líkama og mæði, svo hún sé enn óvinnufær. Þessar kvartanir hennar telur héraðslæknirinn réttar og afleiðingar hinna líkamlegu og andlegu áverka. Héraðslæknir vottar, að hún hafi ör á miðju enni frá hársrótum og niður, ca. 6 cm. á lengd, ekki fullgróið. Hún hafi þykkildi á höku á stærð við stóra sveskju og á því neðan- og framanverðu ör, ca. 2 m. Telur hann þetta hvorttveggja sennilega verða varanleg lýti, minnsta kosti það fyrrnefnda. Þá kveður hann vera þykkildi og eymsli á hægri hupp og niður undir læri eftir mar. Kveður hann ekki verða að svo stöddu lagðan fullnaðardóm á, hversu varanleg mein hennar verða mikil. Til þess sé of skammt liðið frá slysinu.

Af þeim ástæðum hefir þó ekki þótt ástæða til að draga mál þetta.

Í því árekstrinn gerðist voru tvær konur, þær Sigurrós Þorgrímsdóttir, húsfreyja, Hverfisgötu 44, og Vigdís Majasdóttir, ógift, Túngötu 40, á gangi inn Hverfisgötu eftir gangstéttinni, fáa metra fyrir vestan árekstrarstaðinn. Kveðst Sigurrós hafa séð, þegar bifreiðin rakst á konuna, og hafi konan þá verið að stíga upp á gangstéttina.

Hafi hún fallið fram yfir sig og lent með ennið á gangstéttarbrúninni og legið öll uppi á gangstéttinni eftir fallið, Segir hún bifreiðina hafa verið dökka fólksflutningsbifreið og sá hún að ljós voru framan á bifreiðinni, þegar árekstrinn varð. Virtist henni snögglega vera hægt á ökuhraðanum um leið og árekstrinn varð, eins og verið væri að stöðva bifreiðina, en svo hafi hraðinn verið aukinn strax aftur og bifreiðinni ekið brott. Númer bifreiðarinnar sá hún ekki.

Vigdís sá konuna koma gangandi á móti þeim eftir akbrautinni og nálgaðist hún alltaf gangstéttina meir og meir. Jafnframt var tveimur fólksflutningsbifreiðum ekið austur götuna, og var sú fyrri dökk af venjulegri gerð að sjá. Vissi hún svo ekki fyrri til en að þegar konan var alveg komin að gangstéttinni, var fyrri bifreiðinni skyndilega vikið þangað og rakst hún á konuna, svo að hún hentist upp á gangstéttina og lá þar kyrr, og heyrði Vigdís hana ekkert hljóð gefa frá sér. Hún sá ekki númer bifreiðarinnar og tók ekki eftir ökuhraða hennar.

Eftir að árekstrinn hafði gerzt, veitti hún bifreiðunum enga athygli, því að hún hafði þá hugann við að hjálpa konunni og gæta Sigurrósar, sem hún óttaðist, að mundi illa þola að horfa á þessa atburði.

Klukkan 19,55 tilkynnti Fjeldsted læknir slys þetta á lögreglustöðina, en kl. 19,50 ók Sigurður Jónsson bifreiðarstjóri, Hringbraut 74, í bifreið austur Hverfisgötu og var ferðinni heitið að nr. 64 A við þá götu. Á undan honum inn götuna ók 5 manna fólksbifreið, og veitti hann henni enga sérstaka athygli fyrr en hún kom á móts við húsið nr. 42 við Hverfisgötu. Telur hann þessa bifreið hafa ekið inn götuna á um 25 km. hraða, miðað við klukkustund. Þegar á móts við nefnt hús kom og bilið á milli bifreið-

anna var um þrjár bifreiðalengdir, var fyrri bifreiðinni allt í einu vikið þvert til hægri upp að gangstéttinni sunnan megin götunnar, og áleit Sigurður, að bifreiðinni væri ætlað að nema þar staðar. Um leið og bifreiðin kom að gangstéttinni, varð fyrir henni kona, sem var alveg við gangstéttina. Kveðst hann hafa heyrt frekar en séð, að bifreiðin rakst á konuna og að hún féll við það upp á gangstéttina. Hann kveðst ekki hafa séð, að bifreiðin væri hemluð fyrir eða um áreksturinn, og eftir hann var henni ekki vikið snöggt til vinstri, heldur ekið áfram hægra megin á götunni inn eftir fyrst. Virtist honum ökuhraði bifreiðarinnar vera aukinn eftir áreksturinn. Kveðst hann enga athygli hafa veitt ljósum bifreiðar þessarar fyrr en í því, að áreksturinn varð, en þá sá hann þau slokkna, og lifnaði ekki á þeim fyrr en við Hverfisgötu 50, en þá voru öll ljós bifreiðarinnar lifandi. Hann kveður ljós hafa verið inni í bifreiðinni, áður en slysið varð, og hafi hann þá séð tvo menn í aftursæti hennar og mann í ljósum rykfrakka í framsæti við hlið bifreiðarstjórans, og var sá maður að hálfstanda upp og teygja sig upp og yfir bifreiðarstjórann, rétt áður en áreksturinn varð.

Sigurður stöðvaði bifreið sína augnabliksstund á móts við konuna, þar sem hún lá hreyfingarlaus á gangstéttinni og ætlaði að fara að liðsinna henni, en með því að hann sá tvær konur, sem munu hafa verið Sigurrós og Vigdís, vera að koma alveg á slysstaðinn, og hann taldi víst, að þær myndu hjálpa konunni, virtist honum betra að veita bifreiðinni eftirför, þar sem bifreiðarstjóri hennar hafði ekið burtu, án þess að skeyta um konuna.

Ók hann nú nokkuð greitt á eftir bifreiðinni inn götuna og beygði á eftir henni upp Frakkastíg og sá hann ekki númer hennar fyrr en komið var í betri lýsingu á Laugavegi, og var það R. 201.

Var númersspjaldið óhreint, og miðstafurinn, núllið, laskaður og óskýr. Þegar hann hafði séð þetta, ók hann niður í bæ, til að gera lögreglunni aðvart um slysið.

Skömmu eftir slysið fann lögreglan bifreiðina R. 201, sem er svört 5 manna fólksflutningabifreið, Ford, model 1935, með stýri hægra megin, í Aðalstræti, og var þá kærður við stýri hennar. Var hann að dómi lögreglunnar sýnilega undir áhrifum áfengis og lagði af honum vínlykt. Neitaði hann

að finna til áfengisáhrifa, en viðurkenndi að hafa neytt lítilsháttar áfengis. Var hann færður á Landsspítalann og þar tekið úr honum blóðsýnishorn, sem við rannsókn reyndist innihalda 1,44‰ áfengismagn.

Hefir kærður skýrt svo frá, að síðari hluta þessa dags hafi hann ekið með þrjá skipverja af botnvörpungnum „Arinbirni hersi" hér um bæinn og til Hafnarfjarðar. Höfðu farþegarnir, sem allir voru meira og minna ölvaðir, bitterbrennivín meðferðis. Er framburður þeirra nokkuð ósamhljóða um áfengisneyzlu bifreiðarstjórans, svo ekki þykir gerlegt að byggja á þeim. Verður því frásögn kærðs um hana að leggjast til grundvallar, en hún er á þá leið, að hann hafi á leiðinni frá Hafnarfirði drukkið þrisvar úr brennivínsflöskunni. Hafi hann teygað, og gizkar hann á, að hann hafi drukkið um kaffibolla brennivíns í hvert skipti. Kveðst hann af þessu hafa fundið á sér áfengisáhrif, en þau hafi verið svo lítil, að honum fannst hann ekki eiga óhægra með að stýra bifreið en venjulega. Þegar hingað til bæjarins var komið úr Hafnarfjarðarferðinni, ók kærður niður á svokallaða Löngulínu og fóru þar allir út úr bifreiðinni. Síðan var ekið að bifreiðarstöðinni „Aðalstöðin", og telur einn farþeganna sig hafa farið þar úr bifreiðinni, en kærður og einn farþeganna telja báðir, að hann hafi ekki orðið þar eftir, heldur haldið áfram með þeim. Var nú ekið inn Hverfisgötu, og skýrir kærður svo frá, að á þeirri leið hafi farþegarnir verið með læti og háreysti og hafi hann verið að hasta á þá. Kveðst hann greinilega muna, að bifreiðin hafi þá sveigzt út að gangstétt hægra megin, sunnanverðu götunnar, rétt framan við húsið nr. 44. Hann kveðst hafa horft aftur í bifreiðina augnabliksstund, þegar hann var að hasta á farþegana, og þegar hann varð þess var, að bifreiðin stefndi upp að hægri gangstétt, leit hann framundan bifreiðinni aftur, neytti hemlanna, sveigði bifreiðina frá gangstéttinni, hætti að neyta hemlanna og ók svo með svipuðum hraða og fyrr aflíðandi beygju inn á götuna.

Kveðst hann hafa litið fram fyrir bifreiðina, áður en hún komst næst gangstéttinni og áður en hann sveigði frá. Ökuhraðann kveður hann hafa verið 20—25 km. miðað við klukkustund, og framljós bifreiðarinnar kveður hann hafa lifað í öllum þessum akstri, en þau hafi verið dauf. Hann hefir eindregið neitað að hafa orðið þess var, að nokkuð yrði

fyrir bifreiðinni í þetta skipti, og kveðst ekkert hljóð hafa heyrt, nema háreysti í farþegunum.

Enginn farþeganna kveðst heldur hafa orðið áreksturs var, en þeir voru allverulega ölvaðir.

Þó að framburður kærðs og vitnanna séu ekki í öllum greinum samræmir, þykir þó, eins og atvikum hefir verið lýst hér að framan, óyggjandi, að það hafi verið bifreið sú, er kærður ók, sem konan Kristín Friðrika Guðmundsdóttir varð fyrir. Hinsvegar verður ekki talið, gegn eindreginni neitun kærðs, að hann hafi orðið þess var, að árekturinn gerðist. Það virðist að vísu óeðlilegt, að hann skyldi ekki verða árekstrarins var, þar sem stýrið er hægra megin í bifreiðinni og telja verður, að konan hafi orðið fyrir hægri hluta bifreiðarinnar, en þess ber að gæta, að kærður var undir áhrifum áfengis, farþegarnir viðhöfðu háreysti og læti í bifreiðinni, hann var að hasta á þá og horfði meira að segja aftur í bifreiðina, rétt áður en árekturinn varð, og ekkert hefir komið fram, er bendi til þess, að konan hafi gefið frá sér hljóð.

Með því að neyta áfengis og vera undir áhrifum þess við akstur bifreiðarinnar hefir kærður brotið 21 gr. áfengislaganna nr. 33 9. janúar 1935 og 5. gr., 3. og 4. mgr., bifreiðarlaganna nr. 70 8. september 1931. Þá hefir hann og með því að aka yfir á hægri vegarhelming brotið 31. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 7. gr. bifreiðalaganna, og einnig ber að heimfæra brot hans undir 15. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna. Þá hefir hann einnig með því að aka um götur bæjarins á 20—25 km. hraða, miðað við klukkustund, brotið 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Þykir refsing hans samkvæmt 39. gr. áfengislaganna, 14. gr. bifreiðalaganna og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur hæfilega ákveðin 300 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá þykir verða að svipta hann leyfi til að stýra bifreið í 8 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Hörður Gestsson, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í 8 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 50.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. maí 1939.

Nr. 157/1937. **Þórarinn Þórarinsson**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Adolf Karlssyni
(Einar B. Guðmundsson).

Meiðyrðamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. desember 1937, krefst sýknu og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti.

Samkvæmt vottorði læknis hafði Sigurður Guðmundsson, ráðsmaður Dagsbrúnar, „glóðarauga“ á hægra auga eftir aðsúg þann, sem gerður var að honum aðfaranótt þess 2. maí 1937. Um aðra áverka

á honum segir ekki í yfirlýsingu læknisins. Það er ljóst, að stefndi í máli þessu skipaði sér í hóp manna þeirra, sem veittu Sigurði atgönguna, en eftir skýrslum vitnismanna virðist mega ætla, að hann hafi ekki barið á Sigurði. Eftir því, er nú var sagt, var það ofsögum sagt í blaði áfrýjanda, að Sigurður hefði verið barinn til óbóta og að stefndi hefði átt hlut að slíkum barningi. Ber því að ómerkja ummæli blaðsins að þessu leyti. En með því að stefndi með þátttöku sinni í atgöngunni að Sigurði og fulltingi því, er hann þar með veitti mönnum þeim, er á honum börðu, hafði í frammi óhæfilegt og vítavert atferli, þykir ekki bera að láta áfrýjanda sæta sekt fyrir hin átöldu ummæli.

Eftir þessum málslyktum þykir bera að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Hin átöldu ummæli eiga að vera dauð og ómerk svo sem að framan segir.

Áfrýjandi, Þórarinn Þórarinsson, á að vera sýkn af refsikröfu stefnda, Adolfs Karlssonar, í máli þessu.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals kr. 200.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. okt. 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 24. maí s. l. af Adolfi Karlssyni, hér í bæ, gegn Þórarni Þórarinssyni ritstjóra, hér í bænum, út af ummæl-

um, er birtust í óundirritaðri grein 1 100. tbl. V. árg. Nýja Dagblaðsins, er út kom 4. maí s. l., en stefndur er ábyrgðarmaður þess blaðs. Eru ummælin, er stefnandi telur meiðandi fyrir sig, þessi:

„Unglingadeild „breiðfylkingarinnar" beitir hörkubrögðum. Ráðsmaður verkamannafélagsins „Dagsbrún" barinn til óbóta af mörgum árásarmönnum."

„Nazistar hafa bætt einu afreksverkinu enn við fyrri frægðarferil sinn með því að ráðast margir saman á Sigurð Guðmundsson, ráðsmann Dagsbrúnar, síðastl. sunnudagsnótt og berja hann til óbóta."

„Réðust þeir á þá margir í einu, og hengu í honum, meðan aðrir börðu hann í andlitið og víðar —"

Náðu þeir aftur í Sigurð og byrjuðu að berja hann. En ekki fengu þeir þó frekar svalað sér til fulls í það skiptið."

Tveir af árásarmönnum, Adolf Carlsson —".

Krefst stefnandi þess, að ofangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk, að stefndur verði dæmdur í hina þyngstu refsingu, er lög leyfa fyrir þau, að hann verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu og loks, að hann verði skyldaður til að viðlögðum dagsektum að skýra frá úrslitum þessa máls í blaði sínu.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður eftir reikningi eða mati réttarins.

Sýknukröfu sína byggir stefndur á því, að hann telur, að frásögnin í blaðinu sé rétt, þar sem það sé upplýst af lögregluréttarrannsókn þeirri, sem fram hefir farið í málinu, að þessi hópur þjóðernissinna hafi gert svæsna árás á Sigurð Guðmundsson, svo að áverki hlauzt af samkvæmt vottorði læknis. Einnig sé það upplýst, að stefnandi hafi verið í þessum hóp manna, er gerði aðsúginn að Sigurði. Þá heldur stefndur því og fram, að hinum átöldu ummælum sé ekki beint að stefnanda, nema að litlu leyti, og þar af leiðandi eigi stefnandi ekki aðild málsins að því er þau snerti. Hinsvegar sé sá hluti ummælanna, er beinist að stefnanda („Tveir af árásarmönnum, Adolf Carlsson") réttlættur, þar sem það sé sannað, að hann var í umræddum hóp manna, og allir þeir, sem þar voru, séu réttilega nefndir árásarmenn.

Rétturinn lítur svo á, að hin átöldu ummæli séu móðgandi í garð stefnanda, með því að þar er lýst glæpsamlegu

atferli tiltekins hóps manna, er stefnandi er sagður hafa verið þátttakandi í, og verður því sýknukrafa stefnds ekki tekin til greina af þeim sökum að stefnandi eigi ekki aðild málsins hvað meiri hluta ummælanna snerti. Er þá næst að athuga, hvort stefndur hefir með hinum framlögðu gögnum réttlætt hin umstefndu ummæli.

Af vitnaframburðum, svo og skýrslu stefnanda sjálfs fyrir lögregluréttinum verður það að teljast upplýst, að hann var í þeim hóp manna, er umrædda nótt veitti Sigurði Guðmundssyni eftirför. Hinsvegar kveðst stefnandi ekki hafa tekið annan þátt í atferli hópsins en að fylgjast með honum og neitar því eindregið að hafa áreitt Sigurð á nokkurn hátt. Engin af vitnum þeim, er yfirheyrð hafa verið, bera það heldur, að þau hafi séð stefnanda ráðast að Sigurði eða hrópa illyrði til hans. Það verður því ekki talið sannað, að stefnandi hafi gert sig sekan í því atferli, sem lýst er í hinum átöldu ummælum, enda verður það eitt ekki talið réttlæta ummælin, að stefnandi var í umræddum hóp manna, þar sem hann er beint nefndur „árásarmaður" og þar með gefið til kynna, að hann hafi beitt Sigurð Guðmundsson líkamlegu ofbeldi, eins og nánar er lýst í fyrri hluta ummælanna.

Þar sem hin átöldu ummæli eru samkvæmt framansögðu móðgandi fyrir stefnanda og ekki réttlætt, þykir verða að ómerkja þau og refsa stefndum fyrir þau. Þykir refsingin samkvæmt 217. sbr. 218. gr. hinna almennu hegningarlaga hæfilega ákveðin 75 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd áður en aðfararfrestur er liðinn, 5 daga einfalt fangelsi. Svo greiði stefndur og stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.00.

Stefnandi hefir krafizt þess, að stefndur verði að viðlögðum dagsektum skyldaður til að skýra frá úrslitum máls þessa í blaði sínu.

Samkvæmt 11. gr. tsk. frá 9. maí 1855 getur hver sá, er „þykist vera áreittur í einhverju tímariti, eða sem æskir að leiðrétta það, sem um hann er sagt í ritinu, ... krafizt, að veitt sé viðtaka borgunarlaust í ritið auglýsingu um að mál sé höfðað út af áreitninni, sem og um málalok, eða leiðréttingu —". Síðar í greininni segir, að áðurnefnda „auglýsingu" eða „leiðréttingu" skuli „taka upp í fyrsta eða

annað númer af tímaritinu, sem kemur út næst á eftir að hann hefir æskt viðtökunnar með vottum —".

Það verður því að líta svo á, að til þess að unnt sé að þvinga hlutaðeiganda (í þessu tilfelli stefndan) til að skýra frá málalokum, eins og gert er ráð fyrir í síðustu máls-gr. áðurnefndrar lagagreinar, verði að liggja fyrir frá stefnanda samin skýrsla um málalok („auglýsing"), lögskipuð birting á áskorun um að taka við skýrslunni og loks synjun stefnds á því að veita henni viðtöku. En ekkert af þessu liggur fyrir í málinu, og þykir því ekki vera unnt að taka framangreinda kröfu stefnanda til greina.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind meiðandi ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Stefndur, Þórarinn Þórarinsson, greiði 75 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd áður en aðfararfrestur er liðinn, 5 daga einfalt fangelsi. Svo greiði stefndur og stefnandanum, Adolf Karlssyni, kr. 60.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. maí 1939.

Nr. 28/1939. **Réttvísin og valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Oddi Ólafssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Brot bifreiðarstjóra gegn 200. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum verður að dæma ákærða

til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Oddur Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 9. febrúar 1939.

Ár 1939 fimmtudaginn 9. febrúar var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni settum lögreglustjóra, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2555/1938: Réttvísin og valdstjórnin gegn Oddi Ólafssyni.

Málið er höfðað gegn ákærða fyrir brot gegn 17. kapítula hinna almennu hegningarlaga og lögum nr. 70 1931 um notkun bifreiða. Það var dómtekið hinn 17. janúar s. l.

Ákærði, Oddur Ólafsson stud. med., til heimilis Leifsgötu 9 hér í bæ, er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann er fæddur hinn 11. maí 1914 hér í Reykjavík. Hann hefir aldrei sætt refsingu.

Hinn 5. nóvember s. l. um kvöldið fékk ákærði léða bifreiðina R 28 til þess að aka um bæinn. Hafði hann setið inni á kaffihúsi um kvöldið, en datt nú í hug að fá léða bifreið til að æfa sig í akstri. Annars kveðst hann hafa ekið allmikið áður, þar á meðal verið eitt sumar (1937) með bifreið sömu tegundar og bifreið sú er, sem hann nú fékk lánaða.

Ákærði ók fyrst um miðbæinn og síðan inn Hverfisgötu og tók þar upp í bifreiðina systur sínar tvær, Valgerði og Ragnhildi, og hugðist að aka þeim heim. Ók hann síðan upp Barónsstíg, en á móts við húsið nr. 51 varð stúlkan Guðrún Guðbrandsdóttir fyrir bifreiðinni. Ákærði flutti hana þegar á Landsspítalann, og andaðist hún þar hinn 9. sama mánaðar.

Lík stúlkunnar var krufið, og segir próf. Níels Dungal svo frá áverkum hennar og dánarorsök:

„Líkskoðun og krufning hafa sýnt, að hin látna hefir orðið fyrir mjög miklum áverka, sem aðallega hefir hitt höfuðið v. megin og vinstra fót neðan við hnéð, svo að sköflungurinn hefir brotnað og sperrileggurinn tvíbrotnað. Áverkinn hefir þó líklega komið á hægri fót eins og sést af hinu mikla mari þeim megin. Gæti þetta komið heim við, að bíllinn hefði ekið beint á stúlkuna þar sem hún var að ganga yfir götu, þormur bílsins rekist á vinstra fót neðan við hné, en ferðin á bílnum svo mikil, að stúlkan keyrist um koll og höfuðið skellur á vélarhúsinu.

Dánarorsökin er heilablæðingarnar, sem hlotizt hafa af hristingi, sem sýnilega hefir verið mjög mikill. Beinbrotið á v. fæti er svo mikið, að það getur hafa átt sinn þátt í dauðdaganum."

Lögreglan athugaði bifreiðina eftir slysið, og reyndust hemlar hennar þá vera í lagi og ljós skýr. Eigandi bifreiðarinnar og ákærði sjálfur hafa talið, að bifreiðin hafi verið skítug og rúðurnar ekki fægðar, og segir ákærði, að setzt hafi dögg á rúðurnar, enda var rigningarúði á. Þurkarinn vinstra megin var ekki í lagi, en stýri bifreiðarinnar er hægra megin. Færi var blautt, og telur ákærði, að götuljósanna hafi lítið gætt og gatan því verið dimm. Ljósin hafi endurspeglazt í blautu asfaltinu og orðið hálfgerð villuljós.

Ákærði kveðst hafa ekið á um 20 km. hraða miðað við klst., en las þó ekki á hraðamæli bifreiðarinnar. Hann tók eftir, að bifreiðin R 834 ók á móti honum, og segir, að ljósum þeirrar bifreiðar hafi brugðið fyrir sig eitt augnablik. Ívið síðar varð stúlkan fyrir bifreið hans, og kveðst hann ekki geta gert sér grein fyrir, hvort gerðist fyrr, að hann sá stúlkuna eða fann áreksturinn. Kveðst hann ekkert geta um það borið, í hvaða stefnu stúlkan var að ganga eða

hvernig hún sneri, því að hún hafi verið að hrökkva frá bifreiðinni, þegar hann kom auga á hana. Hafa ekki orðið leidd vitni um þetta atriði. Hann segir, að höggið hafi komið vinstra megin á bifreiðina og stúlkan hrokkið til vinstri. Hann kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, í hvaða stellingum hún lá eftir slysið eða hvert hún sneri. Bifreiðina telur hann sig hafa stoppað á augnabliki og muni hún í mesta lagi hafa runnið ½—1 metra.

Systur ákærða hafa verið leiddar sem vitni í málinu. Telja þær hraða bifreiðarinnar hafa verið lítinn. Báðar halda þær því fram, að sterk ljós hafi skinið inn í bifreiðina frá R. 834. Önnur þeirra sá stúlkunni bregða fyrir um leið og hún varð fyrir bifreiðinni, en hin tók ekki eftir henni. Um legu stúlkunnar á götunni eru framburðir þeirra óljósir.

Bifreiðarstjórinn á R. 834 var Ólafur Tryggvason verkfræðingur. Hann telur ákærða hafa ekið á um 20 km. hraða. Rétt áður en bifreiðarnar mættust, kveðst hann hafa tekið eftir stúlkunni, var hún þá rétt fyrir framan R. 28 og virtist snúa baki að bifreiðinni. Annars kveðst hann ekki geta um það sagt, hvaðan hún kom eða hvert hún var að fara, því á næsta augnabliki rakst bifreiðin á hana og féll hún upp að bifreiðinni. Hann stöðvaði þegar bifreið sína og aðstoðaði ákærða við að flytja stúlkuna á spítalann. Á bifreið sinni kveðst hann hafa haft lægri ljósin uppi.

Undir rannsókn málsins fór fram athugun á vettvangi. M. a. var bifreiðunum ekið eftir götunni á sama hátt og ætla mátti, að þær hefðu ekið þegar slysið varð. Við þá athugun varð þess ekki vart, að ljósin frá R. 834 verkuðu á útsýn frá R. 28, þegar bifreiðarnar mættust. Þrátt fyrir þetta þykir verða að leggja framburð ákærðs um þetta atriði til grundvallar, með því að hann er studdur af vitnum þeim, er í bifreið hans sátu.

Rétturinn verður að líta svo á, að þess verði undantekningarlaust að krefjast af bifreiðarstjóra að hann taki eftir fólki, sem er fyrir framan bifreið hans, og eftir því sem skilyrði til þess eru erfiðari beri honum að fara varlegar. Í málinu er ekki upplýst, hvernig ferðum Guðrúnar heitinnar var háttað, að öðru leyti en því, að hún var stödd framundan bifreiðinni áður en áreksturinn varð, án þess að ákærði veitti henni eftirtekt, fyrr en um leið og bifreiðin skellur á henni. Þykir það aðgæzluleysi hans, sem telja

verður orsök slyssins, varða við 200. gr. hinna almennu hegningarlaga. Refsing hans þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 20 daga einfalt fangelsi. En með tilliti til ungs aldurs hans þykir mega ákveða refsinguna skilorðsbundna samkvæmt lögum nr. 39 1907.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Kristjáns Steingrímssonar bæjarfógetafulltrúa, er ákveðast kr. 100.00.

Málið hefir verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Oddur Ólafsson, sæti 20 daga einföldu fangelsi.

Refsingunni skal fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 1907 eru haldin.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Kristjáns Steingrímssonar, bæjarfógetafulltrúa, kr. 100.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. maí 1939.

Nr. 27/1939. **Samábyrgð Íslands á fiskiskipum f. h. Einars G. Sigurðssonar**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Lárusi Fjeldsted f. h. eigenda og skipshafnar b/v Berkshire, Grimsby, og gagnsök (Theodor B. Lindal).

Þóknun fyrir dráttaraðstoð skips.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. febr. þ. á., skotið máli þessu til hæstaréttar með

stefnu 7. marz s. á. Hefur hann krafizt aðallega sýknu, en til vara, að upphæð sú, er dæmd kynni að verða, verði færð niður frá því, er í héraðsdóminum segir, eftir mati hæstaréttar. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 14. marz þ. á. hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu 15. s. m., hefir krafizt þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 8000.00 með 5% ársvöxtum frá 30. marz 1937 og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati dómsins. Loks krefst hann viðurkenningar dómsins á sjóveðrétti í v/b „Arnbjörn Ólafsson" G. K. 512 til tryggingar framangreindum kröfum sínum.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann, þó með þeim viðauka, að viðurkenna ber sjóveðrétt í v/b „Arnbjörn Ólafsson" G. K. 512 til handa gagnáfrýjanda samkvæmt 4. tölul. 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Héraðsdómur í máli þessu er kveðinn upp þann 29. júní 1937. Þann 20. okt. s. á. skaut aðaláfrýjandi málinu til hæstaréttar og þann 26. s. m. var því gagnáfrýjað, en með því að venjulegur áfrýjunarfrestur var þá liðinn, hurfu aðiljar frá þeirri áfrýjun 30. jan. þ. á. og hófu þá málið. Með því að afla ekki áfrýjunarleyfa í öndverðu og með hinum langa drætti á að fá úr þessu bætt hafa umboðsmenn aðilja, hæstaréttarmálflutningsmennirnir Sveinbjörn Jónsson og Theódór B. Lindal, stofnað hagsmunum umbjóðenda sinna í hættu, þar eð þeir gátu tæplega

vænzt þess, að áfrýjunarleyfi yrði veitt, er svo langt var liðið, og verður því að víta þá fyrir vangæzlu þessa.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að gagnáfrýjandi hafi sjóveðrétt í v/b „Arnbjörn Ólafsson" G. K. 512 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 29. júní 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. þ. m., er með samkomulagi málsaðilja höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 30. marz s. l. af stjórn The Berkshire Fishing Co. Ltd., Grimsby, f. h. félagsins og skipshafnar á b/v „Berkshire" gegn Carl Finsen, framkvæmdarstjóra, vegna Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum f. h. Einars G. Sigurðssonar, Keflavík, eiganda v/b „Arnbjörn Ólafsson", til greiðslu björgunarlauna að upphæð kr. 8000.00 með 5% ársvöxtum frá 14. des. 1936 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Ennfremur krefjast stefnendur þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/b „Arnbjörn Ólafsson" fyrir hinum tildæmdu kröfum.

Stefndur krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnenda og að sér verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður, en til vara krefst hann þess, að hin umstefnda upphæð verði lækkuð að miklum mun, vextir aðeins reiknaðir frá stefnudegi og málskostnaður verði þá aðallega látinn falla niður, en til vara mikið lækkaður.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt sunnudagsins 13. des. f. á., kl. 1 eftir miðnætti, fór vélbáturinn „Arnbjörn Ólafsson", sem er 20 tonn að stærð með 4 manna áhöfn, í róður frá Keflavík, og lagði báturinn lóðir sinar ca. 16 sjómílur NV af Garðskaga. Kl. 9 f. h. var byrjað að draga inn lóðirnar,

en kl. 12.45, er skipverjar höfðu dregið inn 8 bjóð af 20, er þeir höfðu lagt, urðu þeir varir við, að skrúfan slóst í eitthvað og missti báturinn þá ferðina. Við athugun kom í ljós, að skrúfan hafði slegizt í rekastaur með þeim afleiðingum, að skiptirör o. fl. hafði brotnað. Töldu skipverjar þá sýnilegt, að vélin yrði ekki notuð frekar að sinni og settu því upp segl og héldu í suðaustur. Samkvæmt skýrslu formannsins á vélbátnum hér fyrir réttinum var vindur þá NA—N og vindhraði talinn 5 vindstig.

Strax eftir að slys þetta hafði skeð, sendi formaður vélbátsins út hjálparbeiðni gegnum talstöð þá, er í bátnum var, og kl. 2.55 e. h. náði hann sambandi við loftskeytastöðina í Reykjavík. Skýrði formaðurinn þá frá því, hvernig komið væri, og beiddist aðstoðar Slysavarnarfélags Íslands, enda taldi formaðurinn þá vind vera vaxandi og sjó líka. Loftskeytastöðin í Reykjavík náði síðan sambandi við enskan togara, „Northern Duke" frá Fleetwood, er fór til hjálpar vélbátnum og komst til hans um kl. 5. e. h. Tóku bátsverjar þá niður seglin, en skipverjar á togaranum gerðu sex tilraunir til að fleyta línu til vélbátsins á bjarghring, en allar þær tilraunir urðu árangurslausar. Meðan þessu fór fram, kom stórsjór á bátinn, sem tók burtu lúguna yfir vélarúminu, og kom þá svo mikill sjór niður í vélarúmið, að ljósavélin varð ónothæf. Talaði formaður vélbátsins nú aftur við loftskeytastöðina í Reykjavík og skýrði frá því, hve illa gengi að ná sambandi við b/v „Northern Duke", og var honum þá sagt, að annar brezkur togari, „Berkshire" frá Grimsby, væri á leiðinni til hans og væri þar íslenzkur fiskilóðs (Fishing Pilot) um borð. Skipstjórinn á togara þessum hefir í framlagðri skýrslu sagt, að þennan dag kl. 6. e. h. hafi hann verið staddur um 40 sjómílur suður af Snæfellsjökli á siglingu til nýrra fiskimiða, er honum hafi borizt hjálparbeiðni frá v/b „Arnbjörn Ólafsson", og kveðst hann þá hafa breytt um stefnu (frá S til S—SV) í áttina til bátsins. Kom togarinn á staðinn kl. 7.15 e. h. og hóf þá tilraunir með að koma dráttartaug til vélbátsins. Ber aðiljum ekki saman um, hvernig þær hafi farið fram, því að formaður vélbátsins segir, að margir belgir með línu hafi verið látnir út frá togaranum og bátsverjar síðan náð í þær, en skipstjórarnir á b/v „Northern Duke" og „Berkshire" segja, að línunni hafi verið kastað til vélbátsins um

leið og togarinn hafi siglt eins nærri bátnum og frekast var fært. En það er viðurkennt, að við aðra atrennu, um kl. 7.30—7.45, náðist samband við vélbátinn. Um þetta leyti telur bátsformaðurinn vindhraðann hafa verið um 9 vindstig og nokkura snjókomu, og hinir ensku togaraskipstjórar segja, að þá hafi verið norðaustan stormur og jeljagangur.

Eftir að öruggri dráttartaug frá togaranum hafði verið komið til vélbátsins, hélt togarinn af stað með vélbátinn í eftirdragi í áttina til Reykjavíkur, og var komið þangað heilu og höldnu kl. 6—8 f. h. næsta dag (14. des.) og lagzt fyrir utan hafnargarða. Eftir frásögu togaraskipstjórans kom tollbátur úr landi fyrst kl. 11.20 f. h. og dró hann vélbátinn inn á höfn, en togarinn hélt síðan af stað áleiðis til Englands.

Stefnendur þessa máls, sem eru eigendur og skipshöfn á b/v „Berkshire", halda því fram, að með tilliti til þess, að v/b „Arnbjörn Ólafsson" hafi í umrætt skipti verið staddur í ýtrustu neyð, að björgun hans, sem tókst fullkomlega, hafi verið erfið og hættuleg og beitt hafi verið við hana hinni beztu sjómennsku og verklægni, að b/v „Berkshire" hafi tafizt nær sólarhring vegna björgunarinnar og þannig eytt meiri kolum en ella og misst af afla, að dragstrengi hafi b/v „Berkshire" lagt til, og loks, að v/b „Arnbjörn Ólafsson" hafi ásamt veiðarfærum o. fl. verið a. m. k. 30—32000 kr. virði, — þá sé það ljóst, að eiganda og vátryggjanda vélbátsins beri að greiða þeim björgunarlaun, er séu sanngjarnlega ákveðin kr. 8000.00. En þar sem þeir hafi reynzt ófáanlegir til þess, sé mál þetta höfðað og í því gerðar framangreindar réttarkröfur.

Aðalkröfu sína um sýknu byggir stefndur á því, að ráðendur b/v „Berkshire" hafi lofað að veita vélbátnum aðstoð sína ókeypis. Skírskotar hann í þessu sambandi til þess, að formaðurinn á vélbátnum hefir borið það hér fyrir réttinum og einnig er það haft eftir honum í framlagðri grein í dagblaði hér í bænum um hrakninga vélbátsins, að þegar komið var hingað til Reykjavíkur, hafi hann spurt hinn íslenzka fiskilóðs á b/v „Berkshire", hverja borgun ætti að greiða fyrir þessa aðstoð, en hann hafi þá sagt, að drátturinn skyldi vera ókeypis, þar sem þeir hefðu ekki þurft að svara hafnargjöldum hér í Reykjavík.

Af hálfu stefnanda hefir því fyrst og fremst verið mótmælt, að umræddur maður hafi lofað þessu, og auk þess er því haldið fram, að þótt svo væri, hafi hann brostið alla heimild til slíkrar loforðsgjafar svo að bindandi væri fyrir eigendur og skipshöfn togarans, þar sem hann hafi engin slík ráð haft á skipinu.

Gegn þessum mótmælum stefnanda hefir stefndum ekki tekizt að færa sönnur á staðhæfingar sínar að þessu leyti, og verður því aðalkrafa hans um sýknu af þessum sökum ekki tekin til greina.

Kemur þá næst til athugunar varakrafa stefnds. Þessa kröfu sína um verulega lækkun á stefnukröfunum byggir stefndur í fyrsta lagi á því, að hér hafi aðeins verið um aðstoð að ræða, en ekki björgun.

Á þetta verður rétturinn að fallast. Að vísu gat vélbáturinn engin not haft af vél sinni, rafljósin höfðu slokknað og lúgan brotnað ofan af vélarúminu. Ennfremur telja báðir aðiljar, að hvasst hafi verið og mikill sjór um það leyti er b/v „Berkshire" náði sambandi við vélbátinn. Hinsvegar verður að telja það upplýst að veður fór nokkuð fljótt batnandi þar á eftir, og með tilliti til stærðar vélbátsins og þess, að báturinn hafði allan stýris- og seglaútbúnað og legufæri sín í lagi, talstöð hans var nothæf, báturinn lekalaus og nógar vistir um borð, verður ekki litið svo á, að v/b „Arnbjörn Ólafsson" hafi í umrætt skipti verið staddur í neyð, enda sést það af framlögðu vottorði frá veðurstofunni um veðrið á Reykjanesvita þennan dag, að undir landi hefir vindur verið miklu hægari og sjór minni, og samkvæmt framansögðu verður því að telja það sennilegt, að vélbáturinn hefði upp á eigin spýtur getað bjargað sér til lands.

Að þessu athuguðu verður hjálp sú, er b/v „Berkshire" veitti vélbátnum, ekki talin björgun samkvæmt 229. gr. siglingalaganna, og verða stefnendum því eigi dæmd björgunarlaun, og þar af leiðandi verður krafa þeirra um sjóveðrétt ekki tekin til greina, enda þótt telja verði, að þeir eigi kröfu til að fá þóknun fyrir aðstoð þá, er þeir létu vélbátnum í té.

Stefnendur hafa haldið því fram, að togarinn hafi tafizt hér um bil sólarhring vegna aðstoðarinnar við vélbátinn, og hafi það haft í för með sér aukna kolaeyðslu og afla-

tjón, þar sem togarinn hafi verið á leið til fiskimiða, er hjálparbeiðnin barst frá vélbátnum. En vegna þessarar tafar hafi þeir ekki getað bætt við sig frekari afla, heldur hafi þeir orðið að sigla strax áleiðis til Englands til þess að missa ekki af markaði þar.

Krefjast stefnendur þess, að m. a. verði tekið tillit til þessa við ákvörðun þóknunar fyrir aðstoðina við b/v „Arnbjörn Ólafsson". Hafa þeir í þessu sambandi lagt fram vottorð frá fiskimálanefnd um verð á fiski í Englandi um þessar mundir og vottorð frá togaraskipstjórum um meðalafla togara á sólarhring í Faxaflóa um þetta leyti.

Stefndur hefir hinsvegar mótmælt því að nokkurt tillit verði tekið til þess, bæði af því, að teljast verði útilokað, að togarinn hefði getað veitt nokkuð í því veðri, sem var um þessar mundir, og auk þess hafi ferðin til Reykjavíkur verið farin umfram alla nauðsyn og ekki að ósk formannsins á vélbátnum, er vildi fara til Keflavíkur, og sé það ljóst, að stefndur eigi ekki að gjalda þess aukna kostnaðar, sem sú ferð hafði í för með sér.

Samkvæmt framlögðu vottorði frá togaraskipstjóra getur það ekki talizt útilokað, að togarinn hefði getað veitt á þessum slóðum í veðri því, sem að framan er lýst, og verður því að gera ráð fyrir, að togarinn hafi misst af nokkrum afla vegna aðstoðarinnar við vélbátinn.

Hinsvegar verður að fallast á það með stefndum, að engin nauðsyn hafi verið á því að fara með vélbátinn alla leið til Reykjavíkur, og verður því ekki tekið tillit til þeirrar tafar og kostnaðar, sem af för þeirri leiddi fram yfir það að fara með bátinn til hinnar næstu öruggu hafnar, t. d. Keflavíkur.

Að þessu öllu athuguðu, svo og því, að aðstoðin var vel og rösklega veitt, að togarinn lagði til dráttarstrengi og að v/b „Arnbjörn Ólafsson" mun a. m. k. hafa verið 30 þúsund króna virði með öllu, sem í honum var um þetta leyti, þykir þóknunin fyrir aðstoðina hæfilega ákveðin kr. 4500.00 auk vaxta, ér reiknast 5% p. a. og teljast frá stefnudegi.

Samkvæmt þessum málalokum verður stefndum og gert að greiða stefnendum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Carl Finsen f. h. Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum f. h. Einars G. Sigurðssonar eiganda v/b „Arnbjörn Ólafsson", greiði stefnendum, eigendum og skipshöfn b/v „Berkshire", kr. 4500.00 með 5% ársvöxtum frá 30. marz 1937 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. maí 1939.

Nr. 11/1937 **Jónas Sveinsson**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu f. h. sýslusjóðs (Jón Ásbjörnsson).

Skuldamál. Kröfum vísað frá héraðsdómi vegna ófullnægjandi greinargerðar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. febr. 1937, hefir krafizt þess aðallega, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda kr. 78.78, en til vara kr. 286.73, hvorttveggja með 6% ársvöxtum frá 28. sept. 1933 til greiðsludags. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að niðurstaða héraðsdóms um kröfur í aðalsök þessa máls í héraði er ekki vefengd, þá ber að staðfesta hana, þar á meðal um greiðslu málskostnaðar. En fyrir kröfum í gagnsök í héraði er

ekki svo skýr grein gerð sem nauðsynlegt er til að leggja dóm á þær að efni til, og þykir því rétt að vísa gagnsökinni frá héraðsdómi, enda falli málskostnaður í henni niður, eins og í héraðsdómi segir.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Niðurstaða héraðsdóms í aðalsök í héraði á að vera óröskuð.

Gagnsök í héraði vísast frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Jónas Sveinsson, greiði stefnda, sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu f. h. sýslusjóðs, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. des. 1936.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 28. marz 1934 af cand. jur. Hilmari Thors, hér í bæ, f. h. sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu gegn Jónasi Sveinssyni lækni, Sólvallagötu 12 hér í bænum, til greiðslu húsaleiguskuldar fyrir læknisbústaðinn á Blönduósi að upphæð kr. 1058.23 með 6% ársvöxtum frá 28. september 1933 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt taxta M. F. Í. eða mati réttarins.

Aðalstefndur hefir viðurkennt kröfu aðalstefnanda í aðalsök, en jafnframt hefir hann að undangenginni árangurlausri sáttaumleitun með stefnu útgefinni 10. apríl 1934 höfðað gagnsök og í henni gert þær kröfur, að gagnstefndur (aðalstefnandi) verði með eða án skuldajafnaðar við dómkröfur aðalsakar dæmdur til að greiða sér kr. 1665.15, en þá upphæð hefir hann þó fært niður í kr. 1348.50, með 6% ársvöxtum frá 28. september 1933 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í gagnsök krefst gagnstefndur aðallega frávísunar á gagnsökinni sökum þess að hún sé ólöglega höfðuð, en þeirri kröfu hefir verið hrundið með úrskurði í rekstri málsins. Til vara krefst hann sýknu, og málskostnaðar krefst hann, hver sem úrslit gagnsakar kunna að verða.

Tildrög máls þessa eru þau, að aðalstefndur, sem var héraðslæknir á Blönduósi, skuldaði aðalstefnanda húsaleigu fyrir læknisbústaðinn þar fyrir árin 1932 og 1933, samtals að upphæð kr. 1483.33. Gaf sýslumaður Húnavatnssýslu út tvær ávísanir á aðalstefndan fyrir þessari upphæð og skyldu þær greiðast til sjúkrahússins á Blönduósi. Aðalstefndur ritaði á ávísanir þessar, að þær ættu að greiðast sín vegna af gjaldkera sjúkrahússins á Blönduósi. Greiðslan fór þó aldrei fram, og höfðaði aðalstefnandi því mál þetta til greiðslu ávísanaupphæðanna, kr. 1483.33 að frádregnum kr. 425.10, sem hann þó í rekstri málsins hefir talið dregnar frá um skyldu fram og hefir áskilið sér rétt til að stefna út af í sérstöku máli.

Aðalsök. Eins og áður getur, eru dómkröfur aðalstefnanda í aðalsök viðurkendar, og er því ekki ástæða til að athuga þær nánar.

Gagnsök. Kröfur í gagnsökinni byggir gagnstefnandi á því, að sjúkrahúsið á Blönduósi, sem gagnstefndur (aðalstefnandi) eigi og reki, skuldi sér upphæð þá, er í gagnsök sé krafizt. Skuld þessa kveður gagnstefnandi vera fyrir meðöl og hjúkrunargögn, er hann hafi látið sjúkrahúsinu í té úr lyfjabúð sinni, og því beri að borga.

Sýknukröfuna byggir gagnstefndur á því, að samkvæmt samningi milli málsaðilja hafi gagnstefnanda sjálfum borið að leggja til þau meðöl og hjúkrunargögn, sem hann nú telji sig hafa látið sjúkrahúsinu í té gegn ákveðnu gjaldi frá sjúklingum sjúkrahússins, sem hann hafi sjálfur átt að innheimta. Sér geti því ekki borið nein skylda til að greiða upphæð þessa, jafnvel þótt rétt væri, að gagnstefnandi hefði lagt sjúkrahúsinu meðöl þau og hjúkrunargögn, sem hann stefni til greiðslu á.

Samkvæmt útdrætti úr gjörðabók sjúkrahússins á Blönduósi, sem lagður hefir verið fram, gerðu aðiljar svohljóðandi samning sín á milli 14. júlí 1932:

„Héraðslæknirinn (þ. e. gagnstefnandi) tekur að sér að leggja til nauðsynleg lyf úr lyfjabúð, umbúðir o. fl. gegn

aukagjaldi frá sjúklingum og gjaldi frá ríkissjóði fyrir sótthreinsunarlyf".

Á fundi stjórnarnefndar sjúkrahússins, sem gagnstefnandi var mættur á, og haldinn var 16. maí 1933, er eftirfarandi bókað: „Jónas Sveinsson læknir mætti á fundinum, og var samið við hann að leggja til lyf og lyfjabúðarvörur, sem með þarf frá 14. maí 1933—14/5 1934, með sömu kjörum og síðastliðið ár, að hann setji sem aukagjald á reikning skurðarsjúklinga kr. 15.00. Fyrir sjúklinga, sem ganga í ljós og ekki eru á sjúkraskýlinu tekur læknir enga borgun". Undir bókun þessa skrifaði gagnstefnandi samþykki sitt.

Gagnstefnandi heldur því fram, að samningur sinn við gagnstefndan hafi aðeins tekið til skurðsjúklinga. Sér hafi aðeins borið að leggja þeim til „nauðsynleg lyf úr lyfjabúð, umbúðir o. fl.", enda hafi aukagjaldið aðeins verið lagt á reikninga þeirra. Lyfjabúðarvörur þær, sem hann stefni til greiðslu á í gagnsökinni, hafi hinsvegar allar runnið til annara sjúklinga og sjúkrahússins sjálfs, og þareð samningurinn nái ekki til þessa og hann hafi því ekki lagt aukagjald á reikninga annara sjúklinga en skurðsjúklinga, þá beri gagnstefndum að greiða sér umstefnda upphæð.

Gagnstefndur heldur því hinsvegar fram, að samkvæmt samningum aðilja hafi gagnstefnanda borið að leggja öllum sjúklingum sjúkrahússins til „nauðsynleg lyf úr lyfjabúð, umbúðir o. fl.", og hafi honum verið heimilt að leggja fimmtán króna aukagjald á reikning allra sjúkrahússjúklinganna, sem ekki voru sérstaklega undanteknir, og hafi þetta aukagjald átt að vera full greiðsla til gagnstefnanda fyrir lyfjabúðarvörur til sjúkrahússins. Gagnstefnandi hafi sjálfur átt að sjá um innheimtu gjaldsins, og hafi hún verið alveg á hans ábættu, sér geti því ekki borið að greiða hina umstefndu skuld, jafnvel þótt rétt væri, sem hún þó ekki sé.

Í máli þessu hefir verið lagt fram vottorð setts sýslumanns í Húnavatnssýslu dags. 5. nóv. 1934, þar sem segir, að samkvæmt reikningum sjúkrahússins og sjúklingabók þess hafi gagnstefnandi tekið 15 kr. aukagjald fyrir hvern sjúkling á sjúkrahúsinu, eða árið 1932 fyrir 52 sjúklinga og árið 1933 fyrir 89 sjúklinga.

Ennfremur hefir verið lagt fram vottorð gjaldkera sjúkrahússins um það, að sjúklingar á sjúkrahúsinu hafi verið

árið 1932 113 og árið 1933 165, en aukagjald aðeins verið tekið af þeim, sem sæfðir voru eða deyfðir til aðgerða. Vottorð þetta er dagsett 17. des. 1935 og hefir sami setti sýslumaður í Húnavatnssýslu ritað á það, að tölurnar séu rétt teknar upp eftir sjúklingabók sjúkraskýlisins á Blönduósi.

Rétturinn telur nú, að enda þótt fyrra vottorðið virðist gefa það í skyn, að aukagjaldið hafi verið tekið af öllum sjúklingum, er á sjúkrahúsið komu, þá sé hér aðeins um ónákvæmt orðalag að ræða, og sé átt við, að aukagjaldið hafi verið tekið af öllum skurðsjúklingum, en síðara vottorðið verður talið sanna, að aukagjaldið hafi ekki verið tekið af öðrum sjúklingum. Þrátt fyrir orðalag samningsins í bókuninni frá 14. júlí 1932, verður rétturinn því að telja, að tilætlun aðilja hafi aðeins verið sú, að samningurinn heimilaði gagnstefnanda að leggja umrætt aukagjald á skurðsjúklinga, sbr. og orðalag síðari bókunarinnar um þetta atriði.

Og með því að rétturinn telur mjög óeðlilegt, að gegn því að leggja aukagjaldið á skurðsjúklinga eina hafi gagnstefnandi átt að láta öllum sjúklingum sjúkrahússins í té „nauðsynleg lyf úr lyfjabúð, umbúðir o. fl.“ án annars endurgjalds, og með því að það verður ekki talið sannað gegn neitun hans, þá verður rétturinn að fallast á þann skilning gagnstefnanda, að honum beri sérstakt endurgjald fyrir þau lyf, umbúðir o. fl., sem hann hefir látið aðra sjúklinga sjúkrahússins og sjúkraskýlið sjálft fá.

Gagnstefnandi hefir lagt fram „reikning“ um vörur þær, sem hann telur sér bera sérstaka greiðslu fyrir frá gagnstefndum. Gagnstefndur hefir mótmælt hverjum einstökum lið þessa „reiknings“, sumum úttektarliðunum vegna þess að úttektirnar hafa aldrei átt sér stað, en öðrum á þeim grundvelli, að það, sem út var tekið, hafi gagnstefnandi sjálfur átt að borga vegna þess að það hafi verið notað við skurðarsjúklinga. Gagnstefnandi hefir haldið því fram, að mótmæli þessi séu of seint fram komin, en eftir flutningi málsins telur rétturinn þau hafi komið fram eins fljótt og ástæða var til þeirra, og verða þau því talin fullgild.

Eins og hér stendur á, telur rétturinn sönnunarbyrðina fyrir því, að úttektirnar hafi farið fram svo og því, að lyfjabúðarvörurnar hafi verið notaðar handa sjúklingum,

sem ekki voru skurðsjúklingar, eða sjúkrahúsinu sjálfu, hvíla óskipt á gagnstefnanda. Í málinu hefir verið lagt fram nótarialiter staðfest afrit af „kladda“ gagnstefnanda, og nær það yfir nokkurn hluta tíma þess, sem úttektirnar samkvæmt „reikningnum“ hafa farið fram á. Afrit þetta er að langmestu leyti gersamlega ósamhljóða „reikningnum“ og ber það með sér, að bók sú, sem það er tekið eftir, hefir ekki fullnægt þeim skilyrðum, að hún verði talin frumbók í merkingu laga um verzlunarbækur nr. 53 frá 1911, og með því að gagnstefnandi hefir heldur ekki sannað úttektir þær, sem mótmælt er á annan hátt, eða að úttektir þær, sem ekki er mótmælt, hafi verið notaðar handa öðrum sjúklingum en skurðsjúklingum eða sjúkrahúsinu sjálfu, þá er ekki unnt að taka kröfur hans í gagnsökinni til greina.

Einn liður gagnsakar er „ýmsar greiðslur vegna hússins, kr. 175.65“. Það verður ekki séð, að liður þessi hafi verið lagður tilhlýðilega til sátta, og verður því að vísa honum frá dómi, enda hefir gagnstefndur sérstaklega krafizt þess.

Úrslit máls þessa verða því samkvæmt framansögðu þau, að kröfur aðalstefnanda í aðalsök verða allar teknar til greina, og ákveðst málskostnaður honum til handa kr. 150.00.

Í gagnsökinni verður liðnum „ýmsar greiðslur vegna hússins kr. 175.65“ vísað frá dómi, en af öðrum kröfum gagnsakar á gagnstefndur að vera sýkn og á málskostnaður í henni að falla niður.

Gagnstefndur hefir krafizt þess, að orðið „rökfals“ í einu gagnsóknarskjali umboðsmanns gagnstefnanda verði ómerkt, og ber að taka þá kröfu hans til greina.

Því dæmist rétt vera:

Í aðalsök greiði aðalstefndur, Jónas Sveinsson, aðalstefnandanum, Hilmari Thors f. h. sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu, kr. 1058.23 með 6% ársvöxtum frá 28. september 1933 til greiðsludags og kr. 150.00 í málskostnað.

Í gagnsök vísast liðnum „ýmsar greiðslur vegna hússins kr. 175.65“ frá dómi, en af öðrum kröfum gagnstefnanda í gagnsök á gagnstefndur að vera sýkn, og á málskostnaður í gagnsökinni að falla niður. Orðið

„rökfals“, sem að ofan er nefnt, á að vera dautt og ómerkt.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. maí 1939.

Nr. 114/1938. **Sigurjón Waage** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Guðlaugi Oddssyni (Pétur Magnússon).

Bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 19. okt. f. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 14. nóv. s. á., hefir krafizt aðallega algerðrar sýknu af kröfum stefnda í máli þessu, en til vara, að upphæð sú, sem dæmd kynni að verða, verði lækkuð frá því, er í héraðsdóminum segir, eftir mati hæstaréttar. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Atbeini stefnda við björgun v/b „Jón Dan“, er í máli þessu getur, var veittur eftir beiðni fyrirsvarsmanns og formanns bátsins, og átti stefndi þegar þess vegna beinan aðgang að áfrýjanda um borgun fyrir starf sitt. Verður sýknukrafa áfrýjanda því ekki tekin til greina.

Eftir skýrslu formannsins á v/b „Jón Dan“, sem lögð hefir verið fram fyrir hæstarétti, segir, að brim hafi verið, að báturinn hafi verið nokkuð brotinn og leki að honum kominn, þar sem hann sat fastur

á skerinu, þegar hann var losaður þaðan. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með tilvísun til forsendna héraðsdómsins þykir rétt að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað í hæstarétti með sjóveðrétti í v/b „Jón Dan" G.K. 341.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurjón Waage, greiði stefnda, Guðlaugi Oddsyni, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti með sjóveðrétti í m/b „Jón Dan" G.K. 341.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðarkaupstaðar 9. maí 1938.

Mál þetta, er dómtekið var hinn 27. apríl eftir munnlegan málflutning, var höfðað með réttarstefnu útgefinni 22. janúar síðastliðinn af Guðlaugi Oddssyni útgerðarmanni, Efra-Hofi í Garði, gegn eiganda og vátryggjanda m/b „Jón Dan", þeim Sigurjóni Waage útgerðarmanni í Stóru-Vogum á Vatnsleysuströnd og Carli Finsen f. h. Samábyrgðar Íslands í Reykjavík.

Hefir stefnandi gert þær kröfur, að stefndi, Sigurjón Waage, verði dæmdur til að greiða sér allt að kr. 2000.00 í björgunarlaun, og að tildæmdur verði sjóveðréttur í m/b „Jón Dan" fyrir björgunarlaununum. Samábyrgð Íslands hefir hann stefnt til að gæta hagsmuna félagsins undir rekstri málsins.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar að skaðlausu, er samkvæmt framlögðum reikningi nemur kr. 304.15.

Málavextir eru þessir:

Að kvöldi hinn 7. febrúar 1937 strandaði m/b „Jón Dan“ G. K. 341 úr Vogum á Gerðahólma, og fór stefnandinn í máli þessu á trillubát sínum „Þormóði II“ við áttunda mann til hjálpar hinum strandaða bát. Voru þá Keflavíkurbátarnir Reynir og Goðafoss komnir að strandstaðnum.

Stefnandinn gaf hinn 3. maí 1937 svohljóðandi skýrslu um björgunarstarf það, er hann byggir björgunarlaunakröfu sína á.

„Hinn 7. febrúar síðastliðinn, kl. 10—11 um kvöldið, komu heim til mín þeir sr. Eiríkur Brynjólfsson á Útskálum, Þorlákur Benediktsson í Akurhúsum, Sigurgeir Ólafsson, Nýjabæ, og Hjalti Jónsson, s. st., og skýrðu mér frá, að hreppsnefndaroddvitinn, Guðm. Þórðarson í Gerðum, hefði símleiðis snúið sér til þeirra og beðið um að tilraun væri gerð til að fara út í mótorbát, sem strandaður væri á Gerðahólmi. Mæltust þeir til við mig, að ég reyndi að komast út í bátinn. Um þetta leyti var SSV kaldi, snjóél og dimmviðri, en snjólítið. Ég brá þegar við, safnaði mönnum, tók bát minn „Þormóð II“, sem er 7 tonna trillubátur, og lagði út á honum með 8 manna áhöfn. Gekk okkur greiðlega að komast út að strandaða bátnum, sem reyndist að vera m/b Jón Dan úr Vogum. Voru þá komnir á vettvang tveir stórir mótorbátar, Reynir og annar Keflavíkurbátur, en vegna grynninga gátu þeir eigi komizt svo nærri hinum strandaða bát, að unnt væri að koma dráttartaugum á milli þeirra. Var þá og kominn brimsúgur og veður versnandi og Jón Dan tekinn að velta talsvert á skerinu. Þegar ég komst í kallfæri við Jón Dan, kallaði skipstjóri þegar til mín og bað mig að reyna að ná í dráttartaugar frá stóru bátunum, sem lágu fyrir utan, og koma þeim um borð í strandaða bátinn. Tókst okkur þetta sæmilega greiðlega. Náðum við fyrst dráttartaug frá Reyni og komum henni út í Jón Dan, og því næst á sama hátt frá hinum bátnum. Var þetta enganveginn hættulaust ferðalag. Ef eitthvað bar út af, gat vel farið svo, að bátur minn brotnaði, en hann var óvátryggður. Allt fór nú samt vel og við komumst aftur frá Jóni Dan án þess að okkur hlekktist nokkuð á. Bað skipstjórinn á Jóni Dan okkur þá að bíða þangað til skorið væri úr um það, hvort báturinn næðist út og yrði haldið á floti. Gerðum við það að sjálfsögðu, þar sem aðstoð okkar gat verið nauðsynleg til mannbjargar, ef illa tækist

til. Stóru bátarnir drógu síðan Jón Dan af skerinu og drógu hann inn í Voga. Þegar við sáum, að ekki mundi hætta á, að Jón Dan sykki, fórum við til lands aftur, og var kl. nálega 4, þegar við komum heim, eftir að hafa gengið frá skipinu."

Skýrsluna staðfesti hann og 4 skipverjar hans fyrir rétti hinn 15. júlímánaðar 1937.

Hefir henni ekki verið hnekkt og verður því að leggja hana til grundvallar um björgunarstarfið, svo langt sem að hún nær.

Stefndi hefir hinsvegar krafizt algerðrar sýknu í málinu og honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður, en til vara, að hin umstefnda upphæð verði lækkuð að miklum mun, eftir mati réttarins, og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þar sem að rétturinn verður að líta svo á, að hjálp sú, sem m/b Jóni Dan var veitt með því að ná honum út af skerinu í dimmviðri og versnandi veðri og að koma honum til hafnar, sé björgun í réttarlegum skilningi, og að með því, að ekki verður fallizt á þá skoðun stefndu, að sú hlutdeild, sem að stefnandi átti í því starfi, hafi verið óþörf, þá kemur aðeins til álita, 1. hversu mikinn þátt stefnandi hefir átt í björgunarstarfinu og hversu mikil laun honum ber fyrir starfa sinn. 2. Hvort að hann hafi glatað þeim rétti sínum gagnvart stefndu.

Það er sannað, að Samábyrgð Íslands hefir greitt eigendum bátanna Goðafoss og Reynis samtals kr. 3000.00 fyrir björgunarstarf þeirra.

Hinsvegar verður ekki fallizt á þá skoðun stefndu, að þeir hafi þar með losnað undan allri frekari greiðsluskyldu vegna björgunar Jóns Dan. Eigendur greindra báta gátu auðvitað aðeins bundið sig, en ekki stefnanda máls þessa, með samningum við stefndu út af björguninni.

Málsaðiljar eru sammála um, að verðmæti hins bjargaða hafi verið kr. 24000.00 að frádregnum þeim kostnaði, er af strandinu leiddi, þó að undanskildum greiddum björgunarlaunum eða ca. kr. 5500.00.

Verður þá verðmæti hins bjargaða ca. kr. 19500.00.

Björgunarstarfið var að vissu leyti tvíþætt, annarsvegar þáttur stefnanda og hinsvegar þáttur stóru bátanna, sem að drógu Jón Dan út af skerinu, og síðan til hafnar.

Eftir því, sem fram er komið í málinu, virðast stóru bátarnir hafa verið alls ófærir til að koma dráttartaugum í m/b Jón Dan, þar sem hann lá á skerinu. Stefndu hafa að vísu haldið því fram, að það myndi hafa verið reynandi að koma taugum á milli með flotholti, en til þess var að minnsta kosti ekki, svo upplýst sé, gerð nein tilraun, og því ekki hægt að byggja neitt á þeim möguleika eftirá.

Hinsvegar verður að líta svo á, að stefnanda myndi hafa verið það ofvaxið að draga m/b Jón Dan af skerinu á trillubát sínum, og að koma honum til hafnar.

Til þess að björgunin tækist, var því nauðsynlegt að vinna að henni á litlum bát, sem gat flotið upp undir strandaða bátinn, og jafnframt þörf á 1 eða 2 stórum bátum með aflmiklum vélum, til að draga bátinn.

Bátur stefnanda, „Þormóður II", sem var óvátryggður, virðist hafa verið lagður í hættu við björgunarstarfið og þá eins skipshöfn hans, en því er aftur á móti ekki til að dreifa um stóru bátana, eða skipshafnir þeirra.

Björgunartækin, þ. e. dráttartaugarnar, lögðu stóru bátarnir aftur á móti til.

Stefnandi hefir meðal annars miðað kröfu sína við greiðslu Samábyrgðarinnar til stóru mótorbátanna, þar sem að hún greiddi þeim báðum kr. 3000.00.

Hinsvegar hefir umboðsmaður stefndu haldið því fram, að samningar umjóðanda síns um þá greiðslu sé ekki á neinn hátt bindandi um upphæð réttmætra björgunarlauna, og verður rétturinn að fallast á þá röksemd hans. Hinsvegar verður ekki litið svo á, að vátryggingarfélög semji um björgunarlaun sem þessi, án þess að hafa hliðsjón af því, hvað venjur og dómstólar hafa gjört slíkum félögum að greiða í áþekkum tilfellum.

Samkvæmt framanrituðu litur rétturinn svo á, að stefnandi eigi rétt á að fá greidd björgunarlaun fyrir hluttöku sína í að bjarga m/b Jóni Dan, og þykja þau eftir atvikum hæfilega ákveðin kr. 1200.00.

Eftir þessum úrslitum og öllum málavöxtum greiði stefndu stefnandanum kr. 250.00 í málskostnað.

Jafnframt viðurkennist sjóveðréttur í m/b Jón Dan til tryggingar hinum tildæmdu upphæðum.

Vaxtakrafa hefir ekki komið fram í málinu.

Vegna sérstakra embættisanna dómsforsetans, sem stafa

frá yfirstandandi vertíðarlokum, hefir ekki verið hægt að kveða upp dóm í málinu fyrr en nú.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigurjón Waage, greiði stefnandanum, Guðlaugi Oddssyni, kr. 1200.00 í björgunarlaun og kr. 250.00 í málskostnað, og hefir stefnandinn sjóveðrétt í m/b Jón Dan. G. K. 341 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. maí 1939.

Nr. 98/1938. **Erlendur Erlendsson**
(Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Jóhönnu Guðjónsdóttur
(Einar B. Guðmundsson).

Lögtak hjá manni fyrir meðlagseyri með óskilgetnu barni hans.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. september f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, Stefnda krefst þess hinsvegar, að úrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir dómi hefir málsvari áfrýjanda skýrt frá því, án þess að því hafi mótmælt verið, að áfrýjandi hafi látið af störfum hjá Sláturfélagi Suðurlands um

mánaðamótin janúar og febrúar s. l. Skiptir hér því einungis máli, hvort halda megi eftir til handa stefndu hluta af kaupi áfrýjanda hjá greindu fyrirtæki frá þeim tíma, er í hinum áfrýjaða úrskurði segir, og til loka janúar þess árs, sem nú er að líða.

Heimildin til að taka af launum eða kaupi manns meðlagseyri með óskilgetnu barni hans verður að teljast því skilyrði bundin, að efni hans, þau sem hann hefir eftir til frjálsra umráða, séu viðhlítandi til viðurværis honum og þeim, sem dveljast á heimili hans og framfæri sitt eiga að honum, sbr. meginregluna í 59. gr. framfærslulaga nr. 135 frá 1935 og ennfremur 3. og 5. gr. bráðabirgðareglugerðar nr. 41 frá 1937 og 3. og 4. gr. laga nr. 65 frá 1938. Það þykir verða að ætla, að áfrýjandi hafi verið aflögufær um þá fjárhæð, sem fógetinn setti fasta af kaupi hans til greiðslu fúlgu barns hans og stefndu, meðan áfrýjandi vann hjá Sláturfélagi Suðurlands fyrir kaupi því, er í hinum áfrýjaða úrskurði greinir. Af þeim ástæðum, sem nú var lýst, þykir bera að staðfesta úrskurðinn að niðurstöðu til.

Eftir þessum málslyktum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Erlendur Erlendsson, greiði stefndu, Jóhönnu Guðjónsdóttur, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 18. ágúst 1938.

Í máli þessu hefir gerðarbeiðandi, Jóhanna Guðjónsdóttir, til heimilis á Hverfisgötu 102 hér í bæ, krafizt þess, að gert yrði lögtak hjá Erlendi Erlendssyni, til heimilis á Laugaveg 81 hér í bæ, til tryggingar ógreiddu meðlagi með barni þeirra, Sigríði Öldu, að upphæð kr. 333.34 auk alls kostnaðar við gjörð þessa. Gerðarþoli hefir ekki mótmælt réttmæti kröfunnar, en lýst því yfir, að hann væri alveg eignalaus, og gat ekki þarafleiðandi bent á eignir til lögtaks.

Gerðarbeiðandi krafðist þess þá, að fastsett yrði af kaupi gerðarþola hjá Sláturfélagi Suðurlands, en þar vinnur hann, allt það kaup, er hann fengi þar greitt fram úr kr. 200.00 á mánuði, um óákveðinn tíma, þangað til að lögtakskrafa þessi er að fullu greidd ásamt innheimtulaunum og öllum kostnaði. Telur hann, að þessar 200 krónur sé nægileg upphæð fyrir gerðarþola til að sjá heimili sínu farborða ásamt þeim tekjum, sem hann hlyti að hafa af veitingasölu.

Gerðarþoli hefir hinsvegar haldið því fram, að í stað þess að hafa tekjur af umræddri veitingasölu þá hafi hann liðið tap við hana. Þá hefir hann jafnframt haldið því fram, að kaup sitt hjá Sláturfélagi Suðurlands væri ekki hærra en svo, að hann þyrfti að nota það allt til heimilisþarfa sinna. Hann ætti lasburða konu og tvö börn og þetta útheimti auk venjulegra þarfa vistráðna stúlku. Af þessum ástæðum hefir hann mótmælt því, að nokkuð yrði fastsett af kaupi sínu hjá Sláturfélagi Suðurlands.

Það er ósannað, hvort gerðarþoli hefir haft ágóða eða tap af rekstri veitingastofu þeirrar, er hann rekur á Laugavegi 81, og verður því sú starfræksla ekki á nokkurn hátt lögð til grundvallar úrskurði í máli þessu né tekið tillit til hennar til hags eða óhags, enda virðist þessi starfsemi hafa verið rekin aðeins í eitt ár og því ekki útséð um gengi hennar framvegis.

Hinsvegar er það upplýst, að gerðarþoli hefir fast kaup hjá Sláturfélagi Suðurlands að minnsta kosti kr. 300.00 um mánuðinn og auk þess hefir hann fengið greitt kaupuppbót, kr. 25.00, í nokkra mánuði, að því er hann hefir játað. Þá er það einnig upplýst, að gerðarþoli hefir fyrir heilsu-

lausri konu að sjá og 2 börnum, að því er virðist á ómagaaldri. Enda þótt að ekki verði séð að skerða megi að nokkru verulegu leyti kaupgreiðslur þær, er gerðarþoli fær hjá Sláturfélagi Suðurlands, ef hann á af sjálfsdáðum að geta framfleytt heimili sínu, konu og 2 börnum, þá verður þó ekki hjá því komizt, þar sem ætla verður, að framfærsluskylda hans á hér um ræddu barni sé jafn rík, að fastsetja af kaupi hans mánaðarlega kr. 50.00 meðan það ekki lækkar úr því, sem það nú er, og skal Sláturfélagi Suðurlands skylt að greiða það mánaðarlega gerðarbeiðanda. Þessar greiðslur hefjast nú við kaupgreiðslu í næsta mánuði og greiðist mánaðarlega framvegis þar til lögtakskrafa þessi ásamt kostnaði er að fullu greidd.

Því úrskurðast:

Fastsett skal af kaupi gerðarþola, Erlends Erlendssonar, hjá Sláturfélagi Suðurlands kr. 50.00 mánaðarlega, eins og að ofan segir, sem greiðist gerðarbeiðanda mánaðarlega, þar til meðlagskröfu þessari ásamt kostnaði er fullnægt.

Mánudaginn 15. maí 1939.

Nr. 140/1937 **Jón Sigurðsson** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Hreppsnefnd Blönduóshrepps f. h. hreppsins (Jón Ásbjörnsson).

Frávísun frá hæstarétti vegna rangrar áfrýjunar.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu er dómkvaðningu matsmanna, er fram fór í aukarétti Húnavatnssýslu 26. ágúst 1937, skotið til hæstaréttar með stefnu 16. nóv. s. á. til þingfestingar í maí 1938. Samkvæmt 2. tölulið 198. gr. laga nr. 85/1936 skulu slík mál sem þetta sæta kæru samkvæmt 199. gr. sömu laga. Máli þessu er því

áfrýjað með röngum hætti, og verður því að vísa því frá dómi ex officio.

Samkvæmt kröfu stefnda verður að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 150 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu er vísað frá hæstarétti.

Áfrýjandi, Jón Sigurðsson, greiði stefnda, hreppsnefnd Blönduósshrepps f. h. hreppsins, 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómkvaðning matsmanna í aukarétti Húnavatnssýslu 26. ágúst 1937.

Fyrir var tekið: Að dómkveðja 2 menn eftir beiðni Böðvars Bjarkan, lögfræðings, f. h. Blönduóshrepps til þess að meta tilteknar lóðir innan Blönduóskauptúns til verðs og til afhendingar handa Blönduóshreppi.

F. h. Blönduóshrepps er mættur Hafsteinn Sigurðsson hreppsnefndarmaður, Blönduósi. F. h. Jóns Sigurðssonar, Enni, er enginn mættur.

Lætur dómarinn þess getið, að hann hafi í gærkveldi kl. 6,20 hringt til Þorsteins Sigurðssonar í Enni, bróður og húsbónda Jóns, tilkynnt honum, að fyrir lægi beiðni um útnefninguna, og beðið hann að tilkynna það bróður sínum. Var framkvæmd gjörðarinnar ákveðin í samráði við Þorstein Sigurðsson í umboði bróður hans kl. 6½ e. h. í dag. Fyrri hluta dags í dag hringdi Þorsteinn Sigurðsson dómarann upp og tilkynnti honum, að hann mundi eigi mæta, en hinsvegar væri hann mótfallinn því og mótmælti því, að útnefning matsmanna færi fram, svo og hinu umbeðna mati á landi bróður sins.

Hafsteinn Sigurðsson krefst þess, að hin umbeðna útnefning fari fram.

Með lögum nr. 15 1936 var hreppsnefnd Blönduóshrepps veitt heimild til eignarnáms á tiltekinni spildu úr landi

jarðarinnar Enni í Engihlíðarhreppi. Þessi eignarnámsheimild virðist ótvírætt miðuð við það, að Blönduóshreppi væri nauðsynlegt að eignast land það eða a. m. k. fá umráðarétt fyrir því landi, er eignarnámsheimildin nær til. Verður ekki af nefndum lögum séð, að máli skipti, hver sé eigandi landsins, þegar eignarnámið fer fram, enda hefði slíkt getað gert lögin óvirk með öllu, ef eigendaskipti á landinu hefðu getað hindrað eignarnám þess, og virðist eigi unnt að gera ráð fyrir, að sá hafi verið tilgangur löggjafans. Sér dómarinn ekkert því til fyrirstöðu, að hin umbeðna útnefning fari fram, og ákveður að taka útnefningarbeiðnina til greina.

Dómarinn útnefnir þá í réttinum þá: Eggert Konráðsson, hreppstjóra, Haukagili, og Hannes Pálsson, bónda, Undirfelli, sem valinkunna, óvilhalla og þartil hæfa menn, til þess að framkvæma hina umbeðnu virðingu til eignarnáms á lóðarspildum Jóns Sigurðssonar, Enni í Engihlíðarhreppi, svo sem þær eru tilgreindar í gerðarbeiðninni, rjskj. nr. 1. Ber þeim að skrásetja virðingargjörð sína og leysa hana af hendi eftir beztu þekkingu og samvizku, þann veg, að þeir geti staðfest hana með eiði, ef krafizt verður.

Mánudaginn 22. maí 1939.

Nr. 6/1939. **Valdstjórnin** (Theodór B. Lindal)

gegn

Guðmundi Hannessyni sem héraðsdómara í málinu: Réttvísin gegn Ingibjörgu Jósepsdóttur, Leó Maronssyni og Sölva Valdimarssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Endurupptaka opinbers máls til leiðréttingar á ummælum í forsendum hæstaréttardóms.

Dómur hæstaréttar.

Þann 22. október 1937 var í hæstarétti kveðinn upp dómur í málinu: Réttvísin gegn Ingibjörgu

Jósepsdóttur, Leó Maronssyni og Sölva Valdimarssyni. Héraðsdómarinn í málinu, Guðmundur Hannesson bæjarfógeti á Siglufirði, taldi aðfinnslur í sinn garð í forsendum hæstaréttardómsins óréttmætar og reistar á röngum upplýsingum, er fyrir hæstarétti hefðu legið um málsatvik. Æskti hann endurupptöku málsins í því skyni að fá þar að lútandi ummæli í forsendum hæstaréttardómsins leiðrétt. Lagði hæstiréttur til, að leyfð yrði endurupptaka málsins að því leyti sem varðar eftirgreind ummæli í niðurlagi forsendna dómsins: „Loks hafa þau stórfelldu glöp . . . fyrir þessi afbrigði". Leyfði dómsmálaráðherra síðan samkvæmt 30. gr. laga um hæstarétt nr. 112/1935, að málið yrði að nýju tekið fyrir í hæstarétti samkvæmt tillögum hæstaréttar að því er héraðsdómarann og valdstjórnina varðar.

Við flutning málsins fyrir hæstarétti þann 20. okt. 1937 skýrði verjandi hinna ákærðu frá því, að samkvæmt upplýsingum, er hann hefði fengið í samtali við skrifstofustjóra dómsmálaráðuneytisins, hefði ákvörðunin um það, að ákærði Leó Maronsson var látinn byrja að taka út refsingu samkvæmt héraðsdóminum þann 13. ágúst 1936, verið tekin af bæjarfógetanum á Siglufirði. Í skjölum málsins lá ekkert fyrir, er hnekkti þessari frásögn, og varð ekki annað ráðið af þeim, en að bæjarfógetinn hefði gert nefnda ráðstöfun, þar eð dómsmálaráðuneytið hafði þar hvergi nærri komið, enda hafði það ekki fengið héraðsdómsgerðir í sínar hendur fyrr en í desember 1936. Nú hefir það hinsvegar verið upplýst fyrir hæstarétti, að hinn stefndi bæjarfógeti hafi verið allmjög frá störfum vegna veikinda vorið og sumarið 1936, og að ákvörðunin um fullnustu refsingar Leós Maronssonar hafi verið tekin í samtali fulltrúa

lögreglustjórans í Reykjavík við skrifstofumann á bæjarfógetaskrifstofunni á Siglufirði þann 13. ágúst 1936, en hinn stefndi bæjarfógeti var þá fjarverandi.

Með rannsókn, er fram fór í sambandi við endurupptöku máls þessa, er það upplýst, að stefndur bæjarfógeti hafði fram í nóvember 1936 haldið, af misskilningi, að dómsmálaráðuneytið hefði ákveðið að áfrýja ekki umræddu máli af hálfu hins opinbera. Kveður hann þann misskilning meðal annars hafa valdið drætti þeim, er varð á afgreiðslu héraðsdómsgerða til dómsmálaráðuneytisins. Kveðst hann og hafa fengið vitneskju um fangelsisvist Leós um sama leyti sem hann sendi ráðuneytinu dómsgerðirnar, en ekki vitað, fyrir hvaða brot hann var að taka út refsingu. Enda þótt nefnd mistök hefðu átt sér stað, lét bæjarfógetinn enga greinargerð fylgja málinu til hæstaréttar til afsökunar þeim, eftir því sem efni stóðu til, eins og ráð er fyrir gert í 35. gr. tilsk. 3. júní 1796. En af slíkri greinargerð hefði átt að sjást, að bæjarfógetinn var fjarverandi embætti sínu þann 13. ágúst 1936. Mátti bæjarfógetinn og vita, þar eð hann lét enga greinargerð fylgja málinu til hæstaréttar, að hann myndi sem héraðsdómari sæta vítum fyrir galla á meðferð málsins, eins og boðið er í nefndri 35. gr. tilsk. 3. júní 1796. Þrátt fyrir þessa vanrækslu þykir bæjarfógetinn þó eiga rétt á að það komi fram, að hann hafði ekki sjálfur tekið þá ákvörðun að láta Leó taka út refsingu samkvæmt héraðsdóminum, og á hann því ekki að sæta vítum fyrir þá ráðstöfun. Ber að leiðrétta forsendur hæstaréttardómsins að því leyti.

Allan kostnað við endurupptöku máls þessa fyrir hæstarétti ber að greiða úr ríkissjóði, þar á meðal

laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ofangreind ummæli í forsendum hæstaréttardóms í máli þessu frá 22. okt. 1937 leiðréttast eins og að ofan getur.

Allur kostnaður við endurupptöku og rekstur máls þessa fyrir hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Einars B. Guðmundssonar, kr. 100.00 til hvors.

Mánudaginn 22. maí 1939.

Nr. 96/1938. **Firmað Bjarni Ólafsson & Co.** (Theodór B. Líndal)

gegn

H/f Alliance (Jón Ásbjörnsson).

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Skaðabætur vegna tjóns af árekstri skipa.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem var aðalstefndi og gagnstefnandi í héraði í máli þessu, hefir skotið því til hæstaréttar með stefnu 22. sept. f. á. Hefir hann hér fyrir dómi endurtekið óbreyttar allar þær kröfur, sem hann gerði í héraði og í héraðsdóminum greinir. Loks

hefir hann krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að það þykir mega fallast á forsendur og niðurstöðu héraðsdómsins, þá ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 500 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, firmað Bjarni Ólafsson & Co., greiði stefnda, h/f Alliance, 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 28. júní 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. þ. m., er með samkomulagi málsaðilja höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 12. nóv. s. l. af Ólafi H. Jónssyni, framkvæmdarstjóra, f. h. h/f Alliance, hér í bæ, vegna b/v Hannes ráðherra, gegn Ólafi B. Björnssyni, kaupmanni, Akranesi, f. h. eigenda l/v Ólafur Bjarnason, firmans B. Ólafsson & Co., til greiðslu skaðabóta út af árekstri að upphæð kr. 17084.31, er stefnandi hefir síðar lækkað í kr. 17034.31, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi eða mati réttarins. Ennfremur krefst aðalstefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í l/v Ólafur Bjarnason M. B. 51 fyrir hinum tildæmdu upphæðum. Brynjólfi Stefánssyni, framkvæmdarstjóra, f. h. Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f, hefir og verið stefnt til réttargæzlu í aðalsök.

Stefndur krefst sýknu af öllum framangreindum kröfum

stefnanda og hefir jafnframt með stefnu útgefinni 13. jan. s. l. gagnstefnt í málinu og krafizt þess, að gagnstefndur (aðalstefnandi) verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur vegna árekstursins að upphæð kr. 11050.89 með 5% ársvöxtum frá 1. okt. 1937 (til vara frá síðari tíma eftir mati dómsins) til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við hinn munnlega flutning málsins gerði gagnstefnandi jafnframt þá varakröfu, að sökinni yrði skipt og aðiljar dæmdir til greiðslu bóta í hlutfalli við sök sinna manna, enda verði kröfur aðalstefnanda lækkaðar. Til þrautavara krafðist hann þess, að heildartjóni því, sem varð, verði skipt að jöfnu þannig, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða helming af mismun krafnanna. Málskostnaðar krefst gagnstefnndi, hvernig sem málið fer. Þá hefir og Ásgeiri Þorsteinssyni, f. h. Samtryggingar ísl. botnvörpunga, verið stefnt til réttargæzlu í gagnsök.

Gagnstefndur krefst sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök, svo og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Sökum þess að kröfur aðiljanna í aðalsök og gagnsök byggjast á hinum sömu málsatvikum, þykir rétt að taka hvorttveggja til athugunar í einu lagi.

Aðiljum ber ekki að öllu saman um aðdraganda að árekstri þeim, er hér um ræðir:

Skipstjórinn á b/v Hannes ráðherra segir svo frá, að kl. rúmlega 2, sunnudaginn 25. júlí s. l., hafi togarinn verið staddur um 15 sjómílur út af Skaga. Veður hafi verið bjart, gott skygni, logn og sléttur sjór. Hafi þá sézt til síldartorfu nokkuð frá skipinu og þegar siglt með ca. 7 sjómílna hraða í áttina til hennar, og hafi nótabátar togarans verið á stjórnborðssíðu. Kveðst skipstjórinn, er þá var á verði, hafa séð til l/v Ólafur Bjarnason og norsks síldveiðiskips, og hafi þau virzt sigla að sömu torfu, næstum samsíða 4 strik á bakborða, en stefnur skipanna hafi skorið stefnu togarans. Þar sem öll skipin hafi siglt á talsverðri ferð, kveðst skipstjórinn hafa gefið merki (eitt langt hljóð) með eimpípu togarans um að hann héldi áfram beina stefnu, enda hafi hann „átt bóginn", sem kallað er. Norska skipið hafi þá vikið, en l/v Ólafur Bjarnason ekki, og hafi því 4—5 mínútum síðar verið gefið aftur samskonar hljóðmerki, en samt hafi l/v Ólafur Bjarnason haldið stefnu sinni óbreyttri. Skömmu síðar, er fjarlægðin milli skip-

anna hafi verið um tvær skipslengdir, hafi l/v Ólafur Bjarnason gefið merki (þrjú stutt) með eimpípunni um það, að vél hans ynni aftur á bak. Segir skipstjórinn, að til þessa hafi hraði b/v Hannes ráðherra verið óbreyttur og stefnan hin sama, en um leið og l/v Ólafur Bjarnason hafi gefið merki, hafi hann gefið skipun um að stöðva vélina. Kveðst skipstjórinn hafa búizt við, að ferð línuveiðarans yrði hagað samkvæmt gefnu merki, eða að hann hann myndi beygja á stjórnborða í tæka tíð, til að forða árekstri, en þar sem hvorugt hafi verið gert, hafi l/v Ólafur Bjarnason rekizt með all-mikilli ferð með stefnið á miðja bakborðssíðu togarans og gert talsvert tjón á skipinu, enda hafi orðið vart við leka, sem þó hafi verið stöðvaður strax. Togarinn hélt áfram veiðum síldarvertíðina á enda, en síðan fór fram aðgerð á skemmdunum hér í Reykjavík.

Samkvæmt leiðarbók l/v Ólafur Bjarnason var skipið kl. 1.10 e. h. umræddan dag statt 8 sjómílur NNA frá Skagatá og þá sett á fulla ferð og stýrt í ANA með nótabátana á síðu. Eftir eina klukkustund var skipið stöðvað til að taka bátana upp og síðan sett á fulla ferð og sama stefna haldin til kl. 2.15 e. h., en þá sést síldartorfa á stjórnborða, og var þá siglt í ca. A. Kl. 2.20 e. h., kveðst skipstjórinn á l/v Ólafur Bjarnason, er var á stjórnpalli, hafa tekið eftir norsku skipi 3 strik fyrir aftan á stjórnborða, er hafi vikið að gefnu merki. Kl. 2.24 e. h. kveðst hann hafa gefið skipun um að stöðva vélina og slaka nótabátunum niður og um það leyti kveðst hann hafa tekið eftir b/v Hannes ráðherra um 6 strik á stjórnborða, og hafi togarinn gefið merki (eitt stutt) um að hann ætlaði að snúa á stjórnborða, en samt virzt sigla að sömu torfu. Segir skipstjórinn, að nótabátarnir á l/v Ólafur Bjarnason hafi verið komnir í sjó og byrjað að taka nót í þá og margir menn í þeim, en talsverður skriður á skipinu. Er hann hafi síðan séð að hætta var á ásiglingu, hafi hann, um kl. 2.34 gefið skipun um að láta vélina ganga aftur á bak og jafnframt gefið merki um það með eimpípunni (þrjú stutt), en þá hafi hann séð, að önnur framfesti nótabátanna var komin í skrúfuna, og hafi hann þá ekki þorað annað en að láta stöðva vélina, og síðan snúið skipinu hart á stjórnborða, en um sama leyti hafi línuveiðarinn rekizt á b/v Hannes ráðherra ((kl. 2.35 e. h.), og hafi stefni l/v Ólafur Bjarna-

son lagzt út af við árekstúrinn, plötur beyglazt og sprungið og nokkur leki komið að skipinu, sem þó varð bráðlega stöðvaður.

Réttarkröfur sínar í aðalsök og sýknukröfu sína í gagnsök byggir aðalstefnandi (gagnstefndur) á því, að l/v Ólafur Bjarnason hafi átt alla sök á umræddum árekstri, þar sem hann hafi átt að víkja fyrir b/v Hannes ráðherra, er var á stjórnborða, og auk þess hafi verið gefið merki um, að hann mundi halda óbreyttri stefnu, enda hafi l/v Ólafur Bjarnason með merkjum sínum á síðustu stundu fyrir árekstúrinn villt stjórnendum b/v Hannes ráðherra svo sýn, að enginn tími né tækifæri hafi verið til að afstýra slysi.

Sýknukröfu sína í aðalsök og aðalkröfu í gagnsök byggir aðalstefndur (gagnstefnandi) hinsvegar á því, að b/v Hannes ráðherra eigi alla sök á umræddum árekstri og eigendur hans, gagnstefndir í málinu, eigi því að bæta sér það tjón, er hann hafi beðið af völdum árekstursins.

Fyrst og fremst heldur aðalstefndur því fram, að þótt b/v Hannes ráðherra „ætti bóginn", sem kallað er, þá hafi l/v Ólafur Bjarnason í upphafi verið nær síldartorfunni en togarinn, og samkvæmt óskráðum lögum meðal síldveiðimanna hafi línuveiðarinn þá átt rétt á síldinni, og b/v Hannes ráðherra af þeim sökum borið að víkja. Það er nú fyrst og fremst ekki gegn mótmælum aðalstefnanda sannað, að l/v Ólafur Bjarnason hafi í fyrstu verið nokkuð nær síldartorfunni en b/v Hannes ráðherra, og auk þess verður ekki gegn andmælum aðalstefnanda staðhæft, að til sé sú regla meðan síldveiðimanna, er aðalstefndur heldur fram, og gildandi siglingareglur verði að þoka fyrir.

Í öðru lagi heldur aðalstefndur því fram, að hljóðmerki þau, er b/v Hannes ráðherra gaf, hafi verið svo villandi, að sökin á árekstrinum hljóti þessvegna að hvíla á togaranum. Skipstjórinn á b/v Hannes ráðherra hefir haldið því fram, að hann hafi fyrir árekstúrinn gefið tvisvar hljóðmerki, og hafi það í bæði skiptin verið langt, og hið sama hafa þrír skipsverjar á togaranum borið. Hinsvegar hafa skipverjar á l/v Ólafur Bjarnason borið það, að þeir hafi aðeins einu sinni heyrt hljóðmerki frá b/v Hannes ráðherra, og hafi þeir skilið það sem stutt merki. En þegar af þeirri ástæðu, að skipstjórinn á l/v Ólafur Bjarnason hefir lýst því yfir við sjóferðapróf hér fyrir réttinum, að hann mundi

hafa hagað sér alveg eins og hann gerði, þótt hann hefði heyrt langt hljóðmerki frá b/v Hannes ráðherra, þykir þetta atriði enga þýðingu hafa að þessu leyti.

Í þriðja lagi heldur aðalstefndur því fram, að b/v Hannes ráðherra hafi á leið sinni til síldartorfunnar breytt bæði um ferð og stefnu og með því valdið árekstrinum. Skipstjórinn á l/v Ólafur Bjarnason, stýrimaður og einn háseti bera það, að þeim hafi virzt b/v Hannes ráðherra hægja á sér fyrir áreksturinn, og sama segir stýrimaðurinn á togaranum. Hinsvegar heldur skipstjórinn á b/v Hannes ráðherra því fram, að hraðinn hafi verið óbreyttur, þar til að hann gaf skipun um að stöðva vélina, er l/v Ólafur Bjarnason gaf merki um að hann færi aftur á bak. Vélstjórinn á b/v Hannes ráðherra ber einnig, að vélin hafi verið á ¾ af fullri ferð (sem sé um 10 mílur) og ekkert hafi verið dregið úr hraða skipsins í 20—30 mínútur áður en áreksturinn varð, en þá hafi vél skipsins verið stöðvuð. Með tilliti til þessa framburðar vélstjórans á togaranum þykir ekki verða talið, að b/v Hannes ráðherra hafi hægt neitt á sér all lengi á undan árekstrinum, og ennfremur verður ekki gegn mótmælum aðalstefnanda talið sannað, að b/v Hannes ráðherra hafi breytt um stefnu, eins og málflutningsmaður aðalstefnds hefir haldið fram, þar sem fjórir skipsverjar á togaranum hafa borið það, að togarinn hafi siglt sömu stefnu í allt að 20 mínútur áður en áreksturinn varð. Þegar af þessum sökum getur framangreind varnarástæða aðalstefnds ekki orðið tekin til greina.

Loks telur aðalstefndur, að stjórnendur b/v Hannes ráðherra hefðu getað afstýrt árekstrinum og borið skylda til þess, þar sem þeir hafi séð það með nægum fyrirvara, að mennirnir í nótabátum l/v Ólafur Bjarnason voru í yfirvofandi hættu, ef skipið tók aftur á. En gegn mótmælum aðalstefnanda verður það ekki talið sannað, að stjórnendur b/v Hannes ráðherra hafi séð, að það væri hættulegt fyrir l/v Ólafur Bjarnason að taka aftur á vegna mannanna í nótabátnum, og getur því þessi sýknuástæða heldur ekki orðið tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu, svo og öðru, sem fram hefir komið í málinu, verður ekki staðhæft, að stjórnendur b/v Hannes ráðherra hefðu getað afstýrt árekstrinum eins og atvikum var háttað, eins og þeim að sjálfsögðu bar að gera,

ef þeir hefðu getað, eða þeir á annan hátt hafi sýnt af sér vanrækslu í sambandi við þessa atburði.

Hinsvegar verður rétturinn að líta svo á, að þar sem l/v Ólafur Bjarnason átti að víkja fyrir b/v Hannes ráðherra samkvæmt siglingareglum, svo og að stjórnendur l/v Ólafur Bjarnason setja nótabáta í sjó, að því er virðist á mikilli ferð, í sömu mund og þeir sjá til ferða b/v Hannes ráðherra og torvelda þannig stjórn á skipinu, eins og síðar kom í ljós, og loks, að frá l/v Ólafur Bjarnason var gefið merki um það, að skipið tæki aftur á, án þess að gera eða geta það og án þess að gefa þá togaranum merki um, að skipið léti ekki að stjórn, þá eigi stjórnendur l/v Ólafur Bjarnason alla sök á umræddum árekstri, og eigendur hans, aðalstefndir í máli þessu, beri því ábyrgð á öllu því tjóni, er b/v Hannes ráðherra varð fyrir af þessum sökum. Af þessu leiðir, að engar af kröfum aðalstefnds (gagnstefnanda) í aðalsök eða gagnsök geta orðið teknar til greina.

Upphæð skaðabótakröfu sinnar sundurliðar aðalstefnandi þannig:

1.	Viðgerðarkostnaður samkvæmt tveimur reikningum frá Slippfél. og stálsm. ..	kr.	14 545.00
2.	Kostnaður greiddur Reykjavíkurhöfn ..	—	36.68
3.	Umsjón með viðgerð	—	500.00
4.	Skoðun og mat á skemmdum (reikn. frá Samtryggingunni), kr. 550.00, lækkaði í ..	—	500.00
5.	Kaup og uppihald skipshafnar o. fl.	—	1 452.63
	Samtals	kr.	17 034.31

Um 1. Gegn þessum kröfulið liggja ekki fyrir nein rökstudd mótmæli frá aðalstefndum, og verður hann því ekki tekinn til greina.

Um 2. Aðalstefndur hefir mótmælt þessum lið sem sér óviðkomandi og of háum. Það má teljast upplýst í málinu, að þessi kostnaður er vegna dráttar á togaranum í og frá Slipp, svo og hafnsögugjald í sambandi við hann. Þessi kröfuliður þykir því hafa við full rök að styðjast, og verður hann tekinn til greina.

Um 3. Þessum kröfulið hefir aðalstefndur einnig mótmælt sem sér óviðkomandi og of háum.

Þessi umsjón þykir þó eftir atvikum hafa verið nauðsynleg og standa í sambandi við umræddan árekstur. Hins-

vegar verður að fallast á það með aðalstefndum, að kröfuupphæðin sé nokkuð há, m. a. með tilliti til þess, er sami umsjónarmaður hefir krafizt fyrir umsjón með viðgerð á skemmdum á l/v Ólafur Bjarnason vegna sama áreksturs, enda ekki upplýst, að umsjónin með viðgerð á b/v Hannes ráðherra hafi verið að nokkru vandameiri. Þykir réttinum upphæð þessi hæfilega ákveðin kr. 400.00.

Um 4. Þessum kröfulið hefir aðalstefndur og mótmælt sem sér óviðkomandi og of háum. Það er upplýst, að þessi kostnaður er vegna skoðunar og mats tveggja tilgreindra manna á skemmdum þeim, er b/v Hannes ráðherra varð fyrir við oftnefndan árekstur. Þessi skoðun og mat á skemmdunum þykir hafa verið nauðsynleg og standa í sambandi við áreksturinn, og kröfuupphæðin eftir atvikum ekki óhæfilega há. Þessi kröfuliður verður því tekinn til greina.

Um 5. Þessari kröfu hefir aðalstefndur mótmælt í heild sem sér óviðkomandi, og auk þess hefir hann sérstaklega mótmælt tveim liðum (segulskekkjuathugun og sjódómsgjald). Það verður þó ekki annað séð en að það hafi verið óhjákvæmilegt að halda skipverjum þeim, er hér um ræðir, á kaupi, meðan viðgerð stóð yfir (í 8 daga) og þykir því sá hluti kröfunnar hafa við rök að styðjast. Segulskekkjuathugunin verður og að teljast hafa verið nauðsynleg eftir viðgerðina og vegna hennar, og verður aðalstefndum því gert að greiða aðalstefnanda kostnað þann, er hún hafði í för með sér. Hinsvegar getur krafan um greiðslu sjódómsgjalds (kr. 25.00) ekki orðið tekin til greina gegn mótmælum aðalstefnds, og lækkar liðurinn því um þessa upphæð.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að aðalstefndur verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 14545.00 + kr. 36.68 + kr. 400.00 + kr. 500.00 + kr. 1427.63, eða samtals kr. 16909.31, með vöxtum eins og krafizt hefir verið, þar sem engum andmælum hefir verið hreyft gegn þeim. Eftir þessum málalokum verða aðalstefndum (gagnstefnanda) gert að greiða aðalstefnanda (gagnstefndum) kr. 700.00 í málskostnað í aðalsök og gagnsök.

Ennfremur viðurkennist sjóveðréttur til handa aðalstefnanda í l/v Ólafur Bjarnason M. B. 51 til tryggingar kröfum þessum.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndur, Ólafur B. Björnsson f. h. eigenda l/v Ólafur Bjarnason, firmans B. Ólafsson & Co., greiði aðalstefnanda, Ólafi H. Jónssyni f. h. h/f Alliance vegna b/v Hannes ráðherra, kr. 16909.31 með 6% ársvöxtum frá 12. nóv. 1937 til greiðsludags.

Í gagnsök á gagnstefndur að vera sýkn af kröfum gagnstefnanda.

Aðalstefndur (gagnstefnandi) greiði aðalstefnanda (gagnstefndum) kr. 700.00 í málskostnað í aðalsök og gagnsök, og á aðalstefnandi sjóveðrétt í l/v Ólafur Bjarnason M. B. 51 til tryggingar hinum tildæmdu upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. maí 1939.

Nr. 58/1937. **Skiptaráðandinn í Suður-Múlasýslu f. h. þrotabús útgerðarsamvinnufélagsins „Kakali“** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Sigurði Jóhannssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Ómerking vegna ófullnægjandi málshöfðunar.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu, sem skotið er til hæstaréttar með stefnu 11. júní 1937 og að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m., liggur ekki fyrir nægileg sönnun þess, að kröfu þeirri, sem málið varðar, hafi verið lýst í þrotabú stefnda samkvæmt 33. gr. sbr. 90. gr. skiptalaganna og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 52/1914 eða að skiptaráðandi hafi vísað henni til sjódóms sam-

kvæmt áðurnefndu ákvæði laga nr. 52/1914. Verður af þessum ástæðum að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málalokum þykir verða að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 100 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Það athugast, að hinn reglulegi héraðsdómari virðist hafa vikið úr dómarasæti í máli þessu án nægilegrar ástæðu.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði og héraðsdómur á að vera ómerkur, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Stefndi, Sigurður Jóhannsson, greiði áfrýjanda, skiptaráðandanum í Suður-Múlasýslu f. h. þrotabús útgerðarsamvinnufélagsins „Kakali", 100 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjódóms Suður-Múlasýslu 5. des. 1936.

Mál þetta er höfðað fyrir sjórétti Suður-Múlasýslu með stefnu birtri 11. sept. 1936 af Eiríki Bjarnasyni f. h. Sigurðar Jóhannssonar, Eskifirði, gegn skiptaráðandanum í Suður-Múlasýslu M. Gíslasyni f. h. þrotabús útgerðarsamvinnufélagsins „Kakali", sama staðar, til greiðslu á eftirstöðvum af kaupi, kr. 269.33, með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1936 og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi, kr. 106.60, og ennfremur, að viðurkenndur verði sjóveðréttur stefnandans fyrir kröfum þessum í v/b Birkir S. U. 510 (sic) með tilheyrandi.

Af hálfu núverandi eigenda v/b Birkis S. U. 510 (sic) hefir verið mætt í málinu, en af hálfu stefnds þrotabús

hefir enginn mætt, og er þó löglega stefnt, og verður að því leyti að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Stefnandinn hefir lagt fram í málinu reikning frá útgerðarsamvinnufélaginu „Kakali", undirritaðan af fyrrverandi framkvæmdarstjóra félagsins, og er reikningur þessi yfir viðskipti stefnandans við félagið árið 1935. Sýnir niðurstaða reiknings þessa, sem lagður er fram í frumriti, inneign stefnandans hjá félaginu kr. 269.33 um síðustu áramót og þar sem engum liðum reiknings þessa hefir verið hrundið með rökum, verður að telja hann fullnægjandi sönnun fyrir inneign stefnandans hjá þrotabúinu.

Umboðsmaður núverandi eigenda Birkis hefir reyndar haldið því fram í málinu, að stefnandinn geri kröfu til að fá tvíborguð björgunarlaun vegna b/v Mack Lay, kr. 60.00, þar sem hann haldi í sínum vörzlum hlut, er að verðmæti svari til upphæðarinnar, en hún er meðreiknuð í dómkröfunni. Gegn þessu hefir stefnandinn fært það fram, að hlutur sá, sem hér er um að ræða, sé áttaviti, eign núverandi eigenda v/b Birkis, en ekki þrotabúsins, og honum haldið upp í persónulega kröfu á hendur fyrrverandi framkvæmdarstjóra félagsins. Verður því að líta svo á, að þessi andmæli séu eigi á rökum byggð. Það er upplýst í málinu, að stefnandinn, Sigurður Jóhannsson, hafi verið einn stofnenda og meðlimur í útgerðarsamvinnufélaginu „Kakali" og beri sem slíkur ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Í málinu liggja eigi fyrir neinar upplýsingar um fjárhag þrotabúsins, né þá upphæð, er meðlimir félagsins kynnu að verða gerðir ábyrgir fyrir, ef til þess kæmi, enda ekkert komið fram, er bendir til þess, að ætlunin sé að gera þá ábyrgð gildandi gagnvart félagsmönnum. Ef svo hefði verið, lá næst við að bera fram gagnkröfu í þessu máli, sem eigi hefir verið gert, þar sem skiptaráðandi eða skiptafundur hafa, eftir því sem stefnandi fullyrðir, ákveðið, að láta eigi mæta til andsvara í málinu.

Eins og málið því liggur fyrir, verður rétturinn að fallast á, að viðurkenna kröfur stefnandans á þrotabúið og taka dómkröfu hans að því leyti til greina.

Umboðsmaður eigenda v/b Birkis hefir mótmælt sjóveðrétti stefnandans fyrir innieign hans hjá þrotabúinu.

Á framlögðum reikningi yfir viðskipti stefnandans við þrotabúið eru margar upphæðir, sem sjóveðréttur fylgir eigi, en hinsvegar eru þar einnig miklar upphæðir, margfalt hærri en dómkrafan, t. d. síldarhlutur, kaup o. fl., sem sjóveðréttur er fyrir samkv. 236. gr. siglingalaganna 56/1914. Eins og á stendur, verður stefnandanum að teljast heimilt að láta greiðslurnar ganga fyrst til að borga þær kröfur hans, sem eigi fylgir sjóveðréttur. Þar sem ekkert hefir verið fram tekið um það af hálfu greiðanda.

Stefnandinn hefir krafizt 6% vaxta af kröfum sínum, en þar sem hvorki liggur fyrir samningur um það, né heldur verður talið almennt, að vextir séu greiddir þannig af kaupkröfum, verður sú krafa hans eigi tekin til greina fyrr en frá stefnudegi og færast það (sic) niður í hina almennu vexti 5% p. a.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnandans teknar til greina um greiðslu á kr. 269.33 með 5% ársvöxtum frá 6. júlí s. l. til greiðsludags og málskostnaðargreiðslu, er þykir hæfilega metin 60 krónur, og viðurkennist sjóveðréttur fyrir þessum upphæðum í v/b Birki S. U. 519 með tilheyrandi útbúnaði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, skiptaráðandinn í Suður-Múlasýslu Magnús Gíslason f. h. þrotabús útgerðarsamvinnufélagsins „Kakali", greiði stefnandanum, Eiríki Bjarnasyni f. h. Sigurðar Jóhannssonar, kr. 269.33 með 5% vöxtum frá 6. júlí 1936 til greiðsludags og kr. 60.00 í málskostnað.

Ennfremur hefir stefnandinn sjóveðrétt fyrir ofangreindum upphæðum í v/b Birkir S. U. 519.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Föstudaginn 26. maí 1939.

Nr. 44/1938. **Ísleifur Jónsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Tómasi Sigurþórssyni
(Einar B. Guðmundsson).

Um skyldu til útgáfu skuldabréfs. Eiðsdómur.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. marz f. á., krefst þess, að stefndi verði skyldaður til að gefa út til handa honum skuldabréf fyrir kr. 2250.00 með 6% ársvöxtum frá 3. júní 1937 til greiðsludags, er greiðist á 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum þann 15. júní ár hvert, þó þannig að tvær fyrstu afborganirnar innist af hendi 15. júní 1939. Ennfremur krefst áfrýjandi, að greint skuldabréf verði tryggt með 3. veðrétti í húseigninni nr. 11 við Skeggjagötu í Reykjavík. Loks krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það athugast, að dómur getur ekki orðið lagður hér í þessu máli á kröfu áfrýjanda til veðtryggingar fyrir skuld þeirri, sem mál þetta fjallar um, með því að þeirri kröfu var vísað frá héraðsdómi.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hefir Ólafur Guðmundsson skýrt svo frá fyrir dómi og unnið að því eið, að stefndi hafi á fundinum 3. júní 1937 játazt undir að greiða áfrýjanda fjárhæð þá, sem

hér er um að véla. Hafi stefndi verið fyrst í vafa, hvort sér bæri að taka á sig skuld þessa, og haft á orði, að hafa við ráð einhvers manns, sem skyn bæri á þetta málefni. Síðar hafi samt tal fundarmanna komið þar niður, að stefndi hafi undir skuldina gengið. Stefndi mótmælir því eindregið, að málalokin verði látin fara eftir skýrslu Ólafs Guðmundssonar, þar eð áfrýjandi geti krafið Ólaf skuldarinnar, fáist hún ekki greidd úr sinni hendi.

Vitnaskýrsla Ólafs Pálssonar, er frá segir í héraðsdóminum, verður ekki talin full sönnun fyrir kröfu áfrýjanda, og afstaða Ólafs Guðmundssonar til málsins er þann veg, að vitni hans getur ekki tekið af tvímælin. Á hinn bóginn eru líkurnar fyrir staðhæfingu áfrýjanda það veigamiklar, að rétt þykir að láta málalokin velta á eiði stefnda, þannig að ef hann eftir löglegan undirbúning á varnarþingi eftir 166. gr. laga nr. 85 frá 1936 innan þriggja vikna frá birtingu dóms þessa synjar fyrir það með eiði, að hann hafi þann 3. júní 1937 játazt undir að gefa út til handa áfrýjanda skuldabréf fyrir kr. 2250.00, sem greiðast skyldi á 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum ár hvert, þá á hann að vera sýkn af kröfu áfrýjanda, og greiði áfrýjandi honum þá kr. 300.00 samtals í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti. En vinni stefndi ekki eiðinn, þá á hann innan viku frá lokum eiðsfrestsins að gefa út til handa áfrýjanda skuldabréf fyrir kr. 2250.00 með 6% ársvöxtum frá 3. júní 1937 til greiðsludags, sem greiðist með 10 jöfnum árlegum afborgunum 15. júní ár hvert, þó þannig að tvær fyrstu afborganirnar innist af hendi 15. júní 1939, og greiði hann þá áfrýjanda samtals kr. 300.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefndi, Tómas Sigurþórsson, að undangengnum löglegum undirbúningi á varnarþingi eftir 166. gr. laga nr. 85 frá 1936 innan þriggja vikna frá birtingu dóms þessa synjar fyrir það með eiði, að hann hafi þann 3. júní 1937 játazt undir að gefa út til handa áfrýjanda, Ísleifi Jónssyni, skuldabréf fyrir kr. 2250.00, sem greiðast skyldi á 10 árum með jöfnum afborgunum ár hvert, þá á hann að vera sýkn af kröfu áfrýjanda, og greiði áfrýjandi honum þá samtals kr. 300.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti. Vinni stefndi ekki eiðinn, þá á hann innan viku frá lokum eiðsfrestsins að gefa út til handa áfrýjanda skuldabréf fyrir kr. 2250.00 með 6% ársvöxtum frá 3. júní 1937 til greiðsludags, sem greiðist með 10 jöfnum árlegum afborgunum 15. júní ár hvert, þó þannig að tvær fyrstu afborganirnar innist af hendi 15. júní 1939, og greiði hann þá áfrýjanda samtals kr. 300.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 8. okt. 1937 af Ísleifi Jónssyni, kaupmanni, hér í bæ, gegn Tómasi Sigurþórssyni, verkamanni, Skeggjagötu 11 hér í bænum, og krefst stefnandi þess aðallega, að stefndur

verði dæmdur til að greiða sér kr. 2250.00 með 6% ársvöxtum frá 3. júní 1937 til greiðsludags, en til vara, að stefndur verði með dómnum skyldaður til þess að gefa út skuldabréf sér til handa fyrir framangreindri upphæð, er borgist á næstu 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum og sé tryggt á þann hátt, er stefnandi telji fullnægjandi, eða samkvæmt mati réttarins.

Málskostnaðar krefst stefnandi, hvernig sem málið fer.

Stefndur krefst aðallega sýknu, en til vara krefst hann þess, að hann verði sýknaður gegn því að hann synji fyrir það með eiði, að hann hafi tekið að sér að greiða stefnanda hina umstefndu skuld. Þá krefst stefndur og málskostnaðar, hvernig sem málið fer.

Málsatvik eru þau, að með samningi dags. 21. jan. 1937 tókst Ólafur Guðmundsson, húsasmiður, Óðinsgötu 25 hér í bænum, á hendur að byggja hús fyrir stefndan í máli þessu á lóðinni nr. 11 við Skeggjagötu fyrir 24000.00 kr., og skyldi Ólafur leggja allt efni til hússins fyrir eigin reikning.

Er nánar tilgreint í samningnum, hvernig greitt skuli fyrir verkið, svo og að Ólafi skyldi heimilt að veðsetja firmanu H. Benediktsson & Co. eignina fyrir 10000.00 kr. Þá var og ákveðið í samningnum, að húsið skyldi vera tilbúið til íbúðar 14. maí 1937, ef frost hömluðu ekki.

Húsinu varð nú ekki lokið á tilsettum tíma, og virðist verktaki hafa verið kominn í mikil greiðsluvandræði og jafnvel ekki verið þess umkominn að ljúka byggingunni.

Í byrjun júní 1937 mun stefndur hafa átt frumkvæði að því, að gert yrði samkomulag um það, á hvern hátt byggingunni skyldi lokið. Þann 3. þess mánaðar komu þeir stefndur og Ólafur síðan saman í skrifstofu Iðnsambands byggingamanna ásamt forstöðumanni skrifstofunnar, Ólafi Pálssyni, og stefnanda máls þessa, er mun hafa verið boðaður þangað sérstaklega til þess að vera viðstaddur samkomulagstilraunirnar.

Samkomulag náðist með verksala og stefndum um það, að verksali afsalaði sér verkinu, en stefndur tæki að sér að ljúka því með eftirfarandi skuldbindingum: 1) að stefndur greiddi þau vinnulaun, sem þá voru ógreidd fyrir unnin verk við húsið, svo og öll vinnulaun fyrir óunnin verk við það, 2) að hann greiddi veðskuld til firmans H. Benedikts-

son & Co. að upphæð kr. 10000.00, sem verksali hafði stofnað samkvæmt heimild í verksamningnum, og loks, að því er stefnandi telur, 3) að stefndur greiddi honum áfallna skuld fyrir hitunar- og hreinlætistæki í húsið með skuldabréfi að upphæð kr. 2250.00, er greiðast skyldi á 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum.

Við skuldbindingarnar undir 1) og 2) mun stefnandi hafa staðið, en skuldbindingunni undir 3) hefir hann ekki fullnægt, enda hefir hann neitað því ákveðið í máli þessu að hafa nokkurntíma tekið að sér að greiða þessa upphæð.

Það er óvéfengt í máli þessu, að úttekt Ólafs hjá stefnanda vegna húss stefnds hafi numið hinni umstefndu upphæð og að hún sé ennþá ógreidd. Úttektin fór fram í reikning Ólafs, enda hafði stefndur engin afskipti af henni á neinn hátt. Krafa stefnanda hefir því upphaflega verið á Ólaf, og ber stefnanda því að sanna, að stefndur hafi tekið að sér að greiða skuldina, ef kröfur hans eiga að verða teknar til greina.

Í málinu liggur fyrir vottorð og staðfestur vitnaframburður Ólafs Pálssonar, forstöðumanns skrifstofu Iðnsambands byggingamanna, um að stefndur hafi í umrætt skipti tekið að sér að greiða stefnanda „áfallna skuld fyrir hitunar- og hreinlætistækjum með skuldabréfi að upphæð kr. 2250.00, er greiðast skyldi á 10 árum með jöfnum afborgunum.“ Önnur gögn liggja ekki fyrir réttinum, er bendi til þess, að stefndur hafi tekið að sér greiðslu umræddrar skuldar, og þykir því ekki gegn eindreginni neitun hans fullsannað, að svo hafi verið. Hinsvegar þykir stefnandi hafa fært svo miklar líkur fyrir staðhæfingu sinni, að rétt þykir að láta úrslit málsins velta á eiði stefnds, þannig að synji hann fyrir það með eiði á varnarþingi sínu og eftir lögmætan undirbúning, að hann hafi tekið að sér að greiða stefnanda umrædda skuld, þá skal hann vera sýkn af kröfum stefnanda og á stefnandi þá að greiða honum kr. 100.00 í málskostnað. Verði stefndum hinsvegar eiðfall, er að vísu ekki unnt að taka aðalkröfu stefnanda til greina, þar eð ekkert liggur fyrir, er bendi til þess, að stefndur hafi lofað að greiða stefnanda umrædda skuld í einu lagi og þegar í stað, eða að nokkuð það hafi gerzt í skiptum aðilja, er hefði þau áhrif, að skuldin væri öll fallin í gjalddaga, þótt

greiðslu hefði verið lofað á þann hátt, sem stefnandi og vitnið Ólafur Pálsson telja.

En fari svo, að stefndum verði eiðfall, ber að taka varakröfu stefnanda til greina og skylda stefndan til að gefa út til handa stefnanda skuldabréf að upphæð kr. 2250.00, sem greiðist upp á næstu 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum og beri 6% vexti p. a., og sé gjalddagi þess 15. júní ár hvert, í fyrsta sinn 15. júní 1938, enda verður að telja upplýst í málinu, að hafi á annað borð komizt á samningur milli aðilja um hérumrædda skuld, þá hafi verið samið um gjalddaga og vexti í samræmi við það, sem hér er ákveðið að vera skuli. Í þessu falli greiði stefndur stefnanda kr. 130.00 í málskostnað. Eins og áður segir, hefir stefnandi krafizt þess, að umrætt væntanlegt skuldabréf verði tryggt á þann hátt, sem hann telji fullnægjandi, eða samkvæmt mati réttarins. Krafa þessi þykir þó svo óákveðin, að ekki sé unnt að leggja dóm á hana í máli þessu, og verður hún því ekki tekin til greina.

Því dæmist rétt vera:

Synji stefndur, Tómas Sigurþórsson, fyrir það með eiði á varnarþingi sínu og eftir lögmætan undirbúning innan aðfararfrests í máli þessu, að hann hafi tekið að sér að greiða stefnanda, Ísleifi Jónssyni, framangreinda skuld að upphæð kr. 2250.00. á hann að vera sýkn af kröfum stefnanda og á stefnandi þá að greiða honum kr. 100.00 í málskostnað.

Verði stefndum eiðfall, skal hann, sömuleiðis innan aðfararfrests í máli þessu, gefa út til stefnanda skuldabréf að upphæð kr. 2250.00, er beri 6% vexti p. a. og greiðist upp á næstu 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum og gjalddaga 15. júní ár hvert, í fyrsta sinn 15. júní 1938, og á þá stefndur að greiða stefnanda kr. 130.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. maí 1939.

Nr. 14/1938. **Guðrún Guðbjörnsdóttir**
gegn
Hallgrími Péturssyni.

Framhaldsrannsókn úrskurðuð í barnsfaðernismáli.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður dómur verður lagður á mál þetta í hæstarétti ber héraðsdómaranum að hlutast til um öflun gagna þeirra, er nú verða talin:

1. Við réttarrannsókn, sem fram fór áður héraðsdómur gengi í málinu, kvaðst áfrýjandi ekki muna, í hvaða mánuði samfarir hennar og stefnda áttu sér stað, og ekki geta gert sér grein fyrir, hvort það var að sumar- eða vetrarlagi. Þáverandi sýslumaður í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, sem dæmdi í málinu, taldi hana svo andlega miður sín, að vafasamt væri um eiðhæfi hennar. Eftir uppsögu héraðsdómsins framkvæmdi núverandi sýslumaður í nefndri sýslu réttarrannsókn í málinu, og gaf áfrýjandi nú við þessa rannsókn mun greiðari svör en áður bæði um samfaratímann og önnur atriði, er máli skipta. Húsmóðir og mágkona áfrýjanda, sem krafin var nú vitnis, lýsir henni þannig, að hún sé yfirleitt skilningslítil og frekar andlega sljó. Af ástæðum þeim, sem að framan eru sagðar, þykir bera að leggja fyrir héraðsdómarann að láta fara fram læknisrannsókn á sálarþroska og andlegri heilsu áfrýjanda. Héraðsdómaranum ber ennfremur að senda hingað til dómsins greinargerð sína um það, á hvaða stigi vitsmunaþroska hann telur hana.

2. Héraðsdómaranum ber að gefa áfrýjanda kost á því að leggja sig og barn sitt undir blóðrannsókn,

og ef hún samþykkist það, þá að eiga hlut að því, að blóðrannsókn fari fram á áfrýjanda, Guðrúnu Guðbjörnsdóttur, stefnda, Hallgrími Péturssyni, og barninu, Viðar Breiðfjörð, sbr. 214. gr. laga nr. 85 frá 1936.

3. Héraðsdómarinn á að afla upplýsinga þeirra, er að framan greinir, svo fljótt sem verða má og annara þeirra skýrslna, sem framhaldsrannsóknin kann að veita efni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að eiga hlut að því, að aflað verði svo fljótt sem unnt er sakargagna þeirra, er að framan getur, og að fengnar verði aðrar þær skýrslur, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa ástæðu til að útvegaðar verði.

Miðvikudaginn 31. maí 1939.

Nr. 4/1939. **Ástþór Matthíasson og Gísli Fr. Johnsen**
gegn
Jóhannesi Sigfússyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ástþór Matthíasson og Gísli Fr. Johnsen, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 31. maí 1939.

Nr. 8/1939 **Jóhann Bjarnasen sem lögráðamaður Ísleifs og Oddgeirs Pálssona**
gegn
Bjarna Bjarnasyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhann Bjarnasen sem lögráðamaður Ísleifs og Oddgeirs Pálssona, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 31. maí 1939.

Nr. 11/1939. **Lárus Marísson**
gegn
Garðari Þorsteinssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Lárus Marísson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 5. júní 1939.

Nr. 42/1939. **Réttvísin**
(Guðm. I. Guðmundsson cand. jur.)
gegn
Gísla Guðjóni Þórðarsyni og Margréti Ketilbjarnardóttur
(Garðar Þorsteinsson).

Þjófnaður og hilming.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á lýsing hins áfrýjaða dóms á brotum ákærðu Margrétar Ketilbjarnardóttur og ákvæði hans um refsingu hennar, þykir mega staðfesta héraðsdóminn að því leyti.

Bátfesti sú, er ákærði Gísli Guðjón Þórðarson skar frá báti Jóns bónda Loftssonar á Keisbakka, virðist að vísu ekki hafa náð 30 króna virði, en með hliðsjón af því, að ákærði skildi bátinn eftir lausan, og sýndi þar með mjög mikið kæruleysi um eign annars manns, sem vel gat orðið þess valdandi, að hún eyðilegðist, þykir mega dæma ákærða refsingu í máli þessu samkvæmt 2. málsgr. 6. gr. laga nr. 51/1928, enda þótt eigandi festarinnar hafi eigi krafizt málshöfðunar.

Það þykir ekki komin fram full sönnun þess, að ákærði Gísli hafi vitað um það, að ákærða Margrét hafði stolið refaskinni því, er hann lét selja að beiðni hennar og í héraðsdóminum getur, og þykir því eiga að sýkna hann af ákæru réttvísinnar um þetta atriði.

Þykir refsing ákærða Gísla hæfilega ákveðin 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en rétt

þykir einnig að fresta framkvæmd refsingar hans samkvæmt lögum nr. 39/1907, og falla skal hún niður að 5 árum liðnum, ef skilorð téðra laga verða haldin. Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu iðgjalda og sakarkostnaðar þykir bera að staðfesta.

Eftir þessum málalokum verður að dæma hin ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Það athugast, að héraðsdómarinn hefir ekki látið virða framangreinda bátfesti, og eigi er rannsakað nægilega, að hve miklu leyti ákærði Gísli kann að hafa haft ástæðu til að ætla, að ákærða Margrét kynni að hafa fengið framannefnt refaskinn að gjöf frá manni þeim, er hún játar sig hafa stolið því frá.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði héraðsdómsins um refsingu ákærðu Margrétar Ketilbjarnardóttur og um greiðslu iðgjalda og sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði Gísli Guðjón Þórðarson sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal framkvæmd refsingarinnar og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Hin ákærðu, Gísli Guðjón Þórðarson og Margrét Ketilbjarnardóttir, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og

verjanda fyrir hæstarétti, cand. jur. Guðmundar Guðmundssonar og hæstaréttarmálflutningsmanns Garðars Þorsteinssonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 7. nóv. 1938.

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvisinnar gegn Gísla Guðjóni Þórðarsyni, bónda til heimilis Bildsey í Stykkishólmshreppi, og Margréti Ketilbjarnardóttur, til heimilis s. st., fyrir brot gegn 23. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 7. maí 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru sem hér segir:

Ákærður hefir játað að hafa um 20. október f. á. stolið einni tunnu af saltkjöti, sem stóð á uppfyllingu við höfnina í Stykkishólmi, vestan við svonefnda Tangsbryggju, en tunna þessi hafði samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, verið afhent á afgreiðslu skipaútgerðar ríkisins í Stykkishólmi, sem Kaupfélag Stykkishólms hefir á hendi, og átti að senda tunnuna til Keflavíkur með ríkisskipunum. Er ákærður stal kjöttunnunni, hafði hann komið til Stykkishólms frá Bildsey á trillubát, og flutti hann tunnuna á trillubátnum til Bildseyjar og lét hana inn í kompu inn af eldhúsinu í bænum í Bildsey. Ákærður hefir eindregið haldið fram, að hann hafi verið einn að verki, er hann stal kjöttunnu þessari og flutti hana út til Bildseyjar, og að enginn hafi verið í vitorði með honum um þennan verknað hans. En morguninn eftir að hann stal tunnunni, kveðst hann hafa sagt ákærðri Margréti Ketilbjarnardóttur frá tunnunni og hvernig hún væri fengin, og hafi ákærð átalið hann fyrir verknaðinn, en hin ákærðu hafa samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, búið saman í Bildsey sem hjón frá því þau fluttu þangað vorið 1937, en eru ógift, og er ákærð Margrét Ketilbjarnardóttir, eða telst vera, ein eigandi að jörðinni Bildsey og áhöfn þeirri,

sem á jörðinni hefir verið í sambandi við búskap hinna ákærðu á jörðinni, en ekki ákærður. Kjötið úr tunnunni var því mest notað til matar á heimili hinna ákærðu í Bildsey.

Þá hefir ákærður játað að hafa tekið í heimildarleysi glerbrúsa, sem tók ca. 60 lítra og sem stóð úti nálægt höfninni í Stykkishólmi, eign Gests Bjarnasonar, bifreiðarstjóra í Stykkishólmi, og notað hann undir blóð, er hann fékk slátur hér í Stykkishólmi, og farið með brúsann til Bildseyjar, og virðist það samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, hafa verið nokkru áður en hann tók kjöttunnuna. En hann heldur eindregið fram, að hann hafi ekki ætlað sér að slá eign sinni á brúsann, heldur hafi hann aðeins tekið brúsann „traustataki" og ætlað að skila honum aftur, en hann hefir þó játað að hafa ekki skilað brúsanum aftur né látið eiganda hans vita um að hann tók brúsann, fyrr en er eigandinn spurði ákærðan um brúsann vegna þess að hann hafði frétt, að brúsinn mundi vera úti í Bildsey, og heldur fram, að hann hafi strax kannast við að hafa tekið brúsann, er Gestur Bjarnason spurði hann um það, en samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, skilaði ákærður brúsa þessum nokkru eftir að Gestur Bjarnason hafði spurt hann um brúsann.

Fyrrnefndur Gestur Bjarnason hefir borið sem vitni í málinu, að umræddur brúsi hafi staðið úti hjá húsi Jóns Eyjólfssonar, kaupmanns í Stykkishólmi, en hafi horfið þaðan, og nokkru eftir að brúsinn hvarf, kveðst vitnið hafa frétt, að hann mundi vera úti í Bildsey, og kveðst vitnið því, er hann hitti ákærðan í Stykkishólmi skömmu síðar, hafa spurt ákærðan um brúsann og hafi ákærður ekki svarað því strax, en hafi viðurkennt, að brúsinn væri hjá honum, en hafi sagzt hafa fengið hann lánaðan hjá einhverjum, en ekki muna hjá hverjum. En ákærður neitar að hafa sagt vitninu, að hann hafi fengið brúsann lánaðan hjá einhverjum, en heldur fram, að hann hafi strax kannazt við í samtalinu við vitnið, að hann hafi tekið brúsann án nokkurs leyfis.

Vitnið Björn Jóhannsson, sem vann að smíðum hjá ákærðum á umræddum tíma, hefir borið, að hann hafi orðið var við, er ákærður kom heim til sín með umræddan brúsa, og hafi þá verið blóð í honum, og kveðst vitnið

hafa haft orð á því við ákærðan, hve gott ilát hann hafi náð í undir blóðið, og hafi ákærður þá sagzt hafa tekið brúsann traustataki.

Þar eð ákærður virðist ekki hafa farið leynt með brúsa þennan eða hvernig hann var fenginn, verður að telja varhugavert að telja víst, að ákærður hafi ætlað að slá eign sinni á hann, þannig að um þjófnað sé að ræða, og verður því að telja, að hér sé aðeins um brot gegn 238. gr. hinna almennu hegningarlaga að ræða, og þar eð engin krafa hefir komið fram um, að honum verði refsað fyrir það, og samkvæmt niðurlagsákvæði nefnds lagaákvæðis ber því eigi að dæma hann til refsingar fyrir það.

Þá hefir ákærður og játað að hafa um mánaðamótin október—nóvember f. á., er hann var staddur í Stykkishólmi, skorið festi frá uppskipunarbát, sem lá við bryggju í Stykkishólmi, eign Jóns Loftssonar, bónda að Keisbakka í Skógarstrandarhreppi, og var það festi sú, sem báturinn var festur með við bryggjuna, og hefir ákærður játað að hafa skorið festina frá við hnífil bátsins og farið með hana út í Bildsey og fest bát sínum við hana, er þangað kom. Hann heldur fram, að hann hafi ekki ætlað sér að stela festi þessari, er hann skar hana frá bátnum, heldur hafi hann skorið hana frá bátnum vegna þess að hún hafi verið flækt saman við festi þá, sem bátur ákærðs var bundinn við, en er hann hafði skorið festina frá bátnum, hafi honum hugkvæmst að taka festina og halda henni. Er Jón Loftsson kom á umrædda bryggju og sá, að festin hafði verið tekin, sem virðist hafa verið rétt strax eftir að ákærður tók festina, kveður hann (J. L.) uppskipunarbátinn, sem ekki hafði verið festur á annan hátt en með festi þessari, hafa verið rekinn nokkra faðma frá bryggjunni, og hafi vindur staðið af landi, og hefði bátinn því fljótlega rekið langt frá landi, hefði þess ekki orðið vart, að hann var laus. Jón Loftsson frétti þá af því, að ákærður var nýfarinn frá bryggjunni, og taldi því líklegt, að hann hefði tekið festina, og fór hann því í Bildsey ásamt tveim öðrum mönnum og tók festina og fór jafnframt til ákærðs og lét hann vita af því, og hefir Jón Loftsson borið sem vitni í málinu, að ákærður hafi þá ekki borið á móti því, að J. L. ætti festina, en hafi sagzt ekki skilja í, hvernig festin hefði komizt um borð í sinn bát. Samkvæmt fram-

burði Jóns Loftssonar var festi þessi úr nýjum kaðli, um 8 faðma löng.

Ákærð hefir játað, að ákærður hafi skýrt henni frá, hvernig framangreind kjöttunna var fengin, morguninn eftir að hann tók tunnuna, og kveðst hún þá hafa ávítað ákærðan fyrir að fremja slíkan verknað, en hefir játað að hafa látið viðgangazt, að kjötið var notað til matar á heimili þeirra, og að hafa matreitt það.

Eftir að rannsókn máls þessa hófst, fyrirskipaði dómsmálaráðuneytið framhaldsrannsókn hér og málshöfðun á hendur hinum ákærðu, út af þjófnaði, sem framinn var í Reykjavík, áður en hin ákærðu fluttu til Bíldseyjar, er þau voru búsett í Reykjavík, en þar bjuggu þau saman, áður en þau fluttu til Bíldseyjar, en rannsókn út af þeim þjófnaði hafði verið byrjuð í Reykjavík.

Ákærð hefir játað að hafa tekið tvö silfurrefaskinn frá Ólafi Hvanndal, Mjóstræti 6 í Reykjavík, í marzmánuði 1937, og hafi það atvikazt þannig, að hún hafi komið til Ólafs að kvöldi og verið hjá honum um stund á skrifstofu hans og hún því næst verið um stund ein á skrifstofunni og hafi henni þá hugkvæmst að taka refaskinn, sem hún vissi, að Ólafur átti geymd í skáp í skrifstofunni, en það kveðst hún hafa vitað vegna þess að hún hafi áður, er hún var stödd í skrifstofunni, séð inn í skápinn. Skápurinn var læstur, og kveðst ákærð hafa opnað hann þannig, að hún hafi tekið hníf, sem hafi legið á borði í stofunni, og stungið hnífnum inn fyrir læsingarjárnið og opnað skápinn þannig og tekið 2 silfurrefaskinn úr skápnum og falið þau undir kápu sinni og farið því næst út og heim til sín, án þess að hitta Ólaf. Annað skinnið seldi ákærð sjálf daginn eftir fyrir 135 krónur, og fám dögum seinna bað hún ákærðan að selja hitt skinnið, og tók hann það að sér, og seldist það fyrir 235 krónur, sem ákærður afhenti ákærðri. Ákærð hefir borið, að ákærður hafi spurt hana, hvernig hún hafi fengið skinnið, en heldur fram, að hún muni ekki, hvað hún hafi sagt honum um það, en kveðst muni hafa sagt honum, að hún hafi fengið skinnið hjá Ólafi Hvanndal og ákærður svo ekki grennslazt frekar eftir því, hvernig skinnið væri fengið, og kveðst hún ekki geta sagt um, hvort Gísla hafi grunað, að skinnið væri stolið. Ákærð kveður Ólaf Hvanndal hafa veitt henni áfengi kvöld

það, sem hún tók silfurrefaskinnin, og kveðst hún hafa verið undir áhrifum áfengis, er hún framdi þann verknað.

Ákærður hefir játað að hafa selt framangreint refaskinn samkvæmt beiðni hinnar ákærðu. Hann kveðst þó ekki hafa farið sjálfur með skinnið í verzlun þá, sem það var selt í, en kveðst hafa beðið annan mann, að nafni Ottó Simonsen, að fara með skinnið þangað, og hafi hann gert það og afhent ákærðum 235 krónur, sem hann fékk fyrir skinnið, og hefir ákærður kannazt við, að þeir peningar hafi verið notaðir til sameiginlegra heimilisþarfa hinna ákærðu.

Ákærður hefir borið, að ákærð hafi seint um kvöld komið heim til sín með umrætt skinn, og hafi sagt, að hún hafi fengið skinnið hjá Ólafi Hvanndal, og kveðst ákærður hafa spurt hana um, hvort Ólafur hafi gefið henni skinnið, og hafi hún ekki gefið neitt ákveðið út á það. Er ákærður fyrst var yfirheyrður um þetta af lögreglunni í Reykjavík, bar hann, að ákærð hafi ekki sagt honum berlega, að skinnið væri stolið, en að hann hafi grunað, að skinnið væri illa fengið. Er ákærður var litlu síðar yfirheyrður um þetta fyrir rétti í Reykjavík, bar hann, að hann hafi upphaflega ekki grunað neitt um, að skinnið væri stolið, kveðst vita til þess, að þau, ákærð og Ólafur Hvanndal, þekktust, og hafi Ólafur margoft hjálpað henni á ýmsan hátt, og þess vegna hafi hann ekki grunað, að skinnið væri stolið, fyrr en eftir að hann frétti, að horfið höfðu skinn frá Ólafi, en þá hafi hann verið búinn að selja skinnið, en hafi þá tekið að gruna, að skinnið, sem hann seldi fyrir ákærðu, væri illa fengið, og kveðst hann hafa átt við það í framburði sínum fyrir lögreglunni. Þennan framburð sinn hefir ákærður síðan haldið fast við, við rannsókn málsins.

Framannefndur Ottó Simonsen hefir borið, að ákærður, sem þá bjó á Laugaveg 49 B í Reykjavík, hafi eitt sinn beðið hann að ganga með sér niður í bæ, og hafi ákærður haft bréfpoka meðferðis, og er þeir komu niður í bæinn, hafi ákærður sagt honum, að refaskinn væri í pokanum, og beðið Ottó að fara með skinnið til Þórodds Jónssonar, kaupmanns í Hafnarstræti, og selja honum skinnið, og hafi ákærður jafnframt sagt: „Það borgaði sig fyrir mig að fara á kendirí í gærkvöldi. Ég græddi helvíti vænt

silfurrefaskinn," og hafi hann jafnframt sagt, að hann hafi stuttu áður selt annað silfurrefaskinn í sömu verzlun, og mundi þykja grunsamlegt, ef hann nú seldi annað. En samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, hafði ákærðu nokkru áður verið gefið silfurrefaskinn, sem hin ákærðu seldu í nefndri verzlun. Ottó kveðst því næst hafa selt skinnið í nefndri verzlun og afhent strax ákærða, sem beið fyrir utan á meðan, peningana, sem hann fékk fyrir skinnið.

Ákærður hefir viðurkennt framangreindan framburð Ottós Simonsen réttan að öðru en því, að hann kveðst ekki muna eftir að hafa viðhaft þau orð, sem Simonsen hefir eftir honum í framburði sínum. En það hefir ekki náðst til Ottos Simonsen til yfirheyrslu í rétti hér eða til samprófunar við ákærðan, eftir að rannsókn út af skinnþjófnaði þessum hófst hér.

Þó svo virðist samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, sem ákærður kynni að hafa haft einhverja ástæðu til þess að ætla, vegna kunningsskapar milli ákærðrar og Ólafs Hvanndal, að Ólafur hafi gefið henni framangreint refsskinn, verður þó samkvæmt hinum upprunalega framburði hans viðvíkjandi þessu og með því, sem upplýst er viðvíkjandi framkomu ákærðs í sambandi við sölu skinnsins, að telja nægjanlega sannað, að ákærðan hafi grunað eða hann jafnvel vitað, að skinnið var stolið.

Það er ekki sannað í máli þessu, að hin ákærðu hafi framið önnur brot en að framan greinir.

Ákærður Gísli Guðjón Þórðarson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur þann 10. september 1898. Með dómi lögregluréttar Reykjavíkur, uppkveðnum þann 14. nóvember 1934, var hann dæmdur í 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 króna sekt fyrir áfengisbruggun, en hefir annars ekki, svo vitað sé, sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Hann sat í gæzluvarðhaldi frá 11. desember f. á. til 24. s. m.

Með framangreindu framferði sínu (töku kjöttunnunnar og töku bátsfestarinnar) hefir ákærður að áliti réttarins brotið gegn 6. gr. laga nr. 51 frá 7. maí 1928, og með framferði sínu viðvíkjandi silfurrefsskinninu hefir hann að áliti réttarins brotið gegn 240. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til,

hæfilega ákveðin samkvæmt framangreindum lagaákvæðum, sbr. og 63. gr. hinna almennu hegningarlaga, 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærð Margrét Ketilbjarnardóttir er og komin yfir lögaldur sakamanna, fædd þann 5. ágúst 1899. Hún hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot.

Með framangreindu framferði sínu (töku silfurrefaskinnanna) hefir ákærð að áliti réttarins brotið gegn 6. gr. laga nr. 51 frá 7. maí 1928, og með því að notfæra sér ásamt ákærðum framangreint kjöt, sem hún vissi, að var stolið, hefir hún að áliti réttarins brotið gegn 240. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing sú, er hún hefir unnið til, samkvæmt framangreindum lagaákvæðum, sbr. og 63. gr. hinna almennu hegningarlaga, hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En fullnustu refsingar hennar þykir mega fresta og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 frá 16. nóvember 1907 eru haldin.

Kaupfélag Stykkishólms í Stykkishólmi hefir krafizt þess, að ákærður verði dæmdur til þess að greiða félaginu kr. 165.00 í skaðabætur fyrir framangreinda kjöttunnu, og hefir ákærður samþykkt þá kröfu, og ber því að taka hana til greina og dæma ákærðan til þess að greiða Kaupfélagi Stykkishólms þessa upphæð.

Loks ber að dæma hin ákærðu til þess, annað fyrir bæði og bæði fyrir annað (in solidum), að greiða allan kostnað sakarinnar.

Það er gerð grein fyrir því í prófum málsins, hversvegna rannsókn þess var ekki lokið fyrr en gert var, en á málinu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Gísli Guðjón Þórðarson sæti 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærð Margrét Ketilbjarnardóttir sæti og 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En fullnustu refsingar hennar skal fresta og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 frá 1907 eru haldin.

Ákærður Gísli G. Þórðarson greiði Kaupfélagi

Stykkishólms kr. 165.00 innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Hin ákærðu greiði, annað fyrir bæði og bæði fyrir annað, allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. júní 1939.

Nr. 102/1938. **Jón Gunnarsson f. h. Síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Bæjarstjóra Siglufjarðar f. h. bæjarsjóðs (Einar B. Guðmundsson).

Lögtak fyrir fasteignaskatti til bæjarsjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. október f. á., krefst þess: Aðallega að fjárhæð sú, sem lögtak er heimilað fyrir, verði lækkuð niður í kr. 17151.00, en til vara, að fjárhæðin verði færð niður í kr. 19399.00. Ennfremur krefst hann málskostnaðar fyrir hæstarétti, hvernig sem málið fer. Stefndi krefst þess hinsvegar, að lögtakið verði staðfest fyrir kr. 22255.00, en til vara, að það verði staðfest að því er varðar kr. 19399.00. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti, hvernig sem málið fer.

Í máli þessu er deilt um, hversu mikinn fasteignaskatt áfrýjandi eigi að leysa af hendi til bæjarsjóðs Siglufjarðar af húsum sínum, mannvirkjum og lóðarréttindum á Siglufirði samkvæmt reglu-

gerð nr. 27 frá 1938, sem sett er með heimild í lögum nr. 69 frá 1937 um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna. Ber að ákveða fasteignaskatt þenna sem tiltekna hundraðstölu af fasteignamatsverðinu, sbr. 1. og 2. gr. greindra laga og 2. gr. greindrar reglugerðar. Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppt sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt upplýsingum, sem fram hafa komið hér í dómi, er fasteignamatið á húsum áfrýjanda og mannvirkjum, öðrum en bryggjum og pöllum, kr. 1204900.00. Fasteignamat á bryggjum, pöllum og lóðarréttindum áfrýjanda er alls ósundurliðað kr. 510300.00, en samkvæmt sundurgreiningu fasteignamatsmanna Siglufjarðar, sem til þess hafa verið dómkvaddir, koma af fjárhæð þessari kr. 285480.00 á bryggjur og palla og kr. 224820.00 á lóðarréttindi.

Samkvæmt 2. gr. c., sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 27. frá 1938 verður fasteignaskattur áfrýjanda á húsum og mannvirkjum, þar með töldum bryggjum og pöllum, 1% af kr. 1204900.00 + kr. 285400.00 = ...	kr. 14903.00
Samkvæmt 2. gr. d, sbr. 4. gr. sömu reglugerðar, verður fasteignaskatturinn af lóðarréttindum áfrýjanda 2% af kr. 224800.00 = ...	— 4496.00
Samtals	kr. 19399.00

Hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgerð eiga þannig að vera óröskuð að því er varðar kr. 19399.00, en að öðru leyti ber að fella réttarathafnir þessar úr gildi.

Eftir þessum málslyktum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgerð eiga að vera óröskuð að því er varðar kr. 19399.00, en eru að öðru leyti úr gildi felld.

Stefndi, bæjarstjóri Siglufjarðar f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Jóni Gunnarssyni, framkvæmdarstjóra, f. h. Síldarverksmiðja ríkisins, Siglufirði, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Áfrýjað er lögtaksgerð fógetaréttar Siglufjarðar 7. sept. 1938 í eignum Síldarverksmiðja ríkisins fyrir fasteignagjaldi kr. 23302.00, og úrskurði fógetaréttarins s. d., svohljóðandi:

Með því að eigi verður litið svo á, að eigi sé óheimilt (sic) að leggja fasteignaskatt á mannvirki og lóðir síldarverksmiðja skv. lögum nr. 69 frá 1937, né heldur reglugerð þeirri fyrir Siglufjarðarkaupstað, er hefir verið sett um þetta efni, og þar sem að undantekningarákvæði 4. gr. laga nr. 69 frá 1937 virðast vera tæmandi, en síldarverksmiðjur hinsvegar eigi þar upptaldar, þá verða eigi tekin til greina hin framkomnu mótmæli gjörðarþola.

Fyrir því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ná fram að ganga.

Miðvikudaginn 7. júní 1939.

Nr. 45/1939. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Halldóri Sveinssyni
(Garðar Þorsteinsson).

Brot bifreiðarstjóra gegn 200. gr. alm. hegningarlaga og 15. gr. sbr. 14. gr. bifreiðalaga nr. 70/1931.

Dómur hæstaréttar.

Ákærða var skylt að sýna ýtrustu aðgæzlu, er hann ók fram hjá bifreiðinni R. 507 og bátnum, sem við hana var tengdur, einkum þegar til þess er litið, að hann hafði áður veitt Sigmundi Sigurðssyni athygli og séð, að hann var með hugann bundinn við að laga bátinn eða gæta að honum. Bar ákærða að draga mjög úr hraða bifreiðar sinnar, aka sem næst vinstri vegarbrún og hafa vakandi athygli á bátnum og mönnum þeim, sem honum fylgdu, meðan hann ók þar framhjá. Samkvæmt upplýsingum þeim, sem fram hafa komið, þykir ákærði ekki hafa gætt þessarar skyldu sinnar til fulls og eiga því nokkurn þátt í slysi því, sem honum er gefið að sök í máli þessu, þótt að mestu leyti verði ógætni Sigmundar Sigurðssonar sjálfs um það kennt. Með greindum aðgæzluskorti hefir ákærði brotið gegn ákv. 200. gr. hinna almennu hegningarlaga og 1. mgr. 15. gr. sbr. 14. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70/1931. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir framangreindum málsúrslitum verður að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með taldar 60 krónur í málsvarnarlaun til talsmanns síns í héraði og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Halldór Sveinsson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með taldar 60 krónur í málsvarnarlaun til talsmanns síns í héraði, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Garðars Þorsteinssonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. marz 1939.

Ár 1939 mánudaginn 13. marz var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af hinum reglulega dómara, settum lögreglustjóra Jónatan Hallvarðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2110/1937: Réttvísin og valdstjórnin gegn Halldóri Sveinssyni.

Málið er höfðað gegn ákærðum fyrir brot gegn 17. kap. hinna almennu hegningarlaga og lögum nr. 70 1931 um notkun bifreiða. Það var í fyrstu dæmt í aukarétti hinn 21. jan. 1938. Dóminum var áfrýjað til hæstaréttar. Hæstiréttur

ómerkti málsmeðferð og dóm og vísaði málinu heim í hérað til rækilegrar rannsóknar og meðferðar og dómsálagningar að nýju með dómi sínum 26. okt. 1938.

Ákærður er Halldór Sveinsson bifreiðarstjóri, til heimilis Bergstaðastræti 10 hér í bæ. Hann er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 9. febrúar 1892 á Rauðhóli, Stokkseyrarhreppi.

Hegningarvottorð hans er svolátandi:

1929 $^{3}/_{5}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.
1929 $^{12}/_{10}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.
1931 $^{28}/_{8}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1932 $^{2}/_{3}$ Kærður fyrir að aka yfir reiðhjól og brjóta það. Málið rannsakað og lokið án málssóknar.
1934 $^{17}/_{1}$ Undirgekkst að sjá um skaðabótagreiðslu fyrir reiðhjól, er hann skemmdi með bifreið sinni.
1934 $^{1}/_{6}$ Aðvörun fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.
1938 $^{1}/_{4}$ Áminning fyrir brot á umferðareglunum.

Þriðjudaginn 7. sept. 1937 kl. um 11 f. h. var bifreiðinni R. 507 ekið áleiðis inn á Kirkjusand, og dró hún trillu á eftir sér, sem á var lagður nótabátur. Báturinn lá á hægri hlið og vissi framendinn að bílnum, en kjölurinn snéri að vinstri vegarkanti. Á Laugarnesveginum var bifreiðin stöðvuð til þess að gæta að því, hvernig báturinn færi á trillunni. Til þess varð einn af verkamönnum þeim, er í bátnum voru, Sigmundur Sigurðsson að nafni. Steig hann út úr bátnum á götuna, fór aftur fyrir hann og aðgætti vinstra megin, snéri síðan við og gekk inn á veginn. Í þeim svifum ekur ákærður bifreiðinni R. 358, sem er vörubifreið, aftur með bátnum, og varð það til þess, að Sigmundur rakst á hornið á vörupalli bifreiðarinnar, að því er virðist, kastaðist aftur fyrir sig og lá á bakið þvers yfir veginn, þegar hann var tekinn upp. Var hann þegar fluttur á Landsspítalann, þar sem hann andaðist kl. 3.30 um daginn.

Að tilhlutun lögreglunnar framkvæmdi prófessor Níels Dungal líkskoðun, og er ályktun hans þessi:

„Hinn látni hefir orðið fyrir geysimiklum áverka. Þannig að hann hefir fengið mjög kraftmikið högg beint framan í mitt andlitið, svo að allur efri kjálkinn og nefið hefir malazt og tennur brotnað í neðri góm. Efri gómurinn og kokslímhúðin hefir margrifnað, og hefir blætt mikið og blóðið runnið bæði ofan í lungu og maga. Vegna kjálkabrotsins

hefir kokið að miklu leyti lokazt, og er sennilegt, að maðurinn hafi af þeim orsökum kafnað skyndilega."

Þegar lögreglan kom á vettvang, sáust ekki verksummerki slyssins vegna umferðar, er verið hafði á veginum síðar. Við mælingu lögreglunnar reyndist vegurinn vera á þessum stað 6,40 metrar á breidd, miðað við yztu hjólför beggja megin. Við nákvæma mælingu, sem framkvæmd var undir framhaldsrannsókn málsins, reyndist breidd vegarins milli yztu brúna vera 7.6 metrar, en milli yztu hjólfara ca. 7,2 metrar. Nótabáturinn, þar sem hann er breiðastur, reyndist vera 2,60 metrar, en þar sem hann lá á hliðinni, hefir raunveruleg breidd hans á veginum ekki verið mikil.

Ákærður hefir skýrt svo frá, að hann hafi tekið eftir Sigmundi heitnum, þar sem hann var vinstra megin við bátinn, og var það áður en bifreiðarnar fórust hjá. Hann kveðst hafa ekið hiklaust áfram, en þó dregið úr hraðanum og gizkar á, að hraðinn hafi verið 15—18 km. um það bil, er er hann ók aftur með bátnum. Gangvél bifreiðarinnar var í 4. gír. Hann kveðst ekki geta um það sagt, hvort hann gaf hljóðmerki. Bifreiðinni kveðst hann hafa haldið eins utarlega á vinstri vegarbrún og hann sá sér fært, og telur, að vel hafi verið manngengt milli bílsins og bátsins, þegar hann fór fram hjá. Eftir að hann var kominn fram hjá bátnum, kveðst hann hafa vikið bifreiðinni inn á veginn. Þegar hann var kominn framhjá bátnum miðjum, kveðst hann hafa litið aftur með síðunni og undir skutinn og ekki séð þar neina hreyfingu. En þegar hann er sloppinn með hálfa bifreiðina framhjá bátnum, kveðst hann hafa orðið var við högg á bílinn, en ekki áttað sig á, hvað um var að vera, og þess vegna stoppað bifreiðina.

Vitnið Guðbergur Ingvar Guðmundsson, sem sat á vörupalli bifreiðar þeirrar, er dró bátinn, og sá yfir slysið þaðan, lýsir því svo, að Sigmundur heitinn hafi lokið við að líta eftir bátnum vinstra megin og því farið aftur fyrir hann og út á veginn, skotizt með hraða og sýnilega horft undir bátinn og ekkert tekið eftir bifreið ákærðs. Kveður vitnið Sigmund heitinn hafa lent við þetta fyrst á bifreiðarhúsinu og síðan á horni vörupallsins. Vitnið kveður á-ákærða hafa ekið skikkanlega, en treystir sér ekki til að ákveða hraðann. Það kveðst ekki hafa heyrt hljóðmerki.

Það kveðst ekki hafa tekið eftir, hversu utarlega ákærður ók bifreið sinni, en segir, að báturinn hafi verið utarlega, þótt vera megi, að mátt hefði leggja honum utar. Vitnið telur þó, að ákærður hafi ekið frekar nærri bátnum og að ekki muni hafa verið pláss fyrir mann milli bátsins og bifreiðarinnar, er henni var ekið aftur með.

Vitnið Sigmundur Eyvindsson sat í bátnum, þegar slysið vildi til. Það kveður, að sér hafi virzt Sigmundur heitinn ganga ákveðið og óhikað í veg fyrir bifreiðina, án þess að veita henni eftirtekt, og lent á horninu á vörupallinum. Gekk Sigmundur heitinn hálfboginn fyrir stefni bátsins. Um bilið milli bátsins og bifreiðarinnar segir vitnið það, að maður mundi hafa getað staðið á milli strax fyrir aftan bungu bátsins. Telur það ákærðan hafa sjálfan ekið utarlega og það óþarflega utarlega. Um hraða bifreiðarinnar kveðst vitnið álíta, að hann hafi verið eðlilegur miðað við aðstæður og eftir því, sem bifreiðar aki hér í bæ. Hljóðmerki kveðst vitnið ekki hafa heyrt.

Þá hefir verið leiddur sem vitni í málinu Guðmundur Steindórsson. Vitnið sat í bifreiðinni R. 358 við hlið ákærðs. Það segist ekki hafa séð Sigmund heitinn fyrr en hann kom fyrir bátsstefnið á nokkrum hraða og lenti þegar á vörupallshorninu. Það telur, að manngengt hafi verið milli bátsins og bifreiðarinnar. Það gizkar á, að bifreiðinni hafi verið ekið á 16—18 km. hraða, og kveðst hafa heyrt ákærðan gefa hljóðmerki, áður en hann fór fram hjá bifreiðinni, sem dró bátinn.

Vitnin Sigurgrímur Þórarinn Guðjónsson, Halldór Bjarnason, Guðmundur Sigurjónsson og Ellert Helgi Ketilsson, sem öll voru við bátsflutninginn, hafa borið það, að ákærður hafi ekið með eðlilegum hraða eða gætilega. Ellert Helgi hefir gizkað á, að hraðinn hafi verið 20 km. Ellert Helgi telur, að lítið bil hafi verið milli bifreiðarinnar og bátsins, en þó manngengt. Sigurgrímur telur ákærðan hafa haldið sig eðlilega á veginum, þegar hann ók fram hjá sér, en hann sat undir stýri á bifreið þeirri, er bátinn dró. Af þessum vitnum hafði Guðmundur aðstöðu til að veita slysinu athygli og þó óglöggt. Kveður hann, að sér hafi virzt Sigmundur heitinn fara á bifreiðina, hlaupa fyrir bátsskutinn og lenda á brúninni á vörupallinum að framan. Ellert Helgi kveðst hafa séð Sigmund heitinn koma

hlaupandi, hálfboginn, aftur fyrir bátinn og gæta undir hann, en ekki sá hann, þegar bifreiðin lenti á honum.

Í tilefni af frásögn ákærðs um hraða bifreiðarinnar hefir verið leitað, að bendingu hæstaréttar, álits bifreiðaeftirlitsmannanna Jóns Ólafssonar og Viggó Eyjólfssonar og læknanna Magnúsar Péturssonar héraðslæknis og Niels Dungals prófessors um það, hvort bifreið ákærða hefði getað greitt Sigmundi heitnum svo mikið högg, sem raun gaf vitni, ef hún hefði verið á þeim hraða, sem hann telur.

Bifreiðaeftirlitsmennirnir telja, eftir þeirri reynslu, sem þeir hafa af bifreiðaárekstrum, að líklegt megi telja, að „jafnvel þótt bifreið sé ekki á meiri hraða en 15—18 km. gefi hún það mikið högg, að það geti veitt slíkan áverka, sem varð á manninum, sem slasaðist, sérstaklega þegar þess er gætt, að maðurinn gekk „ákveðið og óhikað“ og því „á nokkrum hraða beint í veginn fyrir bifreiðina“, eins og vitnin segja, og að hornið á vörupallinum eða kassanum lendir „beint í andliti mannsins.“ Læknarnir hafa látið það álit uppi, að það væri „mjög ólíklegt, að slíkur áverki hefði hlotizt af bifreiðinni á 15—18 km. hraða, svo framarlega sem maðurinn hefði staðið hreyfingarlaus, þegar bifreiðin rakst á hann. En þar sem svo virðist, sem líkur séu til, að maðurinn hafi komið með nokkrum hraða á móti bifreiðinni, er mögulegt, að árekstrarhraðinn hafi getað numið allt að 30 km., og teljum við ekki óhugsandi, að það geti útskýrt hinn mikla áverka, er hinn látni varð fyrir, ekki sízt þar sem hann mun hafa lent á horni bifreiðarpallsins“.

Þá hefir í framhaldsrannsókninni verið mældur halli vegarins. Er hann óverulegur eða 1:106 á þeim stað, sem áreksturinn er talinn að hafa orðið á. Telja bifreiðaeftirlitsmennirnir það bæði „mögulegt og sjálfsagt“, að bifreiðin hafi getað dregið þar á 15—18 km. hraða, enda þótt hún væri í 4. gír og fullfermd af sandi.

Samkvæmt málavöxtum þeim, er nú hafa verið raktir, verður ákærðum að áliti réttarins ekki gefin sök á slysinu, svo að við lög þau varði, sem í stefnu greinir. Ákærður ekur framhjá bátnum á litlum hraða, að því er ráða má af rannsókninni. Hann gefur hljóðmerki að vitni þess mannsins, er bezta aðstöðu hafði til að taka eftir því. Hann telur sig hafa ekið eins utarlega og sér hafi verið fært, og

styður vitnisburður Sigmundar Eyvindssonar það og einnig að nokkru vitnisburður Sigurgríms Þórarins Guðjónssonar. Verður ekki talið samkvæmt framburðum vitnanna, að ákærður hafi farið svo nærri bátnum, að slysið hefði þess vegna þurft að verða. Það verður að telja sannað með framburðum vitnanna, að Sigmundur heitinn hafi skotizt fyrir bifreiðina, án þess að taka eftir henni, enda virðist hann hafa haft hugann við það að gæta að bátnum. Verður því að sýkna ákærðan af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað málsins, af almannafé, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns ákærðs hér fyrir réttinum, Garðars Þorsteinssonar hrm., er ákveðast kr. 60.00.

Málið hefir verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Halldór Sveinsson, skal sýkn af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns ákærðs, Garðars Þorsteinssonar, hrm., kr. 60.00.

Miðvikudaginn 7. júní 1939.

Nr. 18/1939. **Kristján Helgason**
(Theódór B. Lindal)
gegn
Jóhannesi Ólafssyni
(Pétur Magnússon).

Meiðyrðamál. Frávísun ex officio, vegna þess að áfrýjunarleyfi var of seint veitt.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp 9. des. 1936, og áfrýjunarfrestur samkvæmt e-lið 222.

gr. laga nr. 85/1936 hófst því 1. jan. 1937, sbr. 1. málsgr. sömu greinar. Sá 2 ára tími, er veita má áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. málsgr. 197. gr. téðra laga, hefst á sama tíma sem hinn venjulegi áfrýjunarfrestur samkvæmt 1. málsgr. 197. gr., sbr. e-lið 222. gr., að því er þetta mál varðar. Leyfi til áfrýjunar þessa máls er gefið út 14. febr. 1939, og því meira en 2 árum eftir upphaf áfrýjunarfrests þess, er samkvæmt framanskráðu hófst 1. jan. 1937. Var því eigi heimilt lögum samkvæmt að veita áfrýjunarleyfið, og verður því að vísa málinu ex officio frá hæstarétti.

Eftir þessum málalokum og samkvæmt kröfu stefnda verður að dæma áfrýjanda til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 150 krónur.

Áfrýjandi hafði gjafsókn fyrir hæstarétti og fékk sér skipaðan talsmann. Verður eftir úrslitum málsins að dæma talsmanninum málflutningslaun úr ríkissjóði, er þykja hæfilega ákveðin 100 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Ríkissjóður greiði málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Theódórs B. Líndal hæstaréttarmálflutningsmanns, 100 krónur.

Áfrýjandi, Kristján Helgason, greiði stefnda, Jóhannesi Ólafssyni, 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Dalasýslu 9. des. 1936.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað fyrir aukarétti Dalasýslu með stefnu útgefinni 8. júlí 1936

af Jóhannesi Ólafssyni, barnakennara á Svínhóli, gegn Kristjáni Helgasyni, bónda á Dunkárbakka, út af meiðandi ummælum, er stefnandi telur að stefndur hafi haft um sig í bréfi til fræðslumálastjóra dags. 8. september 1935 og í bréfi til kennslumálaráðherra dags. 18. apríl 1936. Telur stefnandi ummæli þau mjög meiðandi og móðgandi fyrir sig og miði auk þess að því að spilla fyrir atvinnu sinni sem barnakennara.

Ummæli þau í nefndu bréfi til fræðslumálastjóra, þar sem stefndur ræðir um stefnanda og sem stefnandi átelur sérstaklega, eru þessi: „að það sé héraðsfleygt, að hann bruki fíflskap við meytelpur, sem hann eigi að kenna."

Ummælin í bréfinu til kennslumálaráðherra, er stefnandi telur sérstaklega meiðandi fyrir sig, eru þar sem stefndur segir um hann: „hann hafði fyrir fáum árum orðið uppvís að svínarii".

Stefnandi hefir gert þær réttarkröfur í málinu, að framangreind ummæli stefnds verði dæmd dauð og ómerk og hann dæmdur í hina þyngstu refsingu, sem lög leyfa, og til þess að greiða sér málskostnað að skaðlausu eftir reikningi.

Stefndur hefir aftur á móti krafizt algerðrar sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað að skaðlausu eftir reikningi eða mati réttarins.

Þessar kröfur sínar í málinu rökstyður stefndur með því, að hann segir, að sannað sé í málinu með vitnaframburði, að hin umstefndu ummæli hans í bréfinu til fræðslumálastjóra hafi verið rétt; hafi þrjú vitni í málinu vottað það, „að gengið hafi í héraðinu um stefnanda orðrómur um ósæmilega hegðun gagnvart meytelpum".

Hann heldur því einnig fram, að sér hafi tekizt að færa fulla sönnun í þessu máli fyrir réttmæti hinna umstefndu ummæla í bréfinu til kennslumálaráðherra og að minnsta kosti þrjú vitni hafi með framburði sínum sannað ásókn stefnanda á hendur 12 ára telpu, að fá að kyssa hana og faðma, en telpa þessi var ein af nemendum stefnanda veturinn 1928—1929. Segir stefndur, að vottorð stúlkunnar, sem er staðfest, greini frá því, að stefnandi hafi ásótt hana í þeim augljósa tilgangi að tæla hana til lauslætis.

Stefnandi mótmælir því ákveðið, að stefndur hafi fært

sönnur á, að umstefnd ummæli séu réttmæt; segir vottorð og framburð vitnisins Kristínar Hjartardóttur hafi ekkert eða að minnsta kosti mjög lítið sönnunargildi og mótmælir einnig vitnisburði hinna annara vitna.

Skulu nú athuguð þau sönnunargögn, er komið hafa fram í máli þessu.

Stefnandi hefir lagt fram í málinu yfirlýsingu bænda og húsmæðra í Miðdala- og Hörðudalshreppum um það, að hann hafi komið vel fram sem kennari við börn þeirra og getið sér hinn bezta orðstír. Alls undirskrifað af 37 persónum. Yfirlýsingar þessar eru óstaðfestar og þeim mótmælt. Eru þær því ekki sönnun í þessu máli.

Stefndur hefir lagt fram í málinu vottorð frá ýmsum á réttarskjölum nr. 11 til 18. Eru nokkur þeirra mjög óákveðin í orðalagi; t. d. hafi heyrt, að stefnandi hafi umgengizt telpur, sem hann hafði til kennslu, á óvenjulegan hátt. Öll þessi vottorð, nema vottorðið á réttarskjali 14, eru óstaðfest og hefir þeim verið mótmælt af stefnanda. Verða þau ekki talin sönnun í þessu máli. Vottorðið á réttarskjali 14 hefir verið staðfest fyrir rétti af öðrum útgefanda þess, en þá um leið lýsti hann því yfir, að þar sem stæði „ósæmilegan hátt" í vottorðinu, ætti hann við „ekki ágætlegan hátt" eða „ekki ágætlega". Virðist því vottorð það verða að litlu liði í málinu.

Þá hafa þrjú vitni, þau Kristín Hjartardóttir, Baldvin Sveinsson og Pálmi Jónasson, borið það fyrir rétti, að þau hafi heyrt orðasveim um það, að stefnandi hafi umgengizt telpur, er hann hafði í kennslu, á mjög ósæmilegan hátt. Vitnið Kristín segist bæði fyrr og síðar hafa heyrt í héraðinu orðróm um það, að stefnandi hafi haft frammi áleitni við stúlkubörn, er hann kenndi.

Vitnisburður fjögra persóna hafa verið lagðir fram í málinu, og staðfestir eru þeir um áleitni stefnanda við Kristínu Hjartardóttur, er hann kenndi veturinn 1928—1929, og varð hún þá (um veturinn) 13 ára. Framburður Kristínar sjálfrar greinir frá því, að stefnandi hafi þann vetur sótzt mjög eftir að fá að kyssa hana og láta blítt að henni, er þau voru tvö saman, og fór jafnvel að gráta, er hún leyfði það ekki. Laumaði hann og ástarbréfum í lófa vitnisins, og í einu þeirra bréfa kveðst hann elska vitnið meir en konuna sína. Bréf þessi brenndi vitnið.

Þess getur Kristín og, að stefnandi hafi tvívegis vakið sig með klappi og meira að segja í annað skiptið einnig með kossi.

Vitnið Ragnheiður Hjartardóttir, systurdóttir stefnds, sem var skólasystir Kristínar umræddan vetur, þá 10 ára, ber það, að henni virtist stefnandi gefa sig meira að þeim telpunum en drengjunum, einkum er á veturinn leið. Kvaddi hann þær og heilsaði þeim með kossi (ekki getur hún um, hvernig kveðjum hans var háttað við drengina) og vildi dansa við þær á kvöldin. Segist vitnið hafa einu sinni vaknað við það um veturinn, að stefnandi var að klappa Kristínu, er svaf fyrir framan það í rúminu. Þetta ber vitnið eftir eigin athugun. Þá getur hún þess, að Kristín hafi þá um veturinn sagt sér af áleitni stefnanda við hana. Vitnið tekur það fram, að stefnandi hafi ekki haft í frammi neina áleitni við sig frekar en að framan er sagt.

Vitnin Kristján Magnússon, uppeldisbróðir Kristínar Hjartardóttur, og Jón Jóhannsson, fóstri hennar, bera það báðir, að þeim hafi virzt Kristínu standa stuggur af stefnanda eftir þennan umrædda vetur. Fékkst hún ekki til þess að greina fósturforeldrum sínum ástæðuna fyrir þessu aðra en þá: „að stefnandi léti eins og fífl við sig". Þá segja þeir, að Kristín hafi fengið bréf frá stefnanda, en brennt það.

Samkvæmt framangreindu virðist stefnda ekki hafa tekizt með vitnaleiðslum þeim, er farið hafa fram í þessu máli, að sanna það, að stefnandi hafi sýnt námstelpu sinni Kristínu Hjartardóttur áleitni, er talin verði „svínarí", en með vitnisburði um framkomu stefnanda gagnvart henni hefir stefndur viljað sanna, að ummæli hans í bréfinu til kennslumálaráðherra væru réttmæt. Ekki hafa verið færð gögn að því í þessu máli, að viðskipti stefnanda við nokkra aðra persónu hafi verið slík, að þau réttlæti hin umstefndu ummæli. Það virðist ekki heldur full sönnun færð fyrir því, að héraðsfleygt hafi verið, að stefnandi brúkaði fíflskap við meytelpur, þótt fjögur vitni staðfesti það fyrir rétti, að þau hafi heyrt orðasveim um það í Dalasýslu, „að stefnandi umgengist telpur, er hann hefði til kennslu, á mjög ósæmilegan hátt." Vitni þessi, sem eru búsett hvort nálægt öðru — þrjú í sama smáhreppnum og það fjórða rétt utan við takmörk hans — gátu hafa heyrt orðasveim-

inn, þó að ekki væri hann héraðsfleygur. Þótt það væri talið sannað, að orðasveimur þessi (að stefnandi brúkaði fíflskap við meytelpur, sem hann á að kenna) væri héraðsfleygur, þá hefir stefndur gerst sekur um að útbreiða hann með því að skrifa fræðslumálastjóra um orðasveiminn. Virðist stefndur ekki heldur hafa fært fram í málinu næg gögn, er réttlæti þau ummæli, er felast í orðasveimi þessum.

Hin umstefndu ummæli verða að teljast meiðandi og móðgandi í garð stefnanda, og þar sem stefndur hefir ekki réttlætt þau, þá verður að dæma þau dauð og ómerk og stefnda í refsingu fyrir þau samkvæmt 217. grein hinna almennu hegningarlaga, og þykir hegningin hæfilega ákveðin 60 kr. sekt til ríkissjóðs, en ef sektin er ekki greidd í tækan tíma, þá komi í hennar stað 7 daga einfalt fangelsi.

Samkvæmt málsúrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega metinn 50 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hin átöldu meiðandi og móðgandi ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefndur, Kristján Helgason, greiði 60 króna sekt í ríkissjóð eða sæti 7 daga einföldu fangelsi, ef sektin er ekki greidd áður en aðfararfrestur er liðinn. Svo greiði stefndur stefnanda, Jóhannesi Ólafssyni, 50 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. júní 1939.

Nr. 6/1938. **Svínvetningabrautarfélagið í Húnavatnssýslu**
gegn
Karli Helgasyni

Úrskurður um öflun framhaldsgreinargerðar fyrir fógetarétti.

Úrskurður hæstaréttar.

Í máli þessu þykir vanta greinargerð um atriði þau, er hér segir:

1. Hvort Blönduóshreppur hafi greitt nokkurt gjald til áfrýjanda af landi því, er í máli þessu greinir, og, ef því er að skipta, hversu miklu það gjald nemi árlega síðan stefndi fékk þann rétt yfir landinu, sem í „erfðaleigubréfi" frá 27. júní 1932 segir.

2. Hvenær og hversu oft framannefnt land hafi verið metið síðan áðurnefnt bréf var gert, og í hvaða skyni.

3. Hvers virði land þetta hafi verið metið óræktað og hvers virði ræktun þess, þar með taldar nauðsynlegar girðingar og nauðsynlegir skurðir vegna ræktunarinnar, er vera kunna á eða í landinu, hafi verið metin.

Þykir ekki rétt að leggja dóm á mál þetta áður en aðiljum hefir verið veittur kostur á að afla greinargerðar um framantalin atriði, og ber því að fresta meðferð þess fyrir hæstarétti og leggja fyrir fógeta samkvæmt analógíu 120. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 223. gr. sömu laga að veita aðiljum kost á að afla téðrar greinargerðar fyrir dómi sínum, svo og greinargerðar um þau önnur atriði, er mál þetta varða og efni kunna að standa til.

Því úrskurðast:

Meðferð máls þessa fyrir hæstarétti er frestað. Fógeta skal skylt að veita aðiljum kost á því að gera fyrir dómi sínum grein fyrir framangreindum atriðum og þeim öðrum atriðum, er mál þetta varða og efni kunna að standa til.

Miðvikudaginn 14. júní 1939.

Nr. 5/1939. **Jóhanna Goldstein-Ottósson**
(Lárus Fjeldsted)
gegn
Helgu Sigurðsson og gagnsök
(Garðar Þorsteinsson).

Atvinnuréttindi. Skaðabætur vegna rofa á samningsbundnu trúnaðarsambandi í atvinnurekstri, sbr. 12. gr. laga nr. 84/1933.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. jan. þ. á., hefir krafizt þess aðallega, að hún verði algerlega sýknuð af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu, en til vara, að hún verði sýknuð, ef hún staðfestir það með eiði sínum, að hún hafi skilið gagnáfrýjanda svo, er gengið var frá samningi aðilja frá 4. ág. 1935, að henni (aðaláfrýjanda) væri aðeins óheimilt að ráða sig hjá öðrum í Reykjavík, Hafnarfirði og í nágrenni Reykjavíkur til samskonar starfs sem hún hafði hjá gagnáfrýjanda.

Málskostnaðar krefst aðaláfrýjandi fyrir báðum

dómum eftir mati hæstaréttar, hvor þessara krafna sem til greina yrði tekin.

Loks krefst aðaláfrýjandi þess til þrautavara, að henni verði með dómi hæstaréttar heimilað að leysa sig með fégjaldi eftir mati dómsins undan atvinnubanninu í áðurnefndum samningi aðilja, ef svo yrði talið, að hún hefði brotið það með því að setja á stofn saumastofu sína, enda verði hún þá sýknuð af frekari kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu. Ef þessi krafa yrði tekin til greina, þá krefst aðaláfrýjandi þess, að málskostnaður verði látinn falla niður fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefir málinu til hæstaréttar með stefnu 9. febr. þ. á., krefst þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt óheimilt bæði nú og framvegis að starfrækja saumastofu í Reykjavík og í nágrenni hennar og í Hafnarfirði eða að vinna með nokkrum hætti á þessum stöðum við slíka stofnun. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að tími sá, sem aðaláfrýjanda sé óheimilað að reka eða stunda áðurnefnda atvinnu, verði lengdur frá því, sem ákveðið er í héraðsdóminum, eftir mati hæstaréttar.

Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi verði dæmd til að greiða henni 6000 krónur eða aðra hæfilega upphæð eftir mati dómsins í skaðabætur. Vaxta hefir ekki verið krafizt.

Loks krefst gagnáfrýjandi staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Ákvæðið í samningi aðilja frá 4. ág. 1935 um það, að aðaláfrýjanda skyldi óheimilt „að taka starf hjá öðrum eða vinna fyrir utan verzlunina (þ. e. verzlun gagnáfrýjanda) á meðan eg (þ. e. aðaláfrýjandi)

dvel á Íslandi", felur í sér ótímabundið og ótakmarkað bann við vinnu aðaláfrýjanda í sömu starfsgrein, sem hún stundaði hjá gagnáfrýjanda. Viðbótarákvæði samningsins um það, að aðaláfrýjandi mætti starfa á Íslandi utan Reykjavíkur og nágrennis hennar og Hafnarfjarðar, takmarkaði bann þetta að stað, en ekki að öðru leyti. Staðhæfing aðaláfrýjanda um það, að hún hafi skilið gagnáfrýjanda svo, að bannið meinaði henni (aðaláfrýjanda) einungis að starfa hjá öðrum eftir að samningi aðilja væri slitið, getur ekki leyst hana undan framangreindum ákvæðum samningsins, með því að ekki er sannað gegn mótmælum gagnáfrýjanda, að hún hafi veitt aðaláfrýjanda nokkurt efni til þess að halda, að svo bæri að skilja þau, enda var það aðaláfrýjanda að kynna sér samninginn nægilega áður en hún gekk að honum. Hinsvegar þykir verða að líta svo á, að hið ótímabundna og víðtæka atvinnubann samningsins skerði svo óhæfilega atvinnufrelsi aðaláfrýjanda, að hún sé ekki bundin við það að fullu. Bannið virðist fyrst og fremst einungis geta, eins og þessu máli er varið, komið til greina um stofnun samskonar saumastofu sem aðaláfrýjandi starfaði í hjá gagnáfrýjanda og ráðningu hennar til starfs slíks hjá keppinautum gagnáfrýjanda. Og þegar meta skal það, hversu lengi það megi standa, sbr. 37. gr. laga nr. 7/1936, þá virðist eitt ár mega teljast hæfilegt. En þar sem aðaláfrýjandi hefir rekið saumastofu sína, að því er virðist, 8—9 mánuði og hún er því væntanlega bundin við samninga um húsnæði og við starfsstúlkur m. fl., þá þykir, eins og á stendur, rétt að taka til greina þrautavarakröfu hennar að því leyti, að hún verði dæmd til að greiða gagnáfrýjanda bætur fyrir tjón, er telja má hana bíða sakir brots aðal-

áfrýjanda á oftnefndu atvinnubanni. Þykja þær bætur hæfilega metnar 3000 krónur. Séu þær að fullu greiddar innan 3 mánaða frá birtingu dóms þessa. Annars kostar skal aðaláfrýjanda vera óheimilt að reka sjálf eða starfa á samskonar saumastofu sem hún vann á hjá gagnáfrýjanda í Reykjavík eða nágrenni hennar eða í Hafnarfirði eitt ár talið frá lokum greiðslufrests áðurnefndra 3000 króna.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, hefir aðaláfrýjandi áður eða um það leyti sem hún fór frá gagnáfrýjanda leitazt við og að nokkru leyti tekizt að ná frá henni starfsstúlkum hennar til fyrirhugaðrar saumastofu sinnar. Þá er það óvéfengt, að aðaláfrýjandi brenndi af ásettu ráði bækur, sem voru eign gagnáfrýjanda og höfðu að geyma nöfn, heimilisföng og líkamsmál kvenna, sem aðaláfrýjandi hafði afgreitt starfstíma sinn hjá gagnáfrýjanda. Þetta var aðaláfrýjanda óheimilt. Það er ennfremur komið fram í málinu, að aðaláfrýjandi sendi viðskiptavinum gagnáfrýjanda prentaðar tilkynningar um stofnun saumastofu sinnar, ásamt ósk um viðskipti við þær. Telur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda munu hafa notað eða látið nota áðurnefndar málbækur beint eða óbeint í þessu skyni. Aðaláfrýjandi, sem gaf aðiljaskýrslu í málinu í héraði, hefir að vísu neitað þessu, en jafnframt hefir hún skorazt undan að gera fulla grein fyrir því, hvernig eða með hverra aðstoð hún, sem er útlendingur og tjáist lítið kunna í íslenzkri tungu, hafi aflað sér nafna og heimilisfanga kvenna þeirra, er hún sendi áðurnefndar tilkynningar. Með því að aðaláfrýjanda virðist hafa verið unnt að gefa nægilega glögga skýrslu um þessi atriði, þá virðist bera að leggja til grundvallar staðhæfingu

gagnáfrýjanda um misnotkun bókanna að þessu leyti, sbr. 116. gr. laga nr. 85/1936.

Verður að telja aðaláfrýjanda hafa með framangreindum athöfnum brugðizt því trausti, er gagnáfrýjanda var nauðsyn að geta borið til hennar, og að sumu leyti misbeitt aðstöðu sinni sér í hag, en gagnáfrýjanda til óhags, sbr. 12. gr. laga nr. 84/1933. Virðast framangreindar athafnir aðaláfrýjanda hafa verið lagaðar til að valda gagnáfrýjanda óþægindum og tjóni. Og þykja bætur fyrir það til handa gagnáfrýjanda hæfilega ákveðnar 1000 krónur, sbr. 4. málsgr. 16. gr. síðastnefndra laga, eins og í héraðsdóminum segir.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma aðaláfrýjanda til þess að greiða gagnáfrýjanda samtals 500 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Johanna Goldstein-Ottósson, greiði gagnáfrýjanda, Helgu Sigurðsson, 1000 krónur.

Ennfremur greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda 3000 krónur innan 3 mánaða frá birtingu dóms þessa. En ef full greiðsla þessarar upphæðar hefir ekki farið fram innan þess tíma, þá skal aðaláfrýjanda þess í stað óheimilt að starfrækja eða vinna á samskonar saumastofu og hún vann á hjá gagnáfrýjanda í Reykjavík og nágrenni hennar og í Hafnarfirði eitt ár, talið frá lokum framangreinds þriggja mánaða frests.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 500 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. des. 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 11. okt. s. l. af frú Helgu Sigurðsson, Garðastræti 39 hér í bæ, gegn frú Jóhönnu Goldstein-Ottósson, Kirkjuhvoli hér í bænum, og eru dómkröfur stefnanda í því þessar:

1) að viðurkennt verði með dómi réttarins, að stefndri sé óheimilt, að viðlögðum 100.00 króna dagsektum, að reka saumastofu hér í Reykjavík og nágrenni og í Hafnarfirði, eða vinna við slíka stofnun á einn eða annan hátt,

2) að stefnd verði dæmd til að greiða sér allt að kr. 6000.00 í skaðabætur fyrir samningsrof og fyrir tjón og þau óþægindi, er hún (stefnandi) hafi orðið fyrir við það, að stefnd hafi tekið til sín á óleyfilegan hátt og eyðilagt málbækur hennar,

3) að stefnd verði dæmd til að greiða sér málskostnað að skaðlausu.

Stefnd krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnandi, en til vara að verða alveg sýknuð, ef hún staðfestir það með eiði, að hún hafi, þegar hún undirritaði samninginn frá 4. ágúst 1935, skilið hann þannig, að hún mætti sjálf (þ. e. sjálfstætt) vinna að kjólasaumi, hvar sem væri, eftir að hún færi úr þjónustu stefnandi. Málskostnaðar krefst hún, hvernig sem málið fer.

Málsatvik eru þau, að með samningi dags. í Berlín 16. ágúst 1934 réði stefnandi máls þessa, eigandi verzlunarinnar Gullfoss hér í bænum, stefndu í þjónustu sína til að veita forstöðu saumastofu, er stefnandi starfrækti í sambandi við nefnda verzlun. Var samningurinn á þýzku, og var í honum m. a. ákvæði, er í þýðingu löggilts dómtúlks er svohljóðandi: „.... Frú Goldstein skuldbindur sig til þess, meðan dvöl hennar í Reykjavík stendur yfir, að búa hvorki

til né láta búa til föt á einstaklinga (orðrétt: einstaklingsdót G. J. (fangamark dómtúlksins)) (nema á sjálfa sig), og til þess að taka ekki að sér aðra stöðu í Reykjavík".

Þann 4. ágúst 1935 gerðu aðilar með sér nýjan samning hér í Reykjavík, og var hann ritaður á íslenzku. Eftir ákvæðum þessa samnings skyldi aðalstarf stefndrar sem áður vera að stjórna saumastofunni. Ráðningartími stefndrar eftir þessum samningi var þrjú ár, eða frá 15. sept. 1935 til 15. sept. 1938. Jafnframt skuldbatt stefnd sig til „.... ekki að taka starf frá öðrum eða vinna fyrir utan verzlunina, á meðan ég dvel á Íslandi" (þ. e. stefnd). Í beinu framhaldi af þessari setningu samningsins, en þó neðanmáls (vísað niður), var síðan eftir að samingurinn hafði verið vélritaður, og að því er virðist um leið og aðiljar undirrituðu hann, bætt svohljóðandi setningu, handritaðri af stefnandi og undirritaðri af báðum aðiljum á sama hátt og meginmál samningsins: „Mér (þ. e. stefndri) er heimilt að starfa í öðrum bæjum á Íslandi að undanskildum Reykjavík og Hafnarfirði og nágrenni Reykjavíkur að þessum þrem árum liðnum". Kaup stefndrar var í samningi þessum ákveðið kr. 250.00 á mánuði, auk þriggja af hundraði af andvirði þeirra vara verzlunarinnar, er gengu gegnum saumastofuna.

Með bréfi dags. 15. júlí 1938 sagði stefnd upp nýnefndum samningi frá 15. september 1938 að telja. Stefnandi hafði líkað vel við stefndu, og fól hún því málflutningsmanni nokkrum hér í bænum að reyna að semja fyrir sig við hana á þá leið, að stefnd ynni áfram á saumastofunni.

Um þetta leyti hafði stefnd gifzt íslenzkum manni, og varð að samkomulagi, að hann og málflutningsmaðurinn reyndu samninga vegna aðilja. Bauð stefnandi stefndri allverulega kauphækkun og að hún skyldi ábyrgjast henni lágmarkskaup, kr. 450.00 á mánuði yfir árið, en um skemmri ráðningartíma mun ekki hafa verið talað. Mun stefnd ekki hafa verið óánægð með lengd ráðningartímans, en samningar hafa strandað á kaupatriði og stefnd síðan hafa farið úr þjónustu stefnandi í samræmi við uppsögnina.

Þann 1. október 1938 opnaði stefnd sína eigin „tízkusaumastofu fyrir dömur" í Kirkjuhvoli hér í bænum, og virðist það fyrirtæki hafa verið alveg samskonar og saumastofa stefnandi í sambandi við verzlunina Gullfoss. Eftir

ákvæðum samningsins frá 4. ágúst 1935 taldi stefnandi stefndri óheimilt að setja þessa saumastofu á stofn og starfrækja hana í samkeppni við sig, og byggist 1. liður réttarkrafna hennar í máli þessu á því.

Þegar stefnd tók við störfum í verkstæði stefnandi eftir fyrri ráðningarsamningnum tók hún þar við af enskri forstöðukonu, miss Longdin. Voru þá engar málbækur (þ. e. bækur, sem nöfn, heimilisföng og líkamsmál viðskiptamanna eru færð í) fyrir á verkstæðinu, enda hefir stefnandi skýrt svo frá, að hún hafi sjálf eyðilagt málbækur miss Longdin, þar eð mál hennar hafi verið ónákvæm og því hafi hún talið þau einskis virði og rétt að fleygja þeim. Stefnd byrjaði því nýjar málbækur og mun hafa verið búin að ljúka 4 eða 5 bókum alveg, er hún fór frá stefnandi, og ca. ¾ hlutum þeirrar 5. eða 6. Nú skýrir stefnandi svo frá, að þegar stefnd hafi farið, hafi hún, án síns leyfis, tekið með sér málbækur þessar, og þann hluta þeirra, er í notkun var, sem útskrifaður var, og hafi hún klippt hann úr bókinni. Hafi stefnd notað sér þessi gögn á þann hátt, að hún hafi skrifað viðskiptavinum sínum (stefnandi) eftir heimilisföngum þeirra, er í bókunum stóðu, og vakið athygli þeirra á hinni nýju saumastofu sinni og yfirleitt hafi hún auglýst hana á allan hátt. Telur stefnandi, að stefndu hafi verið með öllu óheimilt að taka bækurnar og því fremur að notfæra sér á áðurgreindan hátt, og loks hafi hún með þessu bakað sér mikið tjón og óþægindi, þar sem verkstæði hennar geti nú ekki afgreitt kjóla til viðskiptavina sinna utan Reykjavíkur vegna þess að málin vanti, en það geti stefnd hinsvegar, og muni hún þegar hafa sett sig í samband við þá og hyggist að notfæra sér málbækurnar í því sambandi. Ennfremur skýrir stefnandi svo frá, að tala viðskiptavina sinna hafi aukizt á meðan stefnd var í verkstæðinu vegna hæfileika hennar, en síðan rýrnað, eftir að hún hætti, einkum vegna þess, að hún hafi notfært sér málbækurnar á áðurgreindan hátt, svo og þau persónulegu kynni, er hún hafi hlotið við viðskiptavini sína (stefnandi) í starfi sínu hjá sér. Á þeim atriðum, sem nú hafa verið greind, byggist 2. liður réttarkrafna stefnandi.

Stefnd byggir sýknukröfu sína af framangreindum kröfuliðum stefnandi á eftirfarandi:

Að því er snertir 1) lið: Hún hafi ekki skilið samning-

inn og litið svo á, að samkvæmt orðalagi hans væri sér heimilt, hans vegna, að setja upp saumastofu, hvar sem væri á landinu, er hún væri farin úr þjónustu stefnandi. Þá telur stefnd þetta samningsákvæði ekki hafa við lög að styðjast, og sé það því ógilt og hún óbundin af því. Að því er snertir 2) lið byggir stefnd sýknukröfuna á því, að hún hafi eyðilagt umræddar málbækur, enda hafi sér verið það fyllilega heimilt, þar eð slíkar bækur verði að skoðast persónuleg eign hverrar forstöðukonu saumaverkstæðis, þegar þær séu útskrifaðar, enda þótt verkstæðið leggi þær til eins og annan pappír, er nota þurfi. Kveðst hún á engan hátt hafa notað þær á þann hátt eða í því skyni, er stefnandi hafi haldið fram, heldur hafi hún brennt þær eins og hvert annað rusl, er hún fór frá stefndri, og án þess að taka nokkurt afrit af þeim. Þá neitar stefnd því loks eindregið, að nokkuð hafi dregið úr viðskiptum við verkstæði stefnandi við það, að hún setti sitt verkstæði á stofn.

Um 1. kröfulið. Það má telja upplýst í málinu, að stefnd, sem fékk lánaðan samninginn frá 4. ágúst til athugunar og til að láta þýða hann fyrir sig, áður en aðiljar undirrituðu hann, hafi að fullu skilið hann málsins vegna, og verður hún því ekki sýknuð af þessum kröfulið vegna þess, að hún hafi ekki skilið samninginn.

Í meginmáli samningsins frá 4. ágúst 1935, sbr. áðurgreinda neðanmálsgrein hans, verður að telja, að felist loforð frá stefndri um að starfa ekki, hvorki fyrir aðra né sjálfstætt, að samskonar saumaskap og stefnandi starfrækir í Reykjavík og nágrenni og Hafnarfirði, meðan hún dvelur hér á landi. Þegar litið er til þess, að á þeim tíma, er samningur þessi var gerður, var stefnd útlendingur hér án allra atvinnuréttinda og gat jafnvel búizt við að fá ekki að dvelja hér lengur en meðan vist hennar hjá stefnandi stæði, þá verður varla talið, að á þeim tíma, sem samningurinn var gerður, hafi umrædd skuldbinding um ofskert atvinnufrelsi hennar. Nú urðu hinsvegar þær breytingar á aðstöðu stefndrar hér á samningstímanum, að hún giftist íslenzkum ríkisborgara og öðlaðist þannig sjálf ríkisborgararétt hér og því einnig dvalar- og atvinnuréttindi. Eftir þessa breytingu á högum stefndrar telur rétturinn því að líta verði svo á, að umrædd skuldbinding, jafn viðtæk

og hún er í samningnum, skerði óhæfilega atvinnufrelsi hennar, sem gift er manni, er jafnan hefir búið hér í bænum og stundað atvinnu hér. Hinsvegar verður og að telja, að það skipti stefnandi allmiklu máli, eins og atvik eru, að samningurinn sé haldinn. Lítur rétturinn því svo á, að þegar tekin er afstaða til kröfunnar í þessum lið, beri að hafa hagsmuni beggja aðilja í huga og viðurkenna því gildi samningsins frá 4. ágúst 1935, þó ekki víðtækar en svo, að viðurkenningin skerði ekki óhæfilega atvinnufrelsi stefndrar.

Að þessu athuguðu telur rétturinn að taka beri þennan kröfulið stefnanda til greina á þann hátt að óheimila stefndri að viðlögðum umkröfðum dagsektum að starfrækja samskonar saumastofu í Reykjavík og nágrenni hennar og Hafnarfirði og stefnandi starfrækir nú, eða vinna við slíka stofnun þar á nokkurn hátt, í tvö ár frá þeim degi að telja, er hún fór úr þjónustu stefnandi.

Um 2. kröfulið. Samkvæmt framansögðu lítur rétturinn svo á, að stefnd hafi á óréttmætan hátt rofið samning sinn við stefnandi. Þá verður einnig að telja, að stefndri hafi verið alls óheimilt að eyðileggja málbækurnar, þegar hún fór frá stefnandi, og þykir mega fallast á þá staðhæfingu þeirrar síðarnefndu, að það hafi bakað henni allmikil óþægindi og jafnvel eitthvert fjártjón, einkum um afgreiðslu til viðskiptavina hennar utan Reykjavíkur. Þá er einnig upplýst í málinu, að meðan stefnd vann ennþá á saumastofu stefnandi, reyndi hún að fá starfstúlkur þar til að koma á væntanlega saumastofu sína með því að bjóða þeim hærra kaup en þær höfðu hjá stefnandi, og virðast tvær af stúlkum, er þar unnu, hafa fylgt henni. Loks ber að geta þess, að stefnd sendi, auk annara, ýmsum konum, er hún vissi að voru viðskiptamenn stefnandi, sérstök auglýsingakort fyrir saumastofu sína.

Með tilliti til framangreindra atvika þykir verða að dæma stefndu til að greiða stefnandi skaðabætur undir þessum kröfulið, og þykja þær með tilliti til allra málavaxta hæfilega ákveðnar kr. 1000.00.

Þá ber loks að tildæma stefnandi málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.00.

Því dæmist rétt vera:

1. Stefndri, Jóhönnu Goldstein-Ottósson, er óheimilt, að viðlögðum 100.00 króna dagsektum til stefnandi, Helgu Sigurðsson, að starfrækja í Reykjavík og nágrenni hennar og Hafnarfirði samskonar saumastofu og stefnandi starfrækir nú í sambandi við verzlunina Gullfoss, eða vinna við slíka stofnun þar á nokkurn hátt í tvö ár frá þeim degi að telja, er hún fór úr þjónustu stefnandi.

2. Stefnd greiði stefnandi kr. 1000.00 sem skaðabætur og auk þess kr. 250.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja þannig:

(1) innan 30 daga frá lögbirtingu hans og síðari lið (2) innan 15 daga frá sama tíma, hvorttveggja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. júní 1939.

Nr. 116/1938. **Christian Fr. Nielsen** (Sjálfur)
gegn
Hallgrími Benediktssyni
(Jón Ásbjörnsson).

Ýmsar kröfur í sambandi við samning aðilja um verzlunarfélagsskap og slit á þeim samningi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 25. okt. 1938 hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. nóv. s. á., hefir hér fyrir dómi gert allar hinar sömu kröfur á hendur stefnda sem í héraði, að frátekinni *varavarakröfunni*, svo sem þeim er lýst í héraðsdóminum. Þá krefst áfrýjandi niðurfellingar á réttarfarssekt þeirri, sem á hendur honum er dæmd í héraði. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir

hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Atvik þau, er áfrýjandi byggir kröfur sínar á, höfðu gerzt árin 1911—1913, og var því liðinn þar frá um aldarfjórðungur þar til mál þetta var höfðað í héraði.

Með aðgerðaleysi sínu allan þenna langa tíma hefir áfrýjandi fyrirgert kröfum sínum á hendur stefnda, jafnvel þótt þær kynnu að hafa haft við rök að styðjast í öndverðu. Verður þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda í máli þessu og staðfesta þar með sýknuákvæði og málskostnaðarákvæði héraðsdómsins.

Orðin „með klækjum“ í sóknarskjali áfrýjanda í héraði og orðið „álygar“ í varnarskjali stefnds þar eiga að vera ómerk, en eigi þykir nægileg ástæða til að sekta fyrir þau.

Eftir þessum málalokum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Sýknuákvæði og málskostnaðarákvæði héraðsdómsins eiga að vera óröskuð.

Framangreind ummæli eiga að vera ómerk.

Áfrýjandi, Christian Fr. Nielsen, greiði stefnda, Hallgrími Benediktssyni, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1938.

Mál þetta, er dómtekið var 31. marz s. l., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 25. júní s. l. af Christian Fr. Nielsen heildsala, hér í bæ, gegn Hallgrími Benediktssyni stórkaupmanni, hér í bænum, til þess aðallega, að hann verði ásamt stefnanda dæmdur til þess að tilnefna menn í gerðardóm samkvæmt samningi dags. 2. nóv. 1911. Til vara krefst stefnandi þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér „vangoldin laun að upphæð kr. 204000.00 með vöxtum og vaxtavöxtum frá ári til árs og hálfan ágóða firmans (þ. e. firmans Hallgrímur Benediktsson) frá 1911 .... krónur 558 þúsund, sem og að stefndur gefi stefnanda þá aðstöðu í firmanu, sem í samningi þeirra segir, ella greiði stefndur stefnanda kr. 50 þús. und í skaðabætur". Til varavara krefst stefnandi þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér í eitt skipti fyrir öll kr. 200000.00 í skaðabætur fyrir samningsrof, og til þrautavara, „að stefndur greiði stefnanda vangoldin laun eins og fyrr segir og allan ágóða síðan firmað Hallgrímur Benediktsson var stofnað af viðskiptunum við firmu þau, er stefnandi í upphafi lagði téðu firma til, sem stefnandi áætlar krónur 150 þúsund, og skaðabætur, krónur 50 þúsund, fyrir samningsrof, loks greiði stefnandi allan af málinu leiðandi kostnað".

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur ríflegur málskostnaður eftir mati réttarins. Ennfremur krefst stefndur þess, að stefnandi verði sektaður fyrir óþarfa málsýfingu, svo og fyrir vísvitandi ósannsögli í málflutningi sínum, og loks, að ummælin „með klækjum" í einu sóknarskjali stefnanda verði dæmd dauð og marklaus og stefnandi sektaður fyrir þau.

Málavextir eru þeir, að með samningi dags. 2. nóv. 1911 gerðu stefnandi og stefndur í máli þessu með sér félag um að setja á stofn umboðs- og heildsöluverzlun hér í bænum. Samkvæmt 2. gr. samningsins skyldi stefndur leggja til firmans kr. 5000.00, en stefnandi öll þau viðskiptasambönd, sem hann hefði þá aflað sér, innanlands og utan. Samkvæmt 3. gr. samningsins var störfum þannig skipt milli aðiljanna, að stefnandi skyldi annast öll viðskipti út á við og hafa „procura" fyrir firmað. Stefndur skyldi hinsvegar annast dagleg skrifstofustörf, vera gjaldkeri firmans og hafa á hendi

fjármál þess. Samkvæmt 6. gr. samningsins skyldi stefnandi fá í laun hjá firmanu fyrstu fimm árin kr. 4000.00 á ári, en stefndur kr. 2500.00, en eftir þann tíma skyldu laun beggja vera jafnhá. Aðiljar ráku síðan verzlun þessa til ársins 1913, en þá reis upp ágreiningur á milli þeirra út af því, að stefndur taldi samninginn frá 2. nóv. 1911 ekki lengur gildandi, með því að hann hefði verið brotinn af stefnanda, aðallega á þrennan hátt (sbr. rskj. nr. 9): að stefnandi hefði auglýst firmað erlendis sem H. Benediktsson & Nielsen, í stað þess, að í samningnum sé tekið fram, að það skuli heita Hallgrímur Benediktsson, að stefnandi hefði ekki lagt fram öll þau viðskiptasambönd, sem hann átti að leggja fram til firmans, og að stefnandi hefði þá ákveðið að flytjast búferlum í annað land, án síns samþykkis. Taldi stefndur, að um félag samkvæmt samningnum frá 1911 hefði aldrei verið að ræða, heldur hefði hann rekið verzlunina einn, en stefnandi verið í þjónustu sinni. Stefnandi hélt því hinsvegar fram, að þó að samningurinn kynni að hafa verið rofinn af sér með því að leggja ekki fram öll þau viðskiptasambönd, er samningurinn gerði ráð fyrir, þá hafi það verið eftirgefið af stefndum og þeir rekið verzlunina í félagi samkvæmt samningnum. Í 9. gr. samningsins frá 1911 var svo ákveðið, að ef annarhvor aðilja ryfi samninginn, skyldi hann greiða hinum fyrir samningsrof það, sem dómnefnd þriggja óvilhallra manna, er þeir sjálfir útnefni, telji hæfilegt. Í 10. gr. sama samnings segir og, að ef misklíð rísi milli aðiljanna út af samningnum eða rekstri firmans, skuli hún lögð í þriggja manna gerðardóm, er þeir útnefni, og beri þeim að hlíta úrskurði þess dóms.

Samkvæmt þessu tilnefndu aðiljar síðan þrjá menn í gerðardóm til þess að útkljá framangreind ágreiningsatriði, og 24. júlí 1913 kvað meiri hluti dómsins upp úrskurð á þann veg, að stefndur í máli þessu skyldi einn teljast eigandi firmans Hallgrímur Benediktsson, en hann skyldi hinsvegar greiða stefnanda kr. 2197.98 (með vöxtum) í laun fyrir vinnu í þarfir firmans, svo og afsala stefnanda tilteknum verzlunarsamböndum og greiða hluta af sölulaunum af vörum frá hlutaðeigandi firmum.

Aðalkröfu sína í máli þessu, að stefndur verði dæmdur til þess að tilnefna ásamt sér menn í gerðardóm samkvæmt samningnum frá 1911, byggir stefnandi á því, að úrskurður

gerðardómsins frá 1913 sé ógildur, en stefndur mótmælir því eindregið, að svo sé.

Stefnandi telur úrskurð gerðardómsins ógildan af tveim ástæðum: að stefndur hafi ekki fullnægt ákvæðum gerðarinnar (ekki „afsalað" sér hinum tilteknu verzlunarsamböndum og ekki greitt „leigu fyrir firmun") og að stefndur hafi „brotið stórlega af sér" með því að skrifa, meðan á gerðinni stóð, ýmsum þeim firmum, er verzlunin hafði umboð fyrir, að hann (stefnandi) væri genginn úr þjónustu hennar. En þótt svo væri, að stefndur hefði ekki fullnægt ákvæðum gerðarinnar, getur það út af fyrir sig ekki valdið ógildingu hennar, ef samningurinn um hana og efni hennar er bindandi samkvæmt almennum samningareglum, eins og telja verður, að hafi verið í tilfelli því, sem hér um ræðir.

Úrskurður gerðardómsins verður því að leggjast til grundvallar í máli þessu, og getur rétturinn ekki hrint gerðinni vegna áðurnefndrar tilkynningar stefnds, sem upplýst er, að gerðarmönnum var kunnugt um. Aðalkrafa stefnanda getur því ekki, gegn mótmælum stefnds, orðið tekin til greina.

Stefnandi hefir yfirleitt ekki krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til að uppfylla þau ákvæði gerðarinnar frá 1913, sem hann heldur fram, að ekki hafi verið fullnægt af hálfu stefnds, heldur byggir hann mest af varakröfum sínum á því, að samningur aðiljanna frá 1911 sé enn í gildi og beri sér því laun og ágóði samkvæmt honum, en stefnanda reiknast svo til, að vangoldin laun nemi nú kr. 204000.00 og hálfur ágóði firmans Hallgrímur Benediktsson til sáttukærudags (9. apríl 1937) nemi kr. 558000.00. Fyrri hluti varakröfu stefnanda fjallar um, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum þessar upphæðir, svo og til að veita honum þá aðstöðu í firmanu, sem í samningnum frá 1911 greinir. En þar sem, eins og áður er sagt, lögmætur gerðardómur hefir kveðið upp bindandi úrskurð um það, að áðurnefndum félagssamningi sé slitið, þá geta þessar kröfur ekki, gegn mótmælum stefnds, orðið teknar til greina. Síðari hluti varakröfu stefnds er á þá lund, að ef framangreindar kröfur verði ekki teknar til greina, þá verði stefndur dæmdur til að greiða honum kr. 50000.00 í skaðabætur. Þessi skaðabótakrafa stefnanda, sem hann, að því er virðist, byggir helzt á því, að hann telur, að stefndur

hafi svipt sig möguleikum til að starfa að verzlun, er á engan hátt svo rökstudd, að hún, gegn mótmælum stefnds, geti orðið tekin til greina.

Varavarakrafa stefnanda er á þá lund, að stefndum verði gert að greiða honum kr. 200000.00 í skaðabætur fyrir samningsrof. Gegn mótmælum stefnds hefir stefnanda þó ekki tekizt að sanna, að stefndur hafi á ólögmætan hátt riftað samningum við hann, og getur því krafa þessi heldur ekki orðið tekin til greina.

Þrautavarakrafa stefnanda fjallar fyrst og fremst um það, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér áðurnefndar kr. 204000.00 í laun, en af þeim ástæðum, sem að framan greinir, getur sú krafa ekki orðið tekin til greina. Þá krefst stefnandi þess, að stefndum verði gert að greiða sér kr. 150000.00, sem samkvæmt áætlun hans er allur ágóði af viðskiptum við firmu þau, er stefnandi lét upphaflega firmanu Hallgrímur Benediktsson í té. En samkvæmt áðurnefndum úrskurði gerðardómsins frá 1913 var stefndum gert að skila stefnanda aftur téðum verzlunarsamböndum, svo og greiða honum 15% af „provision" nefndra firma frá 2. nóv. 1911 til 24. júlí 1913. Í málinu má það teljast upplýst, að stefndur hefir tilkynnt hlutaðeigandi firmum þann úrskurð gerðardómsins, að stefnandi ætti að fá umrædd viðskiptasambönd aftur, og lagt það firmunum á vald að gera þær ráðstafanir, er þeim sýndist í því sambandi. Verður því að telja, að stefndur hafi uppfyllt ákvæði gerðarinnar fyrir sitt leyti að því er þetta atriði snertir, en hinsvegar er það ekki, gegn mótmælum stefnanda, upplýst, að stefndur hafi greitt honum nefnda „provision" frá 2. nóv. 1911 til 24. júlí 1913. Auk þess sem stefndur hefir mótmælt öllum kröfum stefnanda sem röngum, hefir hann og mótmælt þeim sem fyrndum. Skal nú tekið til athugunar, hvort framangreind krafa stefnanda geti talizt fyrnd eða ekki.

Stefnandi hefir haldið því fram, að stefndur hafi greitt sér upp í „reikning sinn" kr. 90.00 í desembermánuði 1928 (sbr. rskj. nr. 16), svo og kr. 4120.00 árið 1932, og þar með hafi fyrningu verið slitið. Hvorugar framangreindar greiðslur geta þó talizt hafa slitið fyrningu á áðurnefndri kröfu stefnanda, því að fyrri greiðslan, sem tilgreind kona hér í bæ kveðst hafa fengið frá stefndum, og „var greiðslan fyrir Chr. Fr. Nielsen", eins og segir í framlögðu vottorði,

getur ekki, gegn mótmælum stefnds, talizt fela í sér neina viðurkenningu á framangreindri kröfu. Síðari greiðslan, sem voru lánsupphæðir, er stefndur hafði veitt stefnanda á árunum 1918—1921, var talin til skuldajafnaðar kröfu stefnanda út af sölu á húseign, samkvæmt heimild í dómi hæstaréttar frá 27. maí 1932, og getur því ekki talizt hafa áhrif á fyrningu framangreindrar kröfu. Sáttakæra í máli þessu er birt 9. apríl 1937, og verður krafan því að teljast vera fyrnd, og getur ekki, gegn mótmælum stefnds, orðið tekin til greina. Loks hefir stefnandi í þrautavarakröfu sinni krafizt af stefndum kr. 50000.00 fyrir samningsrof. Með skírskotun til þess, er segir hér að framan um samskonar lið í varavarakröfu stefnanda, verður krafa þessi ekki tekin til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Kröfur stefnds um sekt á hendur stefnanda fyrir óþarfa málsýfingu og vísvitandi rangan málflutning um ákveðið atriði þykja réttinum að vísu ekki óeðlilegar. En þar sem hallast verður að því, að stefnandi hafi lagt trúnað á réttmæti málstaðar síns að meira eða minna leyti, og ekki verður staðhæft, að stefnandi hafi nú gegn betri vitund skýrt ranglega frá fyrrgreindu atriði, þykir ekki alveg næg ástæða til að taka þessar sektarkröfur til greina.

Ummælin „með klækjum" í einu sóknarskjali stefnanda (rskj. nr. 14) skulu vera dauð og ómerk, og greiði stefnandi fyrir þau 20 kr. sekt í ríkissjóð, en sæti ella 2 daga einföldu fangelsi, ef sektin verður ekki greidd, áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn.

Málskostnað greiði stefnandi stefndum með kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Hallgrímur Benediktsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Christian Fr. Nielsen, í máli þessu, og greiði stefnandi stefndum kr. 150.00 í málskostnað.

Framangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk, og greiði stefnandinn 20 kr. sekt í ríkissjóð, en sæti ella tveggja daga einföldu fangelsi, ef sektin verður ekki greidd, áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. júní 1939.

Nr. 20/1939. **Jón Sveinsson** (Pétur Magnússon)
gegn
Vigfúsi Vigfússyni (Enginn).

Skuldamál. Mótbára, reist á því, að krafa hafi præcluderast, ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. febr. þ. á., hefir krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 940.00 með 6% ársvöxtum af kr. 500.00 frá 8. febr. 1936 og af kr. 440.00 6% frá 8. sept. s. á., málskostnað í héraði kr. 261.85 og málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefir ekki mætt né látið mæta fyrir hæstarétti, er málið skyldi flytja, enda þótt honum hafi verið löglega stefnt, og ber því að dæma málið, sem flutt hefir verið skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna, eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Lán þau, sem áfrýjandi veitti stefnda og hann krefur stefnda í máli þessu, voru í té látin 8. febr. 1936, en síðasta áskorun til skuldheimtumanna um kröfulýsingar til stjórnar skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda var birt 9. jan. 1936. Krafa áfrýjanda var því stofnuð eftir útgáfu skuldainnköllunar og virðist því eigi hafa fallið burt eftir 14. gr. laga nr.

99/1935, sbr. lög nr. 19/1924 37. og 43. gr. analogice. Verður þegar af þessari ástæðu að taka kröfur áfrýjanda til greina, og dæma stefnda til að greiða honum kr. 500.00 með 6% ársvöxtum frá 8. febr. 1936 til greiðsludags og kr. 440.00 með 6% ársvöxtum frá 8. sept. 1936 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 600 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vigfús Vigfússon, greiði áfrýjanda, Jóni Sveinssyni, kr. 940.00 með 6% ársvöxtum af kr. 500.00 frá 8. febr. 1936 og sömu vöxtum af kr. 440.00 frá 8. sept. s. á. til greiðsludags.

Svo greiði stefndi áfrýjanda samtals kr. 600.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 17. des. 1938.

Mál þetta hefir stefnandinn, Jón Sveinsson lögfræðingur á Akureyri, höfðað með stefnu dags. 17. september s. l. gegn Vigfúsi Vigfússyni, Sunnuhvoli í Hrísey, til greiðslu víxilskuldar vegna víxils, samþykkts af stefnda með gjalddaga 8. sept. 1936, að upphæð kr. 440.00 með 6% ársvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags, en stefnandinn gaf út víxil þennan, svo og til staðfestingar á löghaldi því, er gert var hjá stefnda fyrir nefndum víxli hinn 8. september 1938. Ennfremur til greiðslu skuldabréfs, útgefnu af stefnda 8. febr. 1936 til handa stefnanda með gjalddaga 8. september 1936, að upphæð kr. 500.00 með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi bréfsins til greiðsludags, svo og til

greiðslu málskostnaðar og kostnaðar vegna nefndrar lögghaldsgerðar eftir reikningi eða mati réttarins.

Það er in confesso í máli þessu, að stefndur, Vigfús Vigfússon, sótti um lán úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda, og er því ómótmælt haldið fram af hálfu stefnds, að kröfulýsingarfresturinn hafi útrunnið 19. febr. 1936. Fimm hundruð króna skuldabréfið er hinsvegar gefið út af stefnda 8. febr. 1936, og enn er því ómótmælt haldið fram af stefnda, að víxillinn, kr. 440, sem löghaldið var gert fyrir, var útgefinn sama dag og skuldabréfið.

Stefndur heldur fram, að stefnandi hafi átt að lýsa kröfum sínum áður en kröfulýsingarfrestur var útrunninn, og er rétturinn þeirrar skoðunar, að kröfum beri að lýsa í skuldaskilasjóðinn, sem stofnað er til, eftir að lánbeiðandi hefir sótt um lánið, en áður en kröfulýsingarfrestur er útrunninn.

Rétturinn getur ekki fallizt á, að hér hafi verið um rekstrarlán að ræða, því ávísun stefnda til Júlíusar Oddssonar, rskj. nr. 7, bendir til, að lán það, er stefnandi veitti honum, hafi verið notað til hey- og matarkaupa. Loks vernda reglurnar um veð útgerðarmanna í óveiddum afla því að eins veðbréfin, að þau séu gefin bönkum eða sparisjóðum.

Samkvæmt framanskráðu lítur rétturinn svo á, sem ofangreind víxilskuld, kr. 440,00, og skuldabréfið, kr. 500.00, sem ekki er lýst í skuldaskilasjóðinn, hafi fallið niður ógild. En af þessu leiðir, að löghaldið frá 8. september 1938 fellur úr gildi. Hinsvegar verður krafa stefnds um bætur fyrir miska og lánstraustsspjöll ekki tekin til greina, því engar sannanir liggja fyrir um, að stefndi hafi orðið fyrir skaða vegna löghaldsgerðarinnar.

Undir munnlega málflutningnum gerði stefnandi þá kröfu, að veðbréfið, rskj. nr. 3, yrði dæmt gilt, en sú krafa verður ekki tekin til greina með tilvísun til þess, sem að framan segir um veð í óveiddum afla.

Stefndur hefir ekki gert kröfu til málskostnaðar, og fellur hann niður.

Samkvæmt þessu á stefndur að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Því dæmist rétt vera:

Löghaldsgerðin frá 8. september 1938 fellur úr gildi og stefndi, Vigfús Vigfússon, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Sveinssonar lögfræðings, í málinu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 19. júní 1939.

Nr. 57/1939. **Kristín Björnsdóttir**
(Guðmundur Guðmundsson cand. jur.)
gegn
Hólmfríði Baldvinsson
(Theodór B. Líndal)

Krafa um bætur vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. júní þ. á., hefir krafizt þess, að stefnda verði dæmd til að greiða henni kr. 24000.00 með 5% ársvöxtum frá 2. maí 1937 til greiðsludags, auk málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefnda hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það þykir verða að fallast á það með héraðsdómaranum, að stefnda hafi borið hina almennu eigandaábyrgð á bifreiðinni R. 11. aðfaranótt 2. maí 1937, þar sem eigandaskiptin voru eigi skráð fyrr en 3. maí s. á. Téð bifreið var að vísu á ferð í þágu lögreglunnar, þegar slysið, sem í máli þessu getur, vildi til, en henni var ekki stofnað í þeirri ferð af hálfu lögreglunnar í nokkra óvenjulega hættu, og

verður því eigi talið, að það leysi stefndu undan áðurnefndri ábyrgð í þessu máli, þótt bifreiðin, er verður talin hafa þá verið í almennri notkun fyrir borgun, væri á ferð í þágu lögreglunnar.

Kröfur áfrýjanda eru í þremur liðum.

I. Krónur 12000.00 til handa henni sjálfri.

II. Krónur 8000.00 til handa barni hennar, Geir, og manns hennar, Geirs Sigurðssonar lögregluþjóns, er missti lífið í slysi því, er í máli þessu getur. Var barnið nálægt eins árs að aldri, er slysið varð.

III. Kr. 4000.00 til handa móður Geirs Sigurðssonar, Sigríði Steingrímsdóttur, sem talin er hafa verið 65 ára gömul, er slysið varð.

Um I. Samkvæmt því, sem fram hefir komið í málinu, hefir áfrýjandi fengið kr. 3000.00 frá tryggingarstofnun ríkisins og kr. 1670.00 í árleg eftirlaun úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Eftir upplýsingum tryggingafræðings ættu eftirlaun þessi að vera áfrýjanda jafn mikils virði og ef hún fengi greitt eitt skipti fyrir öll kr. 31972.00. Samkvæmt þessu virðist áfrýjandi þegar hafa fengið með greiðslu tryggingarstofnunarinnar og eftirlaununum jafngildi hærri fjárhæðar en unnt væri að dæma stefndu til að greiða henni í þessu máli. Og verður þessi liður því ekki tekinn til greina.

Um II. Fram er komið í málinu, að barn áfrýjanda fær árlega kr. 200.00 úr bæjarsjóði Reykjavíkur eftir heimild í eftirlaunareglugerð starfsmanna Reykjavíkur. Greiðist fjárhæð þessi til 16 ára aldurs barnsins og svarar eftir upplýsingum tryggingafræðings til þess, að því hefði verið greiddar kr. 2201.60 eitt skipti fyrir öll. Auk þess hefir tryggingarstofnun ríkisins greitt vegna barnsins kr. 1500.00. Hefir barnið því fengið sem svarar kr. 3700.00 alls.

Þykir með hliðsjón af þessu hæfilegt að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda kr. 1500.00 vegna barnsins.

Um III. Tengdamóðir áfrýjanda hefir fengið greiddar kr. 1500.00 frá tryggingarstofnun ríkisins í dánarbætur. Þykir með hliðsjón af þessu hæfilegt að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda hennar vegna kr. 2000.00.

Samkvæmt þessu verður að dæma stefndu til að að greiða áfrýjanda samtals kr. 3500.00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 30. nóv. 1938, til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda samtals kr. 600.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Hólmfríður Baldvinsson, greiði áfrýjanda, Kristínu Björnsdóttur, samtals kr. 3500.00 með 5% ársvöxtum frá 30. nóv. 1938 til greiðsludags, þar af kr. 1500.00 vegna barns hennar, Geirs Sigurðssonar, og kr. 2000.00 vegna tengdamóður hennar, Sigríðar Steingrímsdóttur.

Stefnda greiði áfrýjanda samtals kr. 600.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. apríl 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. marz s. l., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 9. desember s. l. af Kristínu Björnsdóttur, ekkju Geirs sáluga Sigurðssonar, lögregluþjóns, er fórst í

bifreiðarslysi aðfaranótt annars maí 1937, gegn Hólmfríði Baldvinsson, Freyjugötu 36, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta vegna slyssins, samtals að upphæð kr. 24000.00, þar af til sín kr. 12000.00, kr. 8000.00 til barns síns og hins látna og kr. 4000.00 til móður hins látna, með 5% ársvöxtum frá 1. maí 1937 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati réttarins. Auk stefndrar hefir Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f., er síðargreind bifreið var tryggð hjá, verið stefnt til að gæta réttar síns við afgreiðslu málsins.

Stefnd krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar að skaðlausu, en *til vara*, að kröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að kl. 1,25 aðfaranótt annars maí 1937 var hringt á lögregluvarðstofuna hér í bænum frá bifreiðarstöðinni Bifröst og lögreglan beðin að koma þangað vegna óeirða. Voru engir lögregluþjónar við hendina, er hægt væri að senda strax, og heldur engin bifreið. Var þá bifreiðinni R 11 frá nefndri bifreiðastöð ekið til lögregluvarðstofunnar og stýrði henni Gunnleifur Bjarnason, bifreiðarstjóri. Að því er virðist, rétt um leið og R 11 kom að lögreglustöðinni komu þar að lögregluþjónarnir Geir Sigurðsson og Ármann Sveinsson. Bað Gunnleifur þá að koma með sér á bifreiðarstöðina vegna drukkins manns, er þar væri. Ætluðu lögregluþjónarnir þegar að fara með Gunnleif á bifreiðastöðina, en í þeim svifum bar þar að sjóliða af varðskipinu Hvidbjörnen og bað sá um aðstoð lögreglunnar vegna drukkinna manna, er sæktu á að komast um borð í skipið, þar sem það lá við Sprengisand. Þar sem lögreglubifreiðin var ekki við og lögregluþjónarnir vissu, að enginn lögregluþjónn myndi vera við, er gæti farið þessa ferð, varð að ráði með þeim Ármanni og Geir, að þeir færu fyrst niður að Hvidbjörnen. Létu þeir Gunnleif aka sér þangað, og kveður Ármann, er komst lífs af úr síðargreindu slysi, að hann hafi verið fús til þess. Kveður Ármann, að þeir Geir hafi sezt aftur í bifreiðina og Gunnleifur síðan ekið af stað. Óku þeir nú sem leið lá niður á Sprengisand, en er þangað kom, varð það slys, að bifreiðinni var ekið rakleitt fram af bryggjunni og í sjóinn. Komst Ármann af, en bifreiðarstjórinn og Geir drukknuðu.

Er mál þetta, sem áður segir, höfðað gegn stefndu til

greiðslu dánarbóta eftir Geir sáluga, og byggir stefnandi kröfur sínar á því, að stefnd hafi verið eigandi bifreiðarinnar, er slysið varð, að ekki sé sannað, að það hlyti að hafa viljað til, enda þótt bifreiðarstjórinn hefði gætt allrar þeirrar varkárni og aðgæzlu, er honum var skylt, enda hafi hér verið um að ræða leigubifreið, sem verið hafi í notkun fyrir almenning gegn borgun, og geti ekkert sérstakt gilt að því er snertir skaðabótaskylduna, þótt bifreiðin hafi í þetta skipti verið í þjónustu lögreglunnar.

Stefnd byggir sýknukröfuna á því, að slysið hlyti að hafa viljað til, enda þótt bifreiðarstjórinn hefði gætt allrar varúðar, er honum var skylt, að hinn látni lögregluþjónn hafi sjálfur átt sök á því, að hún hafi ekki verið eigandi bifreiðarinnar, er slysið varð, að bifreiðin hafi ekki verið tekin í notkun sem leigubifreið, er slysið varð, og loks á því, að bifreiðin hafi farið í ferðina samkvæmt fyrirmælum lögreglunnar, enda hafi hún haft rétt til að krefjast þess, en þegar svo standi á, aki lögreglan á eigin ábyrgð, en ekki á ábyrgð bifreiðareiganda.

Það þykir mega telja upplýst í málinu, að þegar slysið varð, hafi stefnd selt Gunnleifi sáluga og bróður hans umrædda bifreið. Hinsvegar höfðu hinir nýju eigendur ekki verið skráðir eigendur hjá lögreglustjóra, stefnd ekki verið afskráð sem eigandi né lögreglustjóra á neinn hátt tilkynnt eigendaskiptin. Stefnd hafði og afhent hinum nýju eigendum bifreiðina, án þess að séð verði, að hún hafi óheimilað þeim að nota hana til farþegaflutnings gegn borgun, unz þeir væru skráðir eigendur, og virðast þeir þegar hafa tekið hana til þeirrar notkunar. Verður rétturinn að þessu athuguðu að telja, að stefnd hafi ennþá, er slysið varð, borið almenna ábyrgð á bifreiðinni samkvæmt 15. og 16. gr. bifreiðalaganna.

Þegar litið er til þeirrar aðstöðu, sem er á slysstaðnum, til bifreiðaaksturs og þess, að ekkert liggur fyrir er bendi til, að bifreiðin hafi verið í ólagi, þá þykir ekki unnt að álykta, að bifreiðarstjórinn hafi sýnt þá varúð, er honum bar, þar sem svo fór sem fór, og leysir sú varnarástæða því stefndu ekki undan ábyrgð á slysinu né heldur sú staðhæfing hennar, að Geir sálugi hafi sjálfur átt sök á því, enda liggur ekkert fyrir, er bendi til þess.

Það er áður minnst á það, að R 11 kom að lögreglu-

stöðinni til að sækja lögregluþjóna vegna óeirða á bifreiðastöðinni Bifröst, svo og að þegar sjóliðann bar að, þá breyttu lögregluþjónarnir, sem áður ætluðu á bifreiðastöðina, um ákvörðun, og létu bifreiðarstjórann aka með sig niður á Sprengisand. Í þessari ákvörðunarbreytingu lögregluþjónanna hefir bifreiðarstjórinn að sjálfsögðu ekki átt neinn þátt, enda má ætla, að honum hafi verið hún á móti skapi, þegar athugað er, að hann var þarna staddur til að sækja lögregluna til að stilla til friðar á hans eigin stöð. Þykir því verða að ætla, að lögreglan hafi sem slík tekið bifreiðina, er þarna var stödd af áðurgreindri tilviljun, í þjónustu sína samkvæmt þeim almenna rétti, er hún hefir til slíks og henni var sérstaklega heimilaður í 10. gr. þágildandi lögreglusamþykktar. Þessari ákvörðun lögregluþjónanna var bifreiðarstjórinn skyldur að hlýða, og skiptir hér engu máli, þótt hann kunni að hafa verið fús til þess eins og Ármann hefir sagt, að hann hafi verið. Telur rétturinn því, að ekki sé unnt að líta svo á, að lögregluþjónarnir hafi verið venjulegir farþegar í bifreiðinni, enda réðu þeir alveg akstri bifreiðarstjórans eftir eigin geðþótta, t. d. hefðu þeir getað látið hana aka á annars óleyfilegum hraða um annars lokaðar götur og yfirleitt látið hann leggja bifreiðina í meiri hættu en farþegar almennt geta, ef þeim hefði sýnzt svo. Að þessu athuguðu verður rétturinn að telja, að undir slíkum kringumstæðum og hér ræðir um, aki lögreglan alveg á eigin ábyrgð eða þeirra, er ábyrgð bera á henni, en ekki þess, er ábyrgðina ber, eftir sérreglum bifreiðalaganna. Þykir því af þessari ástæðu eiga að sýkna stefndu af kröfum stefnanda, en eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, Hólmfríður Baldvinsson, á að vera sýkn af kröfum stefnandi, Kristínar Björnsdóttur.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 21. júní 1939.

Nr. 61/1938. **Lárus Jóhannesson** (sjálfur)
gegn
Áfengisverzlun ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Pétur Magnússon).

Endurgreiðslukrafa vegna meintrar ólöglegrar vöruálagningar eigi tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. júní f. á., hefir krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum kr. 280644.56 með 6% ársvöxtum frá 28. des. 1934 til greiðsludags, auk málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Svo krefst hann þess, að fellt verði niður ákvæði héraðsdómsins um ómerkingu þargreindra ummæla og sekt fyrir þau.

Hinir stefndu krefjast staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Af ástæðum þeim, er greinir í héraðsdóminum, verður að telja, að 11. gr. laga nr. 69/1928 heimili smásöluálagningu á áfengi, auk heildsöluálagningar samkvæmt 7. gr. sömu laga. Heimildin til smásöluálagningar samkvæmt 11. gr. nefndra laga varð eigi brott felld með reglugerðarákvæði, enda er heildsöluálagningin samkvæmt 7. gr. eingöngu miðuð við verð vörunnar kominnar í hús í Reykjavík, svo að ljóst virðist vera, að í 11. gr. laganna sé beinlínis ætlast til þess, að álagning samkvæmt henni skuli meðal annars ákveðin til þess að standast kostnað

og áhættu af sendingu vörunnar til útsölustaða annarsstaðar og dreifingu hennar. Er og í 2. málslið 5. gr. reglugerðar nr. 67/1928 beinlínis sagt, að 25%—75% álagningin skuli miðuð við verð vörunnar kominnar í hús í Reykjavík og er hann því hrein endurtekning á téðu ákvæði 7. gr. nefndra laga um heildsöluálagninguna. Og önnur ákvæði um álagningu eru ekki í 5. gr. reglugerðarinnar. En ef tilætlunin kynni að hafa verið sú, að álagningarákvæði 5. gr. ætti einnig við smásöluálagninguna, sem ekki þykir fullyrðandi, þá hefði það brotið í bága við 11. gr. laganna, og því eigi verið löglegt. En þótt endurheimtukröfum áfrýjanda verði þegar af framantalinni ástæðu hrundið, þá þykir eftir atvikum ástæða til að taka það ennfremur fram, að ákvæðin um takmörkun á hámarki álagningar á oft nefndar áfengisvörur virðist í öndverðu hafa verið sett vegna viðskipta landsins við annað ríki, sbr. 3. gr. laga nr. 3/1923, og var sú ástæða enn jafngild 1928, er lög nr. 69/1928 voru sett. Hinsvegar verður eigi séð, að löggjafinn hafi viljað halda áfengisverði niðri vegna kaupenda munaðarvöru þessarar, sem var talin óeftirsóknarverð verzlunarvara, en eigi skattstofn. Virðist löggjafinn einmitt hafa viljað takmarka eftir föngum kaup á áfengi. Reglur um hámarksálagningu á áfengi hafa því alls eigi verið settar í því skyni að vernda kaupendur hér eða neytendur. Brot á þessum reglum hefði því eigi skapað þeim nokkurn rétt til að fá greitt aftur andvirði áfengis, er þeir teldu sig hafa ofgoldið.

Kröfu áfrýjanda um brottfellingu á ákvæði héraðsdómsins um ómerkingu og sekt fyrir þargreind ummæli þykir eigi unnt að taka til greina.

Samkvæmt framanskráðu verður því að staðfesta

héraðsdóminn. Þau ummæli áfrýjanda fyrir hæstarétti, að fyrirsvarsmaður Áfengisverzlunar ríkisins hafi með álagningu sinni á umræddar áfengisvörur framið „sviksamlegt athæfi“ þykir bera að dæma dauð og marklaus.

Eftir þessum málalokum þykir verða að dæma áfrýjanda til að greiða hinum stefndu málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 400 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Framangreind ummæli eiga að vera dauð og ómerk.

Áfrýjandi, Lárus Jóhannesson, greiði hinum stefndu, Áfengisverzlun ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, 400 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. marz 1938.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 10. apríl 1935 af hrm. Lárusi Jóhannessyni, hér í bæ, gegn Guðbrandi Magnússyni, forstjóra, f. h. Áfengisverzlunar ríkisins og Eysteini Jónssyni, fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs Íslands, til greiðslu in solidum á kr. 280644.56 auk 6% ársvaxta frá sáttakærudegi, 28. des. 1934, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndir krefjast þess, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, *að* stefnandi verði sektaður fyrir óþarfa þrætu og *að* hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað eftir mati réttarins.

Mál þetta, sem hér liggur fyrir, er að mestu samkynja

máli því, er stefnandi höfðaði f. h. Guðmundar Þórarinssonar fyrir nokkrum árum gegn sömu aðiljum, en því máli lauk með dómi hæstaréttar 30. apríl 1934 (Hrd. V, bls. 728), er sýknaði hina stefndu af kröfum stefnanda, en málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti var látinn falla niður.

Þessa nýju málssókn sína reisir stefnandi að mestu leyti á sömu rökum og hina fyrri, eða því, að hann telur, að það hafi komið í ljós, að Áfengisverzlun ríkisins hafi á árunum 1929—1931 (incl.) selt mönnum vín miklum mun hærra verði en henni hafi verið heimilað eftir viðeigandi lögum og reglugerðarákvæðum. Telur stefnandi, að þessi umfram álagning nemi:

25.60% af útsöluverði árið 1929
29.19% — — — 1930
33.66% — — — 1931

1454 af viðskiptamönnum útsölustaðar Áfengisverzlunarinnar hér í bæ hafa síðan framselt stefnanda endurgreiðslukröfu þá á hendur Áfengisverzluninni og ríkissjóði, er þeir samkvæmt framansögðu telja sig eiga á hendur þeim vegna þessarar álagningar, en úttekt manna þessara nemur samtals:

Kr. 443110.50 á árinu 1929
— 151672.00 - — 1930
— 365523.50 - — 1931

Telur stefnandi sig því eiga kröfu á hendur stefndu, er nemi alls kr. 113436.29 plús kr. 44173.06 plús kr. 123035.21 = kr. 280644.56, en þar sem stefndu hafi reynzt ófáanlegir til að greiða sér þessa upphæð, sé mál þetta höfðað gegn þeim og í því gerðar framangreindar réttarkröfur.

Nánar rökstyður stefnandi kröfur sínar þannig: Hann telur, að þar sem lögin nr. 69 1928 um einkasölu á áfengi nái einnig til hinna svonefndu Spánarvína, en það eru þau vín, sem um ræðir í máli þessu, þá gildi verðlagsákvæði þeirra laga einnig um þau vín. Nú hafi það, að hans áliti, leitt af fyrirkomulagsbreytingunni á áfengisverzluninni, sem varð með gildistöku áfengislaganna frá 1928, að álagningartakmarkanir 7. gr. laganna hafi tekið til álagningar bæði í heildsölu og smásölu, í stað þess að 7. gr. laga nr. 62 1921 hafi einungis tekið til heildsölu, og umtak 11. gr. laganna hafi þess vegna minnkað. Eftir skýringu hæsta-

réttar hafi ríkisstjórnin óbundnar hendur til að ákveða útsöluverð vínanna og það útsöluverð, sem hún setji á þau umfram 25% álagningu, sé löglegt, hvort sem ríkisstjórnin ákveði t. d. 40, 50 eða 60% álagningu, og við það verð verði Áfengisverzlunin að halda sér, þótt ríkisstjórnin noti sér ekki álagningarheimildina út í æsar, en það telur stefnandi, að hún hafi gert með 5. gr. reglugerðar nr. 67 1928, sem þannig hafi bundið Áfengisverzlunina um verðlag á vínum. Og um frekari skýringu á þessari grein reglugerðarinnar vísar stefnandi nú m. a. til tveggja framlagðra vottorða frá Heimspekideild Háskóla Íslands og dr. phil. Jóni Helgasyni, prófessor, Kaupmannahöfn, er telja, að umrædd grein sé frá málfræðilegu og setningarfræðilegu sjónarmiði ein heild, og þannig séð sé óheimilt að skýra greinina þannig, að miðhluti hennar „Er henni ... Reykjavík" eigi við álagningu í heildsölu, en fyrsta og síðasta setningin við útsöluverð. Ennfremur telur stefnandi, að söguleg rök málsins styðji þessa skoðun sína, og skírskotar hann í því sambandi t. d. til setningar bráðabirgðalaga frá 7. nóv. 1931 og reglugerðar nr. 108 s. á. Heldur stefnandi því fram, að forstjóri Áfengisverzlunarinnar hafi þannig gerzt sekur um brot á 5. gr. reglugerðar frá 1928 með álagningu sinni á Spánarvín árin 1929—1931, eins og forstjórinn sjálfur og umboðsmaður hans í máli Guðmundar Þórarinssonar hafi margsinnis játað, og af viðskiptum þeim, sem mál þetta er höfðað út af, muni hann þannig hafa haft upphæð, sem sé eigi minni en sú, sem stefnt er út af í máli þessu. Og þar sem það leiði af almennum reglum íslenzks réttar um endurheimtu, að þessi umframálagning sé endurheimtanleg, þá sé það ljóst, að taka beri til greina kröfur sínar í máli því, er hér liggur fyrir.

Í varnarskjali sínu hafa stefndir ekki beint tekið það fram, á hverju þeir byggi sýknukröfu sína, en segja þar, að allar þær röksemdir, sem á sínum tíma hafi verið færðar fram af þeirra hálfu í áðurnefndu máli Guðmundar Þórarinssonar, eigi jafnt við í máli þessu, og hafa þeir jafnframt lagt fram endurrit af dómi hæstaréttar í fyrrgreindu máli. Verður því að telja, að stefndir byggi sýknukröfu sína í máli þessu á þeim ástæðum, er þar greinir. Einnig verður að líta svo á, að þeir í þessu máli, eins og því fyrra, vefengi ekki útreikning stefnanda á álagningu

Áfengisverzlunarinnar á umræddu tímabili umfram oftnefnd 75% af kostnaðar- eða útsöluverði vínanna, eða geri á annan hátt neinar athugasemdir við kröfuupphæðina. Ágreiningur aðilja varðar þar á móti það tvennt, *hvort* Áfengisverzlunin hafi á þessum tíma verið bundin við ákveðna hundraðstölu að því er snerti álagningu á svonefnd Spánarvín í smásölu, og *hvort* hinum stefndu væri, ef svo reyndist, að Áfengisverzluninni hefði verið settar slíkar skorður, skylt að endurgreiða stefnanda það af andvirði umræddra úttekta, sem umframálagningunni nemur samkvæmt framangreindum kröfum hans.

Í 2. gr. laga nr. 69 1928 eru hin svonefndu Spánarvín berum orðum tekin undir ákvæði löggjafarinnar um einkaheimild ríkisstjórnarinnar um innflutning á áfengi. Í fyrri málsgr. 7. gr. og 11. gr. laganna eru fyrirmæli 7. og 11. gr. hinna fyrri laga um einkasölu á áfengi, nr. 62 1921, tekin alls óbreytt að efni til, en telja verður, að verðlagsákvæði þessara síðartöldu laga hafi tekið til Spánarvína frá því að innflutningur á þeim vínum var leyfður, fyrst með lögum nr. 9 1922 og síðar með lögum nr. 3 1923. Áfengisverzlun ríkisins var stofnuð á árinu 1922, og í 1. gr. reglugerðar s. á. var svo ákveðið, að hún skyldi annast innflutning á Spánarvínum, og í 4. gr., að hún ákveði útsöluverð þeirra, er eigi megi fara fram úr innkaupsverði með áföllnum kostnaði að viðbættum venjulegum verzlunarhagnaði. Hér í Reykjavík rak Áfengisverzlunin frá byrjun smásöluna í eigin nafni, en úti um land var sölutilhögunin upphaflega sú, að Áfengisverzlunin lét einstaka mann annast smásöluna undir þeirra nafni og á þeirra ábyrgð gegn ⅙ af útsöluverðinu. Við gildistöku áfengislaganna frá 1928 varð sú breyting á sölufyrirkomulaginu úti um land, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna, að starfsmenn útsölustaðanna urðu þá starfsmenn Áfengisverzlunarinnar, og hún varð áfram eigandi vörunnar þar til hún var seld viðskiptamönnum, og hér í Reykjavík hélzt hið sama fyrirkomulag. Þótt smásala færi hér eftir allstaðar beinlínis fram í nafni Áfengisverzlunarinnar, þá sýnir 11. gr. laga nr. 69 1928, að það hefir ekki verið tilætlunin að svipta hana fyrri heimild til, auk heildsöluálagningar skv. 7. gr. laganna, smásöluálagningar, því að 11. gr. tekur eftir orðum sínum, sem hvorki er heimilt né heldur eðlilegt í þessu sambandi að

takmarka við smásölu lækna eða lyfsala á áfengi, sbr. 2. gr. laganna, til hverskonar smásölu, hvort sem ríkið sjálft eða aðrir reka hana.

Í 5. gr. reglugerðar nr. 67 1928 segir fyrst, að Áfengisverzlunin ákveði „útsöluverð“ vínanna. Síðan segir, að henni sé heimilt að leggja á þau 25%—75% miðað við verð þeirra kominna í hús í Reykjavík og að tolli meðtöldum. Eins og áður segir, verða fyrirmæli 7. og 11. gr. laga nr. 69 1928 að teljast að efni til samhljóða 7. og 11. gr. laga nr. 62 1921, en í 7. gr. hinna síðarnefndu laga mun hafa verið átt við álagningu á vín í heildsölu, en í 11. gr. sömu laga var ríkisstjórninni auk þess veitt heimild til álagningar á vörurnar í smásölu, og var sú álagning ekki að lögum bundin við neina ákveðna hundraðstölu. Að þessu athuguðu verður rétturinn að líta svo á, að ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 67 1928 séu að efni til endurtekning á 11. gr. laga nr. 69 1928 (sbr. 11. gr. laga nr. 62 1921) og 7. gr. sömu laga (sbr. 7. gr. laga nr. 62 1921), þannig að upphafsákvæðið eigi við smásöluálagningu, en hið síðara um álagningu í heildsölu, og þessi ákvæði reglugerðarinnar brjóti því ekki í bága við fyrirmæli áðurnefndra lagagreina. Samkvæmt þessum skilningi verður því að telja, að reglugerðin frá 1928 hafi ekki bundið smásöluálagningu á Spánarvín við neina hundraðstölu, og þeir viðskiptamenn útibús Áfengisverzlunarinnar hér í bæ, sem hafa framselt stefnanda kröfur sínar í máli þessu, hafi því ekki verið látnir greiða ólöglega hátt verð fyrir vínföng þau, er þeir keyptu þar árin 1929, 1930 og til 6. nóv. 1931. Og eftir þann dag, er ný reglugerð var sett, þar sem ákvæðið um heildsöluálagninguna í reglugerðinni frá 1928 er fellt niður, er sama að segja. Smásöluálagning Áfengisverzlunar á Spánarvínin hefir að vísu árin 1929—1931, að því er virðist eftir framkomnum upplýsingum, verið mikið hærri en hinn raunverulegi kostnaður við smásöluna hefir numið, en þar sem ríkisstjórnin og Áfengisverzlunin hafa samkvæmt framansögðu haft óbundnar hendur í þessu efni, liggur það fyrir utan valdsvið dómstólanna að fella úr gildi þessa álagningu að nokkru eða öllu leyti.

Af þessum ástæðum þykir því verða að sýkna hina stefndu af framangreindum kröfum stefnanda, en eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, að öðru

leyti en því, að stefndur Guðbrandur Magnússon f. h. Áfengisverzlunar ríkisins, verður dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, þar sem hann hvorki mætti né lét mæta á sáttafundi og lögleg forföll eru þó ekki sönnuð. Þykir málskostnaður þessi hæfilega ákveðinn kr. 300.00. Af sömu ástæðu verður og að dæma Guðbrand Magnússon forstjóra í 10 króna sekt í ríkissjóð fyrir brot á sáttalöggjöfinni, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn, 2 daga einfalt fangelsi.

Krafa stefndu um sekt á hendur stefnanda fyrir óþarfa þrætu þykir ekki hafa við rök að styðjast og verður því ekki tekin til greina.

Í sóknarskjali sínu (rskj. nr. 3) hefir stefnandi viðhaft eftirfarandi ósæmileg ummæli um undirrétt og hæstarétt: „... Þeim, sem fylgzt hefir með málaferlum þessum, getur ekki hafa dulizt það, að meðferð dómstólanna á þeim hefir verið nokkur önnur en venja hefir verið til í almennum málum, eða með öðrum orðum „tendensiös“ ... ég þekki engin íslenzk lög, er heimili mismunandi lögskýringar eftir því, hverjir séu málsaðiljar ... mér hefir fundizt þessar undirstöðureglur lögfræðinnar hafi verið sniðgengnar í máli Guðmundar Þórarinssonar, bæði af undirdómaranum og hæstarétti ... Þetta verður ekki skýrt á annan veg en þann, að dómarinn hafi óskað eftir ákveðinni niðurstöðu í máli Guðmundar Þórarinssonar, og talið sig hafa heimild til þess að sveigja lögin undir ósk sína ... Þessi skýring er auðvitað *gersamlega óframbærileg* og í *hæsta máta* óviðfelldið, að slík lagaskýring skuli geta komið frá æðsta dómstóli þjóðarinnar. ... *hann er skipaður í dómarasæti til þess að dæma réttláta dóma eftir réttum íslenzkum lögum, án tillits til þess, hver á hlut að máli,* og hann hefir, eins og aðrir dómarar, unnið eið að því að gera það, um fyrra málið hefi ég sagt: „Errare humanum est“, en við þetta bætist: sed in errore perseverare, turpe ... áskorun til dómarans ... að dæma eftir réttum lögum í því.“

Í ummælum þessum felast slíkar ósæmilegar aðdróttanir og ærumeiðingar, að það verður ex officio að ómerkja ummælin og refsa stefnanda fyrir þau. Þykir refsingin hæfilega ákveðin 150 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað sekt-

arinnar, ef hún verður ekki greidd áður en aðfararfestur í máli þessu er liðinn, 10 daga einfalt fangelsi.

Í framlagðri hæstaréttarræðu stefnanda í áðurnefndu máli Guðmundar Þórarinssonar (rskj. nr. 8) fer stefnandi og ýmsum ósæmilegum orðum um undirrétt, en þar sem ræða þessi var á sínum tíma flutt fyrir hæstarétti og honum þótti ekki ástæða til að ómerkja ummælin, víta eða refsa stefnanda fyrir þau, þá leiðir rétturinn hjá sér að taka frekari afstöðu til þessara ummæla.

Dómur í máli þessu hefir ekki getað orðið uppkveðinn fyrr en nú, sökum þess að dæma hefir þurft í fjölda mála, sem samkvæmt nýju réttarfarslögunum þoldu ekki bið.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Guðbrandur Magnússon f. h. Áfengisverzlunar ríkisins og Eysteinn Jónsson f. h. ríkissjóðs Íslands, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, hrm. Lárusar Jóhannessonar, í máli þessu. Guðbrandur Magnússon greiði 10 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn, 2 daga einfalt fangelsi.

Stefndur Guðbrandur Magnússon f. h. Áfengisverzlunar ríkisins greiði stefnandanum kr. 300.00 í málskostnað, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Framangreind ósæmileg ummæli skulu vera dauð og ómerk, og greiði stefnandinn, hrm. Lárus Jóhannesson, 150 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 10 daga einföldu fangelsi, ef sektin verður ekki greidd, áður en aðfararfrestur er liðinn í máli þessu.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1939.

Nr. 47/1939. **Benedikt Benediktsson, Jóhannes Benediktsson, Sigtryggur Jónsson og ríkissjóður Íslands**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Theódór Johnson (Pétur Magnússon).

Krafa um útgáfu afsals fyrir veiðiréttindum í á eigi tekin til greina sökum galla á framkvæmd yfirmats við eignarnám réttindanna.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi 1. maí þ. á. með stefnu 6. s. m., hafa krafizt þess, að stefndur verði að viðlögðum dagsektum dæmdur til þess að gefa út til áfrýjanda hvers um sig afsal að veiðiréttindum í Laxá í Dalasýslu fyrir landi hverrar jarðar þeirra um sig gegn greiðslum frá þeim samkvæmt yfirmati eins og nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi. Svo krefjast áfrýjendur málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Með því að fallast verður á rök þau, er í héraðsdóminum segir, fyrir þargreindri niðurstöðu, þykir bera að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjendur in solidum til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 500 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Benedikt Benediktsson, Jóhannes Benediktsson, Sigtryggur Jónsson og ríkissjóður Íslands, greiði stefnda, Theódór Johnson, in solidum 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. jan. 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. janúar 1938 af þeim Benedikt Benediktssyni, eiganda og ábúanda Sauðhúsa, Jóhannesi Benediktssyni, eiganda og ábúanda Saura, og Sigtryggi Jónssyni, eiganda og ábúanda Hrappsstaða, öllum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu, svo og Ríkissjóði Íslands sem eiganda jarðarinnar Fjósa í sama hreppi, sem samkvæmt yfirlýsingu hér fyrir réttinum eru í veiðifélagi á staðnum, gegn Theodór Johnson, hóteleiganda, hér í bænum, og eru réttarkröfur stefnenda þær, að stefndur verði að viðlögðum dagsektum dæmdur til að gefa út til þeirra, hvers um sig, afsal fyrir veiðirétti hverrar ofangreindrar jarðar í Laxá í Laxárdal gegn greiðslu þeirra upphæða, er rétturinn er metinn í síðargreindri yfirmatsgerð. Auk þess krefjast stefnendur málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málsatvik eru þau, að árið 1924 keypti stefndur í máli þessu jörðina Hjarðarholt í Laxárdal af sýslusjóði Dalasýslu. Er jörð sú, sem kunnugt er, neðarlega í Laxárdal norðan Laxár og á land að ánni á alllöngu svæði. Sunnan árinnar eru Höskuldsstaðir, og eiga þeir land að ánni móti Hjarðarholti á löngu svæði. Frá neðri landamerkjum Höskuldsstaða og Hjarðarholts taka við jarðirnar Saurar og Sauðhús að sunnanverðu, en Hrappsstaðir og Fjósar að

norðanverðu, og eiga þær land að ánni til ósa hennar. Þessar fjórar jarðir eru allar gamlar kirkjujarðir Hjarðarholtskirkju, en hafa á sínum tíma verið seldar ábúendum þeirra, þó þannig, að veiði í Laxá var undanskilin sölunni. Þegar stefndur keypti Hjarðarholt, hafði verið farið illa með Laxá nokkur ár. Hafði ádráttarveiði verið stunduð þar af kappi, og var áin orðin mjög lax-lítil. Stefndur vissi hinsvegar, að áin hafði fyrrmeir verið góð veiðiá, og taldi, að auðvelt myndi að auka veiði í henni á ný með nokkurra ára friðun. Setti hann þess vegna það skilyrði, er hann keypti Hjarðarholt, að hann fengi einnig keypta veiði fyrir löndum fjögra áðurgreindra jarða neðan með ánni, og var það loks samþykkt. Eru aðiljar sammála um, að raunverulegt kaupverð veiðiréttarins fyrir öllum fjórum jörðunum hafi samtals verið kr. 7000.00.

Þegar er stefndur hafði keypt veiðiréttinn, friðaði hann ána að öðru leyti en því, að hann veiddi sjálfur eitthvað smávegis á stöng í henni og leyfði manni og manni, er hjá honum dvaldi í Hjarðarholti, en þar hafði hann sumargistihús, að kasta í hana. Litlu síðar kom hann upp laxaklaki, sem að jafnaði hefir verið starfrækt þar síðan. Með þessum ráðstöfunum hefir stefndum tekizt að koma allgóðri laxveiði í ána, og mun nú, eftir því sem fyrir liggur, mega telja hana með betri laxveiðiám landsins.

Nú hafa eigendur áðurnefndra fjögra jarða neðan Hjarðarholts, samkvæmt 3. gr. laga nr. 61 frá 1932 um laxa- og silungaveiði, talið sig eiga rétt á að innleysa hver um sig veiðiréttindin fyrir sinni jörð. Hafa þeir því hlutazt til um, að réttindin væru metin á lögskipaðan hátt, og hefir farið fram bæði undir- og yfirmat á þeim. Er yfirmatsgerðin dags. 30. október 1936, og er niðurstaða hennar sú, að hæfileg greiðsla til stefnds fyrir veiðiréttinn fyrir Sauralandi væri kr. 1000.00, Fjósalandi kr. 1700.00, Sauðhúsalandi kr. 2550.00 og Hrappsstaðalandi kr. 2250.00. Kröfðust nú stefnendur, að stefndur afsalaði þeim, hverjum um sig, umræddum veiðiréttindum gegn greiðslu matsupphæðanna, en stefndur neitaði að verða við því. Hafa stefnendur því höfðað mál þetta til að fá stefndan skyldaðan til að verða við þessum kröfum þeirra. Telja þeir öllum skilyrðum fyrir innlausn veiðiréttarins, er veiðilögin setji, fullnægt af sinni hálfu, og með því að áðurgreint mat sé í alla staði löglegt

og löglega framkvæmt beri að taka réttarkröfur þeirra til greina að öllu leyti.

Stefndur byggir hinsvegar sýknukröfuna í fyrsta lagi á því, að reynslan sé sú, að mun betur sé farið með þau veiðiréttindi, er skilin hafi verið frá jörðunum, en þau, er þeim hafi fylgt. Það sé því síður en svo, að almenningsþörf krefji, að jarðeigendum sé heimilað að innleysa fráskilin veiðiréttindi til jarðanna á ný. Ákvæði 3. gr. veðilaganna um innlausnarréttinn brjóti því í bága við ákvæði 62. gr. stjórnarskrárinnar, er mæli svo fyrir, að engan megi svifta eign sinni, nema almenningsþörf krefji, og sé nefnt veðilagaákvæði því að engu hafandi.

Með umræddri lagasetningu hefir löggjafinn einu sinni fyrir allt gefið hina formlegu lagaheimild til að krefjast eignarnáms í veiðiréttindum, eins og gert er í þessu máli. Hvort ákvæðið auk þess er víðtækara en samrýmilegt sé 62. gr. stjórnarskrárinnar þykir ekki hér, eins og málinu er háttað að öðru leyti, ástæða til að rannsaka eða taka afstöðu til.

Í öðru lagi byggir stefndur sýknukröfuna á því, að jafnvel þótt ákvæði 3. gr. veðilaganna um innlausnarréttinn væri talið bindandi, þá sé þó ekki við fyrirhugaða innlausn á veiðiréttindum sínum fullnægt því skilyrði stjórnarskrárinnar, að fullt verð komi fyrir hin innleystu réttindi, ef kröfur stefnanda yrðu teknar til greina. Telur hann áðurgreinda yfirmatsgerð byggða á alröngum grundvelli og niðurstöðutölur hennar mun lægri en sannvirði réttindanna sé.

Við matið á veiðiréttindunum lágu fyrir matsmönnunum veiðiskýrslur úr lögskipuðum framtalsskýrslum hreppstjóra Laxárdalshrepps, fyrir árin 1920 til 1932, að árinu 1924 undanskildu, sem ekki var talið fram fyrir, svo og veiðiskýrsla fyrir árið 1936. Þá lágu einnig fyrir þeim upplýsingar um, að leigutekjur af veiðinni voru árið 1930 £100—0—0 og árið 1936 sama upphæð, og loks tvö tilboð í veiðina 1937, annað £100—0—0, en hitt £150—0—0. Í leigu þessari og tilboðum voru þó innifalin veiðiréttindi fyrir Hjarðarholtslandi, sem voru fremur rýr, samanborið við hin, og gisting í Hjarðarholti. Í matsgerðinni segir hinsvegar, að matsmennirnir hafi „komið sér saman um að leggja til grundvallar meðaltal á laxveiðinni síðastliðin 10

ár, sem skýrslur liggja fyrir um," og einnig hafi þeir haft til hliðsjónar leigutekjurnar 1936. Til annars, er fyrir lá samkvæmt framansögðu, virðast matsmennirnir ekki hafa tekið neitt tillit. Þegar yfirmatsmennirnir staðfestu matið í aukarétti Dalasýslu 24. maí s. l., kom í ljós, að aðferð þeirra hafði verið sú, að þeir höfðu reiknað út meðalþyngd veiðinnar umgetin 10 ár og reynzt hún vera 596 kg, er þeir töldu ca. 600.00 kr. virði. Kostnað við veiðina töldu þeir kr. 300.00 og að hreinar tekjur af henni væru því kr. 300.00 á ári, en vegna leigunnar 1936 kveðast þeir þó hafa hækkað árstekjurnar um kr. 150.00, þannig að þær yrðu kr. 450.00, en sú upphæð svari til 6% p. a. vaxta af samanlögðu matsverðinu kr. 7500.00. Það kemur því glöggt fram hjá matsmönnunum, að þeir framkvæma matið á þeim grundvelli, að sannvirði veiðiréttindanna sé andvirði veiðinnar að frádregnum kostnaði við að afla hennar.

Nú er það þó alkunnugt, að veiðimenn greiða oft tiltölulega mjög háa leigu fyrir veiðiréttindi, sem ekki er í neinu samræmi við tekjur af veiðinni, enda mun ekki ótítt í slíkum samningum, að öll veiðin renni endurgjaldslaust til veiðieiganda, að undanskildu því, er veiðimennirnir nota sjálfir til matar. Þá má einnig telja upplýst, eins og áður er vikið að, að umrædd veiðiréttindi séu svo góð, að líklegt sé, að unnt sé að leigja þau ásamt Hjarðarholtsveiði um ó-ákveðna framtíð fyrir a. m. k. ekki lægri leigu en gert var 1936, £ 100—0—0.

Í 85. gr. veiðilaganna segir, að um mat eftir þeim skuli fara eftir lögunum um framkvæmd eignarnáms, en í 10. gr. þeirra laga segir, að matsverð skuli miðast við það gangverð, er eignin myndi hafa í kaupum og sölum. Er yfirmatsmennirnir staðfestu matsgerð sína, kom það fram, að þeir höfðu ekki gert sér grein fyrir gangverði þeirra í frjálsum kaupum, t. d. miðað við veiðiréttindi í öðrum sambærilegum ám, eins og þeim hefði borið að gera.

Verður rétturinn því að fallast á það með stefndum, að matið sé framkvæmt á röngum grundvelli og að því sé ekki unnt að skylda stefnda til að afsala réttindum gegn greiðslu áðurgreindra matsupphæða.

Verða málslok því þau, að stefndur verður sýknaður af kröfum stefnenda og þeir in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Theodór Johnson, á að vera sýkn af kröfum stefnenda, Benedikts Benediktssonar, Jóhannesar Benediktssonar, Sigtryggs Jónssonar og Ríkissjóðs Íslands, í máli þessu.

Stefnendur greiði stefndum in solidum kr. 200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1939.

Nr. 98/1937. **Hjalti Benónýsson**
gegn
Þóru Guðmundsdóttur

Úrskurðuð framhaldsrannsókn í barnsfaðernismáli.

Úrskurður hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1937, hefir krafizt þess *aðallega*, að málsmeðferð og dómur í héraði verði ómerktur.

Þann 15. des. 1936 krafðist stefnda höfðunar barnsfaðernismáls þessa, og voru þá liðin meira en 4 ár frá 4. nóv. 1932, er barn hennar fæddist.

Með skírskotun til 2. málsgr. 8. gr. laga nr. 46/1921, er þá voru í gildi, telur áfrýjandi mál þetta of seint höfðað, þar sem ráðherra hafi eigi lengt málshöfðunarfrestinn, sem var ákveðinn eitt ár frá fæðingu barns , sbr. nú 6. málsgr. 211. gr. laga nr. 85/1936. Í meðferð málsins í héraði kom þetta atriði eigi fram, og í áfrýjunarstefnu er engin krafa gerð í þessa átt. Verður ómerkingarkrafan þegar af þessari ástæðu eigi tekin til greina.

Í málinu er það fram komið, að stefnda hafi kveldið 3. febr. 1931, að því er hana minnir, hafzt við í herbergi á Hótel Heklu hér í bæ fram til klukkan að ganga 2 eftir miðnætti með Ágúst nokkrum Benjamínssyni. Telur áfrýjandi þau stefndu og Ágúst þenna munu þá hafa haft holdlegar samfarir. Stefnda hefir að vísu neitað því, að svo hafi verið, en eftir atvikum þykir nauðsynlegt, að stefnda og nefndur Ágúst verði krafin nákvæmrar skýrslu um þessi atriði, svo sem um það, hvernig kunningsskap þeirra hafi áður verið háttað, hvernig það atvikaðist, að stefnda kom á hótelherbergi hans, hvort þau sátu þar að drykkju, og verði Ágúst sérstaklega um það spurður, hvort hann hafi þá haft samfarir við stefndu og stefnda spurð um það, hvenær hún hafi síðast haft tíðir áður en hún ól barnið.

Svo ber og að afla skýrslna um hver þau önnur atriði, er framhaldsrannsóknin veitir efni til.

Því úrskurðast:

Ómerkingarkrafan verður ekki tekin til greina.

Héraðsdómaranum ber að afla framangreindra skýrslna svo og skýrslna um önnur þau atriði, er framhaldsrannsóknin kann að veita efni til.

Föstudaginn 23. júní 1939.

Nr. 31/1938. **Anna Friðriksson**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Guðmundi Bergssyni
(Eggert Claessen).

Bótakrafa vegna ólögmætrar riftingar á húsaleigusamningi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 5. marz 1938, hefir krafizt sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Af ástæðum þeim, sem í forsendum héraðsdómsins greinir, þykir bera að staðfesta hann.

Samkvæmt þessu verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 300 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Anna Friðriksson, greiði stefnda, Guðmundi Bergssyni, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. febr. 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. júní 1937 af Guðmundi Bergssyni póstfulltrúa,

Bergstaðastræti 64 hér í bæ, gegn Önnu Friðriksson kaupkonu, Bergstaðastræti 65 hér í bænum, til greiðslu húsaleiguskuldar að upphæð kr. 600.00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 27. maí 1937 til greiðsludags og málskostnaðar eftir framlögðum reikningi eða mati réttarins.

Stefnd krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að með húsaleigusamningi dagsettum 12. júlí 1935 seldi stefnandi stefndri á leigu íbúð í húsi sínu nr. 64 við Bergstaðastræti hér í bænum. Skyldi leigutíminn hefjast 1. október 1935, og átti uppsagnarfrestur af hálfu beggja aðilja að vera þrír mánuðir til 14. maí eða 1. október að telja, þó var svo tilskilið, að ekki mætti segja samningnum upp fyrr en í fyrsta lagi frá 1. október 1936 að telja. Sem leigu skyldi stefnd greiða kr. 150.00 á mánuði fyrirfram þann 1. hvers mánaðar, og er jafnframt kveðið svo á, að sé ekki greitt á réttum tíma, sé leigan til næsta fardags öll fallin í gjalddaga.

Þann 13. febrúar 1937 sendi stefnd stefnanda ábyrgðarbréf þess efnis, að hún segði leigusamningnum upp frá 14. maí s. á. að telja, en jafnframt óskaði hún þó munnlega eftir að fá að sitja fyrir húsnæðinu, ef hún kynni að vilja halda því, og lofaði stefnandi henni þá, að hann skyldi ekki leigja öðrum íbúðina án hennar vitundar til loka marzmánaðar. Að því er virðist, í byrjun aprílmánaðar 1937, boðaði stefnd stefnanda til sín til viðtals í íbúð sinni. Mun svo hafa talazt til með þeim, að stefnd yrði kyrr í íbúðinni, en jafnframt, að vissar umbætur yrðu gerðar á henni, sem aðiljar eru nú ekki sammála um, hverjar skyldu vera. Segir stefnandi, að hann hafi lofað, að gert skyldi við lítilfjörlegar skemmdir á veggfóðri og málningu í borðstofu, „kontór" og stúlkuherbergi íbúðarinnar, svo og að gert skyldi við nokkra hurðarhúna, er ekki voru í lagi. Hinsvegar staðhæfir stefnd, að stefnandi hafi boðið sér að láta mála borðstofuna og „hurðir yfirleitt" og lagfæra íbúðina eftir óskum sínum, ef hún vildi vera kyrr. Eftir þetta viðtal virðist stefnandi hafa gert ráðstafanir til ýmissa lagfæringa á íbúðinni. Fyrri part aprílmánaðar var gert við hurðarhúnana, og í málinu liggur fyrir vottorð og vitnaframburður Péturs Guðmundssonar, framkvæmdarstjóra „Málarans" hér í bænum, um það, að stefnandi hafi fengið „Málarann" til að mála og veggfóðra tvö herbergi í íbúð stefndu,

og hafi hann tekið það fram, að hún mætti ráða lit á herbergjunum og að verkið skyldi framkvæmd eins og henni hentaði bezt. Á þetta vottorð Péturs hefir Ottó Guðmundsson málari, sem vann að lagfæringu íbúðarinnar á vegum „Málarans", ritað, að hann viðurkenni það rétt. Að því er virðist, hefir verið byrjað á þeirri lagfæringu íbúðarinnar, sem „Málarinn" átti að framkvæma, þann 4. maí 1937 og hætt í kringum 14. maí. Þann 10. maí ritaði stefnd stefnanda bréf, þar sem hún segir, að hann hafi í viðtali við sig í dag (þ. e. 10. maí) gengið frá loforði sínu um að lagfæra íbúðina eins og um hafi verið talað og muni hún því flytja úr henni 14. maí samkvæmt uppsögninni 13. febrúar 1937. Í bréfi til stefndrar dagsettu 13. maí 1937 mótmælti stefnandi því, að hann hefði á nokkurn hátt vanrækt að framkvæma þá lagfæringu á íbúðinni, er hann hefði lofað, og tilkynnti stefndri jafnframt, að hann myndi krefja hana um leigu til 1. október 1937, enda þótt hún flytti. Stefnd flutti síðan úr íbúðinni 14. maí, en hafði þó áður, þ. e. 3. maí, greitt leigu fyrir allan maí mánuð. Stefnandi telur því til skuldar hjá henni fjögra mánaða leigu eða kr. 600.00, sem stefnd hefir reynzt ófáanleg til að borga, og hefir hann því höfðað mál þetta og gert í því áðurgreindar kröfur, sem hann byggir á því, að stefnd sé, þrátt fyrir brottflutninginn, skyld til að greiða sér leigu til 1. október 1937.

Í munnlega málflutningnum byggði stefnd sýknukröfu sína aðallega á því, að með uppsögn sinni 13. febrúar hafi hún losazt undan öllum skyldum sínum samkvæmt leigusamningnum, og þar eð hann hafi aldrei verið framlengdur eftir uppsögnina, með því að stefnandi hafi ekki uppfyllt þau skilyrði, er hún setti (þ. e. um lagfæringu á íbúðinni) fyrir framlengingu af sinni hálfu, þá sé hún nú á engan hátt bundin við hann. Af því, sem upplýst er í málinu um skipti aðilja og þá sérstaklega því, að stefnd greiddi þann 3. maí leigu fyrir allan þann mánuð, án nokkurs fyrirvara, þá þykir verða að líta svo á, að aðiljar hafi endurnýjað með sér húsaleigusamninginn frá 12. júlí 1935 eftir uppsögn stefndrar 13. febrúar 1937, óbreyttan að efni til, en að stefnandi hafi jafnframt lofað stefndri að íbúðin skyldi lagfærð, þó ekki liggi fyrir greinilegar upplýsingar um, hvað lagfært skyldi, enda greinir aðilja á um það, eins og áður er vikið að.

Til vara byggir stefnd sýknukröfuna á því, að enda þótt svo yrði talið, að samningurinn hefði verið framlengdur, þá hafi stefnandi ekki gert við íbúðina eins og hann hafi lofað og hafi sér því verið heimilt að rifta samningnum og flytja 14. maí 1937.

Í málinu má telja fullupplýst, að þegar stefndi flutti til stefnanda 1. október 1935 hafi íbúðin verið lagfærð fullkomlega og þannig, að hún var ánægð með, þrátt fyrir staðhæfingu um hið gagnstæða í greinargerð stefndrar, enda verður ekki séð, að hún hafi nokkurntíma kvartað um neitt, fyrr en í samtali því, er áður getur, sem aðiljar áttu í byrjun apríl 1937.

Um heimilisástæður stefndrar er það upplýst, að aðeins fullorðið fólk var á heimili hennar og að umgengni um íbúðina muni hafa verið góð, enda er því ómótmælt, að íbúðin hafi alltaf, líka þegar stefnd flutti, verið í leigufæru ástandi. Eins og mál þetta liggur fyrir, verður réttúrinn því að telja, að sönnunarbyrðin um það, hverra umbóta var þörf og hverjar umbætur stefnandi lofaði að gera á íbúðinni, þegar aðiljar áttu tal um það, hvíli á stefndri.

Í rekstri málsins hefir stefnd sérstaklega kvartað undan því, að stefnandi hefði ekki viljað láta mála hurðir í íbúðinni, eins og hann þó hefði lofað, enda hefði þess verið full þörf. Stefnandi hefir neitað því, að hann hafi sérstaklega lofað að láta mála hurðir í íbúðinni, svo og því, að hann hafi sérstaklega bannað, að það yrði gert.

Ekkert liggur fyrir í málinu, er sanni nægilega né afsanni þessar gagnstæðu staðhæfingar. En jafnvel þótt hér væri rétt skýrt frá hjá stefndu, virðist réttinum þetta atriði ekki nægileg riftunarástæða, enda verður ekki betur séð en að stefnd hefði haft full tök á að knýja þessa viðgerð fram, ef hennar var þörf eða ef hún hefði getað sannað, að stefnandi hefði lofað henni, en ef hvorugt var, þá átti hún ekki heimtingu á henni.

Um aðrar viðgerðir, sem stefnd telur, að hafi átt að fara fram á íbúðinni, er það að segja, að ýmist er ekki sannað, að stefnandi hafi lofað þeim eða að þeirra hafi verið þörf, eða þá að þær höfðu þegar verið framkvæmdar eða a. m. k. byrjað á þeim, er stefnd skrifaði síðari uppsögnina þann 10. maí, enda mun ekki hafa verið hætt við að gera við íbúðina fyrr en í kringum 14. maí 1937.

Að öllu þessu athuguðu verður rétturinn að telja, að stefnd hafi ekki haft réttmæta ástæðu til að rifta samningnum eins og hún gerði og að þess vegna beri að taka allar dómkröfur stefnanda, þær er í upphafi getur, til greina, og þykir málskostnaður honum til handa hæfilega ákveðinn kr. 130.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, Anna Friðriksson, greiði stefnandanum, Guðmundi Bergssyni, kr. 600.00 með 5% ársvöxtum frá 27 maí 1937 til greiðsludags og kr. 130.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1939.

Nr. 41/1939. **Sigurður Berndsen**
gegn
H/f Ísaga

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Berndsen, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, sem hefir látið mæta í málinu, 30 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1939.

Nr. 50/1939. **Páll Hallbjörns** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Sveinbirni Kristjánssyni (Enginn).

Skaðabætur vegna vanefnda á húsaleigusamningi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. maí þ. á. og krafizt þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndur hefir hvorki mætt né látið mæta fyrir hæstarétti, og er honum þó löglega stefnt. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. tölul. 38. gr. hæstaréttarlaganna nr. 112/1935 og ber að dæma það eftir framlögðum skilríkjum.

Með því að engir þeir gallar eru á hinum áfrýjaða dómi, er staðið geti í vegi fyrir kröfu áfrýjanda um staðfestingu hans, þá verður að taka hana til greina.

Þar eð ekki verður séð, að stefndi hafi gefið tilefni til áfrýjunar þessarar, þá þykir málskostnaður eiga að falla niður fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur staðfestist.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. apríl 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., er, eftir árangurslausa sáttatilraun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 26. jan. s. l. af Páli Hallbjörns, kaupmanni, Leifsgötu 32, hér í bæ, gegn Sveinbirni Kristjánssyni, byggingarmeistara, Skólavörðustíg 15, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 600.00 ásamt 6% ársvöxtum frá

1. jan. 1937 til greiðsludags og alls málskostnaðar eftir reikningi eða mati réttarins. Ennfremur krefst stefnandi þess, að staðfest verði með dómi réttarins löghaldsgerð sú, er hann lét fram fara hjá stefndum 19. jan. s. l. til tryggingar framangreindum kröfum.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, svo og hæfilegs málskostnaðar eftir mati réttarins. Jafnframt hefir stefndur áskilið sér rétt til að krefja stefnanda skaðabóta í sérstöku máli fyrir löghaldsgerðina, er hann telur ólögmæta.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að með kaupsamningi, dags. 12. okt. 1935, hafi hann keypt húseignina nr. 32 við Leifsgötu af stefndum og hafi eignin átt að vera í leigufæru standi 15. des. s. á. Stefndur hafi síðan ekki fullgert húsið, eins og um var samið, og hinn 13. jan. 1936 ritaði stefnandi stefndum bréf, skoraði á hann að fullgera húsið, jafnframt því að telja hann ábyrgan fyrir öllu því tjóni, er af drættinum hafði hlotizt og mundi hljótast. Þar sem stefndur sinnti ekki áskoruninni, ákvað stefnandi að fullgera eignina sjálfur á kostnað stefnds og höfðaði hann jafnframt mál á hendur honum með stefnu útgefinni 4. maí 1936, til fullnægju kaupsamnings, svo og til greiðslu skaðabóta vegna vanefnda stefnds á honum. M. a. krafðist stefnandi skaðabóta fyrir:

1) tapaða leigu af mjólkurbúð frá 15. des. 1935 til 1. júlí 1936, kr. 75.00 á mán. ..... kr. 487.50
2) tapaða leigu af bílskúr fyrir sama tímabil, kr. 25.00 á mán. ..... — 162.50

Eftir að málið var höfðað og meðan á málarekstrinum stóð fyrir undirrétti, tók stefndur aftur til vinnu við húsið, og lét stefnandi þá af sínum aðgerðum, en skömmu síðar hætti stefndur þó aftur allri vinnu við húsið, án þess að það yrði fullgert. — Stefnandi hóf ekki á ný aðgerð á húsinu, heldur beið málsúrslita, enda telur hann að það hefði flækt málaferlin enn meira, ef svo hefði verið gert, auk þess sem hann kveðst ekki hafa vitað nema stefndur tæki aftur til vinnu við húsið, en hann hafði t. d. lykla að mjólkurbúðinni.

Undirréttardómur í máli aðiljanna féll þann 6. ágúst 1936 og var á þá lund, að réttarkröfur stefnanda voru að verulegu leyti teknar til greina, og m. a. var stefndur, með

því að vanefna þá skuldbindingu sína, að skila húseigninni fullgerðri 15. des. 1935, talinn eiga að bæta stefnanda það leigutap fyrir nefnda mjólkurbúð og bílskúr, sem hann hafði krafizt. — Þessum dómi var áfrýjað án tafar til hæstaréttar og hann staðfestur þar með dómi réttarins, uppkveðnum 6. nóv. 1936.

Eins og áður er tekið fram, krafðist stefnandi í fyrrnefndu máli bóta fyrir tapaða húsaleigu af mjólkurbúð og bílskúr aðeins til 1. júlí 1936. Kveðst stefnandi hafa gert það, þar sem hann hafði talið, að hann yrði búinn að koma þessu hvorttveggja í leigufært stand fyrir þann tíma. — Nú telur stefnandi, að hann hafi beðið enn frekara leigutap, vegna þess atferlis stefnds, sem að framan er lýst, og telur hann, að eins og stefndur hafi borið ábyrgð á hinu tapinu, þá beri hann ábyrgð á þessu tapi, vegna þess að hann hafi raskað „status quo" eftir að fyrra málið var höfðað. Tjón þetta telur stefnandi nema hinni umstefndu upphæð í máli þessu, kr. 600.00, og er þá lögð til grundvallar sama mánaðarleiga og í fyrra málinu og tíminn reiknaður frá 1. júlí 1936, þar til matsgerð manna þeirra, er meta skyldu kostnað við að koma eigninni í samningshæft ásigkomulag, fór fram, 12. nóv. 1936, að viðbættum þeim 6 vikum, er matsmennirnir áætluðu til verksins.

Sýknukröfu sína hefir stefndur í fyrsta lagi byggt á því, að þar sem stefnandi hafi ekki mótmælt þeirri staðhæfingu sinni í einu varnarskjali sínu, að stefnandi sé orðinn sannur að sök um sviksamlegt atferli gegn sér í umræddum viðskiptum aðiljanna, þá hafi hann þar með viðurkennt að svo sé. Í réttarhaldi 1. f. m. mótmælti umboðsmaður stefnanda þessari greinargerð þannig, að nægilegt má teljast, og þar sem stefndur hefir ekki, gegn þeim mótmælum, fært sönnur á þessa staðhæfingu sína, verður sýknukrafa hans af þessum sökum ekki tekin til greina. — Í öðru lagi byggir stefndur sýknkröfuna á því, að stefnandi hafi, hvenær sem er, getað útvegað sér lykil að mjólkurbúðinni og fullgert hvorttveggja húsnæðið þegar í stað, auk þess sem stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að um neina leigjendur hafi verið að ræða, sem hefðu verið reiðubúnir að taka húsnæðið þennan tíma. — En með því að fallast verður á það með stefnanda, að stefndur, vegna vanefnda sinna á oftnefndum kaupsamningi, beri ábyrgð á tjóni því, sem af

þeim hefir leitt, og nefnt leigutap verður eftir atvikum að teljast sennileg afleiðing þeirra, þá verður að telja, að stefndum beri að bæta stefnanda leigutapið með þeirri upphæð, sem krafizt hefir verið, enda hvorki hreyft neinum andmælum gegn upphæðinni sjálfri, né heldur verður staðhæft, að stefnanda hefði, eins og atvikum var háttað, verið mögulegt að afstýra tjóni þessu að nokkru eða öllu leyti.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu upphæð með vöxtum eins og krafizt hefir verið, enda hefir vaxtakröfunni ekki verið mótmælt sérstaklega. Svo verður stefndum og gert að greiða stefnanda málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 120.00. Ennfremur staðfestist framangreind löghaldsgerð sem löglega gerð og til laga haldið.

Í einu varnarskjali sínu hefir stefndur kveðið svo að orði, að í málaferlum aðiljanna hafi stefnandi tekið „dómstólana í þjónustu sína til að fullkomna svikin". Þessi orð verður ex officio að dæma dauð og ómerk, en eftir atvikum verður stefndum þó ekki refsað fyrir þau, þar sem hann hefir lýst því yfir í síðara varnarskjali, að hann hafi ekki beint orðum þessum að dómstólunum, heldur hafi hann þar með aðeins átt við, að stefnandi hafi með röngum upplýsingum áorkað því, að dómstólarnir hefðu kveðið upp um mál sín og stefnanda dóma og úrskurði, öfuga við það sem orðið myndi, ef sannar og réttar upplýsingar frá stefnanda hefðu verið fyrir hendi.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind löghaldsgerð staðfestist.

Stefndur, Sveinbjörn Kristjánsson, greiði stefnandanum, Páli Hallbjörns, kr. 600.00, með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1937 til greiðsludags og kr. 120.00 í málskostnað.

Áðurnefnd ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. september 1939.

Nr. 48/1939. **Valdstjórnin** (Eggert Claessen)
gegn
Sigurði Jónssyni (Lárus Jóhannesson).

Áfengis- og bifreiðalagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málsúrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Sigurður Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Lárusar Jóhannessonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 24. apríl 1939.

Ár 1939, mánudaginn 24. apríl, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni í forföllum lögreglustjóra af fulltrúa hans, Valdimar Stefánssyni, upp-

kveðinn dómur í málinu nr. 699/1939: Valdstjórnin gegn Sigurði Jónssyni, sem tekið var til dóms 22. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Jónssyni, bifreiðarstjóra, Hringbraut 74 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögum nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1927 $^{5}/_{9}$ Kærður fyrir bifreiðaárekstur. Málið sent dómara.
1930 $^{2}2/_{9}$ Áminning fyrir brot á umferðarreglum.
1932 $^{6}/_{6}$ Áminning fyrir brot á reglum um próf bifreiðarstjóra.
1932 $^{1}5/_{10}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1932 $^{7}/_{12}$ Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
1933 $^{2}/_{10}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 500 kr. sekt og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir brot gegn 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. laga nr. 70 1931 um notkun bifreiða og 20. gr., 11. gr. sbr. 32. og 13. gr. sbr. 27. gr. 2. tölulið áfengislaga nr. 64 1930.
1934 $^{1}9/_{12}$ Sætt 5 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.
1935 $^{6}/_{5}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir að hafa of marga farþega í bifreið.
1936 $^{1}2/_{3}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 $^{2}2/_{12}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1938 $^{2}4/_{1}$ Áminning fyrir brot á umferðarreglum.
1938 $^{3}1/_{7}$ Undir rannsókn fyrir meint áfengislaga- og bifreiðalagabrot. Sök sannaðist ekki.

Laugardaginn 25. f. m., kl. um 19,10, var lögreglunni gert aðvart um, að bifreiðarstjórinn á fólksflutningabifreiðinni R. 1224 væri ölvaður við akstur. Brátt náði lögreglan bifreið þessari, er var í akstri á götum bæjarins, og var kærður við stjórn hennar, en farþegar voru tveir, þeir Jón Jónsson, stud. theol., Leifsgötu 32 hér í bæ, og Þórður Guðni Guðmundsson, efnagerðarmaður, Skúlaskeiði 8 í Hafnarfirði. Var kærður brátt færður á Landsspítalann og úr honum tekið blóðsýnishorn, er við rannsókn reyndist 1,12‰ að áfengismagni.

Um kl. 2 þenna dag pantaði nefndur Jón bifreið frá Litlu-bílastöðinni hér í bænum til að aka með sig. Var kærður sendur til þess verks í bifreiðinni R. 1224. Óku þeir

fyrst nokkuð hér um bæinn, en lögðu síðan af stað til Hafnarfjarðar. Voru þeir þá báðir allsgáðir, en Jón hafði með sér fulla flösku af Sherry. Námu þeir staðar öðru hvoru á leiðinni og í fyrsta skipti, sem þeir námu staðar, tók Jón upp flöskuna. Kveðst kærður hafa drukkið úr flösku þessari tvo smásopa á leiðinni til Hafnarfjarðar, en hefir neitað að hafa neytt meira áfengis allan þenna dag. Hinsvegar skýrir Jón svo frá, að hann hafi boðið kærðum áfengið og haldið því að honum, og hafi hann neytt þess í hvert skipti með sér, og hefir hann borið, að þeir hafi lokið úr sherryflöskunni í félagi á leiðinni til Hafnarfjarðar og í Hafnarfirði. Þegar til Hafnarfjarðar kom, fóru þeir inn á veitingahúsið Hótel Björninn og keyptu þar kaffi. Hefir Jón játað að hafa þar helt áfengi út í kaffið hjá þeim báðum og drukkið kaffið þannig blandað. Kærður hefir neitað að hafa vitað um, að kaffið hafi verið blandað áfengi eða að hafa fundið af því áfengisbragð. Í þessu sambandi er upplýst, að kærður var drjúga stund fjarverandi frá borði þeirra, meðan Jón sat við það. Ekki hefir orðið upplýst, að veitingafólkið á Hótel Björninn hafi orðið vart við áfengisneyzlu þeirra inni á veitingastofunni, og gegn eindreginni neitun kærðs verður eigi talið sannað, að hann hafi sér afvitandi neytt áfengis inni í veitingahúsinu. Hefir nú Jón skýrt svo frá, að eftir að þeir fóru af veitingahúsinu, en áður þeir lögðu af stað til Reykjavíkur, hafi verið tekin upp í bifreiðinni full flaska af brennivíni og hafi þeir kærður drukkið strax nokkuð úr henni, en síðan hafi þeir fengið tvær flöskur af sítron hjá gestgjafanum á Hótel Björninn og blandað því saman við það, sem eftir var af brennivíninu í flöskunni. Hefir gestgjafinn staðfest, að þeir hafi fengið sítrónflöskur þessar. Þegar þeir voru að leggja af stað til Reykjavíkur, varð Þórður Guðni Guðmundsson á vegi þeirra á Hafnarfjarðargötum, og bauð Jón, sem þekkir hann nokkuð, honum að vera með í bifreiðinni til Reykjavíkur, og þáði hann það. Hefir Þórður Guðni borið, að á leiðinni til Reykjavíkur hafi fyrst verið drukkin brennivíns- og sítrónblanda úr whiskypela, en þegar úr honum var búið, hafi verið tekin upp full brennivínsflaska með sömu blöndu. Kærður hefir hinsvegar neitað því að hafa orðið þess var í allri ferðinni, að um blöndun sítrons út í brennivín væri að ræða, en skýrir svo frá, að hann hafi afhent Jóni óátekna

brennivínsflösku á leiðinni frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, sem þeir Jón og Þórður Guðni hafi drukkið úr á leiðinni. Á leiðinni var numið staðar minnsta kosti tvisvar, og hafa þeir Jón og Þórður Guðni borið, að bæði þeir sjálfir og kærður hafi þá drukkið úr brennivínsflöskunni. Hefir Þórður Guðni, sem, að því er virðist, var allsgáður í ferð þessari, borið, að kærður hafi drukkið þrisvar eða fjórum sinnum úr flöskunni á þessari leið. Eftir að til Reykjavíkur kom, neyttu þeir ekki áfengis. Þegar til Reykjavíkur kom, óku þeir inn Hverfisgötu, og fór kærður þar inn í verzlunina Lúllabúð og keypti þar vindlinga, en ók síðan áfram. Þegar hann var nýfarinn úr búðinni, kom þangað lögregluþjónn, og sagði þá stúlka, sem var í búðinni, Anna Þorgeirsdóttir, honum frá, að kærður væri að aka bifreið drukkinn. Gerði lögregluþjónninn þegar aðvart á lögreglustöðina, og fóru lögregluþjónarnir þegar að athuga þetta og náðu þá kærðum í bifreiðinni, eins og áður segir.

Eins og áður segir, er það játað af kærðum, að hann hafi drukkið tvo smásopa af sherry á leiðinni frá Reykjavík til Hafnarfjarðar, meðan numið var staðar. Þó að hann hafi einungis drukkið, meðan numið var staðar, verður að telja, að hann hafi neytt áfengis „við bifreiðarakstur“ í skilningi 5. gr. 3. mgr. bifreiðalaganna. Enginn vafi verður á því talinn, að kærður hafi neytt mun meira áfengis í ferðinni en hann hefir við kannazt. Sannast það á framburðum þeirra Jóns og Þórðar Guðna um áfengisneyzlu kærðs, bæði að því er snertir sherry og brennivín, ástandi kærðs og því, að í blóði hans var áfengismagn 1,12‰ þegar eftir aksturinn. Bæði Jón og Þórður Guðni hafa borið, að þeim hafi virzt kærður vera undir áhrifum áfengis síðast í ferðinni, og réðu þeir það sérstaklega af mæli hans, og Þórður Guðni einnig af útliti hans. Vitnin Anna Þorgeirsdóttir og Lúðvík Thorberg Þorgeirsson, sem sáu og heyrðu kærðan inni í Lúllabúð, hafa borið, að þeim hafi virzt hann vera töluvert undir áhrifum áfengis. Hefir Anna skýrt svo frá, að hann hafi reikað í gangi, andlit hans hafi verið þesslegt útlits og mæli hans hafi borið þess ljósan vott. Þá hefir hún skýrt frá því, að kærður hafi mælt til sín um leið og hann fór út úr búðinni þessi orð: „Nú kjaftar hún víst frá því, að ég er fullur.“ Lúðvík hefir borið, að kærð-

ur hafi sagt eitthvað á þá leið, þegar hann fór út úr búðinni, að Anna mundi skýra frá, að hann hefði komið svona inn, og taldi Lúðvík, að hann ætti með því við ölvunarástand sitt. Kærður hefir hinsvegar neitað að hafa sagt neitt í þessa átt, þegar hann fór út úr búðinni.

Þá hefir lögregluþjónn sá, er náði kærðum í akstrinum og færði hann á lögreglustöðina, þeir tveir lögregluþjónar, er færðu kærðan af lögreglustöðinni á Landsspítalann, og tveir lögregluþjónar, er sáu kærðan á lögreglustöðinni, borið, að kærður hafi verið greinilega undir áhrifum áfengis. Ályktuðu þeir það af mæli kærðs og útliti andlits og augna.

Kærður hefir hinsvegar eindregið neitað því undir öllum rekstri málanna, að hann hafi fundið á sér áhrif áfengis. Hefir hann sérstaklega tekið fram undir rannsókninni, að hann þoli mjög lítið áfengi, þannig að hann verði fljótt drukkinn við áfengisneyzlu.

Eins og atvikum hefir verið lýst, verður að telja fullsannað, þrátt fyrir neitun kærðs, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar, og hefir hann með því gerzt brotlegur við 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. bifreiðalaganna.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríksissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber að svipta hann æfilangt leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50.00. Eins og réttarprófin bera með sér, hefir áfengislagabrot Jóns Jónssonar verið afgreitt með sáttagerð.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Sigurður Jónsson, sæti 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur æfilangt leyfi til að stýra bifreið. Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leið-

andi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50.00. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. september 1939.

Nr. 16/1939. **Ingibjörg Tómasdóttir** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Grími Gíslasyni (Eggert Claessen).

Ónýting útburðargerðar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. febr. þ. á., hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður frá 12. des. f. á. og útburðargerð framkvæmd 12. jan. þ. á. verði úr gildi felld og að stefndi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Af hálfu stefnda er krafizt staðfestingar á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Fallast má á þá ályktun fógetaréttarins, að eigi séu sönnur að því leiddar í máli þessu, að áfrýjanda hafi verið sagt upp umræddu húsnæði með nægum fyrirvara til brottflutnings úr því 1. okt. f. á. Og kemur þá til álita, hvort áfrýjandi hafi fyrirgert leiguréttinum með drætti á greiðslu húsaleigunnar.

Eins og frá er skýrt í hinum áfrýjaða úrskurði, verður að telja, að áfrýjanda hafi borið að greiða húsaleiguna mánaðarlega eftirá. Um mánaðamótin ágúst—september 1938 eignaðist stefndi húsið. Í septembermánuði fór áfrýjandi í ferð til Reykjavíkur, og er ekki sannað gegn mótmælum hennar, að henni

hafi verið tilkynnt eigandaskiptin né að hún hafi fengið á annan hátt vitneskju um, að stefndi var orðinn eigandi hússins, fyrr en eftir það, að bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum tilkynnti henni til Reykjavíkur með símskeyti 3. okt s. á., að útburðar hefði verið krafizt. Þann 12. okt. s. á. var útburðarmálið tekið fyrir í fógetarétti Vestmannaeyja. Lagði stefndi þá fram reikning á hendur áfrýjanda fyrir ógreiddri húsaleigu og byggði nú útburðarkröfuna einnig á því, að áfrýjandi hefði ekki greitt honum leigu fyrir septembermánuð. Daginn eftir, 13. okt., kom áfrýjandi aftur heim til Vestmannaeyja úr ferð sinni, og þann 15. s. m. greiddi hún áfallna leigu fyrir septembermánuð með 65 krónum til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum í því skyni að stöðva framgang útburðargerðarinnar. Sýndi hún með því, að hana skorti hvorki vilja né getu til að greiða húsaleiguna, og verður því ekki talið, að hún hafi með þessum óverulega greiðsludrætti fyrirgert leiguréttindum sínum.

Samkvæmt framansögðu ber að taka til greina kröfu áfrýjanda um ómerkingu hinna áfrýjuðu dómsathafna.

Efir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður og útburðargerð eru úr gildi felld.

Stefndi, Grímur Gíslason, greiði áfrýjanda, Ingibjörgu Tómasdóttur, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Áfrýjað er úrskurði fógetaréttar Vestmannaeyja 12. des. 1938 og útburðargerð 12. janúar 1939.

Með beiðni, dags. 1. okt. s. l., hefir Grímur Gíslason, Haukabergi hér í bæ, krafizt þess, að leigjandi í húsi hans, Haukabergi, Ingibjörg Tómasdóttir, kaupkona, verði borin út úr íbúð sinni þar, en hún hefir neitað að víkja þaðan. Báðir aðiljar hafa lagt ágreininginn undir úrskurð réttarins, og var málið tekið til úrskurðar 3. des. s. l.

Eru málavextir þessir:

Um mánaðamót september og október s. l. keypti gerðarbeiðandi, Grímur Gíslason, húseignina Haukaberg (Vestmannabraut 11) hér í bæ af fyrri eiganda, frú Evu Andersen. Gerðarþoli, Ingibjörg Tómasdóttir, var þá leigjandi að íbúð í húsinu, hafði tvö herbergi og eldhús. En þegar hinn nýi eigandi vildi, að gerðarþoli færi strax úr húsinu við eigandaskiptin, neitaði hún að flytja burt og taldi sig hafa rétt til að sitja til 14. maí 1939 og byggði það á munnlegum samningi við fyrri eiganda, með því að skriflegur leigusamningur milli þeirra var eigi til.

Útburðarkröfu sína byggir gerðarþoli á eftirfarandi þremur atriðum:

Í fyrsta lagi hafi gerðarþoli átt að flytja úr húsnæðinu 14. maí 1938 samkv. uppsögn og upphaflegum munnlegum leigumála.

Til vara byggir gerðarbeiðandi útburðarkröfu sína á því, að gerðarþola hafi verið sagt upp húsnæðinu með nægilegum fyrirvara fyrir 1. okt. s. l., eða í maímánuði þ. á.

Og til þrautavara krefst hann þess, að gerðarþoli verði borinn út fyrir vanskil, þar sem hún, þegar málið var lagt undir úrskurð, hafi skuldað alla húsaleiguna fyrir mánuðina sept., okt. og nóvember.

Öllum þessum kröfum gerðarbeiðanda hefir verið mótmælt af gerðarþola sem óréttmætum, og hafa verið leidd vitni af beggja hálfu til upplýsingar um þessi atriði.

Um aðalkröfu gerðarbeiðanda, byggða á því, að gerðarþola hafi aðeins verið leigt húsnæðið til 14. maí s. l., er þess að geta, að báðir aðiljar viðurkenna, að upphaflegur leigumáli hafi verið miðaður við þenna tíma. En gerðarþoli heldur ennfremur fram, að leigumálinn hafi átt að framlengjast um ár, nema sagt yrði upp með hæfilegum fyrir-

vara fyrir 14. maí s. l. Það virðist þó ekki skipta neinu í þessu máli, hvort uppsögn fyrir 14. maí hafi átt sér stað eða eigi, því að gerðarþoli sat áfram í íbúð sinni eftir 14. maí og greiddi áfram húsaleigu til réttra hlutaðeigenda athugasemdalaust af þeirra hálfu, og án þess að séð verði, að neinar ráðstafanir væru til þess gerðar að fá gerðarþola úr húsrýminu. Og með þessu verður að telja, að leigumálinn hafi framlengzt til næsta flutningsdags, 1. okt. s.l., eftir almennri venju um leigu íbúða, þar sem gerðarþoli hefir ekki getað fært neinar sönnur á, að leigumálinn hefði átt að framlengjast um eitt ár í þessu tilfelli, sem eru alveg óvenjulegir skilmálar. Spurningin verður þá, hvort uppsögn hefir farið fram með hæfilegum fyrirvara fyrir 1. okt. s. l., eins og gerðarþoli heldur fram og hefir reynt að leiða vitni að.

Njáll Andersen, sem umsjón hafði með Haukabergi á umræddum tíma, hefir sem vitni borið það, að hann hafi sagt gerðarþola upp húsnæðinu laust eftir 14. maí í vor, líklega 1—2 dögum síðar. Ennfremur hefir vitnið Skarphéðinn Helgason borið það, að hann hafi heyrt Njál Andersen tilkynna gerðarþola, að hún yrði að vera burt úr húsinu, þegar það yrði selt, en upplýst er, að húsið var til sölu um þessar mundir. Vitnið hefir ekki getað sagt, í hvaða mánuði þetta hafi átt sér stað, heldur aðeins að það hafi verið „síðastliðið vor". Fyrri eigandi hússins, frú Eva Andersen, hefir og borið það að hafa tilkynnt gerðarþola, að hún yrði að fara, þegar húsið yrði selt, og vitnið yrði að sleppa húsinu. — Þá hefir vitnið Sólrún Guðmundsdóttir borið það að hafa heyrt Evu Andersen segja við gerðarþola í septemberlok s. l. eða um það leyti, að það væri ekki von, að gerðarþoli færi burt úr íbúðinni, þar sem henni hefði eigi verið sagt upp ennþá.

Rétturinn verður að líta svo á, að með framangreindum framburðum og öðru, sem fram hefir komið í málinu, séu eigi færðar nægar sönnur á, að gerðarþola hafi verið sagt upp húsnæðinu með nægilegum fyrirvara fyrir 1. okt. s. l., svo útburður verði byggður á því.

Þá hefir gerðarbeiðandi til þrautavara byggt útburðarkröfu sína á því, að gerðarþoli hafi enga húsaleigu greitt fyrir mánuðina sept., okt. og nóvember s. l.

Gerðarbeiðandi lét þinglýsa afsali fyrir húsinu Hauka-

bergi 6. sept. s. l., enda verður líka að telja viðurkennt af gerðarþola, að henni bar að greiða húsaleigu eftir íbúðina frá 1. sept. til gerðarbeiðanda. Um það, hver húsaleigan hafi átt að vera, ber aðiljum ekki saman. Heldur gerðarbeiðandi fram, að hún hafi átt að vera 70 kr. á mánuði, en gerðarþoli 65 kr. Ekkert er upplýst um, hver húsaleiga megi teljast hæfileg fyrir íbúðina. Geta því ekki, að réttarins áliti, eins og málið liggur fyrir, úrslitin oltið á því, hvort gerðarþoli hafi greitt 65 kr. á mánuði frá 1. sept. að telja eða 70 krónur, heldur því, hvort hún hafi greitt þær 65 kr. á réttum tíma, sem hún kannast við, að sér hafi borið að greiða gerðarbeiðanda.

Verður þá fyrst að taka fram, að ekkert er upplýst um, hvort venja sé hér í bæ, hvort húsaleiga eigi að borgast fyrirfram eða eftirá. En þar sem enginn leigusamningur var gerður, þykir rétt að hinum vægari greiðslumáta sé fylgt, þar eð vissa er fyrir því, að hann er notaður hér, og miða því við mánaðarlega greiðslu eftirá. Kemur þá til álita, hvort gerðarþoli hefir fullnægt þessu.

Beiðnin um útburðargerðina er dagsett 1. október þ. á. og var gjalddaginn þá að vísu kominn, en ekki liðinn, og útburðargerðin ekki byggð á vanskilum um greiðslu á húsaleigunni, heldur á öðrum atriðum, sem áður hefir verið getið um. Í fyrsta réttarhaldi í málinu 12. október þ. á. lagði gerðarbeiðandi fram reikning vegna vangreiddrar húsaleigu fyrir september þ. á. og það, sem af var októbermánaðar, og tók þar fram, að útburðarkrafan væri einnig byggð á vanskilum gerðarþola. Verður sú krafa að teljast nægilega fljótt fram komin, þar eð útburðargerðin þá var að byrja, sbr. líka 111. gr. laga 85/1936. Umboðsmaður gerðarþola mótmælti, að þessi dráttur á greiðslu, „ef hann er fyrir hendi", væri verulegur og gæti réttlætt útburðargerðina. Þar sem gerðarþoli hefir ekki sannað neitt fyrir réttinum að hafa greitt húsaleiguna fyrir september, en því er neitað af gerðarbeiðanda og eins að greiðsla hafi verið boðin fram, telur fógetinn rétt að geta þess með skirskotun til 113. gr. laga 85/1936, að gerðarþoli afhenti fógeta á skrifstofu hans hinn 15. október þ. á. 65 kr., er hann taldi húsaleigu á Haukabergi fyrir septembermánuð þ. á., og er sú upphæð enn í vörzlum fógeta.

Það verður að telja, að sé um vafaatriði að ræða, þá verði

leiguliði að njóta góðs af þeirri vanrækslu leigusala að gera ekki skriflegan samning. En þótt svo sé og þó að líta beri svo á, að réttarins áliti, að gerðarþola hafi ekki borið að greiða leiguna fyrirfram, heldur eftirá, þá má telja upplýst, að leigan fyrir september hafi ekki verið greidd á réttum tíma, og hefir gerðarþoli með því glatað þeim leiguréttí, er hún kann að hafa haft, þar sem líka, eins og áður er sagt, er alls ósannað gegn mótmælum gerðarbeiðanda, að hún hafi boðið leiguna fram á réttum tíma. Þykir því eftir þessu verða að taka útburðarkröfu gerðarbeiðanda til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Föstudaginn 29. september 1939.

Nr. 35/1938. **Guðjón Símonarson**
gegn
Stefáni Einarssyni.

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu áfrýjanda, Guðjóns Símonarsonar, var mætt í málinu og þess krafizt, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefnda var og mætt og krafizt ómaksbóta og það fært til, að 9 sinnum hefði verið mætt í málinu, og auk þess lagðar út um 20 kr. í símakostnað o. fl.

Málið er hafið og greiði áfrýjandi stefnda, Stefáni Einarssyni, 120 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. september 1939.

Nr. 67/1939. **Helga M. Nielsdóttir**
gegn
Verzl. Málning og Járnvörur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helga M. Nielsdóttir, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 29. september 1939.

Nr. 69/1939. **Verzl. Málning og Járnvörur**
gegn
Helgu M. Níelsdóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Verzl. Málning og Járnvörur, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 4. október 1939.

Nr. 78/1939. **Sveinn Gunnarsson**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Trolle & Rothe h/f f. h. Forsikringsaktieselskabet National
(Sveinbjörn Jónsson).

Um skyldu vátryggingarfélags til greiðslu slysabóta.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. ágúst þ. á., krefst þess: Aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 10800.00 með 5% ársvöxtum frá 22. maí þ. á. til greiðsludags, en til vara, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 6945.00 með vöxtum, eins og áður segir. Loks krefst hann málskostnaðar af stefnda fyrir báðum dómum. Stefndi krefst hinsvegar: Aðallega að héraðsdómurinn verði staðfestur, en til vara, að hann verði ekki dæmdur til greiðslu fjárhæðar, er nemi yfir kr. 1000.00. Ennfremur krefst hann málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti.

Það verður að telja, að áfrýjandi hafi af slysi orðið fyrir lemstri því, er í máli þessu greinir. Fellur áfall hans undir vátryggingu þá, sem stefndi hefir gengið undir gagnvart honum samkvæmt yfirlýsingu stefnda í bréfi til Trolle & Rothe h/f, dags. 25. nóv. f. á. Orkumissir áfrýjanda er metinn 5%. Þenna hundraðshluta vátryggingarfjárins, eða kr. 1000.00, ber stefnda að bæta áfrýjanda. Ennfremur skal stefndi bæta kostnað við sjúkrahúsvist áfrýjanda og læknishjálp, alls kr. 500.00, með því að hér var um slysatryggingu að tefla. Hinsvegar verður ekki séð,

að stefndi hafi tryggt áfrýjanda gegn atvinnutjóni, og verður stefndi þessvegna ekki gegn mótmælum sínum dæmdur til að greiða áfrýjanda dagpeninga, meðan hann var fatlaður frá vinnu vegna lemstursins, eða bæta honum atvinnumissinn fé á annan hátt.

Samkvæmt því, sem nú var sagt, ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 1500.00 með 5% ársvöxtum frá 22. maí 1939 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Trolle & Rothe h/f f. h. Forsikringsaktieselskabet National, greiði áfrýjanda, Sveini Gunnarssyni, kr. 1500.00 með 5% ársvöxtum frá 22. maí 1939 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 22. maí þ. á., af Sveini Gunnarssyni, lækni hér í bæ, gegn Trolle & Rothe h/f hér í bænum f. h. Forsikringsaktieselskabet National í Kaupmannahöfn til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 10800.00 með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. — Í rekstri málsins hefir stefnandi gert þá varakröfu, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér kr. 6945.00 ásamt umkröfðum vöxtum og málskostnaði.

Stefndur krefst aðallega algerrar sýknu, en til vara, að hin umstefnda upphæð verði lækkuð að miklum mun eftir mati réttarins og hún undir engum kringumstæðum ákveðin hærri en kr. 1000.00.

Málskostnaðar krefst stefndur, hvort sem aðal- eða varakrafa hans yrði tekin til greina.

Málsatvik eru þau, að í byrjun maí 1938 fór stefnandi til Danmerkur og var þar mánaðartíma. Áður en hann fór héðan úr bænum, eða 26. apríl 1938, keypti hann sér ferðaslysatryggingu hjá stefndum. Nam upphæð tryggingarinnar kr. 20000.00 og tryggingartíminn var frá 26. apríl 1938 til 26. júní s. á. Snemma í júní lagði stefnandi af stað heimleiðis með e/s Brúarfossi. Þann 11. júní, er skipið var farið frá Leith áleiðis til Íslands, tók stefnandi þátt í ýmsum leikjum á þilfari með öðrum farþegum. Var einn leikurinn sá að sippa með venjulegu sippbandi. Eitt sinn, er stefnandi var að þessum leik, fann hann allt í einu til mjög mikils sársauka í kálfanum, er hægri fótur nam við þilfarið. Hélt hann fyrst, að einhver hefði óviljandi sparkað í sig, en ekki var unnt að fá neitt upplýst um það. Varð fóturinn jafnframt máttlaus, og gat stefnandi ekki í hann stigið. Við rannsókn kom í ljós, að hásin hægri fótar hafði slitnað. Í þessu slysi og afleiðingum þess átti stefnandi síðan lengi og hafði af mikið atvinnutjón og læknis- og spitalakostnað auk þess sem talið er, að hann muni af slysinu hljóta 5% varanlega örorku.

Telur stefnandi þetta slys sitt hafa borið þannig að höndum og vera þess eðlis, að stefnanda sem vátryggjanda sínum beri að bæta sér allar afleiðingar þess, enda falli það að sjálfsögðu undir vátryggingarsamninginn.

Stefndur byggir sýknukröfuna hinsvegar fyrst og fremst á því, að stefnandi hafi alls ekki verið tryggður gegn slíku slysi, er hér varð, enda sé orðalag tryggingarskírteinisins svo glöggt að því leyti, að ekki verði um villzt.

Í tryggingarskírteini því, sem stefndur gaf út um trygginguna, segir, að hann tryggi stefnanda fyrir krónur 20000.00 gegn dauða eða æfilöngu fullkomnu óvinnuhæfi, fullkominni örorku, er sé bein afleiðing af slysi, er hann kynni að verða fyrir á ferð frá Íslandi til annarra nafngreindra landa. Að áliti réttarins heimilar þetta orðalag skírteinisins ekki þann skilning, að framangreint slys stefnanda falli undir ákvæði tryggingarsamningsins þegar af þeirri ástæðu, að það leiddi hvorki til dauða né algerðrar örorku. Ber því að sýkna stefndan í máli þessu, en málskostnaður þykir þó eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Trolle & Rothe h/f f. h. Forsikringsaktieselskabet National, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sveins Gunnarssonar. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 6. október 1939.

Nr. 95/1936. **Sveinn Pálsson, Benedikt Pétursson, Andrés Pétursson og Margrét Helgadóttir** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Sigurjóni J. Waage

(Einar B. Guðmundsson).

Um eignarhlutföll manna í jarðartorfu.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1936, hafa krafizt þess, að héraðsdómi í máli þessu verði breytt svo, að stefnda verði með dómi hæstaréttar viðurkenndur eignarréttur að einungis helmingi Stóru-Vogatorfunnar. Svo krefjast áfrýjendur málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar af áfrýjendum in solidum fyrir hæstarétti.

Samkvæmt málflutningnum á að leggja til grundvallar í úrlausn máls þessa það mat á Stóru-Vogatorfunni, 48,8 hundr. á landsvísu, er Ný jarðabók samkvæmt tilsk. 1. apríl 1861 hefir að geyma. Eftir því sem aðiljar telja, hefir Tumakot, Suðurkot og Garðhús verið að öndverðu hvert um sig ⅕ hluti Stóru-Vogatorfunnar, eða samtals ⅗ hlutar hennar, og hefir því sjálft býlið Stóru-Vogar verið ⅖

hlutar hennar. Eins og sjá má í héraðsdóminum, eignaðist stefndi þann 6. des. 1903 býlin Stóru-Voga og Garðhús, eða 3/5 hluta torfunnar, sem gera 3/5 hluta af matsverði hennar allrar, 48,8 hundr., eða 29,28 hundr. Þar við bætast 1 hundr. 29 álnir, sem reiknað í tugabroti verða 1,24 hundr. Verða þetta samtals 30,52 hundr. Áfrýjendur hafa ekki sannað gegn mótmælum stefnda, að annað hafi gengið undan Stóru-Vogabýlinu eða Garðhúsum en þau 3 hundr., er seld voru eiganda Hábæjar 3. marz 1896. Þegar þau 3 hundr. eru dregin frá áðurnefndum 30,52 hundr., verða eftir 27,52 hundr., sem nú virðast vera í eign stefnda. En með því að hann hefir ekki krafið sér viðurkennd með dómi í máli þessu til eignar af Stóru-Vogatorfunni nema 27,45 hundr., verður við niðurstöðu héraðsdómsins að sitja, og þykir því mega staðfesta hann með framanskráðum athugasemdum.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda in solidum 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Drátt þann, er orðið hefir á máli þessu fyrir hæstarétti, hafa málflytjendur réttlætt nægilega.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Sveinn Pálsson, Benedikt Pétursson, Andrés Pétursson og Margrét Helgadóttir, greiði stefnda, Sigurjóni J. Waage, in solidum 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 8. júní 1936.

Mál þetta er, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, höfðað hér fyrir réttinum með stefnu, útgefinni 11. nóvember 1935, af Sigurjóni J. Waage, óðalsbónda í Stóru-Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi, gegn eigendum býlanna Hábæjar, Suðurkots, Nýjabæjar og Tumakots, allra í sama hreppi, þeim Sveini Pálssyni, Benedikt Péturssyni, Andrési Péturssyni og Margréti Helgadóttur, og hefir stefnandi gert þær réttarkröfur, að viðurkennt verði með dómi, að hann sé eigandi að 27,45/48,80 úr Stóru-Vogatorfunni í Vatnsleysustrandarhreppi, en eignarhluti eigenda fyrrnefndra býla sé samtals 21,35/48,80 af torfuheildinni, svo og krefst hann málskostnaðar eftir mati réttarins.

Hinir stefndu hafa aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, til vara sýknunnar og til þrautavara, að eignarhlutföllin verði miðuð við matshlutföllin samkvæmt fasteignamatinu frá 1922, þó þannig, að hluti stefnandans verði aldrei talinn meiri en 24,45 hundruð að fornu mati á móti 48,80 hundr., sem er öll torfuheildin.

Áðurnefndir bæir og býli eru í svonefndri Stóru-Vogatorfu í Vatnsleysustrandarhreppi. Einn hinna stefndu, Sveinn Pálsson bóndi í Hábæ, hefir krafizt skipta milli nefndra jarða samkvæmt landskiptalögunum nr. 57 31. maí 1927, en hin skipaða landskiptanefnd hefir ekki talið sér unnt að framkvæma landskiptin vegna þess, að aðiljar skiptanna geti ekki komið sér saman um grundvöll þann, er skiptin skuli fara eftir, þ. e. a. s. eignarhlutfallið milli jarðarinnar Stóru-Voga annarsvegar og hinna annarra torfujarðanna hinsvegar.

Hafa hinir stefndu haldið því fram, að landskiptin beri að framkvæma eftir eignarhlutföllum jarðanna samkvæmt fasteignamati því, sem gilti, þegar skipta var krafizt, en það var fasteignamatið, er fram fór árið 1922, og færa sínu máli til stuðnings bréf sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dagsett 19. apríl 1930, er kemur heim við nefnt álit hinna stefndu, og telja þeir af þessum ástæðum, að mál þetta hafi stefnandi að þarflausu höfðað gegn þeim og beri því að vísa því hér frá réttinum.

Inn á þenna skiptagrundvöll hefir stefnandi ekki viljað

ganga, en heldur því fram, að með eignarheimildum sínum fyrir jörðinni Stóru-Vogum hafi hann eignazt stærri hluta torfunnar en hinir stefndu telja.

Ekki verður annað séð en landskiptanefndinni hafi verið ómögulegt að skipta torfunni, meðan ekki var úr þessum ágreiningi leyst og hreinn skiptagrundvöllur fenginn. Samkvæmt 2. gr. nefndra landskiptalaga er það hvorki landskiptanefnd né valdsmaður, sem sker úr ágreiningi um eignarhlutföll lands, heldur dómstólarnir. Virðist því hafa verið ómögulegt að ráða fram úr eignarhlutfallságreiningnum, nema með því að láta dóm ganga um hann, og samkvæmt því virðist málshöfðun stefnanda ekki hafa verið þarflaus og í samræmi við það verður frávísunarkrafa hinna stefndu ekki til greina tekin.

Það er upplýst í málinu, enda ekki véfengt, að samkvæmt Nýrri Jarðabók fyrir Ísland, staðfestri 1. apríl 1861, var öll Stóru-Vogatorfan metin til dýrleika 48,8 hundruð á landsvísu.

Eignarheimildir sínar að jörðinni Stóru-Vogum telur stefnandi þær, er nú skal greina:

Með afsali uppboðsréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 28. sept. 1898 eignaðist Landsbanki Íslands $\frac{2}{5}$ hluta úr Stóru-Vogum, að undanteknum 3 hndr. Þeim 3 hndr. hafði þáverandi eigandi Stóru-Voga, Guðmundur J. Waage, með bréfi, dagsettu 4. marz 1896, afsalað Ásmundi Árnasyni í Hábæ.

Með öðru afsali uppboðsréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 28. sept. 1898 eignaðist Landsbanki Íslands $\frac{1}{5}$ hluta úr Stóru-Vogum, og þann 12. ágúst 1899 afsalar Kristján Þorgrímsson, kaupmaður í Reykjavík, Landsbanka Íslands 1 hndr. og 29 álnum úr Stóru-Vogum, en það hafði hann eignazt með afsali uppboðsréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 2. júlí 1899.

Samkvæmt þessu hefir Landsbanki Íslands eignazt:

1.	$\frac{2}{5}$ Stóru-Vogatorfu, 19 hndr. 56 álnir ÷ 3 hndr. =	16	hndr.	56	álnir
2.	$\frac{1}{5}$ Stóru-Vogatorfunnar ..... =	9	—	88	—
3.	Hluta Kristjáns Þorgrímssonar .. =	1	—	29	—
	Alls	27	hndr.	53	álnir

Með kaupsamningi 25. júní 1903 selur Landsbanki Íslands Þórarni Árnasyni, bónda í Herdísarvík, 27 hndr. 54 álnir úr Stóru-Vogatorfunni. Virðist það þá vera einni alin meira en það, sem bankinn samkvæmt framansögðu hafði eignazt, en stefnandi hefir í málinu einungis haldið sér við lægri töluna og miðað kröfur sínar við hana, svo að miðað verður við hana hér framvegis.

Í kaupsamningi þessum segir: „Það sem selt er, er 27 hndr. 54 al. úr Stóru-Vogatorfunni í Vatnsleysustrandarhreppi í Kjósar- og Gullbringusýslu, er samsvarar allri heimajörðinni Stóru-Vogum (að undanteknum 3 hndr.) og grasbýlinu Garðhúsum," o. s. frv.

Hinir stefndu hafa haldið því fram, að hinn tilvitnaða hluta samningsins beri að skilja svo, að hið selda hafi verið 27 hndr. 54 álnir úr torfunni að frádregnum 3 hndr. eða sama sem 24 hndr. 54 álnir. Þessi skilningur fær þó með engu móti staðizt, og er það alveg tvímælalaust, að Þórarinn Árnason hefir með samningnum keypt 27 hndr. 54 al. úr Stóru-Vogatorfunni.

Eign þessari afsalar Landsbanki Íslands Þórarni þann 10. júlí 1903.

Þann 6. desember 1903 selur Þórarinn stefnanda, Sigurjóni J. Waage, eign þessa, og 7. desember s. á. fær stefnandi afsal fyrir henni, sem daginn eftir er innritað í afsals- og veðmálabækur sýslunnar.

Framangreind heimildarskjöl hafa öll verið lögð fram í máli þessu, kaupsamningur og afsal Þórarins til stefnandans í frumriti, en hin önnur skjöl í afriti úr embættisbókum Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Til véfengingar því, að Landsbanki Íslands og síðan Þórarinn í Herdísarvík og stefnandi hafi með uppboðsafsalinu 28. september 1898 eignazt 19 hndr. 56 álnir að frádregnum 3 hndr. úr Stóru-Vogatorfunni og að sú hundraðatala (19 hndr. 56 ál.) sé ⅔ úr torfunni, hafa stefndir bent á veðbréf það, er Guðmundur J. Waage gaf Landsbanka Íslands 18. febrúar 1892 og sem uppboðsafsalið byggist á. Í því bréfi veðsetur Guðmundur bankanum „tvo fimmtu úr allri Vogatorfunni — Stóru-Voga rúml. 15 hndr. að dýrl. í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu."

Af orðalagi veðbréfsins verður það ráðið, að fyrst og fremst eru ⅔ hlutar torfunnar veðsettir. Hundraðatalan,

sem ekki er nákvæmlega tiltekin, virðist vera sú nánasta útskýring á verðmæti þessa torfuhluta, sem veðsetjandi veit um. Þar sem nú þessum ákvörðunum um stærð eða dýrleika veðsins ekki ber saman, þá verður að fara eftir því, sem aðalatriðið virðist vera og ákveðnara er, en það eru ⅖ torfunnar. Uppboðsafsalið er líka algerlega skilyrðislaust. Þar er bankanum afsalað ⅖ hlutum Stóru-Voga á grundvelli veðbréfsins að undanskildum 3 hndr., en hvergi minnzt á dýrleik þessara ⅖ hluta.

Rétturinn getur því ekki fallizt á skoðun hinna stefndu um veðbréf þetta og telur, eins og áður segir, að bankinn hafi með uppboðsafsalinu eignazt ⅔ hluta af 48,8 hundruðum að frádregnum 3 hndr. eða 16 hndr. 56 álnir.

Þar sem nú niðurstaða er fengin um, að stefnandi hefir eignazt 27 hndr. 53 álnir úr Stóru-Vogatorfunni, þá kemur til athugunar, hvort hann síðar hafi afsalað eða með öðrum hætti misst úr eign sinni hluta þeirrar eignar.

Hinir stefndu hafa haldið því fram, að eftir að stefnandi eignaðist heimajörðina Stóru-Voga, hafi verið seldir hlutar úr landi hennar, en engin skilríki hafa þeir lagt fram því til sönnunar.

Ennfremur hafa þeir haldið því fram, að stefnandi hafi aldrei fram til fasteignamatsins 1922 talið sig eiga heimting á meira en helming af tekjum af hinu óskipta landi torfunnar og þar með viðurkennt, að Stóru-Vogar væru ekki nema helmingur torfuheildarinnar, og að eftir að fasteignamatið 1922 kom í gildi, hafi hann í viðskiptum útaf jörðunum algerlega farið eftir þeim hlutföllum milli jarðanna, sem það fasteignamat greinir.

Ennfremur hafa þeir bent á, að stefnandi hafi við tíundarframtal ekki talið eign sína úr torfunni eins mikla og hann heldur fram í máli þessu, og hafa því til sönnunar lagt fram útskrift úr tíundabók Vatnsleysustrandarhrepps.

Öllum þessum staðhæfingum hinna stefndu hefir stefnandi mótmælt, og verður rétturinn að líta svo á, að þær geti ekki gegn hinni tryggilegu skjalfestu eignarheimild stefnanda sannað, að eign hans hafi minnkað frá því, sem áðurnefnd eignarheimild greinir.

Þar sem nú talið verður, að stefnandi hafi eignazt 27 hndr. 53 álnir úr torfunni og ekki síðan misst úr eign sinni

neinn hluta þeirrar eignar, þá er að athuga, hvort krafa stefnandans í máli þessu er í samræmi við það.

Í Nýrri Jarðabók fyrir Ísland eru jarðir metnar til dýrleika í tólfræðum hundruðum og tugabrotum úr hinum tólfræðu hundruðum þannig, að þar sem Stóru-Vogatorfan er metin á 48,8 hndr., þá merkir það, að eignin er að dýrleika 48 hndr. og 8/10 úr 120 álnum, eða 48 hndr. og 96 álnir. Hluti stefnanda úr torfunni er því 27 hndr. 53 álnir á móti 48 hndr. 96 álnum. Breyti maður álnunum í tugabrot, koma út þær tölur, er stefnandi miðar við, þ. e. a. s. hlutfallið 27,45/48,80.

Það verður því að viðurkennast, að stefnandi hafi eignazt 27,45/48,80 úr Stóru-Vogatorfunni.

Það er ekki sannað, að hlutföll þessi hafi breytzt við afsöl eða eignayfirfærslu né við breytingar á eignunum sjálfum, og þykir því verða að viðurkenna eignarhlutfall þetta óbreytt ennþá.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að viðurkennt verður, að stefnandi sé eigandi að 27,45/48,80 úr Stóru-Vogatorfunni, en hinir stefndu séu eigendur að samtals 21,35/48,80 úr sömu torfu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hin stefndu greiði stefnanda in solidum kr. 100.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Það viðurkennist, að stefnandi, Sigurjón J. Waage, er eigandi að 27,45/48,80 úr Stóru-Vogatorfunni í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu, en hin stefndu, Sveinn Pálsson í Hábæ, Benedikt Pétursson í Suðurkoti, Andrés Pétursson í Nýjabæ og Margrét Helgadóttir í Tumakoti, eiga samtals 21,35/48,80 úr sömu torfu.

Hin stefndu, Sveinn Pálsson, Benedikt Pétursson, Andrés Pétursson og Margrét Helgadóttir, greiði in solidum stefnandanum, Sigurjóni J. Waage, kr. 100.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. október 1939.

Nr. 89/1939. **Réttvísin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Einari Sveinssyni og Jakobi Snorrasyni (Lárus Jóhannesson).

Árás á lögreglumann.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að refsing hinna ákærðu hvors um sig verði 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi óskilorðsbundið.

Eftir þessum málsúrslitum ber hinum ákærðu að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Einar Sveinsson og Jakob Snorrason, sæti hvor um sig fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Lárusar Jóhannessonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu- og Akureyrarkaupstaðar 27. marz 1939.

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu með stefnu, dags. 17. jan. þ. á., gegn þeim Jakobi Snorrasyni og Einari Sveinssyni, múrurum, báðum til heimilis á Akureyri, fyrir brot á 12. kafla almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 um brot á móti valdstjórninni og allsherjarreglu, sbr. lög nr. 51 frá 7. maí 1928, til hegningar og greiðslu iðgjalda sem og til greiðslu alls kostnaðar, er af máli þessu og rannsókn hefir leitt og kann að leiða. Málavextir eru þessir:

Á síðastliðinni nýjársnótt var haldinn dansleikur í samkomuhúsinu á Akureyri. Var ákveðið að loka húsinu kl. 12,15 um nóttina, en þeir, sem af dansleiknum fóru, máttu ekki koma inn eftir þann tíma.

Yfirlögregluþjónn Jón Benediktsson var beðinn samkvæmt því, sem hann skýrir frá, kl. 4 um nóttina að opna dyr, er liggja inn í danssal hússins til vesturs, til þess að veita hreinu lofti í húsið.

Dyr þessar voru á bakhlið hússins. Tröppur liggja að þeim.

Viðurkennt virðist, að hæðin frá dyrunum til jarðar hafi verið eigi minni en metri.

Yfirlögregluþjónninn segist sjálfur hafa staðið í dyrunum, svo að umgangur yrði ekki um dyrnar. Ákærðir báðir vildu fá að fara út um dyrnar, en um það neitaði yfirlögregluþjónninn, enda segir, að þeir hafi báðir verið berhöfðaðir og sýnilega ætlað að koma inn aftur. Annar hinna ákærðu, Einar Sveinsson, segist hafa sagt við yfirlögregluþjóninn, að ef hann ekki mætti koma inn aftur, þá yrði svo að vera.

Yfirlögregluþjónninn segir, að ákærði Einar Sveinsson hafi reynt að þrýsta sér út úr dyrunum með því að taka vinstri hendi út fyrir dyrastafinn og leggjast upp að sér.

Ákærði hefir aftur sagt, að hann hafi stungið höfðinu með handlegg Jóns, en heldur, að hann hafi ekki tekið í dyrastafinn, en stutt ef til vill hendinni við hann. Yfirlögregluþjónninn skýrir svo frá, að hann hafi, er ákærði reyndi að ýta honum út um dyrnar, lagt hann niður á bekk.

Ákærði streittist á móti, og missti yfirlögregluþjónninn þá húfuna, en er hann ætlaði að taka hana upp, réðst ákærði

á hann og sló hann hnefahögg, og segir yfirlögregluþjónninn, að það hafi verið með fullu afli, og kom höggið á hálsinn og hökuna.

Meðan á viðureigninni stóð, segir yfirlögregluþjónninn, að ákærði hafi rifið tvo hnappa af einkennisbúningi hans, en ákærði veit eigi, hvort hann hefir gert þetta.

Ákærði segir, að högg það, sem hann greiddi yfirlögregluþjóninum, hafi eigi verið mikið.

Ákærður Jakob Snorrason viðurkennir, að hann hafi stjakað yfirlögregluþjóninum út um dyrnar, og féll hann aftur á bak, og í réttarhaldi 13. jan. segist hann hafa hrint honum.

Vitni er og að því, að ákærði hrinti yfirlögregluþjóninum.

Yfirlögregluþjónninn segir, að með orðum sínum: „að ákærði hafi hlaupið á hann" hafi hann meint það, að hann hafi hrint honum. Yfirlögregluþjónninn kom standandi niður, en eftir hæðinni að dæma, hefði slys getað orðið af, ef lögregluþjónninn hefði misst fótanna.

Afbrot beggja ákærðu, Einars Sveinssonar og Jakobs Snorrasonar, sem báðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna, ber að heimfæra undir 101. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 99. gr. Þykir refsing hvors um sig hæfilega ákveðin 30 dagar við venjulegt fangaviðurværi.

En þar sem hinir ákærðu, fyrrnefndur 27 ára og síðarnefndur 24 ára, hafa eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, þá þykir nægja ákvæði (svo) skv. 1. gr. laga nr. 39 16. nóv. 1907, að refsing þessari skuli frestað og hún falli niður eftir 5 ár, ef fullnægt verður skilyrðum laganna.

Skaðabóta hefir eigi verið krafizt.

Svo ber og hinum ákærðu að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun, kr. 60.00, til talsmanns ákærðu, lögfræðings Björns Halldórssonar.

Dráttur á málinu hefir orðið vegna veikinda dómarans, sem hefir verið veikur í tvo mánuði.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Einar Sveinsson og Jakob Snorrason, sæti hvor um sig 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu hegningarinnar ber að fresta og hún falli niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 frá 16. nóv. 1907 eru haldin.

Svo ber og ákærðum in solidum að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 60 krónur til skipaðs talsmanns ákærðu, Björns Halldórssonar, lögfræðings. Dóminum (ber) að fullnægja undir aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. október 1939.

Nr. 90/1939. **Réttvísin og valdstjórnin**
gegn
Steingrími Magnúsi Guðmundssyni.

Líkamsáverkar. Öflun frekari skýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur fellur á mál þetta í hæstarétti, þykir rétt, að leitað sé skýrslna fyrir dómi um atriði þau, er nú verða rakin:

1. Vörn sú, sem fram hefir verið flutt fyrir ákærða í hæstarétti, veitir efni til þess, að reynt verði að leiða í ljós, hvort Gunnar Sigursveinn Arnbjörnsson hafi tíðkað komur sínar í húsið nr. 15 A við Njálsgötu og hvort hann hafi kynnt sig þar að svallsemi, áður en atburðir þeir gerðust, er mál þetta er risið af. Ber að leita um þetta skýrslna ákærða og annarra íbúa hússins.

2. Taka ber nákvæma skýrslu af Hjalta Benediktssyni um það, hversu lengi hann og Þorsteinn Þorsteinsson hafi verið búnir að sitja að víndrykkju með Gunnari, áður en hann fór frá þeim, hversu mikil brögð hafi verið að víndrykkjunni og hversu mikið kveðið hafi að hávaða þeim, er Þorsteinn segir þá hafa orðið vara við niðri. Þorsteinn skal einnig rækilegar spurður um þessi atriði.

3. Krefja ber foreldra ákærða sagna um það, hvort þau hafi orðið vör við viðureign ákærða og Gunnars, heyrt hávaða, er af henni stafaði o. s. frv.

4. Ákærður skal inntur eftir því, hvort hann hafi hlotið skrámur eða áverka í viðureigninni, hvort föt hans hafi skemmzt og hvort hann hafi fengið blóð á sig. Ennfremur skal leita sagna hans um það, hvort hann hafi vitað, að það var Gunnar, sem ofan af loftinu fór, rétt áður en viðureignin hófst.

5. Lögreglumenn þeir, sem að beiðni ákærða komu og sóttu Gunnar, skulu spurðir ýtarlega um útlit hans og ásigkomulag, hvort séð hafi vín á honum o. s. frv. Þeim skal boðið að gera grein fyrir því, hvort þeir hafi athugað vettvang og hvort þeir hafi ekki leitað orsaka áverka þeirra, er Gunnar hafði orðið fyrir.

6. Leitt skal í ljós, hverjar menjar Gunnar ber nú áverkanna.

Að öðru leyti ber rannsóknardómaranum að útvega þær frekari skýrslur, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að afla framangreindra skýrslna svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 16. október 1939.

Nr. 3/1939. **Finnur Jónsson, Eiríkur Einarsson, Hannibal Valdimarsson, Ólafur Júlíusson og Jón Kristjánsson**
(Guðmundur I. Guðmundsson)
gegn
Indriða Jónssyni (Enginn).

Innheimta skuldabréfs. Ábyrgð fyrrverandi félaga á skuldum samvinnufélags. Skuldajöfnuður.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu, sem til hæstaréttar er skotið með stefnu 11. jan. þ. á., hefir stefndi hvorki mætt né látið mæta, enda þótt honum hafi verið löglega birt stefna. Hefir málið því verið flutt skriflega eftir 1. tölul. 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjendur hafa krafizt sýknu af kröfum stefnda í máli þessu og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Eins og segir í héraðsdóminum, sagði stefndi sig úr Samvinnufélagi Ísfirðinga 18. des. 1933 frá næstu áramótum að telja. Ábyrgð hans á skuldum félagsins til 31. des. s. á. samkvæmt 24. gr. félagslaganna var því enn í gildi 3. sept. 1935, er félagsstjórnin bað st skuldaskila samkvæmt lögum nr. 99/1935. Og þykir verða að skilja svo ákvæði 24. gr. greindra laga, að ábyrgð þessi hafi haldizt vegna skuldaskilameðferðar á búi félagsins. Þótt stefnda hafi að vísu verið það rétt að krefja áfrýjendur samkvæmt 4. gr. félagslaganna um skuld þá, er í máli þessu greinir, þá var þeim hinsvegar rétt að láta koma á móti kröfu hans það af skuldum félagsins 31. des. 1933,

er að réttu lagi hefði átt að koma í hans hluta að greiða. Það kom fram í málinu í héraði, að skuldir félagsins umfram eignir hafi þann 31. des. 1933 numið kr. 154306.37. Þessa skuld ásamt skuldaviðbót frá tímabilinu 1. jan. 1933 til 3. sept. 1935, sem hvorttveggja er talið í sókn áfrýjenda hér fyrir dómi kr. 375003.84, kveðast áfrýjendur hafa greitt að fullu, en „að vísu með nokkrum eftirgjöfum". Hafa þeir ekki gert grein fyrir því, hversu miklu fé þeir hafi raunverulega leyst til sín skuldir þær, er stefnda varðar, og verður krafa þeirra um sýknu á þessum grundvelli því eigi tekin til greina. Og með því að fallast má á það, að aðrar varnarástæður áfrýjenda, þær er í héraðsdómi getur, verði ekki heldur teknar til greina, ber að staðfesta hann að niðurstöðu til.

Þar sem stefndi hefir eigi mætt, fellur málskostnaður fyrir hæstarétti niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 3. nóv. 1938.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu skv. heimild í skuldabréfi af Óskari Borg, málflutningsmanni á Ísafirði, f. h. Indriða Jónssonar, skipstjóra á Ísafirði, með stefnu, útgefinni 8. jan. s. l., gegn þeim Finni Jónssyni, framkvæmdarstjóra, Eiríki Einarssyni, hafnsögumanni, Hannibal Valdimarssyni, bæjarfulltrúa, Ólafi Júlíussyni, skipstjóra, og Jóni Kristjánssyni, skipstjóra, öllum til heimilis á Ísafirði og öllum meðlimum í Samvinnufélagi Ísfirðinga á Ísafirði, til greiðslu skuldar skv. skuldabréfi, útgefnu 17. marz 1932, að upphæð kr. 50.56, ásamt 5% ársvöxtum af upphæð þessari frá 1. jan. 1936 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu eða skv. mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, er nú skal greina:

Hinn 17. marz 1932 gaf Samvinnufélag Ísfirðinga út fyrrnefnt skuldabréf til handa Indriða Jónssyni, og er skuldabréf þetta nr. 13 í 2. flokki skuldabréfa, er félagið gaf út til ýmissa meðlima sinna vegna kaupa á skipum. Skyldu bréf þessi greiðast á 12 árum skv. árlegum útdrætti, og félagið greiða af þeim 5% ársvexti 31. des. ár hvert, en bréfin falla í gjalddaga fyrirvaralaust við vanskil af hálfu félagsins eða gjaldþrot þess. Til tryggingar skaðlausri greiðslu bréfanna veðsetti félagið skuldareigendum skip sín 7 að tölu. Í texta bréfanna stendur ennfremur: „Auk þess skal sjálfskuldarábyrgð allra félaga S. Í. (þ. e. Samvinnufélags Ísfirðinga) vera til frekari tryggingar skuldarinnar."

Er fyrrnefnt skuldabréf var gefið út, var Indriði Jónsson félagi í Samvinnufélagi Ísfirðinga, en með bréfi, dags. 18. des. 1933, sagði hann sig úr félaginu, og var úrsögnin miðuð við áramótin 1933—1934.

Hinn 3. september 1935 sótti Samvinnufélag Ísfirðinga um lán úr Skuldaskilasjóði vélbátaeigenda. Er innköllun var gefin út til skuldheimtumanna félagsins vegna skuldaskilanna, lýsti Indriði Jónsson ekki kröfu sinni skv. fyrrnefndu skuldabréfi, en skv. því, sem fram er haldið í máli þessu af hálfu stefnanda, gaf stjórn félagsins skuldina upp til Skuldaskilasjóðs, og var hún tekin til greina við skuldaskilin, og er þessu eigi mótmælt af hálfu stefndu í málinu, er lagt hafa fram bréf frá Skuldaskilasjóði, sem er í samræmi við þetta. Í bréfi þessu segir ennfremur, að þó Indriði Jónsson hafi ekki sjálfur lýst kröfu sinni, hafi honum þó verið tilkynntur skilafundurinn með símskeyti til Ísafjarðar 26. júní 1936, en hann hvorki mætt né látið mæta á fundinum, er haldinn var 2. júlí 1936.

Við skuldaskilin var verðmæti hinna veðsettu skipa skv. mati trúnaðarmanna Skuldaskilasjóðs talið það lágt, að af andvirði þeirra kom ekkert til greiðslu hinnar umstefndu veðskuldar. Í frumvarpinu til skuldaskilanna, er mun hafa verið samþykkt á fundinum 2. júlí 1936, var skuldin hinsvegar tekin til greina sem almenn krafa og skyldi sem aðrar slíkar kröfur greiðast með 5%, en afgangurinn falla niður sem skuld á hendur félaginu.

Er stefnandi 15. febr. 1937 krafðist greiðslu frá Skuldaskilasjóði á nefndum 5% af skuldinni, var greiðslu þeirri

neitað, nema skuldabréfið væri gegn henni afhent kvittað. Neitaði stefnandi því, og fór greiðslan eigi fram.

Hefir stefnandi síðan höfðað mál þetta gegn fyrrnefndum meðlimum Samvinnufélags Ísfirðinga persónulega, og gerir hann þær réttarkröfur, að hinir stefndu verði solidariskt dæmdir til að greiða sér höfuðstól fyrrgreinds skuldabréfs, kr. 50.56, ásamt 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1936 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða skv. mati réttarins.

Stefndu hafa hinsvegar gert þær réttarkröfur, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda, og hann dæmdur til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu skv. mati réttarins.

Sýknukröfu sína byggja hinir stefndu á því, *að* stefnandi hafi borið solidariska ábyrgð á öllum skuldum Samvinnufélags Ísfirðinga, þegar félagið leitaði skuldaskilanna, og því ekki getað gert kröfu sína gildandi á hendur félaginu eða einstökum mönnum, *að* Samvinnufélag Ísfirðinga hafi þá verið algerlega insolvent og veðin engin trygging fyrir skuldakröfu stefnanda, *að* stefnandi hafi ekki lýst kröfu sinni við skuldaskilin og hún á þann hátt prækluderast og *að* félagsmenn í Samvinnufélagi Ísfirðinga beri eftir skuldaskilin enga persónulega ábyrgð á skuldakröfu stefnanda, þar sem ekki sé hægt að krefja félagið um hana eftir skuldaskilin. Þá er því og haldið fram af hálfu stefndu, að ef þeir beri ábyrgð á þeim kröfum á hendur félaginu, er eigi fengust greiddar við skuldaskilin, þá beri Indriði Jónsson einnig þá ábyrgð.

Það er viðurkennt af stefnanda, að Samvinnufélag Ísfirðinga hafi verið insolvent, er það leitaði skuldaskilanna. Hinsvegar mótmælir stefnandi því, að Indriði Jónsson hafi borið ábyrgð á öllum skuldum félagsins, er það leitaði skuldaskilanna, heldur hafi hann þá aðeins borið ábyrgð á þeim kröfum á hendur félaginu, er stofnaðar hafi verið fyrir úrsögn hans úr félaginu, en sú ábyrgð hafi fallið niður með öllu 31. des. 1935, er tvö ár hafi verið liðin frá brottför Indriða úr félaginu skv. 24. gr. laga félagsins, sbr. 8. gr. laga nr. 36 frá 1921 um samvinnufélög. Af hálfu stefndu er því aftur á móti haldið fram, að ábyrgð Indriða Jónssonar hafi framlengzt við skuldaskilin skv. 24. gr. i. f.

í lögum nr. 99 frá 1935, en því er mótmælt af hálfu stefnanda.

Þá er því og mótmælt af stefnanda, að skuldin hafi prækluderast gagnvart hinum stefndu við það, að Indriði Jónsson lýsti henni ekki við skuldaskil félagsins, og dregið í efa, að hún við það prækluderast gagnvart félaginu.

Loks hefir stefnandi mótmælt því, að félagsmenn í Samvinnufélagi Ísfirðinga beri eftir skuldaskil þess enga persónulega ábyrgð á hinni umstefndu skuld, og vísar hann í því efni til nýlegs hæstaréttardóms.

Eins og að framan greinir, er það upplýst í málinu, að stjórn Samvinnufélags Ísfirðinga gaf upp til Skuldaskilasjóðs við skuldaskil sín skuld við Indriða Jónsson. Var skuldin af félaginu talin að upphæð kr. 893.09 og talin meðal veðlána. Er eigi vefengt í máli þessu, að hin umstefnda skuld sé hluti þessarar upphæðar. Eins og fyrr segir, tilkynnti Skuldaskilasjóður Indriða skuldaskilafund félagsins í samræmi við ákvæði 17. gr. laga nr. 99 frá 1935 og fór að því leyti með kröfuna eins og henni hefði verið lýst af hálfu Indriða. Einnig var krafan, eins og fyrr segir, tekin til greina við skuldaskilin og ákveðið að greiða upp í hana 5%, eins og aðrar almennar kröfur, og er ekkert upplýst um, að þetta hafi sætt mótmælum. Verður að telja, að í þessu sé fólgin fullkomin viðurkenning á skuldinni, er útiloki prælusion hennar bæði gagnvart félaginu og ábyrgum meðlimum þess.

Það athugast og, að vart verður talið, að niður hafi fallið ábyrgð félagsmanna í Samvinnufélagi Ísfirðinga á skuld þessari, þó að hún hefði prækluderast vegna vanlýsingar við skuldaskilin, ef um sjálfskuldarábyrgð hefir verið að ræða.

Í skuldabréfinu fyrir skuldinni stendur, eins og fyrr segir, að auk veðsins skuli sjálfskuldarábyrgð allra félaga Samvinnufélagsins vera til frekari tryggingar greiðslu skuldarinnar. Virðist út frá því gengið af báðum aðiljum í máli þessu, að skuldin hafi verið tryggð með sjálfskuldarábyrgð félagsmannanna, en mjög ólíklegt verður að telja, að svo hafi verið í raun og veru, þar eð félagarnir bera skv. lögum Samvinnufélagsins sjálfs og landslögum um samvinnufélög aðeins einfalda en samtaklega ábyrgð á skuldum félagsins, en stjórn félagsins ein hefir undirritað skuldabréfið.

Í 21. gr. laga nr. 99 frá 1935 segir, að skuldaskilasamningur haggi eigi heimild lánardrottins til að ganga að ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á lánbeiðanda úr Skuldaskilasjóði.

Skv. 4. gr. laga Samvinnufélags Ísfirðinga bera félagsmenn þess einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á skuldum félagsins og skuldbindingum, og er það í samræmi við 2. lið 3. gr. og 8. lið 5. gr. laga nr. 36 frá 1921 um samvinnufélög, er segja, að félagsmenn í samvinnufélagi beri sameiginlega ábyrgð á öllum fjárreiðum félagsins og að greina skuli ábyrgð þessa í samþykktum þess.

Þessi ábyrgð félagsmanna Samvinnufélags Ísfirðinga verður að áliti réttarins að teljast einföld, en samtakleg ábyrgð á skuldum og skuldbindingum félagsins, sem sjálft verður að teljast persóna að lögum. Fjárhagur félagsins er því algerlega aðgreindur frá fjárhag hinna einstöku félagsmanna, og verður því að telja, að staða þeirra hvers um sig gagnvart lánardrottnum félagsins sé almennt eins og hvers annars þriðja manns, er tekið hefir á sig einfalda ábyrgð á skuldum eða skuldbindingum.

Verður því að telja, að skuldaskilasamningur Samvinnufélags Ísfirðinga hafi eigi haggað heimild lánardrottna þess almennt til að ganga að félagsmönnum þess fyrir þeim hluta skulda félagsins, er eigi fékkst greiddur við skuldaskilin.

Kemur þá til álita sú varnarástæða stefndu, að Indriði Jónsson hafi ekki getað gert kröfu sina gildandi á hendur félaginu eða einstökum mönnum vegna þess, að hann hafi sem fyrrverandi félagsmaður borið solidariska ábyrgð á skuldum félagsins, er það fór í skuldaskilin, og að félagið var þá insolvent.

Meðan Indriði Jónsson var félagsmaður í Samvinnufélagi Ísfirðinga, verður skv. framansögðu að telja, að hann og félagið hafi verið tveir fjárhagslega algerlega aðgreindir aðiljar, er geti hafa öðlazt rétt og borið skyldur hvor gagnvart öðrum, eins og almennt gerist í viðskiptum, og getur það, að Indriði Jónsson hafði skv. lögum félagsins tekið á sig fyrrgreinda ábyrgð á skuldum félagsins gagnvart lánardrottnum þess, engu breytt um þetta, því að ábyrgð á skuld útilokar ekki, að ábyrgðarmaðurinn geti átt eða eignazt rétt á hendur aðalskuldara og gagnkvæmt. Af

þessu leiðir, að Indriði Jónsson gat, þó hann væri félagi í samvinnufélaginu, öðlazt kröfurétt á hendur félaginu með samningum við það, eins og hver annar samningsaðili, og notið sem lánardrottinn félagsins alls þess réttar, er fylgdi lögmætri kröfu á hendur því, þ. á. m. þeirrar tryggingar, sem fólgin var í ábyrgð félagsmannanna á skuldbindingum félagsins.

Því er, sem fyrr segir, haldið fram af hálfu stefndu, að þessi réttur Indriða Jónssonar til að krefja félagið og meðlimi þess um hina umstefndu skuld hafi fallið niður vegna þess, að félagið hafi orðið insolvent, meðan hann enn bar ábyrgð á skuldum þess.

Að áliti réttarins verður að telja, að krafa Indriða Jónssonar á hendur félaginu sé útaf fyrir sig óviðkomandi ábyrgð hans á skuldum félagsins. Einnig verður að telja, að afstaða hans gagnvart félaginu sem lánardrottins sé hin sama og utanfélagsmanns, er átt hafi samskonar fjárkröfu á hendur því, og að um ábyrgð hans á skuldum félagsins fari eftir almennum reglum kröfuréttarins um einfalda samtaklega ábyrgð. Af þessu leiðir, að þar sem á engan hátt verður talið, að skuld, er ábyrgðarmaður kann að eiga á hendur aðalskuldara, hvort heldur er samrætt eða óskyld ábyrgðinni, falli niður við það, að aðalskuldarinn verður insolvent, verður eigi heldur á það fallizt, að Indriði Jónsson hafi vegna insolvens félagsins misst rétt sinn til að krefja það um hina umstefndu skuld. Má og benda á í þessu sambandi, að við skuldaskilin virðist bæði félagsstjórnin og Skuldaskilasjóður hafa talið hina umstefndu skuld í fullu gildi gagnvart félaginu, og að skuldalisti, er lagður hefir verið fram í málinu af hálfu stefndu, virðist sýna, að félagið hafi á árunum 1934 og 1935 greitt á sjötta þúsund krónur af kröfum samkynja hinni umstefndu skuld, enda þótt yfirlýst sé, að félagið hafi verið langsamlega insolvent í árslok 1933.

Þar sem telja verður, að hin umstefnda skuld, er eigi hefir verið mótmælt sem rangri, hafi skv. framansögðu verið í fullu gildi gagnvart félaginu, verður eigi heldur á það fallizt, að réttur skuldareiganda til að krefja hina ábyrgu meðlimi félagsins um greiðslu skuldarinnar, er hún fékkst eigi greidd af því sjálfu, hafi fallið niður við insolvens félagsins, því að ábyrgð félagsmanna verður að

teljast sett fyrst og fremst til þess að tryggja lánardrottna félagsins gegn tjóni af fjárþrotum þess.

Samkvæmt þessu skiptir það eigi máli um úrslit málsins, hvort ábyrgð Indriða Jónssonar á skuldum félagsins hafi framlengzt skv. niðurlagsákvæðum 24. gr. laga nr. 99 frá 1935, en athuga ber í því sambandi, að svo langur tími var liðinn frá lokum skuldaskilanna, er mál þetta var höfðað, að tími sá, er Indriði bar ábyrgð á skuldum félagsins var við málshöfðunina fyrir all-löngu liðinn, hvernig sem á þetta er litið.

Í málinu hefir eigi verið gerð krafa um niðurfærslu hinnar umstefndu skuldar vegna þeirra 5%, er ákveðið var að greiða upp í hana úr Skuldaskilasjóði.

Skv. þessu ber að taka kröfu stefnanda um greiðslu höfuðstóls hinnar umstefndu kröfu til greina.

Vaxtakröfu stefnanda hefir eigi verið sérstaklega mótmælt og ber því að taka hana til greina.

Málskostnaðarkröfu stefnanda skv. reikningi, að upphæð kr. 61.72, hefir eigi verið mótmælt sem of hárri og ber því skv. þessum úrslitum málsins að taka hana til greina.

Mál þetta var þingfest 10. jan. s. l., flutt skriflega og tekið til dóms 3. f. m. Vegna mikilla embættisanna dómarans, þ. á. m. við meðferð annarra dómsmála og meðferð gjaldþrotaskipta, hefir eigi unnizt tími til að kveða upp dóm í málinu fyrr en nú.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Finnur Jónsson, Eiríkur Einarsson, Hannibal Valdimarsson, Ólafur Júlíusson og Jón Kristjánsson, greiði stefnanda, Óskari Borg f. h. Indriða Jónssonar, in solidum kr. 50.56 ásamt 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1936 til greiðsludags og kr. 61.72 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. október 1939.

Nr. 52/1938. **Davíð Kristjánsson**
(Guðmundur I. Guðmundsson)
gegn
Mjólkurfélagi Reykjavíkur og gagnsök (Gunnar Þorsteinsson).

Ágreiningur um ábyrgð á leigugreiðslum. Aðgerðaleysisverkanir.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. apríl 1938, hefir krafizt þess, *aðallega* að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1059.58 með 5% ársvöxtum frá 1. júlí 1937 til greiðsludags, en *til vara* lægri fjárhæð eftir mati dómsins og með sömu vöxtum. Svo krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 6. marz þ. á. skotið málinu til hæstaréttar með stefndu 18. s. m., krefst þess, *aðallega* að hann verði alsýknaður af kröfum aðaláfrýjanda, en *til vara*, að kröfur aðaláfrýjanda verði niðurfærðar eftir mati dómsins. Svo krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar af aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Samkvæmt óvéfengdri skýrslu Jóns Gests Vigfússonar, sem lögð hefir verið fyrir hæstarétt, skuldaði hann aðaláfrýjanda þann 31. des. 1935 fyrir húsnæði og hitun kr. 252.95, eða rúmlega hálfs þriðja mánaðar leigu. Samkvæmt sömu skýrslu hækkaði skuldin fyrstu 9 mánuði ársins 1936 stöðugt, svo að í septemberlok það ár er hún orðin um kr. 750.00. Haust-

ið 1936, í október, að tali gagnáfrýjanda, sagði aðaláfrýjandi prókúruhafa gagnáfrýjanda í símtali frá því, að Jón Gestur væri kominn í einhver vanskil, en ekki hefir það að öðru leyti komið fram nákvæmlega, hvað þeim hafi farið á milli, enda neitar gagnáfrýjandi því, að aðaláfrýjandi hafi krafið hann greiðslu eða mælt á hendur honum ábyrgð á leigugreiðslum. Eftir því, sem málum var komið í lok nóvembermánaðar 1935, hefði aðaláfrýjandi þá þegar þurft að gera gagnáfrýjanda viðvart um vanskilin og krefja hann greiðslu, svo að gagnáfrýjandi ætti þess þá kost að ráðstafa húsnæðinu til 14. maí 1936, er hann mátti samkvæmt samningnum löglega koma sér úr ábyrgð um það. Verður að líta svo á, að aðaláfrýjandi hafi með þessu aðgerðaleysi sínu firrt sig þeim rétti, er hann taldi sig hafa á hendur gagnáfrýjanda um greiðslu á leigu og hitunarkostnaði eftir húsnæðið. Verður því að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Mjólkurfélag Reykjavíkur, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Davíðs Kristjánssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. marz 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 23. nóvember 1937, af Davíð Kristjánssyni, bæjarfulltrúa í Hafnarfirði, gegn Mjólkurfélagi Reykjavíkur hér í bænum, og krefst stefn-

andi þess, *aðallega* að stefndur verði dæmdur til að greiða sér húsaleiguskuld, að upphæð kr. 1059.58, með 5% ársvöxtum frá 1. júlí 1937 til greiðsludags, en *til vara*, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér húsaleigu eftir mati réttarins. Málskostnaðar krefst stefnandi, hvernig sem málið fer.

Stefndur krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar, en *til vara* krefst hann þess að verða aðeins dæmdur til að greiða stefnanda kr. 100.00 og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að með samningi, undirrituðum af stefndum 28. marz 1931 og af stefnanda 31. marz s. á., seldi stefnandi stefndum á leigu mjólkurbúð og matvörubúð í húsi sínu í Austurgötu í Hafnarfirði, og fylgdi hvorri búðinni um sig bakherbergi til geymslu. Skyldi leigutíminn vera frá 1. ágúst 1931 til 14. maí 1932 með þriggja mánaða uppsagnarfresti af beggja hálfu. Ef ekki yrði sagt upp með þeim fyrirvara, skyldi samningurinn framlengjast til næsta flutningsdags og þannig koll af kolli, nema öðruvísi semdist, en flutningsdagar voru skv. samningnum aðeins 14. maí og 1. október. Leigan var ákveðin kr. 100.00 á mánuði og skyldi greidd fyrirfram þann 1. hvers mánaðar fyrir einn mánuð í senn. Leigutaki skyldi greiða hita samkvæmt reikningi leigusala hlutfallslega við aðra leigjendur.

Með áritun á leigusamninginn sama dag og stefnandi undirritaði hann heimilaði hann stefndum að framleigja hið leigða til Jóns Gests Vigfússonar, kaupmanns í Hafnarfirði. Mun stefndur síðan hafa notað sér þessa heimild, og Jón Gestur byrjað að nota hið leigða, þegar er leigutíminn hófst, eða 1. ágúst 1931.

Þegar í byrjun varð framkvæmd leigusamningsins þannig, að stefnandi gekk beint að Jóni Gesti um greiðslu leigunnar, en stefndur greiddi hana aldrei. Tók stefnandi jafnan út vörur í verzlun Jóns Gests, en mismuninn á leigunni og úttektinni greiddi Jón með peningum, þótt oft yrði á því nokkur dráttur.

Um áramót 1936 og 1937 nam ógreidd húsaleiga til stefnanda kr. 439.90. Síðan hefir ekkert verið greitt og síðast í júní 1937 mun Jón Gestur hafa hætt að nota búðirnar. Þann fyrsta júlí var skuldin því kr. 439.90 frá ár-

inu 1936, kr. 600.00 fyrir húsaleigu frá 1. janúar 1937 til 30. júní s. á. og kr. 135.00 fyrir hita sama tíma, eða samtals kr. 1174.90, en þar frá dró stefnandi úttekt sína hjá Jóni Gesti, er nam frá áramótum kr. 115.32, og urðu þá eftir sem skuld kr. 1059.58, sem er stefnukrafan í máli þessu.

Stefnandi byggir það, að stefndur sé skyldur til að greiða upphæð þessa, á því, að hann hafi með framangreindri áritun aðeins heimilað stefndum að framleigja húsnæðið, en hinsvegar hafi hann alls ekki hvorki þá né síðar viljað sleppa né sleppt honum við skyldur hans sem leigutaka. Seint á árinu 1936 hafi hann látið stefndan vita um, að framleigutaki væri í vanskilum, en þá hafi stefndur þó hvorki greitt né sagt samningnum upp. Þann 13. maí 1937 skrifaði stefnandi stefndum bréf og tilkynnti honum leiguvanskilin. Þessu bréfi svaraði stefndur með bréfi, dagsettu 15. júní 1937, og sagði húsnæðinu upp frá þeim degi að telja. Þessa uppsögn kveðst stefndur umfram skyldu hafa tekið gilda og því aðeins krefja stefndan um leigu til 1. júlí 1937, enda hafi Jón Gestur þá flutt úr hinu leigða húsnæði.

Stefndur byggir sýknukröfuna hinsvegar á því, að með árituninni á leigusamninginn hafi stefnandi raunverulega fallið frá öllum kröfum á hendur sér samkvæmt samningnum og samþykkt Jón Gest sem fullgildan leigutaka, enda hafi þetta á sínum tíma verið ætlun allra, er málið skipti. Sönnun fyrir þessu sé m. a. það, að Jón Gestur hafi ætíð greitt leiguna beint til stefnanda og stefnandi alltaf stílað kvittanir fyrir henni á nafn Jóns, enda hafi stefndur ekkert samband haft við stefnanda frá undirritun samningsins, þangað til hann fékk bréfið frá honum, dagsett 13. maí. Þá bendir stefndur og á það til stuðnings máli sínu, að stefnandi tók jafnan vörur út hjá Jóni Gesti upp í húsaleiguna, án þess að sér hafi verið um það kunnugt. Þá hafi stefnandi heldur ekki tilkynnt sér leiguvanskilin fyrr en með bréfinu 13. maí, þrátt fyrir ströng og skýr ákvæði leigusamningsins um, að leigan skyldi greidd mánaðarlega fyrirfram.

Allt þetta hljóti að valda því, að stefndur eigi að vera laus við allar skyldur samkvæmt leigusamningnum.

Framangreind áritun stefnanda á leigusamninginn er

svo skýr að orðalagi, að ekki verður um það villzt, að með henni heimilar stefnandi stefndum einungis að framleigja Jóni Gesti húsnæðið, en afsalar sér engum rétti gagnvart stefndum. Og þar sem ekki er upplýst, að stefnandi hafi síðar afsalað sér rétti gagnvart stefndum sem leigutaka og slíkt afsal verður ekki talið felast í skiptum stefnanda og Jóns Gests, svo sem því, að Jón greiddi stefnanda leiguna beint, að stefnandi stílaði kvittanir sínar á nafn Jóns og tók út í verzlun hans og skuldajafnaði úttektinni við leiguna, þá þykir ekki unnt að telja, að stefndur sé með öllu laus við skyldur sínar sem leigutaki eftir samningnum.

Í málinu er upplýst, að leigugreiðslan fór frá upphafi þannig fram, að Jón Gestur greiddi stefnanda beint, svo og að þessi aðferð var höfð, án þess að stefndur beiddist þess. Í leigusamningnum voru, eins og áður segir, skýr og ströng ákvæði um, að leigan skyldi greidd mánaðarlega og fyrirfram. Litur rétturinn, að þessu hvorutveggja athuguðu, þannig á, að stefndur hafi mátt treysta því, að leigugreiðslan væri í lagi, svo lengi sem stefnandi tilkynnti honum ekki hið gagnstæða. Gegn neitun stefnds er ekki sannað, að stefnandi hafi tilkynnt honum vanskilin fyrr en með bréfinu 13. maí 1937. Verður því að líta svo á, að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til að krefja stefndan um leigu fyrir umrætt tímabil, nema fyrir mánuðina maí og júní, enda verður að telja, að með bréfinu séu vanskilin á maíleigunni eftir atvikum nægilega snemma tilkynnt.

Skv. reikningi stefnanda yfir hitakostnað nemur hann yfir þenna tíma (maí og júní) kr. 15.00, og með því að sú upphæð er ekki véfengd, ber að taka hana til greina.

Verða málalok því skv. framansögðu þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 215.00 með vöxtum eins og krafizt hefir verið, en að því er málskostnaðinn snertir, þykir rétt að láta hann falla niður bæði vegna þess, hve lítill hluti af kröfu stefnanda er tekin til greina, og þess, að af bréfi, er stefndur skrifaði stefnanda, áður en stefna var gefin út, þykir mega ráða, að stefndur hafi verið fús til að greiða nokkra upphæð til sátta, ef stefnandi hefði ekki haldið fast við það, að stefndur ætti að greiða alla hina umstefndu leigu.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Mjólkurfélag Reykjavíkur, greiði stefnandanum, Davíð Kristjánssyni, kr. 215.00 með 5% ársvöxtum frá 1. júlí 1937 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. október 1939.

Nr. 86/1938. **Réttvísin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Þórarni Vigfússyni, Magnúsi Jónssyni (Pétur Magnússon)
og Birni Gíslasyni (Eggert Claessen).

Skjalafals, fjársvik.

Dómur hæstaréttar.

I. *Ákærði Þórarinn Vigfússon.*

Eins og frá er greint í úrskurði hæstaréttar í máli þessu frá 6. marz þ. á., hafði ákærði Þórarinn gefið út yfirlýsingu, þar sem hann ber brigður á það, að hann hafi falsað tékka þann, að fjárhæð kr. 843.00, sem í 8. tölulið II. kafla héraðsdómsins getur. Við framhaldspróf í málinu lýsti ákærði Þórarinn hinsvegar yfir því, að hann kannaðist fúslega við að hafa falsað tékka þenna. Er og upplýst í málinu, að tékkinn er ritaður á eyðublað, sem var í vörzlum heildverzlunarinnar Heklu, og með ritvél, sem verzlunin átti og á skrifstofu hennar var á þeim tíma, er tékkinn var falsaður, en þá var ákærði Þórarinn í þjónustu verzlunar þessarar. Ákærði hefir viðurkennt að hafa falsað nafnið Jóhann Karlsson á bakhlið tékka

þessa, og kveðst hann hafa sjálfur fundið það nafn upp, en ekki átt við neinn sérstakan mann, er héti því nafni. Ber því að heimfæra þá fölsun hans undir 277. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Með framangreindum athugunum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða Þórarins Vigfússonar.

II. *Ákæröi Magnús Jónsson.*

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsing ákærða Magnúsar Jónssonar þykir mega staðfesta með skírskotun til forsendna dómsins.

III. *Ákæröi Björn Gíslason.*

1. Í III. kafla hins áfrýjaða dóms er lýst meðferð ákærða Björns á víxli að fjárhæð 2000 krónur, er þeir ákærði Magnús, Jóhann Steindór Einarsson, Sigurður Steindórsson og Baldur Ásgeirsson höfðu ritað nöfn sín á. Menn þessir, að Baldri undanskildum, hafa borið það í málinu og staðfest það enn fyrir rétti eftir uppkvaðningu héraðsdómsins, að þeir hafi samið við ákærða Björn um það, að hann seldi fyrir þá víxilinn með þeim skilmálum, að þeir fjórmenningarnir fengju fyrir hann 800 krónur í peningum til jafnra skipta þeirra á milli. Baldur Ásgeirsson hefir og nú verið krafinn vitnis við framhaldspróf málsins um afskipti hans af víxli þessum. Kveðst hann hafa ritað nafn sitt á víxilinn að ákærða Magnúsi einum viðstöddum, sem síðan hafi átt að semja við ákærða Björn um lán út á víxilinn. Hafi þeir gert ráð fyrir því að fá 800 krónur, og skyldi Baldur fá 200 krónur í sinn hlut. Kveðst Baldur ekki hafa hlotið neitt af andvirði víxilsins.

Með skírskotun til framangreindra upplýsinga, er fengizt hafa við framhaldsrannsókn málsins, svo og þess, er um þetta efni segir í forsendum héraðsdómsins, þykir mega fallast á þá niðurstöðu hans, að meðferð ákærða Björns á ofangreindum víxli varði við 255. gr. hinna almennu hegningarlaga.

2. Meðal skjala þeirra, er ákærði Þórarinn falsaði veturinn 1937, var víxill að fjárhæð kr. 250.65. Er hans getið í 5. tölulið II. kafla héraðsdómsins, en fjárhæð hans misskráð þar kr. 250.00. Á víxlinum er nafn útgefanda og framseljanda skráð þannig: „Heildverzlunin Hekla p. p. Sigfús Bjarnason", og eru orðin: „Heildverzlunin Hekla p. p." stimpluð á víxilinn. Víxillinn tjáist vera gefinn út á hendur Sigurði Halldórssyni, kaupmanni í Reykjavík, og er nafnið Sigurður Halldórsson falsað á stað samþykkjanda á víxlinum.

Þá er einnig meðal hinna fölsuðu skjala víxill að fjárhæð kr. 1121.35. Er hans getið í 6. tölulið II. kafla héraðsdómsins, en fjárhæð hans talin þar kr. 1125.00. Nafn útgefanda og framseljanda þessa víxils er einnig „Heildverzlunin Hekla p. p. Sigfús Bjarnason" og falsað með sama hætti sem áður segir. Víxill þessi tjáist vera gefinn út á hendur Gesti Fanndal á Siglufirði, og er nafnið Gestur Fanndal falsað á stað samþykkjanda á víxlinum.

Báðir þessir víxlar litu því út sem venjulegir viðskiptavíxlar, gefnir út af heildverzlun á hendur viðskiptamönnum hennar og samþykktir af þeim. Fölsunin er þannig gerð, að ekki er líklegt, að menn, sem ókunnir voru rithöndum þeirra Sigfúsar Bjarnasonar, Sigurðar Halldórssonar og Gests Fanndal, myndu veita því athygli við venjulega skoðun, að víxlarnir væru falsaðir.

Ákærði Björn tókst á hendur fyrir ákærða Þórarinn að selja ofangreindan víxil að fjárhæð kr. 250.65. Kveðst ákærði, Björn, hafa selt Sigurði nokkrum Berndsen víxilinn og fengið fyrir hann „eitthvað innan við tvö hundruð krónur“, er hann hafi afhent Þórarni. Ákærði Þórarinn kveður Björn hinsvegar aldrei hafa afhent sér neitt af andvirði þessa víxils, en ekki er upplýst í málinu, hvor réttara hefir fyrir sér um þetta atriði. Nefndur Sigurður Berndsen hefir kannazt við kaup víxils þessa af ákærða Birni.

Þá hefir ákærður Björn einnig kannazt við að hafa aðstoðað ákærða Þórarinn við sölu á fyrrnefndum víxli að fjárhæð kr. 1121.35. Hefir Sigurður Berndsen skýrt svo frá, að hinir ákærðu Björn og Þórarinn hafi komið til hans saman. Björn hafi þá tekið víxil þenna upp úr vasa sínum og farið þess á leit ásamt Þórarni, að Berndsen keypti hann. Kveðst Berndsen hafa fallizt á það. Hafi Þórarinn þá farið, en Björn orðið eftir og tekið við andvirði víxilsins. Segist hann fyrst hafa greitt Birni víxilinn „með kreppubréfum á nafnverði“, en keypt kreppubréfin jafnskjótt aftur með 25 eða 26% afföllum. Ákærði Björn telur sig hinsvegar aðeins hafa tekið við 707 eða 708 krónum, er hann hafi fært Þórarni, en Þórarinn kveður sig minna, að hann hafi fengið 760 krónur fyrir þenna víxil.

Þegar þessar sölur gerðust, var ákærði Þórarinn innheimtu- og skrifstofumaður hjá heildverzluninni Heklu og hafði 150 kr. að mánaðarlaunum að frásögn eiganda verzlunarinnar, Sigfúsar Bjarnasonar. Þórarinn var mjög skuldugur í bönkum og víðar og hafði þá um skeið einnig verið óreglusamur. Kynning hans og ákærða Björns hafði þá staðið um all-

langt skeið, eða frá því vorið 1936, og kveðst Þórarinn hafa leitað ráða og aðstoðar Björns í fjárkröggum sínum, áður en fyrrgreindar sölur fóru fram. Gegn neitun ákærða Björns er ekki sannað, að honum hafi verið kunnugt um fölsun víxlanna, þegar hann aðstoðaði við sölu þeirra. En þó að ráð sé fyrir því gert, að hann hafi þá talið víxlana ófalsaða, þá hlaut honum sem vönum kaupsýslumanni að vera það ljóst, að Þórarinn myndi ekki hafa heimild heildverzlunarinnar Heklu til þess að selja Sigurði Berndsen viðskiptavíxla verzlunarinnar með miklum afföllum. Gat hann því ekki gengið þess dulinn, að aðstoð hans við sölu víxlanna væri þátttaka í refsiverðu athæfi ákærða Þórarins. Þessi verknaður ákærða Björns þykir eiga að varða við 255. gr. hinna almennu hegningarlaga, sbr. 1. málslið 48. gr. og einnig 46. gr. sömu laga, þar sem víxlarnir voru í raun og veru falsaðir og heildverzlunin Hekla hafði því ekki trúað Þórarni fyrir þeim.

Ekki er fram komin í málinu örugg sönnun fyrir því, að ákærði Björn hafi aðstoðað ákærða Þórarinn við sölu fleiri falsaðra víxla.

3. Um afskipti ákærða Björns af tékkum þeim, er ákærði Þórarinn falsaði veturinn 1937, hefir komið fram í málinu það, sem hér segir:

Ákærði Þórarinn hefir skýrt svo frá, að ákærði Björn hafi eitt sinn útvegað sér 50 króna lán hjá Jóni nokkrum Hanssyni gegn tryggingu í tékka, sem hann hafi falsað nafn heildverzlunarinnar Heklu undir, en ekki kveðst Þórarinn muna, hver verið hafi fjárhæð þessa tékka. Jón Hansson hefir borið það, að ákærði Björn hafi eitt sinn mælzt til þess, að hann lánaði ákærða Þórarni 50 krónur gegn tryggingu í tékka að fjárhæð 150 til 160 krónur, er út hafi

verið gefinn af heildverzluninni Heklu og undirritaður nafninu Sigfús Bjarnason. Kveður hann ákærða Björn þá hafa tjáð sér, að Þórarinn væri gjaldkeri hjá Heklu og lægi á peningum vegna verzlunarinnar. Væri sú aðferð höfð í verzluninni, að eigandinn, Sigfús, undirritaði tékka og afhenti Þórarni þá þannig, en Þórarinn útfyllti þá svo eftir þörfum. Segist Jón hafa farið með Birni og hitt Þórarinn, sem staðfest hafi, að Björn væri að biðja um peninga fyrir hann. Hafi hann þá lánað þeim félögum 50 krónur og tekið við tékkanum. Peningana kveðst hann hafa fengið greidda eftir 3 til 5 daga og þá jafnframt skilað tékkanum. Ákærði Björn kveðst ekki muna til, að hann hafi útvegað Þórarni þetta 50 króna lán, og verður það ekki talið sannað. Kveður hann Þórarinn oft hafa mælzt til þess, að hann seldi fyrir hann (Þórarinn) tékka, jafnan smáa og útgefna af heildverzluninni Heklu. Hafi þá verið viðkvæði Þórarins, að verzlunin hefði „yfirdregið" reikning sinn, en þyrfti á peningum að halda í bili.

Þá er það upplýst í málinu, að ákærði Björn útvegaði ákærða Þórarni peningalán hjá Jóni Hanssyni gegn tryggingu í tékka að fjárhæð 500 krónur, er út tjáðist vera gefinn af heildverzluninni Heklu Þórarni til handa, en nafn útgefanda hafði Þórarinn falsað. Kveður Jón Hansson báða hina ákærðu, Björn og Þórarinn, hafa átt tal við sig um lán þetta, og hafi hann fengið 50 kr. fyrir að útvega það, en af þeirri fjárhæð hafi hann greitt vexti af láninu. Hefir ákærði Björn við þetta kannazt. Kveðst hann hafa útvegað lánið, tekið við peningunum og einnig hafi hann síðar greitt lánið með peningum, er Þórarinn hafi fengið honum. Telur hann fjárhæð tékkans, sem Jón fékk til tryggingar, munu hafa verið 550 krónur.

Loks hefir ákærði Björn kannazt við það, að um leið og hann greiddi Jóni Hanssyni síðastgreint lán, hafi hann mælzt til þess, að Jón keypti lægri tékka af Þórarni, og hafi Jón haft góð orð um það. Kveður Björn Þórarinn síðan hafa afhent Jóni tékka að fjárhæð 468 kr., er Jón hafi greitt í tvennu lagi, og segist Björn hafa veitt nokkrum hluta lánsins viðtöku fyrir hönd Þórarins. Þetta hafa þeir ákærði Þórarinn og Jón staðfest, og kveðst Jón hafa átt að fá 68 kr. fyrir að útvega lánið. Ákærði Þórarinn kveður Björn hafa fengið helminginn af því, sem fékkst út á tékka þenna, en Björn kveður allt lánið hafa runnið til Þórarins.

Ákærði Björn hefir neitað því, að honum hafi verið kunnugt um föslun framangreindra tékka, er hann aðstoðaði ákærða Þórarinn við ofangreindar lántökur gegn tryggingu í tékkunum. Sá fyrirsláttur hans, að hann hafi talið ákærða Þórarinn vera að útvega heildverzluninni Heklu rekstrarlán með lántökum á slíku lítilræði hjá Jóni Hanssyni gegn tryggingu í innstæðulausum tékkum, er hinsvegar svo ósennilegur, að ekki verður trúnaður á hann lagður. Aðferð sú, sem hér var höfð, að veðsetja tékka fyrir lánum, er greiða varð ríflega þóknun fyrir, er svo fjarri venju og hagsýni og yfirleitt svo fjarstæð, að ákærða Birni, sem bæði hafði langa viðskiptareynslu og náin kynni af fjárkröggum Þórarins og launalágri aðstoðarstöðu hans hjá firmanu, hlaut að vera það ljóst, að tékkarnir væru falsaðir. Þessi verknaður ákærða Björns, að nota falsaða tékka til tryggingar við lántökur, verður því að teljast refsiverður samkvæmt 271. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði Þórarinn hefir haldið því fram, að ákærði Björn hafi aðstoðað hann við sölu fleiri falsaðra tékka, en ekki er sannað gegn neitun ákærða Björns, að svo hafi verið.

Refsing ákærðs Björns Gíslasonar fyrir framangreind brot hans þykir hæfilega ákveðin með tilliti til fyrri brota hans og með hliðsjón af 63. gr. almennra hegningarlaga betrunarhúsvinna í 15 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð.

Um greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar fer sem hér segir: Ákærður Þórarinn Vigfússon og Magnús Jónsson greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns, 300 krónur. Ákærður Björn Gíslason greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns, 300 krónur. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins, kr. 400.00, greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Björn Gíslason sæti betrunarhúsvinnu í 15 mánuði.

Að öðru leyti skal hinum áfrýjaða dómi vera óraskað.

Ákærðir Þórarinn Vigfússon og Magnús Jónsson geiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Péturs Magnússonar, 300 krónur.

Ákærði Björn Gíslason greiði málflutnings-

laun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Eggerts Claessen, 300 krónur.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Einars B. Guðmundssonar, kr. 400.00, greiði hinir ákærðu allir in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 22. júní 1938.

I.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn þeim Þórarni Vigfússyni, verzlunarmanni, til heimilis Bergþórugötu 27, Birni Gíslasyni, kaupmanni, til heimilis Grettisgötu 71, og Magnúsi Jónssyni, verkamanni, til heimilis Njálsgötu 52 B, öllum hér í bæ, fyrir brot gegn 27. kap. almennra hegningarlaga og að því, er þá Þórarinn og Björn snertir, einnig 26. kap. sömu laga. Ákærðir eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna.

Þórarinn er fæddur hinn 25. júlí 1902 að Heiðarseli á Síðu. Hann hefir aldrei sætt refsingu, en hinn 12. ágúst 1935 var hann kærður fyrir sviksamlegt athæfi, málssókn gegn honum þá féll niður, með því að upphæð sú, er um var að ræða, var greidd.

Björn er fæddur 15. júní 1878 í Húsey, Hjaltastaðaþinghá. Hann hefir sætt eftirtöldum kærum og refsingum, öllum hér í Reykjavík:

1924 $^{1}\!/_{11}$ Kærður fyrir hlutdeild í svikum.
1930 $^{8}\!/_{5}$ Réttarsætt: 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930 $^{2}\!/_{9}$ Réttarsætt: 50 króna sekt fyrir samskonar brot.
1932 $^{6}\!/_{2}$ Réttarsætt: 50 króna sekt fyrir samskonar brot.
1933 $^{2}\!/_{5}$ Dómur Hæstaréttar: 12 mánaða betrunarhúsvinna og sviptur rétti æfilangt til þess að reka

eða stjórna atvinnufyrirtæki fyrir brot gegn 253. gr., 259. gr., 254. gr., 235. gr., 262. gr. sbr. 46. gr. 264. gr. 2. mgr. sbr. 48. gr. almennra hegningarlaga.

1933 $^{8}/_{6}$ Dómur aukaréttar: 1000 króna sekt fyrir brot gegn 12. og 22. kap. hegningarlaganna.

Magnús er fæddur 3. júní 1907 að Steinsmýri í Meðallandi. Hann hefir hér í Reykjavík sætt eftirtöldum refsingum:

1935 $^{1}/_{4}$ Dómur aukaréttar: Sýknaður af ákæru réttvísinnar fyrir brot gegn 22. kap. hegningarlaganna, en dæmdur í 25 króna sekt fyrir ólöglega neyzlu áfengis á veitingahúsi.

1936 $^{1}/_{5}$ Réttarsætt: 250 króna sekt fyrir brot gegn lögum nr. 34 1915.

II.

Hinn 23. júlí s. l. kærði Útvegsbanki Íslands yfir því, að þangað hefði borizt tékkur að upphæð kr. 843, útgefinn af Sambandi ísl. samvinnufélaga á hlaupareikning þess í bankanum og undirritaður fyrir þess hönd af forstjóra þess, Sig. Kristinssyni, en sem talinn væri af útgefanda falsaður.

Lögreglan rakti þegar tékkann til ákærða Þórarins, en ekki hefir tekizt að upplýsa, hver afhenti hann í bankann.

Þórarinn viðurkenndi þegar að hafa falsað umræddan tékka og játaði jafnframt á sig eftirtaldar falsanir:

1. Í desember 1936 kveðst hann fyrst hafa falsað víxil. Var upphæðin kr. 315.00, og skrifaði hann sjálfan sig sem samþykkjanda, en Sigfús Bjarnason f. h. Heildverzlunarinnar Heklu, sem hann vann hjá, skrifaði hann sem útgefanda og notaði til þess stimpil verzlunarinnar. Þessi víxill var seldur Sigurði Berndsen fyrir milligöngu ákærðs Björns.

2. Tékkur að upphæð kr. 415.00. Sigfús Bjarnason hafði í fjarveru sinni skilið eftir nokkur óútfyllt, en undirrituð tékkeyðublöð. Tók ákærður eitt þeirra og útfyllti. Tékkann greiddi hann til Sig. Berndsen og bað að sýna hann ekki í banka í ákveðinn tíma.

3. Tékkur, sem ákærður kveðst ekki muna upphæð á,

en Jón Hansson, kaupm., fékk sem tryggingu fyrir 50 króna láni, og hefir hann upplýst, að upphæðin hafi verið 150—160 krónur.

Sem útgefanda tékkans falsaði ákærður nafn Heildverzlunarinnar Heklu.

4. Tékkur að upphæð kr. 500.00. Sem útgefanda falsaði ákærður Heildverzlunina Heklu.

Út á þenna tékka útvegaði Jón Hansson, fyrir milligöngu ákærðs Björns, lán, er ákærður notaði til að greiða með tékka þann, er Berndsen hafði fengið.

5. Víxill að upphæð 250 krónur. Sem útgefanda skrifaði hann Heildverzlunina Heklu, en sem samþykkjanda Sigurð Halldórsson, og kveðst þar hafa átt við ákveðinn mann.

6. Víxill að upphæð kr. 1125.00. Sem útgefanda skrifaði hann Heildverzlunina Heklu, en sem samþykkjanda Gest Fanndal á Siglufirði.

Þessi víxill var seldur Sigurði Berndsen, og kveðst Þórarinn hafa varið þeim peningum, er hann fékk fyrir hann, til þess að innleysa 500 króna tékkann.

7. Tékkur að upphæð kr. 468.00, gefinn út á hlaupareikning Heildverzlunarinnar Heklu í Útvegsbankanum, og undirritaði ákærður hann nafni Sigfúsar Bjarnasonar f. h. verzlunarinnar, en tók eyðublaðið úr gömlu tékkhefti, sem tilheyrði verzluninni. Þessi tékkur var settur sem trygging fyrir láni, er Jón Hansson útvegaði út á hann.

8. Áðurgreindur tékkur, gefinn út á hlaupareikning Sambands ísl. samvinnufélaga í Útvegsbankanum. Kveðst ákærði hafa séð númer hlaupareikningsins og nafn forstjórans á tékk frá Sambandinu. Þenna tékk kveðst ákærður hafa afhent Birni út á götu og beðið hann að útvega sér lán út á hann. Síðar segir hann, að Björn hafi tjáð sér, að hann hafi ekki getað útvegað lán út á tékkann og væri nú búinn að eyðileggja hann. Eins og áður er sagt, hefir ekki orðið upplýst, hver kom með tékkann í bankann.

9. Víxill að upphæð kr. 2800.00. Víxil þenna segir ákærður, að Björn hafi fengið sér, og var hann þá samþykktur af Jóhanni Einarssyni. Kveðst ákærður síðan hafa falsað að tilhlutun Björns nafn Thor Jensen sem útgefanda víxilsins. Ákærður fór með víxil þenna til Sig. Berndsen og bauð honum til kaups, en Sig. neitaði kaupunum, og hafðist því ekki fé út úr honum.

Ákærður Þórarinn hefir haldið því fram, að um allar þessar falsanir hafi hann verið í samráði við meðákærðan Björn Gíslason. Hann kveðst eitt sinn hafa eytt 50 krónum af innheimtufé, er hann hafði undir höndum, og skýrt Birni frá því. Björn bauð honum þá að selja fyrir hann víxil, og þegar ákærður Þórarinn ekki sagðist geta fengið nöfn á hann, stakk Björn upp á því, að hann falsaði nöfnin. Falsaði ákærður síðan 315 króna víxilinn og afhenti Birni daginn eftir til að selja, og samdist svo um með þeim, að Björn fengi hluta af andvirðinu, og hjálpaði honum til að greiða hann á gjalddaga. Hina aðra víxla og tékka kvaðst ákærður einnig hafa falsað í samráði við meðákærðan Björn og stundum í viðurvist hans, og veitti hann milligöngu og aðstoð við sölu þeirra sumra. Björn fékk einnig hluta af andvirðinu og skilaði engu fyrir 250 króna víxilinn og sambandstékkann. 2800 króna víxilinn kveðst hann hafa falsað beint eftir beiðni Björns.

Ákærður Þórarinn hefir þó ekki á nokkurn hátt getað stutt þessa frásögn sína um þátttöku Björns með vitnum eða á annan hátt, og hefir skýrt frá því, að allt þetta hafi farið þeim tveimur á milli án vitundar annarra. Heldur ekki hefir réttinum tekizt að leiða að því aðrar sannanir.

Ákærður Björn hefir eindregið og ákveðið neitað því að hafa tekið þátt í eða verið í vitorði með Þórarni um framangreindar falsanir.

Hann hefir skýrt svo frá, að Þórarinn hafi oft sýnt sér ýmsa pappíra og beðið sig að selja, en það hafi svo sem ekkert orðið úr því, því að pappírarnir hafi verið ónýtir. Hann hefir einnig viðurkennt að hafa átt margháttuð viðskipti við Þórarinn.

Af framangreindum víxlum og tékkum hefir hann sumpart neitað að hafa haft nokkur afskipti, en sumpart viðurkennt að hafa veitt Þórarni aðstoð við að selja eða fá lán út á. Þannig hefir hann ákveðið neitað því að hafa haft nokkur afskipti af sambandstékkanum og 2800 króna víxli þeim, er nafn Th. Jensen var falsað á. Hann hefir og ákveðið og stöðugt neitað því að hafa haft vitund um falsanir þær, er framdar höfðu verið á skjölum þeim, er hann hafði milligöngu með að selja og jafnframt að hafa þegið þóknun fyrir þá aðstoð sína.

Ákærður Þórarinn hefir ennfremur játað á sig eftirgreindar falsanir:

10. Tékkur að upphæð kr. 700.00 á sparisjóðsinnistæðu Heildverzlunarinnar Heklu í Landsbankanum. Tékkann undirritaði hann nafni Sigfúsar Bjarnasonar og seldi í Sparisjóði Reykjavíkur.

11. Tékkur að upphæð kr. 250.00 á hlaupareikning Heildverzlunarinnar Heklu í Landsbankanum. Tékkann undirritaði hann nafni Sigfúsar Bjarnasonar og seldi sjálfur í bankann.

12. Tékkur að upphæð kr. 65.00 á innstæðu Halldórs kaupmanns Þórarinssonar í Sparisjóði Reykjavíkur, og falsaði hann nafn hans undir, en innstæðunúmerið kveðst hann hafa þekkt.

Frá tildrögum þessa tékks skýrir ákærður svo, að meðákærður Magnús Jónsson hafi komið til sín og beðið sig að lána sér peninga. Hann kveðst hafa sagt Magnúsi, að peninga gæti hann ekki látið, nema með því að falsa tékk. Hann segir, að sig minni, að hann hafi skýrt Magnúsi frá því, að hann væri kominn í vandræði út úr fölsunum. Magnús varaði hann við þessu, en þó varð það úr, að Þórarinn skrifaði þarna ofangreindan tékk, og tók Magnús við honum.

Magnús hefir skýrt svo frá, að hann hafi beðið Þórarinn um peninga til að bjarga víxli, sem var að falla. Þórarinn var áður búinn að segja honum frá vandræðum sínum og kvaðst nú ekki geta hjálpað honum, nema með því að láta hann hafa falsaðan tékk. Skrifaði síðan ofangreindan tékk og fékk honum. Sagði hann honum jafnframt frá því, að hann mundi innleysa tékkann um kvöldið. Magnús sendi síðan með tékkann til að selja hann. Var þá „útgefanda" gert aðvart og þeir Magnús og Þórarinn kallaðir upp í sparisjóð. Þar viðurkenndi Þórarinn að hafa falsað nafn útgefanda.

Sigfús Bjarnason, framkvæmdarstjóri Heklu, komst nú í málið, og viðurkenndi ákærður Þórarinn fyrir honum fyrrgreindar falsanir sínar.

Varð það úr, að framkvæmdarstjórinn hjálpaði honum til að innleysa hin fölsuðu skjöl, sem úti voru, en ákærður Þórarinn setti tryggingu fyrir.

Tókst þeim að innleysa öll hin fösluðu skjöl nema Sam-

handstékkann, sem ákærður Þórarinn hélt, eins og áður segir, að væri eyðilagður.

Enn hefir ákærður Þórarinn viðurkennt eftirgreindar falsanir:

13. Víxill nú að upphæð kr. 850.00, seldur Landsbanka Íslands, samþykktur af Þórarni og útgefinn af Óskari Magnússyni. Meðal ábekinga víxilsins er talinn Sigurður Jónsson, Njálsgötu 12. Hann taldi sig ekki kannast við nafnrit sitt á víxlinum, en hinsvegar hefði hann áður verið ábyrgðarmaður á víxlinum. Ákærður viðurkenndi að hafa stundum falsað nafn Sigurðar á framlengingarvíxla fyrir þessari skuld, þegar hann gat ekki náð í hann sjálfan.

14. Víxill nú að upphæð kr. 270.00 seldur Landsbankanum, samþykktur af Þórarni, en útgefinn og framseldur af meðákærðum Magnúsi Jónssyni. Magnús synjaði fyrir, að sín hönd væri á nafnritinu, og kannaðist Þórarinn þá við að hafa falsað nafn hans á víxilinn, en víxillinn var framlengingarvíxill á víxli, er Magnús hafði gefið út fyrir ákærðan, og kveðst ákærður hafa framið fölsunina vegna þess, að Magnús var ekki í bænum á gjalddaga.

III.

Fyrir jólin 1936 skrifuðu þeir meðákærður Magnús Jónsson, Jóhann Steindór Einarsson, Sigurður Steindórsson og Baldur Ásgeirsson upp á víxil að upphæð kr. 2000.00. Var víxlinum ráðstafað af Birni.

Baldur Ásgeirsson hefir dvalið erlendis, síðan mál þetta var tekið upp, og hefir því ekki orðið leiddur sem vitni. Hinir þrír hafa allir borið það, að það hafi verið tilgangurinn með þessum víxli að fá út á hann lán að upphæð kr. 800.00, sem þeir síðan ætluðu að skipta á milli sín.

Meðákærður Magnús hefir skýrt svo frá, að hann hafi átt uppástunguna að þessari lántöku, og fékk hann Björn í málið. Björn fékk ráðið upphæð víxilsins, og í afföll áttu þeir að greiða 100 krónur, en víxillinn átti að vera til 6 mánaða. Kveðst Magnús hafa samið við Björn um að útvega lán út á víxilinn upp á þessi kjör, borið þetta síðan undir félaga sína, þeir samþykkt tilboðið og ritað víxilinn.

Þá kveðst hann hafa kvatt Björn heim til sín á Vesturgötu 24 og afhent honum víxilinn í viðurvist félaga sinna. Þó kveðst hann ekki muna, hvort Jóhann var þar viðstadd-

ur. Þar voru skilyrði þessi endurtekin, og gekkst Björn þar við þeim að nýju.

Þegar til kom og Magnús fór að krefja Björn um peningana, sagði Björn honum, að hann hefði ekki getað fengið peninga út á hann, og kvaðst hann nú geyma víxilinn í vasanum, eins og hvert annað ónýtt plagg. Kveðst Magnús ekkert hafa skipt sér af þessu frekar fyrr en hann var krafinn um greiðslu.

Magnús hefir eindregið og ákveðið haldið því fram, að Birni hafi verið óheimilt frá sinni hálfu að ráðstafa víxlinum á annan hátt en áður greinir.

Jóhann Steindór Einarsson hefir skýrt frá því, að það hafi verið sammæli þeirra fjögra að fá 800 króna lán út á víxilinn.

Hann kveðst ekki muna til að hafa verið viðstaddur, þegar víxillinn var afhentur Birni. En oft kveðst hann hafa um þetta rætt við Björn og spurt, hvernig gengi með víxilinn, og hafi í þeim samtölum alltaf verið gengið út frá, að þeir fengju 800 krónur út á hann.

Sigurður Steindórsson hefir borið sem vitni og unnið eið að þeim framburði sínum, að víxillinn hafi verið afhentur Birni á heimili Magnúsar, Vesturgötu 24, að sér viðstöddum, og þá hafi framangreind skilyrði greinilega verið tekin fram við Björn. Segir hann, að Magnús hafi haft orð fyrir þeim félögum. Síðar sagði Magnús honum, að Birni hefði ekki tekizt að útvega lán út á víxilinn. Kveðst hann þá hafa haldið, að víxillinn hafi verið eyðilagður, þar til hann frétti, að farið væri að reyna að innheimta hann.

Báðir hafa þeir Jóhann og Sigurður synjað þess að hafa veitt Birni heimild til að ráðstafa víxlinum á annan hátt en fram var tekið.

Björn hefir skýrt öðruvísi frá viðtöku sinni á víxli þessum. Hann segir, að Magnús hafi afhent sér hann á Laugavegi 24. Í fyrstu skýrði Björn svo frá, að hann hafi átt að semja við Einar Jónsson í Klöpp, er átti 800 króna víxil á Magnús, um að láta þann víxil upp í 2000 króna víxilinn og greiða eitthvað á milli. Síðar skýrði Björn svo frá, að hann hefði tekið við víxlinum af Magnúsi til að selja fyrir eitthvað, en kveðst hafa borið það sérstaklega undir Magnús, áður en hann ráðstafaði víxlinum til Einars í Klöpp, og hafi Magnús samþykkt þá ráðstöfun.

Einar Jónsson hefir borið það sem vitni, að hann hafi keypt 2 víxla af Sigurði Berndsen og selt síðan Steini Þórðarsyni. Annar þessara víxla var að upphæð kr. 800.00 og með nöfnum þeirra ákærða Þórarins og Magnúsar. Síðar var það, að Björn bað hann að selja fyrir sig 2000 króna víxilinn og taldi sig þá raunverulegan eiganda hans. Einar bauð Steini hann til kaups, og það var Steinn, sem setti það upp, að 800 króna víxillinn gengi upp í hann. Þegar Einar bar það undir Björn, var Björn strax fús á að taka hann.

Andvirði það, er Steinn greiddi fyrir víxilinn, var auk 800 króna víxilsins: 100 krónur í peningum, 200 króna ávísun, er Steinn síðar greiddi í peningum, radiótæki, ónýtt, virt á 200 kr., 10 luktir á 10 krónur stykkið og 20 hrífur á kr. 7.50 stykkið. Auk þess er ennþá ógreitt af andvirðinu 60 hrífur á kr. 7.50. Allt andvirði víxilsins kveðst Einar hafa látið Björn fá, að undanteknum eitthvað 50 krónum, er hann kveðst hafa fengið fyrir ómak sitt, og tók af andvirði ávísunarinnar. Peningana og 800 króna víxilinn kveðst hann hafa afhent Birni, þar sem þeir voru staddir á Laugavegi 27, en án þess að taka kvittun fyrir. Ávísunina kveðst hann hafa sýnt Birni, sem strax fól honum að láta innheimta hana. Kveðst hann síðan hafa afhent Birni andvirðið jafnóðum og það innheimtist. Vörurnar kveðst hann í fyrstu hafa geymt, en síðan sent Birni.

Ákærður Björn hefir neitað þessum framburði og haldið við þá frásögn sína, er áður greinir. Hann hefir neitað að hafa tekið við peningunum og kveðst aldrei hafa heyrt getið um ávísunina og enga peninga upp úr henni haft. Hinsvegar hafi Einar lofað sér einhverju af peningum, en þeir hafi aldrei komið. Vörurnar segir hann, að Magnús hafi fengið, en kvaðst þó ekki vita, hvort hann hirti það allt.

Ákærður Magnús hefir neitað því að hafa nokkru sinni tekið við 800 króna víxlinum, enda hafi hann ekki vitað, að sá víxill var seldur. Hann kveðst heldur enga peninga hafa fengið fyrir 200 króna víxilinn. Aftur segir hann, að Björn hafi gefið sér 12 hrífur. Útvarpstæki segir hann, að Björn hafi einnig látið sig hafa til að prófa, hvort það væri nothæft. Það reyndist ekki vera, og kveðst hann þá, að fyrirlagi Björns, hafa farið með það á viðgerðarstofu, og gaf Björn þar kassann utan af því.

Samræmi hefir þannig ekki fengizt í frásagnir aðilja um ráðstöfun víxils þessa.

IV.

Hinn 29. maí 1936 afhenti Landsbanki Íslands lögreglunni víxil, er bankinn hafði keypt, að upphæð kr. 250.00, útgefinn hinn 9. febrúar 1935 til greiðslu 9. maí 1935. Sem útgefandi var talinn Sveinn læknir Gunnarsson, Óðinsgötu 1, en samþykkjandi Helgi Jónsson, Njarðargötu 7.

Höfðu þeir báðir synjað þess með eiði að hafa ritað nöfn sín á víxilinn.

Undir rannsókn máls þessa viðurkenndi ákærður Magnús Jónsson að hafa átt þátt í fölsun og sölu þessa víxils.

Hann skýrir svo frá, að með sér hafi verið Helgi Guðlaugsson og hefði hann ritað víxilinn, en í samráði við sig og að sér viðstöddum. Kveðst hann hafa haft á sér lyfseðil frá Sveini og reikning á Helga Jónsson og völdu þeir nöfnin eftir því. Þeir fengu síðan Svanþór Jónsson til þess að fara með víxilinn í Landsbankann. Afhenti hann víxilinn dyraverði bankans, en Helgi tók við peningunum, þegar þeir voru afgreiddir.

Helgi kom síðan með peningana heim til ákærðs og ætlaði að fá honum fjórða hluta andvirðisins. Þá kveðst ákærður hafa sagt honum, að hann hefði skýrt meðákærðum Þórarni frá þessu og yrði Þórarinn því að fá eitthvað til þess að þegja yfir því. Kveðst hann þannig hafa fengið nokkra peninga í viðbót. Hinsvegar kveðst hann aldrei hafa skýrt Þórarni frá þessu og hafi honum því verið ókunnugt um þetta, enda aldrei fengið þessa peninga.

Ákærður hefir þrætt fyrir það að hafa ritað nokkuð af víxlinum sjálfur.

Nöfnin eru þar rituð nokkuð á mismunandi hátt. Var víxillinn sendur til rannsóknar erlendum rithandarfræðingi ásamt rithandasýnishornum þeirra félaga. Var niðurstaða þeirrar rannsóknar sú, að sama hönd væri á texta víxilsins og rithandarsýnishorni Helga. Hinsvegar treystist rithandarfræðingurinn ekki til að fullyrða neitt ákveðið um nafn útgefanda, taldi það geta verið ritað af sama manni og textann ritaði, en benti jafnframt á nokkur líkindi milli tveggja stafa í nafninu á víxlinum og á rithandarsýnishorni ákærðs.

Mál þeirra Helga Guðlaugssonar og Svanþórs Jónssonar er rekið sérstaklega.

V.

Með fölsunum víxla og tékka, eins og rakið var í 2 hér að framan, hefir ákærður Þórarinn gerzt sekur við 271. gr. og 275. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 48. gr. og 63. gr. sömu laga. Þykir refsing hans, með tilliti til allra málavaxta, hæfilega ákveðin 15 mánaða betrunarhúsvinna.

Með þátttöku sinni í fölsunum Þórarins á 65 króna tékkanum og fölsun Helga Guðlaugssonar á 250 króna víxlinum, eins og frá var skýrt í 2 og 4 hér að framan, hefir ákærður Magnús gerzt sekur við 271. gr. sbr. 48. gr. og 63. gr. hegningarlaganna. Refsing hans þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 1 ár.

Rétturinn lítur svo á, að ekki sé framkomin sönnun fyrir þátttöku ákærðs Björns í greindum fölsunum gegn eindreginni neitun hans. Verður því af þeirri ástæðu að sýkna hann af ákærum réttvísinnar fyrir brot gegn 27. kap. hegningarlaganna.

Aftur verður rétturinn að líta svo á, að, eins og rakið er í 3 hér að framan, sé fram komin sönnun þess, að ákærður Björn hafi ráðstafað víxli þeim, er þeir Magnús Jónsson, Sigurður Steindórsson, Baldur Ásgeirsson og Jóhann Steindór Einarsson höfðu skrifað upp á, svo að varði við 255. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin með tilliti til fortíðar hans 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Björn greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Eggerts Claessen hrm., er ákveðast kr. 100.00.

Ákærðir Magnús og Þórarinn greiði in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Stefáns Jóh. Stefánssonar hrm., kr. 100.00.

Ákærði Björn og Þórarinn greiði hvor um sig kostnað við gæzluvarðhald sitt. Ákærðir greiði allir in solidum allan annan kostnað sakarinnar.

Ákærður Björn sat í gæzluvarðhaldi 29. júlí til 9. ágúst, en ákærður Þórarinn frá 29. júlí til 13. ágúst.

Málið hefir verið rekið vítalaust og er gerð grein fyrir drætti þeim, sem á því hefir orðið, í prófum þess.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Þórarinn Vigfússon sæti 15 mánaða betrunarhússvinnu.

Ákærður Magnús Jónsson sæti 1 árs betrunarhússvinnu.

Ákærður Björn Gislason sæti 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Björn greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Eggerts Claessen hrm., kr. 100.00. Ákærðir Magnús og Þórarinn greiði in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hrm. Stefáns Jóh. Stefánssonar, kr. 100.00. Ákærðir Björn og Þórarinn greiði hvor um sig kostnað við gæzluvarðhald sitt. Ákærðir allir greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. október 1939.

Nr. 108/1938. **Réttvísin** (Eggert Claessen)
gegn
Carl Christian Sinius Christensen,
(Jón Ásbjörnsson)
Þórarni Vigfússyni, Magnúsi Jónssyni
(Pétur Magnússon)
og Ragnari Kristni Pálssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Ólögmæt meðferð á fundnu fé. Skjalafals.

Dómur hæstaréttar.

Meðferð Carls Christensen á selskinninu varðar við 250. gr. almennra hegningarlaga. Þótt stefna í málinu á hendur honum víki aðeins að 23. og 27. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 51 frá 1928, þá þykir samt mega dæma um verknað þenna í

málinu, með því að ákærði gat ekki gengið þess dulinn, að hann var sóttur til refsingar fyrir hann. Með þessum athugasemdum þykir mega fallast á forsendur og niðurstöður hins áfrýjaða dóms og ber því að staðfesta hann.

Um greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar fer sem hér segir: Ákærði Carl Christian Sinius Christensen greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 80 krónur. Ákærður Þórarinn Vigfússon og Magnús Jónsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 80 krónur, og ákærði Ragnar Kristinn Pálsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 80 krónur. Allur annar kostnaður við áfrýjun sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda málsins, 120 krónur, greiðist in solidum af öllum hinum ákærðu.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Carl Christian Sinius Christensen greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, 80 krónur. Ákærðu Þórarinn Vigfússon og Magnús Jónsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Péturs Magnússonar, 80 krónur. Ákærði Ragnar Kristinn Pálsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Gunnars Þorsteinssonar, 80 krónur.

Allur annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækj-

anda málsins fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Eggerts Claessen, 120 krónur, greiðist in solidum af öllum hinum ákærðu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 1. okt. 1938.

Ár 1938, laugardaginn 1. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í Hegningarhúsinu af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni, settum lögreglustjóra, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1787—1790 1938: Réttvísin gegn Karli Kristjáni Sinius Kristensen, Þórarni Vigfússyni, Magnúsi Jónssyni og Ragnari Kristni Pálssyni.

Málið er höfðað gegn öllum hinum ákærðu fyrir brot gegn 27. kapitula hinna almennu hegningarlaga og að því, er hinn fyrstnefnda snertir, einnig fyrir brot gegn 23. kap. sömu laga og lögum nr. 51 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Ákærðir eru þessir:

1. Karl Kristján Sinius Kristensen, bifreiðarstjóri, til heimilis Þingholtsstræti 28 hér í bæ. Hann er talinn fæddur að Elling í Danmörku 3. júní 1897. Hingað til lands kveðst hann hafa flutt árið 1923 eða 1924. Hann hefir hér á landi áður sætt eftirtöldum refsingum, öllum hér í Reykjavík:

1932 $\frac{8}{2}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1932 $\frac{7}{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: Fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 12 daga, skilorðsbundið, fyrir ólögmæta meðferð á fundnu fé.
1932 $\frac{2}{8}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir of hraða á bifreið.
1934 $\frac{1}{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 50 kr. sekt og 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot á áfengislögunum.

Samkvæmt upplýsingum frá Rigspolitichefen í Kaupmannahöfn hefir honum aldrei verið refsað í Danmörku. En árið 1922 var hann grunaður um sviksamlegt athæfi í sambandi við fatnað, en það mál var fellt niður.

2. Þórarinn Vigfússon, verzlunarmaður, til heimilis Hverfisgötu 98 hér í bæ. Hann er fæddur 25. júlí 1902 að Heiðarseli á Síðu.

Árið 1935 var hann hér í bænum kærður fyrir meint sviksamlegt athæfi, en það mál féll niður, með því að upphæð sú, er um var að ræða, var greidd. 22. júní s. l. var hann í aukarétti Reykjavíkur dæmdur í 15 mánaða betrunarhússvinnu fyrir brot gegn 271. gr. og 275. gr. sbr. 48. gr. og 63. gr. hegningarlaganna. Sá dómur er nú undir áfrýjun. Að öðru leyti hefir hann ekki sætt ákærum.

3. Magnús Jónsson, verkamaður, til heimilis Miðstræti 8 A hér í bæ. Hann er fæddur 3. júní 1907 að Steinsmýri í Leiðvallahreppi. Hann hefir sætt eftirtöldum refsingum:

Í Vestmannaeyjum:

1933 2½ Sektaður um 60 krónur fyrir ölvun og óspektir á almannafæri.

Í Reykjavík:

1935 1⅙ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: Sýknaður af ákæru réttvísinnar fyrir brot gegn 22. kap. alm. hegningarlaga, en sætti 25 kr. sekt fyrir ólöglega neyzlu áfengis í veitingahúsi.

1936 1⅚ Sætti 250 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 34 1915.

1938 2⅔ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 1 árs betrunarhússvinna fyrir brot gegn 271. gr. sbr. 48. gr. og 63. gr. hegningarlaganna.

Síðasttalinn dómur, þar sem hann var dæmdur ásamt meðákærðum Þórarni Vigfússyni, er nú undir áfrýjun.

4. Ragnar Kristinn Pálsson, verkamaður, til heimilis Bröttugötu 6 hér í bæ. Hann er fæddur að Brúarlandi í Skagafirði 27. nóv. 1907. Hann hefir áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum hér í Reykjavík:

1934 ⅓ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, og 500 kr. sekt fyrir brot gegn 6. sbr. 30. gr. áfengislaganna og 1. sbr. 20. gr. laga nr. 20 1875.

1937 1¼ Kærður fyrir óheimila töku á brotajárni. Látið falla niður.

2.

Hinn 12. ágúst s. l. tilkynnti Eyjólfur Eiríksson, Hafnarstræti 16, að horfið hefði selskinn úr húsakynnum, er ákærður Karl hefði tekið á leigu þar í húsinu. Í húsnæðinu hafði áður verið Nýja bifreiðastöðin, en þegar hún flutti, hafði skinnið orðið þar eftir ásamt ýmsu öðru dóti.

Karl hefir viðurkennt að hafa stolið þessu selskinni. Hann seldi það Þóroddi Jónssyni, skinnakaupmanni, fyrir 10 krónur. Við yfirheyrslu lögreglunnar út af þessu atriði málsins greiddi ákærður þegar kr. 20.00 í skaðabætur til eiganda skinnsins, og hefir hann ekki gert frekari kröfur.

3.

Hinn 6. sept. s. l. kærði Landsbanki Íslands yfir því, að fölsuð tékkávísun hafi verið seld í útibúi bankans að Selfossi. Var tékkinn að upphæð kr. 1384.00, útgefinn undir nafninu Stefán Bergmann, Keflavík, til handhafa til greiðslu úr innlánsbók nr. 187 við Útvegsbanka Íslands. Á baki tékkans var framsalsáritun: Axel Petersen, Sellandsstíg 42.

Hinn sama dag kærði Útvegsbanki Íslands h/f út af öðrum fölsuðum tékka, er bankanum hafði borizt frá Þorsteini kaupmanni Þorsteinssyni í Keflavík, en Þorsteinn hafði keypt hann af manni, sem ekki varð upplýst um, hver væri. Tékkinn var útgefinn til handa handhafa og að upphæð kr. 400.00. Sem útgefandi var skrifaður Stefán Þorlaksson, og á bakhlið tékkans var skrifað nafnið Jón Jónsson. Tékkinn var gefinn út á innlánsbók Stefáns við Útvegsbankann nr. 135.

Loks barst lögreglunni daginn eftir þriðja kæran út af fölsuðum tékka. Var hún einnig frá Útvegsbanka Íslands h/f og hafði útibú bankans á Akureyri keypt hann. Tékkinn var að upphæð kr. 1897.00 gefinn út á hlaupareikning nr. 118 í Útvegsbankann til handa handhafa. Útgefandi var talinn Smjörlíkisgerðin h/f, en ábekingur Jón Pálsson Túngötu 33, Siglufirði.

Allir voru tékkar þessir illa gerðir. Ekki virðist reynt til að stæla hönd þeirra manna, sem skrifaðir eru sem útgefendur tékkanna. Ritvilla er í nafninu Smjörlíkisgerðin, sem stimplað er á einn tékkann. Númerin vísa ekki til raunverulegra innstæðna, nema að því er snertir 400 króna tékkann.

Tveir fyrstnefndu tékkarnir reyndust að vera úr tékkhefti, er Finnbogi Eyjólfsson, eigandi Nýju bifreiðastöðvarinnar, hafði fengið í Útvegsbankanum. Síðasttaldi tékkinn var tekinn úr tékkhefti, er bankinn hafði afhent Nýju bifreiðastöðinni.

Lögreglan fékk þegar grun á ákærðum Karli, með því að hann hafði, eins og áður var kunnugt orðið, flutt inn í húsnæði það, er Nýja bifreiðastöðin hafði áður haft á leigu. Daginn eftir náðist hann til yfirheyrslu og viðurkenndi þá þátttöku sína í umræddum fölsunum ásamt meðákærðu, er einnig viðurkenndu sinn þátt strax við lögregluyfirheyrsluna.

4.

Frásögn þeirra félaga Karls, Þórarins og Magnúsar um fölsunina skal nú rakin:

Þegar Karl tók á leigu áðurgreint húsnæði, var þar fyrir ýmislegt rusl. Í því fann hann 2 tékkhefti. Þenna fund sinn bar hann í tal við Magnús og Þórarinn, og kom svo því tali þeirra, að þeir ákváðu að reyna að nota eyðublöðin til að falsa á þá tékka. Var það ráðagerð þeirra að reyna að selja tékkana utanbæjar.

Framkvæmd þessara fyrirætlana hófu þeir með því að fara austur að Selfossi. Leigðu þeir sér bifreið, og lagði Magnús fram 30 krónur til að greiða leiguna. Áður hafði Karl útbúið tékka að upphæð rúmar 3000 krónur. Skrifaði hann sem útgefanda Samband íslenzkra samvinnufélaga. Texta tékkans vélritaði hann, en handritaði undir nafn eins af forstjórum Sambandsins. Það féll í hlut Þórarins að fara með tékkann inn í bankaútibúið á Selfossi og framvísa honum þar, en þegar þangað kom, bað hann um víxileyðublað og fór út við svo búið. Sagði hann þeim félögum, að hann hefði ekki getað framvísað tékkanum vegna þess, að í útibúinu hefði verið staddur maður, sem hann þekkti. Fyrir réttinum hefir hann haldið því fram, að þetta hafi verið ráðagerð sín frá byrjun til þess að komast undan því að selja tékkann. Þeir snéru aftur við þessi erindislok og eyðilögðu tékkann.

Nokkru síðar freistuðu þeir aftur að fara til Selfoss og selja þar tékka. Leigðu þeir sér bifreið til fararinnar, sem fyrr. Karl skrifaði tékkann í bifreiðinni, og er það sá, er áður er getið, að útbúið hafi keypt, að upphæð kr. 1384.00. Kveðst ákærður hafa útfyllt mörg eyðublöð, áður en honum líkaði frágangurinn, en eyðilagt þau jafnóðum. Nafn útgefanda var miðað til ákveðins manns, en nafn framseljanda sett út í bláinn. Karl fór síðan inn í útibúið og seldi þar tékkann. Andvirðinu, að frádregnum ferðakostnaði,

skiptu þeir jafnt á milli sín. Talið er, að þessi för hafi verið farin 19. ágúst s. l.

Næst var það, að þeir ákváðu að fara til Keflavíkur í söluferð. Var það hinn 1. ágúst. Karl skrifaði þar nokkra tékka. Þórarinn fékk tvo þeirra til þess að selja. Annar þeirra var 400 króna tékki sá, er í kæru Útvegsbankans getur. Völdu þeir Stefán Þorláksson, bónda í Reykjahlíð, sem útgefanda hans, og gáfu tékkann út á reikningsnúmer hans í Útvegsbankanum, en þeir Karl og Magnús höfðu séð númerið á tékka í Áfengisverzlun ríkisins. Þenna tékka seldi ákærður með þeim hætti, að hann fór inn í verzlun, keypti sér þar stígvél, sem kostuðu kr. 22.00, greiddi þau með tékkanum og fékk mismuninn greiddan í peningum. Hinn tékkinn var upp á 1400 krónur og útgefinn undir sama nafni, að því er talið er. Fór ákærður með hann í sparisjóðinn, en kveðst ekki geta sagt um, hvort hann hafi sýnt hann þar og reynt að selja, því hann kveðst hafa verið undir áhrifum áfengis. En sá tékki varð aldrei seldur og því eyðilagður. Þá kveðst Magnús og hafa tekið við einum tékka til að selja, en ekki reynt það. Er ekki upplýst um upphæð hans eða, hvaða nöfn voru skrifuð á hann. Andvirðinu skiptu þeir með sér.

Loks var það, að þeir félagar ákváðu að fara norður til Akureyrar til þess að selja þar tékka. Slóst Ragnar Kristinn Pálsson með í þá för. Lögðu þeir upp í förina föstudaginn 2. sept. og fóru í bifreið, er þeir höfðu leigt til fararinnar, og lagði Magnús til mest af farareyrinum. Þann dag komust þeir upp í Hvalfjörð. Á laugardag héldu þeir til Blönduóss, og dvöldu á sunnudaginn að Kömbum í Deildardal hjá skyldfólki Ragnars. Á mánudag komu þeir til Akureyrar, höfðu þar skamma viðdvöl og héldu um hæl aftur til Reykjavíkur. Komu þeir hingað til bæjarins aftur á þriðjudagskvöld, eða sama daginn og kærur bankanna bárust lögreglunni.

Áður en þeir félagar lögðu upp í ferðina, keyptu þeir sér leturkassa og bjuggu til stimpla 3 fyrirtækja: Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Heildverzlunarinnar Heklu og Smjörlíkisgerðarinnar h/f. Hafði Karl forgöngu um kaupin, en með vitund Þórarins og Magnúsar. Höfðu þeir kassann með sér í ferðina og stimplana, og auk þess hafði Karl áður stimplað mörg eyðublaðanna.

Þegar til Akureyrar kom, tók Karl að skrifa tékkana. Er

upplýst um 4 tékka, er hann skrifaði þar og afhenti þeim Magnúsi og Þórarni til að selja. Þórarinn seldi áðurgreindan tékka, að upphæð kr. 1897.00, í útibúi Útvegsbankans. Hann tók einnig við öðrum, að upphæð eitthvað um 1200 kr., og undirritaðan (svo) nafni Stefáns Bergmanns, að því er hann hefir skýrt frá. Þenna tékka átti hann að sýna í Landsbankanum, en gerði ekki. Magnús fékk aðra tvo, annan upp á 190 krónur, undirritaðan nafni Stefáns Þorlákssonar, en um hinn er ekki nánar upplýst. 190 króna tékkann reyndi ákærður að selja í verzlun, en tókst ekki, og varð þá samkomulag þeirra Þórarins að hætta við frekari tilraunir og fá Karl til að snúa hið skjótasta til Reykjavíkur, sem þeir og gerðu.

Undir rannsókn málsins visaði Ragnar á leturkassann og tékkheftin. Komu þar fram áðurgreindir stimplar. Í tékkheftunum voru 9 eyðublöð stimpluð með þeim, en óútfyllt að öðru leyti. Einnig var þar fullskrifaður tékki, að upphæð kr. 2640.00, útgefinn til handa Jóni Jónssyni og undirritaður: pr. Smjörlíkisgerðin h/f. Ragnar Jónsson. Var hann gefin út á hlaupareikningsnúmer 119 við Útvegsbankann. Ákærður Karl hefir viðurkennt að hafa skrifað þenna tékka, en hefir talið sig hafa gert það í æfingaskyni.

5.

Eins og getið var, slóst Ragnar Kristinn Pálsson í för þeirra félaga til Akureyrar, og kemur hann þá fyrst við mál þetta.

Karl hefir skýrt svo frá tildrögum þess, að hann hafi í fyrstu boðið Ragnari í förina í kunningsskaparskyni, af því að hann vissi, að hann var ættaður úr Húnavatnssýslunni. En morguninn, sem þeir lögðu af stað, kveðst hann hafa sagt Ragnari frá fyrirætlun þeirra félaga og sagt honum að gera, hvort heldur hann vildi, verða með í ferðinni eða hætta við hana. Hafi þá Ragnar kosið að fara ferðina, en tekið jafnframt fram, að hann ekki tæki þátt í fyrirætlun þeirra.

Þórarinn hefir aftur á móti haldið því fram, að Ragnar hafi frá byrjun verið fullgildur þátttakandi í fyrirtækinu. Hann segir, að Karl muni hafa stungið upp á þessu við hann í fyrstu, en síðan hafi Ragnar rætt um málið við sig og þá aðra.

Loks hefir Magnús skýrt frá því, að það hafi fyrst verið að morgni farardagsins, sem hann vissi, að Ragnari var ætlað að vera með. Kveðst hann þá hafa heyrt á honum, að hann vissi vel, hvað til stóð, en þó hafi hann neitað, að hann ætlaði sér að gerast þátttakandi.

Ragnar hefir staðfastlega og ákveðið neitað því að hafa fengið vitneskju um fyrirætlanir þeirra félaga, áður en hann lagði á stað. Þær kveðst hann fyrst hafa fengið að vita, þegar komið var upp í Hvalfjörð. Hann kveðst þá hafa hugsað um að hverfa frá, en þó ekki orðið af því. Einnig síðar á leiðinni hafði hann orð á því að hætta við förina, þótt ekki yrði af. Í fölsununum á Akureyri tók hann ekki beinan þátt, en var viðstaddur, bæði þegar tékkarnir voru skrifaðir og eins þegar Þórarinn kom með peningana. Varð honum þá að orði, að því er Karl hefir skýrt frá: „Miklir helvítis glæpamenn eruð þið."

Þegar hingað til bæjarins kom, héldu þeir félagar rakleitt heim til Ragnars og skiptu þar peningunum. Drógu þeir fyrst frá kostnað við ferðalagið. Í fyrstu var talað um, að Ragnar fengi kr. 200.00 í sinn hlut. Ragnar neitaði að taka við þeim peningum. Er það samhljóða frásögn þeirra þriggja, Karls, Magnúsar og Þórarins, að Ragnar hafi látið á sér skilja, að sér þætti þetta of lítið, hann vildi fá fullan hlut á við hina. Hækkuðu þeir því hlut hans upp í 300 krónur, og tók hann þá við peningunum.

Ragnar hefir aftur á móti haldið því fram, að hann hafi ætlað sér að halda sér alveg utan við þetta og þessvegna hafi hann neitað að taka við peningunum. Kveðst hann hafa ætlað sér að halda við þá synjun sína, en þó hafi það orðið úr, að peningarnir hafi orðið eftir heima hjá sér. Segir hann, að það hafi verið tilætlun sín að geyma peningana og hugsa sig um, hvort hann ætti að taka við þeim. Peningana faldi hann síðan í öskubakka í herbergi sínu, en morguninn eftir tók hann 50 krónur af þeim og eyddi.

Þeir félagar fólu Ragnari að geyma stimpilkassann og tékkheftin, og faldi hann þá í útiskúr, er hann hafði aðgang að.

6.

Afbrotin. Framangreindar falsanir þeirra félaga falla undir 271. gr. og 277. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Þjófnaðarafbrot Karls varðar við 8. gr. sbr. 6. gr. laga nr. 51 1928.

Af rannsókn málsins verður að ráða, að þeir Karl, Þórarinn og Magnús hafi með öllu verið samhuga og samtaka um framkvæmd falsananna. Við ákvörðun refsinga þeirra verður því að hafa hliðsjón af 55. gr. hegningarlaganna.

Þáttur Ragnars í Akureyrarförinni hefir áður verið rakinn. Hann hefir með öllu synjað þess að hafa tekið virkan þátt í fölsununum þar eða ætlað sér það eða að þeim stutt. Eftir atvikum þykir verða að leggja þá skýrslu hans til grundvallar, enda þótt frásögn meðákærðu bendi um sumt til annars og enda þótt framkoma hans í förinni verði að teljast að sumu leyti tortryggileg. Hinsvegar tekur hann þátt í ágóðanum, þegar heim kemur, og varðveitir og felur tékkheftin og stimplana. Þykir því verða að ákveða refsingu hans með hliðsjón af 56. gr. hegningarlaganna.

Refsing þeirra Karls, Þórarins og Magnúsar ber að tiltaka með hliðsjón af 63. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Refsingar. Refsing þeirra Þórarins og Magnúsar, hvors um sig, þykir hæfilega ákveðin tveggja ára betrunarhússvinna og er þá tekið tillit til þess, að þeir hafa báðir fyrr á þessu ári verið dæmdir fyrir samskonar brot.

Refsing Karls þykir hæfilega ákveðin 18 mánaða betrunarhússvinna.

Refsing Ragnars þykir hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Með tilliti til þess, að þetta er fyrsta hegningarlagabrot hans, og telja verður, að hann hafi nokkuð af tilviljun leiðzt út í það, þykir mega ákveða hana skilorðsbundna samkvæmt lögum nr. 39 1907.

Skaðabætur. Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands h/f og Þorsteinn Þorsteinsson hafa allir gert kröfu um, að ákærðir verði dæmdir til að greiða sér skaðabætur fyrir tjón það, er hlotizt hefir af kaupum hinna fölsuðu tékka. Nema skaðabótakröfurnar upphæðum tékkanna að frádregnu því, er ákærðir hafa þegar skilað aftur af andvirði þeirra, auk 5% ársvaxta.

Ákærðir hafa skilað eftirtöldum upphæðum af andvirði tékkanna:

Karl	kr.	455.00
Magnús	—	400.00
Ragnar	—	250.00
Þórarinn	—	350.00
	Samtals kr.	1455.00

Þessir peningar reyndust allir að vera af andvirði Akureyrartékkans og hafa verið afhentir Útvegsbanka Íslands h/f upp í skaðabótakröfu hans, sem nemur því nú (kr. 1897.00 ÷ 1455.00) kr. 442.00.

Af andvirði Selfosstékkans afhenti Þórarinn kr. 200.00, sem Landsbanki Íslands þegar hefir tekið við, og nemur því krafa hans nú (kr. 1384.00 ÷ 200.00) kr. 1184.00.

Þá hefir og Þorsteini Þorsteinssyni verið skilað stígvélum þeim, er tekin voru út í verzlun hans og kostuðu kr. 22.00. Nemur því skaðabótakrafa hans (kr. 400.00 ÷ 22.00) kr. 378.00.

Ákærðir hafa samþykkt skaðabótakröfurnar.

Það ber því að dæma ákærðu til að greiða skaðabætur, eins og hér segir:

Ákærðir allir greiði in solidum til Útvegsbanka Íslands h/f kr. 442.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 5. sept. s. l. að telja og til greiðsludags.

Karl, Þórarinn og Magnús greiði in solidum til Landsbanka Íslands kr. 1184.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 20. ágúst s. l. til greiðsludags.

Karl, Þórarinn og Magnús greiði in solidum til Þorsteins Þorsteinssonar, Keflavík, kr. 378.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 31. ágúst s. l. til greiðsludags.

Skaðabæturnar greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Málskostnaður. Um kostnað sakarinnar skal fara svo sem hér segir:

Ákærðir greiði hver um sig kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Karl greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Jóns Ásbjörnssonar hrm., er ákveðast kr. 100.00.

Þórarinn og Magnús greiði in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Péturs Magnússonar hrm., er ákveðast kr. 125.00.

Ragnar greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Gunnars Þorsteinssonar hrm., er ákveðast kr. 100.00.

Karl, Þórarinn og Magnús greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar að ⅘ hlutum, en ákærðir allir að ⅕ hluta.

Málið hefir verið rekið vítalaust. Það var dómtekið hinn 24. fyrra mánaðar. Ákærðir hafa allir setið í gæzluvarðhaldi síðan hinn 8. fyrra mánaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Karl Kristján Sinius Kristensen sæti betrunarhússvinnu í 18 mánuði.

Ákærður Þórarinn Vigfússon sæti betrunarhússvinnu í 2 ár.

Ákærður Magnús Jónsson sæti betrunarhússvinnu í 2 ár.

Ákærður Ragnar Kristinn Pálsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði. Refsingu hans skal fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 1907 eru haldin.

Ákærðir allir greiði in solidum í skaðabætur til Útvegsbanka Íslands h/f kr. 442.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 5. sept. s. l. til greiðsludags.

Ákærðir Karl, Þórarinn og Magnús greiði in solidum í skaðabætur til Landsbanka Íslands kr. 1184.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 20. ágúst s. l. til greiðsludags.

Ákærðir Karl, Þórarinn og Magnús greiði in solidum í skaðabætur til Þorsteins Þorsteinssonar, Keflavík, kr. 378.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 31. ágúst s. l. til greiðsludags.

Skaðabæturnar greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðir greiði, hver um sig, kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Ákærður Karl greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns Ásbjörnssonar hrm., kr. 100.00.

Ákærðir Þórarinn og Magnús greiði in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Péturs Magnússonar hrm., kr. 125.00.

Ákærður Ragnar greiði málsvarnarlaun til skipaðstalsmanns síns, Gunnars Þorsteinssonar hrm., kr. 100.00.

Ákærðir Karl, Þórarinn og Magnús greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar að ⅘ hlutum, en ákærðir allir að ⅕ hluta.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. október 1939.

Nr. 120/1937. **Bjarney Einarsdóttir og Halldóra Hafliðadóttir f. h. ófjárráða barna sinna, Sigurgeirs og Bjarneyjar Ingibjargar** (Guðmundur I. Guðmundsson)

gegn

Dánarbúi Elíasar Kristjáns Sigurgeirssonar (Sveinbjörn Jónsson).

Ágreiningur milli erfingja látins manns og lánardrottna dánarbús hans um líftryggingarfé hans.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem hafa að fengnu áfrýjunarleyfi 30. sept. 1937 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. okt. s. á., hafa krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að þeim verði viðurkenndur eignarréttur að líftryggingarskírteini nr. 165169, að upphæð kr. 10000.00, útgefnu 17. okt. 1930 af Brand- og Livsforsikringsaktieselskabet Svea til handa Elíasi Kristjáni Sigurgeirssyni, með tilheyrandi rétti til að taka við téðri fjárhæð með vöxtum og kvitta fyrir hana. Svo krefjast áfrýjendur málskostnaðar af stefnda bæði fyrir skiptarétti og hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar

á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Meðal þeirra spurninga, er svara skyldi, er Elías Kristján Sigurgeirsson baðst líftryggingar þeirrar, er að framan getur, var sú spurning, hvort hann ætlaði að kaupa trygginguna til framfærslu fjölskyldu sinni, til tryggingar lánardrottnum sínum eða í öðru skyni. Var spurningunni svarað þannig, að tryggingin væri keypt til „Omsorg for Familie". Umboðsmaður félagsins hefir látið svo um mælt, að Elías hafi skýrt tekið það fram, að tryggingin ætti að vera „Til framfærslu fjölskyldu hans, ef hann félli frá." Samkvæmt þessu þykir mega telja, að Elías hafi nægilega skýrt kveðið á um það, að tryggingin skyldi keypt til framfærslu sinna nánustu, ef hann félli frá, en ekki keypt til hagsmuna lánardrottnum hans. En af þessu leiðir, að telja verður, að honum hafi hlotið að vera það ljóst, að þessum tilgangi hans yrði því aðeins náð, eins og á stóð, að tryggingarféð yrði, ef til kæmi, undan aðför og öðrum aðgerðum til hagsmuna lánardrottnum hans dregið. Slíka ráðstöfun, sem nú var greind, verður almennt að telja lögmæta, sbr. 32. gr. laga nr. 19 4. nóv. 1887 og 26. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 25/1929. Með bú Elíasar virðist að vísu vera farið eftir III. kap. skiptalaganna, en meðferðar á því eftir 31. gr. áðurnefndra laga nr. 25/1929 hefir ekki verið krafizt, svo að um riftingu á téðri ráðstöfun hans er ekki að tefla. Og ekki verður ráðstöfuninni hnekkt í þessu máli vegna ákvæða 25. gr. erfðatilskipunar 25. sept. 1850, því að þau varða ekki skipti erfingja og lánardrottna. Loks geta ákvæði 2. málsl. 85. gr. skiptalaganna ekki komið stefnda að haldi í máli þessu, með því að þau ákvæði taka einungis til óefndra gjafaloforða,

en í máli þessu er svo háttað, að það var innt af hendi, er nauðsynlegt var til þess, að tryggingarféð yrði greitt að Elíasi látnum.

Sú athugasemd stefnda, að ráðstöfun Elíasar oftnefnd sé ólögmæt af þeirri ástæðu, að ekki sé ákveðið nægilega skýrt, hverjir skuli njóta góðs af henni, þykir ekki heldur hafa við rök að styðjast. Elías átti móður á lífi og barn í vonum, er hann baðst tryggingarinnar. Þar sem hann ákveður, að tryggingin skuli vera til framfærslu fjölskyldu sinnar, þá virðist mega líta svo á, að hann sé einmitt að hugsa fyrir þessum nánustu skyldmennum sínum, sem honum var lögskylt að framfæra. Með því að móðir Elíasar og barnsmóðir f. h. barna sinna og hans hafa sótt mál þetta saman og hvorug hefir véfengt hinnar aðild, þá verður, án nokkurrar úrlausnar annars um skipti þeirra sín á milli í þessu sambandi, að telja þær rétta aðilja í máli þessu gagnvart búi Elíasar Kristjáns Sigurgeirssonar.

Samkvæmt framanskráðu þykir verða að taka ofangreindar kröfur áfrýjenda um líftryggingarskírteinið til greina.

Krafa áfrýjenda um málskostnað fyrir skiptarétti verður ekki tekin til greina þegar af því, að 3. málsgr. 185. gr. laga nr. 85/1936 tekur ekki til meðferðar þessa máls fyrir skiptarétti, sbr. 222. gr. téðra laga.

Eftir úrslitum málsins fyrir hæstarétti þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjendum málskostnað fyrir þessum dómi, og þykir málskostnaður sá hæfilega ákveðinn 300 krónur.

Uppskrift á dánarbúi oftnefnds Elíasar Kristjáns Sigurgeirssonar fór fram 14. okt. 1933. Á skiptafundi 1. maí 1934 var lögð fram skrá yfir eignir

búsins og skuldir, enda kom þá fram krafa sú um líftryggingarfé, sem áfrýjendur gera í þessu máli. Sakir mótmæla af hálfu lánardrottna búsins var ágreiningsatriðið sótt og varið fyrir skiptarétti, og var þeim aðgerðum ekki lokið fyrr en 6. apríl 1936, er málið var tekið til úrskurðar. Þessi langi dráttur hefir ekki verið nægilega réttlættur. Hæstaréttarstefna var útgefin 13. okt. 1937, og hefir málið síðan hvílt hjá umboðsmanni áfrýjenda nærfellt 2 ár, og hefir sá langi dráttur alls ekki verið réttlættur. Verður að átelja þenna drátt á málinu bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði skiptaréttarúrskurður er úr gildi felldur og viðurkennist áfrýjendum eignarréttur að framangreindu lífsábyrgðarskírteini með tilheyrandi rétti til að taka við fjárhæð þess með vöxtum og kvitta fyrir hana.

Málskostnaður fyrir skiptarétti fellur niður.

Stefndi, dánarbú Elíasar Kristjáns Sigurgeirssonar, greiði áfrýjendum, Bjarneyju Einarsdóttur og Halldóru Hafliðadóttur f. h. barna sinna ófjárráða, Sigurgeirs og Bjarneyjar Ingibjargar, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar 26. apríl 1937.

Á skiptafundum í búi Elíasar Kristjáns Sigurgeirssonar, stýrimanns frá Ísafirði, er drukknaði í ágúst 1933, hefir

Harald Aspelund, umboðsmaður á Ísafirði, f. h. móður hins látna, Bjarneyjar Einarsdóttur á Ísafirði, og Halldóru Hafliðadóttur í Berurjóðri á Snæfjallaströnd sem móður og fjárhaldsmanns ómyndugra óskilgetinna barna hins látna, Sigurgeirs og Bjarneyjar Ingibjargar, krafizt þess, að líftryggingarfé hins látna frá tryggingarfélaginu „Svea", kr. 10000.00, yrði afhent nefndri móður hins látna og nefndum börnum hans og að upphæð þessi renni ekki inn í bú hins látna.

Kröfu þessari var mótmælt af ýmsum kröfuhöfum búsins og Óskari Borg, cand. juris á Ísafirði, fyrir þeirra hönd og þess krafizt, að andvirði skírteinisins renni inn í búið.

Sátta var leitað um ágreining þenna, en árangurslaust, og hefir málið verið sótt og varið af umboðsmönnum aðilja, að mestu utan réttar síðan á skiptafundi 6. ágúst 1934, þar til ágreiningurinn var lagður undir úrskurð 6. þ. m.

Eftir því, sem upplýst er í málinu, eru tildrög þess þau, er nú skal greina:

Með umsókn um líftryggingu, dags. 4. sept. 1930, sótti hinn látni um 10000.00 kr. líftryggingu hjá tryggingarfélaginu „Svea" í Gautaborg hjá umboðsmanni þess á Ísafirði, Harald Aspelund, og skyldi upphæðin samkvæmt beiðninni greiðast handhafa líftryggingarskírteinisins, er hún kæmi til útborgunar.

Skv. beiðni þessari var hinum látna 18. nóv. 1930 afhent líftryggingarskírteini frá félaginu, útgefið 17. okt. 1930, með umbeðinni upphæð, en í skírteininu stendur, að upphæðin skuli greidd hinum vátryggða, er hann verði 90 ára, eða deyi hann fyrr „til hans Retsindehaver". Kveðst félagið hafa gefið skírteinið þannig út sökum þess, að það hafi 1. jan. 1928 hætt að gefa út skírteini til handhafa.

Í málinu hefir verið lagt fram afrit af skýrslu H. Aspelund til „Svea", dags. 4. október 1930, um ýmis atriði varðandi tryggingarbeiðnina og segir þar m. a., að tilgangur umsækjanda með tryggingunni sé „omsorg for familie".

Við uppskrift búsins, er fram fór 14. okt. 1933, telur móðir hins látna líftrygginguna fram meðal eigna búsins, án þess að getið sé annarra athugasemda en að skírteinið sé geymt hjá Jóni S. Edwald, konsúl á Ísafirði. Í einu af

sóknarskjölum umboðsmanns móður og barna hins látna, er skírteinið talið hafa verið í vörzlum fjölskyldu hins látna án nánari útskýringar, og í öðru móður hins látna, en í einu varnarskjali umboðsmanns skuldheimtumanna búsins er talið, að skírteinið hafi við dauða hins látna verið í vörzlum H. Aspelund. Um vörzlur skírteinisins er eigi annað upplýst.

Af hálfu móður og barna hins látna er því haldið fram, að með skýrslu H. Aspelund frá 4. okt. 1930 sé fullsannað, að hinn látni hafi tekið umrædda líftryggingu í þeim einum tilgangi að tryggja framfærslu fjölskyldu sinnar. Einnig er því haldið fram af þeirra hálfu, að þar sem hinn látni hafi beðið um, að líftryggingarskírteinið yrði gefið út til greiðslu til handhafa, beri að taka fullt tillit til þess í máli þessu, þó að líftryggingarfélagið hafi breytt út af þessari ósk hans. Loks er því haldið fram af þeirra hálfu, að einföld viljayfirlýsing hins látna um, að tryggingin sé tekin „til omsorg for familie", hafi veitt fjölskyldu hans fullan rétt til að fá vátryggingarféð greitt, án þess að hinn látni þyrfti að gera frekari ráðstafanir til að tryggja þann rétt, og eigi skuldheimtumenn hins látna því engan rétt til fjárins skv. íslenzkum lögum.

Af hálfu skuldheimtumanna búsins er því hinsvegar mótmælt, að í fyrrnefndri skýrslu H. Aspelund felist nokkur sönnun þess, að tryggingin hafi verið tekin til „omsorg for familie". Þá er því einnig haldið fram af þeirra hálfu að dæma verði um réttinn til lífsábyrgðarfjárins eftir texta lífsábyrgðarskírteinisins, eins og hann er, þó að eigi sé hann í samræmi við upphaflegar óskir hins látna, enda hafi hann ekkert gert til að fá honum breytt. Leiði það því af ákvæðum 25. gr. erfðatilskipunarinnar frá 25. sept. 1850, að lífsábyrgðarféð eigi að renna inn í bú hins látna, enda væri yfirlýsing hans um það, að tryggingin væri tekin „til omsorg for familie", þó að sönnuð væri, svo óákveðin, að hún gæti ekki sem einföld viljayfirlýsing stofnað rétt til handa móður eða börnum hins látna.

Skv. 25. gr. erfðatilskipunarinnar ber að gæta sömu reglna og um erfðaskrár um gjafabréf, sem eigi er ætlazt til, að gildi fyrr en eftir lát gefanda. Þessara reglna hefir ekki verið gætt í sambandi við hina umræddu líftryggingu. Af því leiðir, að móðir hins látna og börn hans geta ekki

átt sérstakan rétt til að fá líftryggingarféð afhent sér út úr búi hans, nema fyrir liggi gild ráðstöfun hins látna í formi þriðjamannsgernings þess efnis, að líftryggingarféð skuli ganga til þeirra. Að áliti réttarins er eigi unnt að telja, að svo sé. Í vátryggingarbeiðninni ákveður hinn látni aðeins, að lífsábyrgðarféð skuli greitt handhafa skírteinisins, en ekki neinum ákveðnum manni eða mönnum eftir sinn dag, og felst ekki í því nein ráðstöfun eða gerningur í þágu þriðja manns. Síðan fær hann skírteinið afhent með því ákvæði, að eftir dauða hans skuli líftryggingarféð greiðast til „hans Retsindehaver", sem skilja verður þannig, að það skuli greiðast búi hans eða með öðrum orðum skuldheimtumönnum hans og erfingjum, og er liðið mikið á þriðja ár frá því, að hann fær skírteinið afhent, er dauða hans ber að, án þess að séð verði, að hann hafi aðhafzt nokkuð til þess að breyta þessu ákvæði skírteinisins, og bendir þetta frekar til þess, að ekki hafi verið um ákveðna ráðstöfun í þágu þriðja manns að ræða af hans hendi. Og þó lögð væri til grundvallar í málinu umsögn umboðsmanns vátryggingarfélagsins um, að tilgangur líftryggingarinnar væri „omsorg for familie", er þar um svo óákveðna yfirlýsingu að ræða, að ekki verður talið, að í henni felist gerningur í þágu ákveðins þriðja manns.

Skv. þessu er að áliti réttarins eigi unnt að taka til greina kröfu Haralds Aspelund f. h. móður og barna hins látna um afhendingu lífsábyrgðarfjárins úr búinu, heldur ber að telja, að féð skuli renna inn í búið.

Vegna fjarveru og anna skiptaráðanda hefir úrskurður þessi eigi verið kveðinn upp fyrr en nú.

Því úrskurðast:

Krafa Haralds Aspelund f. h. móður og barna hins látna, Eliasar Kristjáns Sigurgeirssonar, um afhendingu úr búinu á 10000.00 kr. lífsábyrgðarfé hins látna frá líftryggingarfélaginu „Svea" verður eigi tekin til greina, og skal fé þetta renna inn í bú hins látna.

Mánudaginn 30. október 1939.

Nr. 42/1938. **Frímann Einarsson**
gegn
Bæjarstjórn Reykjavíkur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Frímann Einarsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 30. október 1939.

Nr. 61/1939. **Gunnlaugur Stefánsson**
gegn
Sveini Pálssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnlaugur Stefánsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Sveini Pálssyni, er hefir látið mæta í málinu, 30 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. október 1939.

Nr. 73/1939. **Sigurður Berndsen**
gegn
H. f. Ísaga.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Berndsen, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 3. nóvember 1939.

Nr. 68/1939. **Halldór Ólafsson** (Theódór B. Líndal)
gegn
Valgerði Haraldsdóttur (Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. júlí þ. á. Þann 3. f. m. hefir hann fengið gjafsókn hér fyrir dómi og sér skipaðan talsmann, og þann 23. s. m. hefir hann fengið leyfi til að leggja fram ný skjöl og skilríki fyrir hæstarétti. Stefnda hefir hvorki mætt né látið mæta og er henni þó löglega stefnt. Hefir málið þessvegna verið flutt skriflega samkvæmt 1. tl. 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112 frá 1935 og er dæmt samkvæmt framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefndu og að hún verði dæmd til að greiða allan kostnað málsins, eins og það

væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málflutningslaun til handa talsmanni áfrýjanda.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hefir rannsókn á blóði aðilja og barni stefndu farið fram og með þeim lyktum, að áfrýjandi reyndist vera af O og MN flokki, stefnda af B og MN flokki og barnið af AB og MN flokki. Samkvæmt þessu kveður forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans, að áfrýjandi geti ekki verið faðir barnsins, heldur hljóti það að vera maður af A eða AB flokki. Með skírskotun til þessarar niðurstöðu blóðrannsóknarinnar ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu í málinu.

Eftir þessum málslyktum ber að dæma stefndu til að greiða kostnað málsins í héraði, 20 krónur, og áfrýjunarkostnað þess, sem ákveðst 220 krónur og skiptist þannig, að kr. 33.60 renni í ríkissjóð, kr. 100.00 til talsmanns áfrýjanda og kr. 86.40 til áfrýjanda.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Halldór Ólafsson, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Valgerðar Haraldsdóttur, í máli þessu.

Stefnda greiði málskostnað í héraði, 20 krónur, og 220 krónur í málskostnað í hæstarétti. Þar af hljóti ríkissjóður kr. 33.60, talsmaður áfrýjanda, hæstaréttarmálflutningsmaður Theódór B. Líndal, kr. 100.00, og áfrýjandi sjálfur kr. 86.40.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1939.

Þann 8. þ. m. ól. ógift stúlka, að nafni Valgerður Haraldsdóttir, til heimilis á Grettisgötu 16 hér í bænum, full-

burða stúlkubarn. Föður að þessu barni sínu hefir barnsmóðirin tilnefnt Halldór Ólafsson, bifreiðarstjóra, til heimilis á Eiríksgötu 23 hér í bænum. Hann hefir ekki viljað kannast við faðernið, og er því mál þetta eftir ósk barnsmóður höfðað gegn honum, og hefir hún gert þær réttarkröfur, að kærður verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað til sín svo og styrk fyrir og eftir barnsburð eftir úrskurði yfirvalds og loks málskostnað að skaðlausu. Kærandi kveðst hafa verið á gangi niður í bæ með annarri stúlku, að nafni Lovísu. Bar kærðan þar að í bifreið með öðrum manni til. Buðu þeir stúlkunum upp í bifreiðina. Óku þau fyrst um bæinn og síðan heim til kærðs, sem þá bjó á Vífilsgötu 17. Dvöldu þau þar um tíma, en síðan fóru tvö þeirra út, en kærandi og kærður voru eftir inni og höfðu síðan holdlegar samfarir. Þá fullyrðir kærandi, að þau hafi haft holdlegar samfarir þrisvar sinnum eftir þetta og hafi síðustu samfarirnar farið fram um miðjan september f. á., og telur kærandi, að barn þetta sé þá getið. Hún hefir neitað því með öllu, að hún hafi haft holdlegar samfarir við aðra karlmenn en kærðan á getnaðartíma barnsins, og geti því enginn annar en hann verið faðir barnsins.

Kærður hefir haldið því fram, að hann muni ekki betur en að hann hafi aðeins tvisvar haft holdlegar samfarir við kæranda, í fyrra skiptið um 20. júlí f. á., en í síðara skiptið um mánaðamótin næstu á eftir, og heldur hann því fram, að hann geti ekki verið faðir að barni kæranda.

Með yfirlýsingum á réttarskjali nr. 2 og vitnaleiðslu, sem fram hefir farið í máli þessu, verður það að teljast sannað, að kærandi hafi verið austur á Þórunúpi í Hvolhreppi frá 13. júlí til 3. ágúst f. á. og hafi fyrst komið hingað til bæjarins 4. þessa mánaðar, og verður því með tilliti til þess og framburðar aðilja að ætla, að kærandi og kærður hafi fyrst haft holdlegar samfarir í fyrri hluta ágústmánaðar f. á. og síðari samfarir þá farið fram eftir þann tíma, en samkvæmt því verður að telja upplýst, að kærandi og kærður hafi haft holdlegar samfarir á þeim tíma, er barn þetta getur verið getið, og þar sem ósannað er, að kærandi hafi haft holdlegar samfarir við aðra karlmenn á getnaðartímanum, þykir verða að dæma kærðan föður barnsins, til að greiða meðlag með því og barns-

fararkostnað til barnsmóður svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð eftir úrskurði yfirvalds og loks málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Halldór Ólafsson, skal teljast faðir að barni því, er kærandi, Valgerður Haraldsdóttir, ól þann 8. júní 1939. Þá greiði hann og meðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð eftir úrskurði yfirvalds og 20 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. nóvember 1939.

Nr. 98/1937. **Hjalti Benónýsson**
gegn
Þóru Guðmundsdóttur

Nýrra skýrslna er krafizt í barnsfaðernismáli.

Úrskurður hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu úrskurðar hæstaréttar í máli þessu 23. júní s. l. hefir rannsókn farið fram að nýju í héraði og skýrslur verið teknar af málsaðiljum og Ágústi Benjamínssyni, er í nefndum úrskurði getur. Framhaldsrannsókn þessari er þó að sumu leyti svo áfátt, að nauðsyn þykir bera til að fresta málinu enn á ný og fyrirskipa ýtarlegri rannsókn, áður dómur verði á málið lagður.

1. Stefndu og Ágústi Benjamínssyni ber ekki saman um það, hvenær orðið hafi fyrstu kynni þeirra. Kveðst Ágúst fyrst hafa kynnzt stefndu á Laugaveg 24 C einhverntíma vetrar 1932, og muni stefnda hafa fylgt honum þá um kvöldið að Hótel Heklu, en þar

hafi hann þá búið. Stefnda telur þau hinsvegar hafa kynnzt fyrr og getur þess í því sambandi, að hún hafi dvalizt í Reykjavík um 3 ára bil, en þó ekki óslitið, áður en hún og áfrýjandi tóku að búa saman. Hún kveður einnig fyrstu kynningu þeirra Ágústs hafa orðið í húsinu Laugaveg 24 C. Er frásögn hennar um þetta atriði ógreinileg, og virðist hún ekki hafa verið ýtarlega um það spurð. Ber dómaranum að afla rækilegri skýrslna þeirra stefndu og Ágústs um þetta atriði, og komi það í ljós, að kynning þeirra hafi verið byrjuð fyrr en Ágúst segir, þá ber að upplýsa, hvernig þeim kynnum hafi verið háttað og hvort þau hafi komið saman að holdlegum samförum fyrr en á árinu 1932.

2. Í þinghaldi 15. des. 1936 kveðst stefnda hafa dvalizt með Ágústi Benjamínssyni í herbergi hans á Hótel Heklu fram til kl. að ganga 2 aðfaranótt 4. febrúar 1932, að því er hana minnir. Ágúst hefir kannazt við það, að stefnda hafi fylgt honum kvöld eitt umgetinn vetur frá Laugavegi 24 C niður að Hótel Heklu. Kveðst hann hafa verið ölvaður og ekki minnast þess, að stefnda hafi haft nokkra viðdvöl hjá honum í þetta sinn. Þótt svo mjög beri hér á milli frásagna þeirra stefndu og Ágústs, hefir dómarinn ekki, svo séð verði, bent stefndu á ósamræmið, né heldur spurt hana, eins og þó var fyrir hann lagt í úrskurði hæstaréttar 23. júní s. l., um tilefnið til komu hennar á hótelherbergi Ágústs. Ber nú að krefja þau stefndu og Ágúst ýtarlegri skýrslna um þetta atriði. Skal stefnda meðal annars um það spurð, hversvegna hún hafi dvalizt svo lengi hjá Ágústi ölvuðum í herbergi hans umrædda nótt, hvort hún hafi neytt þar víns og yfirleitt, hvað þau hafi aðhafzt.

3. Áfrýjandi skal um það spurður, hvernig hann hafi fengið vitneskju um dvöl stefndu hjá Ágúst í hótelherbergi hans í umrætt skipti.

4. Ennfremur ber að hlutast til um, að blóðrannsókn sé gerð á nefndum Ágústi Benjamínssyni, sbr. 2. mgr. 214. gr. laga nr. 85/1936.

Þar eð réttarskýrsla mun verða tekin í Reykjavík af Ágústi Benjamínssyni, þykir rétt að héraðsdómarinn þar taki einnig skýrslu af stefndu um ofangreind atriði, er hana varða, og samprófi þau síðan, hana og Ágúst, um það, er á milli kann að bera. Skal nefndur héraðsdómari gefa stefndu kost á að mæta í þessu skyni fyrir dómi í Reykjavík samkvæmt 214. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 114. og 124. gr. sömu laga. Ber héraðsdómurum þeim, sem með rannsókn máls þessa fara, að afla framangreindra skýrslna og upplýsinga svo fljótt sem verða má, svo og annarra þeirra skýrslna, er framhaldsrannsóknin kann að veita efni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómurum þeim, sem með rannsókn máls þessa fara, ber að afla framangreindra skýrslna og upplýsinga, svo og skýrslna um önnur þau atriði, er framhaldsrannsóknin kann að veita efni til.

Mánudaginn 6. nóvember 1939.

Nr. 62/1938. **Jóhannes Guðmundsson**
(Lárus Jóhannesson)
gegn
Skiptaráðandanum í dánarbúi Guðrúnar Eiríksdóttur, Hermundi Valdimar Guðmundssyni og Vilhelmínu B. Guðmundsdóttur og gagnsök
(Pétur Magnússon).

Framfærslusamningur. Arfskipti.

Dómur hæstaréttar.

Með kaupsamningi og afsalsbréfi, dags. 12. maí 1920, seldu hjónin Guðmundur Sigurðsson og Guðrún Eiríksdóttir, Ytra-Vallholti í Skagafjarðarsýslu, er þá gerðust hnigin á hinn efra aldur, tveimur sonum sínum, þeim Eiríki og Jóhannesi, allar eigur sínar, bæði fastan og flytjanda eyri. Var kaupverð eignanna kr. 18000.00, og skyldi það leyst af hendi svo sem hér segir: Kaupendur skyldu ala önn fyrir foreldrunum, meðan þau lifðu, og skyldi kaupverðið í notum þess standa vaxtalaust inni í búi kaupenda. Eftir lát þess foreldrisins, er fyrr létist, skyldi helmingur kaupverðsins, kr. 9000.00, að frádregnum útfararkostnaðinum, koma til skipta meðal lögerfingja þess, þó þannig, að það foreldrið, er lengur lifði, skyldi ekki taka arf eftir hitt. Kaupendurnir skyldu leysa af hendi arfahluta samerfingja sinna, en taka arfahluta sína undir sjálfum sér. Sama skipan skyldi á höfð um hinn helming kaupverðsins við lát þess foreldrisins, er lengur lifði. Guðmundur Sigurðsson er talinn hafa látizt á árinu 1922. Kom þá helmingur af andvirði félagsbús hjónanna til skipta milli

barna þeirra fjögurra, Eiríks, Jóhannesar, Hermundar Valdimars og Vilhelmínu, með þeim hætti, er ákveðið var í gerningnum frá 1920. Eiríkur Guðmundsson er sagður hafa látizt árið 1927. Eftir dauða hans ól Jóhannes, aðaláfrýjandi máls þessa, áfram önn fyrir Guðrúnu móður þeirra, enda stóð eignarhluti hennar af greindu kaupverði áfram inni í búi aðaláfrýjanda. Þann 6. janúar 1933 gerði hún þann samning við aðaláfrýjanda, að hann skyldi sem endurgjald fyrir framfærslu hennar hafa, eins og áður, eignarhluta hennar, kr. 9000.00, til vaxtalausra afnota í búi sínu, en auk þess skyldi hann eignast árlega kr. 500.00 af greindum eignarhluta fyrir framfærsluna. Þenna aukna framfærslueyri skyldi hann mega reikna sér frá árinu 1927, er Guðrún varð karlæg, og til dánardægurs hennar, þó þannig, að ef hún lifði svo lengi, að eignir hennar hrykkju ekki til hinnar ákveðnu meðgjafar, átti aðaláfrýjandi að ala önn fyrir henni endurgjaldslaust þann tíma, er hún eftir það ætti ólifað. Tveir vitundarvottar voru að þessum samningi þeirra. Lýsa þeir yfir því með áritun sinni á samninginn, að þeir hafi lesið hann upp fyrir Guðrúnu, hafi hún lýst efni hans vilja sínum samkvæmt og falið öðrum þeirra að rita nafn hennar undir hann. Loks segja vottarnir hana hafa verið andlega heila og vitandi vits, er hún hafðist þetta að. Þann 29. janúar 1936 lézt Guðrún. Við skiptin á dánarbúi hennar taldi aðaláfrýjandi að dragast ætti frá hinum upphaflega 9000 króna eignarhluta hennar í búi hans 4000 krónur, þ. e. 500 króna árlegur meðlagseyrir hennar í 8 ár, og ennfremur kr. 1006.00, útfararkostnaður Guðrúnar, sem aðaláfrýjandi telur til hægðarauka kr. 1000.00. Af þeim kr. 4000.00, sem þá séu eftir,

sagðist aðaláfrýjandi eiga að taka undir sjálfum sér arfahluta sinn, kr. 1000.00, og auk þess 1000 króna arfahluta Guðrúnar, dóttur Eiríks, bróður síns, með því að hann hefði þegar staðið henni skil á honum. Samkvæmt þessu taldi aðaláfrýjandi sér einungis lögskylt að reiða af höndum kr. 2000.00. Þessa fjárhæð bauð hann fram í skuldabréfum Kreppulánasjóðs með nafnverði, og taldi hann það sér heimilt samkvæmt 3. gr. laga nr. 78 frá 1933, þar eð skuldin væri stofnuð 1920. Systkin aðaláfrýjanda, Hermundur Valdimar og Vilhelmína, gagnáfrýjendur máls þessa, mótmæltu þessari reikningsgerð aðaláfrýjanda. Töldu þau að hafa ætti að engu samning þann, er aðaláfrýjandi og Guðrún móðir þeirra gerðu 6. janúar 1933, og að útkljá ætti arfskiptin eftir gerningnum frá 1920. Í öðru lagi staðhæfðu þau, að reikningur aðaláfrýjanda yfir útför móður þeirra væri hóflaus og að lækka ætti hann niður í kr. 500.00. Loks kváðu þau aðaláfrýjanda óheimilt að inna skuld sína við dánarbúið af hendi með skuldabréfum Kreppulánasjóðs. Urðu aðiljar sammála um að leggja þessi ágreiningsefni undir úrlausn skiptaréttar Skagafjarðarsýslu, er fór með skipti á dánarbúi móður þeirra. Komst skiptarétturinn að þeirri niðurstöðu í úrskurði, sem auðkenndur er I, að samningurinn frá 6. janúar 1933 væri ógildur að svo miklu leyti sem hann færi í bága við gerninginn frá 1920. Í úrskurði, auðkenndum II, kvað skiptaráðandinn svo á, að krafa gagnáfrýjenda um niðurfærslu á reikningi aðaláfrýjanda yfir kostnað hans við útför Guðrúnar móður þeirra skyldi ekki til greina tekin. Loks lét skiptarétturinn svo ummælt í úrskurði, auðkenndum III, að aðaláfrýjanda væri rétt

að greiða skuld sína við dánarbúið með skuldabréfum Kreppulánasjóðs.

Greindum úrskurðum hefir aðaláfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu 13. júní f. á. og gert þær dómkröfur, að úrskurðirnir II og III verði staðfestir, en að úrskurðurinn I verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir skiptaráðandann að skipta dánarbúi Guðrúnar Eiríksdóttur í samræmi við samninginn frá 6. janúar 1933. Ennfremur krefst hann þess, að gagnáfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjendur, sem skotið hafa málinu til hæstaréttar með stefnu 9. marz þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 10. febrúar s. á., krefjast þess, að úrskurður I verði staðfestur, en úrskurðirnir II og III verði ónýttir, útfararkostnaðurinn verði einungis talinn aðaláfrýjanda til tekna 500 krónum og að honum verði gert að reiða af höndum skuld sína við dánarbúið í peningum. Loks krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar af aðaláfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þess ber að geta, að skiptarétturinn þykir hafa átt dóm á ágreiningsefnum þeim, er í máli þessu greinir, með því að aðiljar þess urðu ásáttir um að leggja þau undir úrlausn hans.

Svo sem fyrr segir, var Guðrún heitin Eiríksdóttir með samningi sínum við aðaláfrýjanda 6. janúar 1933 að ráðstafa að sér lifanda eignarhluta sínum af andvirði félagsbús síns og hins látna eiginmanns síns. Þetta var henni heimilt, með því að sá skilningur verður ekki lagður í gerninginn frá 1920, að Guðrún hafi þar afsalað sér rétti sínum til að gera að manni sínum látnum nýja ráðstöfun á eignarhluta

sínum úr greindu félagsbúi, að því leyti sem henni var þess kostur vegna samningsákvæða við syni sína, þá aðaláfrýjanda og Eirík. Ekki gátu ákvarðanir hins látna eiginmanns hennar staðið í vegi slíkri ráðstöfun, með því að við skipti á eftirlátnum eigum hans hafði verið farið að þeirri tilskipan, er hann vildi á hafa um þær. Samkvæmt því, er nú var sagt, og þar sem telja verður eftir skýrslum málsins, að Guðrún heitin hafi verið hraust á sál, er hún gerði samninginn 1933, þá verður að meta samning þenna fullgildan og haga skiptum dánarbúsins í samræmi við hann.

Eftir því sem fram hefir komið í málinu, verður að telja, að reikningur aðaláfrýjanda yfir kostnað við útför móður aðilja sé óeðlilega hár og þar sem engin nánari grein hefir verið gerð fyrir hinum einstöku liðum hans, þykir rétt, að hann sé einungis tekinn til greina 500 krónum við skipti dánarbús hennar, eins og gagnáfrýjendur hafa krafizt.

Það verður að líta svo á, að skuld aðaláfrýjanda við dánarbú móður aðilja hafi stofnazt við gerninginn frá 12. maí 1920. Verður af þessum ástæðum ekki komizt hjá því að taka til greina þá kröfu aðaláfrýjanda, að honum sé heimilt að inna af hendi skuld sína við dánarbúið í skuldabréfum Kreppulánasjóðs með nafnverði.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Samningur sá, er aðaláfrýjandi, Jóhannes Guðmundsson, gerði við móður aðilja, Guðrúnu Eiríksdóttur, 6. janúar 1933, skal lagður til grundvallar við skipti á dánarbúi hennar.

Krafa gagnáfrýjenda, Hermundar Valdimars Guðmundssonar og Vilhelmínu Guðmundsdóttur, að reikningur aðaláfrýjanda yfir kostnað við útför Guðrúnar Eiríksdóttur skuli einungis greiddur 500 krónum úr dánarbúinu, skal til greina tekin.

Aðaláfrýjanda skal vera heimilt að reiða af höndum skuld sína við dánarbú Guðrúnar Eiríksdóttur í skuldabréfum Kreppulánasjóðs með nafnverði.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurðir Skiptaréttar Skagafjarðarsýslu 26. marz 1938.

I.

Hinum framlagða samning frá 12. maí 1920, rjskj. nr. 10, hefir eigi verið mótmælt að formi til.

Að efni til hefir hann að geyma þrennskonar ákvæði:

1. Sölu- eða afhendingarákvæði.
2. Framfærslusamning.
3. Sameiginlega erfðaráðstöfun.

Að 1. Gerningurinn, sem í fyrirsögn er nefndur: „Sölusamningur og afsalsbréf", er í eðli sínu samningur um eignaafsal gegn ákveðnu andvirði. Engar sérstakar eignir eru tilgreindar, hvorki jarðeignir né lausafé, er samið er um kaup á fyrir tiltekið verð, og afsal veitt fyrir, heldur látnar af hendi í einu „allar eignir fastar og lausar". Undir „allar eignir" falla því bæði peningar og verðbréf, ef til hafa verið. Hinn svonefndi samningur um sölu og afsal er því samningur um afhendingu allra eigna hjónanna Guðmundar Sigurðssonar og Guðrúnar Eiríksdóttur í Ytra-Vallholti til sona þeirra Eiríks og Jóhannesar gegn endurgjaldi í einu lagi, er ákveðið var kr. 18000.00, án þess að nokkuð í samningnum geti gefið upplýsingar um, hvort um sannvirði var að ræða á eignunum. Er samningurinn að þessu leyti mjög óvenjulegur sem sölusamningur.

Að 2. Vextir af andvirði hinna seldu eigna, kr. 18000.00, skyldu ganga til framfærslu gömlu hjónanna, á meðan þau lifðu, enda bræðurnir Eirikur og Jóhannes persónulega skuldbundnir til að framfæra þau fyrir þetta tiltekna gjald, og var þannig gengið frá framfærslu gömlu hjónanna í eitt skipti fyrir öll.

Að 3. Gerningurinn geymir í 3ja lagi sameiginlega erfðaráðstöfun, þar sem hjónin bæði saman og samtímis ákveða, að andvirði eigna þeirra, er samkv. samningnum skyldi standa sem vaxtainnstæða hjá sonum þeirra tveimur, skyldi skiptast að jöfnu milli lögerfingja þeirra að hjónunum látnum, sinn helmingurinn, eða kr. 9000.00, við lát þeirra, hvors um sig. Þetta ákvæði virðist beinlínis sett af ráðnum hug í því eina augnamiði að tryggja, svo sem verða mátti, að eignunum yrði skipt jafnt á milli allra lögarfanna, en gengi ekki til sumra þeirra frekar en annarra í framfærslueyris formi eða á annan hátt. Hefði svo ekki verið, var alveg óþarft yfir höfuð að setja nokkur sérákvæði um skiptingu arfsins. Þess ber og að gæta, að með arfskiptingarákvæðunum er því slegið föstu, að enginn kom til greina sem arftaki nema lögarfar, en þar með er því óbeint, en alveg ótvírætt, lýst yfir af hjónunum sameiginlega, að þau neyti ekki þess réttar, sem þau að lögum höfðu til þess að ráðstafa nokkrum hluta eigna sinna til annarra en lögarfa. Öllu þessu gátu gömlu hjónin breytt aftur í samningi. Og til annarra eigna þeirra, er þau síðar kynnu að fá, náðu erfðaákvæði samningsins ekki. Nú eru allar sameiginlegar arfaráðstafanir byggðar á þeirri forsendu, nema berum orðum sé á annan veg fram tekið, að þeim verði ekki breytt af öðrum eða einum aðilja án samþykkis hinna. Verður rétturinn því að líta svo á, að hér hafi verið um að ræða erfðaráðstöfun, er eigi varð riftað eða breytt, nema í sameiningu af báðum hjónunum á sama hátt og til hennar var stofnað. Um samninginn frá 6. janúar 1933 er það fyrst að segja, að hvorki handsal Guðrúnar né undirskrift vottanna hefir verið véfengt. Hinsvegar virðist vottorð vottanna, eins og ástatt var, vera harla veigalítil sönnun þess, að konan hafi verið sér þess fullkomlega meðvitandi, hvað hún var að gera. Sjálf er hún ca. hálf niræð að aldri og búin að vera karlæg í 5—6

ár. Virðist því eðlilegt að gera ráð fyrir, að lífsþróttur og minni hinnar háöldruðu karlægu konu hafi verið farin að þverra til muna, einkum að því er snertir hversdagslega viðburði. Hún er á framfæri sonar síns. Hann er hennar forsjá í einu og öllu. Hann útvegar mann til þess að skrifa samninginn (ómótmælt framhaldið af Valdimar Guðmundssyni) og hann útvegar vottana. Og allt þetta hnígur að því að færa honum hagnað, sem engin rök eru færð fyrir, að honum beri, með nýjum samningi við móður sína, er tæki ekki aðeins til þess tíma, er hún átti eftir ólifað, heldur skyldi samningurinn gilda 5 ár aftur í tímann, en það ákvæði eitt út af fyrir sig átti að færa honum 2500 króna hagnað á kostnað samerfingjanna 2ja. Þegar þannig var ástatt og með hliðsjón af aldri og heilsu gömlu konunnar, virðist, að ekki hefði mátt við minna hlíta en að vottarnir hefðu gengið úr skugga um og vottað í vottorði sínu, að konan hafi í raun og veru munað eftir öllum börnum sínum, gert sér grein fyrir, að verið væri að breyta eldri samningi, og það á þann veg, er miðaði að því að svipta 2 börn hennar allverulegum arfi að nokkru eða öllu leyti. Um form skjalsins að þessu leyti virðist því eigi umfjallað svo óhlutdrægt sem skyldi. Það sker þó úr um gildi samningsins frá 1933, að hann fer að efni til í bág við ákvæði hins eldra samnings frá 12. maí 1920, sem Guðrún Eiríksdóttir var að réttarins áliti eigi bær að breyta, eftir að maður hennar var dáinn, svo sem að framan er nánar skýrt. Ber því að úrskurða samninginn frá 6. janúar 1933 ógildan að svo miklu leyti, sem hann fer í bága við hinn fyrri samning.

Samkvæmt þessu ber erfingjanum Jóhannesi Guðmundssyni Ytra-Vallholti að gera skil til búsins á skuld hans við það samkvæmt samningnum frá 12. maí 1920 kr. 9000.00 ÷ útfararkostnaði kr. 1000.00 = kr. 8000.00 ásamt 5% ársvöxtum af þeirri upphæð frá dánardegi Guðrúnar Eiríksdóttur 29. janúar 1936. Hefir Jóhannes Guðmundsson að sínu leyti samþykkt, að skiptarétturinn úrskurði eigi aðeins um gildi yngri samnings gagnvart hinum eldri, heldur og um greiðsluskyldu hans samkv. hinum eldra samningi, ef skiptarétturinn kæmist að þeirri niðurstöðu, að hann væri enn í fullu gildi, sbr. 7 skj. nr. 14.

Því úrskurðast:

Samningurinn frá 6. janúar 1933 (rjskj. nr. 9) telst ógildur að svo miklu leyti, sem hann fer í bág við gerning hjónanna Guðmundar Sigurðssonar og Guðrúnar Eiríksdóttur í Ytra-Vallholti frá 12. maí 1920 (rjskj. nr. 10), en samkvæmt þeim gerningi (samningi) greiði Jóhannes Guðmundsson, bóndi í Ytra-Vallholti, til dánarbús Guðrúnar Eiríksdóttur kr. 9000.00 ÷ útfararkostnaði kr. 1000.00 = kr. 8000.00 — átta þúsund krónur ásamt 5% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 29. jan. 1936 að telja.

II.

Útfararkostnaðarreikningur Jóhannesar Guðmundssonar vegna útfarar Guðrúnar Eiríksdóttur, móður hans, er að upphæð, eins og hann liggur fyrir, kr. 1006.00 (sbr. rjskj. nr. 7), en Jóhannes hefir talið hann að upphæð kr. 1000.00 og dregur hann með þeirri upphæð frá skuld sinni við búið. Skiptarétturinn sér það eitt athugavert við reikning þenna, sem fremur óvanalegt má teljast, að Jóhannes reiknar sér kr. 100.00 fyrir persónulega fyrirhöfn sína auk allrar annarra vinnu vegna útfararinnar, sem virðist reiknuð fullu verði, auk alls útlagðs kostnaðar. En með tilliti til þess, að útfararkosnaðarreikningurinn er gjaldkræfur úr búinu í peningum sem forgangskrafa, en Jóhannes hefir fallizt á, að hann yrði greiddur með jafnri upphæð af skuld hans við búið, sem þó tæplega verður talið meira en ca. 800 króna virði, miðað við greiðslu í kreppulánasjóðsbréfum, þykir ekki ástæða til að taka kröfu Valdimars Guðmundssonar um niðurfærslu reikningsins til greina.

Því úrskurðast:

Kröfu Valdimars Guðmundssonar um niðurfærslu útfararkostnaðarreiknings á rjskj. nr. 7 ber ekki að taka til greina.

III.

Jóhannes Guðmundsson, Ytra-Vallholti, hefir krafizt þess að mega greiða skuld sína við dánarbú móður hans, Guðrúnar Eiríksdóttur, í kreppubréfum, þar sem skuldin sé

það gömul, að lög um kreppulánasjóð heimili slika greiðslu. Skiptarétturinn fellst á þá skoðun Jóhannesar Guðmundssonar, að greiðslu skuldarinnar í kreppulánasjóðsskuldabréfum verði eigi mótmælt, þar sem skuldin sé frá 1920, og ber því eigi að taka framkomin mótmæli Valdimars Guðmundssonar gegn því til greina.

Því úrskurðast:

Skuld Jóhannesar Guðmundssonar við dánarbú móður hans, Guðrúnar Eiríksdóttur frá Ytra-Vallholti, er honum rétt að greiða til búsins í kreppulánasjóðsbréfum.

Miðvikudaginn 8. nóvember 1939.

Nr. 32/1939. **Skipaútgerð ríkisins** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Geir H. Zoëga f. h. eigenda og vátryggjenda b/v Lincolnshire G. Y. 251 og gagnsök (Pétur Magnússon).

Ákvörðun bjarglauna.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. marz þ. á., hefir krafizt þess, *aðallega* að gagnáfrýjendur verði dæmdir til þess að greiða honum £5000—0—0 eða samsvarandi fjárhæð í íslenzkum krónum eða *til vara* lægri fjárhæð eftir mati dómsins, hvorttveggja með 5% ársvöxtum frá 2. des. 1938 til greiðsludags. Svo krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur, sem hafa að fengnu áfrýjunarleyfi 22. sept. 1939 skotið málinu til hæstaréttar með

stefnu 25. s. m., hafa krafizt þess, að upphæð sú, er þeim var gert að greiða í héraðsdóminum, verði færð niður eftir mati hæstaréttar og að hún verði talin í íslenzkum krónum. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í matsgerð 15. nóv. 1938 er verðmæti b/v Lincolnshire með búnaði og veiðarfærum talið hafa numið í öndverðu £23500—0—0. Verður það í íslenzkum krónum með núverandi gengi þeirra móti sterlingspundi (26.12) kr. 613800.00. Þar frá dregst fyrning, er í matsgerð var talin kr. 45000.00 og miðuð var við 520000.00 króna verðmæti skipsins, reiknuðu eftir þáverandi gengi sterlingspunds (22.15), en nú verður að hækka að sama skapi sem verðmæti skipsins hækkar í krónutali. Og verður fyrning þá hér um bil kr. 53000.00. Þá ber og að draga frá verðmæti skipsins áðurtöldu viðgerðarkostnað, sem metinn var kr. 80000.00. Verðmæti skipsins nemur þá kr. 613800.00 ÷ kr. 133000.00 = kr. 480800.00, og er þá ekki tekin til greina sú lækkun á sterlingspundi móti gullverði, er síðan hefir orðið og hækkað kann að hafa verð skipsins talið í sterlingspundum.

Þegar til greina er tekið það, sem nú hefir verið sagt, og það, að starf varðskipsins tók frá því, að það lét frá Seyðisfirði og þangað til það er talið hafa getað verið komið þangað aftur til starfa, er það skyldi þar hefja, nálægt 8 sólarhringum, þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 100000.00, er gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda með 5% ársvöxtum frá 2. des. 1938 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma gagnáfrýjanda til þess að greiða aðaláfrýjanda sam-

tals kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Geir H. Zoëga f. h. eigenda og vátryggjenda b/v Lincolnshire G. Y. 251, greiði aðaláfrýjanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur — með 5% ársvöxtum frá 2. des. 1938 til greiðsludags og samtals kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 22. febr. 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., er með samkomulagi málsaðilja höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 2. des. s. l., af Pálma Loftssyni, forstjóra hér í bæ, f. h. Skipaútgerðar ríkisins gegn Geir H. Zoëga, kaupmanni hér í bænum, f. h. eigenda og vátryggjenda b/v Lincolnshire G. Y. 251, til greiðslu björgunarlauna, að upphæð £5000—0—0, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu eftir reikningi eða mati réttarins. — Við hinn munnlega málflutning hefir sú varakrafa verið gerð af hálfu stefnanda, að framangreind upphæð verði ákveðin í íslenzkri mynt eftir núverandi gengi krónunnar.

Af hálfu stefnds eru gerðar þær réttarkröfur, að björgunarlaunin verði ákveðin eftir mati réttarins í íslenzkri mynt og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt sunnudagsins 30. okt. s. l., um kl. 3. f. h., strandaði b/v Lincolnshire G. Y. 251 við Hafnarnes í Dýrafirði rétt utan við Keldudal. Sendi togarinn þegar út neyðarskeyti, og komu bráðl. tveir enskir botnvörpungar á vettvang, svo og varðbáturinn Gautur. Á þremur næstu flóðum gerðu skip þessi tilraunir til að ná

togaranum út, en árangurslaust. Fyrri daginn var vindstaðan NA og síðar SV gola og snjóél, en síðari daginn (31. okt.) hægviðri og úrkomulaust.

Þegar togarinn strandaði, var v/s Ægir statt austur á Seyðisfirði og átti að taka þar farþega. Kl. 6,25 f. h. þann 30. okt. barst því skeyti frá Reykjavík, þar sem því, eftir beiðni vátryggjenda togarans, var boðið að koma honum tafarlaust til hjálpar. Var síðan haldið af stað kl. 7,26 f. h. sama dag norður um land og komið á strandstaðinn kl. 15,40 þann 31. okt. Tók varðskipið síðan að öllu leyti við björgunarstarfinu, flutti menn með 2 dælur og víra um borð í togarann, haldið var áfram að losa kol og ís, vatni dælt af tönkum o. s. frv. Um nóttina kl. 0,13 var reynt að draga togarann af grunni, en það misheppnaðist, þar sem dráttarvírinn slitnaði. Var þá logn og hreinviðri. Síðan var haldið áfram að losa kol úr togaranum. Á dagflóðinu kl. 12,30 var gerð ný tilraun og innan 15 mín. tókst að draga togarann af grunni. Héldu skipin síðan til Þingeyrar, og var komið þangað kl. 14,55. Lögðust skipin þar við bryggju, og athugaði kafari skemmdir á togaranum, sem hafði brotið tvö skrúfublöð og laskað talsvert plötur og kjöl. Veður var þá A 3, en byrjað var að brima. Var nú þriðja dælan frá Ægi sett um borð í togarann og annar undirbúningur hafinn til að draga hann til Reykjavíkur, en vegna óskyggilegs veðurútlits var ferðinni frestað þann dag og þann 2. nóv. kl. 14,15 var komið ANA 10 vindstig, og hélzt það veður svo lengi, að ekki var unnt að halda af stað fyrr en þann 4. nóv. Hafði varðskipið togarann í eftirdragi, og 4 menn frá Ægi voru um borð á leiðinni. Vindur var A 5—7 og tilsvarandi sjógangur. Var komið hingað til Reykjavíkur heilu og höldnu þann 5. nóv. kl. 5,32. Sama dag eða daginn eftir hélt Ægir síðan aftur áleiðis til Seyðisfjarðar til að sinna fyrrgreindum erindum, að því er stefnandi hefir haldið fram.

Hinn 14. nóv. voru síðan dómkvaddir 2 menn til að meta togarann, eins og síðar verður vikið að, og þann 17. s. m. var sjópróf haldið út af strandinu og eftirfarandi björgunarstarfi varðskipsins.

Það er ekki véfengt af hálfu stefnds, að um björgun í skilningi siglingalaganna hafi verið að ræða af hendi varðskipsins við umrætt tækifæri, en hins vegar telur hann

björgunarlaun þau, er stefnandi krefst, allt of há, og leggur það á vald réttarins að meta þau, eins og áður hefir verið greint.

Um atvik þau, sem skv. siglingalögum hafa áhrif á ákvörðun björgunarlauna, er þetta að segja:

Eins og sést á framangreindri lýsingu á atburðum, tókst björgunin ágætlega, enda er það viðurkennt í málinu.

Þá er það einnig viðurkennt og upplýst, að unnið var af atorku og verklagni af hálfu varðskipsins við björgunina, en um fyrirhöfn og tíma þann, er hún hafi tekið, greinir hinsvegar aðilja nokkuð á. Með skírskotun til þess, er að framan segir um málsatvik, verður að fallast á það með stefndum, að björgunin hafi verið tiltölulega auðveld fyrir varðskipið, og má m. a. benda á það, að búið var að losa meira en 60 tonn af kolum og ís úr togaranum, er Ægir kom. — Um tíma þann, er björgunin tók, heldur stefnandi því fram, að telja beri hann frá því, að varðskipið var kvatt til björgunarinnar frá Seyðisfirði, og þar til skipið kom þangað aftur, eða a. m. k. 9 sólarhringa. Hinsvegar telur stefndur, að í þessu tilliti sé ekki unnt að reikna með meira en 6 sólarhringum, eða frá því að skipið var kallað frá Seyðisfirði þann 30. okt. og þar til það kom til Reykjavíkur þann 5. nóv., og verður að fallast á þessa skoðun stefnds, enda ekki gegn mótmælum hans sannað, að Ægir hafi haft neinum landhelgigæzlu- eða björgunarstörfum að gegna á Austfjörðum á þessum tíma, og verður því að telja björgunarstarfinu lokið, er skipið var komið á heimilisstað sinn.

Hættu þá, er b/v Lincolnshire hafi verið í, telur stefndur að vísu nokkra, en þó ekki sérstaklega mikla, þar sem hann telur ekki ólíklegt, að skipum þeim, er við björgunartilraunir fengust, áður en Ægir kom á vettvang, hefði tekizt að ná togaranum, ef þau hefðu haldið áfram starfi sínu.

Það má að vísu teljast upplýst, að skipshöfn togarans hafi ekki verið í neinni sérlegri hættu, en hinsvegar verður að telja, að skipið sjálft hafi verið það, þegar tekið er tillit til þess, hversu veður versnaði, mjög skömmu eftir að Ægir hafi náð því út, svo og þess, hve það veður stóð lengi og skipið var, að því er virðist, á klettarifi. Og eftir því sem upplýst er um björgunartilraunir hinna fyrrtöldu skipa, virðist ekki unnt að gera ráð fyrir því, að þeim

hefði tekizt að bjarga togaranum, áður en veðrið skall á, enda er það viðurkennt af togaraskipstjóranum hér fyrir sjóréttinum, að þeim mundi ekki hafa tekizt það á sama flóði og Ægir gerði það, heldur kannske á næsta flóði á eftir, en þá var, eins og frá hefir verið skýrt, óveðrið skollið á, og því mjög sennilegt, að togarinn, á slíkum stað, sem hann var, hefði bráðlega eyðilagzt.

Um hættu þá, er varðskipið og skipshöfn þess hafi verið í, heldur stefndur því fram, að hvorttveggja hafi verið mjög lítið. Um varðskipið sjálft er það að segja, að það virðist ekki hafa verið lagt í neina sérstaka hættu við björgunina. Að vísu varð Ægir, sem ristir 5¾ m., um stund að fara á aðeins 7½ m. dýpi við strandstaðinn, en þá var bezta veður og sjólítið. Um björgunartæki og dælur frá Ægi má hins vegar segja, að hvorttveggja hafi verið lagt í nokkra hættu, bæði á sjálfum strandstaðnum og á leiðinni til Reykjavíkur. Hvað snertir skipshöfn varðskipsins, verður hún ekki talin hafa lagt sig í sérstaka hættu, nema helzt þeir 4 menn, er voru um borð í b/v Linconshire, en togarinn, sem var í eftirdragi, var, að því er virðist, nokkuð lekur og veður ekki upp á það bezta.

Um tjón, er björgunarmenn hafi beðið við björgunina, er ekki annað upplýst, en að fyrrtalinn vírstrengur (4") slitnaði, og hefir því ómótmælt verið haldið fram af stefnanda, að hann væri um 3 þús. króna virði.

Um tilkostnað björgunarmanna er það að segja, að skv. framlögðum reikningi hefir stefnandi greitt mönnum frá Þingeyri fyrir aðstoð við að losa kol o. fl. úr togaranum kr. 911.75, og ennfremur hefir hann sérstaklega krafizt kr. 117.00 sem launa stýrimanns og vélstjóra Ægis vegna dvalar í b/v Lincolnshire eftir 5. nóv. Hvorugum þessara liða hefir verið mótmælt, og verður því tekið tillit til þeirra við ákvörðun björgunarlaunanna. Þá er því og ómótmælt, að rekstrarkostnaður Ægis sé um kr. 1000.00 á dag, skipið sjálft vátryggt fyrir 900 þús. og björgunartæki þess fyrir kr. 50000.00.

Við hinn munnlega málflutning var aðeins drepið á það af hálfu stefnds, að Ægir væri ekki björgunarskip í skilningi siglingalaganna, heldur einungis varðskip. Að réttarins áliti er Ægir þó búið slíkum björgunartækjum, að hann, þrátt fyrir starfsemi sína í þágu landhelgigæzlunn-

ar, verður einnig að teljast björgunarskip, og verða björgunarlaunin því m. a. ákveðin með tilliti til þess.

Hér að framan hafa verið talin þau atvik, sem fyrst og fremst ber að taka tillit til við ákvörðun björgunarlaunanna. Um verðmæti hins bjargaða, sem þar næst kemur til athugunar, er þetta upplýst:

Skv. áðurnefndri matsgerð hinna dómkvöddu manna, var togarinn, sem smíðaður var árið 1937, með veiðarfærum og 30 tn. af kolum, í því ástandi, sem hann var hér á Reykjavíkurhöfn, eftir að honum var bjargað, metinn á kr. 391500.00. Krefst stefndur þess, að mat þetta verði lagt til grundvallar, enda hafi því ekki verið hnekkt með yfirmati. Stefnandi heldur því hins vegar fram, að mat þetta sé allt of lágt; í fyrsta lagi sé stofnverðið, sem matsmennirnir leggi til grundvallar, skakt reiknað í ísl. krónum og eigi að vera kr. 520525.00 (í stað kr. 520000.00) og mun þetta vera rétt. Í öðru lagi telur stefnandi, að matsmennirnir hafi tvítalið rýrnun af veiðarfærum og afskrift af búnaði (kr. 3000.00) og eigi matsverðið því að hækka um þá upphæð, en ekki verður séð, að þessi skoðun hafi við nein rök að styðjast. Loks telur stefnandi, að matsgerðinni sé áfátt að því leyti, að matsmönnum hafi láðst að taka tillit til þeirrar hækkunar (25—30%), er hann telur að hafi orðið á byggingarkostnaði togara síðan 1935, og skv. því telur stefnandi, að verðmæti togarans hafi verið um kr. 513000.00, er matið fór fram. En þegar af þeirri ástæðu, að ekki er gegn mótmælum stefnds sannað, að byggingarkostnaður slíkra skipa hafi verið nokkuð hærri í Englandi í árslok 1938 en þegar togarinn var byggður, þykir ekki unnt að staðhæfa, að verðmæti hins bjargaða hafi verið meira en í matsgerðinni greinir, eða (með framantaldri reikningsleiðréttingu) kr. 392025.00.

Að öllu framangreindu athuguðu þykja réttinum laun þau, er stefnanda ber fyrir umrædda björgunarstarfsemi Ægis og sem tildæmd verða í íslenzkri mynt, hæfilega ákveðin kr. 68000.00, er stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda með vöxtum, eins og krafizt hefir verið, enda hefir engum andmælum verið hreyft gegn þeim.

Eins og áður hefir verið minnzt á, hefir stefndur krafizt þess, að málskostnaður verði látinn falla niður, þar sem hann hafi aldrei neitað að greiða sanngjörn björgunar-

laun, en aðeins lagt það á vald dómstólanna að meta þau, eins og siglingalögin gera ráð fyrir, þegar aðiljar verða ekki ásáttir í því efni. Með tilliti til þessa svo og þess, að skv. framangreindum málsúrslitum er síður en svo unnt að segja, að stefndu hafi tapað málinu að verulegu leyti (sbr. 177. gr. laga nr. 85 1936), og þess, að flutningur málsins af hendi stefnanda virðist hafa verið mjög fyrirhafnarlítill, enda ekki aflað neinna gagna að ráði, þá þykir rétt að tildæma stefnanda aðeins málskostnað, sem samsvarar rúmlega útlögðum gjöldum, eða kr. 550.00.

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Hafsteinn Bergþórsson, framkvæmdarstjóri, og Ólafur Th. Sveinsson, skipaskoðunarstjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Geir H. Zoëga, f. h. eigenda og vátryggjenda b/v Lincolnshire G. Y. 251, greiði stefnandanum Pálma Loftssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins, kr. 68000.00 með 5% ársvöxtum frá 2. des. 1938 til greiðsludags og kr. 550.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. nóvember 1939.

Nr. 93/1938. **Aage Schiöth** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Sjúkrasamlagi Akureyrar
(Guðmundur I. Guðmundsson).

Um skyldu sjúkrasamlags til greiðslu lyfja, er samlagsmenn fengu í lyfjabúð utan samlagsumdæmis.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. sept. f. á. að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. samkvæmt 25. gr. laga nr. 112/1935. Krefst

hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 28.85 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1938 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi hefir krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Krafa áfrýjanda er af því risin, að nokkrir félagsmenn Sjúkrasamlags Akureyrar fengu lyf í lyfjabúð hans á Siglufirði árin 1936 og 1937. Sýndu þeir skilríki fyrir því, að þeir hefðu goldið stefnda iðgjöld, og greiddu ¼ hluta lyfjaverðsins, en telja verður, að með því hafi þeir vísað áfrýjanda á stefnda til greiðslu á eftirstöðvunum. Samkvæmt 38. gr. laga um alþýðutryggingar nr. 26/1936, er þá voru í gildi, áttu félagsmennirnir rétt til sjúkrastyrks frá stefnda, þótt þeir veiktust utan samlagssvæðis síns, en þó eigi hærri en ef þeir hefðu veikzt á samlagssvæðinu. Þeim var því rétt að vísa á stefnda um greiðslu, eins og að framan segir, en stefnda var vitanlega eigi skylt að greiða áfrýjanda önnur lyf né með hærra verði en orðið hefði, ef félagsmennirnir hefðu veikzt á samlagssvæði Akureyrar. Nú hefir stefndi engum mótbárum hreyft að því leyti gegn reikningi áfrýjanda, og verður því að dæma hann til að greiða kröfu áfrýjanda að fullu með vöxtum, eins og krafizt er.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sjúkrasamlag Akureyrar, greiði áfrýjanda, Aage Schiöth, kr. 28.85 ásamt 5%

ársvöxtum frá 1. janúar 1938 til greiðsludags og samtals kr. 400.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 20. júní 1938.

Með stefnu, dags. 24. mai s. l., krefst stefnandinn, Aage Schiöth, lyfsali, Siglufirði, að stefnd, Stjórn Sjúkrasamlags Akureyrar fyrir hönd Sjúkrasamlags Akureyrar, verði dæmd til þess að greiða sér kr. 28.85 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1938 fyrir lyf, sem nokkrir í stefnunni nefndir félagar í Sjúkrasamlagi Akureyrar hafa tekið út utan samlagssvæðis í lyfjabúð stefnanda. Svo krefst og stefnandi málskostnaðar að skaðlausu, sem í málflutningnum er krafizt með kr. 112.24. Umboðsmaður stefndu krefst, að stefnd verði sýknuð, fái tildæmdar kr. 60.00 í málsvarnarlaun og kr. 100.00 í ferðakostnað. Í hinni umstefndu kröfu eru aðeins innifalin ¾ úttekinna lyfja.

Stefndindi heldur því fram, að í 30. gr. alþýðutryggingalaganna felist skylda hvers sjúkrasamlags til þess að greiða lyfjabúð ¾ úttektar lyfja samlagsmanna einnig utan samlagssvæðis, þó þannig, að aldrei sé skylda hlutaðeigandi samlags ríkari en hún væri gagnvart samlaginu, ef úttektin hefði farið fram innan samlagssvæðis.

Að 30. gr. veiti þenna rétt ekki aðeins hinum tryggðu félögum sem rétt til endurgreiðslu á útlögðum lyfjakostnaði þeirra, heldur einnig lyfjabúð, sem lætur lyfin af hendi, án þess að sjúkrasamlagsfélagarnir greiði, og utan samlagssvæðis heimili 38. gr. sama rétt. Einnig heldur stefnandi því fram, að þótt þessi réttur verði ekki viðurkenndur beint leiða af lögunum fyrir lyfjabúðirnar, þá leiði hann þó af því, að sjúklingarnir verði að teljast hafa framselt þenna rétt sinn á stefndu með því að koma með lyfseðil í lyfjabúðina, sýna kvittað meðlimaskírteini rétt í Sjúkrasamlagi Akureyrar og neita að greiða meir en ¼ lyfjanna á þeim forsendum, að Sjúkrasamlagi Akureyrar beri að greiða ¾ lyfjanna. A. m. k. hafi stefnandi skilið þetta svo, enda hafi önnur sjúkrasamlög út um land, er stefnandi hafi átt viðskipti við, greitt ¾ lyfja, úttekinna í lyfjabúð Siglufjarðar, fyrir sjúkrasamlagsfélaga sína. Það torveldi og gagn alþýðutryggingalaganna fyrir sjúkra-

samlagsfélaganna, ef félagarnir geti ekki fengið út lyf utan sjúkrasamlags, með því að samlagið sé bundið við slíka úttekt, ef hún fer ekki út yfir þau takmörk, sem heimila félaga innan sjúkrasamlagsins endurgreiðslurétt hjá samlaginu fyrir úttekt lyfja, tekinna innan samlagssvæðis.

Stefnd mótmælir kröfum stefnanda og heldur fast fram, að lögin um alþýðutryggingarnar heimili samlagsmönnum aðeins sjálfum endurgreiðslurétt fyrir úttekt lyfjanna, en veiti lyfjabúðunum engan beinan rétt, nema samningar komi til. Engin viðskiptavenja hafi heldur myndazt í aðra átt og krafa stefnanda alls ekki framseld honum af samlagsmanni á stefndu, enda slikt framsal óframseljanlegt samkv. 87. gr. alþýðutryggingalaganna. Enda þótt eðlilegast hafi verið, að lögin um alþýðutryggingar — ákvæðin um sjúkratryggingu — hefðu veitt lyfjabúðum beinan rétt á samlögin innan þeirra skilyrða, sem samlagsmennirnir sjálfir hafa á sjúkrasamlögin til endurgreiðslu lyfja, því slíkt hefði verið að létta undir lyfjakaup fátækra manna, sem hefðu eigi fé til kaupa nauðsynlegustu lyfja, þó (svo) eru lögin þannig orðuð, að telja verður, að þau gangi aðeins út frá rétti samlagsmanna sjálfra á sjúkrasamlögin, en heimili eigi lyfjabúðunum slíkan rétt, enda þótt viðurkenna verði, að það væri samlagsmönnum til hagsbóta og hægðarauka að þurfa ekki að borga út lyfin, heldur aðeins að vísa lyfjabúðunum á samlögin.

Framsal hefir heldur eigi átt sér stað til stefnanda á kröfum samlagsmanna á samlagið, sem þó hefði eigi komið í bága við 87. gr. tryggingarlaganna, að því er snertir kröfu þá, er hér ræðir um, enda þótt framsal bótakröfu almennt sé eigi heimilt samkvæmt greininni.

Þá er heldur eigi hægt að telja, að nokkur viðskiptavenja hafi myndazt um (svo), er stefnandi gæti byggt á rétt sinn gegn stefndu.

Verður því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum verður að telja hæfilegt, að stefnandi greiði stefndu kr. 60.00 í málskostnað.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefnd, stjórn Sjúkrasamlags Akureyrar f. h. Sjúkrasamlags Akureyrar, sé sýkn af kröfum stefnanda.

Stefnandi, Aage Schiöth, lyfsali Siglufirði, greiði stefndu, stjórn Sjúkrasamlags Akureyrar fyrir hönd Sjúkrasamlags Akureyrar, kr. 60.00 í málskostnað.

Hið áfrýjaða að greiða (svo) innan 15 daga frá löglbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. nóvember 1939.

Nr. 35/1939. **Ásgeir Ásgeirsson** (sjálfur)
og Óli J. Ólason (Sigurður Ólason)
gegn
Mjólkurfélagi Reykjavíkur
(Gunnar Þorsteinsson).

Um það, hvort stofnazt hefði skylda til greiðslu framlengingarvíxils.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. marz þ. á., krefjast þess, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnda í málinu og að hann verði dæmdur til þess að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst þess hinsvegar, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það var ágreiningslaust, þegar mál þetta var flutt í héraði, að Eyjólfur Jóhannsson hefði selt framlengingarvíxil þann, sem áfrýjendur eru nú sóttir til að greiða, í Sparisjóði Mjólkurfélags Reykjavíkur og varið andvirði hans til greiðslu aðalvíxilsins, sem þá var í vanskilum í Landsbankanum. Hér fyrir dómi hefir verið horfið frá þessari lýsingu málsatvika af hendi stefnda. Skýrir hann

nú svo frá, að framlengingarvíxillinn, sem dagsettur var 8. apríl 1937, hafi verið sendur Kristjáni Sigurgeirssyni til áritunar samþykkis og hafi hann ekki verið kominn í hendur Eyjólfi þann 24. s. m., þegar Sparisjóður Mjólkurfélagsins leysti til sín aðalvíxilinn til að firra Eyjólf yfirvofandi málssókn af hendi Landsbankans. Hafi aðalvíxillinn legið síðan í sjóði sparisjóðsins, unz Eyjólfur hafi þann 4. maí s. á. greitt hann með framlengingarvíxlinum. Þessari skýrslu til sönnunar hefir stefndi lagt fram hér í dómi vottorð bókhaldara sparisjóðsins þess efnis, að sparisjóðurinn hafi keypt framlengingarvíxilinn 4. maí 1937. Áfrýjendur hafa eindregið mótmælt þessari frásögn og vottorði sem röngu og of seint fram komnu, og ennfremur hefir áfrýjandinn Ásgeir Ásgeirsson mótmælt vottorðinu vegna skorts á novaleyfi. Gegn þessum mótmælum geta hin nýju sakargögn ekki orðið lögð til grundvallar dómi í málinu. Það verður þess vegna að ganga út frá því, að Eyjólfur hafi selt sparisjóðnum framlengingarvíxilinn, áður en sparisjóðurinn hafði fengið eignarhald á aðalvíxlinum. Samkvæmt þessu og þar sem orðið „framlenging“ hafði verið ritað á framlengingarvíxilinn, þá gat hvorki Sparisjóður Mjólkurfélags Reykjavíkur né réttartakar hans öðlazt neinn víxilrétt á hendur áfrýjendum. Ber því að sýkna áfrýjendur af kröfu stefnda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, Ásgeir Ásgeirsson og Óli J. Ólason, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Mjólkurfélags Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. jan. 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 30. ágúst 1938, af Mjólkurfélagi Reykjavíkur hér í bæ, gegn Kristjáni Sigurgeirssyni, bifreiðarstjóra, Borgarnesi, og Óla J. Ólasyni, Aðalstræti 8, og Ásgeiri Ásgeirssyni, Rauðarárstíg 3, báðum í Reykjavík, til greiðslu víxils, að upphæð kr. 1900.00 og útgefins 8. apríl 1937 af stefndum Óla og samþykkts af stefndum Kristjáni til greiðslu í Landsbanka Íslands hér í bæ 8. október 1937, en á víxli þessum, sem afsagður var sökum greiðslufalls 11. október 1937, er stefndur Ásgeir ábekingur. Hefir stefnandi krafizt þess, að stefndir verði dæmdir til að greiða sér upphæð víxilsins, kr. 1900.00, með 6% ársvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags, ⅓% upphæðarinnar í þóknun, kr. 10.10 í afsagnarkostnað og málskostnað eftir mati réttarins.

Stefndir krefjast sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málsatvik eru þau, að á árinu 1935 seldi Eyjólfur Jóhannsson, framkvæmdarstjóri, stefndum Kristjáni bifreið fyrir kr. 2500.00. Greiddi Kristján kr. 500.00 af kaupverðinu í peningum, en samþykkti víxil fyrir eftirstöðvunum. Útgefandi víxils þessa var stefndur Óli, en ábekingar þeir stefndur Ásgeir hinn fyrri og ofannefndur Eyjólfur sá síðari. Var víxill þessi síðan seldur Landsbankanum, og mun andvirði hans hafa runnið til Eyjólfs. Víxillinn mun síðan hafa verið framlengdur nokkrum sinnum með sömu mönnum og með sama hætti. Þann 18. nóv. 1936 féll einn framlengingarvíxillinn í gjalddaga, og var víxilupphæðin þá kr. 1900.00. Víxillinn var nú hvorki greiddur né framlengdur, og var hann því afsagður sökum greiðslufalls þann 20. nóvember 1936. Lá víxillinn síðan í vanskilum, og höfðust skuldarar ekkert að, þangað til í apríl 1937, að Kristján samþykkir, Óli gefur út og Ásgeir ábekur 1900.00 kr. víxil, er greiðast skyldi í Landsbankanum 8. október 1937. Rituðu þeir orðið „framlenging“ á víxilinn, enda munu þeir hafa ætlazt til, að hann yrði beinlínis notaður til framlengingar

vanskilavíxlinum. Mun nú Eyjólfi hafa verið sendur víxill þessi og þá sennilega í þeim tilgangi, að hann ábekti hann og framlengdi síðan vanskilavíxilinn með honum. Eyjólfur ritaði þó ekki á víxilinn og mun ekki hafa reynt að framlengja vanskilavíxilinn með honum á venjulegan hátt í Landsbankanum. Hinsvegar strikaði hann yfir orðið „framlenging" á víxlinum og seldi hann síðan Sparisjóði Mjólkurfélags Reykjavíkur sem nýjan víxil án þess að láta víxilskuldarana vita, en með andvirðinu greiddi hann vanskilavíxilinn í Landsbankanum.

Þegar víxillinn í sparisjóðnum féll, gerðu víxilskuldararnir engin skil, og var hann því afsagður á greiðslustaðnum (í Landsbankanum) sökum greiðslufalls 11. október 1937. Þann 25. október 1937 voru þeir krafðir um greiðslu á víxlinum, en neituðu að greiða. Lá málið nú niðri um hríð eða þangað til Mjólkurfélag Reykjavíkur, stefnandi máls þessa, innleysti víxilinn til sín og höfðaði mál þetta gegn stefndum til greiðslu hans.

Stefndir byggja sýknukröfuna á því, að eftir atvikum þeim, er nú hafa verið rakin, sé útilokað, að sparisjóðurinn hafi eignazt hinn umstefnda víxil með formlega löglegri heimild. Hafi hann því aldrei öðlazt víxilrétt eftir honum. Víxillinn hafi borið með sér, að ekki var um nýjan víxil að ræða, heldur framlengingu víxils, er sparisjóðurinn hafi ekki haft undir höndum. Sparisjóðurinn hafi því átt að sjá, að um misnotkun var að ræða, og hafi hann því ekki getað vænzt þess að öðlast víxilrétt eftir víxlinum. Innleysandi geti, eins og hér stóð á, ekki hafa öðlazt meiri rétt en sparisjóðurinn, og beri því að sýkna þá af kröfum hans.

Því er óvéfengt haldið fram í málinu, að forstöðumanni sparisjóðsins hafi verið fullkunnugt um, að andvirði víxils þess, er sparisjóðurinn keypti, hafi verið varið til að greiða með því vanskilavíxilinn, og þar sem það var gert, verður ekki séð, að hlutur stefndu hafi á nokkurn hátt orðið verri fyrir það, að svo var farið með hinn umstefnda víxil, sem lýst hefir verið, heldur en þótt hann hefði verið notaður til framlengingar vanskilavíxlinum á venjulegan hátt, enda verður ekki séð, að milli Landsbankans og stefndu hafi verið neinir sérstakir samningar um áframhaldandi framlengingar gamla víxilsins. Ekki verður heldur talið, að nein ákvæði víxillaganna leiði til þess, að slík meðferð á víxli og

hér ræðir um, eigi að valda sýknu víxilskuldaranna, enda verður ekki talið, að hér sé um víxilfals að ræða, enda þótt á það megi fallast með stefndum, að meðferð Eyjólfs á víxlinum hafi verið óviðeigandi.

Verða málalok því þau, að stefndir verða dæmdir til að greiða stefnanda hinar umstefndu upphæðir með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, en eftir málavöxtum verður ekki talið rétt að dæma þá til greiðslu málskostnaðar, og verður hann því látinn falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Kristján Sigurgeirsson, Óli J. Ólason og Ásgeir Ásgeirsson, greiði stefnandanum, Mjólkurfélagi Reykjavíkur, kr. 1900.00 með 6% ársvöxtum frá 8. október 1937 til greiðsludags, ⅓% upphæðarinnar í þóknun og kr. 10.10 í afsagnarkostnað.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. nóvember 1939.

Nr. 123/1938. **Magnús Ísleifsson** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Veiðarfæraverzluninni „Geysir" h/f
(Guðmundur I. Guðmundsson).

Fébótamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. des. f. á., hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 316.80 með 6% ársvöxtum frá 22. nóv. 1935 til greiðsludags, kr. 254.30 í málskostnað í héraði og málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir flutningi málsins fyrir hæstarétti má gera ráð fyrir því, að ábreiða sú, er í máli þessu greinir, hafi verið keypt hjá stefnda.

Sigurður kaupmaður Ágústsson hefir vottað það í skjali, sem lagt hefir verið fram fyrir hæstarétti, að áfrýjandi sé eigandi kröfu þeirrar, sem mál þetta er risið af, og verða andmæli stefnda um aðild áfrýjanda því ekki tekin til greina.

Samkvæmt skýrslu efnafræðings 11. þ. m. var tilraun gerð með sýnishorn af dúki samskonar þeim, er var í téðri ábreiðu. Var sýnishornið lagt í lýsi með örlitlu af vatni, og tók lýsið í sig „svo lítinn grænan blæ, og virtist einkanlega, að liturinn losnaði úr, þegar dúkurinn var hreyfður í lýsisblöndunni". Virðist eftir þessu mega ætla, að fitan í heilagfiskinu, sem ábreiðan var lögð yfir í bifreið áfrýjanda, kunni að hafa leyst upp að nokkru græna litinn í ábreiðunni.

Stefndi hefir ómótmælt skýrt frá því í málinu, að bæði hafi hann og einhverjir aðrir árlega selt síðan 1920 allmikið af ábreiðum úr sama enska efninu sem var í oftnefndri ábreiðu, og hafi aldrei komið kvartanir um þær. Stefndi virðist því ekki hafa haft ástæðu til þess að ætla annað en að ábreiður þessar væru hentugar til þeirrar notkunar, sem þær voru ætlaðar til, enda virðast þær hafa verið alþekktar meðal þeirra, sem slíkar ábreiður nota. Því er ekki hreyft, að stefndi hafi á nokkurn hátt ýkt kosti eða dulið ókosti vörunnar, áður eða þegar kaupin tókust. Þykir stefndi því ekki verða gerður ábyrgur um tjón það, er notkun ábreiðunnar, sú er í máli þessu segir, er talin hafa valdið.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Veiðarfæraverzlunin „Geysir“ h/f, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Magnúsar Ísleifssonar, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. okt. 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 23. jan. 1936, af hrm. Lárusi Jóhannessyni hér í bæ f. h. Magnúsar Ísleifssonar, bifreiðarstjóra í Stykkishólmi, gegn stjórn Veiðarfæraverzlunarinnar Geysir h/f, þeim Kristni Markússyni, framkvæmdarstjóra, Arent Claessen, stórkaupmanni, og Sigurði Jóhannssyni, kaupmanni, öllum hér í bænum, f. h. félagsins til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 316.80 með 6% ársvöxtum frá 22. nóv. 1935 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndir krefjast sýknu og málskostnaðar.

Málavexti kveður stefnandi þá, að 4. júlí 1935 hafi umbjóðandi sinn keypt af stefndum, fyrir milligöngu Kaupfélags Stykkishólms, græna „preseningu“ til þess að hafa yfir vöruflutningabifreið sína. Um 20. júlí s. á. hafi hann síðan farið frá Stykkishólmi á bíl sínum með farm af lúðu til Reykjavíkur til tiltekins manns, er hafi keypt lúðuna á kr. 0.60 hvert kíló hingað komið. Er hingað kom, hafði það síðan komið í ljós, að nokkuð af lúðunni hafði tekið í sig grænan lit úr „preseningunni“, er var yfir henni á leiðinni, og hafi lögreglan hér skorizt í leikinn og látið efnarannsóknarstofu ríkisins rannsaka „preseninguna“ og hafi þá komið í ljós, að hún var lituð með koparsambandi, er efnarannsóknarstofan taldi eitrað. En eftir að heilbrigðisstjórnin hafi látið í ljósi álit sitt um málið, hafi niðurstaðan orðið sú, að lögreglan hafi látið eyðileggja 528 kg. af lúðu þeirri, er hafði tekið lit í sig. Telur stefnandi, að stefndur beri ábyrgð á skaða þeim, er hann telur, að umbjóðandi sinn hafi beðið af þessum sökum, en upphæð tjónsins telur hann kr. 0.60 × 528, eða kr. 316.80, eins og fyrr segir. —

Stefndir hafa reynzt ófáanlegir til að greiða stefnanda þessa upphæð, og því er mál þetta höfðað og í því gerðar framangreindar réttarkröfur.

Sýknukröfu sína hafa stefndir bæði byggt á því, að „presening" sú, er hafi litað lúðurnar, hafi ekki verið sú sama, sem keypt var hjá stefndu fyrir milligöngu Kaupfélags Stykkishólms, svo og því, að þótt svo væri, bæru þeir samt enga ábyrgð á umræddum fiskskemmdum. Hefir flutningur málsins og gagnasöfnun snúizt um þessi atriði, en í síðasta varnarskjali stefndu (réskj. nr. 16) hafa þeir einnig byggt sýknukröfu sína á því, að hinn skemmdi fiskur hafi verið eign tiltekins manns, Sigurðar Ágústssonar í Stykkishólmi, en ekki umbjóðanda stefnanda, og fullyrða, að umbjóðandi stefnanda hafi því ekkert tjón beðið. Á réskj. nr. 8 segir og fiskkaupmaður sá, er tók við lúðunni hér í bænum, að umbjóðandi stefnanda hafi flutt lúðuna til sín frá umræddum Sigurði.

Þessari nýju varnarástæðu stefndu hefir stefnandi ekki á réskj. nr. 17 eða síðar á neinn hátt mótmælt, hvorki sem of seint fram kominni né á annan hátt. Þykir því, eins og á stendur, verða að leggja þessa staðhæfingu stefndu til grundvallar, og verður þá þegar af þessari ástæðu að sýkna stefndu af framangreindum kröfum stefnanda. Málskostnaður verður þó eftir atvikum látinn falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Kristinn Markússon, Arent Claessen og Sigurður Jóhannsson f. h. Veiðarfæraverzlunarinnar Geysir h/f, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, hrm. Lárusar Jóhannessonar f. h. Magnúsar Ísleifssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 17. nóvember 1939.

Nr. 91/1938. **Jens Pálsson**
(Guðmundur I. Guðmundsson)
gegn
H/f Kveldúlfi (Jón Ásbjörnsson).

Um kaupeftirstöðvar og uppsagnarfrest aðstoðarmanns í vél á togara.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. sept. f. á. og gert þessar dómkröfur: *Aðallega* að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 455.31, en *til vara* kr. 30.31 og að vextir verði dæmdir 5% á ári af þeirri fjárhæð, sem til greina yrði tekin, frá 14. maí 1937 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar af stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Loks krefst hann þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur honum til handa í b/v Agli Skallagrímssyni R. E. 165 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Stefndi hefir krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í skiprúmssamningi áfrýjanda, sem í málinu getur, er tekið fram, að laun hans skuli vera 350 kr. á mánuði. Er ekki sannað, að áfrýjanda hafi átt að vera það ljóst, að laun hans ættu að vera önnur og lægri en þar er greint. Þykir hann því eiga rétt til kaupeftirstöðva þeirra, kr. 30.31, er hann krefst í máli þessu. Hinsvegar verður að telja samkvæmt ástæðum þeim, er í héraðsdóminum greinir, að áfrýjandi eigi ekki rétt til bóta vegna of skamms uppsagnarfrests, og ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um þann kröfulið.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 30.31 með vöxtum, eins og krafizt er, og ber að viðurkenna sjóveðrétt áfrýjanda í b/v Agli Skallagrímssyni R. E. 165 fyrir fjárhæðum þessum. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, h/f Kveldúlfur, greiði áfrýjanda, Jens Pálssyni, kr. 30.31 með 5% ársvöxtum frá 14. maí 1937 til greiðsludags, og á áfrýjandi sjóveðrétt í b/v Agli Skallagrímssyni R. E. 165 fyrir fjárhæðum þessum.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 1. júlí 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., er höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 24. nóv. s. l., af Jens Pálssyni, vélstjóra hér í bæ, gegn h/f. Kveldúlfi hér í bænum til greiðslu á kaupeftirstöðvum og skaðabótum fyrir of skamman uppsagnarfrest, að upphæð kr. 455.31 ásamt 5% ársvöxtum frá 14. maí 1937 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Ennfremur krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í b/v Agli Skallagrímssyni til tryggingar hinum tildæmdu upphæðum.

Í greinargerð sinni (á réskj. nr. 5) krafðist stefndur aðallega algerðrar sýknu af kröfum stefnanda og að honum yrði tildæmdur hæfilegur málskostnaður skv. mati réttarins, til vara að hinar gerðu réttarkröfur yrðu lækkaðar eftir mati réttarins, en þessa varakröfu sína hefir stefndur fellt niður við hinn munnlega flutning málsins.

Málavextir eru þeir, að hinn 27. marz 1937 var stefnandi þessa máls ráðinn sem skipverji á b/v Egil Skallagrímsson, eign stefnds í málinu. Skv. skiprúmssamningnum (réskj. nr. 3) var stefnandi ráðinn af umboðsmanni skipstjórans á togarann til fiskveiða sem „aðstoðarvélstjóri", eins og það er orðað í samningnum, og byrjaði vistartíminn 27. marz 1937, en lengd hans var óákveðin. Kaup stefnanda var þar ákveðið „samkv. samningi (kr. 350.00 á mánuði)". Á þenna samning hefir lögskráningarstjórinn hér í bæ ritað lögmælt vottorð; og samkv. staðfestu vottorði af skipshafnarskrá togarans eru þar samskonar ákvæði um stöðu og kjör stefnanda. Stefnandi vann síðan á togaranum til 14. maí 1937, er skipið hætti veiðum, og var hann afskráður úr skiprúmi þann dag. Hefir stefnandi ómótmælt haldið því fram, að uppsögnin hafi ekki verið tilkynnt honum fyrr en sama daginn og hann var afskráður, og telur hann, að þetta atferli stefnds hafi verið ólöglegt gagnvart sér, þar sem honum skv. sjómannalögunum beri mánaðar uppsagnarfrestur, en stefndur hefir ekki greitt honum nema kr. 541.36 fyrir starf hans, og heldur stefnandi því hinsvegar fram, að hann eigi hjá stefndum kaupeftirstöðvar, að upphæð kr. 30.31, auk eins mánaðar kaups (kr. 350.00) og fæðispeninga (kr. 75.00) vegna of skamms uppsagnarfrests, eða samtals kr. 455.31. Stefndur hefir reynzt ófáanlegur til að greiða stefnanda þessa kröfu, og er því mál þetta höfðað og í því gerðar framangreindar réttarkröfur.

Kröfu sína um sýknu af skaðabótakröfu stefnanda byggir stefndur bæði á því, að stefnandi hafi ekki, þótt sú ritvilla hafi komizt inn í skiprúmssamninginn, átt að vera aðstoðarvélstjóri á b/v Agli Skallagrímssyni, er hefir 600 ha. vél, og skv. b-lið 51. gr. laga nr. 104 1936 þarf því ekki að hafa aðstoðarvélstjóra, og svo hafi stefnandi heldur ekki getað verið aðstoðarvélstjóri skv. téðum lögum, þar sem upplýst er, að hann hefir aðeins rétt til að vera yfirvélstjóri á íslenzkum gufuskipum með 300 hestafla vél og minni, en það nægir ekki skv. 29. gr. laga nr. 104 1936 til þess að geta verið aðstoðarvélstjóri á skipi með meira en 300 ha. og allt að 800 ha. vél. Auk þess heldur stefndur því fram, að stefnandi hafi umrætt tímabil aðeins unnið á togaranum sem aðstoðarmaður í vél, enda hafi hann verið

ráðinn til þess og haft réttindi til að inna slík störf af hendi. — Telur stefndur því, að stefnanda hafi ekki borið mánaðaruppsagnarfrestur skv. 13. grein sjómannalaganna og því beri að sýkna sig af þessum kröfulið.

Stefnandi heldur því hinsvegar fram, að ráðningarsamningurinn marki réttarafstöðu sína að þessu leyti og skv. honum hafi hann verið ráðinn í þjónustu stefnds sem aðstoðarvélstjóri og unnið þar sem slíkur, og sé ekki um neina ritvillu að ræða í samningnum, að því er þetta snerti, enda hafi sjálfur lögskráningarstjórinn hér í bæ vottað (á réskj. nr. 6), „að hinir lögskráðu vélamenn skipsins fullnægðu lögákveðnum skilyrðum fyrir stöðum sínum á skipinu".

Eins og áður er tekið fram, er það upplýst í málinu, að stefnandi uppfyllti ekki þau skilyrði, sem sett eru í lögum nr. 104 1936 um atvinnu við siglingar til þess að geta innt af hendi aðstoðarvélstjórastarf á slíku skipi, sem hér um ræðir, og skv. 51. gr. (b-lið) sömu laga þarf ekki að hafa aðstoðarvélstjóra á þesskonar skipi, heldur auk 1. og 2. vélstjóra einn aðstoðarmann í vél, og það er upplýst, að stefnandi uppfyllti öll lögmælt skilyrði til að hafa það starf með höndum. Rétturinn verður því að líta svo á, að stefnandi hafi verið ráðinn til stefnds á b/v Egil Skallagrímsson sem aðstoðarmaður í vél, en ekki sem aðstoðarvélstjóri, þótt svo væri af misskilningi talið í áðurnefndum skiprúmssamningi og skipshafnarskrá, eins og áður er rakið. Og þar sem ekki er unnt að lögjafna frá ákvæði 2. mgr. 13. gr. sjómannalaganna um uppsagnarfrest á skiprúmssamningi vélstjóra til vinnusambands þess, er hér um ræðir, þá verður að sýkna stefndan af framangreindri skaðabótakröfu stefnanda.

Að því er snertir kröfu stefnanda útaf vangoldnum kaupeftirstöðvum, byggir hann hana á því, að svo hafi verið um samið, að hann fengi kr. 350.00 á mánuði í kaup, eða samtals yfir tímabilið 27. marz til 14. maí kr. 571.67, en hinsvegar hefir stefndur aðeins greitt honum kr. 541.36, og neitar frekari greiðslu, þar sem hann telur, að stefnandi hafi átt að fá kaup fyrir starf sitt sem aðstoðarmaður í vél. skv. samningi milli Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda annarsvegar og Sjómannafélags Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hinsvegar, en skv. þeim samningi (réskj.

nr. 7) á aðstoðarmaður í vél að fá kr. 331.45 í kaup á mánuði.

Eins og áður er lýst, segir svo í skiprúmssamningi aðiljanna „að kaup stefnanda“ skuli vera „samkv. samningi“ og svo er skrifað í sviga fyrir aftan „(350.00 á mánuði)“, og sama upphæð er tilgreind í skipshafnarskrá togarans (réskj. nr. 6). — En með skírskotun til þess, er áður segir um það, til hvaða starfs stefnandi verði að teljast hafa verið ráðinn, þykir nefnd upphæð ekki verða lögð til grundvallar að þessu leyti, enda ekki upplýst um neinn svohljóðandi samning milli aðilja.

Verður því að fallast á það með stefndum, að með því ákvæði skiprúmssamningsins, að kaup stefnda skuli ákveðið „samkv. samningi“, sé átt við fyrrgreindan samning á réskj. nr. 7. Og þar sem það er ágreiningslaust, að stefndur hafi greitt stefnanda kaup skv. þeim samningi, ber skv. framanskráðu einnig að sýkna stefndan af þessari kröfu stefnanda.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, h/f Kveldúlfur, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Jens Pálssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 17. nóvember 1939.

Nr. 97/1939. **Réttvísin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Alfred Hólm Björnssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Sviksamlegt atferli.

Dómur hæstaréttar.

Verknaður sá, sem ákærði hefir reynzt sannur að, þykir varða við 259. gr. almennra hegningarlaga

25. júní 1869. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að rannsóknardómarinn hefir ekki, svo séð verði, reynt að afla bréfs þess, er í prófunum getur og ákærði vísaði á, og það einnig, að Unnur Sigurðardóttir hefir ekki verið látin staðfesta með eiði skýrslu sína um, að hún hafi sent ákærða 5 krónur í nefndu bréfi.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Alfred Hólm Björnsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Gunnars Þorsteinssonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 10. júní 1939.

Ár 1939, laugardaginn 10. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni, settum lögreglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1209/1939: Réttvísin gegn Alfreð Hólm Björnssyni, sem dómtekið var þann 1. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Alfreð Hólm Björnssyni, vinnumanni í Nesi í Seltjarnarneshreppi, fyrir brot gegn 26. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869. Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1934 $^{30}/_{4}$ Kærður af Jóni Einis fyrir að aka bifreið á hjólreiðamann. Danske Lloyd greiddi skaðabætur.

1935 $^{6}/_{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.

1935 $^{1}/_{2}$ Sætt 5 króna sekt fyrir lögreglusamþykktarbrot.

1936 $^{9}/_{3}$ Dómur aukaréttar: 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir innbrotsþjófnað og 100 króna skaðbætur í sama máli.

1936 $^{2}/_{3}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.

1936 $^{1}/_{6}$ Kærður fyrir bifreiðaárekstur. Látið falla niður.

1936 $^{9}/_{7}$ Kærður fyrir ökuóhapp. Ekki talin ástæða til málssóknar.

Vorið 1938 sendi stúlkan Unnur Sigurðardóttir, Maragötu 2, sem þá átti heima á Smiðjuhóli í Borgarfirði, ákærðum, sem þá bjó á Holtsgötu 18 hér í bænum, í sendibréfi fjórðungsmiða nr. C 12798 í Happdrætti Háskóla Íslands og bað hann að endurnýja miðann þá og þar til hún kæmi til Reykjavíkur. Unnur kveðst hafa sent í bréfinu 5 króna seðil til að endurnýja fyrir, en ákærður hefir eindregið neitað að hafa fengið nokkra peninga í bréfi þessu, og gegn mótmælum hans er eigi sönnun fram komin fyrir, að svo hafi verið. Ákærður endurnýjaði nú miðann í 2 eða 3 skipti. Um sumarið fór hann til dvalar að Stóra-Hofi í Gnúpverjahreppi. Í ágústmánuði kom að Stóra-Hofi Sigurborg Sigurðardóttir, húsfreyja, Hellisgötu 7 í Hafnarfirði, en með dóttur hennar á ákærður sveinbarn, Björn

Reyni að nafni, sem er tveggja ára og hefir alltaf verið í fóstri hjá Sigurborgu.

Eitt sinn, meðan Sigurborg var stödd á Stóra-Hofi, sá hún happdrættismiðann hjá ákærðum og spurði hann, hvort hann ætti hann. Gaf hann ekkert út á það, en sagði svo, að „Bjarni" ætti hann, og nefndi hann nafnið Bjarni algerlega út í bláinn. Einnig gat hann þess, að hann (ákærður) gæti ekki framlengt miðann. Spurði þá Sigurborg hann, hvort hún mætti ekki eiga miðann. Játaði ákærður því. Sigurborg sagði þá að bezt væri, að hann gæfi drengnum Birni Reyni miðann. Þessu játaði ákærður einnig og fékk Sigurborgu miðann í hendur.

Hún endurnýjaði miðann bæði fyrir september og október, en í októberdrættinum unnust á miðann kr. 125.00. Sigurborg tók á móti vinningnum og eyddi honum til sinna heimilisþarfa auk þess sem hún endurnýjaði miðann til áramóta, þegar hún tók á móti vinningnum.

Eftir að októberdráttur hafði farið fram, kom áðurnefnd Unnur Sigurðardóttir hingað til bæjarins og fékk þá vitneskju, að unnizt hefðu kr. 125.00 á margnefndan miða. Hún talaði nú um þetta mál við Önnu nokkra Jónsdóttur, frænku ákærðs, en þá var hann ekki í bænum. Þegar hann kom til bæjarins, spurði Anna hann eftir miðanum, en hann synjaði fyrir að hafa fengið nokkurn miða. Anna sýndi engin skilríki fyrir, að Unnur hefði beðið hana að grennslast eftir miðanum, heldur sagði ákærðum einungis, að Unnur hefði beðið sig að gera það. Þá frásögn Önnu kveðst ákærður ekki hafa rengt.

Unnur hefir ekkert fengið greitt af því fé, er vannst á miðann.

Ljóst þykir, að happdrættismiði sá, er mál þetta snýst um, sé verðmæti, er sé hæft sem objekt sviksamlegra verka. Þykir atferli ákærðs, eins og því hefir verið lýst hér að framan, réttilega heimfært undir 255. gr. hinna almennu hegningarlaga og refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga. Skaðabótakrafa hefir eigi fram komið í málinu.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. jur. Kristjáns Steingrímssonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Alfreð Hólm Björnsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. jur. Kristjáns Steingrímssonar, kr. 50.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. nóvember 1939.

Nr. 105/1939. **Ísafjarðarkaupstaður**
(Guðmundur I. Guðmundsson)
gegn
Elliheimilinu Grund
(Pétur Magnússon).

Ábyrgð sveitarfélags á dvalarkostnaði gamalmenna á elliheimili.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. okt. þ. á. að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m., krefst sýknu og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdómsins hefir áfrýjandi greitt kr. 758.00 af dómkröfunni ásamt vöxtum. Er greiðsla þessi fúlga gamalmenna þeirra, er í málinu getur, til ársloka 1935. Ennfremur hefir hann greitt dæmdan málskostnað í héraði. Hinsvegar tel-

ur hann sér óskylt að greiða eftirstöðvar dómskuldarinnar, kr. 5164.58, vegna þess að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hafi með úrskurði 14. júní f. á. kveðið svo á, að Reykjavíkurkaupstað sé lögskylt að framfæra téð gamalmenni frá 1. janúar 1936. Úrskurður þessi varðar að engu lögskipti áfrýjanda og stefnda og getur þessvegna ekki haft áhrif á úrslit máls þessa. Með greindum athugasemdum þykir mega fallast á forsendur hins áfrýjaða dóms og ber því að staðfesta niðurstöðu hans að því er varðar kr. 5164.58 ásamt vöxtum.

Eftir þessum málslyktum þykir bera að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, sem ákveðst kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Ísafjarðarkaupstaður, greiði stefnda, Elliheimilinu Grund, kr. 5164.58 með 6% ársvöxtum frá 1. okt. 1937 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagði aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. febr. 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. janúar þ. á., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útg. 5. október 1937, af cand. jur. Magnúsi Thorlacius f. h. Elliheimilisins „Grund" hér í bænum gegn Ísafjarðarkaupstað til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 6042.58 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1937 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Í munnlega málflutningnum breytti stefndur kröfum sínum nokkuð frá því, sem þær eru í greinargerð hans, og eru þær eftir breytinguna: *Aðallega* að hann verði sýkn-

aður af greiðslu kröfunnar fyrir árin 1936 og 1937, *til vara* að hann verði sýknaður að svo stöddu af greiðslu þeirrar kröfu, og *til þrautavara*, að stefnukrafan verði lækkuð um upphæð reikningsliðanna „lyf og kirkjugjöld“ og um hækkunina á reikningi Jóns Snorra Árnasonar frá 1. febrúar til 30. september 1937, sem er kr. 15.00 á mánuði frá því, sem áður var.

Með stefnu, útgefinni 7. september 1935, höfðaði stefnandi máls þessa mál gegn stefndum til greiðslu vistgjalds tveggja þurfalinga stefnds, gamalmennanna Jóns Snorra Árnasonar og Sigríðar Guðmundsdóttur, fyrir tímabilið janúar—september (incl) 1935. Gekk dómur í málinu í héraði 16. júlí 1936 og í hæstarétti 7. júní 1937, og urðu úrslit þau í báðum réttum, að stefndur var dæmdur til að greiða stefnanda hin umstefndu vistgjöld ásamt vöxtum og málskostnaði.

Umrædd gamalmenni dvelja ennþá hjá stefnanda, en þar eð honum hefir ekki verið greitt með þeim frá 1. okt. 1935, þá hefir hann nú höfðað mál þetta gegn stefndum, sem hann telur skuldbundinn til að greiða fyrir þau bæði að samningnum og lögum, og gert í því áðurgreindar kröfur, sem sundurliðast þannig:

1.	Vistgjald fyrir Jón Snorra Árnason frá 1. okt 1935 til 1. febrúar 1937 kr. 135.00 á mánuði samtals	kr. 2160.00
2.	Vistgjald fyrir sama frá 1. febrúar 1937 til 30. sept. 1937 kr. 150.00 á mánuði samtals	— 1200.00
3.	Lyf fyrir Jón Snorra 1935 kr. 28.00, 1936 kr. 58.60 og 1937 kr. 41.70 samtals	— 128.30
4.	Kirkjugjald fyrir Jón Snorra, er stefnandi hefir greitt fyrir hann árin 1935, 1936 og 1937, samtals	— 14.00
5.	Vistgjald Sigríðar Guðmundsdóttur frá 1. okt. 1935 til 30. sept. 1937 kr. 105.00 á mánuði samtals	— 2520.00
6.	Lyf fyrir Sigríði Guðmundsdóttur 1936 kr. 2.25 og 1937 kr. 4.03	— 6.28

7. Kirkjugjald fyrir Sigríði Guðmundsdóttur, er stefnandi hefir greitt fyrir hana árin 1935, 1936 og 1937 samtals ..... kr. 14.00

Samtals kr. 6042.50

Aðalkröfu sína byggir stefndur á því, að eftir 1. jan. 1936 hafi hann losnað við skyldur sínar sem framfærslusveit nefndra gamalmenna og þær færzt yfir á Reykjavíkurbæ.

Í áðurnefndum hæstaréttardómi er ákveðið sagt, að í skiptum aðilja útaf gamalmennum felist skuldbinding af hálfu stefnds til að greiða stefnanda fúlgu með þeim. Og þareð stefndur hefir ekki sýnt, að neitt það hafi farið milli aðilja, er gæti haggað þeirri skuldbindingu, og hún verður á engan hátt talin raskast við gildistöku framfærslulaganna, verður sýknukrafan ekki tekin til greina.

Varakröfuna byggir stefndur á því, að úrskurðarvald um það, hvoru bæjarfélaginu, stefndum eða Reykjavíkurbæ, beri að greiða stefnanda fyrir gamalmennin eftir gildistöku framfærslulaganna, sé hjá framkvæmdarvaldinu, en ekki dómstólunum, og þareð úrskurðar þess hafi verið beiðzt um þetta atriði, en hann sé ókominn, leiði það til þess að sýkna beri sig að svo stöddu af greiðslu fyrir árin 1936 og 1937.

Svo sem áður er vikið að, telur rétturinn, að greiðsluskylda stefnds gagnvart stefnanda byggist á skuldbindingu stefnds, er sé fólgin í skiptum aðilja. Er því stefnanda rétt að beina málinu gegn stefndum og að fá dóm um kröfuna nú þegar, enda er dómur milli aðilja þessa máls ekki því til fyrirstöðu, að framkvæmdarvaldið úrskurði um það, hvoru bæjarfélaginu, stefndum eða Reykjavíkurbæ, beri endanlega að greiða skuldina eða í hvaða hlutföllum. Verður varakrafan því ekki tekin til greina.

Þrautavarakrafan. Í munnlega málflutningnum mótmælti málflutningsmaður stefnds því, að umrædd gamalmenni hefðu fengið nokkur lyf og sömuleiðis, að kirkjugjöldin hefðu verið greidd fyrir þau. Að þessum mótmælum er hvergi innt í greinargerð stefnds, enda þótt full ástæða væri til þess, ef þau á annað borð áttu að koma fram, þareð lagðir höfðu verið fram í málinu sundurlið-

aðir reikningar, þar sem þessar upphæðir voru sérstaklega tilgreindar. Verða hérgreind mótmæli stefnds því talin of seint fram komin og því ekki tekin til greina.

Hækkun sú, sem er á vistgjaldi Jóns Snorra, byggist á því, að hann var rúmliggjandi þetta tímabil og sérstakri samþykkt stjórnar stefnanda, dags. 15. jan. 1937, þar sem ákveðið er, að vistgjald slíkra manna skuli þá framvegis vera kr. 5.00 á dag eða kr. 150.00 á mánuði. Þessi hækkun nemur samtals kr. 120.00.

Af hálfu stefnanda er játað, að hækkun þessi hafi aldrei verið tilkynnt stefndum, en aðeins auglýst í blöðum og útvarpi.

Rétturinn telur því, að stefndur hafi aldrei orðið kröfuréttarlega bundinn við þessa hækkun, og ber því að taka þrautavarakröfu hans til greina að þessu leyti.

Verða málalok því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 6042.58 að frádregnum kr. 120.00, eða kr. 5922.58 með 6% ársvöxtum frá 1. okt. 1937 til greiðsludags, og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 450.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Ísafjarðarkaupstaður, greiði stefnandanum, Magnúsi Thorlacius f. h. Elliheimilisins „Grund", kr. 5922.58 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1937 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. nóvember 1939.

Nr. 66/1939. **Björn Þórðarson lögmaður**
(cand. jur. Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Lárusi Marissyni og
Lárus Marisson
(cand. jur. Freymóður Þorsteinsson)
gegn
Birni Þórðarson f. h. ríkissjóðs eða persónulega og Guðmundi Jónssyni
(Garðar Þorsteinsson).

Fébóta er krafizt útaf fógetagerð. Ákvæði héraðsdóms um bótaskyldu fógeta ómerkt og málinu vísað að því leyti frá héraðsdómi.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, Björn lögmaður Þórðarson, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. júní þ. á., hefir krafizt þess, *aðallega* að málsmeðferð og héraðsdómur verði ómerkt og málinu verði að því leyti sem það varðar lögmann og ríkissjóð vísað frá héraðsdómi, en *til vara*, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda, Lárusar Marissonar. Svo krefst aðaláfrýjandi, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 17. okt. þ. á. skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 20. s. m. Hefir hann krafizt þess, að aðaláfrýjandi f. h. ríkissjóðs eða persónulega og stefndi, Guðmundur Jónsson, verði in solidum dæmdir til þess

að greiða honum kr. 1500.00 með 5% ársvöxtum frá 1. júlí 1938 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir að fógetarétti, sem haldinn var 2. apríl 1937 á heimili gagnáfrýjanda, var slitið, fór fulltrúi aðaláfrýjanda ásamt umboðsmanni stefnda á skipasmíðastöð eina hér í bæ og fékk þar mann til að taka brott vél þá, er í máli þessu getur, úr bát gagnáfrýjanda Sindra Í. S. 4. Tók maður þessi tvo hluti úr vélinni, og virðist fulltrúinn hafa beðið á meðan á hafnarbakkanum, þar sem báturinn lá í nánd. Þessar aðgerðir virðast hafa farið fram að tilhlutan fulltrúans og miðuðu til þess að fyrirgirða færslu bátsins úr stað, þar til séð yrði fyrir lok fógetagerðarinnar. Sá þáttur, sem fulltrúinn átti í þessum aðgerðum, virðist vera atriði í þeirri fógetagerð, er framkvæma átti samkvæmt beiðni stefnda.

Samkvæmt 2. málsgr. 34. gr. laga nr. 85/1936 verður ábyrgð á hendur héraðsdómara, en í þeirra tölu er fógeti, ekki komið fram með málssókn í héraði, þegar svo er farið sem hér var. Í máli þessu var aðaláfrýjandi ekki bær að binda ríkissjóð. Úrlausn um bótaskyldu ríkissjóðs vegna dómaraverka hlýtur auk þess að byggjast á mati á þeim verkum, og varð slík úrlausn því ekki fengin í þessu máli með málsókn í héraði. Fyrir þessar sakir verður að ómerkja málsmeðferð í héraði og héraðsdóm og vísa málinu frá héraðsdómi ex officio að því leyti, sem því er stefnt á hendur aðaláfrýjanda fyrir hönd ríkissjóðs eða persónulega.

Stefndi, Guðmundur Jónsson, telur 150 króna víxil þann, er í málinu getur og gefinn var út 20. marz 1935 með gjalddaga 20. maí s. á., svo til kom-

inn, að gagnáfrýjandi, Lárus Marisson, hafi ekki getað greitt að fullu þann hluta vélarverðsins, er greiða skyldi á samningsdegi, þann 20. marz 1935, og hafi stefndi í greiðaskyni veitt honum greiðslufrest gegn víxli, er hljóðaði á þá upphæð, sem ógreidd var, svo að gagnáfrýjandi yrði ekki af kaupunum. Gagnstefnandi kveður víxilinn þar á móti vera vélarkaupunum óviðkomandi, heldur hafi stefndi lánað honum víxilupphæðina til útgerðar bátsins. Þessa skýrslu gagnáfrýjanda telur stefndi fjarri sanni. Með því að skýrsla gagnáfrýjanda um þetta er engum rökum studd, en skýrsla stefnda hefir sennileikann með sér, þykir verða að leggja hana til grundvallar. Hinsvegar verður ekki ætlað, að tilætlun stefnda, sem hlaut að eiga að standa firmanu skil á öllu því, er greiða bar á samningsdegi af kaupverði vélarinnar, hafi verið að gefa nokkuð eftir af þeim rétti, sem í kaupsamningnum segir, ef greiðsla brygðist. Og gat gagnstefnandi ekki vænzt þess, að kaupkjör hans yrðu að öðru leyti betri, þótt hann fengi greiðslufrest þann, sem telja verður hann hafa fengið. Greiðsludráttur á téðum eftirstöðvum þess, er greiða skyldi á samningsdegi, mátti því helga stefnda rétt til þess að taka vélina úr bátnum samkvæmt kaupsamningnum. Auk þess vissi stefndi, sem firmað, er vélina seldi, taldi samkvæmt óvéfengdri staðhæfingu hans ábyrgan um greiðslu allra eftirstöðva vélarverðsins, ekki um greiðslufrest þann, er firmað veitti gagnáfrýjanda fyrir milligöngu finnska ræðismannsins, fyrr en hlutirnir höfðu verið úr vélinni teknir, með því að hvorki firmað né gagnáfrýjandi höfðu látið hann vita um þetta atriði. Hafði stefndi því hagsmuna sjálfs síns

að gæta bæði vegna 150 krónanna, sem telja verður hafa verið ógreiddar af fyrra hluta vélarverðsins, og vegna greiðslu síðara hluta þess, sem stefndi vissi eigi annað en að hann yrði gerður ábyrgur um, enda taldi firmað sér rétt haustið 1937 að halda þeirri ábyrgð að honum. Það verður því að telja stefnda hafa verið rétt að láta taka oftnefnda hluti úr vélinni. Og með því að hann lét setja þá í hana næsta dag, þann 3. apríl 1937, þegar er hann hafði ákveðið að láta fógetagerðina niður falla, þá verður hann eigi gerður ábyrgur um það, að gagnáfrýjandi kann að hafa misst af einum róðri vegna brotttöku vélarhlutanna. Ber því að sýkna hann af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda samtals kr. 400.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti og til að greiða stefnda 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Með því Garðar hæstaréttarmálflutningsmaður Þorsteinsson hefir ekki áfrýjað ákvæði héraðsdómsins um sekt og ómerkingu, verður við það að sitja, þó með þeirri lagfæringu, að 2 daga einfalt fangelsi komi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Héraðsdómarinn, Halldór Júlíusson fyrrverandi sýslumaður, hefir í niðurlagi dóms síns dæmt lögmanninn í Reykjavík persónulega, án þess að nefna nafn, og tvírætt er það í niðurlagi dómsins, hverjum lögmaður skuli greiða. Svo vantar og dómsorð um kröfuna á hendur ríkissjóði. Loks hefir héraðsdómaranum láðst að tiltaka vararefsingu í stað sektar þeirrar, sem í niðurlagi dómsins greinir, eins og boðið er í 2. gr. laga nr. 13/1925.

Því dæmist rétt vera:

Málsmeðferð í héraði og dómur á að því leyti sem málið varðar aðaláfrýjanda, dr. Björn Þórðarson lögmann, persónulega eða fyrir hönd ríkissjóðs að vera ómerk, og er málinu að því leyti vísað ex officio frá héraðsdómi.

Stefndi, Guðmundur Jónsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Lárusar Marissonar.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 400 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti og stefnda 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Ákvæði héraðsdómsins um sekt og ómerkingu eru staðfest með þeirri viðbót, að 2 daga einfalt fangelsi komi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1939.

Mál þetta, sem flutt hefir verið skriflega, er eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. okt. 1938, af Fr. Þorsteinssyni og Kristjáni Guðlaugssyni f. h. Lárusar Marissonar gegn Guðmundi Jónssyni, kaupmanni, Hafnarstræti 11 hér í bæ, og lögmanninum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs eða persónulega til greiðslu skaðabóta in solidum, að upphæð kr. 1500.00 með 5% ársvöxtum frá 12 júlí 1938 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Þess utan krefst stefnandi, að orðin: „jafn þungur sveitarómagi á Reykjavíkurbæ“ og „vanskilamaður og sveitarómagi“ í varnarskjali hrm. Garð-

ars Þorsteinssonar verði dæmd dauð og ómerk og hann dæmdur í hina þyngstu sekt, sem lög leyfa fyrir þau.

Stefndur Guðmundur Jónsson krefst sýknu og málskostnaðar og að stefnandi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa þrætu, og lögmaðurinn krefst þess f. h. ríkissjóðs og persónulega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins, en til vara, að ábyrgð sín verði talin subsidær.

Málavextir eru þeir, að með bréfi til lögmannsins í Reykjavík, dags. 1. apríl 1937, beiddist Garðar Þorsteinsson hrm. þess, að hann með beinni fógetagerð væri settur inn í umráð vélar, er væri í mótorbátnum Í. S. 4, sem lægi hér á Reykjavíkurhöfn, allt samkvæmt heimild í sölusamningi Bröder Wickstörms Motorfabrik A/B og stefnanda í þessu máli, Lárusar Marissonar. Í sölusamningi þessum sem dagsettur er 20. marz 1935, er svo ákveðið meðal annars, að vélin sé eign seljanda, þar til kaupverð hennar sé að fullu greitt, og staðhæfir málfærslumaðurinn jafnframt í nefndu bréfi, að Lárus hafi ekki getað staðið í skilum með greiðslu á andvirði vélarinnar, án þess þó að upplýsa, hversu mikil vanskilin séu, eða ákveða nánar, hvað ógoldið sé af andvirðinu. Í bréfi þessu nefnir Garðar Br. W. M. A/B umbjóðanda sinn, en gefur þó síðar í máli þessu aðra lýsingu á afstöðu sinni til nefns firma. Samkvæmt þessari beiðni setur svo fulltrúi lögmanns, Kristján Kristjánsson, fógetarétt 2. apríl 1937 á heimili Lárusar Marissonar hér í bænum til þess að setja Garðar á ábyrgð hans inn í umráðarétt á greindri bátamótorvél vegna vanskila á greiðslu. Fógeti lagði fram í réttinum auk nefndrar beiðni 150 kr. eigin víxil Lárusar Marissonar, dags. 20. marz 1935, sem að forminu til er eign Landsbanka Íslands, en um þenna víxil er ekki getið í innsetningarbeiðninni, og svo fyrrgreindan kaupsamning milli B. W. M. A/B og Lárusar Marissonar um kaup og sölu á mótorvél, en ekki er heldur í kaupsamningnum getið greinds víxils sérstaklega. Gerðarþoli hittist nú ekki þarna heima hjá sér, og eftir ósk umboðsmanns gerðarbeiðanda var gerðinni frestað, „til þess að hægt væri að halda gerðinni áfram um borð í bátnum til þess að taka vélina úr honum“, eins og segir í fógetaréttarbókinni.

Það, sem nú skeður næst er þetta, að fulltrúi lögmanns kemur á vinnustöðvar Skipasmíðastöðvar Reykjavíkur, Mýrargötu 7, og biður yfirmann þar um mann til að taka mótor úr bát hér á Reykjavíkurhöfn, og er honum léður maðurinn Jónas H. Guðmundsson, sem ber það í málinu, að hann hafi ekið í bíl með fulltrúa lögmanns, Alfred Gíslasyni, Baldvini Jónssyni og einhverjum fleirum niður að bátnum, sem legið hafi í austur-hafnarkróknum vestan við kranann við kolabryggjuna, og hafi einn eða tveir bátar legið á milli umræddS báts og bryggjunnar. Þegar niður að höfn kom, segist Jónas fyrst hafa farið um borð í bátinn og eftir skoðun kallað upp: „Báturinn er læstur", og hafi þá tveir samferðamennirnir komið, þeir Alfreð Gíslason og Kristján Kristjánsson, annar farið um borð í bátinn til sín, en hinn að borðstokknum, þ. e. staðið í öðrum bát, sem lá við hliðina á Í. S. 4. Ekki getur vitnið munað, hvor þessara manna það var, sem kom til hans um borð, en rætt hafi verið um, að vélahúsið hafi (svo) læst", en hægt mundi með því að taka fjögur splitti úr við botnrammann að taka húsið upp og hafi það síðan orðið að ráði að gera það og hann, Jónas H. Guðmundsson, síðan gert það, og síðan hafi orðið samkomulag um, að nægilegt væri að taka magnetuna og vatnsrörið úr bátnum til þess að fyrirbyggja, að farið væri burt með bátinn, og segist hann ennfremur síðan hafa gert þetta. Fulltrúi lögmanns neitar því, að hafa verið annar þeirra tveggja, sem fóru um borð í bátinn og að borðstokk hans, og hefir bílstjóri Kristinn Ólason borið það sem vitni, að það hafi verið hann, sem staðið hafi við borðstokk bátsins, en Alfreð uppi í bátnum með Jónasi, en fulltrúi lögmanns lengst af setið í bílnum, meðan Jónas starfaði í bátnum, og aldrei farið út af hafnarbakkanum.

Ekki kemur nú berlega fram í málsútlistun aðilja, hvað orðið hafi af stykkjum þeim, sem úr bátnum voru tekin, en sennilega hefir vélamaðurinn haft þau í geymslu, að minnsta kosti eru þau honum nærtæk, þegar hann daginn eftir er beðinn um að setja þau á sinn stað eftir beiðni frá gerðarbeiðanda innsetningargerðarinnar, því að fógeti neitar að hafa beðið skipasmíðastöðina um það, en frá öðrum hvorum hlýtur beiðni sú, sem skipasmíðastöðin fékk daginn eftir, um að setja hin burtteknu stykki á sinn stað, að vera komin.

Þegar búið var að taka umgetna muni úr bátnum, virðist fógeti og fylgdarlið hans hafa hinkrað einhverja stund við hafnarbakkann í þeim beina tilgangi að vita, hvort gerðarþola bæri þar ekki að, og varð þeim að ætlan sinni, því að Lárus Marisson kom þar von bráðar, og eftir að hann er búinn að fá vitneskju um, hvað þarna hafði gerzt, mótmælti hann þegar framgangi gerðarinnar vegna þess, að búið væri að semja um eftirstöðvar af kaupverði vélarinnar og víxillinn væri kaupsamningnum algerlega óviðkomandi. Eftir nokkrar samræður um þetta verður það úr, að Lárus verður fógeta og hans fylgdarliði samferða upp á skrifstofu lögmanns í Arnarhvoli, og var fógetaréttur settur þar. Gerðarbeiðandi heldur fast við fyrri kröfur sínar, en gerðarþoli mótmælir gerðinni, þar sem um skuldina væri samið fyrir milligöngu finnska ræðismannsins. Segir stefnandi, að „þaðan", þ. e. úr fógetaréttinum, hafi verið hringt til finnska konsúlsins og að hann hafi staðfest þessa sögusögn sína, og hefir þessari málsútlistun ekki verið mótmælt sérstaklega af hvorugum hinna stefndu. Þegar hér er komið, óskaði gerðarbeiðandi, að gerðinni yrði frestað til morguns, og samþykkti gerðarþoli það með þeim skilmálum, að gerðarbeiðandi, Garðar Þorsteinsson, hrm., bæri fulla ábyrgð á því tjóni, sem gerðarþoli biði fyrir þessar sakir, og samþykkti umboðsmaður Garðars það, og enn lýsir gerðarþoli þarna yfir því, að víxillinn komi mótorkaupunum ekkert við. Er síðan gerðinni frestað og rétti slitið. Daginn eftir, 3. apríl, er enn settur fógetaréttur í málinu á skrifstofu lögmanns, og mætir þar gerðarþoli, en ekki gerðarbeiðandi, og bókar síðan fógeti, „að með því að gerðarbeiðandi er ekki mættur og enginn af hans hálfu, var ákveðið að láta gerðina falla niður."

Þenna sama dag, 3. apríl, voru síðan munir þeir, sem úr bátnum höfðu verið teknir, látnir í hann aftur, eins og áður hefir verið á vikið, að eiganda bátsins viðstöddum.

Telur nú stefnandi þessar fógetaréttaraðgerðir gagnvart sér, en sem lið í þeim skoðar hann einnig brottnám hlutanna úr vélinni, með öllu ólöglegar og óréttmætar og krefst því, að hinir stefndu, sem ábyrgir séu fyrir þeim, greiði sér bætur fyrir þann skaða, sem þær hafi bakað sér.

Það verður nú ekki litið öðruvísi á en að aðgerðir þær gagnvart stefnanda, sem lýst hefir verið, séu ólöglegar og

skaðabótaskyldar, ef skaði hefir af þeim hlotizt, geti þær ekki helgazt af ólöglega beittum fógetaréttarráðstöfunum gagnvart honum, og verður því fyrst að athuga nánar, hvort hér að öllu leyti ræðir um fógetagerðir eða ekki, og að því leyti sem um fógetagerðir er að ræða, hvort þær séu löglegar eða ekki. Eins og tekið hefir verið fram, lítur stefnandi svo á, að allt, sem fram við sig hafi komið í máli þessu, séu liðir í fógetagerð, þar með talið brottnám hlutanna úr bátnum, og eins virðist stefndur Guðmundur Jónsson líta á málið, en fógeti lítur öðruvísi á. Hann segist aldrei hafa fellt neinn úrskurð í málinu og aldrei hafa tekið neina afstöðu til gerðarinnar, hvorki neitað um framgang hennar eða leyft hann. Þegar skera skal úr um það, hvað skeð hafi fyrir fógetarétti, þá virðist fyrst og fremst verða að líta til þess, hvað fógetabók segir, og álykta að það, sem fógetabók þegir um, að gerzt hafi, hafi heldur ekki gerzt í fógetarétti, sérstaklega þegar ræðir um atriði, sem hefðu orðið aðalatriði gerðarinnar, ef gerzt hefðu í rétti. En nú er það svo í þessu falli, að fógetabók getur alls ekki um, að neinir hlutir hafi verið teknir úr bátnum, og ennfremur neitar fógeti því í málsútlistun sinni harðlega, að brottnám hlutanna hafi verið framkvæmt sem liðir í fógetagerð, en samt sem áður voru munirnir teknir úr bátnum, og virðist það því hafa verið ólöglegar utanréttarathafnir, sem sá verður að bera ábyrgð á, sem teljast verður frumkvöðull að þeim, og virðast þá böndin berast að fógeta og honum einum. Það er hann, sem á Skipasmíðastöð Reykjavíkur biður um mannalán til þess að taka vél úr mótorbát og fær það, og það verður að teljast með öllu ólíklegt, að öðrum hefði verið veitt sú aðstoð á skipasmíðastöðinni, þó fram á það hefði verið farið. Fógeti ber því nú í vænginn, að hann hafi ekki farið um borð í bátinn og engar fyrirskipanir gefið um þær aðgerðir, sem þar fóru endanlega fram. En þetta virðist ekki skipta máli. Eftir að fógeti er búinn að setja slík öfl á hreyfingu, verður það að vera á hans ábyrgð, hversu vel eða illa hann fylgist með framkvæmdunum, enda sízt meira aðgert en um var beðið. Fógeti neitar því hvergi berlega, að hann hafi vitað, hvað fram fór í bátnum, en stefnandi og meðstefndur tala um það sem in confesso, enda lítt hugsanlegt annað en svo hafi verið.

Þá vill fógetinn halda því fram, að stefnandi hafi samþykkt í fógetaréttarhaldi þetta kvöld, sem stykkin voru tekin úr vélinni, að gerðinni mætti fresta til morguns, og geti hann því ekki af þeim ástæðum krafizt skaðabóta fyrir frestunina. En á þetta verður þó ekki fallizt, því að hann (stefnandi) gekk ekki inn á neina frestun gerðarinnar, fyrr en hann hélt sig hafa tryggt sér trygga og góða ábyrgð á öllu því tjóni, sem hann biði við hana, og verður því ekki litið svo á, að hann með téðu samþykki hafi afsalað sér neinum rétti, sem hann annars hefði haft.

Eftir þessu verður stefndur Guðmundur Jónsson ekki talinn bera ábyrgð á brotttöku stykkjanna í vélinni. Hann beiddist einungis fógetagerðar og ekki frekar. En öðruvísi mundi horfa við um ábyrgðina á aðgerðum þeim, sem fram fóru fyrir fógetaréttinum, ef líta bæri svo á, að fógetagerðin hefði verið ólögleg frá upphafi og jafnframt bakað stefnanda tjón, en þar sem hér ekki verður metið svo, að stefnandi hafi beðið tjón af gerðinni sjálfri, virðist ekki vera ástæða til að fjölyrða mjög um þau atriði, er benda til ólögmætis hennar, en taka skal þó fram til fullnægju, að stefnandi virðist hafa sannað í málinu, að hann hafi greitt að fullu áskilið kaupverð fyrir bátsvélina samkvæmt upprunalegum samningi, án nokkurrar víxilútgáfu, og virðist þar með aftur sannað, að 150 króna víxillinn, sem var lagður fram við fógetagerðina, hafi ekki verið hluti af kaupverði vélarinnar. Þá er það viðurkennt af umboðsmanni stefnds Guðmundar Jónssonar, að víxillinn hafi verið það eina, sem honum hafi verið falið innheimta á og sem hann því ætlaði að innheimta með innsetningargerðinni, en engan veginn aðrar eftirstöðvar af kaupverði vélarinnar, enda virðist sú innheimta þá komin úr höndum Guðmundar Jónssonar og til finnska konsúlatsins hér, og virðist nauðsyn til bera, þrátt fyrir skýrslu Guðmundar í gagnstæða átt, að ætla, að honum hafi verið fullkunnugt um það, þegar innsetningargerðarinnar er beiðzt, því að annars er það lítt skiljanlegt, hvers vegna beiðni um innsetningargerðina ekki fól í sér kröfu um endurgreiðslu á öllum eftirstöðvum kaupverðs vélarinnar.

Í sömu átt, að víxillinn hafi ekki verið hluti kaupverðs vélarinnar, bendir það einnig mjög eindregið, að þó að víxillinn sé gefinn út sama dag og upprunalegur kaupsamn-

ingur um vélina, er gjalddagi hans annar, og fellur víxillinn fyrr en kaupsamningurinn, en mjög er ólíklegt, að stefnandi hefði viljað að nauðsynjalausu skerða þann gjaldfrest fyrir sér, sem hann var búinn að fá með kaupsamningnum.

Vegna þessara aðgerða gagnvart sér og bát sínum telur stefnandi sig hafa orðið fyrir þeim skaða, sem hér segir:

1. Að hann hafi misst af róðri, og telur hann tjón sitt af því kr. 500.00.
2. Að hann hafi beðið óbeint tjón innifalið í trausts- og álitsspjöllum og málskostnaði í skaðabótamáli gegn Garðari Þorsteinssyni útaf þessum sömu aðgerðum, sem hann tapaði, og telur hann tjón sitt af því kr. 1000.00.

Nema þessar kröfur samtals stefnukröfunni í þessu máli, er hér liggur fyrir.

Hvað síðari kröfuna snertir, þá verður nú ekki séð, að stefnandi eftir stöðu sinni og ástæðum hafi beðið nokkur trausts- og álitsspjöll við fyrrnefndar aðgerðir, og heldur ekki virðist tjón, sem stefnandi hefir beðið við árangurslaust skaðabótamál á hendur Garðari Þorsteinssyni, þó út af sömu aðgerðum sé, standa í því sambandi við aðgerðir þær gagnvart honum og bát hans, sem um ræðir í þessu máli, að hinir stefndu í því verði skaðabótaskyldir þar fyrir, og verður því þessari kröfu stefnanda ekki sinnt. En hvað fyrra atriðið snertir, virðast allmargar stoðir renna undir það, að svo muni hafa getað farið, að stefnandi hefði róið þarna um kvöldið eða nóttina, ef ekkert hefði í skorizt. Það virðist viðurkennt í málinu, að hann hafi haft sjófæran bát og ráðinn háseta á hann og veiðarfæri, og enn að þarna um kveldið hafi verið sæmilegt sjóveður, og loks að stefnandi hafi stundað sjó bæði undan og eftir að umgetnar fógetaaðgerðir á hendur honum áttu sér stað. Eftir atvikum verður að líta svo á, að það sé nægilega sannað, að hann hafi ætlað að róa þarna um kveldið, þrátt fyrir órökstuddar neitanir hinna stefndu á þessu, og virðist það enn styðja mál stefnanda, að hann hittist niður við bát sinn þarna um kveldið, en það sýnir berlega, að maðurinn vildi huga að sínu. Þegar kemur að því að ákveða, hversu mikið tjón hann hafi beðið við það að

missa af þessum róðri, þá er upplýst í málinu, og því ekki neitað sérstaklega, að þetta sama kveld hafi tveir sambærilegir bátar róið, og hafi annar þeirra aflað 650 kg. fiskjar (svo), en hinn 400 fiska, en þar sem stefnandi hefir ekki hirt um að upplýsa, hve þung sú veiði var, verður ekki unnt að miða skaðabæturnar við þann róður, þó hann að öllum líkindum hafi verið miklu stærri. Þá er enn upplýst í málinu, að á þeim tíma, sem hér ræðir um, hafi verð á fiski til bæjarbúa verið 15 aurar kg., og jafnframt hefir stefnandi staðhæft, að hann mundi hafa selt beint til bæjarbúa, og hefir þeirri staðhæfingu ekki verið andmælt sérstaklega af fógeta, og heldur ekki hefir hann, þrátt fyrir gott tilefni, upplýst neitt um, við hvaða verði heildsalar hafi þá keypt fiskinn af sjómönnum, og þykir því mega miða skaðabótaupphæðina við þetta 15 aura verð og meta, að stefnandi hafi misst af 650 kg. róðri á 15 aura kg. samtals kr. 97.50. Það er nú að vísu svo, að eitthvað hefði róðurinn kostað stefnanda í benzíni, smurningsolíu, veiðarfærum o. s. frv., en þar sem hinir stefndu hafa engar tilraunir gert til að upplýsa neitt um, hversu mikilli upphæð sá kostnaður mundi nema, þá þykir eftir atvikum mega sleppa honum, þar sem hér virðist einungis um lítið að ræða og róðurinn, sem miðað er við, lítill.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma verður fógetann í Reykjavík persónulega til þess að greiða stefnanda kr. 97.50 í skaðabætur með 5% ársvöxtum frá 12. júlí f. á. til borgunardags fyrir það, að stefnandi missti af róðri, vegna þess að bátur hans var gerður ósjófær með ólöglegu brottnámi hluta úr vél bátsins, athöfn, sem fógeti verður að teljast ábyrgur fyrir. Þá þykir og rétt að dæma fógeta til að greiða málskostnað, sem þykir hæfilega metinn á kr. 110.00. Þar á móti verður að sýkna meðstefndan Guðmund Jónsson af skaðabótakröfum stefnanda. Þá hefir stefnandi krafizt þess, að orðin: „jafn þungur sveitarómagi á Reykjavíkurbæ“ og „vanskilamaður og sveitarómagi“ í varnarskjali málfærslumanns Guðmundar Jónssonar, hrm. Garðars Þorsteinssonar, verði dæmd dauð og ómerk og hann dæmdur í hina þyngstu sekt, sem lög leyfa fyrir þau.

Hvað fyrst viðvíkur orðinu „vanskilamaður“, þá er það svo, að nokkur vanskil eru að vísu sönnuð á stefnanda,

en orðið er þungt, og virðist ekki næg vanskil af hálfu stefnanda upplýst í þessu máli til að réttlæta það og þykir því rétt að ómerkja orðið.

Um orðið „sveitarómagi" er það að segja, að það er nú ekki lengur lögheiti á styrkþegum hins opinbera og þykir særandi, og verður því nú að skoðast sem almennt skammaryrði. Skulu því orðin „sveitarómagi" og „jafnþungur sveitarómagi á Reykjavíkurbæ" dæmast dauð og ómerk, og greiði hrm. Garðar Þorsteinsson 25 króna sekt í ríkissjóð fyrir ósæmilegan ritháttt.

Sökum langvarandi innflúenzu-lasleika dómarans hefir dómsuppsögn þessi dregizt lengur en skyldi.

Því dæmist rétt vera:

Guðmundur Jónsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda í málinu, en lögmaðurinn í Reykjavik greiði honum persónulega kr. 97,50 í skaðabætur með 5% ársvöxtum frá 12. júli f. á. til borgunardags, svo og málskostnað, kr. 110.00.

Ummælin um stefnanda, „jafn þungur sveitarómagi á Reykjavíkurbæ" og „vanskilamaður og sveitarómagi", skulu vera dauð og ómerk, og hrm. Garðar Þorsteinsson greiði 25 kr. sekt fyrir ósæmilegan ritháttt.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1939.

Nr. 7/1939. **Sturla Jónsson og dánarbú Friðriks Jónssonar** (Theódór B. Lindal)

gegn

Helga Helgasyni

(Einar B. Guðmundsson).

Ágreiningur um, hvort kaupsamningur um hús hafi náð til tiltekins eldhúsbúnaðar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. jan. þ. á. og krafizt sýknu af kröf-

um stefnda í málinu og málskostnaðar af honum bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefir krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjendum fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir dómi hafa aðiljar komið sér saman um það, að verð eldhúsbúnaðar þess, er stefndi flutti burt úr húsinu nr. 11 við Laugaveg, eftir að hann hafi gefið áfrýjendum afsal fyrir því, sé hæfilega ákveðið kr. 627.00, eða jafnt kröfu stefnda á hendur áfrýjendum. Er krafa áfrýjenda um skuldajöfnuð nú eingöngu bundin við ofangreint andvirði hinna burtfluttu muna.

Stefndi hefir ekki sannað gegn mótmælum áfrýjenda, að umræddur eldhúsbúnaður hafi verið sérstaklega undanskilinn, er hann seldi áfrýjendum nefnda húseign. Það er venja, að slíkur eldhúsbúnaður fylgi húseignum við eignarskipti, sé ekki um annað samið, og hefir stefndi ekki sannað, að munum þeim, er í máli þessu greinir, hafi verið svo háttað, að ofangreind regla taki ekki til þeirra. Samkvæmt þessu ber að viðurkenna skuldajafnaðarheimild áfrýjenda og sýkna þá af kröfum stefnda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, Sturla Jónsson og dánarbú Friðriks Jónssonar, skulu vera sýknir af kröfu stefnda, Helga Helgasonar, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. okt. 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útg. 29. marz 1938, af Helga Helgasyni, trésmið hér í bæ, gegn Sturlu Jónssyni og Friðrik Jónssyni, kaupmönnum, Laufásvegi 51 hér í bænum, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 627.00 með 6% ársvöxtum frá 14. maí 1936 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndir krefjast sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Á meðan á rekstri máls þessa stóð hér fyrir réttinum, andaðist stefndur Friðrik, og hefir málinu síðan, að því er hann snertir, verið haldið áfram gegn dánarbúi hans.

Málavextir eru þeir, að með afsali, dagsettu 1. júlí 1921, afsöluðu þeir Sturla og Friðrik Jónssynir, stefndir í máli þessu, stefnanda húseigninni nr. 11 við Laugaveg hér í bænum. Með afsali, dagsettu 9. maí 1936, afsalaði stefnandi eign þessari aftur til stefndu, er síðar með afsali, dagsettu 20. maí s. á., afsöluðu henni til Sigurliða Kristjánssonar og Valdemars Þórðarsonar, kaupmanna hér í bænum.

Þegar stefnandi afsalaði stefndum húseigninni, var svo umsamið, að gjöld af henni skyldu skiptast um 14. maí, og samkvæmt framlögðu uppgjöri yfir gjöldin telur stefnandi, að stefndum beri að greiða sér hina umstefndu upphæð, en hún er mismunur þeirra upphæða, er stefnandi hafði greitt fyrirfram frá 14. maí að telja, og þeirra upphæða, er hann átti vangreiddar til sama tíma að telja, þ. á. m. vaxta af áhvílandi láni.

Stefndir hafa viðurkennt þessa kröfu stefnanda rétta, en byggja hinsvegar sýknukröfuna á því, að þeir eigi hærri kröfu á hendur honum, er þeir krefjast, að tekin verði til greina til skuldajafnaðar við stefnukröfuna.

Sundurgreinist stefnukrafan þannig: 1) gjöld, er þeir hafi umfram skyldu greitt af húseigninni nr. 7 við Þórsgötu kr. 115.88, 2) andvirði „innréttingar“ og skáps úr eldhúsum að Laugavegi 11 og verðmismunar vasks, er stefnandi hafi heimildarlaust tekið úr húsinu nr. 11 við Laugaveg, og annars, er hann hafi sett í staðinn, samt. kr. 771.00.

Um 1. Þegar stefnandi afsalaði stefndum húseign-

inni nr. 11 við Laugaveg, fékk hann hana m. a. greidda með húseigninni nr. 7 við Þórsgötu, og var svo um samið, að gjöld öll af þeirri eign skyldu einnig skiptast um 14. maí, og er viðurkennt í málinu, að stefndir höfðu þá greitt hérgreinda upphæð fyrirfram í ýmsum gjöldum. Hinsvegar krefst stefnandi sýknu af þessum lið gagnkröfunnar, þareð hann hafi greitt kr. 140.08 sem vexti og kostnað af veðdeildarláni af Þórsgötu 7, er á hafi verið fallið 14. maí og stefndum því borið að greiða. Og þar sem telja verður, að þessi staðhæfing stefnanda sé sönnuð í málinu, verður þessi liður gagnkröfunnar ekki tekinn til greina.

Um 2. Eftir að stefnandi afsalaði stefndum húseigninni nr. 11 við Laugaveg, tók hann þaðan úr tveimur eldhúsum eina „innréttingu", einn skáp og einn stóran vask, en setti minni í staðinn. Telja stefndir, að þetta hafi verið alveg óheimilt, en andvirði og verðmismun muna þessara telja þeir nema hérgreindri upphæð, en munirnir hafa þó hvorki verið metnir né þessi staðhæfing um verðmæti þeirra tekin gild af stefnanda.

Stefnandi viðurkennir að hafa tekið muni þessa, en telur, að sér hafi verið það heimilt, vegna þess að þeir hafi verið undanskildir, þegar hann seldi stefndum eignina. En þótt þetta yrði ekki talið sannað, telur stefnandi, að samt beri að sýkna sig af þessum lið gagnkröfunnar vegna þess, að ekkert af því, sem hann tók hafi verið þannig lagað fylgifé með húsinu, að sér hafi verið óheimilt að taka það.

Rétturinn lítur svo á, að ekki sé sannað í málinu, að umræddir munir hafi verið sérstaklega undanskildir við söluna á Laugavegi 11, og kemur því síðari málsástæða stefnanda til álita, en að því er hana snertir, verður að telja, að sönnunarbyrðin fyrir því, hvort umræddir munir hafi verið þannig lagað fylgifé með húsinu, að óheimilt væri að taka þá án sérstaks áskilnaðar, hvíli á stefndum.

Ekki liggur fyrir í máli þessu nein lýsing á hér um ræddum munum: „innréttingunni", skápnum og vöskunum og verður alls ekki séð, hvort „innréttingin" og skápurinn hafa í sjálfu sér verið þannig, eða í þannig löguðu sambandi við húsið, að þau almennt yrðu talin fylgifé þess, né heldur liggur fyrir nein slík lýsing á vöskunum, að unnt sé að gera sér grein fyrir, hvort stefnanda hafi

verið óheimilt að láta nýjan í stað hins gamla, eins og hann gerði.

Að þessu athuguðu verður að telja, að stefndum hafi ekki tekizt að sanna eða jafnvel að gera líklegt, að þeir eigi nokkra kröfu á hendur stefnanda útaf því, að hann tók umrædda muni úr húsinu, og verður þessi liður gagnkröfunnar því heldur ekki tekinn til greina.

Verða málalok því þau, að stefndir verða dæmdir til að greiða stefnanda hina umstefndu upphæð, en gegn mótmælum stefndu verða vextir ekki tildæmdir hærri en 5% p. a. og ekki fyrr en frá sáttakærudegi. Þá verður og að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 140.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Sturla Jónsson og dánarbú Friðriks Jónssonar, greiði stefnandanum, Helga Helgasyni, kr. 627.00 með 5% ársvöxtum frá 21. janúar 1937 til greiðsludags og kr. 140.00 í málskostnað innan 15 daga frá löglbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1939.

Nr. 38/1939. **Brandur Bjarnason**
gegn
Hildi Hjálmarsdóttur.

Dómur hæstaréttar.

Er mál þetta var þingfest þann 31. maí þ. á., var mætt af hálfu áfrýjanda, er fékk frest til októbermánaðar þ. á. Þann 30. október fékk hann framhaldsfrest til nóvembermánaðar. Er málið féll í rétt í dag, var ekki mætt af hálfu áfrýjanda.

Stefnda hefir fengið gjafvarnarleyfi 24. ágúst þ. á. og sér skipaðan talsmann, hæstaréttarmálflutningsmann Garðar Þorsteinsson. Krefst hann ómaksbóta

af áfrýjanda og kostnaðar við framhaldsrannsókn, þar á meðal kostnaðar við blóðrannsókn. Ákveðst ómaksbætur og kostnaður, er áfrýjanda ber að greiða nefndum talsmanni stefndu, kr. 100.00.

Því dæmist rétt vera:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Brandur Bjarnason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Áfrýjandi greiði skipuðum talsmanni stefndu, hæstaréttarmálflutningsmanni Garðari Þorsteinssyni, kr. 100.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1939.

Nr. 77/1939. **Gunnlaugur Stefánsson**
gegn
Vélsmiðju Hafnarfjarðar.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnlaugur Stefánsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1939.

Nr. 116/1939. **Búðahreppur**
gegn
H/f Shell „umboðð á Fáskrúðsfirði“.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Búðahreppur, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 6. desember 1939.

Nr. 103/1939. **Réttvísin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Tómasi Jónssyni og Sigríði Jónsdóttur (Garðar Þorsteinsson).

Þjófnaður og ólögmæt meðferð á annarra fé.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af hinum reglulega héraðsdómara Skagafjarðarsýslu, Sigurði sýslumanni Sigurðssyni.

Kindur þær, sem í 1.—10. og 13.—15. tölulið héraðsdómsins getur, kveðst ákærði hafa tekið í haga í því skyni að slá eign sinni á þær. Ber að heimfæra stuld þessara kinda undir 7. sbr. 8. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 1. tölulið 231. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærða, Tómasi Jónssyni, ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 250 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Tómas Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Garðars Þorsteinssonar, 250 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Skagafjarðarsýslu 22. ágúst 1939.

I.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Tómasi Jónssyni, bónda í Elvogum í Seyluhreppi, og fylgikonu hans, Sigríði Jónsdóttur, fyrir brot gegn 23. kap. og 25. kap. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á alm. hegningarlögum og viðauka við þau. Ákærðu eru bæði komin yfir lögaldur sakamanna.

Ákærði, Tómas Jónsson, er fæddur 19. apríl 1887, og hefir hann sætt eftirtöldum refsingum:

1. Sektaður um 30 krónur fyrir tíundarsvik samkv. dómi lögregluréttar Skagafjarðar, uppkveðnum 25. marz 1908.
2. Samkv. dómi landsyfirréttar, uppkveðnum 29. sept. 1913, var hann dæmdur í fangelsi við vatn og brauð í 4 × 5 daga fyrir brot gegn 250. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869.
3. Samkvæmt dómi landsyfirréttar, uppkveðnum 25. okt. 1915, var hann dæmdur í eins árs betrunarhúsvinnu

fyrir brot gegn 250. gr. og 272. gr. sbr. 273. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869.

4. Samkvæmt dómi lögregluréttar Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 6. jan. 1927, var hann dæmdur í 30 kr. sekt fyrir brot gegn 12. gr. laga nr. 44/1913.
5. Samkvæmt dómi hæstaréttar, uppkveðnum 6. des. 1929, var hann dæmdur í sex mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 250. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869.
6. Samkvæmt dómi hæstaréttar, uppkveðnum 2. apríl 1930, var hann sektaður um 100 kr. fyrir brot gegn 2. mgr. 11. gr. laga nr. 44/1913.
7. Samkvæmt dómi aukaréttar Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 2. sept. 1935, staðfestum með dómi hæstaréttar 3. apríl 1936, var hann dæmdur í tíu mánaða betrunarhúsvinnu fyrir brot gegn 250. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869.

Ákærða, Sigríður Jónsdóttir, er fædd 4. marz 1897 og hefir hún ekki áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

II.

Málavextir eru eins og hér segir.

Sunnudaginn 23. október síðastliðinn kærði hreppstjórinn í Staðarhreppi yfir því, að grunur léki á, að ákærði, Tómas Jónsson, hefði þá fyrir skömmu tekið úti í Staðarhreppi jarpan fola, sem vafi léki á, að væri hans eign. Samdægurs var kveðinn upp úrskurður um, að leitað skyldi í Elvogalandi að hesti þessum og jafnframt skyldi húsleit gerð í Elvogum, með því að stöðugur grunur hvíldi á ákærða um búpeningsþjófnað. Mánudaginn 24. október s. l. fór síðan fram húsrannsókn í Elvogum undir umsjón hreppstjóra Seyluhrepps. Var þá smalað öllum hrossum og sauðfénaði í Elvogalandi. Fór fram nákvæm markaskoðun á sauðfénaðinum, og voru brennimörk athuguð, en við skoðun þessa töldu skoðunarmenn, að ekkert athugavert hefði komið í ljós að þeirra dómi. Þá var bær og útihús rannsökuð, og töldu leitarmenn, að innanbæjar hefði ekkert fundizt, er grunsamlegt mætti þykja. En í niðurgröfnum kofa austan við bæinn fundust miklar birgðir af kjöti, sem mestmegnis reyndist að vera dilkakjöt, eitt steinolíufat fyllt að ⅔ með rígvænu sauðakjöti, en ofan á því var

nokkuð af skemmdu kýrkjöti, hrossamör, kindamör og lifur úr stórgrip, síldarstrokkur með nýsöltuðu hrossakjöti, milli hálfs og fulls, og kassi með allmiklu af hrossabeinum. Einnig fannst þarna í kofanum húð af slátraðri hryssu og var af henni rakað faxið og sterturinn skorinn af. Syðst í kofanum lá skrokkur af geldkind og talsvert af kindamör í iláti. Af svonefndum gamlabæjarhúsum voru uppi standandi tveir kofar. Í syðri kofanum var hengt upp nokkuð af kjöti af stórgripum og sauðfénaði til reykingar. Í gangi inn af nyrðri kofanum fundust 3 skemmdar gærur í poka. Upp í innganginn að þessum göngum var hlaðið. Við rannsókn á hrossum ákærða urðu leitarmenn ekki varir annars grunsamlegs hross en jarpa folans, sem varð tilefni þessarar rannsóknar.

Miðvikudaginn 26. október fór að nýju fram húsleit í Elvogum og nánari athugun á kjötbirgðum þeim, er fundust í fyrstu leitinni. Leiddi sú athugun í ljós, að af spaðsöltuðu kjöti voru þar fyrir hendi 264 kg. og einn kindarskrokkur, sem vó 26 kg., eða samtals 290 kg. af sauðakjöti. Töldu skoðunarmenn meginhluta kjötsins af fullorðnu fé. Taldist þeim til, að spaðsaltaða kjötið myndi vera af 17 kindum, en að þessari niðurstöðu komust þeir með talningu hælrófubitanna, sem í spaðkjötinu voru. Í heyrudda í tóftardyrunum á fjárhúsi fundu leitarmenn grafna gæru af kind þeirri, sem ósaltaði kroppurinn fannst af, og töldu þeir, að kindinni hefði verið nýslátrað, þegar fyrri húsleit fór fram. Fylgdi rófan gærunni, og féll sárið saman við sárið á kroppnum, er benti til, að gæran væri af honum. Var gæra þessi ljósgrá að lit. — Í fjárhúsi utantil við bæinn fundu leitarmenn blóðdrefjar í taðinu, og ennfremur afturfót af rauðu hrossi og folaldsfóstur. — Í mógröf sunnan við bæinn, sem full var af vatni, fannst haus af rauðu hrossi, en af honum voru skorin bæði eyrun, ennistoppur, nasir og neðrivör. Í mógröfinni fannst einnig framfótur og afturfótur af hrossi, og töldu leitarmenn vafalaust, að fætur þessir væru af sama hrossinu og afturfóturinn fannst af í fjárhústaðinu. Allar þessar hrossleifar voru nýlegar, og virtist leitarmönnum allt benda til, að þær væru af sama hrossinu og húðin fannst af í fyrstu leitinni. En af húðinni hafði júfurbótin verið skorin burtu. — Austan við bæjarhúsin grófu leitarmenn víða í gamlar rústir og

fundu þar allmikið af innýflum úr sauðfénaði, kjötstykki, úldnar gærur og fætur. Allt var þetta mikið skemmt af ýldu, og talið var vafalaust, að það væri frá síðastliðnu sumri. — Kjötið, sem hengt hafði verið upp til reykingar, áætluðu leitarmenn að vera myndi um 22 kg. Allt reyndist þannig kindakjötið um 312 kg. að þyngd. Kýrkjötið og hrossakjötið var hinsvegar ekki vegið, en leitarmenn töldu, að hrossið hefði verið geysivænt. Í kjötgeymslunni var fullt trog af lítið skemmdum kindamör og allmikið af tólg.

Fimtudaginn 27. okt. var rannsókn í Elvogum enn haldið áfram. Var þá ausin mógröf sú, er hrossaleifarnar höfðu fundizt í.

Fannst þar enn framfótur af rauðu hrossi, og töldu leitarmenn, að hann myndi vera af sama hrossinu og áður höfðu fundizt leifar af.

Úr mógröf þessari komu ennfremur upp 8 kindarhausbein og allmörg kindarhorn með brennimörkum ýmissa manna úr nágrenninu og hreppsbrennimörkum Seylu- og Staðarhreppa. Sama dag fór fram smölun á hrossum ákærða og var þá gerð nákvæm skrá yfir þau ásamt aldurslýsingu og tilgreining marka. Reyndust hrossin vera 58 að tölu, en 3 þeirra komu ekki fram við smölunina, og voru þau skrásett samkvæmt upplýsingum kunnugra manna. Töldu leitarmenn ekki vafa á um heimildir ákærða á öðrum hrossum en rauðri hryssu, er nefnd var „Glóð" eða „Álfhildar-Glóð" eða — „Glóa", og jarpa hestinum, sem áður getur.

Laugardaginn 29. október fór ennfremur fram rannsókn í Elvogum. Var þá sauðfénaði smalað og reyndust þar vera 32 kindur fullorðnar og 8 lömb, en leitarmenn töldu, að á vantaði eina á með lambi. — Tvær mógrafir voru nú ausnar og fannst í annari þeirra haus af gömlu hrossi, mikið rotinn, og töldu leitarmenn, að hann myndi vera frá s. l. ári. Einnig fundust þarna 3 ójárnaðir hrosshófar og nokkuð af taglhári. Í mógröfinni, sem var næst bænum, fundust horn af 3 ám, sem leitarmenn töldu vera frá síðastliðnu hausti. Horn þessi voru brennimerkt með brennimörkum 3ja nágranna ákærða. — Suðvestan við túnið í Elvogum fundu leitarmenn geysimikið af nýjum og gömlum hornum af ám, hrútum og lömbum og jafnvel sauðum. Tóku leitarmenn nokkurn hluta af þessum hornum í sínar vörzl-

ur, einkum það, sem þeim virtist nýlegt, og hafa verið lagðar fram í málinu skrár yfir horn þessi með tilgreining einkenna.

Fimmtudaginn 17. nóvember fór enn fram rannsókn á sauðfénaði ákærða. Við smölunina komu nú fram 33 ær, 1 hrútur og 9 lömb, eða samtals 43 sauðkindur, og kemur það heim við yfirlýsing ákærða um sauðfjáreign hans. Voru nú teknar 4 kindur úr fénaði ákærða, sem vafasamar heimildir þóttu á, og voru þær fluttar til hreppstjóra. Við athugun á mörkum og öðrum einkennum varð niðurstaðan sú, að tveim kindanna var aftur sleppt, en tvær, sem grunsamlegar heimildir þóttu á, voru hafðar áfram í haldi. — Mánudaginn 5. og þriðjudaginn 6. desember leituðu enn nokkrir menn í Elvogum og jusu upp mógrafir. — Undir lausarúmi í eldhúsi fundu þeir tvö kindarhorn, og hafa finnendur ákveðið haldið því fram, að hornin væru af nánar tilteknum kindum.

III.

Með eigin játningu ákærða, Tómasar Jónssonar, sem kemur heim við annað, sem er upplýst í málinu, er það fullsannað, að hann hefir slegið eign sinni á og stolið eftirtöldum búpeningi:

1. Á síðastliðnu hausti tók hann hvíta á fullorðna á túninu í Elvogum og slátraði henni í fjárhúsi þar heima. Þekkti hann, að Sigurður bóndi Þórðarson á Egg í Hegranesi átti ána, og hefir Sigurður krafizt þess í réttinum, að sér verði bætt ærin með 20 kr. iðgjaldabótum, er ákærði hefir samþykkt að greiða.

2. Í sama skipti tók hann einnig aðra á hvíta á túninu í Elvogum og slátraði henni um leið og framangreindri kind. Hefir hann einnig játað, að nefndur Sigurður Þórðarson hafi átt þá kind, en Sigurður hefir krafizt 20 kr. bóta fyrir kind þessa og ákærður samþykkt þá iðgjaldskröfu.

3. Skömmu eftir að ákærður tók ærnar frá Egg, sló hann eign sinni á fullorðna á, sem hann hefir kannazt við, að Ellert Jóhannesson, bóndi í Holtsmúla í Staðarhreppi, hafi átt. Kind þessa tók hann rétt fyrir austan Elvogatúnið og slátraði henni í fjárhúsi því, sem að framan greinir.

Hefir eigandi ærinnar krafizt 30 kr. bóta fyrir ána, og ákærði samþykkt þá kröfu.

4. Nokkru eftir að hann tók síðastnefnda á, tók hann og sló eign sinni á aðra á, er kom fyrir rétt austan við Elvogatúnið. Slátraði hann henni í sama fjárhúsinu. — Hefir hann játað, að nefndur Ellert Jóhannesson hafi einnig átt þessa kind, en Ellert hefir gert kröfu til 30 kr. iðgjaldsbóta fyrir hana, er ákærði hefir samþykkt.

5. Í sama skipti og ákærði tók tvær hinar síðastgreindu kindur, sló hann eign sinni á hvíta á, sem var komin í Elvogaland, rétt fyrir austan túnið. Slátraði hann henni um leið og hinum tveimur kindunum. Hefir hann játað, að kind þessi hafi verið eign Ingimars Bogasonar á Víðimýri, er hefir krafizt þess að fá ána bætta með 35 kr., og hefir ákærður samþykkt þá bótakröfu.

6. Skömmu síðar tók ákærður hvíta gelda á rétt hjá gamla bænum í Elvogum, sló eign sinni á hana og slátraði henni tafarlaust í framangreindu fjárhúsi. Hefir hann játað, að eigandi kindar þessarar væri Guðmundur Kaldbak í Steinholti í Staðarhreppi, sem krafizt hefir 30 kr. bóta fyrir ána, og hefir ákærði samþykkt þessa iðgjaldskröfu.

7. Í sama skipti og ákærður tók og slátraði síðastgreindri kind, sló hann eign sinni á hvíta geldær, sem hann hefir haldið fram, að hann vissi ekki, hver hafi átt. Hefir ekki orðið upplýst um eiganda þessarar kindar, sem ákærður slátraði.

8. Þá tók ákærður rétt fyrir síðustu sumarhelgi (14. eða 15. október) gráa á fullorðna fyrir suðaustan túnið í Elvogum og slátraði henni þegar í stað úti fyrir dyrum framangreinds fjárhúss. Hefir ákærður játað, að Sæmundur Jónsson bóndi á Bessastöðum í Staðarhreppi hafi átt kind þessa, og samþykkti hann bótakröfu frá honum, að upphæð kr. 35 fyrir kindina.

9. Í áliðnum septembermánuði s. l. tók ákærður á með lambi, sem hann hefir játað, að Halldór Björnsson á Seylu hafi átt. Kveðst ákærði hafa séð ána með lambinu fyrir sunnan og neðan Sjónarhólinn í Elvogum með þremur kindum, er hann átti sjálfur. Slátraði hann ánni og lambinu og hagnýtti sér afurðirnar. Eigandi kindanna hefir krafizt, að sér yrðu greiddar 60 kr. í skaðabætur fyrir kindurnar, og hefir ákærður samþykkt bótakröfuna.

10. Í sama skipti og ákærður tók ána, sem talin er undir

9. lið, stal hann hvítri á 7 vetra gamalli og slátraði henni. Hefir hann skýrt svo frá, að ær þessi hafi verið með kindum Halldórs á Seylu, og tók hann hana við Sjónarhólinn í Elvogalandi. Hefir hann kannazt við, að Guðvin Jónsson bóndi á Seylu hafi átt kind þessa. Guðvin hefir krafizt þess, að kindin verði bætt sér með 20 kr., og hefir ákærði samþykkt þá bótakröfu.

11. Haustið 1933 tók ákærður svarta á, er hann slátraði og hagnýtti sér. Við prófin hefir ákærði ekki fengizt til að gera grein fyrir því, hvar hann tók kind þessa. Hefir hann kannazt við, að Ellert bóndi Jóhannesson í Holtsmúla hafi átt kindina, en Ellert hefir krafizt, að kindin verði bætt sér með 20 kr., og ákærði samþykkt þá bótakröfu.

12. Sama haustið tók ákærður hvíta á þrevetra, og hefir hann viðurkennt að hafa hagnýtt sér kind þessa, en ekki gert grein fyrir, hvar hann tók hana. Ákærði hefir játað, að Ellert Jóhannesson í Holtsmúla hafi einnig átt þessa kind, og hefir Ellert krafizt, að kindin yrði bætt sér með 20 kr., og hefir ákærði samþykkt þá bótakröfu.

Eigandi beggja síðasttalinna kinda hefir í rannsóknarréttinum gefið þá skýrslu, að hann hafi haustið 1933 keypt 40 ær frá Syðra-Vatni í Lýtingsstaðahreppi. Um veturnætur sama haust missti hann 8 af þessum aðkeyptu ám. Voru þær hýstar eina nótt á Pálastöðum, en sleppt síðan. Sást síðast til þeirra, að þær lögðu á ásinn utan við bæinn Miklagarð. Sex af kindunum komu aftur til skila, en ákærður hefir viðurkennt að hafa tekið tvær þeirra, eins og að framan greinir.

13. Haustið 1936 tók ákærði kollótta á, sem hann segir, að komið hafi fyrir með kindum við Sæmundará vestan til í Elvogalandi. Slátraði hann kind þessari og hagnýtti sér afurðir hennar. Hefir hann játað, að Jón K. Jónsson, bóndi á Syðri-Húsabökkum í Seyluhreppi, hafi átt kindina, og hefir Jón krafizt 30 kr. bóta fyrir kindina, en ákærði samþykkt þá bótakröfu.

14. Síðla sumars 1937, rétt eftir fyrstu fjárréttir, tók ákærður svarthosublesótta á með lambi rétt fyrir sunnan Elvogabæinn, þar sem hún var í kindum hans. Slátraði hann ánni og lambinu og hagnýtti sér afurðirnar. Hefir hann viðurkennt, að Jónas Jónasson frá Hátúni í Seyluhreppi hafi átt kindina og lambið. Af eiganda hálfu hefir

verið krafizt, að ærin verði bætt með 25 kr., og hefir ákærði samþykkt þá kröfu.

15. Haustið 1937 tók ákærði grámórauða á, er komin var saman við fé hans í Elvogalandi og slátraði henni heima við. Hefir hann viðurkennt, að Jón Jóhannesson, ökumaður á Sauðárkróki, hafi átt þessa kind, en Jón hefir krafizt 30 króna bóta fyrir ána, og hefir ákærði samþykkt þá bótakröfu.

Ákærður hefir haldið því fram, að allar framangreindar sauðkindur, 17 að tölu, að tveimur undanteknum, sem hann hefir ekki þótzt geta gert grein fyrir, hvar hann tók, hafi verið komnar saman við fénað hans í landi jarðar hans, er hann sló eign sinni á þær, en neitað því að hafa sótt þær út fyrir landareign sína og rekið þær saman við fé sitt. Á hinn bóginn hefir hann viðurkennt, að honum hafi verið ljóst, að þær voru annarra eign, þegar hann tók þær til slátrunar og hagnýtingar.

Við rannsóknir þær á húsum og umhverfi þeirra í Elvogum, sem getur um í II. kafla hér að framan, fannst mikið af sauðahornum bæði í mógröfum og í námunda við bæinn.

Með eigin játningu ákærða er það sannað, að sumt af hornum þessum var af sauðkindum, er hann hefir stolið og taldar eru hér að framan, og kemur þetta heim við það, sem upplýst er með vitnaframburði í rannsókn málsins. En jafnframt er það upplýst, að margt af hornunum var þannig komið að Elvogum, að Páll Kjarrval, sonur ákærða, ýmist fékk horn í skiptum hjá börnum í nágrenninu eða að hann flutti þau heim frá Sauðárkróki, er slátrun stóð þar yfir.

16. Laugardaginn 22. október síðastliðinn fylgdi ákærður, Tómas Jónsson, bræðrunum Baldri og Erni Gunnarssonum frá Þverárdal í Bólstaðarhlíðarhreppi í Húnavatnssýslu vestur í fjöllin. Höfðu þeir komið að Elvogum og keypt nokkur folöld af ákærða. Með ákærða í þessari för var framannefndur Páll Kjarrval, 12 ára gamall drengur, sonur ákærða. Þegar þeir á heimleið riðu austur af Reykjaskarði sáu þeir rauða hryssu með hryssu, sem ákærði átti og nefnd er Rúnu-Skjóna. Vaknaði þá sá ásetningur hjá ákærða að taka hross þetta, slátra því og hagnýta það, enda þótt honum væri fullkomlega ljóst, að hryssan var

ekki hans eign. Seint á laugardagskvöldið, þegar allir voru sofnaðir í Elvogum, vakti ákærði Pál son sinn og lét hann fara með sér til að sækja hryssu þessa. Riðu þeir vestur í Skarðsárhóla, sem eru í Sæmundarhlíð milli bæjanna Skarðsár í Staðarhreppi og Fjalls í Seyluhreppi nálega þrjár bæjarleiðir frá Elvogum. Var rauða hryssan komin þangað ásamt hrossum þeim, er hún var með. Ráku þeir hrossin heim undir Elvoga, en þar tóku þeir rauðu merina og ráku hana með brúnni meri, sem ákærði átti inn í syðra fjárhúsið í Elvogum og létu hross þessi vera þar um nóttina. Í birtingu á sunnudagsmorguninn — daginn eftir — segist ákærði hafa skotið rauðu merina þarna í fjárhúsinu og gert hana þar til. Haus hennar og fótum sökkti hann í mógröf þar í nágrenninu, en skar áður af hausnum ennistopp, eyru og granir. Af húðinni rakaði ákærður faxið og skar af henni júfurbótina að mestu, svo eftir varð aðeins hálfur speni. Ákærður hefir haldið því fram, að mark á hryssunni hafi verið: Stýft hægra og fjöður framan vinstra, en það mark hefir ekki fundizt í markaskrám. Um aldur á hryssunni hefir ákærður haldið því fram, að hún muni hafa verið 12—13 vetra gömul. Upplýst er í málinu, að hryssa þessi var sótrauð á lit. Vitnið Halldór Benediktsson, bóndi á Fjalli, hefir borið það, að fyrir hádegi umræddan laugardag hafi ákærður komið til sín og fengið lánaða hjá sér byssu og þrjú skot til að lóga hrossi. Ákærði hefir undir rannsókn málsins stöðugt haldið því fram, að honum væri ókunnugt um, hver væri eigandi að þessari rauðu hryssu, sem hann stal og slátraði með þeim hætti, er greinir hér að framan. Segist hann helzt hafa haldið, að hún væri óskilahross vestan úr Húnavatnssýslu. Páll Kjarrval, sonur ákærða, hefir borið það, að hann hafi aðstoðað föður sinn við að slátra hryssunni og hafi faðir sinn vakið sig til þess á sunnudagsmorguninn. Kveðst Páll hafa athugað markið á hausi hryssunnar og hafi honum fundizt markið mjög líkt marki Steingríms Óskarssonar, bónda á Páfastöðum í Staðarhreppi, og hafi hann því verið þeirrar skoðunar, að Steingrímur ætti hryssuna. Ákærði hefir hinsvegar borið, að hann muni ekki til þess, að hann hafi vakið Pál á sunnudagsmorguninn til þess að hjálpa til við slátrunina, en þó hefir ákærði játað, að Páll muni hafa komið til sín,

á meðan hann var að gera merina til. Á hinn bóginn hefir ákærði haldið því fram, að Páll segi það ósatt, að hann hafi skoðað markið á hausnum af rauðu merinni. Segist ákærði hafa skorið eyrun af hausnum, áður en hann byrjaði að gera merina til, og stungið eyrunum í vasa sinn og geymt þau þar, á meðan hann gerði hrossið til. Af þessum ástæðum komi ekki til mála, að Páll hafi séð eyrun af hrossi þessu.

Framannefndur Steingrímur Óskarsson á Páfastöðum, sem leiddur var sem vitni í málinu, hefir borið það, að hann hafi vantað í haust af fjalli sótrauða hryssu, 12 vetra gamla, og folald, sem fylgdi henni. Hefir vitnið vandlega skoðað leifar hrossins, sem ákærður slátraði og hefir játað að hafa stolið, og hefir vitnið haldið því fram, að þær komi heim við það, að leifarnar væru af hryssunni, sem hann vantar, og sé hausinn, hæðin og fæturnir eins og á hrossi hans eða hrossi, sem sé alveg eins, að svo miklu leyti, sem séð verði af leifunum. Steingrímur hefir þó ekki viljað helga sér hið stolna hross með eiði, enda þótt hann þykist viss um, að það muni vera hans eign, því ekki hafi verið nægar leifar fyrir hendi, til þess að hann geti gert það fyllilega öruggur.

Hinn 23. september síðastliðinn fór fram skilarétt á hrossum í Fjallsrétt í Sæmundarhlíð. Þá slapp úr réttinni dökkrauð hryssa, sem ekki var athugað mark á, en var talin sem óþekkt aðkomuhross. Hryssa þessi fylgdi rauðskjóttri hryssu, sem ákærði átti, og sá vitnið Karl Valdimar Konráðsson, bóndi í Auðnum, þessa dökkrauðu hryssu 12. október síðastliðinn með hinni rauðskjóttu hryssu ákærða í hrossahóp austarlega í Reykjaskarði. — Við smalamennsku, sem fór fram mánudaginn fyrstan í vetri (24. okt.), fannst hryssa þessi ekki, en rauðskjótta hryssan var þá norðanvert við Reykjaskarð. — Ákærður hefir ekki viljað við það kannast, að það hafi verið ein og sama hryssan, sem slapp úr Fjallsrétt, og sú, er hann slátraði sunnudaginn 23. október, og viðhaft þau orð, að hann vildi ekkert um það fullyrða. — Nefndur Steingrímur Óskarsson hefir krafizt þess í málinu, að honum verði bætt þessi hryssa með 400 krónum. Einnig hefir hreppsnefnd Staðarhrepps krafizt þess, að ákærður bætti sveitarsjóðnum hryssuna með 200 krónum, þar sem um óskilahross væri að ræða, sem

myndi hafa verið selt sem óskilahross samkvæmt fjallskilareglugerð Skagafjarðarsýslu, ef því hefði ekki verið stolið, áður en næsta skilarétt var háð. Enda þótt sá framburður ákærða, að hann viti ekki, frá hverjum hann stal framangreindri hryssu, virðist allur næsta tortryggilegur, en hinsvegar séu að réttarins áliti framkomnar miklar líkur fyrir því, að umrædd hryssa sé eitt og sama hrossið og Steingrím, bónda á Páfastöðum, vantar, þykir þó ekki fengin fullnægjandi sönnun í málinu fyrir því, að hið stolna hross sé eign Steingríms, og verður því ekki auðið að taka iðgjaldskröfu hans til greina. Þá verður rétturinn að líta svo á, að ákvæði fjallskilareglugerðarinnar verði ekki heimfærð á þetta atriði, og brestur því heimild til að taka framangreinda kröfu hreppsnefndarinnar í Staðarhreppi til greina.

IV.

Með rannsókn málsins þykir það upplýst, að jarpi folinn, sem réttarrannsóknin reis af, sé rétt eign ákærða, Tómasar Jónssonar. Að vísu hefir vitnið Karl Konráðsson, bóndi í Auðnum, borið, að eignarheimild ákærða fyrir hrossi þessu sé vafa bundin að hans áliti. En framburður þessi þykir ekki með hliðsjón af skýrslu vitnanna Halldórs B. Benediktssonar, bónda á Fjalli, Helga Sigurðssonar, bónda í Torfgarði, og hreppstjóra Seyluhrepps, Björns L. Jónssonar, bónda á Seylu, nægilega ákveðinn til þess, að eignarheimild ákærða fyrir téðu hrossi verði véfengd. Vitnið Halldór B. Benediktsson hefir borið, að folinn hafi verið með marki Sigríðar Jónsdóttur, bústýru og fylgikonu ákærða, þangað til síðastliðið vor, að graðhestur beit hann í hægra eyra í réttinni á Fjalli í Sæmundarhlíð. Þenna framburð hefir vitnið Helgi Sigurðsson staðfest. En vitnið Björn L. Jónsson hefir lýst yfir því, að það kannist við folann sem eitt af hrossum ákærða og ógrunsamlegan.

Við rannsóknina á hrossum ákærða, er fór fram 27. október, var tekin til sérstakrar varðveizlu fullorðin rauð hryssa glófext, sem vafi þótti á, að ákærði hefði eignazt á heiðarlegan hátt, og með henni folald og tryppi, sem fylgdu henni. Mark á hryssu þessari er: Stýft, lögg aftan hægra og hófbiti framan vinstra. Hryssuna hefir ákærði nefnt „Glóð“ eða „Álfhildar-Glóð“ eða „Álfhildar-Glóu“.

Hefir hann stöðugt haldið því fram, að þessi hryssa sé hans réttmæt eign, og hafi hann átt hana frá fæðingu hennar. Segir hann hryssuna vera undan hryssu, sem hann nefnir „Hofdala-Glóu“ og einnig hafi verið hans eign. Í fyrstu bar ákærði, að „Glóð“ væri á aldrinum 10—12 vetra, en síðar undir rannsókn málsins hefir hann haldið því fram, að hún væri 9 vetra, en hann hafi misminnt um aldurinn. Hrossamark ákærða er: Stýft hægra og hófbiti framan vinstra, og hefir hann haldið því fram, að það mark ætti að vera á þessari hryssu, en hefir enga grein getað gert fyrir því, hvernig stendur á lögginni aftan á hægra eyra hrossins, og haldið því fram, að hann hafi ekki haft hugmynd um, að löggin væri á eyranu fyrri en nú, að rannsókn máls þessa leiddi hana í ljós. Hann hefir haldið því fram, að þeir Jónas Gunnarsson, bóndi í Hátúni, og Friðrik Sigfússon, bóndi í Jaðri, hafi markað hryssuna, þegar hún var folald, niðri í Glaumbæjareyjum. Hefir nefndur Jónas Gunnarsson borið það í málinu, að rétt muni vera, að téður Friðrik Sigfússon hafi markað folald undan hryssunni Hofdala-Glóu niður í Glaumbæjareyjum fyrir allmörgum árum og hann aðstoðað hann við mörkunina, en segist ekkert geta um það sagt, hvort „Glóð“ sé sama hrossið og þá var markað. Í málinu er einnig fyrir hendi skýrsla nefnds Friðriks Sigfússonar, sem gengur í sömu átt. Vitnið Jónas Gunnarsson hefir og borið, að hann hafi kannazt við „Glóð“ um allmargra ára skeið, og hafi hún verið í hrossum ákærða, og hann talið hana sína eign. Í réttarhaldi 14. nóvember síðastl. voru tilnefndir menn til að ákvarða aldur á „Glóð“ og skoða mark á henni. Við aldursákvörðunina komust skoðunarmennirnir að þeirri niðurstöðu, að hryssan væri ekki yngri en 9 vetra, en annar þeirra hélt því fram, að hún gæti ekki verið eldri en á 10. vetri, en hinn, að hún gæti verið á 11. vetri. Um aldur hrossins hefir ekki fengizt nákvæmari skilgreining. Markskoðunarmennirnir lýstu marki á hryssunni þannig: „Mark á hægra eyra er: Stýft, lögg aftan (stýfingin mjög stór). Mark á vinstra eyra er: Biti framan (bitinn er mjög stór og gæti verið illa markaður hófbiti). Að gefnu tilefni lýsum við yfir því, að við teljum útilokað, að löggin á hægra eyra sé tilorðin fyrir slys, heldur sé hún greinilega mörkuð. Á eyrum hrossins finnast engar markleifar: Auðsætt er, að

stýfingin er mörkuð síðar en löggin.“ Þenna framburð hafa markskoðunarmennirnir staðfest með eiði. Vitnið Steingrímur Óskarsson, bóndi á Páfastöðum, hefir gefið þann vitnisburð, að hann hafi síðan haustið 1934 þekkt hryssuna „Glóð“ undir því nafni sem eign ákærða, Tómasar Jónssonar. Skoðaði hann hryssuna á Seylu á s. l. hausti og kveðst hafa orðið hissa, er hann sá, að mark ákærða var ekki á hryssunni, en hann hafði ekki fyrr en þá skoðað mark á henni. — Við athugun á markaskrám varð það upplýst, að mark það, sem er á hryssu þessari, var eign Sigurðar Helgasonar, fyrrum bónda á Súlunesi í Borgarfjarðarsýslu, en hann hefir borið það, að með þessu marki hans hafi hross hans aldrei verið mörkuð, heldur aðeins sauðfénaður. Vitnið Páll Sigurðsson í Eyhildarholti og Magnús Ásgrímsson á Sauðárkróki hafa borið það í málinu, eftir að hafa athugað hryssuna „Glóð“ á Seylu undir rannsókn málsins, að þeir væru í engum vafa um, að þar væri um að ræða rauða hryssu, er Sveinn Ingimundarson á Sauðárkróki hefði tapað árið 1934. Hafa þessi vitni borið það, að þau þekktu aftur hryssuna af vaxtarlagi, lit og gangi, og hafa staðfest þenna framburð sinn með eiði. Á hinn bóginn upplýstu þeir, að mark á hryssu Sveins Ingimundarsonar hefðu þeir aldrei athugað. Nefndur Sveinn Ingimundarson hefir borið það, að þessi hryssa hans, sem var með marki: Sýlt hægra, bragð framan og lögg framan vinstra, hafi tapazt árið 1934 og ekki komið fram síðan. Gekk hryssa þessi í landi Kárastaða í Hegranesi vorið 1934. Sigurður Ólafsson, bóndi á Kárastöðum, hefir borið í málinu og staðfest þann framburð sinn með eiði, að umrædd hryssa hafi árið 1929 komið til sín í hagagöngu og verið þar síðan, þangað til vorið 1934, að hún var rekin með öðru stóði í Staðarfjöll. Vitnið athugaði mark á hryssunni, er hún kom í hagagönguna til hans, og segir vitnið, að bragðið að framan á hægra eyra hafi verið mjög óglöggt og neðarlega á eyranu, en þó hafi vel mátt finna fyrir því. Vitnið og Ólafur Sigfússon, bóndi í Álftagerði, voru í réttarhaldi 11. marz s. l. nefndir til þess að skoða mark á hryssunni til þess sérstaklega að ganga úr skugga um, hvort bragð væri finnanlegt á framanverðu hægra eyra hryssunnar Glóðar. Rökuðu þeir allt hár af framanverðu eyranu neðan frá hlust og upp að stýfingunni og komust

að þeirri niðurstöðu, að hvorki væri hægt að sjá eða finna með fingurgómunum ör eða leifar af bragði. Þenna framburð hafa þeir staðfest. Vitnið Sigurður Ólafsson hefir hinsvegar borið, að sér hafi fundizt „Glóð“ áþekk að vaxtarlagi, stærð og lit og hin tapaða hryssa Sveins Ingimundarsonar að því undanskildu, að hann minnist þess ekki, að framan á höfði hryssu Sveins hafi verið tveir hvítir blettir, eins og eru á „Glóð“. Hinsvegar hefir hann eftir athugun komizt að þeirri niðurstöðu, að þessir blettir séu ekki fæðingarblettir, heldur tilkomnir fyrir áverka. Styður hann þetta álit sitt við það, að húðin undir gráu blettunum er með sama litarhætti og annarsstaðar. Þá hafa vitnin Magnús Ásgrímsson og Páll Sigurðsson einnig borið það, að þeir minnist þess ekki, að hvítir blettir væru framan á höfði hryssu Sveins Ingimundarsonar. Bæði þessi vitni hafa þó borið það, að þau hafi verið nákunnug hryssu Sveins Ingimundarsonar, meðan hún gekk í Hegranesi. Í bréfi til réttarins, dags. 3. des. s. l., þar sem oddviti Sauðárkrókshrepps f. h. Sveins Ingimundarsonar hefir krafizt, að honum verði dæmdur eignarréttur yfir hryssunni „Glóð“, hefir hann lýst því yfir, að einkenni á hrossum Sveins Ingimundarssonar hafi verið gráir blettir framan á haus og jafnframt getið þess, að þó að folöld af þessu kyni hafi fæðzt alrauð, hafi þó slíkir blettir komið fram síðar. Um aldur á hryssu Sveins Ingimundarsonar er það upplýst, að hún var 6 vetra 1934, þegar hún tapaðist. — Þá hefir vitnið Hjörleifur Sigfússon borið það, að hann hafi flutt hryssu Sveins Ingimundarsonar vestan úr Húnavatnssýslu að Vík í Staðarhreppi haustið 1929. Um markið á henni hefir hann getið þess, að bragðið hafi verið óvenjulega ofarlega. Hann hefir að öðru leyti lýst henni, eins og að framan hefir verið rakið, nema hvað hann hefir tekið það fram, að hvít hár hafi verið á tveimur stöðum framan á höfði. Kveðst vitnið síðar fyrir tveimur árum hafa séð hryssuna í hrossum ákærðs, en þá ekki veitt henni frekari athygli. Einnig kveðst vitnið hafa skoðað „Glóð“ bæði í Elvogalandi og að Seylu nú í haust og verið viss um eftir þá skoðun, að þar væri um að ræða sömu hryssuna og hann flutti vestan úr Húnavatnssýslu árið 1929. Þá hefir þetta vitni haldið því fram, að í stýfingunni á hægra eyra Glóðar mætti sjá leifar af sýlingu, þar sem hvel væri ofan

í mitt eyrað. Framburður þessa vitnis hefir ei verið staðfestur og ástæðan fyrir því tilgreind í rannsóknargerðum málsins. — Hreppsnefnd Seyluhrepps hefir krafizt þess, að umrædd hryssa verði ásamt tryppinu og folaldinu, sem henni fylgja, seld á opinberu uppboði sem óskilahross samkvæmt fjallskilareglugerð Skagafjarðarsýslu.

Eftir nána athugun fyrst á markinu, sem er á hryssunni „Glóð", því næst á framangreindu marki Sveins Ingimundarsonar og loks á framangreindu hrossamarki ákærða, sérstaklega á þeim staðreyndum, að *löggin er aftan á hægra eyra, en engin merki eða leifar eftir bragð fyrirfinnast hinsvegar framan á sama eyra hrossins,* er það álit réttarins, að með öllu sé ósannað, að ofangreind hryssa muni vera eitt og sama hross og Sveinn Ingimundarson tapaði 1934, svo sem hér að framan er lýst. Hefir rétturinn komizt að þessari niðurstöðu með hliðsjón af framburði framannefndra markskoðunarmanna, þar sem tekið er fram, að löggin á hægra eyra hryssunnar sé folaldsmark, og framburði annarra vitna viðvíkjandi hryssunni „Glóð", sem upplýst er um, að verið hefir í vörzlum ákærða um margra ára bil sem óátalin eign hans. Þykir framburður þeirra vitna, sem þykjast þekkja „Glóð" sem eitt og sama hross og Sveinn Ingimundarson tapaði, ekki geta hnekkt staðreyndum þeim, sem nú hafa verið greindar. Og enda þótt eignarheimild ákærða á umræddu hrossi virðist ákaflega vafasöm, verður rétturinn að líta svo á, að nægilega sönnun bresti fyrir því, að hann hafi stolið hrossinu eða náð eignarhaldi á því á annan ólöglegan hátt, og verði hann því ekki sakfelldur, að því er þetta hross snertir. Verður því framangreind krafa Sveins Ingimundarsonar í máli þessu ekki tekin til greina, og er sama máli að gegna um framangreinda kröfu hreppsnefndarinnar í Seyluhreppi.

Við leit í Elvogum 5. desember s. l. fundu þeir Tobías Sigurjónsson, Jón Jóhannesson, Halldór Gíslason og Ingimar Sigurjónsson tvö sauðarhorn undir lausarúmi í eldhúsi. Var annað þeirra hægra horn hvítmálað, brennimerkt J. J. S., en hitt rauðmálað vinstra horn, óbrennimerkt. Það er upplýst í málinu, að brennimarkið J. J. S. er brennimark Jóns Jóhannessonar, bónda á Skarðagili í Seyluhreppi, og hefir hann borið og staðfest þann fram-

burð, að horn þetta væri af þriggja vetra gamalli á, sem hann vantaði af heimtum s. l. haust. Hefir hann krafizt þess að fá 40 kr. bætur fyrir kindina. Ákærði hefir stöðugt neitað því að hafa stolið kind þessari og haldið því fram, að hornið væri ekki fyrir sinn tilverknað komið inn í Elvogabæinn. Að því er hitt hornið snertir, hefir vitnið Ingimar Sigurjónsson haldið því fram og staðfest þann framburð sinn, að það væri af tveggja vetra gamalli á, sem Ingiríði Helgadóttur á Syðra-Vatni í Lýtingsstaðahreppi vantaði af heimtum s. l. haust. Var sú ær á fóðrum hjá vitninu, og hefir það haldið því fram, að það þekkti hornið af laginu og af því, að skellt var af því, og ennfremur af því, að hornið var málað með rauðri húsamálningu, en vitnið málaði þannig sauðfénað sinn og Ingiríðar Helgadóttur vorið 1938. Hefir vitnið krafizt þess, að kind þessi verði bætt með 30 kr. Ákærði hefir og eindregið neitað því að hafa tekið kind þessa og haldið því fram, að hornið væri ekki komið að Elvogum fyrir sinn tilverknað. — Það verður nú að líta svo á, að gegn staðfastri neitun ákærða hafi ekki með framangreindum vitnisburðum fengizt fullnægjandi sannanir fyrir því, að ákærður hafi stolið og hagnýtt sér sauðkindur þær, sem vitnin telja horn þessi af. Verður hann því ekki sakfelldur, að því er kindur þessar snertir, eða dæmdur til að greiða bætur fyrir þær.

Við rannsókn málsins voru fjórar kindur teknar úr sauðfénaði ákærða, sem vafi þótti á, að hann væri réttur eigandi að. Tveimur þeirra var sleppt aftur, er vissa þótti fyrir því, að ákærði hefði fengið þær með heiðarlegu móti, en tvær þeirra voru hafðar áfram í vörzlum hreppstjóra.

a. Gul ær (Króna). Mark: Hvatt, gat hægra og stýft, gagnbitað vinstra. Samkvæmt áliti tveggja skoðunarmanna er ær þessi 4—5 vetra gömul, mikið hornskellt og markið soramark, sett á kindina fullorðna, nema bitarnir á vinstra eyra, sem virðast vera lambmark. Sneiðingin á hægra eyra, segja skoðunarmenn, að sé tekin miklu lengra niður en venja er til og, að því er virðist, til þess að taka af undirben, sem leifar virðast eftir að nokkru leyti. Ákærður hefir haldið því fram, að hann hafi keypt á þessa af Stefáni Friðrikssyni á Glæsibæ í Staðarhreppi árið 1933 og hafi hún þá verið með hans marki. Stefán Friðriksson hefir sem vitni í málinu borið og staðfest þann framburð

sinn, að ær þessi geti ekki verið ein af þeim kindum, sem hann seldi ákærða 1933, bæði vegna þess, að til þess sé kind þessi of ung og í öðru lagi geti ekki það mark, sem nú er á henni, verið markað upp úr sínu marki. Þá hefir vitni þetta eftir að hafa skoðað ána á Seylu, borið, að kindin sé ólík því fjárkyni, sem það átti. — Þá hefir vitnið Sigurður Sigurjónsson borið, að hann telji, að kind þessi sé sín eign. Kveðst hann sérstaklega þekkja kindina af fjárbragðinu og heldur því fram, að uppmörkun kindarinnar og markleifarnar á eyra hennar staðfesti þetta álit sitt. Hann segist hafa tapað kind þessari fyrir 3 árum og hafi hún þá verið veturgömul. Vitnið hefir þó ekki viljað helga sér kind þessa með eiði sínum. Bróðir vitnisins, Ingimar Sigurjónsson, hefir borið og staðfest þann framburð sinn, að ær þessi sé eign Sigurðar. Hefir vitnið talið, að það þekkti kindina á fjárbragði sauðfjár þeirra Geldingaholtsfeðga og markleifarnar á eyrum kindarinnar staðfesti þetta álit sitt. — Þá hafa vitnin Markús Sigurjónsson á Brekku og Ellert Jóhannesson í Holtsmúla, sem rannsökuðu sauðfénað ákærða, Tómasar Jónssonar, árið 1934, við réttarrannsókn, er þá fór fram, borið, að þau minni ekki til, að þessi sauðkind hafi þá verið í Elvogafénu. Ellert getur þess þá, að sér sýnist kindin svipuð á, er hann sá á Seylu 1934, en ekki geti verið um sömu kind að ræða aldursins vegna, en hann telur á þessa 5 vetra í vor. — Enda þótt allar hér að lútandi upplýsingar í málinu bendi til, að eignarhald ákærða á kind þessari sé mjög grunsamlegt og framburður hans að þessu leyti virðist mjög tortryggilegur, þykir þó, er á það er litið, að nefndur Sigurður Sigurjónsson hefir ekki helgað sér kindina með eiði, ekki fengin fullnægjandi sönnun þess, að ákærður sé kominn að henni á óheiðarlegan hátt. Verður hann því ekki sakfelldur, að því er kind þessa snertir.

b. Gulleit ær óhornskellt (Þverárgul). Mark: Hvatt og gat hægra, stýft, gagnbitað og gat vinstra. Samkvæmt áliti tveggja tilnefndra skoðunarmanna er ær þessi að líkindum 6—7 vetra gömul, og telja þeir, að hægra eyra sé soramarkað en stýfingin, gatið og bitinn framan á vinstra eyra geti verið lambmark. Ákærði hefir gert þá grein fyrir eignarheimild sinni á þessari kind, að hann segist hafa keypt hana fyrir

nokkrum árum af Leó Jónassyni, sem þá var í Hróarsdal, en nú er bóndi í Vatnskoti í Ripurhreppi. Hefir Leó borið það í málinu að hafa selt ákærða árið 1933 13 kindur, og voru 4 þeirra frá Þverá í Blönduhlíð. Hefir ákærður haldið því fram, að umrædd kind væri ein af þeim. Hannes G. Stefánsson, bóndi að Þverá, sem seldi nefndum Leó kindurnar 1933, hefir eftir að hafa skoðað kind þessa, borið og staðfest þann framburð sinn, að hann geti ekki þekkt þessa kind sem eina af þeim kindum, er hann seldi Leó Jónassyni. Hefir hann haldið því fram, að kindin sé ekki með því fjárbragði, sem er á sauðfénaði hans, og alls ekki með því ullarlagi, sem verið hafi á hinum selda gemlingi. Hafi hann verið fínullaður, en þessi kind sé það ekki. Hafa einnig tvö vitni önnur staðfest þetta atriði. Þá hefir vitnið borið, að á vinstra eyra kindarinnar sé ekki sitt markbragð, stýfingin sé minni en hann sé vanur að marka hana. Vitnið Halldór Björnsson á Seylu hefir borið, að kind þessi sé sín eign og sé um sömu kind að ræða og hann tapaði af heimtum árið 1935. Telur vitnið sig þekkja ána af hornalaginu og fjárbragðinu. Ærin hafi verið borin saman við 5 ær á Seylu, sem vera ættu af sama kyni, og hefði þeim, er viðstaddir voru, komið saman um, að hún bæri sama fjárbragð og þær. Vitnið hefir þó ekki viljað helga sér kindina með eiði sínum. — Vitnið Guðvin Óskar Jónsson, bóndi á Seylu, hefir einnig borið, að honum virðist kindin með sama fjárbragði og sumt af Seylufénu og að honum sýndist markið á vinstra eyra, stýfingin og gatið, vera nauðalíkt þessum markbenjum á kindum Halldórs á Seylu. Þá hafa vitnin Markús Sigurjónsson og Ellert Jóhannesson, sem, eins og áður er sagt, rannsökuðu sauðfénað ákærða árið 1934, borið, að þeir muni ekki til, að kind þessi hafi þá verið í Elvogafénu.

Enda þótt framangreindir vitnisburðir þyki benda til þess, að eignarhald ákærða á þessari kind sé næsta grunsamlegt, og hér að lútandi framburður hans virðist einnig mjög tortryggilegur, þykja þó ekki fengnar fullnægjandi sannanir fyrir því, að ákærður hafi heldur komizt að þessari kind með óheiðarlegu móti, og verður hann því ekki sakfelldur að því er þetta atriði snertir.

V.

Ákærða Sigríður Jónsdóttir hefir síðastliðin 10—15 ár búið ógift með ákærða Tómasi Jónssyni, og hafa þau eignazt saman sjö börn. Síðan þau reistu bú saman í Elvogum í Seyluhreppi, hafa þau rekið félagsbú saman, þannig að engir sérreikningar hafa verið haldnir yfir framlög þeirra til búsins eða til framfærslu barnanna. Kveðst ákærða hafa látið afskiptalaust að mestu, hvernig meðákærður, Tómas Jónsson, ráðstafaði fjárreiðum þeirra. Bæði hafa hin ákærðu haldið því fram, að allur nautpeningur og sauðfénaður Elvogabúsins hafi verið talin eign ákærðu, Sigríðar. Um hrossin hefir ákærða hinsvegar gefið þá skýrslu, að hún vissi ekki, hvað af þeim hún ætti sjálf, og hefði ákærður, Tómas Jónsson, haft öll forráð þeirra og selt þau og ráðstafað þeim á annan hátt, án þess að hún vissi nokkuð um þær ráðstafanir. Ákærður, Tómas Jónsson, hefir staðfest þenna framburð hennar og bætt því við, að í raun og veru sé öll búseignin í Elvogum sameiginleg eign þeirra og hafi þau búið saman eins og hjón og lofað hvort öðru trúnaði, meðan þau lifðu.

Ákærðu hafa bæði stöðugt haldið því fram við rannsókn málsins, að ákærðu Sigríði Jónsdóttur hafi með öllu verið ókunnugt um afbrot ákærða, þau er hann er saksóttur fyrir í máli þessu. Hefir ákærða haldið því fram, að hún hafi aldrei aðstoðað við slátrun á sauðfé eða öðrum búpeningi heima í Elvogum og ekki fylgzt með búrekstrinum.

Á síðastliðnu hausti kveðst hún þó hafa lifað í talsverðum ótta um það, að ákærður tæki skepnur að ófrjálsu, en hann hafi talið henni trú um, að sá grunur hennar væri ekki á neinum rökum reistur. Þá hefir ákærða stöðugt borið á móti því, að hún hafi fylgzt með því, hve miklar kjötbirgðir voru til á heimilinu, vegna þess að hún hafi ekki gengið um kjötgeymsluna. Hefir hún haldið því fram, að þær ástæður hafi legið til þess, að ákærður byggði kjötgeymlsuna á öðrum stað en hún vildi hafa hana. Þegar hún fékk því ekki ráðið, hvar geymslan var sett, kvaðst hún hafa sagt ákærða, að hún stigi ekki fæti sínum í hana, og það hafi hún efnt.

Við rannsókn málsins hefir ekki tekizt að upplýsa um neitt það, er sanni, að ákærða hafi gerzt meðsek með ákærða í afbrotum hans. Hefir hann og ávallt haldið því

fram, að hann hafi leynt hana þjófnaði sínum. — Þótt sambúð ákærðu við meðákærða og allt hið nána samband þeirra um langt tímabil, sem getið er hér að framan, sé hinsvegar sterkar líkur fyrir því, að ákærða hafi verið í vitorði með ákærðum, Tómasi Jónssyni, um meira eða minna af afbrotum hans, þykja gegn neitun beggja hinna ákærðu ekki hafa fengizt sannanir fyrir því, að hún sé honum samsek um neitt af afbrotum þeim, sem hann er saksóttur fyrir, og verður hún því ekki sakfelld í máli þessu.

VI.

Ákærði, Tómas Jónsson, sat í gæzluvarðhaldi frá 24. október f. á. til 24. apríl þ. á. Samkvæmt framanrituðu er hann í fyrsta lagi sakaður um að hafa slegið eign sinni á 15 sauðkindur, er ýmsir áttu, og voru þær af tilviljun komnar saman við heimaféð í landareign hans. Auk þess hefir hann slegið eign sinni á tvær sauðkindur, sem ó-upplýst er, hvar hann hefir stolið. Þessi afbrot ákærða ber að heimfæra undir 250. gr. hinna alm. hegningarlaga. Þá er ákærður sakaður um að hafa slegið eign sinni á hross, sem hann sótti í haga í landareign annarra, og hefir ákærði þar með gerzt sekur um verknað, sem lýst er í 231. gr. 1. tölul. hinna alm. hegningarlaga. Refsing sú, er ákærður hefir unnið til fyrir framangreind afbrot, þykir samkvæmt 250. gr. áðurgreindra hegningarlaga og 7. gr. sbr. 8. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 63. gr. hinna alm. hegningarlaga, og með hliðsjón af ákvæðum 65. gr. hegningarlaganna, að því er þær sauðkindur snertir, er ákærður sló eign sinni á, áður en aukaréttardómur 2. sept. 1935 og dómur hæstaréttar 3. apríl 1936 voru kveðnir upp yfir honum, hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í tvö ár, þegar tekið er tillit til þess tíma, er ákærður hefir setið í gæzluvarðhaldi.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða eftirtöldum mönnum iðgjöld fyrir stolinn fénað, eins og hér segir:

1. Sigurði Þórðarsyni á Egg ..... kr. 40.00
2. Ellert Jóhannessyni í Holtsmúla ..... — 100.00
3. Ingimar Bogasyni á Víðimýri ..... — 35.00
4. Guðmundi Kaldbak, Steinholti ..... — 30.00
5. Sæmundi Jónssyni á Bessastöðum ..... — 35.00
6. Halldóri Björnssyni á Seylu ..... — 60.00

7. Guðvini Jónssyni á Seylu ..... kr. 20.00
8. Jónasi Jónassyni, Hátúni ..... — 25.00
9. Jóni K. Jónassyni, Syðri-Húsabökkum .... — 30.00
10. Jóni Jóhannessyni, Sauðárkróki ..... — 30.00

Ákærðu, Sigríði Jónsdóttur, ber að sýkna af kröfum réttarins í máli þessu. Hún sat í gæzluvarðhaldi frá 26. október f. á. til 3. febrúar þ. á., og ber samkvæmt þessum úrslitum að greiða gæzluvarðhaldskostnað hennar af almannafé.

Allan annan kostnað sakarinnar ber að dæma ákærða, Tómas Jónsson, til að greiða, þar á meðal gæzluvarðhaldskostnað sinn og málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hinna ákærðu, Magnúsar Thorlacius, málflutningsmanns í Reykjavík, er þykja hæfilega ákveðin 100 kr.

Á rannsókn málsins, sem hefir verið mjög umfangsmikil, hefir enginn annar dráttur orðið en sá, er stafaði af langvarandi sjúkdómsforföllum hins reglulega dómara, frá því snemma í desembermánuði f. á. og þangað til settur dómari tók við framhaldi rannsóknarinnar 1. febrúar þ. á. En dráttur sá, er orðið hefir á, að dómur þessi yrði kveðinn upp, stafar af embættisönnum dómarans, sem hafa verið sérstaklega aðkallandi eftir margra mánaða fjarveru hans, svo sem uppgerð á fjárreiðum embættisins, sýslufundur, manntalsþingaferðir og nú að síðustu aðkallandi dómsmálastörf, auk þess sem mál þetta er mjög umfangsmikið. Hefir rekstur þess verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Tómas Jónsson, sæti betrunarhúsvinnu í tvö ár.

Ákærða, Sigríður Jónsdóttir, á að vera sýkn af kröfum réttvísinnar í máli þessu, og ber að greiða kostnað af gæzluvarðhaldi hennar af almannafé.

Ákærði, Tómas Jónsson, greiði í iðgjöld: Sigurði Þórðarsyni 40 kr., Ellert Jóhannessyni 100 kr., Ingimar Bogasyni 35 kr., Guðmundi Kaldbak 30 kr., Sæmundi Jónssyni 35 kr., Halldóri Björnssyni 60 kr., Guðvini Jónssyni 20 kr., Jóni K. Jónassyni 30 kr., Jónasi Jónassyni 25 kr. og Jóni Jóhannessyni 30 kr. Ennfremur greiði hann gæzluvarðhaldskostnað sinn og allan annan kostnað sakarinnar, þar á meðal 100 krónur

í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda í málinu, Magnúsar Thorlacius, málflutningsmanns í Reykjavík.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 8. desember 1939.

Nr. 126/1938. **Pétur Guðmundsson**
(Pétur Magnússon)
gegn
Skipaútgerð ríkisins
(Garðar Þorsteinsson).

Um hlutdeild skipverja varðskips í launum fyrir bjargaðgerðir varðskipsins.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. des. f. á., krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1108.43 ásamt 5% ársvöxtum frá 3. febrúar f. á. til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst hinsvegar sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar af honum í hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í héraðsdóminum, ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu til handa stefnda af þeim kröfum áfrýjanda, sem getur í kröfuliðunum I, II, V og VII.

Um III. Það hefir orðið víst í málinu, að kr. 56482.00 hafi verið greiddar fyrir bjargaðgerðir við botnvörpunginn Lincolnshire og að fjárhæð þessi hefir ekki hrokkið til greiðslu beins útlagðs kostn-

aðar við bjargaðgerðirnar og til lúkningar þeim £20, er brezk vátryggingarfélög svara stefnda fyrir dag hvern, er hann lætur vinna að bjargaðgerðum, er ekki takast. Verður þessi kröfuliður áfrýjanda því ekki til greina tekinn.

Um VI. Um ástand e/s „Súðin", eftir að hún rakst á Vestriboða við Grundarfjörð, segir í vottorði kafara, er vann að þéttun á skipi þessu, að auk löskunar m. a. á stýri og afturstefni hafi verið á annari og þriðju plötu frá kjölplötu bakborðsmegin stór rifa ca. 8 þumlungar á vídd og 6 fet í boga, en þvert yfir greinda rifu hafi verið önnur rifa ca. 3 fet, og hafi löskun þessi verið á fjórða botnhylki. Ennfremur hafi verið eitt blað eftir á skrúfunni og það þó ekki heilt. Í skýrslu foringja Ægis um þetta segir, að hið leka botnhylki hafi verið undir afturlest skipsins. Hafi sjór verið í afturlestinni og runnið þaðan inn í vélarrúmið gegnum skilrúmið bakborðsmegin og hafi skipið hallazt mikið til bakborða. Hafi verið unnið að þéttun skipsins til bráðabirgða þarna á staðnum, hafi sjónum verið dælt úr því með dælum Ægis og það síðan varið leka með téðum dælum, meðan dráttur þess til Reykjavíkur stóð yfir. Samkvæmt framansögðu verður að telja, að e/s „Súðin" hafi verið stödd í neyð og verið bjargað af varðskipinu. Ber því að dæma áfrýjanda fjárhæð þá, kr. 77.32, sem hann krefst fyrir hlutdeild sína í björgun nefnds skips, en þannig hefir krafan verið gerð hér fyrir dómi, enda hefir útreikningi hennar ekki verið sérstaklega mótmælt.

Eftir þessum málslyktum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 250.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði áfrýjanda, Pétri Guðmundssyni, kr. 77.32 ásamt 5% ársvöxtum frá 3. febrúar 1938 til greiðsludags og 250 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 28. sept. 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ. m., er höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 3. febrúar s. l., af Pétri Guðmundssyni, vélstjóra hér í bæ, gegn Pálma Loftssyni, framkvæmdarstjóra, f. h. Skipaútgerðar ríkisins til greiðslu á kr. 1374.09 ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, er verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins. Við hinn munnlega flutning málsins hefir stefndur þó gert varakröfu á þá lund, að einum tilteknum kröfulið (sbr. síðar) verði vísað frá dómi eða sýknað af honum að svo stöddu.

Málavextir eru þeir, að stefnandi þessa máls var 3. vélstjóri á varðskipinu „Ægir" frá því í maí 1931 þangað til í október 1936 og hafði hann í byrjunarlaun kr. 409.00 á mánuði, er hækkuðu upp í kr. 459.00 á mánuði. Þessi ár vann varðskipið að björgun allmargra skipa, og kveðst stefnandi yfirleitt hafa fengið sinn hluta af björgunarlaununum, en þó telur hann, að nokkuð skorti á, að hann hafi fengið þær greiðslur, er sér hafi borið vegna björgunarstarfseminnar. Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

I.	Fyrir björgunartilraun á skipinu „Cape Cable"	kr.	31.68
II.	Fyrir björgunartilraunir við l/v „Holborn" og b/v „Maclay"	—	51.67
III.	Fyrir björgunartilraunir við b/v „Lincolnshire"	—	236.00

IV.	Fyrir björgun á loftskeyta- miðunar- og bergmálsdýptartækjum úr b/v „Lincolnshire“ svo og fyrir björgun á pramma, akkerisvindu, tóvindu, gálgum o. fl. úr sama skipi	kr.	219.55
V.	Fyrir aðstoð vegna b/v „Álsey“	—	50.76
VI.	Fyrir björgun á e/s „Súðin“ í sept. 1936	—	123.43
VII.	Kaup fyrir yfirvinnu við björgun b/v „Lincolnshire (330½ klst. á kr. 2.00 pr. klst.)	—	661.00
		Kr.	1374.09

Þessar upphæðir (samtals kr. 1374.09) hefir stefndur reynzt ófáanlegur til að greiða, og hefir stefnandi því höfðað mál þetta gegn honum og gert í því framangreindar réttarkröfur.

Um I. og II. Þessar björgunartilraunir, sem hér um ræðir, báru ekki árangur, en engu að síður telur stefnandi, að sér beri að fá hluta (kr. 31.68 plús kr. 51.67) af þeim „hreina ágóða“, sem stefndur skv. ársreikningi Skipaútgerðarinnar fyrir 1934 hafi fengið fyrir þessar björgunartilraunir. Heldur stefnandi því fram, að skv. 4. gr. laga nr. 38 1932 um varðskip ríkisins og skipverja á þeim, beri skipshöfn varðskipanna eftir þar að lútandi reglum hluti af þeim launum, er varðskipin fái fyrir björgunarstarfsemi þá, er þau hafi innt af hendi skv. 3. gr. sömu laga, og það alveg án tillits til þess, hvort björgunin hafi tekizt eða ekki. Telur stefnandi, að þegar heimilað var að búa varðskipin björgunartækjum, hafi skipin fengið nýtt hlutverk að inna af hendi ásamt þeirra upphaflega hlutverki, landhelgigæzlunni, og muni þá tilgangur löggjafans með fyrrnefndum lagaákvæðum hafa verið sá, að skipverjar varðskipanna fengju nokkur laun fyrir alla þá björgunarstarfsemi, sem unnin yrði með tækjum þessum, enda sanngjarnt, þar sem starfsemi þessi hafi aukið skipverjum erfiði umfram það, sem gert hafi verið ráð fyrir við löggæzluna, svo og lagt þá í aukna hættu, auk þess sem launin séu skipverjum hvöt til að gera sitt ýtrasta í þessum efnum.

Stefndur heldur því hinsvegar fram, að orðin „björgun“ og „björgunarlaun“ í umræddum lögum hljóti að þýða hið

sama og samskonar orð í 10. kap. siglingalaganna (sérstaklega § 233), enda bendi ekkert til þess í greinargerð fyrir lagafrumvarpinu eða umræðum um það á Alþingi, að tilgangur löggjafans hafi verið sá, að orðin þýddu þar annað en í siglingalögunum. Nú sé það almennt viðurkennt, að „björgun" skv. skilningi siglingalaganna eigi aðeins við björgun, er tekst, auk annarra strangra skilyrða um hættu þá, er hið bjargaða hafi verið í, og þessvegna geti það ekki komið til mála, að skipverjar varðskipanna, og þá þar á meðal stefnandi þessa máls, eigi kröfu til hluta af greiðslum frá enskum vátryggingarfélögum (£20 á dag), er Skipaútgerðin í umræddum tilfellum hafi fengið fyrir þessar björgunartilraunir, jafnvel þótt þær næmu meira en auknum kostnaði vegna tilraunanna, en stefndur heldur því og fram, að greiðslur þessar hrökkvi ekki einu sinni fyrir þeim kostnaði.

Í varðskipalögunum nr. 63 1928 voru engin ákvæði um það, að varðskip ríkisins væru búin björgunartækjum, en með lögunum frá 1932 (§ 3) er ríkisstjórninni veitt heimild til að búa skipin slíkum tækjum, eftir því sem ástæða þætti til, og verja til þess fé úr landhelgisjóði. Jafnframt var sett inn í þessi lög ákvæði (§ 4) um skiptingu björgunarlauna, þar sem skipshöfn átti að fá 20—25% af björgunarlaunum, eftir að öll útgjöld vegna björgunarinnar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður, hefðu verið dregin frá, og skyldu launin skiptast milli skipverja í réttu hlutfalli við fast kaup þeirra. — Varðskipið „Ægir" var síðan búið björgunartækjum skv. fyrrnefndri lagaheimild.

Í 10. kap. siglingalaganna nr. 56 1914 eru hinar almennu reglur íslenzks réttar um björgun og björgunarlaun. Og til þess að hjálp sú, sem veitt er skipi eða skipshöfn, verði kölluð björgun skv. þeim lögum, er almennt viðurkennt, að skipið, sem bjargað er, þurfi að hafa verið í yfirvofandi hættu eða hafa farizt, svo og að björgunin hafi tekizt. Ennfremur verður að telja, að ákvæðin um björgunarlaun í þessum kafla siglingalaganna eigi aðeins við endurgjald fyrir slíka björgun.

Í 233. gr. siglingalaganna eru síðan ákvæði um skiptingu björgunarlaunanna, og af niðurlagi þeirrar greinar má m. a. sjá, að gert hefir verið ráð fyrir því, að skipshafnir á skipum, sem búin væru björgunartækjum, hlytu minni laun

fyrir björgun en önnur skip. Með tilliti til þessa lítur rétturinn svo á, að ákvæði 4. gr. laga nr. 38 1932, — sem ákveða skiptingu björgunarlauna handa skipverjum varðskipanna, eftir að þau hafa verið búin björgunartækjum í samræmi við framtalda grein í siglingalögunum, þannig að launin eru lægri en gerist um önnur skip, — eigi við björgun í áðurnefndum skilningi siglingalaganna, enda virðist löggjafinn hafa átt að taka það fram berum orðum, ef víkja hefði átt frá almennum ákvæðum íslenzks réttar að þessu leyti. Greinargerð fyrir frumvarpinu á Alþingi svo og umræður um það þar mæla á engan hátt gegn þessum skilningi nema síður sé.

Af framansögðu leiðir það, að rétturinn getur ekki talið, að þær kröfur stefnanda, sem hér um ræðir, hafi við rök að styðjast, og verða þær því ekki teknar til greina.

Um III. Í stefnu málsins hefir stefnandi krafizt ofangreindrar upphæðar „fyrir björgunartilraunir við togarann „Lincolnshire", en síðar hefir stefnandi haldið því fram, að um fullkomna björgun af hálfu v/s „Ægi" hafi verið að ræða. Það þykir þó ekki ástæða til að taka afstöðu til þessarar staðhæfingar stefnanda, er stefndur hefir eindregið mótmælt, þar sem því er ómótmælt haldið fram af hálfu stefnds, að hann hafi engin björgunarlaun fengið fyrir þá starfsemi, heldur aðeins þau £20 á dag, sem ensk vátryggingarfélög greiða Skipaútgerðinni fyrir björgunartilraunir, og telja má upplýst, að sú upphæð nægi í mesta lagi fyrir auknum rekstrarkostnaði í sambandi við björgunartilraunirnar. — Þessi krafa stefnanda á hendur stefndum getur því heldur ekki orðið tekin til greina.

Um IV. Við hinn munnlega flutning málsins hefir stefnandi tekið aftur kröfu sína um hluta af björgunarlaunum fyrir björgun á pramma.

Stefndur hefir viðurkennt, að hinum hlutanna hafi verið bjargað og Skipaútgerðin hafi annazt sölu þeirra og nemi upphæðin samtals kr. 5341.85. Hefir hann og lagt fram afrit af tveimur bréfum til þáverandi skipherra á „Ægi", þar sem honum er tilkynnt þetta og þess jafnframt óskað, að hann vitji björgunarlauna allra skipverja. En í 8. gr. laga nr. 32 1935 (sem gilda um atvik þau, er hér um ræðir, og eru að mestu í samræmi við áðurnefnda 4. gr. laga nr. 38 1932, segir til viðbótar um skiptingu björgunarlauna, að

þó skuli „greiða ákveðna upphæð af hluta skipshafnar, að dómi skipstjóra, til þeirra manna, er mest hafa lagt sig í hættu við björgunina, áður en skipti fari fram". Þar sem skipherrann hefir ekki þrátt fyrir þessar áskoranir sótt umræddа peninga eða látið í té upplýsingar þær, er framangreind lagagrein gerir ráð fyrir, þá telur stefndur, að sér sé óskylt að svo vöxnu máli að greiða stefnanda nokkurn hluta af þessum björgunarlaunum. Hefir hann *aðallega* krafizt sýknu af þessum kröfulið, þar sem stefnandi sé ekki réttur aðili að kröfunni, heldur skipherrann á „Ægi". En með tilvísun til áðurnefndrar lagagreinar verður þó ekki fallizt á það, og verður því sýknukrafa stefnds ekki tekin til greina. — *Til vara* hefir stefndur krafizt frávísunar á þessum lið eða sýknu að svo stöddu. Þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar þær frá skipherra „Ægis", sem 8. gr. laga nr. 32 1935 gerir ráð fyrir, þannig að ekki verður séð, hvort stefnandi á að fá meira eða minna en laun hans segja til eða jafnvel nokkuð, — þá þykir verða að vísa þessum kröfulið frá dómi vegna ónógra upplýsinga.

Um V. V/s „Ægir" dró b/v „Álsey", sem lá ósjálfbjarga á Akureyrarhöfn, hingað til Reykjavíkur í ágústmánuði 1936, og skv. réskj. nr. 13 var umsamin þóknun fyrir dráttinn kr. 3987.00. Heldur stefnandi fram sömu skoðun í þessu tilfelli og greinir undir I og II hér að framan, sem sé, að sér beri hluti af launum þessum, þótt ekki hafi verið um björgun að ræða í skilningi siglingalaganna.

Lög nr. 32 1935, sem gilda um þetta tilvik, eru í öllu, sem máli skiptir að þessu leyti, samhljóða ákvæðum laga nr. 38 1932, og með tilvísun til þess, er áður segir um skýringu á 4. gr., verður að telja, að 8. gr. laga nr. 32 1935 eigi einnig aðeins við björgun og björgunarlaun í skilningi siglingalaganna, enda má og sjá þess merki í greinargerð með lagafrumvarpinu frá 1935. Og þar sem telja verður hjálp þá, er v/s „Ægir" veitti b/v „Álsey" við umrætt tækifæri, aðstoð en ekki björgun, verður skv. framansögðu að sýkna stefndan af þessari kröfu stefnanda.

Um VI. Stefnandi telur, að v/s „Ægir" hafi bjargað e/s „Súðin" í september 1936 og beri sér því hluti af launum þeim, kr. 9000.00, er vátryggjendur hafi greitt fyrir björgunina. Stefndur mótmælir því fyrst og fremst eindregið, að um nokkra björgun í sjóréttarlegum skilningi hafi verið

að ræða, auk þess sem v/s „Ægir" hafi aðeins fengið kr. 7000.00 (e/s Esja kr. 2000.00) fyrir hjálp þá, er það hafi veitt „Súðinni", og þar frá beri að draga talsverðar upphæðir bæði vegna skemmda, er varðskipið hafi orðið fyrir við starfið, svo og fyrir annan aukinn kostnað.

Skv. gögnum þeim, er fyrir liggja, eru málavextir þeir, að um kvöldið 25. sept. 1936 (líklega um kl. 10 e. h.) strandaði e/s „Súðin" á svonefndum Vestriboða við Grundarfjörð, og fór v/s „Ægir" skv. beiðni strax áleiðis þangað. Kl. rúmlega eitt f. h. 26. sept. losnaði „Súðin" (að því er virðist sjálf) af grunni, og er „Ægir" kom til Grundarfjarðar kl. 7,40 f. h. sama dag, lá „Súðin" fyrir akkeri austan við Grafarnes og hallaðist talsvert á bakborða. Voru þegar gerðar ráðstafanir af hálfu „Ægis" til að dæla sjó úr skipinu, sem var talsvert lekt. Síðan athugaði kafari frá varðskipinu botn skipsins, og reyndist hann all-mjög laskaður. Að því búnu var unnið að þéttun á skipinu og var því verki lokið um miðjan dag 27. sept. Skoðunarmenn frá vátryggjendum e/s „Súðin" komu síðan vestur og gáfu þeir næsta dag heimild til, að „Ægir" drægi „Súðina" til Reykjavíkur, og var svo gert. Kom „Ægir" með „Súðina" til Reykjavíkur kl. rúmlega 4 e. h. h. 28. sept.

Að þessu athuguðu og sérstaklega með tilliti til þess, að „Súðin" komst af eigin ramleik af skerinu og að hún, þótt hún væri nokkuð lek, lá síðan á öruggri höfn, þykir hjálp sú, sem „Ægir" veitti við umrætt tækifæri, ekki vera björgun skv. skilningi siglingalaganna, heldur aðstoð, og getur því þessi krafa stefnanda, með tilvísun til framanritaðs undir V, ekki orðið tekin til greina.

Um VII. Þessa kröfu sína byggir stefnandi í fyrsta lagi á því, að umrædd yfirvinna hafi verið unnin utan varðskipsins en ekki í því. En með því að telja verður, að stefnandi hafi engu að síður unnið þessi verk sín sem skipverji á varðskipinu, getur þessi krafa hans gegn eindregnum mótmælum stefnds ekki orðið tekin til greina.

Í öðru lagi heldur stefnandi því fram, að sér beri þetta kaup, þar sem stefndur hafi krafið vátryggjendur um yfirvinnukaup hjá yfirmönnum skipsins og fengið það greitt.

Stefndur hefir viðurkennt að hafa komið þessum kröfum yfirmanna á „Ægi" á framfæri við vátryggjendur, en jafn-

framt staðhæft, að þeir hafi algerlega neitað þeim greiðslum, og þar af leiðandi mótmælir hann eindregið þessari kröfu stefnanda.

Gegn þessum mótmælum stefnda hefir stefnandi ekki fært þær sönnur á réttmæti þessa kröfuliðs, að hann geti orðið tekinn til greina.

Skv. framanskráðu verða úrslit málsins því þau, að áðurnefndum kröfulið vísast frá dómi, en stefndur verður sýknaður af öðrum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Réttinn skipuðu hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Hafsteinn Bergþórsson og Þorsteinn Þorsteinsson.

Því dæmist rétt vera:

Framangreindum kröfulið vísast frá dómi.

Að öðru leyti á stefndur, Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins, að vera sýkn af kröfum stefnanda, Péturs Guðmundssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 11. desember 1939.

Nr. 91/1939. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Aðalsteini Hólm Þorsteinssyni
(Guðmundur I. Guðmundsson).

Ofbeldi og líkamsárás.

Dómur hæstaréttar.

Meiðsl þau, er Skúli Pálsson hlaut af árás ákærða, þykja varða við 205. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869. Þykir refsing ákærða fyrir brot þau, er í máli þessu greinir, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 90 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og skaðabóta staðfestast.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Aðalsteinn Hólm Þorsteinsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 90 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og skaðabóta staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Guðmundar I. Guðmundssonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. júlí 1939.

Ár 1939, miðvikudaginn 12. júlí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni, settum lögreglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1083/1939: Réttvisin og valdstjórnin gegn Aðalsteini Hólm Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms þann 10 fyrra mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Aðalsteini Hólm Þorsteinssyni, birgðaverði, til heimilis á Ránargötu 13 hér í bæ, fyrir brot gegn 18. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. ágúst 1914, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1927 $^{28}/_{11}$ Kærður fyrir þjófnað. Málið afgreitt til dómara.
1929 $^{6}/_{12}$ Sátt: 10 kr. sekt fyrir að tvímenna á reiðhjóli.
1930 $^{3}/_{1}$ Sátt: 10 kr. sekt fyrir lögreglubrot.
1931 $^{23}/_{3}$ Kærður fyrir innbrotsþjófnað. Fór af landi burt til Canada, áður en til hans náðist.
1932 $^{27}/_{12}$ Sátt: 200 kr. sekt fyrir brot á áfengislögunum, ölvun og neyzlu áfengis í veitingahúsi.
1933 $^{21}/_{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir innbrotsþjófnað og annan þjófnað.
1937 $^{20}/_{8}$ Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og mótþróa við lögreglu.
1937 $^{19}/_{9}$ Sátt: 55 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
1937 $^{4}/_{12}$ Kærður fyrir árás. (Meint brot). Málssókn féll niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 10. jan. 1938.

Föstudagskvöldið 6. maí s. l. var ákærður ölvaður með fleiri mönnum á ferli um götur bæjarins.

Um klukkan eitt um nóttina fór hann, þá í æstu skapi, inn í port við húsin Njálsgötu 23 og Frakkastíg 16 og úr portinu inn í hús, sem hann hafði heyrt, að selt væri áfengi í, og bað fólk, er hann hitti þar, að selja sér áfengi. Honum var neitað um áfengi, og fór hann þá út í portið.

Í portinu var staddur Sigtryggur Eiríksson, lögregluþjónn, Bergþórugötu 57, óeinkennisbúinn, og var þar að tala við stúlku. Ákærður, sem kannast við Sigtrygg, skipti við hann nokkrum orðum og gekk síðan út úr portinu og hitti þar fyrir utan kunningja sinn, sagði honum, að inni í portinu væri lögregluþjónn, sem hefði oft skipt sér af sér (svo) og sér væri fremur þungt til, og spurði, hvort hann ætti ekki að berja hann. Kunningi hans vildi aftra honum frá að gera það, en ákærður fór samt sem áður inn í portið, réðst þar á lögregluþjóninn og barði hann mörg högg með kreftum hnefa í höfuðið, svo að hann féll til jarðar meðvitundarlaus. Þegar þetta gerðist, var stúlkan farin, en kunningi ákærða kom nú inn í portið og fór að stumra yfir lögregluþjóninum.

Þessi lýsing á viðureign ákærða við Sigtrygg Eiríksson er samkvæmt játningu ákærðs og framburði vitnisins Björns Guðmundssonar, en þeirra skýrslu um málið þykir verða að leggja til grundvallar gagnvart ákærða, þó að framburður Sigtryggs og sumt annað, er fram hefir komið, sé nokkuð á annan veg.

Ákærði ætlaði nú út úr portinu, en í portdyrunum mætti hann Skúla Pálssyni, framkvæmdarstjóra, Bergþórugötu 16, er var þar í fylgd með stúlku, og höfðu þau þá rétt áður komið inn í portið, en þurft út úr því aftur. Um skipti ákærða annarsvegar og Skúla og stúlkunnar hinsvegar, áður en handalögmál hófst, fer mjög tvennum sögum. Ákærði og kunningi hans kveða Skúla hafa að fyrra bragði hreytt ónotayrðum að ákærðum og ákærður hafi þá ráðizt á hann, en Skúli og stúlkan kveða ákærðan, þegar er hann mætti þeim, hafa þrifið í kápubrjóst eða boðung stúlkunnar. Hafi Skúli þá spurt hann, hvað þetta ætti að þýða eða hvaða frekja þetta væri, en þá hafi ákærði ráðizt á Skúla. En hvernig sem þessu hefir verið farið, er ljóst, að Skúli hefir ekki hið minnsta veitzt líkamlega að ákærðum að fyrra bragði, heldur hóf ákærður, sem var mjög æstur og ölvaður, að fyrra bragði árás á Skúla og reyndi að berja hann. Skúli varðist nú höggum og hörfaði undan út á gatnamót Njálsgötu og Frakkastígs, en þar sem hann þóttist sjá, að hann hefði ekkert við ákærðum, snéri hann sér undan og ætlaði að hlaupa burtu. Í því hann snéri sér við, barði ákærði hann eitt hnefahögg í bakið, og hnaut Skúli við það, en féll þó ekki og tókst að hlaupa burtu. Í þessu hafði mjög ölvaður maður, sem staddur var þarna hjá, ráðizt að ákærðum til hjálpar Skúla, en ákærður sló hann umsvifalaust niður.

Þegar þetta hafði gerzt, fór ákærður burtu. Kallað hafði verið á lögregluna, meðan á viðureigninni á götunni stóð, og kom hún, þegar viðureignin var um garð gengin og ákærður farinn.

Tók hún Sigtrygg og flutti hann heim til hans og náði í lækni handa honum, því hann var mjög blóðugur og bólginn og lítt þekkjanlegur, en þegar hér var komið, hafði hann fengið rænu.

Um feril ákærðs það, sem eftir var nætur, er ekki ljóst,

en hann mun hafa reikað eitthvað um bæinn, og seinna um nóttina sást hann á sömu slóðum og viðureignin hafði gerzt. Kastaði hann þá steini í rúðu á Njálsgötu 23, svo rúðan brotnaði, og saup á vínflösku, þar sem hann var staddur á götunni.

Læknirinn, sem skoðaði Sigtrygg Eiríksson, þegar eftir að lögreglan flutti hann heim, hefir gefið svohljóðandi vottorð um meiðsl þau, er hann hafði hlotið: „Þeir áverkar, sem ég sá á honum, voru þessir: Á vinstra gagnauga nærri auganu blóðhlaupin kúla 2—3 sm að þvermáli. Úr henni miðri vætlaði talsvert blóð. Á hægra gagnauga minni háttar skráma. Í hnakkanum var kúla. V. nös var stoppuð af blóði. Seinna seig allmikil bólga einkum á vinstra auga, og myndaðist glóðarauga. Sömuleiðis vottaði fyrir glóðarauga hægra megin. Nefið reyndist óskaddað."

Þann 12. maí, þegar Sigtryggur mætir síðast undir rannsókn málsins, kveðst hann enn hafa ónot í höfðinu, sérstaklega hnakkanum. Allar þjáningar segir hann þá horfnar úr augunum, en vinstra auga sé þó allblátt enn.

Læknir sá, er skoðaði Skúla Pálsson, framkvæmdarstjóra, sömu nóttina og viðureignin gerðist, hefir þann 10. maí gefið vottorð á þessa leið: „Aðfaranótt 6. maí síðastliðins kl. 1½ var ég sóttur af lögreglunni til þess að athuga herra Skúla Pálsson, Bergþórugötu 16, sem dvaldi (svo) á lögreglustöðinni. Hafði hann að sögn verið sleginn aftan frá í bakið neðan til og átti erfitt með að hreyfa sig. Eftir að Skúli hafði afklæðzt, þá athugaði ég hann, og reyndist vinstra megin við mjóbakið (á hupp) eymsli á stóru svæði, sem var lítt bólgið og dálitið blátt á yfirborðinu (marið). Allar hreyfingar voru hindraðar, bæði til hliða og fram og aftur. Athugun á þvagi gaf ekkert athugavert. Þar sem aðaleymslin voru í þvertindum liða mjóbaksins, þá áleit ég réttast að taka röntgenmynd af baki, og var það gert, en reyndist ekki um beinbrot að ræða. Niðurstaða mín var sú, að um blæðingu inn í vöðva (mar) væri að ræða á svæði því, sem eymslin sýndu. Í dag hafa eymslin minnkað töluvert, en þó er ennþá dál. þroti í vöðvum. Ég tel sjúklinginn alls ekki vinnufæran ennþá og muni ekki verða það næstu 10—14 daga." Meiðsl þau, er Sigtryggur hlaut, verður að telja áverka í skilningi 205.

gr. alm. hegningarlaga, en meiðsl Skúla þykja eigi verða talin slíkur áverki.

Eins og atvikum málsins hefir verið lýst hér að framan, þykir ákærður hafa gerzt brotlegur gegn 205. gr. hegningarlaganna, 18. sbr. 38. gr. áfengislaganna og 3. og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og er refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga.

Skúli Pálsson hefir gert þá kröfu, að ákærður verði dæmdur til að greiða sér í skaðabætur fyrir atvinnutjón, sárabætur, læknishjálp o. fl. alls kr. 582.00.

Sigtryggur Eiríksson hefir gert þá kröfu, að ákærður verði dæmdur til að greiða sér í skaðabætur fyrir þjáningar, fataskemmdir o. fl. alls kr. 300.00. Þessar kröfur hefir ákærður samþykkt sem réttmætar, og verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Þá ber að dæma ákærðan til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. jur. Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 100.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Aðalsteinn Hólm Þorsteinsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga.

Hann greiði Skúla Pálssyni kr. 582.00 og Sigtryggi Eiríkssyni kr. 300.00, hvorttveggja innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. jur. Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 100.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. desember 1939.

Nr. 46/1939. **Sigfús Þorsteinsson f. h. dánarbús Þorsteins Sigfússonar**
(Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Jóhönnu Jóhannsdóttur (Enginn).

Tilkall til kaups og fémuna úr dánarbúi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið hinum áfrýjaða skiptaréttarúrskurði til hæstaréttar með stefnu 6. maí þ. á. að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m.

Stefnda hefir hvorki mætt né látið mæta fyrir hæstarétti, og er henni þó löglega stefnt. Hefir málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935, og er það dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og dánarbúið sýknað af kröfum stefndu á hendur því. Svo krefst hann og málskostnaðar af stefndu fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

1. Krafa stefndu um, að henni verði afhent úr dánarbúinu 1 lukt, 1 tryppi og 3 gemlingar, er hún telur sína eign og barna sinna, sætti engum andmælum í héraði, og í sókn áfrýjanda hér fyrir dómi er ekki sérstaklega að þessari kröfu vikið. Verður úrskurðurinn því ekki úr gildi felldur, að því er þessa gripi varðar.

2. Samkvæmt því, er fátækranefnd Neskaupstaðar færði til bókar 25. apríl 1933 og 27. júní 1934, virðist það hafa verið ætlun hennar, er hún vistaði

stefndu hjá Þorsteini Sigfússyni, að kaup hennar gengi til framfærslu barna hennar, svo langt sem það næði, en Neskaupstaður greiddi Þorsteini í peningum það, sem á skorti fulla meðlagsgreiðslu, eða 1000 krónur á ári. Stefnda samþykkti að fara til Þorsteins, og hefir hún kannazt við, að ekki hafi neitt verið samið um kaupgreiðslu til hennar milli þeirra Þorsteins og að hún hafi engum kaupkröfum hreyft fyrr en eftir lát hans, en hann er talinn hafa andazt 7. maí 1938. Gegn mótmælum áfrýjanda þykir stefnda að svo vöxnu máli ekki eiga rétt til að fá greidda úr dánarbúinu kaupkröfu þá, er hún hefir í það lýst.

3. Kröfu stefndu á hendur dánarbúinu um leigu fyrir 1 kú og 4 ær, samtals að fjárhæð kr. 190.00, hefir verið mótmælt hér fyrir dómi, en í héraði hefir engum mótmælum gegn henni verið hreyft. En þar eð skiptarétturinn tók til greina hærri gagnkröfu af hálfu búsins á hendur stefndu, þ. e. andvirði 13 kinda, samtals kr. 330.00, og stefnda hefir ekki áfrýjað af sinni hálfu, þá verður búið vegna nefnds skuldajafnaðar ekki dæmt til að inna af hendi þessa leigukröfu stefndu, og kemur hún því ekki frekar til álita.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að fellt verður úr gildi það ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar, að „aðrar kröfur Jóhönnu takist til greina við skipti búsins með kr. 960.00."

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Það ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar, að „aðrar kröfur Jóhönnu (þ. e. stefndu) takist til

greina við skipti búsins með kr. 960.00," er úr gildi fellt.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður skiptaréttar Suður-Múlasýslu 29. október 1938.

Hinn 7. maí s. l. andaðist á Hólum í Norðfjarðarhreppi Þorsteinn Sigfússon, sem þar hafði búið síðustu 5 árin með ráðskonu sinni, Jóhönnu Jóhannsdóttur, og 3 börnum hennar, óskilgetnum. Annað fólk var ekki á heimilinu.

Skömmu eftir andlát Þorsteins, tók sonur hans, Sigfús bóndi Þorsteinsson í Skálateigi, sem taldi sig einkaerfingja Þorsteins, eignir dánarbúsins í sínar vörzlur með samþykki skiptaráðanda og tók jafnframt að sér að greiða allar skuldir, sem á búinu kynnu að hvíla.

Með bréfi, dags. 8. ágúst s. l., gerði bæjarstjóri Neskaupstaðar kröfu til þess f. h. Jóhönnu, ráðskonu Þorsteins, að henni yrðu afhentir ýmsir lausir munir og gripir, er hún ætti í búinu, og með því að Sigfús, erfinginn, vildi ekki verða við þessum kröfum, var bú Þorst. sál. tekið til opinberra skipta og hreppstjóra falið að skrifa upp og virða eignir þess.

Á skiptafundum búsins, sem haldnir voru 21. og 22. þ. m., gerði Jóhanna Jóhannsdóttir þær kröfur, er hér greinir:

1. Að henni verði afhentir eftirtaldir lausafjármunir, sem hún telur sig eiga inni í búinu: 1 stunguspaði, 2 hrífur, 1 lukt, 1 kýrbönd, 1 vaxdúkur á borð, 1 járnkarl, 1 kvísl, 1 hryssa tvævetur og ennfremur 3 kindur, sem Þorst. sál. hafi verið búinn að ánafna börnum hennar.

2. Að henni verði greitt ráðskonukaup fyrir þann tíma allan, er hún var hjá Þorsteini, 60 kr. á mánuði í 5 ár og

3. að henni verði greidd leiga, 40 kr. á ári, fyrir 1 kú, er hún kom með, er hún flutti til Þorsteins, svo og leiga fyrir 4 ær, sem hún einnig hafi komið með í búið.

Við athugun á uppskriftargerðinni kemur í ljós, að ekkert af búslóð þeirri, sem Jóhanna gerir kröfu til að eiga inni í búinu, hefir verið skrifað upp, nema 1 lukt. Búið verður ekki skyldað til að láta af hendi þá muni, sem ekki hafa komið fram við uppskrift, en þar sem engin mótmæli

hafa komið fram gegn þessari kröfu að öðru leyti, ber að undanskilja luktina búskiptunum og afhenda Jóhönnu.

Jóhanna hefir lagt fram skriflega yfirlýsingu tveggja votta um, að Þorsteinn sál. hefði lýst yfir því í þeirra viðurvist, að hann hefði gefið syni Jóhönnu, Lárusi, jarpt tryppi nú 2 vetra, sem hjá þeim væri á Hólum, og sömuleiðis hefir hún lagt fram vottorð 2 annarra um, að Þorsteinn hafi sagt þeim, að hann hefði gefið börnum Jóhönnu sitt lambið hverju í fyrra haust og að hann hefði ekki tíundað þessa gripi í vor. Með því að engin mótmæli hafa komið fram gegn þessum vottorðum, ber að leggja þau til grundvallar og telja, að Þorsteinn sál. hafi í lifanda lífi ráðstafað þessum eigum á bindandi hátt fyrir sig og sína erfingja.

Gripi þessa, tryppið og 3 gemlinga, ber því einnig að undanskilja búskiptum og afhenda Jóhönnu.

Kaupkröfu Jóhönnu hefir verið mótmælt af hálfu erfingjans á þeim grundvelli, að Jóhönnu hafi verið ráðstafað með 3 börnum sínum af fátækranefnd Neskaupstaðar til dvalar hjá Þorsteini frá 2. maí 1933 fyrir ákveðið meðlag, 1000 kr. á ári, og sé ekki kunnugt, að um aðra ráðningarsamninga hafi verið að ræða. Jóhanna heldur því hinsvegar fram, að hún hafi sjálf ráðið sig til Þorsteins, og neitar því, að fátækranefndin hafi ráðstafað sér þangað, en á hinn bóginn hafi henni verið kunnugt um, að meðlögin af hálfu barnsfeðra sinna hafi átt að ganga til Þorsteins. Hún viðurkennir, að ekki hafi verið samið um neitt kaup, heldur hafi þau búið saman allan tímann sem hjón og ætlað að ganga að eigast, er þau væru búin að koma sér upp sæmilegu húsi. Hún hafi litið á búið sem félagseign þeirra og hafi þau oft um það talað að reyna að koma upp sæmilegu búi, svo þau gætu byggt yfir sig.

Samkvæmt framlögðum óstaðfestum útskriftum úr gerðabók fátækranefndar Neskaupstaðar, sem ekki hefir verið mótmælt, samþykkti nefndin á fundi sínum 25. apríl 1933 að koma börnum Jóhönnu ásamt henni fyrir á Hólum hjá Þorsteini fyrir 7—800 króna meðlag á ári og á fundi 27. júní 1934, þar sem Þorsteinn var mættur, var samþykkt að hækka meðlagið um 200 krónur upp í 1000 krónur og var þá einnig samið um 1000 króna greiðslu fyrir næsta ár, og er ekki annað vitað en að þessi meðlagsgreiðsla

hafi haldizt úr því. Hinn 3. maí 1933 flutti Jóhanna að Hólum með 3 börn sín, sem þá voru 5, 6 og 8 ára gömul, og dvaldi þar, þangað til fardaga s. l. vor.

Eftir orðalagi fundargerðanna er svo að sjá sem fátækranefndin telji sig vera að ráðstafa Jóhönnu til dvalar á Hólum, en ekkert er um það fram tekið, að hún skuli vinna þar kauplaust, enda hafði fátækranefnd enga heimild til slíkrar ráðstöfunar, þegar af þeirri ástæðu, að tiltölulega lítill hluti af meðgjöfinni getur talizt fátækrastyrkur til Jóhönnu, þar sem meðlögin af hálfu barnsfeðra Jóhönnu, sem framfærslusveit hennar bar að leggja út, miðað við meðalmeðgjöf barnsfeðra í Neskaupstað á þessu tímabili, nema frá 675—850 kr. á ári, og hluti Jóhönnu af meðlaginu stendur því ekki í réttu hlutfalli við það kaup, sem ætla má, að hún hefði getað fengið fyrir vinnu sína, og enda þótt viðurkennt sé af Jóhönnu, að um ekkert kaup hafi verið samið, er hún flutti að Hólum, verður ekki gengið fram hjá þeirri staðhæfingu hennar, sem ekki hefir verið mótmælt, að ástæðan fyrir því, að hún ekki krafðist neins kaups fyrir sig, hafi verið sú, að Þorsteinn hafði heitið henni eiginorði, og að hún taldi búið þegar félagseign þeirra beggja. Hinsvegar bar Jóhönnu að framfæra börn sín, að svo miklu leyti sem meðlagið frá Neskaupstað hrökk ekki til, og virðist því hið rétta í þessu máli vera að reikna Jóhönnu hæfilegt kaup fyrir þann tíma, sem hún dvaldi á Hólum, og komi þá til frádráttar kaupinu það, sem ætla má, að skorti á fulla meðgjöf með börnum hennar, og með hliðsjón af því, að Jóhanna virðist samkvæmt framlögðum gögnum hafa staðið fyrir búinu af miklum dugnaði og atorku, þykir kaupið hæfilega ákveðið 35 kr. á mánuði, eða 420 kr. á ári, en framfærslukostnaður barnanna virðist eigi með sanngirni verða metinn hærri en 400 krónur á ári fyrir hvert barn. Styðst þetta við venju hér um slóðir svo og að fyrir liggja í málinu upplýsingar um það, að fátækranefnd fékk tilboð um að taka 1 barn Jóhönnu árlangt fyrir 400 kr. Þessu samkvæmt telst því hæfileg meðgjöf hafa verið 1200 kr. á ári alls, þannig að upp í kaup Jóhönnu ber að reikna 200 kr. árlega sem hennar hluta af framfærslukostnaðinum.

Þá ber ennfremur að taka til greina kröfu Jóhönnu um leigu fyrir pening þann, er hún kom með í búið, þannig

að leigan fyrir kúna ákveðst 30 kr. á ári og 2 kr. á ári fyrir hverja á. Á hinn bóginn ber að reikna bústofnsaukningu Jóhönnu á tímabilinu, 7 ær og 6 gemlinga, sem greiðslu upp í kaup hennar á því verði, sem skattanefnd hefir lagt á slíka gripi í ár, þ. e. 30 kr. hverja á og 20 kr. hvern gemling.

Samkvæmt framansögðu ber því að gera þessi viðskipti Jóhönnu við búið upp þannig:

1. Kaup hennar 420 kr. á ári í 5 ár		kr. 2100.00
2. Leiga fyrir 1 kú, 30 kr. á ári í 5 ár		— 150.00
3. Leiga fyrir 4 ær, 8 kr. á ári í 5 ár		— 40.00
	Samtals	kr. 2290.00
Frá dregst:		
1. Meðlag af hálfu Jóhönnu með börnum hennar 200 kr. á ári í 5 ár	kr. 1000.00	
2. Andvirði 7 ásauða á 30 kr. og 6 gemlinga á 20 kr., sem Jóhanna hefir tekið við	— 330.00	
		— 1330.00
	Eftir	kr. 960.00

sem takist til greina upp í þessar kröfur Jóhönnu við endaleg skipti búsins.

Því úrskurðast:

Framangreint lausafé: 1 lukt, 1 tryppi, 2 vetra, jarpt (hryssa), og 3 gemlingar, sem skrifað hefir verið upp með eigum búsins, skal undanskilið búskiptunum og afhendast Jóhönnu Jóhannsdóttur. Aðrar kröfur Jóhönnu takast til greina við skipti búsins með kr. 960.00.

Miðvikudaginn 13. desember 1939.

Nr. 118/1939 **Réttvísin** (Guðmundur I. Guðmundsson)
gegn
Ólafi Magnúsi Einarssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Innbrotsþjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ólafur Magnús Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Guðmundar I. Guðmundssonar og Gunnars Þorsteinssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 31. okt. 1939.

Ár 1939, þriðjudaginn 31. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni, settum lögreglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu: nr. 2171/1939 Réttvísin gegn Ólafi Magnúsi Einarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Magnúsi Einarssyni, verkamanni, til heimilis á Bergþórugötu 41 hér í bæ, fyrir brot gegn 23. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 1928.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. marz 1919, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1930 $^{1}/_{5}$ Kærður fyrir þjófnað. Málið afgr. til dómsmálaráðuneytisins.

1933 $^{2}/_{4}$ Kærður fyrir þjófnað. Málið afgr. til barnaverndarnefndar.

1934 $^{2}/_{9}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, og 70 kr. skaðabætur fyrir þjófnað.

1935 $^{2}/_{6}$ Dómur sama réttar: 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.

1935 $^{4}/_{7}$ Aðvörun fyrir ölvun.

1936 $^{2}/_{5}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.

1936 $^{8}/_{7}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.

1936 $^{17}/_{11}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1937 $^{7}/_{4}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1937 $^{9}/_{4}$ Dómur Hæstaréttar: 120 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 51 1928 og 240. gr. alm. hegningarlaga með skírskotun til 38. gr. og hliðsjón af 63. gr. sömu laga. (Héraðsd. á Sigluf. 22. ágúst 1936).

1937 $^{28}/_{4}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.

1938 $^{5}/_{2}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1938 $^{13}/_{5}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1938 $^{16}/_{5}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Látið falla niður.

1938 $^{24}/_{5}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 10 mánaða betrunarhúsvinna fyrir þjófnað.

1938 $^{27}/_{12}$ Kærður fyrir ónæði og rúðubrot á næturþeli. Féll niður eftir beiðni kærandans, Þórðar Péturssonar kaupm.

1939 $^{1}/_{2}$ Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1939 $^{1}/_{6}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Fimmtudaginn 19. þ. m. um kl. 16 fór ákærður inn í húsið Barónsstig 19 til þess, að eigin sögn, að hitta Erlend Jónsson Erlendsson, sem þar bjó í þakherbergi. Ákærður barði að dyrum á herbergi Erlends, en enginn ansaði, og herbergið var læst. Taldi þá ákærður víst, að enginn væri inni í því. Hann fór nú út um þakglugga á loftganginum og síðan eftir húsþakinu að þakglugga á herbergi Erlends og í gegnum hann inn í herbergið. Hefir ákærður haldið því fram, að hann hafi farið inn í herbergið til þess að bíða þar komu Erlends og að það hafi fyrst verið eftir að hann var kominn inn í herbergið, að honum datt í hug að stela úr því. Strax og ákærður kom inn í herbergið, leitaði hann í því og sá þá tvo whiskypela, annan með brennivíni, en hinn með brennivínsblöndu í, vindlingaveski úr „krómuðu" stáli og reykjarpípu. Alla þessa hluti tók ákærður og fór með þá út úr herberginu sömu leið og hann hafði farið inn í það. Áfengið drakk hann og pípuna gaf hann. Pípan og vindlingaveskið hafa komið til skila. Skaðabótakrafa hefir eigi komið fram.

Með tilliti til þess, hvernig ákærður fór inn í herbergið og að hann leitaði í því strax og hann kom inn í það, verður staðhæfing hans um að hafa farið inn í það til að bíða komu Erlends eigi tekin trúanleg, heldur verður að telja eftir öllum atvikum, að ákærður hafi farið inn í herbergið með þjófnað í huga.

Verknað hans ber því að heimfæra undir 231. gr. 4. tölulið hinna almennu hegningarlaga og 7. sbr. 8. gr. laga nr. 51 1928, og þykir refsing hans með tilliti til fyrri brota hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði. Ákærðan ber að dæma til greiðslu sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Ólafur Magnús Einarsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. desember 1939.

Nr. 80/1939. **H/f „Ásgarður“**
(Guðmundur I. Guðmundsson)
gegn
Guðmundi Guðmundssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Lánardrottinn ekki talinn hafa tekið við innstæðulausum ávísunum sem fullnaðargreiðslu skuldar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 29. júlí þ. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. ágúst s. á., hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 624.56 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1938 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Engar sannanir eru komnar fram um það, að áfrýjandi hafi tekið við ávísunum þeim, er í máli þessu greinir, til fullnaðargreiðslu á skuld þeirri, sem í máli þessu er krafin, enda verður að telja kvittanir þær, er áfrýjandi veitti stefnda og skuld þessa varða, gefnar með þeim fyrirvara, að ávísanirnar greiddust, eins og áfrýjandi hefir haldið fram. Það virðist vera ágreiningslaust, að stefndi hafi þegar áður en hann lét ávísanirnar af hendi við áfrýjanda krafið réttan aðilja um greiðslu þeirra, en fengið þar afsvar, með því að ávísandi, Sigurður heitinn Þórólfsson, átti þá ekki innstæðu fyrir til greiðslu þeirra. Stefndi virðist því hafa afhent áfrýjanda ávísanirnar í því skyni, að hann reyndi að

fá þær greiddar, ef ávísandi kynni síðar að eignast innstæðu til greiðslu þeirra. Þetta brást, og eru aðiljar sammála um það, að umboðsmaður áfrýjanda hafi tjáð stefnda það í fyrra hluta aprílmánaðar 1938, skömmu áður en ávísandi lézt. Þær sýknuástæður stefnda, að áfrýjandi hafi vanrækt innheimtu ávísananna og vanrækt að tilkynna stefnda í tíma, að þær fengust ekki greiddar, verða því ekki taldar vera á rökum byggðar.

Samkvæmt því, er að framan segir, verður að taka ofannefndar kröfur áfrýjanda til greina.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda samtals 325 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðmundur Guðmundsson, greiði áfrýjanda, h/f „Ásgarður", kr. 624.56 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1938 til greiðsludags og samtals 325 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 21. apríl 1939.

Ár 1939, föstudaginn 21. apríl kl. 10,30 f. h., var í bæjarþingi Hafnarfjarðarkaupstaðar, sem haldið var á skrifstofu embættisins í Hafnarfirði af bæjarfógeta Bergi Jónssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 25/1938, sem dómtekið var eftir munnlegan málflutning hinn 15. þ. m.

Mál þetta, sem þingfest var hinn 13. desember síðastliðinn, er höfðað fyrir bæjarþinginu með réttarstefnu, útgefinni 10. des. síðastliðinn, af Friðrik Gunnarssyni, forstjóra, f. h. smjörlíkisgerðarinnar Ásgarðs h/f. í Reykjavík gegn kaupmanni Guðmundi Guðmundssyni, Vestur-

götu 20 í Hafnarfirði, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 624.76 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1938 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu, er samkvæmt framlögðum reikningum nemur kr. 187.55.

Málavextir eru sem hér segir:

Stefnandi og stefndur hafa um lengri tima haft viðskipti þannig, að stefndur hefir fengið að láni vörur hjá stefnanda eftir þörfum og hefir hann greitt þær ýmist í peningum eða fengið stefnanda ávísanir á skuldunauta sina (stefnds). Hinn 17. sept. 1937 lét stefndur stefnanda fá 3 ávísanir á bæjarsjóð Hafnarfjarðar, samtals að upphæð kr. 624.56. (Í viðskiptareikningi, rskj. nr. 2, svo og í stefnunni og flestum skjölum málsins er upphæðin talin 624.76, en það er 0.20 kr. of hátt, þegar lagðar eru saman ávísanirnar á rskj. 3—5. Verður því framvegis talað um hina réttu upphæð, kr. 624.56). Ávísanir þessar eða greiðslubeiðnir eru undirritaðar af Sigurði heitnum Þórólfssyni, verkstjóra í Hafnarfirði, vorið 1937, og biður hann í þeim bæjarsjóð Hafnarfjarðar um að greiða stefndum í máli þessu þá upphæð, sem greinir í hverri ávísun, og færa sér upphæðina til reiknings upp í kaup sitt (hjá bæjarsjóði). Stefndur hefir ritað á allar upphæðirnar „greitt Guðm. Guðmundsson". Allar eru ávísanir þessar áritaðar hinn 31. okt. 1938 um greiðsluneitun vegna þess, að innstæðu vanti, af F. Skarphéðinssyni, bæjarstjóra Hafnarfjarðar.

Þrætan í máli þessu er um það, hvernig skilja beri afhendingu stefnds á greindum ávísunum eða greiðslubeiðnum. Af stefnanda hálfu er því haldið fram, að hann hafi aðeins tekið við ávísunum af stefndum til innheimtu og hafi aðeins verið um greiðslufrest á upphæð ávísanna að ræða til hægðarauka og léttis fyrir stefndan, eða um góðfúslega innheimtutilraun stefnanda á hendur ávísanagreiðendum, en ekki um raunverulega greiðslu upp í viðskipti aðilja, nema að svo miklu leyti sem innheimtan heppnaðist, og beri eigi að telja stefndan hafa greitt fyrr en um leið og ávísanirnar innheimtust til stefnanda. Af hálfu stefnds er því hinsvegar haldið fram, að hann hafi fengið stefnanda ávísanirnar sem greiðslu og hann (stefnandi) hafi veitt þeim móttöku á þann veg og kvittað stefnda á

viðskiptamannareikningi fyrir upphæð ávísananna. Með því að árita ávísanirnar með orðinu „greitt“ og rita nafn sitt þar undir hafi hann framselt stefnanda þessar kröfur á hendur ávísanda til eignar sem greiðslu upp í viðskipti aðiljanna, en ekki afhent þær til innheimtu á sína ábyrgð, eins og stefnandi heldur fram.

Á viðskiptareikningi aðiljanna, sem lagður hefir verið fram í málinu (rskj. nr. 2), sést, að hin umstefnda ávísanaupphæð hefir verið færð stefndum til tekna hinn 17. sept. 1937, eða sama daginn og stefndur fékk stefnanda ávísanirnar. Ennfremur hefir því verið ómótmælt haldið fram af hálfu stefnds, að stefnandi hafi krediterað hann á viðskiptamannareikningi, en debeterað sjóðreikning hinn 17. sept. fyrir upphæð þessari, og loks fékk stefndur skilyrðislausar kvittanir fyrir innborgunum sínum, þar með taldar ávísanir. Af þessu verður eigi betur séð en að stefnandi hafi tekið við greindum ávísunum sem greiðslu upp í viðskiptaskuld stefnds við sig og síðari innheimtutilraunir hans hjá bæjarsjóði Hafnarfjarðar, sem upplýst er um í málinu, hafi hann látið framkvæma fyrir sjálfan sig, en ekki stefndan, sem hann hafði þegar kvittað fyrir upphæð ávísananna. Þegar af þessum ástæðum virðist verða að sýkna stefndan af kröfum stefnanda, en dæma stefnanda til þess að greiða stefndum málskostnað, sem ákveðst hæfilega metinn kr. 100.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Guðmundur Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Friðriks Gunnarssonar f. h. h/f Ásgarðs, í máli þessu. Stefnandi greiði stefndum 100 kr. í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. desember 1939.

Nr. 92/1939. **Réttvísin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Einari Pálma Einarssyni
(Theódór B. Líndal).

Brot samkvæmt 10. gr. laga nr. 51 frá 1928.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málsúrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Einar Pálmi Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Theódórs B. Líndal, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 26. ágúst 1939.

Ár 1939, laugardaginn 26. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af hinum reglulega dómara Jónatan Hallvarðssyni, settum lögreglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1802/1939: Réttvísin gegn Einari Pálma Einarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Einari

Pálma Einarssyni, atvinnulausum, til heimilis í Kirkjustræti 2 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 51 7. maí 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 3. apríl 1898, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1929 15/9 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930 30/3 Sætt 50 kr. sekt fyrir sama.
1930 14/7 Sætt 50 kr. sekt fyrir sama.
1930 15/8 Sætt 50 kr. sekt fyrir sama.
1931 14/5 Sætt 50 kr. sekt fyrir sama.
1931 30/8 Sætt 10 kr. sekt fyrir áflog á almannafæri.
1932 21/3 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933 14/6 Sætt 50 kr. sekt fyrir sama.
1934 1/2 Sætt 50 kr. sekt fyrir sama.
1934 3/3 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.
1934 1/6 Sætt 500 kr. sekt fyrir áfengissölu.
1934 21/6 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 20/8 Sætt 200 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.
1934 28/12 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.
1934 30/12 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 1/4 Dómur hæstaréttar: 2ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 10. gr. laga nr. 51 1928.
1935 3/9 Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 28/9 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 300 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. Staðfest í hæstarétti 26. febr. 1936.
1935 18/11 Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 20/1 Dómur hæstaréttar: 300 króna sekt fyrir brot gegn 18. sbr. 38. gr. laga nr. 33 1935 og 7. og 9. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1936 22/5 Sætt 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 30/8 Sætt 25 kr. sekt fyrir sama.
1937 14/4 Sætt 25 kr. sekt fyrir sama.
1937 21/4 Sætt 25 kr. sekt fyrir sama.
1937 27/8 Sætt 25 kr. sekt fyrir sama.

1937 $^{3}/_{9}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 300 kr. sekt fyrir brot gegn 10. gr. laga nr. 51 1928 og 18. sbr. 38. gr. áfengislaganna. Staðfest í hæstarétti 8. des. 1937.

1938 $^{1}/_{8}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 kr. sekt fyrir áfengissölu. Staðfest í hæstarétti 5. des. 1938.

1938 $^{1}/_{11}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. áfengislaganna.

1938 $^{7}/_{12}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1939 $^{6}/_{4}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir sama.

1939 $^{9}/_{6}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir sama.

1939 $^{1}/_{8}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir sama.

Að undanförnu hefir lögreglan haft sterkan grun um, að ákærði hefði ofan af fyrir sér með áfengissölu hér á götum bæjarins, en í bænum hefir hann verið óslitið, frá því hann var látinn laus af vinnuhæli ríkisins á Litla-Hrauni hinn 12. marz síðastliðinn. Á þessu tímabili hefir hann flesta daga verið á rölti í Hafnarstræti og götunum við höfnina og að áliti lögreglunnar hagað sér á sama hátt og þeir menn, sem orðið hafa uppvísir að því að selja áfengi á götum bæjarins. Ekki hefir ákærði, að eigin sögn, á þessu tímabili þegið sveitarstyrk og ekki er vitað, að hann hafi unnið neitt. Undir rannsókn málsins hefir ákærði eindregið neitað að hafa selt áfengi, en með tilliti til þeirra málavaxta, sem nú hafa verið taldir, og fortíðar ákærða hefir honum samkvæmt 10. gr. laga nr. 51 1928 verið boðið að skýra frá, af hverju hann hafi haft framfærslu sína á þessu umrædda tímabili. Frá þessu hefir ákærði neitað að skýra. Ber því að dæma hann samkvæmt 10. gr. laga nr. 51 1928 og þykir refsing hans, með tilliti til fortíðar hans, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 5 mánuði.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar. Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Einar Pálmi Einarsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 5 mánuði.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. desember 1939.

Nr. 82/1936. **Gústav Adolf Valdimarsson**
gegn
Þórhildi Sigurðardóttur.

Um öflun frekari skýrslna í barnsfaðernismáli.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta í hæstarétti, ber að framkvæma ýtarlega rannsókn um þau atriði, sem nú verða greind:

1. Krefja ber áfrýjanda skýrslu um það, hvers vegna hlé varð á kynningu hans og stefndu frá því um mánaðamótin október—nóvember 1934 og þangað til hann fór á sjúkrahús í byrjun janúar 1935.

2. Áfrýjandi hefir bent á það við rannsókn málsins, að stefnda hafi á þeim tíma, sem barnið er getið, umgengizt Leif nokkurn Guðmundsson, starfsmann í verzluninni „Nova", og farið með honum þá á nýjársdansleik og kvikmyndahús. Hafa ber upp á Leif þessum, ef þess er kostur, og skal hann spurður um, hvort hann hafi haft kynningu af stefndu og, ef svo er, hvenær kunningsskapur þeirra hafi hafizt, hvort þau hafi verið saman á nefndum nýjársdansleik og hvort þau þá eða endranær hafi komið saman að líkamslosta.

3. Yfirheyra ber Sverri Guðmundsson rækilega. Ber að láta hann gera grein fyrir því, hvenær kunningsskapur hans og stefndu hófst og hver atvik hafi verið að samförum þeirra. Jafnframt skal hann inntur eftir því, hvort hann hafi vitað um kynningu aðilja máls þessa.

4. Héraðsdómarinn á að afla upplýsinga þeirra,

er að framan greinir, svo fljótt sem verða má, og annarra þeirra skýrslna, sem framhaldsrannsóknin kann að veita efni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að eiga hlut að því, að framkvæmd verði, svo fljótt sem unnt er, greind rannsókn og að fengnar verði aðrar þær skýrslur, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa ástæðu til að útvegaðar verði.

Miðvikudaginn 20. desember 1939.

Nr. 117/1939. **Ólafur Kjartan Ólafsson**
gegn
Klöru Árnadóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Kjartan Ólafsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.